Hæstaréttardómar 1938

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

IX. BINDI
1938

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXL

Skrá

yfir hæstaréttardómara, varadómara og setudómara, er samkvæmt bókum hæstaréttar hafa þar tekið þátt í málsúrslitum árin 1920—1937, svo og yfir hæstaréttarritara.

Frá 1. jan. til 2. júlí 1926, er Kristján Jónsson lézt, var hæstiréttur skipaður 5 dómendum samkvæmt lögum nr. 22/1919, en frá 2. júlí 1926 kom dómendafækkunin samkvæmt lögum nr. 37/1924 til framkvæmdar, og hefur hæstiréttur síðan verið skipaður 3 dómendum.

Eftir lögum nr. 31/1914 skyldu prófessorar lagadeildar taka sæti eftir hlutkesti í landsyfirdómi, ef þar varð sæti autt. Og gilti sama um hæstarétt eftir lögum nr. 22/1919. Með lögum nr. 112/1935 er þessu breytt að ýmsu leyti. Ef *hæstaréttardómari víkur sæti* í einstöku máli, þá skipar dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, einhvern meðal prófessora lagadeildar, hæstaréttarmálflutningsmanna eða héraðsdómara, er fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaður dómari í hæstarétti. En ef *hæstaréttardómari forfallast eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum*, skipar dómsmálaráðherra með sama hætti einhvern prófessora lagadeildar í sætið.

Eftir lögum nr. 22/1919 skipaði konungur hæstaréttarritara. Þessu var breytt svo með lögum nr. 37/1924, að dómurinn ræður sér sjálfur ritara.

Í skrá þeirri, sem hér fer á eftir, eru nöfn *fastra* dómenda í hæstarétti og hæstaréttarritara sett eftir *tímaröð*, en nöfn *varadómara* og *setudómara* (þ. e. annara dómenda en þeirra, sem í lögum nr. 22/1919 4. gr. og 112/1935 4. gr. getur) sett í *stafrófsröð*. Greint er milli dómstarfa þeirra

eftir árum. Undir hverju ári er svo vitnað til Dómasafns hæstaréttar, þess bindis og blaðsíðu, þar sem prentaðir eru þeir dómar, er þeir hafa tekið þátt í ár hvert. Undantekning frá þessari tilhögun er þó gerð um Ólaf prófessor Lárusson að nokkru leyti. Hann hefur sem sé gegnt óslitið fjórum sinnum og alllengi hvert skipti embætti tiltekinna hæstaréttardómara. Hefur þótt nægilegt að greina upphafsdag og lokadag hverra slíkra tímabila. Í Dómasafni hæstaréttar greinir uppsögudag hvers dóms, og má þá sjá, hvort hann er innan þeirra tímabila einhvers, er prófessor Ólafur hefur gegnt dómarastörfum í hæstarétti með fyrrsögðum hætti.

Í svigum aftan við tilvitnanir í Dómasafn hæstaréttar er sett fangamark hvers þess dómara, er vara- eða setudómari kom í staðinn fyrir hverju sinni.

a. Fastir hæstaréttardómendur.

Kristján Jónsson, forseti dómsins frá upphafi, 1. jan. 1920, og til dánardægurs, 2. júlí 1926.

Halldór Daníelsson, hæstaréttardómari frá 1. jan. 1920 og til dánardægurs, 16. sept. 1923.

Eggert Eggertsson Briem, hæstaréttardómari frá 1. jan. 1920 og til 13. ágúst 1935, er hann fékk lausn frá embætti.

Lárus Hákonarson Bjarnason, hæstaréttardómari frá 1. jan. 1920 og til 28. marz 1931, er hann fékk lausn frá embætti. Vegna veikindaforfalla sat hann ekki í dómi frá 13. okt. 1930 til 28. marz 1931.

Páll Einarsson, hæstaréttardómari frá 1. jan. 1920 til 13. ágúst 1935, er hann fékk lausn frá embætti. Vegna fjarvistar settist hann ekki í dóminn fyrr en 10. maí 1920.

Einar Arnórsson, dr. juris, hæstaréttardómari frá 1. sept. 1932. Hafði leyfi dómsmálaráðherra til dvalar erlendis frá 1. sept. 1933 til marzloka 1934.

Þórður Eyjólfsson, dr. juris, hæstaréttardómari frá 24. sept. 1935.

Gizur Bergsteinsson, hæstaréttardómari frá 24. sept. 1935.

b. Varadómarar og setudómarar.

Bjarni Benediktsson prófessor.

1933.

Dómasafn V 324 (E. A.), 341 (E. A.), 344 (E. A.), 409 (Ól. Lár.), 476 (E. Br.), 491 (E. Br.), 514 (Ól. Lár.), 517 (Ól. Lár.), 520 (Ól. Lár.), 522 (Ól. Lár.).

1934.

Dómasafn V 560 (Ól. Lár.).

1935.

Dómasafn VI 175 (E. Br.), 417 (G. B.), 483 (G. B.), 500 (Þ. E.), 582 (Þ. E.), 629 (G. B.).

1936.

Dómasafn VII 58 (G. B.), 67 (Þ. E.), 174 (Þ. E.), 209 (Þ. E.), 268 (Þ. E.), 280 (Þ. E.), 306 (Þ. E.), 450 (Þ. E.), 484 (G. B.), 552 (Þ. E.).

1937.

Dómasafn VIII 117 (Þ. E.), 150 (E. A.), 193 (G. B.), 200 (Þ. E.), 308 (Þ. E.), 391 (E. A.).

Einar Arnórsson prófessor.

1920.

Dómasafn I 33 (P. E.), 38 (P. E.), 60 (Kr. J.), 97 (Kr. J.), 124 (Kr. J.).

1921.

Dómasafn I 153 (mál nr. 21/1920, P. E.).

1923.

Dómasafn I 560 (P. E.).

1924.

Dómasafn I 601 (L. H. B.), 604 (L. H. B.), 657 (Ól. Lár.), 674 (Kr. J.), 701 (L. H. B.).

1925.

Dómasafn II 56 (L. H. B.), 59 (L. H. B.), 62 (L. H. B.), 66 (L. H. B.), 74 (L. H. B.), 77 (L. H. B.), 82 (L. H. B.), 95 (L. H. B.), 100 (L. H. B.), 102 (L. H. B.), 157 (Ól. Lár.).

1926.

Dómasafn II 225 (L. H. B.), 228 (L. H. B.), 286 (Kr. J.), 291 (L. H. B.), 358 (E. Br.), 368 (Kr. J.), 390 (L. H. B.), 392 (L. H. B.), 395 (L. H. B.), 398 (L. H. B.), 399 (L. H. B.), 401 (L. H. B.).

1927.

Dómasafn II 680 (L. H. B.), 685 (L. H. B.).

1929.

Dómasafn II 135 (P. E.).

1930.

Dómasafn III 19 (E. Br.).

1931.

Dómasafn IV 34 (Ól. Lár.), 47 (E. Br.), 211 (Ól. Lár.), 217 (Ól. Lár.), 344 (P. E.), 359 (Ól. Lár.).

1932.

Dómasafn IV 473 (Ól. Lár.), 533 (Ól. Lár.), 570 (P. E.), 621 (P. E.).

Gústav A. Jónasson skrifstofustjóri.

1936.

Dómasafn VII 285 (G. B.).

Ísleifur Árnason prófessor.

1937.

Dómasafn VIII 150 (G. B.), 178 (Þ. E.), 200 (G. B.), 296 (G. B.), 348 (G. B.), 440 (Þ. E.), 469 (G. B.).

Jóhannes Jóhannesson bæjarfógeti.

1920.

Dómasafn I 100 (Kr. J.).

Jón Ásbjörnsson hæstaréttarmálflutningsmaður.

1935.

Dómasafn VI 473 (G. B.), 570 (G. B.).

1936.

Dómasafn VII 301 (Þ. E.).

1937.

Dómasafn VIII 296 (Þ. E.), 469 (Þ. E.).

Klemens Jónsson ráðherra.

1920.

Dómasafn I 60 (H. D.), 66 (L. H. B.), 111 (Kr. J.), 124 (H. D.).

Magnús Gíslason skrifstofustjóri.

1920.

Dómasafn I 100 (E. Br.).

Magnús Jónsson bæjarfógeti í Hafnarfirði.

1924.

Dómasafn I 595 (Kr. J.).

Magnús Jónsson prófessor juris.

1924.

Dómasafn I 612 (Ól. Lár.), 647 (Ól. Lár.), 674 (Ól. Lár.).

1925.

Dómasafn II 14 (E. Br.), 66 (Ól. Lár.), 71 (Ól. Lár.), 87 (L. H. B.), 108 (E. Br.), 170 (P. E.), 343 (L. H. B.).

1928.

Dómasafn II 814 (L. H. B.).

1929.

Dómasafn II 982 (nr. 7/1929, E. Br.), 1135 (E. Br.).

1930.

Dómasafn III 125 (E. Br.).

1931.

Dómasafn IV 87 (Ól. Lár.), 98 (Ól. Lár.), 344 (E. Br.).

Ólafur Lárusson prófessor.

1920.

Óslitið frá 16. febr. 1920, er hæstiréttur var fyrsta sinni haldinn, og til 10. mai s. á. (P. E.).

Dómasafn I 66 (Kr. J.), 97 (H. D.).

1921.

Dómasafn I 211 (P. E.).

1922.

Dómasafn I 325 (P. E.), 332 (E. Br.), 377 (P. E.).

1923—1926.

Óslitið frá 16. sept. 1923, er Halldór Daníelsson lézt, og til 2. júlí 1926, er Kristján Jónsson andaðist.

1927.

Dómasafn II 947 (L. H. B.), 500 (L. H. B.).

1929.

Dómasafn II 947 (L. H. B.), 951 (L. H. B.), 1078 (E. Br.).

1930—1932.

Dómasafn III 142 (E. Br.).

Sat óslitið í dóminum í veikindaforföllum L. H. B. frá 13. okt. 1930 til 28. marz 1931, er hann fékk lausn frá embætti, og síðan í sæti því, er þá varð autt, til 31. ágúst 1932, er E. A. tók það sæti.

Dómasafn IV 828 (E. A.).

1933—1934.

Dómasafn V 23 (E. Br.), 29 (E. Br.), 41 (E. Br.), 192 (P. E.).

Ennfremur óslitið frá 22. sept. 1933 og til marzloka 1934 í fjarvist E. A.

Dómasafn V 869 (E. A.), 874 (E. A.), 881 (E. A.), 941 (E. A.).

1935.

Dómasafn VI 358 (E. A.), 417 (Þ. E.), 425 (G. B.), 573 (Þ. E.), 570 (Þ. E.), 601 (G. B.).

1936.

Dómasafn VII 15 (Þ. E.).

Pétur Magnússon hæstaréttarmálflutningsmaður.

1924.

Dómasafn I 595 (L. H. B.).

1936.

Dómasafn VII 285 (E. A.).

1937.

Dómasafn VIII 150 (Þ. E.).

Sigurður Þórðarson sýslumaður.

1920.

Dómasafn I 60 (E. Br.), 97 (E. Br.).

Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarmálflutningsmaður.

1936.

Dómasafn VII 151 (Þ. E.), 285 (Þ. E.).

Theódór B. Líndal hæstaréttarmálflutningsmaður.

1936.

Dómasafn VII 88 (G. B.).

Vigfús Einarsson skrifstofustjóri.

1920.

Dómasafn I 100 (H. D.), 124 (E. Br.).

Þórður Eyjólfsson prófessor.

1935.

Dómasafn VI 11 (E. Br.).

c. Ritarar hæstaréttar.

Björn Þórðarson, dr. juris, lögmaður, frá 1. jan. 1920 til 31. des. 1928.

Sigfús M. Johnsen, fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, ráðinn til bráðabirgða 29. des. 1928 og gegndi starfanum til 31. maí 1936.

Hákon Guðmundsson, fulltrúi lögmanns, frá 1. júní 1936.

Registur

við hæstaréttardóma 1938, ásamt skrá yfir málsaðilja og lög o. fl., sem vitnað er til í þessu bindi dómanna.

I. Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls.

Aðalsteinn Ingimundarson 547
Akureyrarkaupstaður 270, 692
Andö e/s eigendur 232
Ármann Sigbjörn 253
Arnalds Guðrún 3
Árni Pálsson 759
Auðunn Jónsson dánarbú 264
Baltica vátryggingarfélag 277, 326, 332
Barker R. B. & Co. 163
Bergenska gufuskipafélagið 744
Bessi Gíslason 243
Bjarni Halldórsson 388
Bjarni Runólfsson 163
Bjarni Vilmundarson 749
Björn Arnórsson 462
Björn Halldórsson 775
Björn Hansson 243
Briem Eggert 359
Bræðurnir Ormsson 264
Claessen Eggert 700
Clausen Arrebo 169
Danske Lloyd vátryggingarfélag 462
Det danske Kulkompagni A/S 753
Edda e/s eigendur og vátryggjendur 590

Bls.
Einar Malmkvist Einarsson 341, 749
Einar Eiríksson 351
Eiríkur Einarsson 173
Eiríkur Kristjánsson 388
Eyfirðingur Jóhann J. 390
Eyjafjarðarsýsla 565
Finnur Jónsson 173
Freden e/s eigendur og vátryggjendur 590
Frederiksen Martin Christian 28
Garðar S. Jónsson 206
Gísli Jakobsson 50
Gísli Sigurðsson 50
Glæsibæjarhreppur 692
Græðir h/f 144
Guðbjörg Oktavía Sigurðardóttir 651
Guðbrandur Sigurðsson 641
Gudmanns Minde sjúkrahús 565
Guðmundur Jónasson 113
Guðmundur Jónsson dánarbú 264
Guðmundur Sveinsson verzlun 390
Guðmundur Vigfússon 687
Guðmundur Þorvaldsson 152, 379
Guðrún Jónasson 698
Guðrún Jóhanna Jónsdóttir 50
Guðrún Lárusdóttir 698
Guðrún Pétursdóttir 152, 379
Guðrún Sumarliðadóttir 547
Guðsteinn Þorbjarnarson 641
Guðvarður Sigurðsson 133
Gullfoss s/f þrotabú 163
Gunnar Ólafsson & Co. 83
Gunnar Sigurðsson 744
Gunnlaugur Stefánsson 481, 610
Gústaf Ólafsson 359, 742
Hagalín Guðmundur G. 173
Hafsteinn b/v vátryggjendur 114
Halla Guðjónsdóttir 332
Hallbjörns Páll 41, 399, 772
Hannes Halldórsson 390
Hanníbal Valdimarsson 173
Haraldur Elíasson 610

Bls.
Haraldur Guðmundsson 173
Helga Jónsdóttir 641
Helgi Eiríksson 351
Helgi Lárusson 277, 326, 332
Héraðsskólinn á Laugum 715
Hofmann & Stenger 360
Höfrungur fiskveiðahlutafélag 416, 425
Ingvar Pétursson 390
Ingveldur Einarsdóttir 310
Ísfélag Vestmannaeyja 83
Ísleifur Jónsson 687
J. Þorláksson & Norðmann 41
Jakob Jóhannesson 481
Jens Bjarnason 735
Jóhann Árnason 700
Jóhanna M. Pálsdóttir 219
Jón Andrésson 390
Jón Bjarnason 712
Jón Einarsson 50
Jón Gíslason 64, 723
Jón Kjartansson 698
Jón Kristjánsson 173
Jón Ormsson 345
Jón Stefánsson 775
Jón Sveinsson 775
Jón Vilmundarson 341
Jörgensen Carl 121
Karl Bjarnason 676
Karl Einarsson 270
Kaupfélag alþýðu í Vestmannaeyjum 360
Kaupfélag Eyfirðinga 133, 416, 425
Kirkjujarðasjóður 50
Kjartan Ólafsson 687
Kristinn P. Friðriksson 206
Kristján Ásgrímsson 64
Kristján Bergsson 121
Kristján Jónsson 173
Landsbanki Íslands 390, 715
Landstjarnan h/f 759
Loftur Jónsson 610
Lögreglustjórinn í Reykjavík 345, 351

Bls.
Magnús Guðmundsson 310
Margrét Ingibjörg Halldórsdóttir 28
Mjólkurfélag Reykjavíkur 243, 735
Mjólkursamsalan í Reykjavík 361
Níels Guðnason 641
Norður-Ísafjarðarsýsla 661
Nurgis e/s eigendur 471
Obenhaupt A. 607
Ólafía Torfason 359
Ólafur Júlíusson 173
Ólafur Pálsson 390
Oslo Pelsdyropdrett A/S 744
Páll Halldórsson 476
Páll Sigurðsson 264
Páll Steingrímsson 698
Pálmi Jósefsson 704
Pétur Guðmundsson 228
Ragnhildur Pétursdóttir 698
Rasmus Margrét 361
Reykjavíkurkaupstaður 219, 607, 651, 704, 753
Ríkissjóður 113
Ríkisspítalarnir 149
Rögnvaldur Jónsson 173
Samband íslenzkra samvinnufélaga 712
Seyðisfjarðarkaupstaður 149
Siggeir Lárusson 277
Siglufjarðarkaupstaður 144
Sigríður Jónsdóttir 326
Sigurbergur Einarsson 36
Sigurjón Narfason 243
Sigursveinn Egilsson 169
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f 253
Skipaútgerð ríkisins 228
Skjaldberg Sigurður Þ. 471
Snorri Jónsson 180
Stefán Jóhannsson 481
Stefán H. Stefánsson 359
Steingrímur Stefánsson 476
Steinn Leósson 676
Strætisvagnar Reykjavíkur h/f 36
Stuart J & W Ltd 173

Bls.
Sturla Jónsson 735
Sveinbjörn Kristjánsson 399, 772
Sveinn Jónsson 133
Sveinn Pálsson 481
Timburverzlun Árna Jónssonar 41
Tryggingarstofnun ríkisins 180
Tryggvi Einarsson 744
Útvegsbanki Íslands h/f 341, 661, 749
Valdimar Þorsteinsson 775
Valtýr Stefánsson 698
Vigfús Jónsson 3
Viggó Baldvinsson 476
Víkingur m/s eigendur og vátryggjendur 232
Þórðarson Björn 113
Þorsteinn Þorsteinsson 462

B. Opinber mál.

Aðalsteinn Pálsson 137
Andrés Óskar Ingimundarson 154
Axel Ármann Þorsteinsson 225
Bang Ole 484
Benjamín Ólafsson 160
Benóný Benónýsson 141, 288
Berent Karl Berentsson 216
Collinson David William 412
Dale Fred 728
Eiður Jónsson 73
Einar Pálmi Einarsson 725
Einar Eiríksson 338
Einar Kristjánsson 484
Einar Sigurðsson 369
Ellerup Johan Ole Gerhard 408, 484
Erlendur Jónsson Erlendsson 431
Friðrik Jónas Eiríksson 417
Gísli Finnsson 627
Gísli Hjálmarsson 295
Gísli Jóhannes Jónsson 1
Gísli Stefánsson 9
Grundtvig Otto Gregers Nors 484
Guðbjörg Kristín Sölvadóttir 25

Bls.
Guðmundur Kristinn Ögmundsson 127
Guðni Jónsson 77
Gústaf A. Sveinsson 580
Hall Albert Ernest 642
Hall Cecil Harry 206
Halldór Loftsson 572
Halldór Sveinsson 616
Halldór Þórarinsson 587
Hannes Hansson 96
Harris Frederik H. 56
Helgi Þorvarðsson 484
Hjálmtýr Guðvarðsson 48
Hjörtur Guðbrandsson 317
Hólmjárn J. Hólmjárn 417
Ingibjörg Guðmundsdóttir 54, 363
Jensen Carl Frederik 630
Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir 484
Jóhannes Sigfússon 484
Johansen Svend A. 484
Jón Erlendsson 431
Jón Halldórsson 185
Jón Ragnar Jónasson 243
Jón Júlíus Jónsson 730
Jónas Hildimundarson 484
Júlíus Einarsson 54, 363
Juul Gunnar 484
Kampmann Sören Ringsted 484
Karl Gísli Gíslason 261
Kjartan Ólafsson 621
Kristvin Guðbrandsson 251
Lilja Júlíusdóttir 54, 363
Loftur Bjarnason 694
Magnús Benjamínsson 670
Magnús Gíslason 302
Mann James 646
Mogensen Peter L. 484
Norðdal Magnús 558
Ólafur Kjartan Ólafsson 33, 273, 740, 766
Ólafur Sveinsson 54, 363
Ólafur Kalstað Þorvarðsson 215, 599
Páll Friðvin Jóhannsson 141, 288

Bls.
Pétur Ingimundarson 672
Rippin Frederick 555
Schiöth Aage Riddermann 484
Sigurður V. Flóventsson 484
Sigurður Helgi Ólafsson 258
Sigurjón Jóhannesson 558
Sigurjón Kr. Jóhannesson 655
Skúli Pálsson 548
Souter John Gibb 574
Stefán Júlíus Jónsson 298
Steinholt Lovise Skaug 59
Svane Hans A. 484
Theódór Kristinn Guðmundsson 769
Theódór Magnússon 116
Thompson Albert Ernest 421
Thorarensen Eyþór A. 484
Thorarensen Oddur C. 484
Thorarensen Stefán 484
Thorsteinsson Þorsteinn Scheving 484
Vilhjálmur Valdemar Guðlaugsson 248
Zoëga Geir G. 322
Þórarinn Vilhjálmur Eyþórsson 261
Þórður Þórðarson 141, 288
Ögmundur Friðrik Hannesson 96

II. Skrá

um lög, reglugerðir o. fl., sem vitnað er til í IX. bindi hæstaréttardóma.

1672 Tilskipun 4. des. um lækna og lyfsala 488, 496.
11. gr., 509.
12. gr., 510, 517, 539.
14. gr., 510.
19. gr. 510.
25. gr., 511, 512, 538.
1687 Norsku lög Kristjáns V. 15. apríl.
1—4—30, 483.
1796 Tilskipun 3. júní um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu.
2. gr., 483.
35. gr., 418.
1797 Kancellibréf 16. sept. um lyfjasölu, 510.
1832 Tilskipun 15. ágúst um réttargangsmátann við undirréttina á Íslandi o. s. frv., 483.
1847 Tilskipun 18. febr. um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.
10 gr., 6.
1869 25. júní. Almenn hegningarlög
12. kap., 368, 673.
13. kap., 192, 202, 205, 488, 496, 510, 511, 580.
14. kap., 435, 488, 496, 507.
16. kap., 432, 435, 460.
17. kap., 618.
18. kap., 368, 432, 435, 454.
20. kap., 435.
23. kap., 252, 291, 303.
25. kap., 74.
26. kap., 192, 205, 295, 297, 299, 366, 549, 580, 585, 600, 630, 633, 655, 670.
28. kap., 266.

30. kap., 418.
40. gr., 294.
47. gr., 639.
48. gr., 368, 460.
49. gr., 264.
53. gr., 294.
55. gr., 243, 309.
57. gr., 368.
59. gr., 11.
62. gr., 304.
63. gr., 10, 25, 48, 96, 305, 309, 460, 580.
101. gr., 580.
102. gr., 675.
136. gr., 580.
142. gr., 580, 586.
144. gr., 203, 204, 205.
145. gr., 203, 204, 205, 580, 586.
147. gr., 456.
174. gr., 10, 25.
175. gr., 10, 25.
177. gr., 10, 25.
182. gr., 434.
200. gr., 499.
213. gr., 432, 454.
219. gr., 498.
228. gr., 511, 585, 586.
230. gr., 243, 300.
231. gr., 35, 48, 303, 304, 741, 767.
233. gr., 301.
249. gr., 96.
250. gr., 111, 301.
253. gr., 301.
255. gr., 301, 639, 656, 658.
256. gr., 584.
258. gr., 660.
259. gr., 301.
261. gr., 297, 630.
262. gr., 297, 599.
263. gr., 297, 599.
264. gr., 297, 298, 599, 606, 631, 635.
265. gr., 297.

283. gr., 364, 368.
292. gr., 499.
297. gr., 419.
1878 12. apríl. Skiptalög.
30. gr., 580.
1885 Lög nr. 29 16. des. um lögtak og fjárnám o. s. frv.
15. gr., 6.
1887 Lög nr. 18 4. nóv. um veð.
3. gr., 6.
1903 Lög nr. 42. 13. nóv. um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.
9. gr., 589.
10. gr., 588, 589.
23. gr., 589.
1905 Lög nr. 12. 20. okt. um ritsíma og talsíma, 418.
13. gr., 419.
— Lög nr. 59 um varnarþing í skuldamálum, 266.
1907 Lög nr. 39 16. nóv. um skilorðsbundna hegningardóma o. fl., 99, 112, 251, 363, 368, 606, 633.
— Lög nr. 60 22. nóv. um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.
4. gr., 272.
5. gr., 272.
— Lög nr. 85 22. nóv. um brunamál.
23. gr., 673.
1911 Lög nr. 53 11. júlí um verzlunarbækur, 296, 298, 600.
— Lög nr. 54 11. júlí. Tolllög, 488, 496.
1. gr., 538.
8. gr., 538.
1914 Lög nr. 43 2. nóv. um breytingu á tolllögum nr. 54 11. júlí 1911 o. fl., 488, 496.
1. gr., 538.
— Lög nr. 56 30. nóv. Siglingalög.
1. kap., 610.
2. kap., 610.
5. kap., 610.
11. kap., 610.
5. gr., 613, 614.
34. gr., 145.
40. gr., 610.
53. gr., 165.

80. gr., 610.
94. gr., 610.
170. gr., 393.
225. gr., 237, 598.
236. gr., 165, 610, 614.
239. gr., 165, 751.
252. gr., 751.
1917 Lög nr. 88 14. nóv. um notkun bifreiða.
7. gr., 498.
— Lög nr. 91 14. nóv. um aðflutningsbann á áfengi, 497.
— Reglugerð nr. 90 5. sept. um notkun mjölvöru, 118.
— Reglugerð nr. 107 10. nóv. um mjólkursölu í Reykjavík, 296.
1919 Bráðabirgðalög nr. 84 13. des. um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka, 78, 82.
— Auglýsing 15. des. um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka, 78, 80, 82.
1920 Lög nr. 5 18. maí um bann gegn botnvörpuveiðum, 138, 324, 414, 422, 556, 574, 644, 647, 729.
1. gr., 58, 214, 415, 424, 557, 579, 644, 650, 729.
3. gr., 557, 579, 644, 729.
4. gr., 141, 323, 326.
— Lög nr. 18 18. maí um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka o. fl., 78, 80, 82.
1921 Lög nr. 36 27. júní um samvinnufélög, 631, 633.
3. gr., 176, 177.
39. gr., 635.
— Lög nr. 46 27. júní um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.
15. gr., 312.
27. gr., 652.
1922 Reglugerð nr. 67 7. ágúst um sölu áfengis til lækninga, 497.
1923 Lög nr. 3 4. apríl um undanþágu frá lögum nr. 91 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi, 503, 504.
1924 Lög nr. 4 11. apríl um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, 556, 557, 574, 579, 647, 650, 729.
1. gr., 644.
— Lög nr. 6 4. júní um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, 432, 435, 460.

1925 Lög nr. 15 8. júní um aðflutningsbann á áfengi, 497.
— Lög nr. 48 27. júní um breytingu á lögum nr. 41 27. júní 1921 o. s. frv.
1. gr., 538.
— Lög nr. 52 27. júní um verzlunaratvinnu, 296.
1. gr., 296.
— Reglugerð nr. 59 1. júlí um sölu áfengis til lækninga, 497.
1926 Lög nr. 9 15. júní um löggilta endurskoðendur.
5. gr., 295.
— Lög nr. 21 15. júní um veitingasölu, gistihúshald, o. fl.
8. gr., 339.
— Lög nr. 46 15. júní um útsvör.
6. gr., 607, 609.
7. gr., 607.
— Lög nr. 47 15. júní um verðtoll á nokkrum vörum, 80.
2. gr., 79, 81, 82.
— Lög nr. 54 15. júní um vörutoll.
9. gr., 79, 81, 82.
10. gr., 79.
1927 Lög nr. 11 31. maí um iðnaðarnám.
1. gr., 349.
— Lög nr. 18 31. maí um iðju og iðnað, 61, 131, 132.
II. kafli, 59, 128.
III. kafli, 128.
1. gr., 59, 60.
13. gr., 59, 60.
14. gr., 128.
17. gr., 128.
27. gr., 127, 128, 129, 130, 132.
29. gr., 128.
— Lög nr. 50 um gjald af innlendum tollvörutegundum.
1. gr., 370, 378.
2. gr., 378.
4. gr., 370, 378.
7. gr., 370, 378.
1928 Lög nr. 10 15. apríl um Landsbanka Íslands.
1. gr., 203.
— Lög nr. 51 7. maí um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, 192, 205, 251, 291, 303, 670.

6. gr., 25, 27, 48, 250, 253, 258, 298, 303, 304, 305, 309, 671.
7. gr., 48, 303, 305, 309.
8. gr., 35, 275, 304, 305, 671, 741, 767.
10. gr., 726, 727.
— Lög nr. 64 7. maí. Áfengislög 504.
— Lög nr. 69 7. maí um einkasölu á áfengi, 488, 496, 503.
1. gr., 504.
2. gr., 504, 538.
— Reglugerð nr. 83 21. des. um Landsbanka Íslands.
81. gr., 203, 204.
82. gr., 203.
— Reglugerð nr. 87 31. des. um iðnaðarnám, 63.
1929 Lög nr. 25 14. júní um gjaldþrotaskipti, 549, 600, 633.
1. gr., 635.
8. gr., 632, 640.
1930 Borgerlig Straffelov (Danmerkur) 15. apríl.
298. gr., 304.
— Lög nr. 41 19. maí. Sjómannalög 611.
— Lög nr. 64 19. maí. Áfengislög 488, 496, 503.
1. gr., 48, 503.
2. gr., 503, 505, 538.
6. gr., 35, 274, 741, 767.
11. gr., 539.
13. gr., 48.
18. gr., 510.
21. gr., 497, 522, 538.
27. gr., 48.
30. gr., 741, 767.
32. gr., 498.
38. gr., 497, 522, 539.
42. gr., 34, 274, 741, 767.
— Lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. jan., 320, 329, 356, 573, 622.
7. gr., 299, 301, 573, 726.
9. gr., 726.
10. gr., 49.
15. gr., 291, 318, 321.
32. gr., 626.
77. gr., 352.

78. gr., 340.
96. gr., 318, 321, 340, 573, 620.
— Reglugerð nr. 95 30. des. um sölu áfengis til lækna, tannlækna og dýralækna o. fl.,[1]) 488, 496, 531.
5. gr., 538.
6. gr., 538.
7. gr., 538.
8. gr., 498.
— Reglugerð nr. 65 31. des. um sölu áfengis til lækninga,[2]) 488, 496.
2. gr., 505.
4. gr., 539.
1931 Lög nr. 70 8. sept. um notkun bifreiða, 157, 256, 257, 263, 274, 320, 435, 558, 618, 622, 730, 770.
5. gr., 276, 318, 321, 432, 458, 459, 560, 563, 626, 734, 771.
6. gr., 159, 160, 276, 459.
7. gr., 626.
14. gr., 160, 263, 276, 318, 321, 432, 458, 459, 560, 563, 626, 734, 771.
15. gr., 160, 263, 276, 459, 734.
1932 Lög nr. 47 23. júní um lækningaleyfi o. fl.
17. gr., 499.
— Reglugerð nr. 94 5. okt. um skýrslugerð lækna o. s. frv., 538.
1933 Lög nr. 84 19. júní um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.
12. gr., 499.
— Lög nr. 85 19. júní um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, 128.
— Lög nr. 93 19. júní. Víxillög.
41. gr., 757.
1934 Lög nr. 63 10. des. um breyting á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu áfengis, 488, 496.
1. gr., 532, 538, 539.
— Lög nr. 70 28. des. um breyting á lögum nr. 50 31.

1) Hefi ekki getað fundið þessa reglugerð í Stjt.
2) Prentuð í Stjt. 1931 B. 260 o. s. frv., sem nr. 95, að því er virðist.

maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.
1. gr., 378.
— Lög nr. 71 29. des. um gengisviðauka, 488, 496.
1. gr., 538.
— Lög nr. 73 29. des. um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga nr. 54 11. júlí 1911.
1. gr., 378.
2. gr., 378.
— Pharmacopœa Danica, 504.
— Auglýsing landlæknis 21. ágúst um gerð lyfseðla m. m., 488, 496.
6. gr., 539.
24. gr., 539.
1935 Lög nr. 1 7. jan. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, 361, 362.
— Lög nr. 11 9. jan. um gjaldeyrisverzlun o. fl., 80, 113, 488, 490, 496.
1. gr., 77, 78, 537.
— Lög nr. 33 9. jan. Áfengislög, 34, 161, 244, 249, 258, 261, 263, 274, 299, 301, 319, 320, 339, 356, 435, 485, 488, 496, 497, 504, 505, 507, 529, 534, 537, 558, 573, 622, 730, 767, 771.
1. gr., 340, 505, 538.
2. gr., 538.
6. gr., 432, 457, 539.
14. gr., 162.
15. gr., 3, 34, 219, 227, 247, 250. 261, 340, 432, 457, 727, 743, 768.
16. gr., 539, 743.
17. gr., 35, 275.
18. gr., 573, 726, 727.
20. gr., 510.
21. gr., 263, 276, 318, 321, 432, 458, 560, 563, 626, 734, 771.
27. gr., 538.
30. gr., 167, 432, 457, 539.
31. gr., 539.
33. gr., 3, 35, 219, 227, 247, 250, 261, 432, 457, 727, 743, 768.
34. gr., 340, 341.

36. gr., 539, 743.
37. gr., 275, 340, 741.
38. gr., 573.
39. gr., 276, 318, 321, 432, 458, 560, 563, 626, 726, 734, 771.
— Lög nr. 39 28. jan. um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.
1. gr., 652, 654.
— Lög nr. 82 26. apríl um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka, 488, 496.
2. gr., 378.
— Lög nr. 99 3. maí um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, 177.
21. gr., 176,178.
— Lög nr. 112 18. maí um hæstarétt.
38. gr., 388, 476, 772.
48. gr., 113.
51. gr., 406.
53. gr., 68.
— Lög nr. 128 31. des. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs, 80.
5. gr., 81, 82.
— Lög nr. 135 31. des,. Framfærslulög, 151.
12. gr., 151.
13. gr., 151.
58. gr., 651.
62. gr., 654.
63. gr., 224.
79. gr., 151.
— Reglugerð nr. 7 11. jan. um gjaldeyrisverzlun o. fl., 78, 488, 496.
1. gr., 82, 537.
4. gr., 78, 537.
5. gr., 78.
6. gr., 79, 82.
9. gr., 79, 82.
— Reglugerð nr. 38 16. apríl um sölu áfengis til lækna, 488, 496, 497, 507, 537, 539.
2. gr., 538.
6. gr., 539.

15. gr., 513, 524, 527, 532, 534, 535, 536, 538.
1936 Lög nr. 24 1. febr. um eftirlit með matvælum, 117, 118, 408, 410.
1. gr., 117.
5. gr., 411.
7. gr., 410, 411.
11. gr., 120, 411.
— Lög nr. 26 1. febr. um alþýðutryggingar.
37. gr., 221, 222, 223, 224.
— Lög nr. 27 1. febr. um iðnaðarnám.
1. gr., 345, 346, 348, 350, 351.
— Lög nr. 30 1. febr. um breytingar á og viðauka við siglingalög nr. 56 30. nóv. 1914.
2. gr., 165.
— Lög nr. 85 23. júní um meðferð einkamála í héraði.
5. gr., 135.
29. gr., 135, 136.
71. gr., 594.
75. gr., 136.
83. gr., 136.
108. gr., 134.
120. gr., 714.
166. gr., 30, 31, 312, 385.
187. gr., 83.
188. gr., 313.
197. gr., 113.
199. gr., 134.
213. gr., 30, 312, 385.
222. gr., 113.
— Lög nr. 89 23. júní um framlengingu á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun ríkissjóðs, 80.
— Lög nr. 104 23. júní um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, 614.
— Lög nr. 105 23. júní um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað o. s. frv., 61, 128, 129, 130, 131, 132.
1. gr., 60.
2. gr., 60.
4. gr., 132.
6. gr., 132.
11. gr., 65.

13. gr., 63 [rétt: 13. gr. laga nr. 18/1927], 128.
14. gr., 128, 129.
— Lög nr. 106 23. júní um útsvör.
6. gr., 607, 609.
7. gr., 607.
— Reglugerð nr. 54 20. júlí um kakaó og kakaóvörur, 118, 120, 408, 410.
1. gr., 411.
5. gr., 119, 411.
6. gr., 411.
— Reglugerð nr. 105 12. okt. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum o. s. frv.
3. gr., 742, 768.
1937 Lög nr. 46 13. júní um samvinnufélög, 633.
42. gr., 635.

III. Efnisskrá.

A. Atriðisorð efnisskrár.

Ábyrgð.
Aðför. Sjá dagsektir, dómarar, fjárnám, gjalddagi, innsetningargerðir.
Aðgerðaleysisverkanir. Sbr. loforð, skuldir, skuldamál.
Aðild. Sbr. áfrýjun, meðalganga.
Aðiljaskipti.
Aðiljaskýrsla.
Áfengislagabrot. Sbr. bifreiðalagabrot, ítrekun, líkur, mat og skoðun, refsingar, vitni.
Áfrýjun. Sbr. aðild, gæzluvarðhald.
Áfrýjunarleyfi.
Ákæruvald.
Analógía. Sbr. lög, lögskýring.
Árekstur. Sjá farmskírteini, kaupsamningar, skip, þinglýsing.
Atvinnuréttindi. Sbr. veitingasala.
Ásetningur.
Ávísanir.

Barnsfaðernismál.
Betrunarhúsvinna. Sjá refsingar.
Bifreiðar, bifreiðalagabrot.
Bókhald.
Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðabrot.
Brenna.

Dagsektir.
Dómar. Sbr. heimvísun, ómerking.
Dómarar.
Dómstólar og framkvæmdarvald. Sbr. embættistakmörk yfirvalda.

Eftirgrennslan brota. Sjá húsleit, mat og skoðun, opinber mál. Sbr. og líkur, mat og skoðun, sönnun, vitni.
Eiður.
Eignarréttur.
Einkaréttur. Sjá firmu.
Embættismenn og sýslunar. Sbr. dómarar, málflutningsmenn, mat og skoðun.
Embættisvottorð. Sjá mat og skoðun, skjöl.
Endurskoðendur.

Fangelsi. Sjá refsing.
Farmsamningur. Sbr. farmskírteini.

Framskirteini (Konnossement).
Fátækraframfærsla. Sjá sjúkrasamlög.
Félagsskapur. Sjá samvinnufélög.
Firmu.
Fiskveiðabrot. Sjá refsing, sönnun, togaranjósnir.
Fjárnám.
Fjársvik.
Fógetagerðir. Sjá aðför, fjárnám, innsetningargerðir.
Foreldrar og börn.
Frávísun. Sbr. heimvísun, ómerking.
Forsendur.
Framboð.
Frelsisskerðing.
Fundið fé.
Fyrning.

Gagnkröfur. Sbr. málasamsteypa.
Gáleysi. Sbr. bifreiðar, saknæmi, skip.
Gengi.
Gestaréttur.
Geymsla.
Gjafsókn, gjafvörn. Sbr. málskostnaður.
Gjalddagi.
Gjaldeyrislög.
Gjaldþrotaskipti.
Greiðsla. Sbr. gjalddagi, gjaldþrotaskipti.
Greiðsludráttur.
Gæzluvarðhald.

Haldsréttur.
Heimilisfang.
Heimt. Sbr. eignarréttur.
Heimvísun. Sbr. frávísun, ómerking.
Hilming.
Hlutafélög.
Hlutdeild.
Húsaleiga.
Húsleit.

Iðgjöld. Sbr. skaðabætur.
Iðnaður. Sjá atvinnuréttindi.
Innlutningslagabrot.
Innheimtulaun.
Innsetningargerðir.
Ítrekun brota.

Játning. Sjá aðiljaskýrsla.

Kaup og sala. Sjá farmskirteini, kaupsamningar.
Kaupsamningar.
Konungleg umboðsskrá.
Kynferðisjúkdómar.
Kærumál.

Lán til afnota.
Landamerkjamál.
Lausamenn.
Leiðbeiningaskylda dómara.
Leyfisgjald.
Líkur. Sbr. aðiljaskýrsla, mat og skoðun, sönnun, vitni.
Loforð.
Lög, lögskýring. Sbr. venjur.
Lögheimili. Sjá heimilisfang.
Lögregla. Sjá embættis-

menn og sýslunar, valdstjórn og allsherjarregla.

Málasamsteypa. Sbr. gagnkröfur, meðalganga.
Málflutningsmenn. Sbr. réttarfarssektir.
Málflutningur. Sbr. opinber mál.
Málshöfðun. Sbr. ákæruvald.
Málskostnaður. Sbr. gjafsókn, innheimtulaun.
Mannorð.
Mat og skoðun. Sbr. líkur, sönnun, vitni.
Meðalganga.
Meðlag.
Meinsæri.

Neyðarréttur.

Ólögleg meðferð fundins fjár. Sjá fundið fé.
Ómerking. Sbr. frávísun, heimvísun.
Ómöguleiki.
Opinber mál. Sbr. aðiljaskýrsla, ákæruvald, eftirgrennslan brota, frestir, húsleit, málasamsteypa, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, líkur, ómerking, mat og skoðun, sönnun, vitni.
Orsakasamband.

Refsingar. Sbr. réttarfarssektir.
Réttarfar. Sjá aðild, aðiljaskýrsla, áfrýjun, dómar, dómarar, eiður, frávísun, frestir, gagnkröfur, heimvísun, líkur, málasamsteypa, málflutningsmenn, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, mat og skoðun, ómerking, opinber mál, réttarfarssektir, sáttir, sjódómsmál, skjöl, stefnur, sönnun, útivist aðilja, varnarþing, vitni.
Réttarfarssektir.

Sakamál. Sjá opinber mál.
Saknæmi. Sbr. ásetningur, gáleysi, skaðabætur.
Samaðild.
Samningar. Sjá ábyrgð, afsal, farmsamningur, húsaleiga, kaupsamningar, loforð, ómöguleiki, skuldir, skuldamál, veð, verksamningar, vinnusamningar.
Samningssekt.
Samvinnufélög.
Sáttir.
Sektir. Sjá refsingar, réttarfarssektir.
Siglingar. Sjá farmsamningur, farmskírteini, sjódómsmál, sjóveð, skip.
Símar.
Sjódómsmál.
Sjóveð.
Sjúkrasamlög.
Skaðabætur.
Skattar. Sjá útsvör.
Skilyrði.
Skipti. Sbr. gjaldþrotaskipti.

Skírlífisbrot.
Skjalþýðendur. Sjá mat og skoðun.
Skjöl. Sbr. mat og skoðun, sönnun.
Skólanefnd.
Skuldabréf.
Skuldajöfnuður.
Skuldir, skuldamál. Sbr. gjalddagi, greiðsla, loforð, skuldajöfnuður.
Skuldskeyting.
Slysatrygging.
Stefnur.
Sveitarstjórn. Sjá fátækraframfærsla.
Svik. Sjá fjársvik.
Sönnun, sönnunarbyrði. Sbr. eiður, líkur, mat og skoðun, skjöl, vitni.

Tékkar.
Togaranjósnir.

Umboð.
Uppboð.
Úrskurðir.
Útflutningsbann.
Útivist aðilja.
Útsvör.

Valdstjórn og allsherjarregla.
Vanræksla.
Varnarþing.
Vátryggingarsvik.
Veð. Sbr. sjóveð.
Veitingasala. Sbr. atvinnuréttindi.
Venjur.
Verðjöfnunargjald.
Verksamningar.
Verzlun.
Vextir.
Vinnusamningar.
Vitni. Sbr. líkur, mat og skoðun, sönnun.
Víxilmál.
Vörzlur. Sjá fundið fé.

Þjófnaður. Sbr. fundið fé, hlutdeild.

Ölvun. Sjá áfengislagabrot, bifreiðar, bifreiðalagabrot.

B. Efnisskrá.

Ábyrgð. Sjá bifreiðalög.

a) Ábyrgð á skuldbindingum annara.

A, sem var félagi í firmanu G, sá um útgerð á bátum T og tók út beitu handa þeim hjá Í. Ósannað talið, að firmað hefði tekið á sig ábyrgð á greiðslu úttektar þessarar, þótt það hefði greitt til Í andvirði fisks, er það keypti af afla bátanna. Einnig talið ósannað, að firmað hefði fengið reikning frá Í, þar sem eftirstöðvar af beituskuldinni

hefðu verið til færðar. A hafði verið endurskoðandi hjá Í. Þótt hann kynni að hafa látið skuldina standa ómótmælta á hendur firmanu í reikningum Í, þá var slíkt ekki talið hafa getað bakað firmanu skyldu til þess að greiða hana 83

Félagar samvinnuútgerðarfélags, er samkvæmt samþykktum félagsins báru einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á skuldbindingum félagsins, taldir bera slíka ábyrgð áfram, þótt félagið hefði fengið skuldaniðurfærslu eftir lögum nr. 99/1935 um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda .. 173

A rak flutninga á sjó og fekk til þess styrk úr ríkissjóði. Vegna fjárhagsörðugleika fékk hann sýslunefnd til þess að ábyrgjast fyrir hönd sýslunnar, að ríkissjóðstyrkurinn yrði greiddur til banka, er jafnfram skyldi kaupa ávísanir, er A gæfi út á hann, til greiðslu rekstrarkostnaði sínum. Bankinn keypti ávísanir, er samtals numu meiru en þeim hluta ríkissjóðsstyrksins, er til hans var greiddur, en nokkuð af styrknum var greitt til annars aðilja að bankanum fornspurðum. Í stað ávísana þeirra, sem ekki fengust greiddar, tók bankinn við nýjum ávísunum. Með þessu var bankinn ekki talinn hafa skert rétt sinn á hendur sýslunefnd, og ekki var heldur sú varnarástæða hennar, að bankinn hefði átt að tilkynna ríkissjóði ávísanakaup sín af A og að vanrækslu á því ætti að valda sýknu sýslunefndar, tekin til greina. Var sýslunefnd því dæmd fyrir hönd sýslunnar til að greiða það, er ógreitt var af ávísunum þessum 661

b) Ábyrgð á athöfnum annara án samninga.

Vegna vanrækslu hafnarvarðar var kaupstaður látinn bera hluta af tjóni, er skip olli á bryggju hans 144

I.ögreglustjóri, er synjað hafði um áritun sína á námssamning, var sóttur og dæmdur til þess að framkvæma áritunina og dæmdur fyrir hönd ríkissjóðs til þess að greiða málskostnað 345

Framkvæmdarstjóri fyrirtækis dæmdur til þess að greiða bætur fyrir spjöll á neðanjarðarsímastreng, er verkamaður hans var talinn hafa valdið 417

Aðför. Sjá dagsektir, dómar, fjárnám, gjalddagi.
Afsal að fasteign gefið út með úrskurði fógeta eftir að beiðandi hafði fullnægt skilyrðum samkvæmt ákvæðum hæstaréttardóms fyrir útgáfu þess .. 772

Aðgerðaleysisverkanir.
Fyrirvaralaus viðtaka kaupeftirstöðva talin hafa firrt viðtakanda rétti til að krefja gjaldanda síðar um samningssekt vegna greiðsludráttar 36
Kvittun kröfuhafa um viðtöku þess hlutar af kröfu sinni á hendur samvinnuútgerðarfélagi, er hann fekk greiddan úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda, eigi talin hafa skert rétt hans til þess að krefja félagana, er báru ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, um greiðslu á eftirstöðvum skuldarinnar 173
Fyrirvaralaus viðtaka nokkurs hluta á fallinna vaxta og afborgana af veðskuld eigi talin hafa firrt skuldeiganda heimild til þess að gera fjárnám í veðinu til tryggingar allri skuldinni vegna vanskila 3
Sýslunefnd og bæjarstjórn höfðu rekið sameiginlega spítala. Ágreiningur reis um reglugerð spítalans, sem endaði með því, að bæjarstjórn lýsti yfir því, að hún mundi ein reka spítalann og stjórna honum. Meðan verið var að reyna samkomulag, veitti sýslunefnd tillag til spítalans ákveðið ár, en eftir að bæjarstjórn hafði tekið hann að sér, neitaði sýslunefnd að greiða tillagið, sem hún kvaðst hafa veitt með þeirri forsendu, að báðir aðiljar ræktu spítalann og stjórnuðu honum. Sýslunefnd var sýknuð. Það var ekki talið skipta máli, þótt sýslunefnd hefði afskiptalaust tekið við þeim hlunnindum fyrir sýslubúa sína, að þeir nytu fyrst eftir að breytingin varð jafnra kjara og kaupstaðarbúar, eins og verið hafði 565

Aðild. Sbr. áfrýjun, meðalganga.

Þurfalingur talinn réttur aðili máls á hendur bæjarfélagi um greiðslu sjúkrasamlagsgjalds úr bæjarsjóði fyrir hann 219

Dagsektir eftir N. L. 1—5—15 og 1—22—48 eru „straff", og einstaklingur á því eigi rétt á að innheimta þær. Beiðni um fjárnám í því skyni því synjað 399

Aðiljaskipti.

A og B létust eftir uppkvaðningu dóms í héraði. Dánarbú þeirra voru aðiljar í æðra dómi. Mál út af verksamningi 264

Aðiljaskýrsla.

a) Opinber mál.

Skýrslur aðilja þóttu ósennilegar og ósamrímanlegar athöfnum hans, og voru þær því ekki teknar til greina 73

Í máli til refsingar á hendur bifreiðarstjóra vegna slyss á manni, er hlauzt af bifreiðarakstri, var bifreiðarstjórinn einn til frásagnar um staðreyndir, og varð því að byggja á skýrslu hans 154

Játningu kærða um brot, er hann gerði fyrir löggæzlumanni og í viðurvist tveggja lögregluþjóna, taldi héraðsdómari ekki afturtæka, með því að ekkert styrkti afturköllun sérstaklega. Hæstiréttur dæmdi ekki um þetta atriði, því að hann sýknaði kærða af öðrum ástæðum 160

Skýrslur togaraskipstjóra, er voru reikular og í ósamræmi við skýrslur yfirmanna á varðbát þeim, er tók togarann, þóttu ekki takandi til greina 206

Neitun kærða um það, að hann hefði selt áfengi, og staðhæfing hans um það, að hann hefði stundum keypt það fyrir aðra, ekki tekin til greina gegn einstökum vitnisburðum manna, er kváðust hafa keypt af honum áfengi, ítrekuðum sektadómum fyrir ólöglega áfengissölu og skýrslum áfengisverzlunar um áfengiskaup hans á því tímabili, er máli skipti 243

Ákærði, sem keypt hafði vörur af sendisveini í verzl-

un, játaði fyrst í rannsókn málsins, að hann hefði vitað, að seljandi var sendisveinn í verzlun þessari. Er rannsókn var tekin upp af nýju, gekk hann í gegn játningu þessari, en ekki þótti verða tekið mark á síðari skýrslu hans um þetta atriði 288

Kærði, sem sakaður var um það að hafa sent togara, er hann afgreiddi hér, skeyti um ferðir varðskipa, kvaðst ekki hafa sent skeytið í þeim tilgangi að leiðbeina togaranum við landhelgiveiðar, heldur í öðrum tilgangi. Þessi skýrsla var lögð til grundvallar, með því að hún var studd af atvikum, og kærði var því sýknaður 322

Ákærði, sem sakaður var um húsbrennu, afturkallaði játningu sína þar um, er hann kvaðst hafa verið kúgaður til að gefa. Með því að ekkert kom fram þessu til styrktar, þótti ekki takandi mark á afturköllun hans 363

Læknir, er ók bifreið sinni á aðra bifreið og játað hafði sig hafa neytt áfengis rétt áður, taldi blóðrannsókn, er gerð var þegar eftir árekstrinn á honum og sýndi áfengi í blóði hans, óáreiðanlega, með því að hann hefði notað lyf eitt við sjúkdómi, er hann væri haldinn af, en áhrif þess hefði sömu verkanir á blóðið sem áfengi. Bæði játning hans um áfengisnautn og árekstrinn með þeim atvikum, er hann varð, þóttu nægileg sönnun þess, að hann hefði ekið bifreið með áhrifum áfengis 621

Ákærði viðurkenndi, að hann hefði haft ill orð við lögregluþjón og um lögreglumenn. Sá lögregluþjónn tilfærði ákveðin orð eftir ákærða, en tveir aðrir lögreglumenn, er á heyrðu, gátu ekki tilfært nokkur sérstök orð. Eigi talið sannað, hvaða orð ákærði hefði haft, heldur einungis, að hann hefði talað óviðurkvæmlega um lögreglumennina 672

b) Einkamál.

A hafði verið vélstjóri á skipi ríkissjóðs og var skráður af skipinu, en var svo skráður á það aftur. Framkvæmdarstjóri skipaútgerðar ríkisins kvað síðari ráðninguna hafa verið ákveðnum

skilyrðum bundna, en gegn neitun A um þetta atriði komu ekki fram sannanir um skilyrðin, og staðhæfing A um, að þau hefði ekki verið sett, því lögð til grundvallar 228
Í barnsfaðernismáli komst maðurinn í mótsögn við sjálfan sig. Þetta olli því meðal annars, að málið var látið velta á eiði barnsmóður 310
A stefndi B til þess að gjalda sér hásetakaup og C til þess að þola sjóveðrétt í bátnum, er A vann á og C átti. C neitaði því, að A hefði verið ráðinn á bátinn. B viðurkenndi, að svo hefði verið, og A var því talinn hafa sannað, að hann hefði verið ráðinn á bátinn 610
Úrskurðað ex officio eftir analogiu 120. gr. laga nr. 85/1936, að héraðsdómara bæri að kveðja aðilja fyrir dóm og veita þeim færi á að gefa aðiljaskýrslu í máli 712

Áfengislagabrot. Sjá bifreiðalagabrot, ítrekun, líkur, mat og skoðun, refsingar, vitni.
Maður sýknaður af kæru um bruggun áfengis, með því að engar upplýsingar komu fram um styrkleika áfengislagar þess, er hjá honum hafði fundizt 160
Maður sýknaður af kæru um ölvun, með því að ekki þóttu nægar sannanir fram komnar um það atriði 298
Maður sektaður fyrir ölvun á almannafæri 572
Maður dæmdur sekur um bruggun og sölu áfengis .. 431
Maður dæmdur til sektar fyrir brot gegn 16. gr. laga nr. 33/1935 740
Fangelsisdómar og sekta fyrir ólöglega sölu áfengis 1, 33, 48, 216, 225, 243, 248, 258, 725, 740, 766

Áfrýjun. Sbr. aðild, gæzluvarðhald.
Máli vísað frá hæstarétt ex officio, með því að áfrýjunarfrestur var liðinn, þegar hæstaréttarstefna var gefin út, og áfrýjunarleyfi var ekki fengið 113
Áfrýjað til staðfestingar. Áfrýjanda dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti, með því að stefndi þótti hafa veitt áfrýjanda ástæðu til áfrýjunar 772

Ný skjöl lögð fram fyrir hæstarétti 565
Nýjar skýrslur fengnar eftir uppkvaðningu héraðsdóms og lagðar fram fyrir hæstarétti 462
Einni af fjórum varnarástæðum, sem fram komu í héraði, hreyft fyrir hæstarétti, og því dæmt þar að eins um þá ástæðu 121
A, sem hafði verið gert að bera ¼ hluta af tjóni sakir árekstrar skipa, áfrýjaði, en B, sem greiða skyldi ¾ hluta, áfrýjaði ekki. Því einungis skorið úr því fyrir hæstarétti, hvort A skyldi bera ¼ af tjóninu eða minna 232
Ákvörðun í héraðsdómi ekki breytt stefnda í vil, með því að hann áfrýjaði ekki 676
A átti samningsveð í skipi. Héraðsdómari ákvað sjóveð í skipinu, sem olli því, að A fekk ekki greidda kröfu sína, er skipið var selt nauðungarsölu. Var honum því talið rétt að áfrýja dóminum, enda þótt hann hefði ekki verið aðili máls í héraði 341, 749
M og K áttu saman óskilgetið barn. M á heima í Reykjavík, en K í Vestmannaeyjum, þar sem hún er gift T. T gerist ófær til að framfæra barnið, og er því bæjarsjóður Vestmannaeyja dæmdur til þess eftir kröfu K að leggja fram meðlag með barninu sem dvalarsveit K. Bæjarstjórn Reykjavíkur, sem telur sig sem heimilissveit M munu verða að endurgreiða Vestmannaeyjakaupstað meðlagið, áfrýjaði héraðsdóminum til sýknu Vestmannaeyjakaupstað sem meðalgöngumaður, og var talin réttur aðili 650
Úrskurði um það, að grunaður maður skyldi settur í gæzluvarðhald, áfrýjað með dómi í aðalmálinu, til þess að fá úr því skorið, hvort rétt hefði verið að setja sökunaut í varðhald og til þess að fá orðalag úrskurðarins vítt 185

Áfrýjunarleyfi.

Áfrýjunarfrestur liðinn 173, 270, 481, 565, 759
Áfrýjunarupphæð 481

Ákæruvald.

K stal gömlu reiðhjóli. Sá, er stolinn var, hafði ekki krafizt málshöfðunar. Reiðhjólið var ekki virt, og því þótti óvíst, hvort það hefði verið 30 króna virði. K var þess vegna sýknuð fyrir hæstarétti 25

A hafði eytt fé annara manna með þeim hætti, að við 256. gr. almennra hegningarlaga varðaði. Þeir, er misgert var við, afturkölluðu málshöfðunarkröfu sína áður en dómur var kveðinn upp í héraði, og kom þetta brot því eigi til álita 580

Analogia. Sjá lög.

Árekstur. Sjá farmskírteini, kaupsamningar, skip, þinglýsing.

Ásetningur.

A tók reknetjahnút, er var á reki í sjó, í september 1936 upp í skip sitt, greiddi skipverjum sínum grunsamlega háa þóknun fyrir að innbyrða hann og greiða netin, seldi þau síðan í október sama ár, en lýsti þeim loks í nóvember s. á. eftir að maður nokkur hafði gert tilkall til þeirra við hann. Talið var, að A hefði ætlað að slá eign sinni á netin og hann dæmdur eftir 249. gr. almennra hegningarlaga 73

H hafði slegið eign sinni á segl nokkurt, er var geymt í húsi annars manns. Kvaðst hann hafa skilið svo orð uppboðshaldara, er seldi honum bát einn á nauðungaruppboði, að seglið ætti að fylgja bátnum. Enda þótt uppboðshaldari minntist ekki þeirra orða og þótt sá veðhafi, er bátinn lét selja, neitaði því, að seglið hefði fylgt bátnum, var ekki talið sannað, að H hefði gegn betri vitund lagt seglið undir sig, og var hann því sýknaður af ákæru um þetta atriði 96

A sýknaður af kæru um það, að hann hefði sent skeyti til togara um ferð varðskips, með því að telja mátti sennilegt, að skeytið hefði ekki verið sent til þess að leiðbeina togaranum um fiskveiðar í landhelgi 322

B keypti vörur af sendisveini verzlunar. Talið sannað, að hann hafi vitað, að vörurnar voru stolnar, enda þótt hann játaði að eins, að hann hefði vitað, að seljandi var sendisveinn og að hann hefði grunað, að vörurnar væru honum ófrjálsar 288
Maður sýknaður af áburði konu sinnar um það, að hann hefði borið á hana kynferðissjúkdóm, með því að ekki var sannað, að hann hefði þá, er sýkingin varð, vitað eða grunað sig vera haldinn þeim sjúkdómi 431

Atvinnuréttindi. Sbr. veitingasala.
Bakstur á kökum í heimahúsum til sölu talinn til heimilisiðnaðar, með því að ekki þótti næg heimild í iðnaðarlögum til breytinga á gömlu ástandi að þessu leyti 59
Ekki talið þurfa verzlunarleyfi til sölu á brauði, mjólk og rjóma 295
Réttur til iðnaðar, er maður hafði samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1927, eigi talinn af honum tekinn með 17. gr. laga nr. 105/1936, með því að eigi er þar berlega mælt svo, að eldri réttur til iðnaðar sé af mönnum tekinn, og því talið, að taka beri þrengri skýringu síðastnefnds ákvæðis, er minni röskun veldur 127
Bæjarstjórn talið heimilt að afturkalla veitingaleyfi í tilteknu húsnæði, ef hún telur þá atvinnu þar horfa til ómenningar eða óreglusemi, en fullnaðarúrlausn þess eiga dómstólar 351
Lögreglustjóri, er synjað hafði beiðni iðnmeistara um áritun sína á iðnnámssamning, skyldaður með dómi hæstaréttar til að rita samþykki sitt á samninginn, með því að þar til lögmæltum skilyrðum taldist fullnægt 345
Maður sektaður fyrir rekstur sætindagerðar án lögmælts leyfis 369

Ávísanir.
Maður dæmdur til refsingar eftir 259. gr. almennra hegningarlaga fyrir útgáfu ávísana án þess að innstæða væri hjá þeim, er þær voru gefnar út á, til greiðslu þeirra 730

Viðtaka nýrra ávísana í stað eldri eigi talin hafa skert rétt viðtakanda til að krefja ábyrgðarmann um skuld útgefanda ávísananna 661

Barnsfaðernismál.

Þann 30. marz 1937 ól K barn, er hún kenndi M, sem hún kvaðst hafa haft samfarir við „síðast í júlí" 1936. En þegar M sannaði, að hann hefði verið á staðnum aðeins 2.—9. júlí það ár, breytti K framburði sínum þannig, að samfarir þessar hefðu átt sér stað, að því er virtist, 7. júlí. M neitaði því staðfastlega, en játaði, að hann hefði einu sinni í okt. sama ár haft samfarir við hana. Sakir þessa ósamræmis í skýrslum K var málið látið velta á synjunareiði M 28

M neitaði algerlega í fyrstu, að hann hefði haft samfarir við K, en kannaðist þó síðar við það, að hann hefði í viðtali við konu sagt, að það stæði „ekkert heima við tímann, er ég var með stúlkunni." Þessi tvísögli M, ásamt nokkrum líkum um kunningsskap þeirra, var talin nægileg til þess að málið væri látið velta á eiði K 310

M játaði sig hafa haft samfarir við K 10. sept. 1935 og síðan í des. s. á., en þá var hún orðin vanfær. Með því að M bjóst þá við því, að hann mundi eiga barnið, lét hann K hafa lítið eitt af peningum. Þann 18. júlí 1936 ól K barn og 1. ágúst s. á. skrifaði hún honum, að hún hefði alið barn og að heima stæði með tímann, án þess þó að geta þess, hve nær barnið fæddist. Skýrslur K um kunningsskap þeirra um þær mundir, sem barnið hlaut að vera getið, reyndust mjög ófullkomnar og að sumu rangar. Auk þess komu fram upplýsingar um það, að K hefði haft mjög grunsamlegan kunningsskap við ýmsa karla um þær mundir. Málsúrslit látin velta á synjunareiði M 379

Kveðinn ex officio upp úrskurður, þar sem héraðsdómari var skyldaður til að leita frekari upplýsinga í barnsfaðernismáli 152

Víttur dráttur á barnsfaðernismáli 310

Betrunarhúsvinna. Sjá refsingar.

Bifreiðar, bifreiðalagabrot.

Maður, sem dæmdur hafði verið ítrekað fyrir þjófnað og nú hafði ekið bifreið ölvaður, ekki talinn fullnægja þeim skilyrðum laga, að bifreiðarstjóri skuli vera „áreiðanlegur og samvizkusamur maður," og var því sviptur ökuleyfi æfilangt 273

Bifreiðarstjóri dæmdur til sektargreiðslu og missis ökuleyfis æfilangt fyrir akstur bifreiðar ölvaður 273, 558, 621, 730, 769

Bifreiðarstjóri sektaður og dæmdur til að missa ökuleyfi tiltekinn tíma vegna aksturs með áhrifum áfengis 261, 317, 431, 558

Ítrekað brot fólgið í akstri bifreiðar með áhrifum áfengis ekki látið varða missi ökuleyfis æfilangt 317

Upplýsingar vantaði um það, hvort eða hve langan tíma ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi, meðan á rannsókn máls stóð, og var því ekki ákveðið, frá hvaða tíma leyfissvipting kæmi til framkvæmda, og skyldi því draga þann tíma frá, er kærði hefði þegar verið sviptur ökuleyfi 558

Bifreiðarstjóri sýknaður af kæru um of hraðan akstur, með því að hann var að flytja brunaliðsmenn á brunastað um breiðan og fáfarinn veg. Ennfremur sýknaður af kæru um meiðsl á manni, með því að óvarkárni af hálfu bifreiðarstjórans (kærða) var ekki sönnuð, en um nánari atvik varð að fara eftir skýrslu hans, því að aðrir voru ekki til frásagnar um atvik 154

Vegna óvarlegs aksturs bifreiðarstjóra var vátryggjanda bifreiðar dæmt að bæta helming tjóns þess, er A varð fyrir, en sjálfur skyldi A bera helming vegna sinnar óvarkárni 253

Eigandi bifreiðar dæmdur til greiðslu skaðabóta, enda þótt bifreiðarstjórinn væri sýknaður af refsikröfu vegna aksturs síns, með því að ekki var sannað, að maður sá, er fyrir bifreiðinni varð, hefði valdið slysinu með gáleysi sínu, og eigi var heldur talið sannað, að slysið hefði hlotið að vilja til, þótt einskis hefði verið á vant

um aðgæzlu og varúð af hendi bifreiðarstjórans. Hinsvegar var bótahæðin ákveðin með hliðsjón af því, að bótakrefjandi þótti hafa hegðað sér óhæfilega eftir að hann komst á fætur eftir slysið og seinkað þar með bata sínum 462
Eiganda bifreiðar dæmt að greiða bætur fyrir tjón, er hlauzt af ógætilegum akstri bifreiðar, er hann átti, en maður sá, er fyrir slysi varð, þótti ekki hafa sýnt fulla gætni, og var því sjálfur látinn bera fjórðung skaðans 676
Eigandi bifreiðar dæmt að greiða bætur farþegum í bifreið hans vegna slyss, er þeir hlutu af því að bifreiðin rann út af veginum vegna bilunar, að því er virtist, með því að ósannað var, að slysið hefði hlotið að vilja til, þótt fyllstu varkárni hefði verið gætt af hálfu bifreiðarstjórans 277, 326, 332
Dæmt um tvo kröfuliði vegna bifreiðarslyss, en tveimur vísað frá héraðsdómi vegna skorts á upplýsingum 332

Blóðrannsókn. Sjá mat og skoðun.

Bókhald.

Maður, sem hafði selt í búðum sínum brauð, mjólk og rjóma, skyr, egg og kökur, ekki talinn bókhaldsskyldur eftir lögum nr. 53/1911, með því að verzlunarleyfi þyrfti eigi til slíkrar atvinnu. Hann var því sýknaður af kæru fyrir brot, er annars mundi hafa varðað við 2. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga 295
Kaupmaður, er orðinn var gjaldþrota, dæmdur fyrir galla á bókhaldi eftir 2. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga 599
Útgerðarsamvinnufélag talið bókhaldsskylt eftir samvinnufélagalögunum. Félagið var orðið gjaldþrota, og var forstjóri þess dæmdur fyrir óreiðu í bókhaldi eftir 2. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga 630

Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðabrot.

Brenna.

Maður dæmdur sekur um brennu eftir 2. málsgr. 283. gr. almennra hegningarlaga, en kona hans og annar maður eftir sömu gr. sbr. 49. gr. sömu laga fyrir hlutdeild þar í. Þriðji ákærði, kona hins síðarnefnda, ekki talin hafa tekið á refsiverðan hátt þátt í brotinu. Mál var og höfðað eftir 26. kap. hegningarlaganna, en eigi dæmt eftir 261 gr. þeirra 363

Brennd bifreið. Ákært eftir 26. kap. hegningarlaganna aðeins og refsing dæmd eftir 261. gr. þeirra 627

Dagsektir.

Tvö firmu voru dæmd að viðlögðum dagsektum til þess að láta aflýsa tryggingarbréfi einu. Kröfu um dagsektir var einungis beint að firmunum, en ekki að nokkrum einstökum manni, og var því ekki talið unnt að beita ákvæðum um afplánun þeirra 41

Hæstaréttardómur, er staðfesti héraðsdóm, þar sem A var dæmt skylt að gefa B út afsal að fasteign að viðlögðum dagsektum, var kveðinn upp 12. ágúst 1936. Um dagsektirnar fór því eftir N. L. 1-5-15 og 1-22-48, en ekki eftir 193. gr. laga nr. 85/1936. Eftir greinum þessum var aðili einkamáls ekki talinn eiga aðild um innheimtu eða afplánun dagsekta þessara, sem nefndar eru í N. L. „Straf". Beiðni um fjárnám fyrir dagsektunum því synjað. Af sömu ástæðu gat aðili ekki notað dagsektarupphæð að nokkru leyti sem gagnkröfu til skuldajafnaðar þeirri fjárhæð, er hann skyldi af hendi inna 399

Kröfu um það, að víxilskuldari yrði dæmdur að viðlögðum dagsektum til að greiða víxilupphæð í virkri erlendri mynt, hrundið þegar af því, að skyldu til greiðslu á þenna hátt var talið ómögulegt að fullnægja 753

Dómar. Sbr. heimvísun, ómerking.

a) Skilorðsbundnir refsidómar samkvæmt lögum nr. 39/1907.

Fyrir brot, er varðaði við 249. gr. almennra hegningarlaga 73, 96
Fyrir þjófnað og hlutdeild þar í 251, 288
Fyrir hlutdeild í húsbrennu 363
Fyrir bókhaldsbrot eftir 264. gr. 2. málsgr. hegningarlaganna 599, 630

b) Verkskyldudómar.

Lögreglustjóra dæmt skylt að rita samþykki sitt á iðnaðarnámssamning, og skyldi það gert „þegar er samningurinn verður fyrir hann lagður“ .. 345
Maður dæmdur til þess að breyta verzlunarheiti sínu og veittur til þess vikufrestur frá birtingu dóms 587
Í hæstaréttardómi, sem staðfesti ákvæði héraðsdóms um skyldu A til þess að gefa út afsalsbréf að fasteign, var enginn aðfararfrestur settur. Gerðarþolandi hélt því fram fyrir fógetarétti, að dómurinn væri af þessari ástæðu ekki aðfararhæfur. Þessari vörn var hrundið, með því að hæstaréttardómurinn ákvæði sjálfur aðfararhæfi sitt, og væri fógeti bundinn þar af, þannig að dóminum megi fullnægja með aðför þegar eftir birtingu .. 399

c) Birting.

Hæstaréttardómur, er fullnægja mátti þegar er hann væri birtur, talinn hafa verið birtur með greiðsluáskorun og framlagningu í fógetarétti .. 399

d) Skilorðsbundinn verkskyldudómur.

A dæmt skylt að gefa út afsal til handa B að viðlögðum dagsektum gegn því, að B tæki að sér tilteknar veðskuldir, er hvíla skyldu á eigninni, og gæfi út skuldabréf tryggt með 3. veðrétti í eigninni að frádregnum ýmsum kröfum, er B var talinn eiga á hendur A, þar á meðal málskostnaði fyrir hæstarétti og fógetarétti 399

e) Verkun dóms (res judicata).

Hæstiréttur hafði dæmt A skylt að vinna tiltekið verk að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Fyrir fógetarétti það gerðarþolandi um frestun á fógetaathöfnum til fullnustu dóminum, með því að hann væri byggður á röngum upplýsingum í málinu. Frestbeiðni hrundið, með því að hæstaréttardóminn þótti verða að leggja til grundvallar .. 772

Frávísunarkröfu, sem hrundið var með dómi hæstaréttar, þar sem héraðsdómur var ómerktur og máli heimvísað, eigi talið þurfa að athuga aftur, er málið var af nýju tekið fyrir í héraði 700

Í refsimáli á hendur bifreiðarstjóra vegna bifreiðaslyss var hann sýknaður vegna þess, að skýrslur hans um atvik að slysinu varð að leggja til grundvallar, með því að aðrir voru ekki til frásagnar. Í skaðabótamáli vegna slyssins var ekki talið unnt að leggja dóminn í opinbera málinu til grundvallar um atvik málsins, eftir því sem á stóð, og vegna sönnunarákvæða 15. gr. bifreiðalaganna var eiganda bifreiðarinnar gert að greiða bætur fyrir slysið 462

f) Viðurkenningardómar.

Um samningsveð 735

Um sjóveð 163, 232, 610, 749

Dómarar.

Málsmeðferð og dómur í opinberu máli ómerkt vegna þess, að konungleg umboðsskrá, er héraðsdómara hafði verið gefin til rannsóknar máls og meðferðar síðan, þótti eigi hafa veitt dómaranum heimild til þess að dæma suma þeirra, er mál var höfðað á hendur 484

A var sjómaður á útgerð B, sem eigi hafði greitt honum umsamið kaup, en lagt inn fiskinn hjá K. A höfðaði mál á hendur B og K til greiðslu kaupsins. Krafa á hendur K var ekki talin kaupkrafa, er 1.—3. tölul. 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 tæki til. Lögreglustjóri var því ekki talinn bær að dæma um hana samkvæmt 2. málsgr. 29. gr. sömu laga 133

Dómara stefnt til ábyrgðar 113
Dráttur á uppkvaðningu fógetaúrskurðar réttlættur með embættisönnum 3

Dómstólar og framkvæmdarvald.
Sbr. embættistakmörk yfirvalda.

Bæjarstjórn talið heimilt að afturkalla leyfi til veitingasölu í tilteknu húsnæði vegna þess, að lágmarkskröfum um góða reglu og háttsemi væri ekki fylgt og að slík veitingastarfsemi á þeim stað horfði til ómenningar, en dómstólar þó taldir eiga fullnaðarúrlausn þess máls, hvort ástæður bæjarstjórnar til afturköllunar leyfis hverju sinni séu gildar 351
Skólanefnd hafði ráðið svonefndan „yfirkennara" við barnaskóla í Reykjavík. Bæjarstjórn taldi nefndina hafa gert ráðstöfun þessa í heimildarleysi, þar sem staða þessi væri ekki ákveðin í lögum, enda ráði skólanefnd ekki kennara við barnaskóla að lögum, og neitaði því að greiða „yfirkennara" þessum laun. Kennslumálaráðherra úrskurðaði, að skólanefnd hefði haft heimild til ráðstöfunar þessarar, en með því að bæjarstjórn neitaði enn að greiða launin, höfðaði kennarinn mál á hendur borgarstjóra f. h. bæjarsjóðs til greiðslu launanna. Dómstólarnir töldu skólanefnd hafa farið út fyrir valdsvið sitt og sýknuðu því bæjarsjóð af kaupkröfunni 704
Dómstólum talið rétt að skera úr því, hvort heimilissveit móður óskilgetins barns, er gift var öðrum manni, sem ófær var til að framfæra barnið, skuli skylt að leggja út meðlag það, er barnsfaðirinn, sem búsettur var í annari sveit, skyldi samkvæmt yfirvaldsúrskurði greiða barnsmóður með barninu 651
Úrlausn þess máls, hvort tiltekinn kaupstaður væri skyldur til greiðslu útfararkostnaðar sjúklings, er andaðist á berklahæli, talin bera undir dómstóla 149
Ágreiningur milli kaupstaðar og konu, er naut fátækrastyrks úr bæjarsjóði, um skyldu kaupstað-

arins til að greiða fyrir hana sjúkrasamlagsgjald talinn eiga að sæta úrlausn dómstóla 219

Eftirgrennslan brota. Sjá húsleit, mat og skoðun, opinber mál. Sbr. og líkur, sönnun, vitni.
Brezkur maður fenginn til þess að rannsaka brot, er talin voru hafa verið framin í banka og af starfsmönnum bankans 185

Eiður.
Úrslit barnsfaðernismáls látin velta á synjunareiði M, enda þótt nokkrar líkur væri gegn honum, með því að skýrslur K voru hvikular og sín á milli ósamræmar 28, 379
Úrslit barnsfaðernismáls látin velta á sönnunareiði K, með því að skýrslur M þóttu ekki samræmar sín á milli og K hafði fleiri líkur til síns máls. Vafi var um eiðhæfi K, en kunnáttumaður taldi hana hafa nær því andlegan meðalþroska, svo að hæstiréttur taldi mega veita henni eiðsheimildina 319
Fundið að því, að vitni voru ekki eiðfest í opinberu máli 431
Fundið að því, að vitni voru ekki samprófuð við sökunaut fyrir eiðfestingu 558

Eignarréttur.
A hafði hirt net í sjó og slegið eign sinni á þau svo, að saknæmt þótti eftir 249. gr. almenra hegningarlaga. Netin voru eigi svo greinilega merkt, að B, sem kallaði sig eiga þau, gæti sannað mál sitt, og eignarheimt hans var því ekki tekin til greina 73

Eignaupptaka. Sjá refsing.

Einkaréttur. Sjá firmu.

Embættismenn og sýslunar. Sbr. dómarar, málflutningsmenn, mat og skoðun.
Skrifstofustjóri Landsbankans sýknaður af kæru um svik og þjófnað á fé bankans. Hann var einnig sakaður um vanrækslu í starfi sínu. Það, er hon-

um var að þessu leyti gefin sök á, hafði sumt tiðkazt í bankanum með vitund yfirboðara hans, en sum atriðin þóttu svo lítils verð, að meðferð skrifstofustjórnas á þeim gæti ekki varðað hann refsingu 185

Maður, sem tókst á hendur innheimtu fyrir bú, er skiptameðferð sætti, eftir 30. gr. skiptalaganna, talinn hafa þar með tekið að sér opinbert trúnaðarstarf með skyldum og réttindum opinberra starfsmanna. Notkun hans á innheimtufénu í sjálfs síns þarfir var því talin varða við 136. sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga 580

Slökkviliðsstjóri sýknaður af kæru út af illmælum við lögreglumenn, er hvorirtveggju voru að gegna starfa sínum, með því að lögreglumennirnir höfðu veitt honum efni til aðfinninga og hann var því, svo sem á stóð, í afsakanlega æstu skapi 672

Embættistakmörk yfirvalda.

Sbr. dómstólar og framkvæmdarvald.

Látið svo um mælt, að reglugerðarákvæði, er fara kynni lengra en lög þau heimiluðu, er reglugerðin hafði stoð sína í, yrðu ekki lögð til grundvallar refsidómi 77

Ákvæði reglugerðar einnar, bókstaflega skilin, leiddu til refsidóms yfir manni fyrir tilbúning vöru. Svo var litið á, að lög þau, er reglugerðin hafði stoð sína í, næðu ekki til þeirrar meðferðar um tilbúning og nafn vörunnar, sem kærða var gefin sök á. Og með því að skýra yrði ákvæði reglugerðarinnar í samræmi við lögin, var kærði sýknaður 116

A höfðaði mál á hendur ríkissjóði til greiðslu bóta fyrir tjón, er hann taldi sig hafa beðið vegna þess, að gjaldeyris- og innflutningsnefnd hafði synjað honum um leyfi til innflutnings á tiltekinni vöru. Ríkissjóður var sýknaður í héraði, með því að nefndin hefði haldið sér að öllu í því efni innan verkahrings síns. Hæstiréttur dæmdi málið ekki, með því að því var þangað skotið að liðnum áfrýjunarfresti og án áfrýjunarleyfis .. 113

Bæjarstjórn talið rétt að afturkalla leyfi til veitinga í tilteknu húsnæði. Í máli því, er hér greinir, var talið, að hún hefði gert það, og krafa aðilja um innsetningu í umráð húsnæðisins, sem lögreglustjóri hafði látið loka, var því ekki tekin til greina 351
Skólanefnd talin hafa farið út fyrir verkahring sinn, er hún réð svo nefndan „yfirkennara" við barnaskóla í Reykjavík. Krafa hans um greiðslu launa sinna úr bæjarsjóði, er bæjarstjórn hafði neitað að greiða, því ekki tekin til greina 704

Embættisvottorð. Sjá mat og skoðun, skjöl.

Endurskoðendur.
Í opinberu máli var héraðsdómara dæmt skylt að láta löggiltan endurskoðanda rannsaka bókhald ákærða, en í rannsókn málsins hafði dómarinn falið það ólöggiltum manni 215
Í opinberu máli var að því fundið, að héraðsdómarinn hafði falið ólöggiltum manni bókhaldsendurskoðun 295

Fangelsi. Sjá refsing.

Farmsamningur. Sbr. farmskírteini.
A tók að sér að flytja ýmsar vörur fyrir B, þar á meðal benzín á þilfari skipsins, frá London og Danzig til Reykjavíkur fyrir farmgjald, er ákveðið var í einu lagi fyrir allan þann farm, er skipið flytti. Burðarmagn skipsins var sagt um 800 tonn. Skipið tók fyrst ýmsar vörur í London, en síðan fór það til Danzig og tók einnig þar ýmsar vörur, þar á meðal benzín. Vegna yfirviktar á skipinu taldi skipstjóri nauðsynlegt að taka þar um 40 tonn af vatni til kjölfestu og varð því að skilja eftir 30 tonn af benzíni, svo að skipið yrði ekki of hlaðið. Vörumagn það, er skipið svo skilaði, nam 779 tonnum, að meðtöldum umbúðum. Með því að farmviðtakandi taldi farmflytjanda ekki hafa skilað því vöru-

magni, sem skylt hefði verið, þá hélt hann eftir svo miklu af farmgjaldi, sem hann taldi sig þurfa til bóta á því tjóni, er hann hefði orðið fyrir vegna vanefnda farmflytjanda, sem þess vegna höfðaði mál á hendur honum til greiðslu eftirstöðva farmgjaldsins. Með því að burðarmagn skipsins var sannanlega rétt talið í farmsamningnum og nauðsynlegt var að haga svo hleðslu skipsins sem áður segir vegna öryggis skipsins, en benzínið skyldi flutt á þilfari, þá var farmviðtakanda dæmt skylt að greiða allt farmgjaldið samkvæmt farmsamningi 471

Farmskírteini (Konnossement).

C keypti fisk af nokkrum mönnum á Ísafirði. Þann 2. nóv. 1930 gaf skipstjóri á skipi því, er tók fiskinn til flutnings, út farmskírteini um fisk þennan allan í einu lagi, hljóðandi á C og þannig, að vörunni skyldi skila í Reykjavík. Með því að C hafði ekki greitt andvirði fisksins, þá fólu seljendur útibúi Landsbankans farmskírteinið á hendur, og skyldi afhenda það í Reykjavík gegn greiðslu fiskverðsins. Útibúið fól síðan manni, er fór til Reykjavíkur á skipinu, að færa Landsbankanum farmskírteinið, er taka skyldi við fiskverðinu og afhenda skipstjóra farmskírteinið. Talið ósannað, að farmskírteinið hefði komið í hendur bankans fyrr en 8. nóv. 1930. Þann 5. s. m. fær umboðsmaður C í Reykjavík skipstjórann til þess að gefa út nýtt farmskírteini, enda þótt skipstjóri fengi ekki fyrra farmskírteinið í sínar hendur, og var Landsbankanum afhent síðara farmskírteinið 11. s. m. C skuldaði Landsbankanum andvirði annars fisks, er skipið tók, og kom það í ljós, að hann gat ekki sett honum fullnægjandi tryggingu í erlendum banka fyrir því, eins og lofað hafði verið. Lét bankinn því selja farminn á Ítalíu og ráðstafaði söluverðinu upp í skuld C við bankann. Vegna misferlis með fyrra farmskírteinið urðu seljendur þess hluta farmsins af fé sínu. Þar sem bankinn vissi um

fyrra, óinnleysta farmskírteinið, er sala fisksins fór fram, þá var honum samkvæmt ástæðum þeim, er liggja til grundvallar ákvæðum 170. gr. siglingalaganna, talið óheimilt að slá eign sinni á andvirði áðurnefnds hluta fisksins, og var hann því dæmdur til að greiða fiskseljendum það eins og þeir töldu það hafa verið og eigi þótti hnekkt með rökum, því að ekki þótti sannað, að bankinn hefði fyrr orðið vitandi um athæfi það, er framið var í sambandi við útgáfu síðara farmskírteinisins 390

Leyfi til innflutnings frá Osló á silfurref var gefið út á nafn A. B greiddi refinn í norskum krónum, eins og til var skilið, og í því skyni, að hann fengi refinn til eignar. Þetta var bæði A og seljanda kunnugt, enda ætlaðist seljandi til, að B fengi refinn. A var staddur í Osló, þegar refurinn var sendur, og var farmskírteinið látið hljóða á A. Þegar refurinn var kominn til Reykjavíkur, krafðizt A þess, að honum yrði refurinn afhentur samkvæmt farmskírteininu, en með því að seljandi bannaði þetta, neitaði afgreiðsla skipsins að afhenda honum refinn. Og gerði nú B kröfu um afhendingu hans til sín. Þá heimtaði A sér refinn fenginn með aðstoð fógeta. Þessi krafa hans var ekki tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að hann bauð ekki fram andvirði refsins í norskum krónum, eins og til var skilið 744

Fátækraframfærsla. Sjá sjúkrasamlög.

Heimilissveit móður óskilgetins barns, sem gift var öðrum en barnsföður og var samvistum við þennan mann sinn, talið skylt að leggja út meðlag það með barninu, er föður þess, sem annarstaðar var búsettur, var skylt að greiða, með því að stjúpi barnsins var ófær til þess að færa það fram 651

A, sem var fædd á Seyðisfirði 1. febr. 1916, kom á heimili móður sinnar í Hafnarfirði 9. maí 1933. Í september s. á. fór hún til sjúkravistar á Vífilsstaðahæli og dvaldist þar óslitið til dánardæg-

urs, 10. maí 1936. Í máli, er stjórn ríkisspítalanna höfðaði gegn Seyðisfjarðarkaupstað til endurgreiðslu útfararkostnaðar A, var kaupstaðurinn sýknaður, með því að A var talin hafa verið orðin heimilisföst í Hafnarfirði, er hún fór á hælið 1933, og verið það 1. jan. 1936, er lög nr. 135/1935 komu til framkvæmdar, og að Seyðisfjarðarkaupstaður hafi þá losnað við framfærslu hennar. Það, að Seyðisfjarðarkaupstaður hafði endurgreitt Hafnarfirði að ⅔ fatakaupastyrk, er hann hafði veitt A, meðan hún dvaldist á hælinu, þótti ekki hafa orkað Seyðisfjarðarkaupstað kröfuréttarskyldu til greiðslu útfararkostnaðar 149

Félagsskapur. Sjá samvinnufélög.

Ýmsar greinar út af félagsskap tveggja manna um síldarútgerð dæmdar 64

Firmu.

Kaupmanni dæmt óheimilt að hafa í verzlunarheiti sínu stytt föðurnafn sitt þannig, að það varð samnefnt löggiltu ættarnafni annars manns .. 587

Fiskveiðabrot. Sbr. refsing, sönnnun, togaranjósnir.

Togaraskipstjóri dæmdur sekur um botnvörpuveiðar í landhelgi 56, 206, 412, 421, 555, 574, 642, 646 728

Fjárnám.

Skuld samkvæmt veðskuldabréfi talin öll fallin í gjalddaga vegna vanskila, og fógeti því skyldaður til að gera fjárnám í veðinu samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins 3

Fjárnám til tryggingar dagsektum, er dæmdar voru samkvæmt N. L. 1—5—15 og 1—22—48, krafizt af aðilja þess máls, er dagsektir voru dæmdar í. Kröfu hans var hrundið, með því að hann var ekki talinn réttur aðili um innheimtu eða afplánun slíkra sekta eftir áðurnefndum lagaboðum. 193. gr. laga nr. 85/1936 ekki talin taka til þessara dagsekta, af því að þær voru dæmdar áður en téð lög komu til framkvæmdar 399

Greiðsludómi, ásamt fjárnámsgerð til fullnustu honum, áfrýjað. Dómi var breytt í sýknudóm og fjárnámsgerð því felld úr gildi 481

Fjársvik.

A keypti skip að tilhlutun banka fyrir 142000 kr., er hann fékk að láni hjá bankanum. Bankastjóri taldi það hafa verið forsendu af sinni hálfu fyrir láninu, að A legði sjálfur fram 24000 kr., er væri varanleg innstæða fyrirtækisins. A fékk fé þetta að láni gegn endurgreiðslu þess á stuttum tíma, en færðist undan því að skýra bankastjóra frá þessu. Eigi talið, að A hefði með þessum hætti gerzt sekur um sviksamlegt athæfi gagnvart bankanum 548

Síðar, er sami maður falaðist eftir láni hjá bankanum til útgerðar sinnar, skyldi hann gefa skýrslu um skuldir, er greiða skyldi skipverjum, svo að ekki legðist sjóveð á skipið. Taldi hann kröfur þessar allmiklu lægri en þær voru í raun og veru. Taldi bankinn hann hafa þar með haft í frammi refsiverða blekkingu. A kvaðst hafa talið, að hann mundi hafa komizt af með að greiða skipverjum þá þegar þá upphæð, er hann taldi fram, sem og hefði verið áætluð, enda hefði hann sagt bankastjóra það, en því neitaði bankastjórinn. Ekki var heldur talið sannað, að A hefði hér framið refsiverðan verknað 548

Maður dæmdur eftir 259. gr. almennra hegningarlaga fyrir útgáfu ávísana, enda þótt ekki væri til innstæða til greiðslu þeirra hjá þeim, er þær voru gefnar út á, og enda þótt útgefandi hefði ekki getað haft von um, að þær yrðu greiddar 630

Forstöðumaður útgerðarfyrirtækis hafði veðsett fyrirfram fisk, er veiddist á báta þá, er fyrirtækið gerði út. Veðhafi fekk þó ekki andvirði alls þess fisks, er veiddist, og taldi forstöðumanninn því hafa gerzt sekan um svik. Sjómenn voru ráðnir gegn því að fá hluta af afla. Veðhafi hafði fengið meira af andvirði fisksins en sem hluta bátanna nam, en ósannað þótti, að honum hefði

verið meira veðsett en hlutur bátanna, og var forstöðumaður því sýknaður af refsingu að þessu leyti 630
Maður, sem lét aka sér í bifreið, þótt hann vissi, að hann gæti ekki greitt ökugjaldið, dæmdur fyrir svik eftir 253. gr. almennra hegningalaga. Héraðsdómari taldi brotið refsivert eftir analogíu greinarinnar 298
Þrotamenn sýknaðir af ákæru fyrir brot samkvæmt 262. og 263. gr. hegningarlaganna 295, 599
Maður, sem kveikt hafði í bifreið í því skyni að fá vátryggingarupphæð hennar greidda, dæmdur sekur eftir 261. gr. almennra hegningarlaga .. 627
Dæmt fyrir íkveikju í húsi, er framin var til að fá brunatryggingarfé þess greitt, eftir 283. gr. hegningarlaganna 363

Fógetagerðir. Sjá aðför, fjárnám, innsetningargerðir.

Málskostnaður úrskurðaður fyrir fógetarétti 399, 772
Fundið að því, að fógeti hafði ekki úrskurðað málskostnaðarkröfu 351

Foreldrar og börn.

Móðir óskilgetins barns var gift öðrum en barnsföður. Með því að stjúpfaðir barnsins var ómótmælt ófær til þess að framfæra barnið, var heimilissveit móður talið skylt að leggja út meðlag það með barninu, er barnsföður, sem heima átti annarstaðar, var skylt að greiða 651

Forsendur.

Aðili, sem keypt hafði hlutabréf í fyrirtæki, kvað það hafa verið ákvörðunarástæðu hjá sér, að hann fengi og héldi atvinnu hjá fyrirtækinu, meðan það yrði rekið og hann bryti ekki af sér. Hafi stofnendur fyrirtækisins vitað þetta, og var hann einn þeirra. Taldi hann sér því hafa verið ólöglega sagt upp atvinnu þeirri, er hann hafði haft hjá fyrirtækinu, og krafði það greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem í ráðningarsamn-

ingi hans var lögð við samningsrofum. Samkvæmt stofnsamningi voru hluthöfum engin sérréttindi áskilin og krafa hans þótti ekki heldur hafa stoð í ráðningarsamningi 36
Sýslunefnd og bæjarstjórn kaupstaðar höfðu lengi rekið sjúkrahús í félagi bæði um stjórn og fjárframlög. Síðar kom upp ágreiningur milli þeirra um reglugerð sjúkrahússins, er lauk svo, að bæjarstjórn lýsti því yfir, að hún mundi ein stjórna spítalanum, og var sú yfirlýsing framkvæmd, án þess að sýslunefnd mótmælti því. Meðan samningar stóðu yfir um ágreininginn, hafði sýslunefnd veitt tillag til spítalans, en var sýknuð af kröfu bæjarstjórnar um greiðslu þess, með því að bæjarstjórn réð nú ein yfir spítalanum, en fjárveitingin talin veitt með þeirri forsendu, að samstjórn aðilja á spítalanum héldist 565

Framboð.

Fjárnáms var krafizt til tryggingar *allri* veðskuld, sem greiða skyldi veðhafa smátt og smátt, en nú var talin öll fallin í gjalddaga vegna vanskila. Boðin var fram í fógetarétti greiðsla vaxta og afborgana, sem gerðarþolandi taldi þá kræfa, en þetta boð var ekki talið fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir fjárnám 3
Í máli til greiðslu víxils kvaðst stefndi, er samþykkti skyldu sína til að greiða víxilupphæðina, hafa boðið greiðslu á gjalddaga, en með því að hann sannaði þetta ekki gegn mótmælum gagnaðilja síns, var hann dæmdur til þess að greiða málskostnað 753

Frávísun. Sbr. heimvísun, ómerking.

Máli vísað ex officio frá hæstarétti vegna þess að áfrýjunarfrestur var liðinn, þegar hæstaréttarstefna var gefin út, og áfrýjunarleyfi var ekki fengið 113
A höfðaði mál gegn B til greiðslu kaupkröfu fyrir dómi lögreglustjóra Ólafsfjarðar samkvæmt 2. málsgr. 29. gr. laga nr. 85/1936. En jafnframt

stefndi hann kaupfélagi til greiðslu sömu kröfu, með því að þar var fiskur af útgerð B, sem A vann við, lagður inn, og forstjóra félagsins persónulega. Talið, að kröfur A á hendur þessum tveimur aðiljum væru ekki kaupkröfur samkvæmt 1.—3. tölul. 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, og ætti lögreglustjóri því ekki lögsögu yfir þeim 133

Kröfu um viðurkenningu á skyldu bæjarsjóðs til þess að greiða sjúkrasamlagsgjald fyrir þurfaling eftir málshöfðun og síðan, meðan hann njóti framfærslustyrks, ekki talin nægilega ákveðin og var henni því vísað frá dómi 219

Í skaðabótamáli vegna meiðsla af bílslysi var tveimur kröfuliðum vísað frá héraðsdómi vegna upplýsingaskorts 332

Í opinberu máli mótmælti talsmaður ákærðu skaðabótakröfu. Var henni vísað frá héraðsdómi vegna ónógrar greinargerðar 363

Í opinberu máli á hendur A fyrir tolllagabrot var kröfu um greiðslu þrefalds tolls af vörum þeim, sem undan tolli voru dregnar, á hendur honum persónulega vísað frá héraðsdómi, með því að svo mátti virðast sem hann hefði framið brotin sem forstöðumaður fyrirtækis, en upplýsingar um þetta þótti þó skorta 369

Frelsisskerðing.

A var talinn hafa með aðbúð og atlæti við H, sem var upphaflega vistráðin hjá A og konu hans, hafa lamað svo viljaþrek H, að hún hefði ekki haft kjark í sér til þess að leita þaðan brottkomu. Var framferði A talið varða við 2. sbr. 1. málsgr. 213. gr. almennra hegningarlaga 431

Frestir.

Synjað beiðni um frestun máls fyrir hæstarétti til öflunar vitnaskýrslu, með því að gagnaðili mótmælti fresti og bæði hafði verið ástæða og möguleiki til þess að afla þessarar skýrslu meðan málið var fyrir héraðsdómi 416

Opinberu máli frestað til öflunar upplýsinga 54, 141, 215
Barnsfaðernismáli frestað til rækilegri rannsóknar 152
Einkamáli frestað til þess að héraðsdómari veitti aðiljum kost á að gefa skýrslu fyrir dómi 712

Fundið fé.

A tók upp með bátverjum sínum reknetjahnút, er flækzt hafði í net hans í sept. 1936, en í okt. s. á. seldi hann B net þessi. Gerði A ekkert til þess að lýsa netjum þessum fyrr en í nóvember s. á. eftir að C hafði gert tilkall til netjanna. A talinn hafa með þessu atferli sínu gerzt brotlegur við 249. gr. almennra hegningarlaga 73
A hefði tekið net í sjó, er ekki lágu við dufl eða annað merki, og skorið af því merkta steina til þess að eigna föður sínum þau. Fyrir þetta var hann talinn sekur eftir 249. gr. almennra hegningarlaga. B, faðir A, var ekki í róðri, þegar sum netjanna voru tekin, og ósannað talið, að hann hefði annað skiptið, sem sonur hans tók þannig net, vitað um það. B var því sýknaður um hlutdeild í upptöku netjanna. Þar á móti var hann sekur dæmdur eftir téðri grein hegningarlaganna fyrir það, að hann hafði síðar slegið eign sinni, gegn vitund um annara rétt, á nokkur af netjunum. Þar á móti var B sýknaður af kæru um það, að hann hefði slegið eign sinni á bátsegl, er var geymt í húsi annars manns, með því að ekki var talið útilokað, að hann hefði haft ástæðu til þess að ætla, að seglið hefði átt að fylgja bát, er hann hafði nokkru áður keypt á uppboði í þrotabúi þar á staðnum 96

Fyrning.

a) Kröfuréttar.

Þeirri varnarástæðu, að krafa væri fyrnd, hrundið, með því að skipti aðilja, er byrjað höfðu 1927, voru talin hafa haldið áfram óslitið til maímánaðar 1932, en héraðsstefna var gefin út 13. júní 1935 264

b) Veðréttar.

A taldist eiga ógreitt kaup fyrir skipstjórn frá árinu 1934. Til heimtu kröfu þessarar höfðaði hann mál þann 14. júlí 1936. Þótt eigandi og útgerðarmaður skipsins viðurkenndi kröfuna, var sjóveðréttur í skipinu henni til tryggingar felldur niður úr héraðsdóminum í hæstarétti samkvæmt kröfu veðhafa í skipinu þegar af því, að sjóveðskrafan taldist fyrnd samkvæmt 252. gr. siglingalaganna 749

c) Refsingar.

Upplýsingar um það, hve nær ákveðin refsiverð verk hefðu verið framin, þóttu óglöggar, svo að refsikrafa vegna þeirra kynni að vera fyrnd. Þetta talið leiða til sýknu, jafnvel þótt telja mætti sannað, sem þó var ekki, að kærði hefði gerzt sekur um þann verknað, er honum var sök á gefin 137

Gagnkröfur. Sbr. málasamsteypa.

A og B gerðu með sér samning um síldarútgerð tiltekið sumar. Árið 1936 höfðaði A mál á hendur B til greiðslu margra fjárliða, er hann taldi B skulda sér vegna þessara skipta þeirra. Gagnsakarlaust telur B á móti ýmsa liði, er hann telst hafa lagt til útgerðarinnar, en A vantalið. Voru sumir teknir til greina til skuldajafnaðar 64

A var dæmdur að viðlögðum dagsektum til þess að gefa út afsal að fasteign til B gegn því meðal annars, að B gæfi út honum til handa skuldabréf um tiltekna upphæð. Til frádráttar henni vildi B láta koma dagsektir, er A hafði bakað sér. Hæstiréttur kvað dagsektir þessar, sem dæmdar voru eftir N. L. 1-5-15 og 1-22-48, eigi geta komið til frádráttar, með því að B væri ekki réttur aðili að innheimtu þeirra, heldur ríkisvaldið 399

Í dómi í síðastnefndu máli var svo mælt, að sú fjárhæð, er samkvæmt mati þyrfti til þess að koma húsi því, er afsala skyldi, í samningshæft ástand,

skyldi koma til frádráttar þeirri upphæð, er skuldabréf dómhafa (B) skyldi geyma. Þegar til aðfarar til útgáfu afsalsins kom, taldi B ennfremur til skuldajafnaðar fjárhæð, er hann hafði greitt fyrir innlagningu rafmagnstauga og fl., er auðsætt þótti, að A hefði átt að inna af hendi, dæmdan málskostnað af málssókn á hendur A til útgáfu afsals. Þessar upphæðir teknar til greina til frádráttar, og ennfremur skyldi mega nota til frádráttar dæmdan málskostnað í sama hæstahæstaréttardómi og þann málskostnað, er ákveðinn kynni að verða fyrir fógetarétti, er aðför til útgáfu afsalsins yrði þar aftur gerð 399

Gáleysi. Sbr. bifreiðar, saknæmi, skip.

Skip rakst á bryggju í ofsaveðri og skemmdi hana. Bæði forráðamaður skipsins og bryggjuvörður sýndu af sér gáleysi og vanrækslu. Skaða því skipt milli aðilja 144

Bifreið var ekið á mann, og hlaut hann nokkur meiðsl af. Bæði hann og bifreiðarstjórinn voru taldir hafa sýnt af sér gáleysi, og var skaða því skipt 253

Tvö skip rákust á. Báðir þóttu skipstjórarnir hafa sýnt af sér óvarkárni, og var skaða því skipt 232, 590

Maður dæmdur fyrir spjöll á neðanjarðar símastreng eftir 2. málsgr. 297. gr. almennra hegningarlaga 417

Skrifstofustjóri Landsbankans sýknaður af kæru um vanrækslu og gáleysi í starfi sínu, með því að sumt það, er áfátt þótti, hafði við gengizt fyrir hans tíð og með vitund yfirboðara hans fyrr og síðar, og annað, er honum var gefið að sök, þótti afsakanlegt og of smávægilegt til þess að það mætti teljast refsivert 185

Manni, sem varð fyrir meiðslum vegna þess, að bifreið var ekið á hann, ákveðnar bætur með hliðsjón af því, að hann hefði hegðað sér gálauslega eftir að hann var kominn á fætur og seinkað þar með bata 462

Maður sýknaður af kæru konu sinnar um það, að hann hefði borið á hana kynferðissjúkdóm, með

því að ósannað var, að hann hefði haft vitund eða grun um, að hann væri haldinn þeim sjúkdómi, er hann sýkti konuna 431

Gengi.

Sektir fyrir botvörpuveiðar í landhelgi ákveðnar eftir gullgengi íslenzkrar krónu á dómsuppsögudegi fyrir hæstarétti 56, 206, 412, 421, 555, 574, 642, 646, 728

Víxil skyldi greiða í sterlingspundum, og var gengi þeirra á greiðsludegi lagt til grundvallar samkvæmt kröfu stefnanda, með því að víxillinn var ekki greiddur á gjalddaga 753

Gestaréttur.

Mál var höfðað árið 1936, en ekki til lykta leitt fyrir 1. jan. 1937, er lög nr. 85/1936 komu til framkvæmdar. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr. 222. gr. laganna sbr. 2. málsgr. 223. gr. lætur héraðsdómari aðilja semja um meðferð málsins fyrir aukarétti 661

Geymsla.

A, sem tekið hafði við bifreið til viðgerðar, er eigi var hirt og viðgerðarkostnaður ekki greiddur, dæmdur geymslukostnaður, og var staðhæfingu hans um það, að bifreiðin hefði verið geymd í húsi, ekki hnekkt, og því lögð til grundvallar um ákvörðun fjárhæðar þeirrar, er greiða skyldi fyrir geymsluna 759

Gjafsókn, gjafvörn. Sbr. málskostnaður.

Gjafsóknarmál eða gjafvarnarmál 169, 180, 219, 264, 379, 481, 704

Gjafsóknarhafi tapar máli. Málskostnaður látinn falla niður, en talsmanni gjafsóknarhafa dæmd málflutningsþóknun úr ríkissjóði 180, 219, 704

Gjafsóknarhafi tapar máli og er dæmdur til þess að greiða gagnaðilja sínum málskostnað, en talsmanni dæmd málflutningsþóknun úr ríkissjóði 264

Gjafsóknarhafi vinnur mál. Gagnaðilja hans dæmt að greiða málskostnað, sem skipt var þannig, að

ríkissjóður skyldi fá það, er honum hefði borið í réttargjöld og kostnað, en talsmaður gjafsóknarhafa hitt 169, 481
Málsúrslit látin velta á eiði gagnaðilja gjafsóknarhafa. Ef eiður yrði unninn, þá skyldi gjafsóknarhafi greiða gagnaðilja málskostnað, en málflutningslaun talsmanns greiðast úr ríkissjóði. En ef eiður yrði ekki unninn, skyldi gagnaðili greiða málskostnað til jafnra skipta milli gjafsóknarhafa og talsmanns 379

Gjalddagi.

Skuld, er greiða skyldi smátt og smátt eftir ákvæðum veðskuldabréfs, öll talin fallin í gjalddaga vegna vanskila, enda þótt skuldunautur hefði smám saman greitt nokkuð upp í á fallnar afborganir og vexti og tekið hefði verið á móti því fyrirvaralaust 3
Skuld samkvæmt veðskuldabréfi talin fallin öll í gjalddaga vegna vanskila, enda viðurkennt af skuldunaut 715
Gjalddagi víxils liðinn. Skuldari dæmdur samkvæmt kröfu lánardrottins til að greiða víxilupphæð, er ákveðin var í sterlingspundum, eftir gengi á greiðsludegi 753

Gjaldeyrislög.

Maður, er taldi sig hafa beðið tjón af því, að gjaldeyrisnefnd hafði synjað honum um innflutningsleyfi, höfðaði mál gegn fjármálaráðherra til greiðslu skaðabóta. Í héraði var stefndi sýknaður, með því að nefndin hefði í ákvörðun sinni haldið sér að öllu innan síns verkahrings 113
A var kærður fyrir notkun á innstæðu sinni í erlendum banka til vörukaupa og fyrir samskonar notkun á öðrum erlendum gjaldeyri, sem hann átti. Hann þótti ekki hafa þar með *verzlað* með erlendan gjaldeyri í merkingu gjaldeyrislaganna, og eigi var upplýst, að gjaldeyrir þessi hefði verið fenginn fyrir íslenzkar afurðir. Var hann því sýknaður af báðum þessum atriðum 77

Gjaldþrotaskipti.

Þrotamaður sýknaður af ákæru um brot, er varða við 262. og 263. gr. hegningarlaganna 295
Annar þrotamaður sýknaður af ákæru eftur sömu greinum, en þar var sérstaklega grunur um undanskot búðarvöru, en engar sannanir voru komnar fram um það brot 599
Útgerðarmaður, er síðar varð gjaldþrota, greiddi á miðri vertíð hluta af samningsbundnum skuldum, og varð þá ekki séð, hvernig vertíðin mundi lánast. Var hann því sýkn dæmdur af ákæru um ívilnun lánardrottna 548
Þrotamenn dæmdir sekir um óreiðu í bókhaldi eftir 2. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga 599, 630
Þrotamaður sýkn dæmdur af ákæru um bókhaldsóreiðu 295
Forstjóri útgerðarsamvinnufélags sýknaður af kæru um það, að hann hefði ekki framselt fyrirtækið til gjaldþrotaskipta 630

Greiðsla. Sbr. gjalddagi, gjaldþrotaskipti.

A hafði gefið út víxil til greiðslu í sterlingspundum fyrir kolafarm. Eins og áður hafði tíðkazt í skiptum aðilja, sótti A um leyfi til yfirfærslu upphæðarinnar og fékk leyfið, en þegar til bankans kom, þá fekkst ekki yfirfærslan. Var víxillinn því ekki greiddur á gjalddaga. Víxileigandi höfðaði þá mál á hendur víxilskuldara og krafði hann dæmdan til að greiða víxilinn í virkri enskri mynt með gengi á greiðsludegi. Hæstiréttur sýknaði af þessari kröfu, með því að aðiljum var kunnugt um gjaldeyrishömlurnar á útgáfudegi víxilsins og að það var ekki á valdi víxilskuldara að yfirfæra fjárhæðina 753
Banki, sem tekið hafði við ávísunum frá skuldunaut sínum og skilað eldri ávísunum, ekki talinn hafa tekið þær sem greiðslu upp í skuldina 661
H hafði lagt inn í sparisjóð fjárhæð á nafn K. Af fjárhæð þessari greiddi K nokkuð í þarfir H, og í sept. 1934, er K gerði H reikningsskil, telur hann H eiga hjá sér tiltekna upphæð. Þessa

upphæð greiddi K síðan G nokkrum, er K hélt hafa heimild til viðtöku fjárins. Þetta gat K þó ekki sannað gegn mótmælum H, og var því dæmdur til að greiða H upphæðina 425

Greiðsludráttur.

Veðskuld talin öll fallin í gjalddaga vegna vanskila á greiðslu afborgana og vaxta samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfs 3, 715

Málskostnaður dæmdur á víxilskuldara, með því að hann þótti ekki hafa sannað framboð sitt á víxilfjárhæð í íslenzkum krónum á gjalddaga, en deilt var um skyldu víxilskuldara til greiðslu á *virkri* enskri mynt 753

Gæzluvarðhald.

Hver sökunauta, þar sem fleiri en einn eru dæmdir sekir, látinn greiða sinn varðhaldskostnað 302, 363, 431

Gæzluvarðhald, þar með talin dvöl sökunauts á geðveikrahæli til læknisathugunar vegna vafa um sakhæfi hans, látið koma í stað refsivistar 9

Fundið að því, að vitni, sem tekið hafði aftur framburð sinn og játað sig hafa borið vísvitandi rangt fyrra sinnið, var ekki einangrað til þess að rannsaka, hvor skýrslan vera mundi sannari 431

Varðhaldsúrskurði áfrýjað með dómi í aðalmálinu og löngu eftir að sökunaut hafði verið sleppt úr varðhaldi. Talið var, að dómara yrði það ekki til saka fundið, að hann úrskurðaði sökunuat í varðhald, eins og á stóð, en orðalag úrskurðararins var vitt 185

Haldsréttur.

Maður, sem tekið hafði við bifreið til viðgerðar, fékk eigi viðgerðarkostnað eða geymslu greiddan og ætlaði að selja bifreiðina á uppboði til greiðslu téðs kostnaðar, með því að hann hefði haldsrétt í bifreið til tryggingar honum, en sölu var afstýrt með því að leggja tiltekna upphæð í sparisjóðsbók á nafn aðilja og láta bókina vera í vörzlum uppboðsráðanda 759

Heimilisfang.

Heimilisfang iðnsveins talið þar sem hann dvaldist og vann, þótt hann væri skráður heimilisfastur annarstaðar. Útsvar var því talið löglega lagt á hann á dvalarstað 270

A, sem fluttist til móður sinnar í Hafnarfirði haustið 1933, en fór skömmu síðar sem sjúklingur á Vífilsstaðahæli, þar sem hún andaðist vorið 1936, talin hafa haldið heimilisfangi í Hafnarfirði til dánardægurs og fengið þar framfærslusveit 1. jan. 1936 samkvæmt 79. gr. framfærslulaga nr. 135/1935 149

Heimt. Sbr. eignarréttur.

Maður gerði tilkall til netja, er A hafði hitt á reki í hafi og eigi lýst löglega. Netin þóttu eigi svo merkt, að hann gæti sannað eignarrétt sinn, og krafa hans því eigi tekin til greina 73

A hafði gefið út veðskuldabréf, er B gæti notað til fjáröflunar í þarfir húsbyggingar, sem B hafði tekizt á hendur fyrir A. Bréfið var ekki notað með þeim hætti, en með því að B skilaði því ekki, þá var talið rétt, að fógeti tæki það úr vörzlum hans með beinni fógetagerð 476

Heimvísun. Sbr. frávísun, ómerking.

Landamerkjadómur ómerktur vegna þess, að skýringu vantaði á málsatriði, er landamerkjadómur hefði átt að leiðbeina aðilja um, og máli vísað heim til nýrrar meðferðar og dómsálagningar 50

Dómur og meðferð opinbers máls ómerkt vegna galla á rannsókn þess og máli vísað heim til rækilegri rannsóknar og dómsálagningar af nýju 338, 616

Hilming. Sjá hlutdeild.

Hlutafélög.

Staðhæfing um það, að hlutabréf hefði verið keypt með ákveðinni forsendu, hrundið, með því, að

hún þótti algerlega fara í bága við ákvæði stofnsamnings 36

Hlutdeild.

Hjón talin hafa verið samtaka um þá meðferð á vinnustúlku sinni, er lamaði svo viljaþrek hennar, að hún hafði ekki kjark í sér til þess að leita við brottkomu af heimili þeirra. Þau dæmd í héraði eftir 213. gr. 2. málsgr. almennra hegningarlaga. Konan lézt eftir uppkvaðningu héraðsdóms, en maðurinn var dæmdur í hæstarétti eftir 2. sbr. 1. málslið 213. gr. hegningarlaganna 431

Tveir menn, ásamt konum sínum, voru sakaðir um brennu. Annar mannanna var dæmdur sekur um sjálfa íkveikjuna eftir 2. málsgr. 283. gr. hegningarlaganna, en kona hans og hinn maðurinn fyrir hlutdeild í brennuáforminu eftir sömu gr. sbr. 49. gr. sömu laga. Kona síðarnefnda mannsins var að vísu talin hafa vitað um brennuáform hinna, en með því að hún virtist hafa látið þau afskiptalaus, þótti hún ekki hafa bakað sér refsingu fyrir hlutdeild í verknaðinum 363

Þrír menn hjálpuðust að innbroti í hús til stulda þar. Einn framdi verknaðinn, en hinir voru á verði. Allir dæmdir eftir viðeigandi grein hegningarlaganna sbr. 55. gr. 302

Þrír menn dæmdir sekir um hlutdeild í þjófnaði. Einn þeirra, er samið hafði við sendisvein í verzlun um kaup á stolnum munum eftir því, sem drengurinn gæti látið hann hafa þá, dæmdur eftir 6. gr. laga nr. 51/1926 sbr. 53. gr. hegningarlaganna, en hinir, er án samkomulags fyrirfram fengu munina til kaups eða upp í skuld, voru dæmdir eftir 240. gr. hegningarlaganna. Játning annars síðarnefndu mannanna náði ekki lengra en það, að hann hefði vitað, að drengurinn var sendisveinn, og að hann hafi grunað, að vörurnar, sem sökunautur keypti af drengnum, væru ekki vel fengnar. Eftir öllum atvikum var talið, að sökunaut hefði verið ljóst, að hann var að kaupa stolna muni 288

Húsaleiga.

A krafði sig leystan með dómi undan samningi á á leigu á íbúð vegna músagangs þar. Þessi krafa var ekki tekin til greina vegna þess, að leigusali þótti hafa gert það, sem vant er að gera til útrýmingar mús, látið eitra og keypt gildru. Hins vegar þótti A ekki hafa haft þá samvinnu við leigusala um þetta atriði, sem æskilegt hefði verið, og talið var, að hann (A) hefði jafnvel stutt að músagangi með háttsemi sinni. Í héraði höfðu komið fram fleiri ástæður fyrir kröfu A, en þeim var hrundið þar. Í héraði fór og fram mat dómkvaddra manna á skemmdum eftir mýs og metin leigulækkun eftir íbúðina vegna músagangs, og var leigan lækkuð samkvæmt því í héraðsdómi, en það ákvæði hans var fellt í hæstarétti 121

Húsleit.

Húsrannsókn framkvæmd á heimili manna, grunaðra um brot á áfengislögum 160, 431

Iðgjöld. Sbr. skaðabætur.

Þrír menn, er án sambands hver við annan höfðu keypt stolna muni, dæmdir hver um sig í opinberu máli til greiðslu iðgjalda fyrir það, er þeir höfðu keypt og ekki hafði verið aftur skilað .. 288

Maður, sem dæmdur var til refsingar eftir 253. gr. hegningarlaganna fyrir það, að láta aka sér í bifreið án þess að greiða ökugjald, dæmdur í refsimálinu til að greiða það 298

Iðnaður. Sjá atvinnuréttindi.

Innflutningslagabrot.

Maður, er flutti hingað í landið erlendar vörur án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisnefndar, dæmdur sekur við 6. sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 7 11. jan. 1935 77

Innheimtulaun.

Í víxilmáli krafðist málflutningsmaður stefnanda í héraði innheimtulauna, auk málskostnaðar að

skaðlausu, eftir lágmarksgjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands. Í héraðsdómi, þar sem víxilskuldara var dæmt að greiða víxilupphæðina, var innheimtulaunakrafan ekki tekin til greina, með því að víxilupphæðin væri innheimt með málssókn, en 500 kr. dæmdar í málskostnað. Í dómi hæstaréttar eru innheimtulaun ekki heldur dæmd sérstaklega, en málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti samtals ákveðinn 2000 krónur 753

Innsetningargerðir.

Maður einn krafðist þess, að honum væri með beinni fógetagerð fengin umráð húsnæðis til veitingasölu, er verið hafði þar áður samkvæmt leyfi bæjarstjórnar og rekin þar fyrir reikning gerðarbeiðanda. Beiðninni var synjað með dómi hæstaréttar, með því að bæjarstjórn var talin hafa með fullri heimild afturkallað leyfi til veitinga í húsnæðinu 351

Handhafi farmskírteinis krafðist þess gegn mótmælum farmsendanda og þriðja manns, er greitt hafði andvirði vörunnar og taldi sig því eiga hana, að fógeti tæki vöruna og afhenti sér hana. Beiðninni var synjað þegar af þeirri ástæðu, að gerðarbeiðandi bauð ekki fram andvirði vörunnar í þess lands gjaldeyri, er hún var send frá 744

Heimilað að taka með beinni fógetagerð skuldabréf úr vörzlum handhafa þess, með því að bréfið hafði verið gefið út honum til ráðstöfunar í því skyni, að hann aflaði fjár til húsbyggingar, sem hann hafði tekizt á hendur að framkvæma fyrir útgefanda bréfsins, en sú ráðstöfun fórst fyrir, andstæðar ráðstafanir höfðu verið gerðar með hans samþykki og byggingarsamningurinn taldist úr gildi fallinn vegna vanefnda hans 476

Ítrekun brota.

Menn dæmdir fyrir ítrekuð áfengislagabrot, brugggun, áfengissölu o. fl. 33, 48, 225, 243, 248, 258, 740, 766

Bifreiðarstjóri sviptur ökuleyfi æfilangt vegna ítrekaðrar áfengisnautnar við akstur 558, 621, 730, 769
1930 var H dæmdur til að missa ökuleyfi 4 mánuði vegna brots á áfengislögum og bifreiðalögum. 1937 gerist hann aftur sekur um samskonar brot. En með því að bæði voru brotin smávægileg, að langur tími leið milli þeirra og að kærði hafði vottorð löggæzlumanns ríkisins með bifreiðum á vegum úti um gætni sína og heppni í bifreiðaakstri, var hann að eins sviptur ökuleyfi 3 mánuði 317
Maður dæmdur sekur um ítrekuð þjófnaðarbrot 302, 670
Maður dæmdur sekur um ítrekuð fjársvik, enda framið þjófnað nokkrum sinnum áður 298

Játning. Sjá aðiljaskýrsla.

Kaup og sala. Sjá farmskirteini, kaupsamningar,
S hafði verið dæmdur til að viðlögðum dagsektum að gefa út til handa H afsal að fasteign gegn því, að hann tæki að sér 1. og 2. veðréttar skuldir, er á eigninni hvíldu, og gæfi út skuldabréf um tiltekna upphæð með 3. veðrétti í sömu eign. Fógeti skyldaður til að gefa út afsal, með því að S var ófáanlegur til þess, gegn yfirlýsingu H um það, að hann tæki að sér skuldirnar og gæfi út veðskuldabréf með tiltekinni upphæð að frádregnum ýmsum upphæðum, er H var talið heimilt að skuldajafna við bréfsupphæðina 399

Kaupsamningar.
S og H gerðu kaupsamning um hús, er var í smíðum og S skyldi skila í hendur H fullgerðu 15. nóv. 1935. Á eigninni máttu þá hvíla með 1. og 2. veðrétti skuldir samtals um 55000 krónur. Þegar kaupsamningurinn var gerður, hvíldu 32000 krónur á eigninni til firmnanna A og B með 1. veðrétti. — 26. jan. og 1. febr. 1936, en þá hafði S enn ekki gefið út afsal til handa H. veittu firmun S leyfi til að taka samtals 52000 króna lán út á 1. og 2. veðrétt í eigninni, þannig

að áðurnefnd 32000 króna lán þeirra flyttist á 3. veðrétt. Kaupsamningurinn milli S og H var afhentur til innritunar 10. jan. 1936 og þinglesinn 16. s. m. Með því að veðleyfin voru gefin út eftir að H hafði tryggt sinn rétt með innritun og þinglýsingu kaupsamningsins, voru þau ekki talin skerða hans rétt til þess að 3. veðréttur í eigninni væri laus, og voru firmun því dæmd til þess að við lögðum dagsektum að láta aflýsa 3. veðrétti sínum í eigninni eftir kröfu H 41

Konungleg umboðsskrá.

Með tveimur konunglegum umboðsskrám var A löggiltur til þess að rannsaka brot „forstöðumanna lyfjabúða landsins á áfengislögum nr. 33 frá 9. jan. 1935 og reglugerðum, sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum og höfða síðan og dæma mál gegn þeim, er sekir reynast.“ Það þótti ástæða til þess að skýra umboðsskrárnar strangt, þar sem þær gerðu undantekningar frá almennri reglu um dómara og varnarþing manna. Var talið, að þær tækju ekki með vissu til annara en forstöðumanna lyfjabúðanna. En A tók sér einnig lögsögu yfir nokkrum afgreiðslumönnum lyfjabúða og einum heildsala. Dómur og málsmeðferð um þá var ómerkt þegar af þeirri ástæðu, að umboðsdómarann hefði brostið löggildingu til þess að höfða mál á hendur þeim 484

Kynferðissjúkdómar.

Maður sýknaður af kæru konu sinnar um það, að hann hefði borið á hana kynferðissjúkdóm, með því að ekki var sannað, að hann hefði þá, er konan sýktist af mökum við hann, vitað eða haft grun um, að hann væri þá haldinn af sjúkdómi þessum, er hann kvaðst ekki hafa orðið var við fyrr en síðar 431

Kærumál.

Úrskurði héraðsdómara um valdsvið sitt skotið til hæstaréttar samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 133

Lán til afnota.

Fyrrverandi bankastjóri, er lánað hafði þriðja manni járnskáp, er var eign bankans, meðan hann var bankastjóri, sýknaður að svo stöddu af kröfu um greiðslu á andvirði skápsins, með því að hann bauðst til að skila honum gagnaðilja sínum að kostnaðarlausu, enda engin rök færð fram fyrir því, að skápurinn væri ekki nothæfur enn 700

Landamerkjamál.

Meðferð máls frá tilteknu þinghaldi og dómur ómerkt, með því að greinargerð þótti ekki nægilega glögg um atriði, sem dómurinn þótti hafa átt að leiðbeina aðilja um 50

Lausamenn.

Einhleypur iðnaðarmaður hafði lengi dvalizt og unnið á Akureyri, en lét skrá sig heimilisfastan annarstaðar. Samt sem áður var Akureyrarkaupstað talið rétt að leggja þar á hann útsvar, með því að þar var hans raunverulega heimili talið vera. Héraðsdómari hafði talið útsvarið ólöglega á lagt, með því að lausamenn ættu að greiða skatt og skyldur þar sem þeir væru skráðir heimilisfastir samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1907 270

Leiðbeiningaskylda dómara.

Héraðsdómur í landsmerkjamáli ómerktur og máli vísað heim vegna óglöggrar greinargerðar, er stafa virtist af leiðbeiningaskorti dómara 50

Leyfisgjald.

Maður, sem í héraðsdómi var talinn hafa að ólögum stundað iðnað, var þar, auk sektar, dæmdur til að greiða leyfisgjald samkvæmt 16. gr. laga nr. 105/1936 127

Líkamsáverkar. Sbr. bifreiðalög, skaðabætur.

Hjón voru ákærð fyrir að hafa veitt vinnustúlku sinni ýmsa áverka, en voru sýknuð af þeirri kæru vegna sannanaskorts 431

Líkur. Sbr. aðiljaskýrsla, mat og skoðun, sönnun, vitni.

a) Í einkamálum.

Í máli til skaðabóta vegna bifreiðarslyss hafði héraðsdómari hrundið kröfu frá aðilja, er meiðsl hafði hlotið, um bætur fyrir fataspjöll. Eftir atvikum taldi hæstiréttur svo miklar líkur fyrir því, að fataspjöll hefðu verið óumflýjanleg, að krafan var tekin til greina gegn andmælum gagnaðilja og án sérstakra sannana 277, 676

Líkur taldar á því, að bifreið, sem kastaðist út af vegi með farþegum, hafi verið í ólagi, er ferðin var hafin 277

Vitnisburðir komu fram um vanhirðu rafmagnsvélar, og var talið, að sú vanhirða hefði valdið bilunum þeim, sem komu fram á vélinni. Eigendur því dæmdir til að greiða viðgerðir á bilununum til rafvirkja, er upphaflega hafði selt vélina og tekið ábyrgð á henni tiltekinn tíma 264

Ráðið af líkum, ásamt vitnaskýrslum, að skip hefði gefið ákveðna hljóðbendingu og þar með valdið ákveðnum aðgerðum stjórnarmanna annars skips, er á það rakst 232

A og B höfðu gefið út veðskuldabréf, er þeir staðhæfðu, að C hefði átt að fá til þess að afla með því fjár til framkvæmdar húsbyggingu, sem hann hafði tekizt á hendur fyrir þá. En C taldi sig hafa fengið bréfið til skilorðslausrar eignar. Það, að hann hafði aldrei látið stimpla bréfið né þinglýsa því, að annað samskonar bréf, er hann fekk frá þeim, var notað með sama hætti sem þeir sögðu, að hitt bréfið skyldi hafa verið notað, og að ráðstafanir voru gerðar með samþykki C, er útilokuðu veðrétt þann, er í bréfinu greindi, og loforð hans um að skila þeim bréfinu, talið veita svo sterkar líkur fyrir staðhæfingu A og B, að þeim var dæmt heimilt að taka bréfið til sín með beinni fógetagerð 476

Í barnsfaðernismáli sannaðist það, að skýrsla K um kynningu hennar við M var röng, og þar að auki var síðari skýrsla hennar um þann tíma, er þau

skyldu hafa haft samfarir, óglögg. Þar á móti var skýrsla M glögg og sjálfri sér samkvæm. Þessi atriði látin valda því, að málsúrslit skyldu velta á synjunareiði M 28
Í barnsfaðernismáli var það sannað, að M hafði eitt skipti verið með K í lokuðu herbergi. Auk þess lét hann þau orð falla við vitni, jafnframt synjum á því, að hann þekkti K, að það stæði ekkert heima við þann tíma, sem hann hefði verið með stúlkunni. Þetta talið skapa þær líkur móti M, að málsúrslit voru látin velta á sönnunareiði K 310
Í barnfaðernismáli kannaðist M við það, að hann hefði haft samfarir við K þann 1. sept. 1935. K kveður sig hafa haft tíðir um miðjan september s. á., en barn fæddi hún 18. júlí 1936 og kenndi það M, sem synjaði samfara við hana fyrr en í desember s. á. Skýrslur K um það, hve nær samfarir þeirra hefðu átt að verða síðar í september, voru óglöggvar, en hins vegar kom það fram, að hún hafði um sömu mundir haft allnáin kynni af öðrum karlmönnum. Úrslit urðu því þau, að málið skyldi velta á synjunareiði M 379

b) Í opinberum málum.

A hafði hirt net á reki í hafi. Greiddi hann hásetum sínum grunsamlega vel fyrir að hirða þau og greiða. Nokkru síðar seldi hann þau, en auglýsti svo loks fund þeirra eftir að maður hafði gert tilkall til þeirra. Verknaður hans talinn varða við 249. gr. almennra hegningarlaga 73
R var gegn neitun sinni dæmdur sekur um áfengissölu, með því að einstök vitni báru sig hafa keypt áfengi af honum, áfengiskaup hans í áfengisverzlun ríkisins voru á þessu tímabili mjög mikil, án þess að hann gæfi nokkra sennilega skýringu þar á, og áður hafði hann verið tvisvar dæmdur sekur um áfengissölu 243
B hafði keypt ýmsar búðarvörur undir búðarverði af sendisveini í verzlun einni. Sagði B sig hafa vitað, að pilturinn var sendisveinn, og hafa grunað, að vörurnar væru honum ekki frjálsar. Tald-

ar svo sterkar líkur fyrir mala fides B, að hann var dæmdur eftir 240. gr. almennra hegningarlaga 288
Frásögn telpna um meðferð sökunauts á þeim, hátterni þeirra, merki á þeim o. fl. talið nægilegt til sektardóms 9

Loforð.

A, B og C gerðu sameiginlegan samning um byggingu rafstöðvar handa heimilum sínum. Þeir dæmdir einn fyrir alla og allir fyrir einn til þess að greiða verksala ýmsar viðgerðir á stöðinni 264
Ákvörðun sýslunefndar, prentuð í sýslufundargerðum, um framlag til spítala, að vísu talin bindandi loforð gagnvart þeim, er framlag skyldi fá, en loforðið var talið gefið á þeim grundvelli, að sýslunefnd hefði framvegis hlutdeild í stjórn spítalans, en með því að sú forsenda brást, var sýslunefnd talin leyst undan loforðinu 565
Sýslunefnd talin hafa samþykkt með aðgerðaleysi sínu þá ályktun bæjarstjórnar, að bæjarstjórn skyldi stjórna spítala, er þær hefðu áður rekið og stjórnað í félagi 565
Forráðamenn skóla taldir hafa undirgengizt greiðslu á skilyrtu skuldabréfi, er þeir höfðu gefið út til handa þriðja manni, er hafði veðsett bréfið banka 715
Talið, að A, sem átti bifreið í viðgerð hjá B, er þangað var komið til viðgerðar af vátryggjanda, hafi með allri framkomu sinni, þótt beint loforð væri ekki sannað, gerzt skyldur til að greiða kostnað af viðgerðinni 759

Lög, lögskýring. Sbr. venjur.

Í lögum um iðju og iðnað ekki talin vera nægilega skýr heimild til þess að ályktа mætti, að heimilisiðnaður í söluskyni, sem verið hefur öldum saman frjáls, væri nú bannaður í mörgum mikilvægum greinum 59
Lög nr. 11/1935 ekki talin taka til notkunar á innstæðu í erlendum banka né erlends gjaldeyris,

sem ekki er sannað, að fenginn hafi verið fyrir íslenzkar afurðir, til vörukaupa erlendis 77
Lög nr. 16/1920 talin aðeins taka til myntaðs gulls og annars gulls, sem var að lögum hæft til seðlatryggingar Íslandsbanka á sínum tíma 77
Tollllög, er sett voru eftir að tollagabrot var framið, eigi talin koma til greina þegar af þeirri ástæðu, að þau mundu ekki leiða kærða til hagfelldari niðurstöðu 77
Þótt verknaður kærða í opinberu máli mætti leiða til sekta eftir reglugerð, bókstaflega skilinni, þá var sá verknaður ekki talinn geta varðað refsingu eftir lögum þeim, sem reglugerðin byggðist á, og var kærður því sýknaður 116
Með 17. gr. laga nr. 105/1936 var iðnréttur sá, er menn höfðu eftir 27. gr. laga nr. 18/1927, ekki talinn niður falllinn, með því að hin þrengri skýringin á 7. gr. laga nr. 105/1936 var örugg og olli minni röskun á högum manna 127
79. gr. framfærslulaga nr. 135/1935 einnig talin taka til sjúklings á berklahæli, og fyrrverandi framfærslusveit hans því talin hafa losnað við framfærsluskyldu sína 1. jan. 1936, er lög nr. 135/1935 komu til framkvæmda, með því að sjúklingurinn var þá talinn heimilisfastur utan framfærslusveitarinnar 149
Félagar í útgerðarsamvinnufélagi, er samkvæmt samþykktum félagsins ábyrgðust skuldbindingar þess einn fyrir alla og allir fyrir einn, taldir einnig halda áfram að bera slíka ábyrgð samkvæmt 21. gr. laga nr. 99/1936 eftir að félagið hafði fengið niðurfærslu skulda sinna samkvæmt þeim lögum 173
Maður, sem látið hafði aka sér í bifreið, enda þótt hann vissi sig ekki geta greitt ökugjald, dæmdur í héraði eftir analógíu 253. gr. hegningarlaganna, en í hæstarétti beint eftir sömu grein 298
Ákvæði 1. gr. laga nr. 27/1936 um iðnaðarnám skýrð þannig, að þar sé átt við samkomulag, er iðnfélög gera sín á milli, en ekki samþykktir, er slík félög kunna að setja sér sjálfum 345

Í máli út af húsbrennu, sem framin var í því skyni að fá brunatryggingarupphæð hússins greidda, var mál höfðað bæði eftir 26. og 28. kap. hegningarlaganna, en aðeins dæmt eftir 283. gr. þeirra 363
Af ástæðum þeim, er liggja til grundvallar 170. gr. siglingalaga nr. 56/1914, var sá, sem fékk farmskírteini út gefið 5. nóv. 1930, talinn verða að víkja fyrir þeim, er öðlazt hafði áður rétt yfir farmskírteini um sama farm, útgefnu 2. nóv. s. á. 390
Dagsektir í dómi uppkveðnum 1936, en ófullnægðum 1. jan. 1937, taldar fara eftir N. L. 1—5—15 og 1—22—48, en ekki eftir 193. gr. laga nr. 85/1936. þær eru kallaðar „Straf", og aðili einkamáls var því ekki talinn bær að innheimta þær 399
Manni refsað eftir 2. sbr. 1. málslið 213. gr. hegningarlaganna fyrir atlæti og aðbúð við vinnustúlku sína, er talin var hafa lamað svo viljaþrek hennar, að hún hefði misst kjark til þess að leita sér annars dvalarstaðar 431
Ákvæði siglingalaga um sjóveðrétt til tryggingar kaupi sjómanna skýrð svo, að sjóveðréttur og lögskráningarskylda fari ekki saman. Háseta á 6,4 tonna bát því dæmdur sjóveðréttur, enda þótt hann væri ekki skráður á bátinn eftir reglum um lögskráning skipverja 610
Eftir analógíu 120. gr. laga nr. 85/1936 var ex officio úrskurðað, að héraðsdómari skyldi veita aðiljum kost á að gefa skýrslu fyrir dómi 712
Skýrð ákvæði um valdsvið skólanefndar Reykjavíkur 704
Brenna bifreiðar ekki talin varða við 28. kap. hegningarlaganna 627

Lögheimili. Sjá heimilisfang.

Lögregla. Sjá embættismenn og sýslunar, valdstjórn og allsherjarregla.

Málasamsteypa. Sbr. gagnkröfur, meðalganga.

A. Einkamál.

I. Kröfusamlag.
1. Kröfusamlag af hálfu sækjanda.
Dómi og fjárnámi áfrýjað saman 481

Ýmsar kröfur 36, 64, 264, 277, 326, 332,462, 676, 687, 749, 753, 759
Gagnkröfur 64
Ýmsar gagnkröfur heimilaðar við fjárnám til skuldajafnaðar við upphæð, er veðskuldabréf skyldi geyma 399
II. Aðiljasamlag.
1. Sóknaraðilja.
Margir seljendur fisks, er sameiginlegt farmskírteini var út gefið um, sækja banka, sem selt hafði fiskinn og tekið til sín andvirði hans sem handhafi yngra farmskírteinis, stefna bankanum allir saman til greiðslu fiskverðsins 390
Tveir veðhafar í fasteign, er seld var nauðungarsölu, stefna þeim, er keypt hafði eignina af uppboðskaupanda eftir að veðréttir þeirra höfðu verið afmáðir úr veðmálabókum, saman til viðurkenningar veðréttunum, með að uppboð og afsal hafði verið ómerkt með dómi hæstaréttar 735
Eigendur og vátryggjendur skips gegn eigendum og vátryggjendum annars skips 232, 590
2. Varnaraðilja.
Mál gegn tveimur firmum til þess að fá þau dæmd til að aflýsa veðrétti, er þau áttu sameiginlega 41
Eigendum jarða, er lönd áttu að landareign stefnanda, öllum stefnt saman til þess að þola dóm um landamerki milli sinna jarða og jarðar málshöfðanda 50
Mál til skaðabóta fyrir spjöll á bryggju, er skip hafði valdið, höfðað gegn eigendum og vátryggjendum skipsins 144
Þrír aðiljar gerðu í félagi verksamning um byggingu rafstöðvar handa heimilum sínum. Þeim stefnt og þeir dæmdir einn fyrir alla og allir fyrir einn til að greiða verksala ýmsar viðgerðir á rafstöðinni 264
Mörgum ábyrgum félögum í samvinnuútgerð-

arfélagi stefnt saman til greiðslu á skuldum félagsins 173
Útgerðarmanni stefnt til greiðslu kaups og eiganda skips til viðurkenningar á sjóveðrétti í skipi 610
A og B höfðu tekið að sér húsbyggingu í félagi, en fengu svo C til þess að vinna nokkuð af verkinu. Þeim var stefnt og þeir dæmdir annar fyrir báða og báðir fyrir annan til að greiða C 687
Stjórnendur félags og ritstjórar tveggja blaða taldir rétt sóttir í máli til skaðabóta fyrir ummæli um stefnanda og áskoranir til manna um að verzla ekki við hann 698

B. Opinber mál.

1. Fleiri brot eins aðilja 9, 77, 96, 185, 295, 298, 302, 431, 548, 599, 630
2. Fleiri ákærðir í sama máli.
Tveir menn sóttir fyrir ólöglega meðferð fundins fjár 96
Tveir menn sóttir fyrir áfengis og bifreiðalagabrot 261, 558
Þrír sóttir fyrir þjófnað og þjófshilming 288
Fjórir sóttir fyrir brennu og hlutdeild þar í 363
Tveir menn sóttir saman, annar fyrir brot á símalögum og hinn fyrir spjöll á símastreng 417
Þrír aðiljar sóttir í héraði, en áður málið kæmi til hæstaréttar, dó einn 431
18 lyfsalar og aðstoðarmenn í lyfjabúðum og 1 heildsali sóttir í sama máli fyrir brot á ýmsum lögum. Um suma var mál ómerkt þegar af því, að konungsleg umboðsskrá, er héraðsdómari hafði fengið til að rannsaka og dæma málið, þótti ekki ná til þeirra. Um hina var málsmeðferð og dómur ómerkt vegna óleyfilegrar málasámsteypu 484

Málflutningsmenn. Sbr. réttarfarssektir.

Málflytjandi dæmdur í sekt fyrir óhæfileg ummæli um gagnaðilja sinn 83

Hæstaréttarmálflutningsmaður dæmdur í sekt fyrir óhæfileg ummæli um aðilja 64
Hæstaréttarmálflutningsmaður sektaður fyrir drátt á barnsfaðernismáli 310
Hæstaréttarmálflutningsmaður víttur fyrir drátt á einkamáli 341, 749
Ummæli málflytjanda um aðilja ómerkt 700
Hæstaréttarmálflutningsmaður, er valinn hafði verið samkvæmt 30. gr. skiptalaganna til þess að innheimta skuldir búa, dæmdur sekur eftir 136. gr. almennra hegningarlaga sbr. 145. gr. sömu laga fyrir heimildarlausa eyðslu innheimtufjárins í sínar þarfir í fangelsi og missi málflutningsleyfis 580

Málflutningur. Sbr. opinber mál.

Mál flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna 113, 270, 310, 388, 476, 481, 772
Mál flutt skriflega samkvæmt 2. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna 484
Í opinberu máli var vafi um það, hvort ómerkja skyldi málsmeðferð alla og dóm í héraði. Samkomulag milli sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti að sækja og verja þessi atriði sérstaklega, og samþykkti dómurinn það 484
Í einkamáli var það atriði, hvort heimilt væri að stefna í einu og sama máli stjórnendum félags og ritstjórum tveggja blaða til greiðslu skaðabóta fyrir ummæli í fundarsamþykkt félagsins og í blöðum ritstjóranna um stefnanda í héraði, sótt, varið og úrskurðað sérstaklega fyrir hæstarétti 698
Með samþykki héraðsdómarans var máli þannig skipt, að það eitt var undir dóminn lagt, hvort aðili skyldi einn bera skaða eða honum skyldi skipt milli aðilja, en hitt geymt, hver skaðabótaupphæðin skyldi vera 253, 590
A stefndi B í héraði til greiðslu kaupkröfu og til viðurkenningar á sjóveðrétti í bát B til tryggingingar kröfunni. B samþykkti hvoratveggja kröfuna, og héraðsdómurinn tók þær til greina. C, sem átti samningsveð í bátnum, skaut málinu til

hæstaréttar og krafði sjóveðréttarákvæði dómsins niður fellt. Þessi krafa hans var tekin til greina, með því að ekki hefði slík grein verið gerð fyrir kröfu stefnanda í héraði, að heimilt hefði verið að dæma sjóveðrétt á þeim grundvelli, og að samþykki stefnda á kröfunni hefði ekki réttlætt viðurkenningardóm um sjóveðrétt. Sjóveðréttarkröfunni vísað frá héraðsdómi vegna ónógrar málsútlistunar að því leyti 341

Sjóveðréttarákvæði niður fellt að nokkru úr héraðsdómi, enda þótt stefndi hefði samþykkt skuldakröfu og kröfu um sjóveðrétt, með því að nægilega greinargerð vantaði til réttlætingar sjóveðréttarkröfunni 749

Staðhæfing um það, að vextir af kröfu væru reiknaðir tiltekinni upphæð of hátt, ekki talið nægilega mótmælt, og dómkrafan því lækkuð samkvæmt því 661

Mótmæli um atriði, sem þegar var getið í stefnu, kom fyrst fram í munnlegum flutningi máls í héraði. Þessi mótmæli voru ekki talin hafa komið fram nógu snemma, með því að fullt efni hefði verið til að hafa þau uppi fyrr 471

Stefndi, sem aðallega krafðist sýknu, kom fyrst í munnlega málflutningnum fram með varakröfu um vaxtareikning. Þessi krafa var ekki talin of seint fram komin 425

Ákvæði héraðsdóms um upphæð dagsekta látin standa óbreytt, með því að aðili gerði ekki athugasemdir um það atriði 41

Stefnandi samþykkir kröfu stefnds um frádrátt frá kröfu sinni 64

Víttur dráttur á einkamáli 341, 749

Málshöfðun. Sbr. ákæruvald.

a) Einkamál.

A hafði, meðan hann var framkvæmdarstjóri banka, lánað C járnskáp, er bankinn átti. Skápurinn, og krafa til andvirðis hans, var síðan framseldur þriðja manni, sem höfðaði mál gegn A til greiðslu á andvirði skápsins aðeins. A bauð að skila

skápnum stefnanda að kostnaðarlausu, en krafðist frávísunar eða sýknu af kröfu stefnanda. Sýknað að svo stöddu, með því að stefnda væri rétt að leysa sig undan peningakröfunni með því að skila skápnum, enda engin rök að því færð, að skápurinn væri ekki nothæfur enn 700
Með því að dómsorð um kröfu var eigi talið skipta aðilja máli, enda þótt hann væri réttur aðili, var stefndi sýknaður 249
Kröfuliður um greiðslu í framtíðinni talinn of óákveðinn, og því vísað frá 219

b) Opinber mál.

19 mönnum stefnt með sömu stefnu. Eftir henni var þeim öllum stefnt fyrir brot á sömu — og mjög mörgum — lagaákvæðum, enda þótt sýnt væri, að þau ættu alls ekki við alla þeirra. Þetta talinn óhæfilegur málatilbúnaður. Málsmeðferð og dómur var þó ekki ómerkt af þessu, heldur þegar af öðrum ástæðum 481
Mál höfðað meðal annars eftir „26 kap." hegningarlaganna. Það brot, er dæma hefði átt eftir þessum kapitula, hefði varðað við 256. gr. þeirra. Kærendur höfðu kallað aftur kæru sína, og var ákærði því sýknaður í héraði að svo miklu leyti 580
A kærði B fyrir óheimila sölu á bifreið, og var B tilkynnt í lok rannsóknar út af þeirri kæru, að mál yrði höfðað gegn honum eftir „26. kap." hegningarlaganna, en kæran var síðan aftur kölluð, og sagt í bókun, að málið hafi eftir atvikum verið látið niður falla. Síðar kærir A B vegna ávísanar, er B hafði gefið út handa honum vegna sömu skipta, en ávísunin var ekki greidd. Í nýrri sök var enn höfðað mál gegn B eftir „26. kap." hegningarlaganna, án nokkurrar skilgreiningar annarar. Héraðsdómarinn virtist hafa dæmt B fyrir bifreiðasöluna, en vegna ónákvæmni í stefnunni virtist ekki hafa komið fram vörn af hendi kærða varðandi það brot. Málatilbúnaður þessi þótti svo gallaður, að málsmeðferð og dómur voru ómerkt og máli vísað heim 655

Málskostnaður. Sbr. gjafsókn, innheimtulaun.
A. Í einkamálum.
1. Málskostnaður látinn falla niður.
Máli vísað frá dómi ex officio. Málskostnaður féll niður, með því að stefndi mætti ekki fyrir dómi 113
A, er áfrýjaði fógetaúrskurði til breytinga, tapaði máli með öllu, en málskostnaður féll niður, með því að stefndu mættu ekki fyrir dómi 476
Í kærumáli samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936, er kærendur unnu, féll málskostnaður niður, með því að kærendur kröfðust ekki málskostnaðar 133
Í landamerkjamáli, þar sem áfrýjandi krafðist ómerkingar og heimvísunar og fekk kröfu sína tekna til greina, var málskostnaður þó látinn falla niður 50
Skuldaskiptamál. Báðir áfrýjuðu til breytinga héraðsdómi, en aðaláfrýjandi vinnur málið að mestu leyti. 64
Stefnandi fyrir hæstarétti, er áfrýjaði til breytinga, vann mál, en málskostnaður þó látinn falla niður 163, 180, 341, 351, 565, 749
Stefnandi fyrir hæstarétti, er áfrýjaði til breytinga og tapaði, þó ekki látinn greiða málskostnað 326, 425, 704
Aðaláfrýjandi tapaði máli. Hann stefndi þremur aðiljum, en þeir gagnáfrýjuðu allir til staðfestingar að öðru leyti en því, að þeir kröfðust málskostnaðar fyrir fógetarétti af aðaláfrýjanda. Málskostnaður látinn niður falla að öllu öðru en því, að tveir af aðiljum voru dæmdir til að greiða einum gagnáfrýjanda málskostnað 744
Áfrýjað til breytinga. Dómur staðfestur að nokkru leyti, en tveimur kröfuliðum vísað frá héraðsdómi 332
Gjafsóknarhafi tapar. Málskostnaður látinn falla niður, en málflutningsþóknun talsmanns greidd úr ríkissjóði 180, 219, 704
Í barnsfaðernismáli, er velta skyldi á eiði barns-

móður, skyldi málskostnaður falla niður, ef henni yrði eiðfall, en ella skyldi barnsfaðir greiða málskostnað 310
2. Aðilja, sem áfrýjaði dómsathöfn til breytinga og fékk kröfur sínar að öllu eða verulegu leyti teknar til greina, dæmdur málskostnaður 3, 41, 121, 163, 169, 232, 270, 277, 345, 388, 390, 399, 481, 590, 607, 610, 661, 676, 687, 759
3. Aðili, sem áfrýjaði dómsathöfn til breytinga, en kröfur hans voru alls ekki eða að litlu leyti teknar til greina, dæmdur til að greiða málskostnað 36, 41,83, 121, 144, 149, 173, 228, 264, 361, 471, 590, 651, 692, 700, 715, 735, 759
Aðiljar dæmdir til að greiða málskostnað in solidum 41, 173, 264, 610, 687
Áfrýjandi hafði í héraði í máli til innheimtu víxilupphæðar gert þá aðalkröfu, að skuldunautur yrði dæmdur til að við lögðum dagsektum að greiða í virkum enskum pundum, en til vara eftir gengi þeirra á greiðsludagi. Varakrafan var tekin til greina í héraði. Fyrir hæstarétti voru sömu kröfur gerðar, en aðeins varakrafan var þar tekin til greina. Skuldunautur þó dæmdur til að greiða málskostnað 753
Málskostnaður í eiðsmálum 28, 310, 379
Í máli á hendur lögreglustjóra til áritunar á námssamning var lögreglustjóri dæmdur til þess fyrir hönd ríkissjóðs að greiða áfrýjanda málskostnað 345
Að skuldunautur var dæmdur til að greiða málskostnað, var í héraði rökstutt sérstaklega með því, að hann hefði ekki sannað, að hann hefði boðið greiðslu á gjalddaga 753
Sjóveðréttur í skipi einnig dæmdur til tryggingar málskostnaði 610, 749
Fundið að því, að fógeti hafði ekki lagt úrskurð á kröfu um málskostnað, fram komna fyrir fógetarétti samkvæmt 3. málsgr. 185. gr. laga nr. 85/1936 351
Málskostnaður dæmdur og úrskurðaður fyrir fógetarétti 399, 772

Máli áfrýjað til staðfestingar. Áfrýjanda dæmdur málskostnaður með því að stefndi hafði veitt efni til málskots 772

B. Í opinberum málum.

1. Aðili dæmdur sekur.
   a. Einn aðili sakfeldur og dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar 1, 9, 33, 48, 56, 73, 77, 206, 216, 225, 243, 248, 251, 258, 273, 298, 302, 317, 369, 412, 421, 555, 572, 574, 580, 587, 599, 621, 627, 630, 642, 646, 670, 725, 728, 730, 740, 766, 769
   b. Tveir eða fleiri sekir dæmdir og dæmdir in solidum til að greiða sakarkostnað 96, 261, 363, 417, 431, 558
   Sakarkostnaði skipt í ákveðnum hlutföllum milli hinna sakfelldu 288
   Hver greiðir sinn varðhaldskostnað 363, 431
   Hver greiðir sínum talsmanni .. 288, 341, 363, 558
2. Aðili sýknaður og sakarkostnaður lagður á ríkissjóð 25, 59, 116, 127, 137, 154, 160, 185, 295, 322, 408, 548, 672, 694
3. Málsmeðferð í héraði og dómur ómerkt.
   Ríkissjóði gert að greiða sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað 338, 484
   Ríkissjóði gert að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar 616, 655

Mannorð.

Maður, sem dæmdur hafði verið eftir 8. gr. laga nr. 51/1928, ekki talin fullnægja siðferðisskilyrðum til þess að mega aka bifreið, og því sviptur ökuleyfi æfilangt í sambandi við dóm fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot 273

Mat og skoðun. Sbr. líkur, sönnun, vitni.

Tveir dómkvaddir menn meta, hvað kosta muni að koma húsi í samningshæft ástand eftir hæstaréttardómi frá árinu 1936 399
Tveir menn dómkvaddir í rannsókn opinbers máls til þess að rannsaka verðlag á tilteknum vörum 369

Úrskurður um það, að löggiltur endurskoðandi skuli rannsaka bækur og hag þrotamanns og staðreyna orsakir verzlunarhalla 215
Tveir menn dómkvaddir til matsgerðar um skemmdir af músagangi í leiguíbúð og til mats um lækkun á leigu af þeim sökum til afnota í einkamáli .. 121
Matsmenn höfðu metið skemmdir á skipi vegna árekstrar. Viðgerðarkostnaður talinn eiga að bætast, þótt hann færi lítið eitt fram úr matsupphæð 232
Í máli vegna áfengisbruggunar var sýknað vegna skorts á upplýsingum um áfengismagn vökvans 160
Löggiltur skjalþýðandi þýðir skeyti á erlendu máli 137
Fundið að því, að ekki var leitaðs álits kunnáttumanna um tiltekið atriði, er máli þótti skipta í opinberu máli 616
Lögreglumenn mæla veg, þar er bifreiðarslys hefur orðið, og athuga vettvang að öðru leyti .. 616, 621
Lögreglumenn lýsa hátterni manna á ölstofu og áhrifum hennar á umhverfi 351
Löggæzlumaður vottar um hæfileika manns til meðferðar bifreiðar 317
Álit bifreiðaeftirlitsmanns um fararháttu á tilteknum stað 676
Álits sérfróðs manns á bifreið og skemmdum á henni 273, 431
Athugun símastarfsmanna vegna spjalla á símastreng 417
Þýðing dulmálsskeyta framkvæmd af mönnum þar til skipuðum 137, 322, 694
Forstöðumaður stýrimannaskólans markar stað skips á sjávaruppdrátt 206, 412, 555, 574, 642, 646
Mörkun á legu skips á skipalægi og álit hafnsögumanns um hæfilega fjarlægð milli skipa þar .. 590
Bókhaldsrannsókn vegna gjaldþrotaskipta o. fl. 369, 580, 599, 630
Rannsókn matvæla 116, 408
Áfengisrannsókn 431
Blóðrannsókn í barnsfaðernismáli 28, 379
Blóðrannsókn til að reyna áfengismagn í blóði .. 621
Álit sérfræðings um áhrif sjúkdóms á blóð manns 621
Álit lækna um áhrif sykursýki á matarlyst manna .. 431

Líkskoðun og álit rannsóknarstofu háskólans um niðurstöðu líkskoðunar 431
Líkskoðun vegna bifreiðarslyss 616
Læknisskoðun vegna kynferðissjúkdóms 431
Læknisskoðun á telpu, sem talið var, að saurlífsverk hefði verið framið á 9
Geðveikralæknir rannsakar mann til að reyna sakhæfi og eiðhæfi 9, 310
Læknisálit um kviðslit, hvort til slysa skuli talið, er skylt sé að bæta 180
Læknisálit um tíðir barnsmóður og hve nær barn gæti hafa verið getið 379
Læknisálit um meiðsl, bata og örorku 154, 277, 326, 332, 462, 676

Matvælaeftirlit.

Maður sýknaður af kæru um það, að hann hefði sett húð af kókói á bollur í stað húðar úr súkkulaði. Með því að þetta kom ekki í bága við hollustuhætti, skipti ekki máli um næringargildi og var ekki gert til þess að gabba almenning, var talið, að það væri refsilaust eftir lögum nr. 34/1936, er reglugerðarákvæði, er kærði var saksóttur eftir, styðjast við 116
Annar maður sýknaður af kæru fyrir sölu á vöru, er vera skyldi lakari en tilskilið er, með því taka og rannsókn sýnishorna af vörunni var svo ábótavant, að sönnun væri ekki hægt að byggja á því einu 403

Meðalganga.

A höfðaði mál til greiðslu skuldar og til viðurkenningar sjóveðréttar í skipi til tryggingar kröfu sinni. B gekk inn í málið í héraði til þess að mótmæla sjóveðréttarkröfunni, með því að hann átti veð í skipinu, sem hefði orðið að víkja fyrir sjóveðrétti stefnanda 163
A stefndi útgerðarmanni til greiðslu kaupkröfu og til viðurkenningar á sjóveðrétti í skipi hans. Stefndi samþykkti hvorttveggja, og var dómur í héraði kveðinn upp samkvæmt því. T,

sem átti samningsveð í skipinu, er varð að víkja fyrir sjóveðréttinum, er skipið var selt á nauðungaruppboði, áfrýjaði sem meðalgöngumaður til þess að fá ákvæði héraðsdóms um sjóveðrétt fellt úr gildi. Báðum aðiljum í héraði stefnt til hæstaréttar 341, 749

Reykjavíkurkaupstaður áfrýjar sem meðalgöngumaður dómi á hendur Vestmannaeyjakaupstað, þar sem hann var skyldaður til að leggja út meðlag með óskilgetnu barni, en meðlagið hefði mátt heimta endurgreitt af Reykjavíkurkaupstað .. 651

A, sem bæði stóð fyrir veitingum í tilteknu húsnæði og fékk hluta af ágóða af þeim, gengur inn í fógetaréttarmál við hlið gerðarbeiðanda, er krafði sér fengin umráð húsnæðisins 351

A, er hafði í hendi farmskírteini, er hljóðaði á tiltekna vörusendingu, krafði sér afhenta vöruna með beinni fógetagerð. Skipaafgreiðslan neitaði að afhenda vöruna eftir skipun frá sendanda. Hann og þriðji maður, er greitt hafði vöruna og taldi sig raunverulega eiga hana, ganga inn í fógetaréttarmálið 744

Meðlag.

A hafði átt óskilgetið barn með B. Síðar giftist hún C. Það er viðurkennt í málinu, að C er ófær til að framfæra barnið, og var dvalarsveit A dæmd skyld til að leggja út meðlag það með barninu, sem B, er var búsettur annarstaðar, hafði verið úrskurðað að greiða 651

Meinsæri.

Maður, sem hafði í opinberu máli borið vitni í ákveðna átt, breytti þeim vitnisburði í gagnstæða átt fyrir dómi síðar og kvaðst þá hafa borið vísvitandi rangt hið fyrra skiptið til þess að hefna sín á öðrum sökunauta. Dæmdur fyrir rangan framburð fyrir dómi 431

Neyðarréttur.

Maður sýknaður af kæru um, að hann hefði ekið yfir lögmælt hraðahámark, með því að hann

var að flytja brunaliðsmenn á vettvang og taldi sig því eiga að hraða ferð eftir föngum 154
Skipi talið ófært að liggja á skipalægi úti á höfn í ofviðri vegna bilunar á akkerisvindu. Þess vegna í sjálfu sér talið réttmætt að leggja því við bryggju, en með því skapaðist skylda til þess að bæta spjöll á bryggjunni af völdum skipsins, eftir því sem verðmæti þess hrökk til 144

Ólögleg meðferð fundins fjár. Sjá fundið fé.

Ómerking. Sbr. frávísun, heimvísun.

a) Í einkamálum.

Dómur í landsmerkjamáli og málsmeðferð eftir tiltekið þinghald ómerkt vegna leiðbeiningaskorts af hálfu héraðsdóms, með því að greinargerð um málsatriði var ekki nægilega glögg 50
Ákvæði sjódóms um sjóveðrétt í skipi ómerkt að öllu eða nokkru 341, 749
Ákvæði héraðsdóms um tvo kröfuliði í skaðabótamáli ómerkt og þeim vísað frá héraðsdómi 332
Fjárnámi, er áfrýjað var með dómi, ómerkt, með því að dómi var svo breytt, að hann gat ekki lengur verið grundvöllur þess 481

b) Í opinberum málum.

Ákvæði um skaðabótagreiðslu í héraðsdómi ómerkt og kröfunni vísað frá héraðsdómi vegna upplýsingaskorts 363
Dómur og málsmeðferð í opinberu máli ómerkt og máli vísað heim vegna vanrækslu á rannsókn 338
Málsmeðferð og dómur ómerkt að nokkru vegna þess að dómarann skorti löggildingu til þess að kveða upp dóm yfir sumum sökunauta, og vegna ólöglegrar málasamsteypu um suma, enda var enn galli á málatilbúnaði, er slíku hefði mátt varða 484
Málsmeðferð og dómur ómerkt vegna vanrækslu um rannsókn máls 616
Málsmeðferð og dómur ómerkt vegna óglöggrar stefnu 655

Ómöguleiki.

Með því að það er ekki á valdi aðilja að afla erlends gjaldeyris til greiðslu skuldar, heldur á valdi gjaldeyrisnefndar og banka, og aðiljum mátti vera þetta kunnugt, er þeir sömdu, þótti skuldunautur ekki verða skyldaður til að greiða skuld í virkum erlendum gjaldeyri, heldur aðeins í íslenzkum gjaldeyri eftir gengi hinnar erlendu myntar, er í skuldaskírteini stóð, á greiðsludegi 753

Opinber mál. Sbr. aðiljaskýrsla, ákæruvald, eftirgrennslan brota, frestir, húsleit, málasamsteypa, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, líkur, ómerking, mat og skoðun, sönnun, vitni.

Fundið að drætti af hendi dómara eða framkvæmdarvalds á opinberu máli 160, 484, 580
fyrir sjóveðréttinum, er skipið var selt á nauð-
Hæstaréttarmálflutnnigsmaður víttur fyrir drátt á opinberu máli 412
Héraðsdómari víttur fyrir harðyrði í garð sökunauts í varðhaldsúrskurði og fyrir það, að hann hafði ekki veitt ákærða kost á að sjá „ákæruskjal" eitt, er maður, er fengin var til að grafast fyrir um brot, hafði samið og sent dómaranum 185
Mjög fundið að gerðum héraðsdómara bæði um rannsókn, málshöfðun og málasamsteypu 484
Fundið að því, að blóðrannsókn var ekki þegar gerð á ölvuðum bifreiðarstjóra 769
Fundið að því, að héraðsdómari lét ekki löggiltan endurskoðanda rannsaka bókhald ákærða 295, 599
Fundið að því, að dómari eiðfesti ekki vitni og einangraði ekki vitni, sem hafði breytt verulega skýrslu, er það hafði áður gefið, og játað sig hafa skýrt vísvitandi rangt frá fyrra skiptið .. 431
Það er talið aðfinnsluvert, að dómari eiðfesti vitni án samprófunar við kærðu, og að þeir voru ekki kvaddir til að vera við eiðfestingu 558
Að því fundið, að dómari hafði ekki spurt vitni um það, hvað því og kærða hefði farið á milli 298
Fundið að því, að vitni höfðu ekki verið spurð um staðreyndir í sambandi við brot kærða 317

Að því fundið, að ekki var rannsakað, í hvaða skyni vitni hefðu aflað sér vitneskju um áfengissölu kærða 258
Héraðsdómari úrskurðaður skyldur til að leita rækilegri upplýsingar í opinberu máli 54, 141, 215
Jafnframt ómerkingu á málsmeðferð og dómi og heimvísun máls var bent á ýms atriði, er rækilegar þyrfti að rannsaka, er málið yrði tekið fyrir af nýju í héraði 655
Í opinberri rannsókn, er dómari virðist þó ekki hafa gert sér glöggt, að væri þess eðlis, var sá, er raunverulega var hafður fyrir sök, spurður sem vitni. Þetta óbeinlínis vítt af hæstarétti 712

Orsakasamband.

Aðili, sem meiðzt hafði í bifreiðarslysi, fekk mislinga eftir að hann hafði verið á sjúkrahúsi vegna meiðslanna, og komst því síðar heim til sín en ella mundi. Í skaðabótamáli vegna bifreiðarslyssins gerði aðili kröfu til bóta fyrir þannig lengda dvöl sína utan hemilis, en krafan var ekki tekin til greina, með því að ekki var talið slíkt samhengi milli slyssins og mislinganna, að bifreiðareiganda væri skylt að greiða kostnað af dvöl vegna þeirra 326

Refsingar. Sbr. réttarfarssektir.

1. Almennt um refsingar.

Gæzluvarðhald látið koma í stað refsingar 9
Áfengissala vegna atvinnuleysis og fjárhagsvandræða. Þetta ekki tekið til greina um ákvörðun refsingar 1
Í sama máli var A dæmdur í refsivist eftir 213. gr. almennra hegningarlaga og í sektir fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot. Þar á móti var annar ákærði, er brotið hafði almenn hegningarlög og bifreiðalög, að eins dæmdur til refsivistar 431
Bæði refsivist og sektir dæmdar fyrir ólöglega áfengissölu 1, 33, 48, 216, 225, 243, 248, 258, 725, 740, 766
Slökkviliðsstjóri sýknaður, þótt hann hefði haft ill orð við lögregluþjóna, með því að þeir höfðu

veitt efni til aðfinninga af hans hálfu, en hann í afakanlega æstu skapi 672

2. Einstakar refsitegundir.

a. Sektir dæmdar 1, 33, 48, 56, 77, 206, 216, 225, 243, 248, 258, 261, 273, 317, 369, 412, 417, 421, 431, 555, 558, 572, 574, 587, 621, 642, 646, 725, 728, 730, 740, 766, 769
b. Einfalt fangelsi dæmt 599
c. Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi dæmt 1, 9, 33, 48, 73, 96, 216, 225, 243, 248, 258, 298, 431, 580, 627, 630, 725, 740, 766
d. Fangelsi við vatn og brauð dæmt í héraði, en breytt í hæstarétti í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi 630
e. Betrunarhúsvinna dæmd 251, 302, 363
f. Upptaka eigna. Afli togara og veiðarfæri gerð upptæk fyrir fiskveiðibrot 56, 206, 412, 421, 555, 574, 642, 646, 728
g. Svipting réttinda:
Maður sviptur rétti til að reka eða stjórna fyrirtæki samkvæmt 8. gr. laga nr. 25/1929 630
Hæstaréttarmálflutningsmaður sviptur málflutningsleyfi 580
Bifreiðarstjóri sviptur ökuleyfi 261, 273, 317, 431, 558, 621, 730, 769

Réttarfar. Sjá aðild, aðiljaskýrsla, áfrýjun, dómar, dómarar, eiður, frávísun, frestir, gagnkröfur, heimvísun, líkur, málasamsteypa, málflutningsmenn, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, mat og skoðun, ómerking, opinber mál, réttarfarssektir, sáttir, sjódómsmál, skjöl, stefnur, sönnun, útivist aðilja, varnarþing, vitni.

Réttarfarssektir.

Aðili dæmdur í sekt fyrir ósæmileg ummæli um gagnaðilja sinn 83, 113
Hæstaréttarmálflutningsmaður dæmdur í sekt fyrir óhæfileg ummæli um aðilja 64

Hæstaréttarmálflutningsmaður sektaður fyrir drátt á opinberu máli 417
Hæstaréttarmálflutningsmaður sektaður fyrir drátt á barnsfaðernismáli 310
Ekki talin ástæða til að sekta málflytjendur eða aðilja fyrir orð, er þeir höfðu haft hverir um aðra .. 744
Ummæli málflytjanda um aðilja dæmd dauð og ómerk 83
Réttarfarssekt í héraði dæmd bæjarsjóði, en í hæstarétti er þessu þannig breytt, að hún skuli renna í ríkissjóð 83

Sakamál. Sjá opinber mál.
Það, að brotamaður var drukkinn, er hann framdi brot, ekki látið skipta máli um refsingu 302
Maður, er sakaður var um lostaverk við telpur, var settur á geðveikrahæli til rannsóknar, en hvorki talinn fáviti né geðveikur 9

Saknæmi. Sbr. ásetningur, gáleysi, skaðabætur.
Sýknað af kæru um togaranjósnir, með því að skeyti, er sökunautur sendi togara og geymdi fregn um ferð varðskipa, ekki talið sent í því skyni, að það yrði notað til lögbrota, og ekki talið, að kærði hefði haft ástæðu til að ætla, að svo yrði gert 322

Samaðild.
Sameigendur húss, er gefið höfðu út skuldabréf með veði í húsinu, krefja sér í félagi fengin umráð bréfsins, sem gagnaðili hafði haft í vörzlum sínum og vildi ekki skila 476

Samningar. Sjá ábyrgð, afsal, farmsamningar, húsaleiga, kaupsamningar, loforð, ómöguleiki, skuldir, skuldamál, veð, verksamningar, vinnusamningar.
Vinnusamningur talinn þegjandi framlengdur til óákveðins tíma 36, 169
Kaupstaður, sem endurgreitt hafði ⅔ hluta af fatakaupastyrk, er annar kaupstaðar hafði veitt

berklasjúklingi, eigi talinn hafa með þessum hætti bakað sér framfærsluskyldu á sjúklingnum framar en lög stóðu til 149

Samningssekt.

500 króna „sekt" lögð við samningsrofum. Skilyrði til heimtu þeirrar sektar eigi talin vera, með því að aðferð aðilja var að nokkru eigi samningsrof, og að nokkru þótti sækjandi hafa fyrirgert rétti sínum til heimtu sektar 36

Samvinnufélög.

Útgerðarsamvinnufélag hafði fengið niðurfærslu á skuldum sínum samkvæmt lögum nr. 99/1935. Félagar, sem samkvæmt samþykktum félagsins ábyrgðust skuldir þess in solidum, taldir bera þá ábyrgð áfram samkvæmt 21. gr. téðra laga .. 173
Útgerðarsamvinnufélag talið bókhaldsskylt, og forstjóri þess því dæmdur sekur um óreiðu í bókhaldi samkvæmt 2. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga 630

Sáttir.

Mál, er sækja mátti sem víxilmál, sótt og varið sem almennt mál að undan genginni sáttatilraun .. 661

Sektir. Sjá refsingar, réttarfarssektir.

Siglingar. Sjá farmsamningur, farmskírteini, sjódómsmál, sjóveð, skip.

Símar.

Maður dæmdur í sekt fyrir það, að hann hafði látið rífa upp götu, þar sem símastrengur var niður grafinn, án þess að gera réttum aðilja við vart. Verkamaður hans dæmdur í sekt fyrir spjöll á símastrengnum, er verk hans var talið hafa valdið 417

Sjódómsmál.

Mál út af árekstri skipa 232, 590
Mál til bóta fyrir spjöll á bryggju, er skip olli .. 144

Mál til innheimtu vöruskuldar, er skuldheimtandi taldi tryggða með sjóveðrétti í skipi 163
Mál um ráðningu vélstjóra á skip og bætur fyrir rof á ráðningarsamningi 228
Mál til innheimtu kaupkröfu sjómanna .. 341, 610, 749

Sjóveð.

Sjóveðréttur viðurkenndur í söluverði skips til tryggingar andvirði kola, er keypt voru í Englandi og talið var, að skipstjóri hefði, er skipið var þar í höfn, beðið sækjanda að útvega. Þar á móti var hrundið kröfu um sjóveðrétt til tryggingar greiðslu á andvirði annara hluta, er ekki var talið sannað, að stefnandi hefði látið í té að beiðni skipstjóra 163
Sjóveðréttur í skipi viðurkenndur til tryggingar greiðslu á skaðabótum vegna árekstrar skipa .. 232
Sjóveðréttur í skipi viðurkenndur til tryggingar kaupkröfu 610, 749
Þar sem sjóveðréttur er viðurkenndur með dómi til tryggingar kröfu, er hann og látinn taka til málskostnaðar þess, er þeim er dæmt að greiða, sem viðurkenninguna þolir 163, 232, 610, 749
Sjóveðréttur viðurkenndur í 6,4 tonna bát til tryggingar kaupkröfu háseta 610
Viðurkenning stefnds á kröfu og samþykki á því, að henni fylgdi sjóveðréttur, ekki talið nægilegt til dómsviðurkenningar á sjóveði. Auk þess verður að koma fram glögg greinargerð um kröfuna, er sýni, að hún sé ein þeirra krafna, sem tryggðar eru að lögum með sjóveði 341, 749

Sjúkrasamlög.

Bæjarsjóður sýknaður af kröfu þurfalings um greiðslu á sjúkrasamlagsgjaldi fyrir hann um liðinn tíma, með því að þurfalinginn, enda þótt hann teldist réttur aðili málsins, skipti það ekki lengur máli. Kröfu um viðurkenningu á greiðsluskyldunni eftir höfðun málsins og síðan, meðan aðili væri á sveitarframfæri, vísað frá dómi vegna þess, að hún væri of óákveðin 219

Skaðabætur.

a) Vegna vanefnda á samningi eða slíkra sambanda

Samningssekt var ákveðin í vinnusamningi í bótastað. Kröfu um greiðslu hennar var hrundið, með því að önnur ástæðan fyrir greiðsluskyldu þótti vera röng, en hin, um vanefndir á kaupgreiðslum, þótti ekki geta komið til greina, af því að stefnandi hafði tekið fyrirvaralaust við eftirstöðvum kaupsins eftir að hann var farinn úr vinnunni 36

Kröfu aðilja um bætur fyrir það, að honum hefði verið sagt upp fjórum mánuðum fyrr en löglegt hefði verið samkvæmt samningi aðilja, hrundið, með því að eldri samningur hefði verið endurnýjaður til óákveðins tíma og almenna uppsagnarákvæðið í honum um þriggja mánaða fyrirvara ætti hér við, en þann fyrirvara hafði aðili fengið 36

Aðilja dæmdar bætur fyrir uppsögn vinnu með of skömmum fyrirvara 169

b) Skaðabætur utan samninga.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sýknaður í héraði af kröfu um bætur fyrir það tjón, en synjun gjaldeyris- og innflutningsnefndar á innflutningsleyfi aðilja til handa hefði bakað honum, með því að nefndin hefði í skiptum sínum við aðilja haldið sig algerlega innan verkahrings síns. Fyrir hæstarétti var ekki lagður dómur á málið að efni til, með því að því var þar vísað frá dómi 113

Skaða, er skip olli á bryggju, skipt milli skipseiganda og eiganda bryggju vegna þess að fyrirsvarsmönnum beggja mátti að nokkru um skaðann kenna 144

Skaða af árekstri skipa skipt milli eigenda skipanna, með því að stjórnarmenn á báðum voru taldir eiga sök á árekstrinum 232, 590

Eiganda bifreiðar dæmt að greiða farþegum vegna bifreiðarslyss bætur fyrir læknishjálp, þjáning-

ar, fataspjöll, lýti, örorku, spítalavist og dvöl utan heimilis eftir hana og atvinnutjón 277
Eigandi bifreiðar dæmdur til að greiða farþega vegna bifreiðaslyss bætur fyrir læknishjálp og fataspjöll. Vegna skorts á upplýsingum um aðra kröfuliði var þeim vísað frá héraðsdómi 332
Eiganda bifreiðar dæmt að greiða farþega vegna bifreiðarslyss bætur fyrir sjúkrahússvist, læknishjálp, fataspjöll, þjáningar og lýti. Kröfu um vinnutapsbætur og bætur fyrir lengda dvöl frá heimili vegna mislinga ekki talið unnt að taka til greina 326
Eiganda bifreiðar dæmt að greiða bætur fyrir það, að bifreið hans var ekið á mann. Bæta skyldi sjúkrakostnað á spítala og á heimili aðilja, læknishjálp, fataspjöll, spjöll á reiðhjóli, þjáningar og atvinnutjón, en skaðanum var skipt vegna nokkurs varkárniskorts af hálfu bótakrefjanda 676
Bfreiðareiganda dæmt að greiða skaða, er vegfarandi á götu hlaut af því, að bifreið hans var ekið á hann. En með því að slysið mátti kenna óvarkárni beggja, var skaðanum skipt 253
A ók á B að nóttu til. Í opinberu máli var A sýknaður af refsikröfu, með því að þar var ekki sönnuð sök á hann. Í skaðabótamáli á hendur eiganda bifreiðarinnar var hins vegar ekki sannað, að slysið hefði hlotið að vilja til þrátt fyrir alls kostar varkárni ökumanns, og ekki heldur neitt um það sannað, að B hefði átt sök á slysinu. Þess vegna talið, að honum bæri *vegna þess* fullar bætur fyrir atvinnutjón, missi líkamskrafta og andlegrar heilbrigði, auk lækningakostnaðar, en með því að hann var talinn hafa hegðað sér óhæfilega eftir að hann var kominn á fætur og þar með seinkað bata sínum, þá var bótahæðin ákveðin með hliðsjón þar af 462
Tveir menn dæmdir in solidum til að greiða bætur fyrir spjöll á símastreng, bæði sá, er lét framkvæma verk það, er olli spjöllunum, og hinn, er verkið sjálft vann 417

Þrír menn, er keypt höfðu þjófstolna muni af unglingi, dæmdir hver um sig til að greiða andvirði þess, er þeir höfðu keypt og ekki var komið til skila 288
Skaðabótakröfu vegna húsbrennu vísað frá héraðsdómi, með því að talsmaður eins hins ákærða mótmælti henni og eigi var gerð nægilega skýr grein fyrir henni 363

Skattar. Sjá útsvör.

Skilyrði.

Aðili, er kvað ráðningu vélstjóra á skip hafa verið með ákveðnu skilyrði, eigi talinn hafa sannað, að skilyrðið hefði verið sett 228

Skip. Sbr. mat og skoðun, sjóveð.

Skipstjóri, er stjórnaði bát annars manns, sýknaður af kröfu um greiðslu kostnaðar af viðgerð hans, með því að ekkert benti til þess, að hann hefði tekið á sig ábyrgð á þeirri greiðslu 481
Sjóveð eigi talið bundið við skip, er lögskrá skuli skipverja á, og sjóveð því viðurkennt í 6,4 tonna báti til tryggingar kaupi háseta 610
Sjóveðréttur viðurkenndur í skipi .. 163, 232, 610, 749
Skaða af árekstri skipa skipt vegna sakar hjá stjórnendum beggja 232, 590
Aflatjón, sem áætlað var af árekstri skips á annað, hér við land, bætt, en ekki það aflatjón, er áætlað var, að skipsútgerðarmaður biði af því, að skipið gat ekki þegar farið á veiðar við Noreg, með því að upplýsingar vantaði um arðvænleika þeirra fiskveiða, er þar skyldu stundaðar 232
Viðgerð á skemmdum, er skip hlaut af árekstri, fór lítið eitt fram úr áætlun. Sá mismunur bættur, með því að hann nam ekki miklu, borið saman við heildarupphæð matsins 232
Skipstjóri talinn hafa sýnt af sér vanrækslu með því að leita ekki fyrirmæla hafnarvarðar um lagningu skips við bryggju og með því að hverfa frá skipi sínu í ofviðri, er því hafði verði lagt við þá bryggju 144

Skipti. Sbr. gjaldþrotaskipti.
Innheimtumaður útistandandi skulda bús, er innheimtan var falin samkvæmt 30. gr. skiptalaganna, talinn opinber trúnaðarmaður. Hæstaréttarmálflutningsmaður, er heimildarlaust hafði eytt slíku innheimtufé, talinn sekur við 136. sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga 580

Skírlífisbrot.
Maður dæmdur sekur um lostaverk við telpur 8, 12 og 13 ára gamlar 9

Skjalþýðendur. Sjá mat og skoðun.

Skjöl. Sbr. mat og skoðun, sönnun.
Skýrsla yfirmanna varðbáts um togaratöku talin opinber skýrsla og hafa sönnunargildi sem slíkar skýrslur 206
Löggæzlumaður bifreiða á vegum úti gefur vottorð um hæfileika og framkomu bifreiðarstjóra fyrr og síðar, er kærður var fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot 317
Vottorð veðurstofu 590
Leiðarbók skips 144, 590

Skólanefnd.
Skólanefnd Reykjavíkur talið óheimilt að ráða svonefndan „yfirkennara“ við barnaskóla í Reykjavík, og bæjarsjóður var því sýknaður af kaupkröfu þess, er þannig var ráðinn til þessa starfa 704

Slysatrygging.
Slysatrygging ríkisins talið óskylt að greiða bætur vegna kviðslits, með því að það var ekki að áliti tveggja sérfróðra lækna talið til þesskonar slysa, er bæta skyldi 180

Skuldabréf.
Talið heimilt að afhenda útgefanda veðskuldabréfs, er gefið hafði verið út öðrum manni til ráðstöfunar, bréfið með beinni fógetagerð 476

Skuldajöfnuður.

A skyldi fá afsal að fasteign gegn meðal annars útgáfu veðskuldabréfs með tiltekinni upphæð, en til frádráttar henni var honum heimilað að nota ýmsar kröfur, er ákveðnar voru með mati eða tilteknar af hæstarétti eða fógeta .... 399 sbr. 772

Í skuldamáli út af félagsútgerð fram færðar ýmsar kröfur til skuldajafnaðar 64

Skuldir, skuldamál. Sbr. gjalddagi, greiðsla, loforð, skuldajöfnuður.

Skuld talin fallin í gjalddaga vegna vanskila 3, 715

Mál út af félagsútgerð 64

Félag sýknað af kröfu um greiðslu á beituúttekt til báta þriðja manns, er einn félagsmanna hafði haft umsjón með, með því að ekki var sannað, að félagið hefði nokkurn tíma orðið ábyrgt á þeirri skuld 83

Kaupstaður sýknaður af kröfu um greiðslu útfararkostnaðar berklasjúklings, er andaðist á berklahæli, með því að annar kaupstaður var talinn hafa orðið framfærslusveit sjúklingsins, er hin nýju framfærslulög komu til framkvæmda 149

Þrír aðiljar dæmdir til að greiða in solidum ýmsan viðgerðarkostnað á rafmagnsstöð til þess, er upphaflega hafði gert stöðina og látið efni í té, með því að viðgerðirnar voru ekki taldar hníga undir ábyrgð þá, er hann hafði tekið á stöðinni 264

Aðili, sem ekki hafði mætt í héraði og verið sýknaður þar vegna þess, að stefnandi var ekki talinn hafa fært sönnur á skuldakröfu sína, dæmdur til að greiða skuldina samkvæmt kröfu stefnanda, með því að ekkert kom fram í málinu, er ekki mætti samrímast henni 388

Stefndur í héraði dæmdur til greiðslu innieignar, er H krafði hann um, með því að stefndur, sem tjáði sig hafa greitt til þriðja manns, fekk ekki sannað, að sá maður hefði haft heimild til þess að taka við greiðslunni 425

Farmsendandi dæmdur til að greiða farmflytjanda

hluta af farmgjaldi, sem hann taldi sig hafa haft rétt til að halda eftir vegna vanefnda á farmsamningnum 471
Skipstjóri sýknaður af kröfu um viðgerðarkostnað á bát annars manns, með því að ekkert benti til, að hann hefði gerzt ábyrgur um greiðslu á þeim kostnaði 481
Sýslunefnd sýknuð af greiðslu kröfu bæjarstjórnar um tillag til spítala, með því að forsendur þær, er tillagið var veitt á, voru brostnar 565
Háseta og skipstjóra á bát dæmt kaup með sjóveðrétti í bátnum 610, 749
Sýslunefnd dæmd samkvæmt ábyrgðarskuldbindingu sinni f. h. sýslunnar til þess að greiða skuld, er undir ábyrgðina hneig 661
Tveir verksalar dæmdir til að greiða manni, er tók að sér hluta af verki því, er þeir höfðu skuldbundið sig til að vinna, ýms verk, með því að sú varnarástæða þeirra, að þau væru þeim óviðkomandi, var ekki talin á rökum byggð 687
Aðili sýknaður af kröfu um að greiða skuld í virkri erlendri mynt, með því að báðum aðiljum hlaut að vera það ljóst, er skuldbindingin varð til, að skuldunautur hafði það ekki á valdi sínu vegna réttarákvæða þeirra, er í gildi voru um gjaldeyrismál 753
Eiganda bifreiðar, er komið hafði verið til viðgerðar eftir slys af vátryggjanda hjá A, talinn hafa með framkomu sinni gagnvart A tekizt á hendur persónulega ábyrgð á greiðslu viðgerðarkostnaðarins 759

Skuldskeyting.

Ákvæði í kaupsamningi um það, að kaupandi skyldi til þess að fá afsal að eign taka að sér tilteknar veðskuldir á eigninni, talið fullnægt með yfirlýsingu kaupanda þar um í afsali eða í bókun fyrir fógetarétti, en að yfirlýsingar veðhafa um samþykki þeirra á skuldskeytingunni þyrfti ekki. Þetta talið venju samkvæmt og eðli málsins, eins og á stóð 399

Stefna.

Í héraðsstefnu í opinberu máli var öllum hinum stefndu stefnt til refsingar eftir sömu réttarákvæðum, enda þótt sýnt væri, að einungis nokkur þeirra ætti við suma og öll þeirra við engan hinna stefndu. Þetta talið mjög aðfinnsluvert .. 484

Sveitarstjórn. Sjá fátækraframfærsla.

Svik. Sjá fjársvik.

Sönnun, sönnunarbyrði. Sbr. líkur, mat og skoðun, vitni.

a) Einkamál.

Lánardrottinn, er tók við afborgun upp í skuld sína, eigi talinn hafa sannað, að hann hefði slegið nokkurn varnagla um það, að vanskil skuldunauts mundu allt að einu verða talinn honum til óhags 3

Staðhæfing um það, að kaup á hlutabréfi hefði verið byggt á ákveðinni forsendu, eigi tekin til greina, með því að staðhæfingin var ósamrímanleg stofnsamningi félagsins 36

Staðhæfingar aðilja um notkun salts til verkunar síldar og um rýrnun hennar, svo og um ýmsa aðra liði, ekki talið hnekkt af gagnaðilja, og voru kröfur hans teknar að því leyti til greina, með því að staðhæfingarnar þóttu sennilegar 64

Sá aðili, er byggði rétt á samningsrofum, fékk ekki sannað þau, og krafa hans var því ekki tekin til greina að því leyti 64

Aðili, er taldi sig hafa greitt ákveðnar upphæðir í útflutningsgjöld af vöru, ekki talinn hafa sannað það, nema að nokkru leyti 64

Aðili, er taldi sig hafa unnið verk í þarfir útgerðar, er hann rak í félagi við B, ekki talinn hafa sannað, að hann ætti endurgjald fyrir það eftir félagssamningi aðilja 64

Ekki talið sannað, að B hefði með athöfnum sínum eða aðgerðaleysi bakað sér ábyrgð á skuld C við D 83

Aðili ekki talinn hafa sannað, að nokkur hluti af vörum, er hann lét útgerðarmanni í té, hefði verið af höndum inntur eftir ráðstöfun skipstjóra, og var sjóveðréttur í skipi að því leyti ekki viðurkenndur 163
Umsögn verzlunarráðs og verzlunarmannafélags um uppsagnarfrest verzlunarmanna lögð til grundvallar um venju í þeim efnum 169
Forstjóri útgerðarfyrirtækis kvað A hafa verið ráðinn með sérstökum skilyrðum og að venju samkvæmt hefði hann orðið að sætta sig við tiltekna breytingu á vinnusambandi þeirra. Þetta var hvorugt sannað gegn neitun A, og var því krafa hans tekin til greina 228
Áætlun um aflatjón skips vegna viðgerðar á skemmdum af árekstri tekin til greina að því leyti sem hún varðaði veiði hér við land, en ekki að því leyti sem hún snerti veiði við Noreg, með því að greinargerð vantaði um aðvænleika veiða þar 232
Í skaðabótamáli vegna bifreiðarslyss voru bætur dæmdar, með því að ósannað var, að slys hefði hlotið að vilja til, þótt allrar varúðar hefði verið gætt 277, 326, 332, 462
Bætur dæmdar vegna bifreiðarslyss, með því að ekki var sannað, að slys hefði hlotið að vilja til, þótt bifreið hefði verið fyrr stöðvuð, og ekki sannað, að ómögulegt hefði verið að gera það 253
Krafa um bætur fyrir fataspjöll vegna bifreiðarslyss tekin til greina sakir þess, að vafalaust mátti telja, að slík spjöll hefðu orðið 277, 326, 332, 676
Krafa um bætur til handa hjónum einnig fyrir tap vegna fjarvistar frá heimili sínu sakir bifreiðarslyss tekin til greina, með því að gera þótti mega ráð fyrir því, að slík fjarvist hefði bakað þeim tap 277
Aðiljar deildu um ábyrgð verksala á vél o. fl. Verktaka, er sannur þótti vera um vanhirðu á vél o. fl., talinn eiga sem vörzlumaður vélar að sanna, að bilanir á henni stöfuðu af atvikum, sem verksali bæri ábyrgð á 264

Ekki talið sannað, að banki hefði tekið við bréfi fyrr en viðtökustimpill hans á því sýndi, þrátt fyrir gagnstæða skýrslu bréfberans. Skýrsla aðilja um andvirði fisks, er bankinn seldi, en aðili hafði rétt yfir samkvæmt farmskrá, lögð til grundvallar, með því að henni var ekki hnekkt 390

K, sem greiddi innieign B til C í þeirri trú, að C hefði heimild til að taka við greiðslunni, fékk ekki sannað þetta, og var því dæmdur til að greiða innieignina 425

Með því að skýrslur bifreiðarstjóra í opinberu refsimáli gegn honum um atvik að bifreiðarslysi þóttu ekki verða lagðar til grundvallar í skaðabótamáli, er sá höfðaði, sem fyrir slysi varð, var eigandi bifreiðar dæmdur til greiðslu skaðabóta 462

Það talið sannað, að veðskuldabréf, sem A og B höfðu gefið út og C hafði tekið við, hefði verið gefið út honum til ráðstöfunar til að afla fjár til húsbyggingar, er hann hafði á hendur tekizt fyrir þá, og þegar fyrir það var girt, að sú ráðstöfun yrði gerð, þá var C talið skylt að skila þeim bréfinu 476

Talið sannað, að stjórnarmenn tveggja skipa, er rákust á, ættu báðir sök á árekstri 590

Maður, sem heimilisfastur var erlendis, en átti hér húseign, sem hann skyldi svara útsvari af, talinn hafa sannað með rekstrarreikningum húseignarinnar, að hún hefði engan hreinarð gefið honum það ár, er máli skipti 607

Skýrsla eins vitnis um atvik, ásamt líkum um það, að því væri svo farið sem vitni og aðili sagði, talin næg sönnun 687

Stefnandi, sem krafði þann, er standa átti skil á lánuðum peningaskáp, andvirðis hlutarins, með því að nú væri hann orðinn ónothæfur, ekki talinn hafa leitt sönnur að þeirri staðhæfingu, og gagnaðili hans var því sýkn dæmdur að svo stöddu af kröfu hans 700

Skýrslu bifreiðarviðgerðarmanns um geymsluhátt bifreiðar, sem ekki var leyst út á réttum tíma, ekki talið hnekkt af stefnda í héraði 759

b) Opinber mál.

Vitnisburður tveggja telpna, sem sögðust samtímis og að hvorri annari ásjáandi hafa orðið fyrir lostaverkum manns, talin næg sönnun um athæfi hans 9

Vitnisburðir annara telpna, ásamt skýrslum vitna, er ekki báru beint um þau atvik, er sanna átti, taldir næg sönnun um misbrúkun sökunauts á telpunum 9

Skýrslur þriggja annara telpna um misbrúkun sökunauts á þeim eigi taldar sanna nægilega sekt sökunauts að því leyti 9

Með því að virðing hafði ekki farið fram á stolnu reiðhjóli, þótti ekki sannað, að það hefði verið 30 króna virði, og sökunautur var því sýknaður, með því að sá, er stolið hafði verið frá, hafði ekki krafizt málshöfðunar 25

A sýknaður af kæru um hlutdeild í netjatöku, með því að sannað var, að hann hefði ekki verið með í þeim róðri, er sonur hans tók netin, og af kæru um það, að hann hefði slegið eign sinni á segl, með því að ekki var talið útilokað, að hann hefði mátt telja sig hafa fengið seglið með skipi, er hann keypti á uppboði 96

Skipstjóri og loftskeytamaður á togara kváðust hafa fengið skeyti frá togara, er kærði hafði umsýslu með, en með því að vitnisburðirnir voru ónákvæmir um efni skeytanna og um það, hve nær þau voru send, þótti ekki fram komin nægileg sönnun fyrir sekt kærða 137

Sýknað af kæru um togaranjósnir, með því að skýrslu sökunauts um það, að upplýsingar hans til erlends skipstjóra um ferð varðskipa hefði ekki verið gefin í ólöglegum tilgangi, þótti ekki ósennileg 322

Skýrsla loftskeytamanns á togara um skeytasendingar sökunauts til togarans eigi talin sanna sekt sökunauts gegn neitun hans og skipstjóra 694

Í refsimáli út af bifreiðarslysi var bifreiðarstjóri einn til frásagnar um atvik, svo að leggja varð skýrslu hans til grundvallar um atvik af því, og leiddi hún til sýknu hans 154

Skrifstofustjóri í banka sýkn dæmdur af ákæru um þjófnað eða sviksamlegt athæfi, með því að engar sannanir fengust um sekt hans 185
Í máli til refsingar fyrir ólöglega áfengissölu þóttu áfengiskaup kærða, skýrslur einstakra vitna um áfengiskaup hjá honum og fyrri refsidómar á hendur honum o. fl. nægileg sönnun um sekt hans 243
B dæmdur sekur um þjófshilmingu, með því að hann hafði um tíma keypt vörur af pilti, er hann vissi, að var sendisveinn, undir búðarverði og kvað sig hafa grunað, að vörurnar væru ekki vel fengnar 288
Í máli til refsingar fyrir brot á fyrirmælum um matvæli þótti sýnishornatöku og rannsókn svo ábótavant, að ekki þótti byggjandi refsidómur þar á 408
A talinn hafa með uppgreftri götu valdið spjöllum á niðurgröfnum símastreng, með því að útilokað þótti, að spjöllin gætu stafað af öðrum orsökum 417
Með framburði vitna, er þó ekki vitnuðu um samtímis athuguð atvik, líkskoðun og að nokkru játningum sökunauta þótti sannað, að þeir hefðu með aðbúð og atlæti við vinnustúlku sína gerzt sek um brot, er varðaði við 213. gr. almennra hegningarlaga 431
Vitni bera um látæði og útlit manns. Hann talinn ölvaður samkvæmt því, þrátt fyrir neitun sína 558
Skýrsla lögreglumanna, er tóku bifreiðarstjóra, er ekið hafði á annan bíl, um útlit hans og hátterni, blóðrannsókn, akstur hans og játning hans um áfengisneyzlu, þótti nægileg sönnun um ölvun hans 621
Einn lögregluþjónn hermdi, hvaða orð A hefði við hann haft, en tveir lögregluþjónar, er við voru staddir, gátu ekki borið um það ákveðið. Ekki talið sannað, að A hefði viðhaft nákvæmlega þau orð 672
Ölvaður bifreiðarstjóri talinn hafa ekið bifreið áleiðis frá Baldurhaga til Reykjavíkur, með því að öðrum var ekki til að dreifa, eftir því sem fram var komið 730
Staðarákvörðun varðskipsforingja og tveggja stýri-

manna talin næg sönnun um landhelgibrot, enda þótt togaraskipstjóri samþykkti hana ekki 412
Staðarákvarðanir varðskipsmanna lagðar til grundvallar gegn staðarákvörðunum togaraskipstjóra, er ekki fengu staðizt 555, 574
Mælingum varðskips og togaraskipstjóra bar ekki saman, en hvorugur vefengdi annars mælingar. Varðskipsforingi taldi ósamræmið stafa af mismun á sjókortum, en skýrslur hans voru lagðar til grundvallar 421

Tékkar.

Maður dæmdur til refsingar eftir 259. gr. almennra hegningarlaga fyrir útgáfu tékka, án þess að innstæða væri fyrir til innlausnar þeim 630

Togaranjósnir.

Sýknun af kæru um togaranjósnir vegna sannanaskorts 137, 694
Maður sýknaður af kæru um togaranjósnir, enda þótt hann hefði sent togara skeyti, er geymdi upplýsingar um varðskip, með því að skeytið taldist ekki hafa verið sent í ólöglegum tilgangi, og aðili ekki talinn hafa þurft að gera ráð fyrir því, að það yrði notað ólöglega 332

Tolllagabrot.

Maður dæmdur sekur um afhendingu á framleiðsluvörum sínum eða þess fyrirtækis, er hann stjórnaði, til sölu, án þess að tollur væri af þeim greiddur, svo og fyrir brot á reglum um bókhald varðandi framleiðsluna 369
Maður dæmdur í sekt fyrir innflutning vöru án þess að hann ætlaði sér að greiða af henni toll, en þrefaldan toll af vörunni þótti honum ekki verða dæmt að greiða, með því að ekki var vitað, hvort vörurnar yrðu afhentar kærða 77

Umboð.

Það af vöruúttekt til togara í Englandi, er telja mátti, að skipstjóri hefði beðið um handa skipi sínu, talið tryggt með sjóveðrétti í skipinu, en það,

sem talið var í té látið að ráðstöfun skipseiganda, ekki talið þannig tryggt 163
A greiddi innieign B hjá sér til C í þeirri trú, að C hefði heimild til að taka við greiðslunni. Þetta gat A ekki sannað, og var því dæmdur til að greiða B 425
Framkvæmdarstjórum Útvegsbankans talið heimilt að framselja eignarrétt að peningaskáp, er fyrrverandi framkvæmdarstjóri Íslandsbanka hafði lánað, en ekki bótakröfu, byggða á því, að bankastjórinn hefði brotið í starfi sínu með þessari ráðstöfun 700

Uppboð.

Þriðji, fjórði og fimmti veðréttur voru að undangengnu nauðungaruppboði á fasteign afmáðir úr veðmálabókum, og síðan seldi uppboðskaupandi A eignina. Þar eftir vor uppboði áfrýjað og það, ásamt uppboðsafsali, ómerkt með dómi hæstaréttar. Eigendur áðurnefndra veðrétta kröfðust viðurkenningardóms um veðréttina þrjá á hendur A, og var sú krafa tekin til greina, enda þótt A teldi sig hafa keypt eignina samkvæmt því, sem á undan var farið, með því að hann vissi, að uppboði og afsalsútgáfu mátti þá áfrýja, er kaup hans gerðust 735
Sjóveðréttur dæmdur í uppboðsandvirði skips 163, 749

Úrskurðir.

Úrskurður um frest í einkamáli 416
Úrskurður um rækilegri rannsókn í barnsfaðernismáli 152
Úrskurður um rækilegri rannsókn í opinberu máli 54, 141, 215
Í ómerkingardómi í opinberu máli var jafnframt ákveðið, hvað rannsaka skyldi rækilegar, þegar málið yrði tekið upp að nýju 655

Útflutningsbann.

Ákvæði laga um útflutningsbann á gulli aðeins talið taka til myntaðs gulls og annars gulls, sem lög-

um samkvæmt var hæft til málmforðatryggingar seðla Íslandsbanka 77

Útivist aðilja.

Áfrýjandi mætti ekki, og mál féll því niður, en 50 króna aukagjald dæmt sem skilyrði fyrir þingfestingu máls af nýju 206, 243, 359, 360, 481, 547, 641, 723—724, 775

Stefndi mætti ekki, og mál því skriflega flutt 113 270, 310, 388, 476, 481, 772

A krafði B í héraði greiðslu á peningum, sem hann hafði lánað B, en þó ekki tekið skuldarviðurkenningu af B. B mætti ekki og var sýknaður, með því að A hefði ekki sannað kröfu sína. Hæstiréttur dæmdi B til að borga, með því að ekkert það væri fram komið í málinu, er ekki mætti samrímast kröfu A 388

Skipstjóri, er stjórnaði báti annars manns, dæmdur í héraði, þar sem hann kom ekki fyrir dóm, til greiðslu viðgerðarkostnaðar á bátnum. Í hæstarétti var skipstjórinn sýknaður, með því að ekkert benti til þess, að hann ætti að bera ábyrgð á greiðslunni 481

Útsvör.

Iðnsveinn dæmdur útsvarsskyldur, þar sem hann hafði lengi samfleytt dvalizt og unnið, þótt hann léti skrifa sig heimilisfastan annarstaðar 270

G-hreppi talið óheimilt að leggja útsvar á A-kaupstað vegna rafmagnsstöðvar, sem kaupstaðurinn átti og rak í landareign hreppsins, með því að stöðin mátti ekki teljast atvinnufyrirtæki 692

Maður, heimilisfastur erlendis, var ekki talinn skyldur til að greiða útsvar af húseign, sem hann átti í Reykjavík, með því að hann sannaði með rekstrarreikningi hússins það ár, sem máli skipti, að það hefði engan hreinarð gefið honum 607

Valdstjórn og allsherjarregla.

Slökkviliðsstjóri sýknaður af refsikröfu fyrir harðyrði við lögregluþjóna. Hvorirtveggja voru að

gegna starfa sínum, og þóttu lögreglumenn hafa veitt efni til aðfinninga af hálfu slökkviliðsstjórans, en að því leyti sem hann hafði orðið offari í orðum við þá, var það talið afsakanlegt, eftir því sem á stóð fyrir honum 672

Vanræksla.

Maður sektaður vegna þess, að hann hafði vanrækt að láta rétta aðilja vita um fyrirhugaðan gröft á götu, þar sem símastrengur var niður grafinn 417

Varnarþing.

a) Einkamál.

Mál höfðað eftir 84. gr. laga nr. 85/1936 590
Mál höfðað eftir 83. gr. laga nr. 85/1936 173
Samið um varnarþing fyrir aukarétti 661
Samið um varnarþing 144, 149, 676, 715
Mál til greiðslu skuldar vegna viðgerðar á rafmagnsstöð höfðað af rafvirkja með starfsstöð í Reykjavík eftir lögum nr. 59/1905 264
Mál höfðað á Siglufirði til greiðslu á viðgerð á skipi er þar fór fram, en stefndi búsettur í Reykjavík 481

b) Opinber mál.

Mál höfðað í Reykjavík samkvæmt konunglegri umboðsskrá gegn manni búsettum í Hafnarfirði 322, 694
Brot framið við Hvalfjörð. Rannsókn og málsmeðferð í Reykjavík 627
Mál gegn lyfsölum landsins, nokkrum lyfjasveinum og einum umboðssala höfðað í einu lagi og á varnarþingi í Reykjavík. Ómerkt í hæstarétti 484
Brot framið á Eskifirði, en sökunautar fluttir til Reykjavíkur, mál rannsakað þar og dæmt vegna betri aðstæðna 431
Landhelgibrot framin fyrir Þingeyjarsýslum. Mál rekið á Akureyri 56, 206, 412, 421
Landhelgibrot framið við Garðsskaga og Snæfellsnes. Mál rekið í Reykjavík 555, 574, 728
Landhelgibrot framið við Gerpi. Mál rekið í Neskaupstað 642
Landhelgibrot framið við Horn. Mál rekið á Ísafirði 646

Vátryggingarsvik.

Þrír sökunautar dæmdir sekir um húsbrennu og hlutdeild þar í eftir 283. gr. almennra hegningarlaga 363
Maður dæmdur fyrir íkveikju í bifreið í því skyni að fá brunatryggingarfé hennar greitt 627

Veð. Sbr. sjóveð.

Þriðji veðréttur, sem stofnaður var í bága við þinglýstan kaupsamning, talin verða að víkja fyrir rétti kaupanda 41
Veðskuld talin öll fallin í gjalddaga vegna vanskila samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfs 3
A hafði veðsett banka óveiddan fisk af tilteknum bátum. Sjómenn voru ráðnir upp á hlut. Bankinn fekk ekki andvirði alls þess fisks, sem veiddist, en þó meira en sem svaraði andvirði þess fisks, er kom í hlut bátanna. Ekki talið sannað, að A hefði veðsett aflahlut sjómannanna 630
Eftir nauðungaruppboð á fasteign voru 3., 4. og 5. veðréttir afmáðir úr veðmálabókum og uppboðsafsal gefið út. Síðan seldi uppboðskaupandi A eignina með 1. og 2. veðrétti. Þar eftir áfrýjuðu eigendur 3., 4. og 5. veðréttar uppboði og afsalsútgáfu, og var hvorttveggja ómerkt með hæstaréttardómi. A var dæmdur til að þola hina afmáðu veðrétti á eigninni, enda þótt hann teldi sig hafa keypt hana í trausti þess, að aðeins 1. og 2. veðréttur hvíldi á henni, með því að hann vissi, að uppboð og afsalsútgáfa voru áfrýjanleg 735
Útgefandi skilyrts veðskuldabréfs dæmdur skyldur að greiða það, þótt vafasamt kynni að vera um fullnægingu skilyrðanna, með því að hann var talinn hafa gefið bindandi loforð um það .. 715

Veitingasala. Sjá atvinnuréttindi.

Veitingaleyfi dæmt af manni, er ekkert veitingaleyfi hafði haft. Dómur ómerktur í hæstarétti 338

Venjur.

Talið aldagamalt ástand, að heimilisiðnaður í söluskyni væri alveg frjáls. Löggjöf um iðnað ekki talin fela í sér röskun á því ástandi 59
Talið samkvæmt venju, að fastir starfsmenn verzlana í Reykjavík fái þriggja mánaða uppsagnarfrest 169
Aðili, sem skírskotaði sér til varnar til venju, er myndazt hefði um ákveðið atriði, gat ekki sannað, að sú venja væri til, og sýknukrafa hans því ekki tekin til greina að því leyti 228
Það talin hafa verið föst venja, að verzlunarleyfis væri ekki krafizt til sölu brauða og mjólkurvöru 295
Það talið venju samkvæmt, að yfirlýsing kaupanda fasteignar um ábyrgð sína á veðskuldum sé nægileg til þess að fá afsal, og að því sé seljanda ekki rétt að heimta, að hann sýni samþykki veðhafa til ráðstöfunarinnar 399
Ekki talið venja að lögskrá skipverja á báta undir 12 tonnum 610

Verðjöfnunargjald.

R ekki talið skylt að greiða verðjöfnunargjald af kúamjólk frá búi sínu, sem hún notaði í þarfir skólanemenda, er hún skyldi fæða samkvæmt samningi sínum við ráðherra 361

Verksamningar.

Þrír aðiljar taldir skyldir til að greiða viðgerð á rafmagnsstöð, er A hafði selt þeim efni og verk til, með því að bilanir þær, sem viðgerðar þurftu, voru ekki taldar hníga undir ábyrgð þá, er hann hafði tekið á stöðinni 264
Tveir aðiljar taldir skyldir til að greiða A fyrir verk, er hann hafði unnið og ekki var talið innifalið í verksamningi þeirra við hann og þeir töldust hafa beðið hann um að vinna í sambandi við húsbyggingu, er þeir höfðu að sér tekið fyrir þriðja mann 687

Verzlun. Sjá gjaldeyrislög, iðnað, innflutningslagabrot, tolllagabrot, útflutningsbann.
Verzlunarleyfi til sölu mjólkurvöru og brauða ekki talið nauðsynlegt 295

Vextir.

Vextir færðir niður í héraði úr 6% í 5% eftir kröfu stefnda 173, 264
Vextir fallnir á fyrr stefnudag, en taldir í höfuðstól, dregnir frá 759
Vextir taldir frá því, er kröfu var lýst í skuldaskilasjóð. Þessu ekki áfrýjað til breytinga af hálfu lánardrottins 173
Vextir af skuld vegna viðgerðar á rafmagnsstöð aðeins settir frá stefnudegi 264
Vextir reiknaðir frá sáttakærudegi í máli, þar sem stefndi mætti ekki 388
Samkvæmt varakröfu stefnda voru vextir í héraði reiknaðir frá sáttakærudegi 425
Vextir af andvirði fisks, er banki var skyldaður til að greiða, taldir frá þeim degi, er upphæðin var færð bankanum til innieignar í viðskiptareikningi hans við þann banka erlendis, sem féð var greitt í 390

Vinnusamningar.

A var ráðinn bílstjóri hjá hlutafélaginu S til 1 árs frá 30. apríl 1932 — 30. s. m. 1933, en þá taldi hann samninginn hafa framlengzt eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur var ákveðinn 3 mánuðir. Árið 1935 var A sagt upp stöðunni með 3 mánaða uppsagnarfresti frá 1. jan. 1936. A krafðist kaups fyrir 4 mánuði, með því að ólögmætt hefði verið að segja samningnum upp fyrr en frá 30. apríl 1936. Þessari ástæðu hrundið, með því að samningurinn hefði endurnýjast um óákveðinn tíma frá 30. apríl 1933, og því rétt að segja honum upp með 3 mánaða fyrirvara, eins og gert var. Samningssekt, 500 krónur, var lögð við rofum á vinnusamningnum. Kröfu um greiðslu hennar

byggði A bæði á því, að alóheimilt hefði verið að segja honum upp stöðunni, með því að félagsstjórn hafi vitað, að það var honum ákvörðunarástæða til hlutarkaups í félaginu, að hann fengi þar og héldi atvinnu, og á þeim samningsrofum, að honum hefði goldizt kaup sitt óskilvíslega. Fyrri ástæðunni hrundið vegna ósamrímanleika hennar við stofnsamning félagsins — en A var einn stofnenda þess — og ráðningarsamnings A. Síðari ástæðunni var hrundið, með því að A hafði fengið allt kaup sitt greitt áður en málið var höfðað og tekið fyrirvaralaust við því 36

Ráðningarsamningur milli útgerðar og vélstjóra, er sagt hafði verið upp, talinn endurnýjaður með nýrri lögskráningu til óákveðins tíma, og var vélstjórinn því talinn eiga venjulegan 3 mánaða uppsagnarfrest 228

Talið, að fastráðnum starfsmönnum við verzlanir í Reykjavík beri 3 mánaða uppsagnarfrestur venju samkvæmt 169

Kaupkrafa sjómanns á hendur þriðja manni, er byggð var á því, að hann hefði tekið við fiski af skipi því, sem sjómaðurinn vann á, og ætti því að greiða honum andvirði fisksins, eigi talin eiga að sæta lögsögu lögreglustjóra samkvæmt 2. málsgr. 29. gr. laga nr. 85/1936, með því að slík krafa gæti ekki talizt falla undir 1.—3. tölul. 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 133

Vitni. Sbr. líkur, mat og skoðun, sönnun.

Skýrslur 8 ára gamalla telpna um lostaverk sökunauts við þær, ásamt ýmsu, er styrkti framburð þeirra, taldar sanna sök á hendur ákærða. Einnig báru tvær 13 og 14 ára gamlar telpur um samskonar mök við hann, enda voru báðar viðstaddar og ásjáandi, og voru skýrslur þeirra taldar full sönnun. Þar á móti þóttu skýrslur annara telpna, 7—8 ára gamlla um samskonar verknað við þær ekki veita fulla sönnun 9

Vitni ber, að H væri í róðri, er sonur hans tók upp

net, er aðrir menn áttu, en sannað var, að H lá þá veikur í landi 96
Sum vitna telja netin hafa verið svo mörg, en önnur kveðast ekki geta sagt um það atriði. Ekki talið ósamræmi milli þeirra vitnisburða 96
Vottorðum sjö manna, sem lögð voru fram í máli, var ekki mótmælt sem óstaðfestum í héraði, og var því á þeim byggt, eins og þau hefðu verið staðfest 121
Tvö vitni, þar af annað skipstjóri, er sektaður var fyrir togaranjósnir, báru, að þau hefðu fengið fregnir um ferðir varðskipanna í skeytum, sem kærði bar ábyrgð á. Gegn neitun hans var ekki talin fram komin næg sönnun um sekt hans, með því að vitnisburðirnir voru svo óákveðnir bæði um tíma og annað 137
Vitnaskýrslur í togaramáli ekki að öllu samhljóða, en þær fólu í sér mat á fjarlægð togara frá dufli á tiltekinni stund 206
Staðhæfing skipstjóra og háseta á skipinu A um það, að skipinn B hafi verið gefin ákveðin hljóðbending, tekin trúanleg í árekstrarmáli gegn mótmælum málflytjanda eiganda B 232
Vitni gerði tvisvar breytingu á eiðfestri skýrslu sinni, og þótti þetta veikja sönnunargildi skýrslunnar 243
Einstök vitni bera um áfengiskaup sín hjá R. Þetta þótti styrkja annað, sem fram var komið, en ekki veita fulla sönnun um áfengissölu kærða til hvers þeirra út af fyrir sig 243
Vitnið A segist hafa keypt áfengi af S. Vitnið B kveðst hafa heyrt á tal A og S, en sá ekki, þegar S afhenti honum áfengið. Talin þar með fengin sönnun um áfengissölu S til A 258
Tvö vitni, er ekki báru þó jafnlangt um atriði, er máli skipti, talin sanna með skýrslum sínum, að aðili hefði gefið loforð um greiðslu tiltekinnar skuldar, enda voru fleiri atriði því til styrktar 264
Vitni ósamhljóða um sama atvik, er þau skyldu hafa verið sjónar- og heyrnarvottar að 379
Ýms vitni bera um atlæti og aðbúð stúlku á heimili

einu án samtímis skynjunar sömu atvika. Skýrslur þeirra um áverka, er þau hafi séð á stúlkunni, ekki taldar sanna, að húsbændur hennar hafi gerzt sek um líkamsáverka á henni 431
Maður, sem leiddur var vitni í opinberu máli, breytti síðar algerlega framburði sínum og kvað fyrra framburð sinn vísvitandi rangan og gefinn þannig í hefndarskyni. Annað vitni talið fjandmaður sökunauta af þeim og öðrum 431
Í opinberu máli bera tvö vitni, annað kærandi og hitt starfsmaður hans, að ákærði hefði, er hann leitaði láns hjá kæranda, gefið skýrslu um skuldir sínar með ákveðnum hætti, en ákærði neitaði þessu. Skýrsla ákærða, sem einnig þótti betur samrímast hinni framlögðu skuldaskýrslu ákærða lögð til grundvallar 548
Vitni bera um útlit manns og látæði í máli um ölvun bifreiðarstjóra 558, 621
Vitni bera um hraða bifreiðar 616
Eigi talið fullljóst, hvaða orð A hafði við lögregluþjóna ákveðið skipti, þó að einn þeirra tilfærði ákveðin orð, en hinir aðeins efni ummælanna 672
Loftskeytamaður á togara kvað útgerðarmann oft hafa sent togaranum dulmálsskeyti um ferðir varðskipanna. Skipstjóri neitaði þessu eindregið. Skeytin urðu ekki leyst, og kærði var sýknaður 694
Í rannsókn, sem í eðli sínu var opinber, var sá, er fyrir sök var raunverulega hafður, yfirheyrður sem vitni. Óbeinlínis fundið að þessu í úrskurði hæstaréttar 712
Skýrsla framkvæmdarstjóra hlutafélags, er framseldi A víxil, um viðskiptaháttu sína og víxilskuldara eigi talin fullgild 753

Víxilmál.

Ekki talið skylt að greiða víxil í virkri enskri mynt, þótt víxill hljóðaði á sterlingspund, þegar af því, að aðiljum voru kunnar á útgáfudegi víxilsins íslenzkar gjaldeyrisreglur, en samkvæmt þeim er það ekki á valdi aðilja, hvort erlendur gjaldeyrir fæst. Víxilskuldari dæmdur til að greiða víxil-

upphæð eftir gengi sterlingspunds á greiðsludegi 753
Með samþykki aðilja var ábyrgðarkrafa, er tryggð var með víxli, sótt í almennu máli og að undan genginni sáttatilraun 661

Vörzlur. Sjá fundið fé.

Þinglýsing.
Réttindi samkvæmt þinglýstum kaupsamningi talin eiga að rýma brott veðrétti, sem síðar varð til og fór í bága við rétt kaupanda 41

Þjófnaður. Sbr. fundið fé, hlutdeild.
Skrifstofustjóri í banka sýknaður af kæru um það, að hann hefði tekið seðla úr seðlabúnti og fé úr sjóðgeymslu gjaldkera, með því að allar sannanir skorti um sekt hans 185

a) Stórþjófnaður.
Innbrot í búð til þess að stela skrautmunum o. fl. Einn brýzt inn, aðrir standa á verði. Ýmsir aðrir innbrotsstuldir 302

b) Almennur þjófnaður.
Maður dæmdur sekur um peningastuld úr ólæstum fataskáp 251
Ákærði dæmdur eftir 6. gr. laga nr. 51/1928 sbr. 53. gr. almennra hegningarlaga fyrir að hvetja ungling til að stela búðarvörum til þess að selja ákærða þær ódýrt 288
Maður dæmdur sekur um peningastuld úr fötum annars manns í hásetaklefa í skipi 670

c) Smáþjófnaður.
Kona stal gömlu reiðhjóli, sem héraðsdómari hafði ekki látið virða. Því var ekki talið sannað, að það hefði numið 30 króna verðmæti, og með því að málshöfðunarkrafa hafði ekki komið fram frá þeim, er stolið var frá, var konan sýknuð í hæstarétti 25

Ölvun. Sjá bifreiðar.

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

IX. BINDI
1938

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXXXIX

Reglulegir dómarar hæstaréttar 1938.

Gizur Bergsteinsson. Forseti dómsins frá 1. jan. 1938 til 31. ágúst s. á.

Einar Arnórsson. Forseti dómsins frá 1. sept. 1938 til 31. des. s. á.

Þórður Eyjólfsson.

Setudómarar 1938.

1. 12. jan. Mál nr. 113/1937: Valdstjórnin gegn Gísla Jóhannesi Jónssyni. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
2. 12. jan. Mál nr. 77/1937: Guðrún Arnalds gegn Vigfúsi Þ. Jónssyni. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
3. 14. jan. Mál nr. 87/1937: Réttvísin gegn Gísla Stefánssyni. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
4. 17. jan. Mál nr. 106/1937: Réttvísin gegn Guðbjörgu Kristínu Sölvadóttur. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
5. 17. jan. Mál nr. 76/1937: Martin Christian Frederiksen gegn Margréti Ingibjörgu Halldórsdóttur. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).

6. 19. jan. Mál nr. 115/1937: Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
7. 19. jan. Mál nr. 191/1936: Strætisvagnar Reykjavíkur h/f gegn Sigurbergi Elíssyni og gagnsök. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
8. 21. jan. Mál nr. 55/1937: Firmun J. Þorlákssson & Norðmann og Timburverzlun Árna Jónssonar gegn Páli Hallbjörns og gagnsök. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
9. 24. jan. Mál nr. 110/1937: Valdstjórnin gegn Hjálmtý Guðvarðssyni. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
10. 24. jan. Mál nr. 100/1936: Guðrún Jóhanna Jóhannesdóttir eigandi Arnarness gegn Guðjóni Sigurðssyni f. h. kirkjujarðasjóðs eiganda Garðakirkjulands o. fl. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
11. 26. jan. Mál nr. 62/1937: Réttvísin gegn Ólafi Sveinssyni, Lilju Júlíusdóttur, Júlíusi Einarssyni og Ingibjörgu Guðmundsdóttur. Varadómari: Ísleifur Árnason prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinsonar hrd.).
12. 31. jan. Mál nr. 95/1937: Valdstjórnin gegn Frederick H. Harris. Varadómari: Ísleifur Árnason prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
13. 31. jan. Mál nr. 116/1937: Valdstjórnin gegn Lovise Skaug Steinholt. Varadómari: Ísleifur Árnason prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
14. 4. febr. Mál nr. 1/1937: Jón Gíslason gegn Kristjáni Ásgrímssyni og gagnsök. Varadómari: Ísleifur Árnason prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
15. 7. febr. Mál nr. 133/1937: Réttvísin gegn Eiði Jónssyni. Varadómari: Ísleifur Árnason prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).

16. 7. febr. Mál nr. 145/1937: Valdstjórnin gegn Guðna Jónssyni. Varadómari: Ísleifur Árnason prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
17. 9. febr. Mál nr. 46/1935: Ísfélag Vestmannaeyja h/f gegn firmanu Gunnar Ólafsson & Co. Varadómari: Ísleifur Árnason prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
18. 11. febr. Mál nr. 81/1937: Réttvísin gegn Hannesi Hanssyni og Ögmundi Friðriki Hannessyni. Varadómari: Ísleifur Árnason prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
19. 14. febr. Mál nr. 46/1937: Guðmundur Jónasson gegn fjármálaráðherra Íslands f. h. ríkissjóðs og Birni Þórðarson lögmanni. Varadómari: Ísleifur Árnason prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
20. 14. febr. Mál nr. 143/1937: Valdstjórnin gegn Theodór Magnússyni. Varadómari: Ísleifur Árnason prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
21. 29. apríl. Mál nr. 130/1937: Pétur Magnússon f. h. eigenda e/s Andö gegn eigendum og vátryggjendum m/s Vikings. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Einars Arnórssonar hrd.).
22. 11. mai. Mál nr. 134/1936: Páll Sigurðsson, dánarbú Auðuns Jónssonar og dánarbú Guðmundar Jónssonar gegn Eiríki Ormssyni f. h. firmans Bræðurnir Ormsson. Setudómari: Ísleifur Árnason prófessor (í stað Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
23. 22. júlí. Mál nr. 10/1938: Réttvísin og valdstjórnin gegn Hans A. Svane o. fl. Allir reglulegu dómararnir viku sæti. Setudómarar: Dr. jur. Björn Þórðarson lögmaður og prófessorarnir Bjarni Benediktsson og Ísleifur Árnason.
24. 5. okt. Mál nr. 19/1938: Réttvísin gegn Skúla Pálssyni. Varadómarar: Bjarni Benediktsson prófessor og Ísleifur Árnason prófessor (í stað Einars Arnórssonar og Gizurar Bergsteinssonar hrd., er voru fjarverandi).

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Valdstjórnin gegn Gísla Jóhannesi Jónssyni. Áfengislagabrot	1/1	1
2.	Guðrún Arnalds gegn Vigfúsi Þ. Jónssyni. Fjárnám í fasteign samkvæmt veðskuldabréfi	1/1	3
3.	Réttvísin gegn Gísla Stefánssyni. Skírlífisbrot	1/1	9
4.	Réttvísin gegn Guðbjörgu Kristínu Sölvadóttur. Þjófnaðarmál	1/1	25
5.	Martin Christian Frederiksen gegn Margréti Ingibjörgu Halldórsdóttur. Barnsfaðernismál	1/1	28
6.	Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni. Áfengislagabrot	1/1	33
7.	Strætisvagnar Reykjavíkur h/f gegn Sigurbergi Elissyni og gagnsök. Skaðabætur fyrir slit á vinnusamningi	1/1	36
8.	Firmun J. Þorlákssón & Norðmann og Timburverzlun Árna Jónssonar gegn Páli Hallbjörns og gagnsök. Gildi fasteignaveðs	2/1	41
9.	Valdstjórnin gegn Hjálmtý Guðvarðssyni. Áfengislagabrot	2/1	48
10.	Guðrún Jóhanna Jóhannesdóttir eigandi Arnarness gegn Guðjóni Sigurðssyni f. h. kirkjujarðasjóðs eiganda Garðakirkjulands, Gísla Jakobssyni eiganda Hofstaða og Gísla Sigurðssyni og Jóni Einarssyni eigendum Selskarðs. Landamerkjamál	2/1	50
11.	Réttvísin gegn Ólafi Sveinssyni, Lilju Júlí-		

		Dómur	Bls.
	usdóttur, Júlíusi Einarssyni og Ingibjörgu Guðmundsdóttur. Brenna. Úrskurður um framhaldsrannsókn	26/1	54
12.	Valdstjórnin gegn Frederick H. Harris. Botnvörpuveiðabrot	31/1	56
13.	Valdstjórnin gegn Lovise Skaug Steinholt. Atvinnuréttindi	31/1	59
14.	Jón Gíslason gegn Kristjáni Ásgrímssyni og gagnsök. Ágreiningur um greiðslu ýmissa kostnaðarliða vegna félagsútgerðar	1/2	64
15.	Réttvísin gegn Eiði Jónssyni. Ólögleg meðferð fundins fjár	7/2	73
16.	Valdstjórnin gegn Guðna Jónssyni. Brot á tollllögum og ákvæðum um gjaldeyri og innflutning	7/2	77
17.	Ísfélag Vestmannaeyja h/f gegn firmanu Gunnar Ólafsson & Co. Mál um greiðslu á vöruúttekt	9/2	83
18.	Réttvísin gegn Hannesi Hanssyni og Ögmundi Friðriki Hannessyni. Ólögleg meðferð fundins fjár	11/2	96
19.	Guðmundur Jónasson gegn fjármálaráðherra Íslands f. h. ríkissjóðs og Birni Þórðarson lögmanni. Frávísun. Áfrýjunarfrestur liðinn	14/2	113
20.	Valdstjórnin gegn Theodór Magnússyni. Kæra fyrir brot á lögum um matvælaeftirlit	14/2	116
21.	Kristján Bergsson gegn Carl Jörgensen og gagnsök. Slit á húsaleigusamningi	16/2	121
22.	Valdstjórnin gegn Guðmundi Kristni Ögmundssyni. Kæra fyrir brot á lögum um iðju og iðnað	18/2	127
23.	Útibú Kaupfélags Eyfirðinga í Ólafsfirði og Sveinn Jónsson útibússtjóri gegn Guðvarði Sigurðssyni. Kærumál. Um dómgengi héraðsdómarans	21/2	133
24.	Valdstjórnin gegn Aðalsteini Pálssyni. Togaranjósnir	23/2	137
25.	Réttvísin gegn Þórði Þórðarsyni, Benóný		

		Dómur	Bls.
	Benónýssyni og Páli Friðvin Jóhannssyni. Úrskurður um framhaldsrannsókn	2½	141
26.	Stjórn h/f „Græðir" f. h. eigenda og vátryggjenda b/v „Hafsteinn" I. S. 449 gegn Guðmundi Hannessyni bæjarfógeta f. h. Siglufjarðarkaupstaðar. Bætur fyrir spjöll á bryggjum	2⅔	144
27.	Sigurður Ólason f. h. ríkisspítalanna gegn Seyðisfjarðarkaupstað. Um skyldu hreppsfélags til greiðslu spítalakostnaðar	⅞	149
28.	Guðmundur Þorvaldsson gegn Guðrúnu Pétursdóttur. Barnsfaðernismál. Úrskurður	1⅛	152
29.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Andrési Óskari Ingimundarsyni. Bifreiðarslys	1⅝	154
30.	Valdstjórnin gegn Benjamín Ólafssyni. Áfengislagabrot. Sýkna	2⅛	160
31.	R. B. Barker & Co. gegn skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús s/f Gullfoss og Bjarna Runólfssyni. Sjóveðréttur til tryggingar vöruúttekt í Englandi. Meðalganga	2⅜	163
32.	Arreboe Clausen gegn Sigursveini Egilssyni. Bætur fyrir slit á vinnusamningi ..	2⅝	169
33.	Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Haraldur Guðmundsson, Kristján Jónsson, Ólafur Júlíusson, Jón Kristjánsson, Guðmundur G. Hagalín, Rögnvaldur Jónsson og Hannibal Valdimarsson gegn Einari B. Guðmundssyni f. h. J. & W. Stuart Ltd. Ábyrgð meðlima á skuldum samvinnufélags eftir að kreppuskil hafa farið fram	2⅝	173
34.	Tryggingarstofnun ríkisins gegn Snorra Jónssyni. Slysabætur	2⅝	180
35.	Réttvísin gegn Jóni Halldórssyni. Ákæra um þjófnað, svik og vanrækslu í sýslan	3⅜	185
36.	Garðar S. Jónsson gegn Kristni P. Friðrikssyni. Útivistardómur	3⅜	206
37.	Valdstjórnin gegn Harry Cecil Hall. Botnvörpuveiðar í landhelgi	¼	206
38.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Ólafi Kal-		

		Dómur	Bls.
	stað Þorvarðssyni. Gjaldeyrisbrot. Úrskurður	8/4	215
39.	Valdstjórnin gegn Berent Karli Berentssyni. Áfengislagabrot	9/4	216
40.	Jóhanna M. Pálsdóttir gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Um greiðslu sjúkrasamlagsgjalda fyrir framfærslustyrkþega	9/4	219
41.	Valdstjórnin gegn Axel Ármanni Þorsteinssyni. Áfengislagabrot	27/4	225
42.	Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins gegn Pétri Guðmundssyni. Um slit á ráðningarsamningi vélstjóra á skipi	27/4	228
43.	Pétur Magnússon f. h. eigenda e/s Andö gegn eigendum og vátryggjendum m/s Vikings. Árekstur	29/4	232
44.	Sigurjón Narfason gegn Mjólkurfélagi Reykjavíkur, Birni Hanssyni og Bessa Gíslasyni. Útivistardómur	29/4	243
45.	Valdstjórnin gegn Jóni Ragnari Jónassyni. Áfengislagabrot	4/5	243
46.	Valdstjórnin gegn Vilhjálmi Valdimar Guðlaugssyni. Áfengislagabrot.	6/5	248
47.	Réttvísin gegn Kristvin Guðbrandssyni. Þjófnaður	6/5	251
48.	Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f gegn Sigbirni Ármann. Bætur vegna bifreiðarslyss	6/5	253
49.	Valdstjórnin gegn Sigurði Helga Ólafssyni. Áfengislagabrot	9/5	258
50.	Valdstjórnin gegn Karli Gísla Gíslasyni og Þórarni Vilhjálmi Eyþórssyni. Áfengis- og bifreiðalagabrot	9/5	261
51.	Páll Sigurðsson, dánarbú Auðuns Jónssonar og dánarbú Guðmundar Jónssonar gegn Eiríki Ormssyni f. h. firmans Bræðurnir Ormsson. Ágreiningur út af verksamningi	11/5	264
52.	Bæjargjaldkerinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs gegn Karli Einarssyni. Útsvarsmál ..	11/5	270
53.	Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni. Áfengis- og bifreiðalagabrot	11/5	273

		Dómur	Bls.
54.	Siggeir Lárusson gegn Helga Lárussyni og Vátryggingarfélaginu „Baltica“ og gagnsök. Bætur vegna bifreiðarslyss	13/5	277
55.	Réttvísin gegn Þórði Þórðarsyni, Benóný Benónýssyni og Páli Friðvin Jóhannssyni. Þjófshilming	16/7	288
56.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Gísla Hjálmarssyni. Gjaldþrotabrot	16/5	295
57.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Stefáni Júlíusi Jónssyni. Svik	18/5	298
58.	Réttvísin gegn Magnúsi Gíslasyni. Þjófnaður	18/5	302
59.	Ingveldur Einarsdóttir gegn Magnúsi Guðmundssyni. Barnsfaðernismál	23/5	310
60.	Valdstjórnin gegn Hirti Guðbrandssyni. Áfengis- og bifreiðalagabrot	23/5	317
61.	Valdstjórnin gegn Geir G. Zoëga. Togaranjósnir	23/5	322
62.	Sigríður Jónsdóttir gegn Helga Lárussyni og Vátryggingarfélaginu „Baltica“ og gagnsök. Bætur vegna bifreiðarslyss	25/5	326
63.	Halla Guðjónsdóttir gegn Helga Lárussyni og Vátryggingarfélaginu „Baltica“ og gagnsök. Bætur vegna bifreiðarslyss	25/5	332
64.	Valdstjórnin gegn Einari Eiríkssyni. Áfengislagabrot. Ómerking	27/5	338
65.	Svafar Guðmundsson f. h. útibús Útvegsbanka Íslands h/f á Akureyri gegn Jóni Vilmundarsyni og Einari Malmqvist Einarssyni. Sjóveðskrafa. Meðalganga	27/5	341
66.	Jón Ormsson gegn lögreglustjóranum í Reykjavík. Ágreiningur um áritun lögreglustjóra á námssamning	30/5	345
67.	Lögreglustj. í Reykjavík gegn Helga Eiríkssyni og Einari Eiríkssyni. Innsetningargerð	30/5	351
68.	Eggert Briem gegn Gústav Ólafssyni. Útivistardómur	30/5	359
69.	Ólafía Torfason gegn Stefáni H. Stefánssyni. Útivistardómur	30/5	359
70.	Stefán H. Stefánsson gegn Ólafíu Torfason. Útivistardómur	30/5	359

		Dómur	Bls.
71.	Kaupfélag Alþýðu í Vestmannaeyjum gegn Einari B. Guðmundssyni f. h. Hofmann & Stenger. Útivistardómur	3%	360
72.	Kaupfélag Alþýðu í Vestmannaeyjum gegn Einari B. Guðmundssyni f. h. A. Openhaupt. Útivistardómur	3%	360
73.	Halldór Eiríksson f. h. Mjólkursamsölunnar í Reykjavík gegn Margréti Rasmus. Verðjöfnunargjald af mjólk	⅜	361
74.	Réttvísin gegn Ólafi Sveinssyni, Lilju Júlíusdóttur, Júlíusi Einarssyni og Ingibjörgu Guðmundsdóttur. Brenna og hlutdeild	⅜	363
75.	Valdstjórnin gegn Einari Sigurðssyni. Tollur af innlendri vöru	⅝	369
76.	Guðmundur Þorvaldsson gegn Guðrúnu Pétursdóttur. Barnsfaðernismál	⅝	379
77.	Bjarni Halldórsson gegn Eiríki Kristjánssyni. Skuldamál	1%	388
78.	Theodór B. Líndal f. h. Jóhanns J. Eyfirðings, Ingvars Péturssonar, Ólafs Pálssonar, Sigurjóns Jónssonar vegna Jóns Andréssonar, Hannes Halldórssonar og verzlunar Guðmundar Sveinssonar gegn bankastjórum Landsbanka Íslands f. h. bankans. Farmskírteini tvö útgefin um sama farm til tveggja aðilja. Innheimtuumboð	1%	390
79.	Páll Hallbjörns gegn Sveinbirni Kristjánssyni. Útgáfa afsals að húseign. Ómerking fógetaúrskurðar	1%	399
80.	Valdstjórnin gegn Johan Ole Gerhard Ellerup. Kæra um brot á lögum um matvælaeftirlit	1¾	408
81.	Valdstjórnin gegn David William Collinson. Botnvörpuveiðabrot	1¾	412
82.	Kaupfélag Eyfirðinga gegn Birni Halldórssyni f. h. Fiskveiðahlutafélagsins Höfrungs. Úrskurður um frest	1¾	416
83.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðrik Jónasi Eirikssyni og valdstjórnin gegn Hólmjárn J. Hólmjárn. Spjöll á símastreng	1⅝	417

		Dómur	Bls.
84.	Valdstjórnin gegn Albert Ernest Thompson. Botnvörpuveiðabrot	1⅝	421
85.	Kaupfélag Eyfirðinga gegn Birni Halldórssyni f. h. Fiskveiðahlutafélagsins Höfrungs. Ágreiningur um greiðslu og umboð	1⅝	425
86.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni Erlendssyni og Erlendi Jónssyni Erlendssyni. Frelsisskerðing. Áfengis- og bifreiðalagabrot. Kæra um sýkingu af kynsjúkdómi. Rangur framburður fyrir rétti	2⅝	431
87.	Þorsteinn Þorsteinsson gegn Birni Arnórssyni og Björn Arnórsson gegn Þorsteini Þorsteinssyni og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f vegna vátryggingarfélagsins Danske Lloyd. Bætur vegna bifreiðarslyss	2⅞	462
88.	Sigurður Þ. Skjaldberg gegn Pétri Magnússyni f. h. eigenda e/s Nurgis. Greiðsla farmgjalds	2⅞	471
89.	Steingrímur Stefánsson gegn Viggo Baldvinssyni og Páli Halldórssyni. Innsetningargerð	2⅞	476
90.	Sveinn Pálsson gegn Gunnlaugi Stefánssyni. Útivistardómur	2⅞	481
91.	Stefán Jóhannsson gegn Jakobi Jóhannessyni. Krafa um greiðslu fyrir viðgerð á skipi	2⅞	481
92.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Hans A. Svane, Gunnari Juul, Otto Gregers Nors Grundtvig, Johan Gerhardt Ole Ellerup, Oddi C. Thorarensen, Ole Bang, Aage Riddermann Schiöth, Sören Ringsted Kampmann, Jóhannesi Sigfússyni, Þorsteini Scheving Thorsteinsson, Peter L. Mogensen, Jónasi Hildimundarsyni, Helga Þorvarðssyni, Eyþóri A. Thorarensen, Sigurði V. Flóventssyni, Einari Kristjánssyni, Svend A. Johansen, Jóhönnu Dagmar Magnúsdóttur og Stefáni Thorarensen. Ómerking vegna dómgengisskorts, ólöglegrar málasamsteypu o. fl.	2⅞	484

		Dómur	Bls.
93.	Aðalsteinn Ingimundarson gegn Guðrúnu Sumarliðadóttur. Útivistardómur	3/6	547
94.	Réttvísin gegn Skúla Pálssyni. Gjaldþrotabrot	5/10	548
95.	Valdstjórnin gegn Frederick Rippin. Botnvörpuveiðabrot	7/10	555
96.	Valdstjórnin gegn Sigurjóni Jóhannessyni og Magnúsi Norðdal. Áfengis- og bifreiðarlagabrot	10/10	558
97.	Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu gegn Sjúkrahúsinu „I. Gudmanns Minde". Um greiðslu fjárframlags til sjúkrahúss, er sýslufundur hafði samþykkt	12/10	565
98.	Valdstjórnin gegn Halldóri Loftssyni. Ölvun	14/10	572
99.	Valdstjórnin gegn John Gibb Souter. Botnvörpuveiðabrot	14/10	574
100.	Réttvísin gegn Gústaf A. Sveinssyni. Sýslunarbrot	17/10	580
101.	Valdstjórnin gegn Halldóri Þórarinssyni. Brot á firmalögum	19/10	587
102.	Eigendur og vátryggjendur e/s Freden gegn eigendum og vátryggjendum e/s Eddu og gagnsök. Ábyrgð skipa á árekstri	19/10	590
103.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Ólafi Kalstað Þorvarðssyni. Brot á bókhaldsskyldu	21/10	599
104.	A. Obenhaupt gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsskylda	24/10	607
105.	Haraldur Eliasson gegn Lofti Jónssyni og Gunnlaugi Stefánssyni. Sjóveðréttur fyrir kaupkröfu	24/10	610
106.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Halldóri Sveinssyni. Ómerking vegna ófullnægjandi rannsóknar	26/10	616
107.	Valdstjórnin gegn Kjartani Ólafssyni. Áfengis- og bifreiðalagabrot	26/10	621
108.	Réttvísin gegn Gísla Finnssyni. Vátryggingarsvik	28/10	627
109.	Réttvísin gegn Carl Friðrik Jensen. Gjaldþrotabrot	31/10	630

		Dómur	Bls.
110.	Helga Jónsdóttir gegn Guðsteini Þorbjarnarsyni. Útivistardómur	31/10	641
111.	Níels Guðnason gegn Guðbrandi Sigurðssyni. Útivistardómur	31/10	641
112.	Valdstjórnin gegn Albert Ernest Hall. Botnvörpuveiðabrot	4/11	642
113.	Valdstjórnin gegn James Mann. Botnvörpuveiðabrot	4/11	646
114.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur. Innheimta meðlags hjá dvalarsveit	7/11	651
115.	Réttvísin gegn Sigurjóni Kr. Jóhannessyni. Ómerking vegna ófullnægjandi málatilbúnaðar	7/11	655
116.	Útibú Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði gegn sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu f. h. sýslusjóðs	9/11	661
117.	Réttvísin gegn Magnúsi Benjamínssyni. Þjófnaður	11/11	670
118.	Réttvísin gegn Pétri Ingimundarsyni. Kæra um brot á 102. gr. alm. hegningarlaga	11/11	672
119.	Steinn Leósson gegn Karli Bjarnasyni. Bætur vegna bifreiðarslyss	14/11	676
120.	Ísleifur Jónsson gegn Guðmundi Vigfússyni og Kjartani Ólafssyni. Krafa verktaka um greiðslur fyrir aukaframlög	16/11	687
121.	Glæsibæjarhreppur gegn bæjarsjóði Akureyrar. Útsvarsmál	18/11	692
122.	Valdstjórnin gegn Lofti Bjarnasyni. Togaranjósnir	21/11	694
123.	Jón Kjartansson, Valtýr Stefánsson, Páll Steingrímsson, Guðrún Jónasson, Guðrún Lárusdóttir og Ragnhildur Pétursdóttir gegn Sveinbirni Högnasyni f. h. mjólkursölunefndar og gagnsök. Úrskurður	23/11	698
124.	Jóhann Árnason gegn Eggert Claessen. Bótakrafa út af láni á hlut	25/11	700
125.	Pálmi Jósefsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Um yfirkennarastöðu við barnaskóla	28/11	704

		Dómur	Bls.
126.	Samband íslenzkra samvinnufélaga gegn Jóni Bjarnasyni. Úrskurður um aðiljaskýrslu	30/11	712
127.	Skólanefnd héraðsskólans á Laugum gegn Útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri. Skuldamál	30/11	715
128.	Jón Gíslason gegn Gústav Ólafssyni. Útivistardómur	30/11	724
129.	Gústav Ólafsson gegn Jóni Gíslasyni. Útivistardómur	30/11	724
130.	Valdstjórnin gegn Einari Pálma Einarssyni. Ólögleg áfengissala	5/12	725
131.	Valdstjórnin gegn Fred Dale. Botnvörpuveiðar í landhelgi	5/12	728
132.	Valdstjórnin gegn Jóni Júlíusi Jónssyni. Ölvun við bifreiðarakstur	7/12	730
133.	Jens Bjarnason gegn Mjólkurfélagi Reykjavíkur og Sturlu Jónssyni. Viðurkenning veðrétta í fasteign	7/12	735
134.	Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni. Ólögleg áfengissala	12/12	740
135.	Tryggvi Einarsson gegn Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins og gagnsök, Lárusi Jóhannessyni f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S, Oslo, og gagnsök og Gunnari Sigurðssyni og gagnsök. Synjað um framkvæmd innsetningargerðar	12/12	744
136.	Útibú Útvegsbanka Íslands h/f á Akureyri gegn Bjarna Vilmundarsyni og Einari Malmqvist Einarssyni. Sjóveð fyrir kaupkröfu. Meðalganga	14/12	749
137.	Eggert Claessen f. h. A/S Det Danske Kulkompagni gegn Gasstöð Reykjavíkur. Skuldamál. Krafa um greiðslu í erlendri mynt	14/12	753
138.	Pétur Þ. J. Gunnarsson f. h. h/f Landstjarnan gegn Árna Pálssyni og gagnsök. Skuldamál	16/12	759
139.	Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni. Ólögleg áfengissala	19/12	766

		Dómur	Bls.
140.	Valdstjórnin gegn Theodór Kristni Guðmundssyni. Ölvun við bifreiðarakstur ..	19/12	769
141.	Páll Hallbjörns gegn Sveinbirni Kristjánssyni. Fógetaréttarathöfnum áfrýjað til staðfestingar	19/12	772
142.	Jón Stefánsson gegn Jóni Sveinssyni f. h. Chr. Olsen. Útivistardómur	19/12	775
143.	Valdimar Þorsteinsson gegn Birni Halldórssyni. Útivistardómur	19/12	775

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: **Hæstiréttur.**

XIX. árgangur. 1938.

Miðvikudaginn 12. janúar 1938.

Nr. 113/1937. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Gísla Jóhannesi Jónssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Upplýst er í máli þessu, að kærði hefir stundað ólöglega sölu áfengis frá því í febrúarmánuði og fram í septembermánuð síðastliðið ár, og að úttekt hans á vínum hjá áfengisverzlun ríkisins hefir á tímabilinu frá því í júníbyrjun og til ágústloka nefnt ár numið 1179 flöskum. Með þessari athugasemd, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður, Gísli Jóhannes Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. sept. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Gísla Jóhannesi Jónssyni verkamanni, til heimilis á Suðurgötu 6 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. júní 1891, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1921 ¾ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1921 $^{2}/_{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1923 $^{1}/_{3}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

Með játningu kærðs er sannað, að hann hefir stundað áfengissölu í atvinnuskyni frá því í síðastliðnum febrúarmánuði. Kveðst hann hafa byrjað á áfengissölu þessari vegna fjárhagsvandræða og atvinnuleysis. Sannazt hefir, að á tímabilinu frá 2. júní s. l. til 7. ágúst s. l. hefir kærður fengið sent heim til sín úr sölubúð Áfengisverzlunar ríkisins hér í bænum samtals 1179 flöskur af áfengi fyrir alls kr. 9767.25 að kaupverði.

Allt þetta áfengi, að undanteknum nokkrum flöskum, er hann neytti sjálfur, hefir kærður selt með 1—2 krónu álagningu á flösku. Kveður hann áfengissölu sína hafa verið í svipuðum stíl frá upphafi hennar og nefndar töl-

ur sýna. Áfengið hefir kærður selt mest heima hjá sér hinum og þessum, sem um það hafa beðið.

Með sölu þessari hefur kærður gerzt brotlegur gegn 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 2000 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Gísli Jóhannes Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 2000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. janúar 1938.

Nr. 77/1937. **Guðrún Arnalds** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Vigfúsi Þ. Jónssyni (Pétur Magnússon).

Fjárnám í fasteign samkvæmt veðskuldabréfi.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst ómerkingar á hinum áfrýjaða úrskurði, og að fógetinn verði skyldaður til þess að framkvæma hina umbeðnu aðför. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dóms-

ins. Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi viðurkennir í flutningi málsins fyrir hæstarétti, að honum hafi borið að greiða á gjalddaga 1. apríl 1936 samtals kr. 1934.64 af skuldabréfskröfu þeirri, er í málinu greinir, til þess að skuldaskipti aðilja kæmust í fullt lag. Þann 15. maí 1936 greiddi stefndi kr. 500.00 af þeirri upphæð og 28. júní s. á. greiddi hann aðrar kr. 500.00. Nokkru síðar, að því er virðist, fól áfrýjandi Lárusi Jóhannessyni hæstaréttarmálflutningsmanni skuldina til innheimtu, og 11. júlí 1936 krafði Lárus stefnda um alla skuldina, ásamt vöxtum, er hann taldi fallna í gjalddaga vegna vanskila. Þann 20. s. m. greiddi stefndi enn kr. 500.00, svo að þá stóðu enn eftir kr. 434.64 af greiðslu þeirri, sem inna átti af hendi þann 1. apríl 1936.

Það er að vísu ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að greiðslunum 15. maí, 28. júní og 20. júlí 1936 hafi verið veitt móttaka með fyrirvara um það, að áfrýjandi ætlaði sér þrátt fyrir þær að krefja stefnda um alla skuldina, eins og hún var þá, samkvæmt kröfubréfi Lárusar frá 11. júlí 1936. En samt sem áður verður ekki talið, að stefndi hafi með greiðslum þessum, hvorki einni þeirra sér né öllum saman, leyst sig undan þeirri skyldu, sem á hann var fallin vegna vanskila, til greiðslu allra eftirstöðva skuldarinnar, þegar af því, að hann hafði ekki með áðurnefndum greiðslum greitt allt það, er hann hefir viðurkennt sér hafa borið að greiða á gjalddaganum 1. apríl 1936 til þess að hann stæði fyllilega í skilum. Var áfrýjanda því rétt að krefjast aðfarar í veðinu þann 13. ágúst 1936 vegna allra eftirstöðva skuldarinnar, ásamt áföllnum vöxtum. Og þar sem stefndi gerði ekki fullnaðarskil fyrir fógetarétti, bar

fógeta að framkvæma aðförina. Verður því að fella hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma fjárnámið til tryggingar eftirstöðvum skuldarinnar öllum, ásamt vöxtum.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma hina umbeðnu fjárnámsgerð.

Stefndi, Vigfús Þ. Jónsson, greiði áfrýjanda, Guðrúnu Arnalds, 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 12. júlí 1937.

Með bréfi dags. 13. ágúst 1936 biður Lárus Jóhannesson hæstaréttarmálaflutningsmaður vegna Guðrúnar Arnalds Reykjavík um, að fjárnám sé gert hjá Vigfúsi Jónssyni málara á Akureyri í húsi hans þar, Hafnarstræti 103, vegna vanskila á greiðslum, er hann ætti að inna af hendi. Vigfús Jónsson gaf skuldabréf út 10. október 1929 til dánarbús Jóns Laxdal, konsúls í Reykjavík, fyrir kr. 24618.00, og var skuldin orðin til vegna kaupa á framangreindri húseign. Skyldi höfuðstóll skuldarinnar afborgast með kr. 2461.80 næstu 10 ár, þannig að kr. 1230.90 skyldu greiðast 1. apríl og kr. 1230.90. 1. október ár hvert. Fyrsta afborgun átti að fara fram 1. apríl 1930. Vexti af skuldinni átti gerðarþoli að greiða með 6% á ári, talið frá 1. október 1929. Skyldu vextirnir greiddir hálfsárlega eftir á á sömu gjalddögum og afborganirnar. Húsið var veðsett fyrir kröfunni með tilheyrandi lóð og mannvirkjum með 2. veðrétti. Í skuldabréfinu var tekið fram, að ef vanskil yrðu með greiðslu skuldarinnar eða vaxta, mætti skuldareigandi ganga að eigninni og selja hana til lúkningar skuldinni með vöxt-

um og kostnaði samkv. fyrirmælum 15. gr. laga nr. 29 frá 1885, sbr. lög nr. 19 frá 1887 3. gr. og tilskipun 18. febr. 1847 10. gr. Skuldabréfið var þann 9. júní við skipti á dánarbúi Jóns Laxdal úthlutað Guðrúnu Arnalds til eignar, ásamt áföllnum vöxtum, sbr. áritun á skuldabréfið. Eftirstöðvar skuldarinnar telur fjárnámsbeiðandi, að hafi verið 20. júlí 1936 kr. 9629.50, og beiðist hann fjárnáms í húsinu fyrir þessari upphæð, auk vaxta og innheimtukostnaðar og alls kostnaðar við fjárnám og uppboðssölu. 24. ágúst 1936 var gerðarþola, sem bjó í hinni veðsettu eign, birt fjárnámið með þriggja daga fyrirvara.

Fyrsta réttarhald í málinu var 29. s. m., og bar gerðarþoli þá fram mótmæli gegn því, að fjárnámið yrði framkvæmt, og hófst þá sókn og vörn í málinu fyrir fógetaréttinum.

Ákveðið var réttarhald í málinu 13. okt. f. á., en þá mætti umboðsmaður gerðarbeiðanda ekki í réttinum, en í því réttarhaldi lét gerðarþoli bóka, að hann liti svo á, að gerðin væri fallin niður. Umbjóðandi gerðarbeiðanda sendi því næst fógetanum bréf dags. 15. okt. f. á., þar sem hann beiddist þess, að fjárnámsgerðinni væri haldið áfram, og var gerðarþola tilkynnt að mæta í réttinum með 3ja daga fyrirvara. 20. okt. var svo réttarhald í málinu. Jón Sveinsson málaflutningsmaður gerðarþola krafðist þá, að gerðin næði ekki fram að ganga, þar sem eigi væri hægt að halda áfram gamla fjárnáminu, en beiðni um nýtt fjárnám lægi ekki fyrir. Fógetinn kvað þá upp úrskurð í málinu 24. okt. og neitaði um framgang gerðarinnar. Hæstiréttur felldi þennan úrskurð úr gildi. Í forsendum hæstaréttar er því hinsvegar slegið föstu, að hér sé um nýja fjárnámsgerð að ræða. Virðist því, þegar um það á að úrskurða, hvort vanskil séu fyrir hendi af hálfu gerðarþola, sem réttlæti fjárnámið, sjálfsagt að leggja til grundvallar gjalddagann næst á undan 15. okt. 1936, er hin nýja fjárnámsbeiðni kom fram, og athuga skuldaviðskipti milli gerðarbeiðanda og gerðarþola miðað við þann dag. Á réttarskjali 4 hefir gerðarbeiðandi lagt fram reikning yfir viðskiptin frá byrjun, en samkvæmt þeim reikningi er skuldin 20. júlí 1936 kr. 9629.50 aur. Þessum reikningi hefir nú verið mótmælt, en ekki þó bent á sérstaka reikningsskekkju í honum. Hinsvegar hefur því verið haldið fram af gerðarbeiðanda, að upphæðir þær, sem

greiddar hafa verið inn á skuldabréfið, hafi ekki alltaf verið færðar inn á það jafnóðum og greiðslurnar hafa komið til skuldareiganda, en þessu hefir verið mótmælt.

Á skuldabréfinu eru eftirstöðvar skuldarinnar áritaðar á skuldabréfið af skuldareiganda 13. nóv. 1934 kr. 16997.14, en samkvæmt útreikningi á réttarskjali 4 virðast eftirstöðvar skuldarinnar þá taldar kr. 17313.42. Mismunurinn kr. 316.28. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefir ekki sérstaklega sýnt fram á, af hverju umbjóðandi hans hefir gert skuldabréfið þannig upp. En þrátt fyrir það þó skuldareigandi kynni að geta krafið um þennan mismun, en það er ekki fógetaréttarins að úrskurða um það, þá getur réttturinn ekki fallizt á, að þessi mismunur geti orðið þess valdandi, að um vanskil sé að ræða, sem réttlætir fjárnám í eigninni, þar sem í árituninum gæti falizt, að skuldareigandi t. d. hefði viljað sleppa vaxtavöxtum af skuldinni eða sýna gerðarþola linkind, enda bera fyrri viðskipti gerðarbeiðanda og gerðarþola þess vott, að gerðarbeiðandi hefir verið mjög vægur í kröfum við gerðarþola. Þannig leyfði hann honum 1934—1935, þegar um vanskil var að ræða, að taka veðdeildarlán út á húsið, og var honum, að því er virðist, hjálplegur með það. Niðurstaðan af þeirri lántöku varð, að greiddar voru inn á veðskuldabréfið kr. 7683.60 16/11 1935. Á bréfinu sést eigi, hvort upphæð þessa eigi að færa aðeins til greiðslu afborgana eða til greiðslu afborgana og vaxta.

Gerðarþoli hefir haldið því fram, að Sigurður Arnalds, maður gerðarbeiðanda, hafi lofað að greiða kr 75.00 fyrir veðdeildarbréfin, og segist eiga inni hjá honum kr. 757.54 vegna sölunnar og telur líklegt, að hann hafi ætlað að láta þessa upphæð fara til vaxtagreiðslu. En þessu er mótmælt, enda því haldið fram, að Sigurður Arnalds hafi aðeins lofað kr. 75.00 fyrir bréfin með vöxtum. Þá hefir gerðarþoli og haldið því fram, að Sigurður Arnalds hafi átt að taka af andvirði bréfanna, sem hann hafi farið með sem umboðsmaður gerðarþola, upphæð, sem nægði til að koma skuldabréfinu í rétt horf, en þessu er mótmælt og haldið fram, að gerðarþoli hafi haft annan umboðsmann, enda vottorð frá honum, sem bendir í þá átt. Virðist gerðarþoli á engan hátt hafa sannað, að greindar kr. 757.54 hafi staðið inni hjá Sigurði Arnalds og átt að fara til vaxtagreiðslu á skulda-

bréfinu. Á réttarskjali 7 hefir gerðarþoli reiknað út, hvernig að skiptin standi 20/7, en þá er gengið út frá, að eftirstöðvar skuldarinnar hafi 13/11 verið kr. 16997.14. Samkvæmt þessum útreikningi er skuldin þá að eftirstöðvum 9091.78, en gerðarþoli telur, að skuldin samkvæmt skuldabréfinu hafi átt að vera kr. 8616.30, og hefir hann í réttinum boðið fram kr. 500.00, sem gerðarbeiðandi að vísu ekki hefir veitt móttöku. Þá ber að athuga, að upphæðir, sem greiddar eru undir 15. maí 1936 og 28. júní 1936 og 20. júlí 1936 áttu að vera greiddar 1. apríl 1936 til þess að greiðslan stæði þá heima. Af þessum upphæðum ber því að reikna vexti, og nema þeir um kr. 20.50 aur., en svo virðist sem hin framboðna upphæð mundi einnig nægja fyrir þeim vöxtum.

Réttarskjal 8 a sýnir, að gerðarþoli deponeraði kr. 1500.00 á nafn frú Guðrúnar Arnalds, Reykjavík, og er bankinn beðinn að greiða inn á skuldabréfið kr. 1230.90 í afborgun og eftirstöðvar í vexti. Í skeyti bankans stendur eigi, í hvaða afborgun þetta eigi að fara, en á rjskj. 3 segir, að upphæðin eigi að fara til að greiða vexti og afborgun pr. 1. oktbr. 1936, en þau ummæli benda til, að átt sé við afborgun og vexti fyrir tímabilið 1. apríl 1936 til 1. oktbr. 1936, en á réttarskjali 9, nótu frá Landsbankanum, hefir gerðarþoli ritað aftan á nótuna, að greiðslan sé fyrir tímabilið 1. okt. 1936 til 1. apríl 1937, en þetta virðist byggt á misskilningi, sbr. og ummæli á réttarskj. 3, sem talar um vexti og afborgun pr. 1. okt. 1936, en samkvæmt skuldabréfinu átti greiðslan einmitt að vera fyrir tímabilið 1. apríl til 1. október 1936. 1. oktbr. 1936 er seinasti gjalddagi á undan lögtaksbeiðninni 15. oktbr. f. á., en þá ætti samkvæmt skuldabréfinu að hafa verið búið að greiða 7 ára afborganir, eða kr. 17232.60. Eftir átti því að standa af skuldabréfinu kr. 7383.40. Þegar tekið er nú tillit til eftirstöðva þessara, sem skuldareigandi segir, að standi eftir af bréfinu 13. nóv. 1934, og til hinna framboðnu kr. 500.00 og til þess fjár, sem sent var bankanum til greiðslu inn á skuldabréfið, þá horfir málið þannig:

Eftirstöðvar skuldabréfsins 13. nóv. 1934 .. kr. 16997.14
Innborgað samkvæmt réttarskj.
7, afborgun ..... kr. 7905.30

Framboðið frá Landsb., afborgun	kr. 1230.90	
Framboðin	— 500.00	
		kr. 9636.20
	Mismunur	**kr. 7360.94**

Vextir frá 1. apríl til 1. oktbr. 1936 virðast einnig greiddir, sbr. deposita frá Landsbankanum, ef gerðarbeiðandi hefði veitt því móttöku.

Samkvæmt framanrituðu virðist ekki sé, að gerðarþoli hafi gert sig sekan í vanskilum, sem réttlæti, að fjárnámið fari fram, og ber því ekki að láta það fara fram. Krafa gerðarþola um kr. 500.00 í fyrirhafnarkostnað verður ekki tekin til greina, enda ósundurliðað. Krafa sama um 450 kr. í málskostnað ber að vísa frá réttinum, þar sem rétturinn getur ekki úrskurðað um slíka kröfu.

Fógetinn lætur þess getið, að sakir stöðugs annríkis í embættinu, þingaferðir, fyrirhafnir við kosningar, margvísleg próf, sem haldin hafa verið, hefir dráttur orðið á uppkvaðningu þessa úrskurðar.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna fjárnám á ekki að fara fram. Krafan um 450 kr. í málskostnað vísast frá réttinum.

Föstudaginn 14. janúar 1938.

Nr. 87/1937. **Réttvísin** (Theódór B. Lindal)

gegn

Gísla Stefánssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Skírlífisbrot.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Með skýrslum telpna þeirra, sem í hinum áfrýjaða dómi eru nefndar A, B og C, um hvað þeim og

ákærða hafi farið í milli kvöldið 22. maí 1936, ásamt framburði vitnanna N N 1 og N N 2, sem svo eru nefnd, um hvernig ákærði brást við, þegar þau hvort í sínu lagi báru á hann óleyfileg mök við telpur þessar, og framburði vitnis þess, sem nefnt er N N 3, um hegðun og ummæli telpunnar C umrætt kvöld, þykir sannað, að ákærði hafi kvöld þetta með athæfi sínu gagnvart umgetnum telpum gerzt sekur um brot á ákvæðum 177. gr. sbr. 174. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Þá þykir og, með hliðsjón af öðru, sem fram er komið í málinu, sannað með skýrslum telpna þeirra, sem nefndar eru G og H, og báðar voru samtímis sjónar- og heyrnarvottar að atburðum þeim, sem um er að ræða, að ákærði hafi með athæfi sínu gagnvart þeim tvisvar um veturinn 1935—1936 gerzt sekur um brot á ákvæðum 177. gr. sbr. 175. gr. hinna almennu hegningarlaga. Hinsvegar þykir varhugavert að telja sannað, að hann hafi gerzt sekur um frekari óleyfileg mök við umræddar telpur, svo og, að hann hafi átt slík mök við telpur þær, sem nefndar eru D, E og F.

Þykir refsingin samkvæmt nefndum greinum hegningarlaganna, með hliðsjón af 63. gr. þeirra, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Ákærði var tekinn fastur 25. maí 1936 og gæzluvarðhaldsúrskurður kveðinn upp yfir honum daginn eftir. Var honum síðan haldið í gæzluvarðhaldi þar til 27. marz 1937, eða rúma 10 mánuði. Lengi af þessum tíma var hann hafður til rannsóknar á geðveikrahælinu á Kleppi, því að þangað var hann sendur 16. júní 1936, en kom ekki þaðan aftur til Vestmannaeyja fyrr en 9. febrúar 1937. Þessi rannsókn var að vísu, eftir atvikum málsins, nauðsynleg, en þar sem ekki verður talið, að slæm

hegðun ákærða hafi gefið tilefni til svo langs gæzluvarðhalds, þá þykir mega ákveða samkvæmt 59. gr. hegningarlaganna, að gæzluvarðhald ákærða komi í stað fangelsisrefsingar hans.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Svo verður og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Gæzluvarðhald ákærða, Gísla Stefánssonar, komi í stað fangelsisrefsingar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theodórs B. Líndal og Sveinbjarnar Jónssonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 22. maí 1937.

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar gegn Gísla Stefánssyni, áður til heimilis Vestmannabraut 11 hér í bænum, sem var gæzlufangi í fangahúsinu hér, er málið var höfðað, en var látinn laus, er það var tekið undir dóm, fyrir brot gegn 16. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru sem hér segir:

Þann 25. maí f. á. kærði N N 1, til heimilis Urðaveg hér í bænum, til lögreglunnar út af því, að ákærður hefði haft holdleg mök við stjúpdóttur kæranda, A, 8 ára gamla, og

tvær aðrar telpur, B og C, báðar 8 ára gamlar, og báðar til heimilis á Urðaveg.

Ákærður var þá þegar tekinn fastur og rannsókn hafin í málinu. Við þær rannsóknir hafa eftirtaldar upplýsingar komið fram:

N N 2, móðir telpunnar A, hefir borið sem vitni í málinu, að mánudaginn þann 25. maí f. á. um kl. 4 e. h. hafi telpan B verið inni í íbúð vitnisins hjá vitninu, og hafi telpa þessi þá sagt vitninu, að hún hafi komið í verzlunarbúð í húsinu „Boston" við Formannabraut hér í bænum, sem ákærður starfaði í, ásamt telpunni A og telpunni C, og að ákærður hafi þá haft holdlegar samfarir við telpuna C, og hafi telpan byrjað frásögn sína um þetta með því að segja: „Mikið fór rauði strákurinn í Boston illa með hana C" (nafn telpunnar var nefnt í framburðinum), og kveðst vitnið því næst hafa spurt telpuna nánar um þetta, og hafi hún sagt henni nánar frá því. Vitnið kveðst þá þegar í stað hafa farið heim til N N 3, móður telpunnar C, og skýrt henni frá því, sem telpan B hafði sagt henni, og hafi N N 3 þá sagt vitninu, að föstudagskvöldið þann 22. maí f. á. hafi fyrrnefnd dóttir hennar, telpan C, komið grátandi heim til sín og sagt henni frá því, að ákærður hafi haft holdleg mök við hana, og einnig við telpuna A og telpuna B. Vitnið kveðst þá hafa farið í framangreinda verzlunarbúð og hitt ákærðan þar og spurt hann um, hvort hann hafi haft holdlegar samfarir við framangreindar telpur, og hafi ákærður þá fyrst þagað um stund og roðnað mjög, en vitnið kveðst þá hafa borið á ákærðan, að hann hafi gert þetta, og gengið eftir svari hjá honum viðvíkjandi því, og hafi ákærður þá játað að hafa haft holdleg mök við umræddar telpur og beðið vitnið fyrirgefningar á þessu athæfi og boðið vitninu að borga henni peninga, ef hún segði ekki frá þessu, án þess þó að nefna nokkra sérstaka upphæð, en vitnið kveðst hafa hafnað öllu slíku og atyrt ákærðan og því næst farið burtu úr búðinni.

Vitni þetta hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

N N 1 hefir borið sem vitni í málinu, að hann hafi talað við ákærðan kl. að ganga 6 síðdegis sama dag og kona hans, vitnið N N 2, talaði við ákærðan, og eftir að hún hafði talað við ákærðan, og kveðst vitnið þá hafa talað við ákærðan

viðvíkjandi samförum þeim, sem vitninu hafði þá verið sagt, að ákærður hefði haft við framangreindar telpur, og hafi ákærður kannazt við að hafa haft holdleg mök við telpurnar. Vitnið kveðst að vísu ekki berum orðum hafa talað um við ákærðan eða borið á hann, að hann hefði haft holdleg mök við telpurnar, og ákærður hafi ekki berum orðum sagt, að hann hafi gert það, en augljóst hafi verið, að ákærðum var ljóst, við hvað vitnið átti, og hann hafi alls ekki borið á móti því, að hann hafi haft samfarir við telpurnar, en hafi verið ljóst af framkomu ákærðs og tali, að hann kannaðist við að hafa haft holdleg mök við telpurnar, þar á meðal hafi hann haft orð á því, að hann mundi láta telpurnar í friði framvegis og boðið vitninu peninga, ef hann vildi láta vera að skýra frá umræddu athæfi ákærðs eða látið málið falla niður, og hafi sagzt eiga 200 krónur í „bankanum", og boðið vitninu að láta hann fá þá peninga, og að láta vitnið í framtíðinni hafa peninga eftir því sem hann (ákærður) mögulega gæti, og hafi farið fram á við vitnið, að hann „gengi á milli og miðlaði málum", því það væri bezt fyrir alla aðilja, en vitnið kveðst hafa hafnað tilboði ákærðs um peninga, og kveðst hafa haft orð á því við ákærðan, að hann mundi kæra til lögreglunnar út af athæfi ákærða, og hafi ákærður þá sagt: „Þá get ég ekkert annað gert en reyna að verja sig." Vitni þetta hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Vitnið N N 3, móðir telpunnar C, hefir borið, að kl. að ganga 8 e. h. þann 22. maí f. á. hafi nefnd dóttir hennar komið grátandi heim, og sagt við hana að fyrra bragði, að „rauði strákurinn í Boston" (þ. e. ákærður) hafi verið að eiga við hana, og hafði telpan lýst þessu nánar þannig, að ákærður hafi fært hana úr kápunni, sett niður um hana buxurnar, og látið hana leggjast ofan á hann út af liggjandi, og hafi, eftir því sem telpan skýrði frá, haft holdleg mök við hana.

Telpan hafi þá sagzt hafa tekið að gráta vegna umræddra aðfara ákærðs, og hafi hann þurrkað framan úr henni tárin með vasaklút, og loks gefið henni og telpunum A og B, sem með henni hafi verið, sælgæti. Vitnið kveðst hafa spurt telpuna, hvort ákærður hafi oftar en þetta eina sinn haft holdleg mök við hana, og hafi hún neitað því. Hún kveðst

hafa athugað telpuna við umrætt tækifæri, en ekki séð neitt á henni á nokkurn hátt.

Telpan B, sem var þá 8 ára, fædd þann 29. maí 1927, hefir borið, að hún hafi að kvöldi föstudagsins 22. maí f. á. verið, ásamt telpunni A, stödd á Formannabrautinni fyrir framan framangreinda verzlunarbúð, sem ákærður starfaði í, og hafi ákærður þá opnað búðina og kallað til þeirra telpnanna, og boðið þeim að koma inn í búðina til sín, og er þær voru komnar inn í búðina til ákærðs, hafi hann beðið þær um að kalla á telpuna C, sem þá hafi einnig verið að leika sér á Formannabrautinni nálægt umræddri búð, og hafi hún þá einnig komið inn í búðina til ákærðs, og hafi ákærður því næst læst búðinni og sagt við þær, er hann hafði gert það: „Eg skal gefa ykkur mikið gott bráðum," og hafi hann því næst boðið þeim inn í litið herbergi inn af búðinni, og hafi þær farið þangað með honum, og er þær hafi allar verið komnar inn í herbergið, hafi hann beðið telpuna A um að koma með sér fram í búðina og beðið þær hinar telpurnar um að bíða inni í herberginu, og hafi þau ákærður og telpan A því næst farið fram í búðina og verið þar um stund og komið því næst aftur inn í framangreint herbergi, og hafi ákærður því næst beðið hana (telpuna B) um að koma með sér fram í búðina, og hafi hún gert það, en ákærður hafi lokað hurðinni að herberginu, og hinar telpurnar beðið inni í herberginu á meðan hún var með ákærðum frammi í búðinni. Er þau voru komin fram í búðina, ákærður og telpan B, hafi ákærður tekið hana og fært hana úr buxunum, leyst því næst buxurnar niður um sjálfan sig og lagzt á bakið á gólfið, innan við búðarborðið, og tekið hana og lagt hana ofan á sig og þrýst getnaðarlim sínum að kynfærum hennar og nuddað limnum við þau, en ekki annarstaðar, og farið eitthvað inn á milli blygðunarbarmanna, en ekki kveðst hún hafa fundið til neins sársauka við þessar aðfarir ákærðs, og hafi ekki blætt neitt úr henni á eftir, og hafi hún ekki orðið þess vör, að hún blotnaði neitt af völdum ákærðs. Hún kveðst ekki hafa reynt neitt til að verjast þessu framferði ákærðs, og kveðst hafa látið það viðgangast án þess, vegna hræðslu. Ákærður hafi haft þetta athæfi í frammi gagnvart henni stutta stund og því næst sleppt henni, og hafi hann ekki haft slíkt athæfi í frammi gagnvart henni, nema þetta eina sinn. Er ákærður hafi

sleppt henni, hafi hann látið hana fara aftur inn í framangreint herbergi, og farið með telpuna C fram í búðina, og hafi verið þar um stund með henni einni, en þær hinar telpurnar beðið inni í herberginu á meðan, og hafi hurðin milli herbergisins og búðarinnar verið lokuð á meðan, og þær því ekki séð, hvað fram fór í búðinni. Því næst hafi ákærður komið inn í herbergið, þar sem þær stelpurnar biðu, og sagt þeim, að þær mættu koma fram í búðina, og hafi þær þá farið þangað og allar farið fram fyrir búðarborðið, og hafi ákærður þá gefið þeim sælgæti, brjóstsykur, gráfikjur og súkkulaði, og hafi því næst sagt: „Sú ykkar, sem vill vera svo góð að koma aftur, hún skal fá meira gott.“ Og hafi telpan A þá farið inn fyrir búðarborðið til ákærðs, og hafi ákærður þá sagt þeim hinum telpunum að bíða hjá reykháfnum, en reykháfur þessi liggur upp gegnum búðarborðið, og hafi þær gert það, og kveðst hún (telpan C) ekki hafa séð, hvað þau ákærður og telpan A aðhöfðust fyrir innan borðið, en hún kveðst hafa álitið, að ákærður væri þá að hafa holdleg mök við telpuna A. Áður en þær telpurnar fóru úr búðinni frá ákærðum, kveður hún (telpan B) ákærðan hafa sagt við þær, að þær mættu ekki „segja neinum frá þessu“. Þær telpurnar hafi svo, er þær voru farnar frá ákærðum, talað saman um það, sem gerðist í búðinni, og hafi telpurnar A og C sagt henni frá því, að ákærður hafi einnig haft samskonar holdleg mök við þær.

Telpan C., sem var þá 8 ára að aldri, fædd þann 27. maí 1927, hefir borið, að hún hafi komið inn í framangreinda verzlunarbúð með telpunum A og B föstudagskvöldið þann 22. maí f. á., kl. að ganga 8, og hafi ákærður þá verið þar í búðinni og sagt þeim, að hann skyldi gefa þeim sælgæti, og farið með þær allar inn í litið herbergi inn af búðinni, og hafi hann því næst látið telpuna B koma fram í búðina til sín og verið þar með henni einni um stund, en þær hinar telpurnar beðið inni í herberginu á meðan. Því næst hafi ákærður látið telpuna A koma fram í búðina til sín og verið þar með henni einni um stund, en þær hinar telpurnar beðið inni í herberginu á meðan. Hurðin milli herbergisins og búðarinnar hafi verið lokuð á meðan ákærður var með telpunum A og B, hvorri fyrir sig, frammi í búðinni, og hafi hún (telpan C) því ekki séð, hvað gerðist þar, en loks hafi ákærður látið hana koma fram í búðina til sín, en látið

hinar telpurnar bíða inni í framangreindu herbergi á meðan, og er hún var komin fram í búðina til hans, hafi hann fært hana úr buxunum og því næst lagzt sjálfur á bakið á gólfið með buxurnar niður um sig og lagt hana ofan á sig og nuddað getnaðarlim sínum að getnaðarfærum hennar og farið inn á milli blygðunarbarmanna, að henni virtist, en ekki þrýst limnum sérstaklega fast að henni, og kveðst hún ekki hafa kennt neins sársauka við þessar aðfarir ákærða, og hafi ekki blætt neitt úr henni af hans völdum né hún blotnað neitt af hans völdum. Ákærður hafi ekki beðið hana um neitt leyfi til samfaranna, en tekið hana án þess, en hún hafi ekki varið sig neitt fyrir honum. Eftir að ákærður hafi hætt umræddum samförum við hana kveður hún hann hafa látið þær telpurnar allar fara fram í búðina og hafi þær allar farið fram fyrir búðarborðið, og ákærður gefið þeim öllum sælgæti og sagt, að sú, sem vildi koma til sín aftur, skyldi fá meira sælgæti, og hafi telpan A þá farið aftur inn fyrir búðarborðið til ákærðs og verið þar hjá honum um stund, en ekki kveðst hún (telpan C) þá hafa séð, hvað þau höfðust þar að, enda kveðst hún þá hafa staðið framan við reykháf, sem stendur upp í gegnum búðarborðið, en ákærður og telpan A hafi verið þar á bak við. Áður en þær telpur fóru, hafi ákærður sagt við þær, að þær mættu ekki segja frá þessu. Hún (telpan C) kveður ákærðan ekki hafa haft slíkt athæfi í frammi gagnvart sér, nema þetta eina sinn.

Telpan A, sem var þá 8 ára, fædd þann 28. apríl 1928, hefir borið, að hún hafi mikvikudaginn þann 20. maí f. á. um kl. 7 e. h. verið stödd á Formannabrautinni nálægt húsi því, sem framangreind verzlun var í, ásamt með telpunni D, til heimilis á Herjólfsgötu, og hafi ákærður þá opnað búðina og kallað til þeirra telpnanna og beðið þær um að koma inn í búðina, og hafi þær farið þangað til hans, og hafi hann því næst farið með þær inn í lítið herbergi inn af búðinni og tekið telpuna A og fært hana úr buxunum, leyst buxurnar niður um sjálfan sig og lagzt á gólfið á bakið og lagt hana ofan á sig, þrýst getnaðarlim sínum að kynfærum henn- og inn á milli barmanna og nuddað limnum við kynfæri hennar, og hafi hún kennt nokkurs sársauka við það, en ekki mikils, og eftir að hafa gert þetta nokkra stund hafi ákærður sleppt henni. Hún kveður ekki hafa blætt neitt úr

sér af völdum ákærðs, en hún hafi blotnað nokkuð af hans völdum (þ. e. honum hafi orðið sáðfall). Eftir að ákærði hafði sleppt telpunni A, kveður hún hann hafa haft samskonar athæfi í frammi gagnvart hinni telpunni, D, á sama stað, og telpunni A ásjáandi, og hafi því næst gefið þeim sælgæti og látið þær fara eftir að hafa sagt við þær, að þær mættu ekki segja frá þessu. Föstudaginn þann 22. s. m. fyrir hádegi kveðst telpan A svo hafa komið aftur inn í sömu verzlunarbúð með sömu telpu, og hafi ákærður þá einnig haft samskonar athæfi í frammi gagnvart þeim báðum á sama stað. Sama dag um kl. 7 e. h. kveðst hún (telpan A) enn hafa komið í búðina til ákærðs, ásamt með telpunum B og C, og hafi ákærður þá tvisvar haft samskonar athæfi og að framan greinir í frammi gagnvart henni, en þá á búðargólfinu innan við búðarborðið, og hafi hinar telpurnar beðið í herberginu inni af búðinni á meðan ákærður hafði hin holdlegu mök við hana í fyrra skiptið, en þær hafi beðið fyrir framan búðarborðið á meðan ákærður átti við hana í síðara skiptið. Hún hefir borið, eins og hinar telpurnar (B og C), að ákærður hafi fyrst látið þær allar þrjár fara inn í herbergið inn af búðinni og því næst látið eina í einu koma fram til sín í búðina og verið þar með þeim, hverri fyrir sig, einni um stund, en hinar beðið inni í herberginu inn af búðinni á meðan, en hurðin hafi verið lokuð á meðan, og hafi hún því ekki séð, hvort ákærður hafði holdleg mök við hinar telpurnar. Fyrir utan það, sem að framan greinir, kveður telpan A ákærðan ekki hafa haft slíkt athæfi í frammi gagnvart henni.

Telpan D, sem var þá 9 ára að aldri, fædd þann 1. janúar 1927, hefir borið, að hún hafi nokkrum dögum áður en hún var fyrst yfirheyrð í rétti í máli þessu, en það var þann 26. maí f. á., en mundi ekki fyrir víst, hvaða dag, en kveður það muni hafa verið miðvikudaginn þann 20. s. m., líklega um kl. 7 e. h., hafa komið með telpunni A í framangreinda verzlunarbúð til ákærðs, sem þá var staddur þar, en kveðst ekki muna, hvort ákærður kallaði í þær, eða þær fóru þangað ótilkvaddar. En er þær telpurnar hafi verið komnar inn í búðina til ákærðs, hafi hann látið þær fara inn í lítið herbergi inn af búðinni, og þar hafi hann tekið telpuna A og fært hana úr buxunum, því næst leyst buxurnar niður um sjálfan sig og lagzt á bakið á gólfið í her-

berginu og lagt telpuna ofan á sig og haldið utan um hana og hafi legið þannig með hana ofan á sér um stund og viðhaft sérstakar hreyfingar. Er ákærður hafði sleppt telpunni A, kveður telpan D hann hafa tekið hana og fært hana úr buxunum og farið eins að við hana og telpuna A, þ. e. lagt hana ofan á sig á gólfinu og því næst þrýst getnaðarlim sínum að kynfærum hennar og farið með liminn eitthvað inn í hana og nuddað limnum við kynfæri hennar, og kveðst hún hafa kennt nokkurs sársauka við það, en kveðst ekki hafa orðið þess vör, að blæddi neitt úr henni eða hún blotnaði neitt á annan hátt af völdum ákærðs.

Að loknu umræddu athæfi gagnvart telpunni D, kveður hún ákærðan hafa gefið þeim telpunum sitt súkkulaðistykkið hvorri og því næst látið þær fara, og sagt við þær áður en þær fóru, að þær mættu ekki láta sjá súkkulaði það, sem hann hefði gefið þeim. Hún (telpan D) kveðst svo síðar, en mundi ekki, er hún var yfirheyrð, hvaða dag það var, en áleit það hafa verið föstudaginn þann 22. maí f. á., hafa komið inn í framangreinda búð til ákærðs með telpunni A, en hann hafi þá sagt henni (D) að fara heim til sín og koma bráðum aftur í búðina, og kveðst þá hafa farið út úr búðinni og ekki hafa komið þangað aftur, og hafi ákærður ekkert átt við hana í það skipti, er hún kom í búðina, og aldrei, nema það eina skipti, sem að framan greinir.

Telpan E, til heimilis Heimagötu hér í bænum, sem var þá 7 ára að aldri, fædd þann 27. júlí 1928, kveðst dag nokkurn, nokkru áður en hún var yfirheyrð í rétti í málinu, en mundi ekki nákvæmlega, hvenær það var, en samkvæmt framburði hennar virðist það hafa verið rétt fyrir miðjan maímánuð f. á., hafa komið í framangreinda verzlunarbúð með telpunni F, til heimilis Heimagötu, og hafi það verið um hádegi, að þær komu í búðina, og hafi ákærður verið þar fyrir innan búðarborðið, og er þær voru komnar inn í búðina, hafi ákærður lokað búðinni og látið þær telpurnar fara inn fyrir búðarborðið og því næst tekið telpuna E og fært hana úr buxunum, því næst lagzt sjálfur á bakið og hneppt frá sjálfum sér buxnaklaufinni og tekið hana (telpuna E) og lagt hana ofan á sig og sett getnaðarlim sinn á milli fóta hennar og farið með liminn eitthvað inn í hana (þ. e. inn í kynfæri hennar) og viðhaft sérstakar hreyfingar um stund og því næst sleppt henni. Hún kveðst hafa

kennt nokkurs sársauka, en ekki mikils, við umræddar aðfarir ákærðs, en ekki kveðst hún hafa orðið vör við, að blæddi nokkuð úr henni af völdum ákærðs, né hún blotnað nokkuð af völdum hans á annan hátt við umrætt tækifæri. Er ákærður hafði haft framangreint athæfi í frammi gagnvart telpunni E, kveður hún hann hafa farið eins að við telpuna F og því næst látið þær fara, og hafi hann þá lánað þeim reiðhjól sitt til notkunar, en ekki gefið þeim neitt. Telpa þessi hefir og borið, að hún hafi eitt sinn eftir að hún kom þangað í umrædda búð með telpunni F komið þangað kvöld nokkurt um kl. 7 e. h. með telpunni G, til heimilis Vestmannabraut, og hafi ákærður þá boðið þeim inn í lítið herbergi inn af búðinni og viljað hafa holdleg mök við þær, en hvorug þeirra hafi viljað vera fyrri til að láta hann eiga við sig, og hafi því ekki orðið af neinu slíku, og þær farið burt úr búðinni frá ákærðum, og kveður telpan E ákærðan ekki hafa haft nein holdleg mök við hana, nema framangreint eitt skipti.

Telpan F, sem var þá 8 ára, fædd þann 20. október 1927, hefir verið yfirheyrð í málinu, og hefir hún borið, að hún hafi tvisvar komið inn í framangreinda verzlunarbúð með telpunni E, og hafi telpan G verið stödd þar í síðara skiptið, og hafi ákærður í fyrra skiptið, sem hún kom í búðina, farið með telpuna E inn í herbergi inn af búðinni og hafi þau verið þar ein saman um stund, en í síðara skiptið hafi hann farið með telpuna E inn fyrir búðarborðið, og muni hann þá eitthvað hafa átt við telpu þessa þar, en þar eð búðarborðið hafi verið hærra en telpan F sjálf, kveðst hún ekki hafa séð, hvað ákærður átti við telpuna E fyrir innan borðið. En hún (telpan F) hefir eindregið neitað, að ákærður hafi nokkru sinni átt nokkur holdleg mök við hana sjálfa.

Telpan H, til heimilis Miðstræti, sem þá var 13 ára að aldri, fædd þann 22. júní 1922, hefir borið, að hún hafi nokkru fyrir jól 1935 verið á gangi um götur bæjarins með telpunni G, og hafi þær þá hitt ákærðan hjá húsinu Mandal nr. 18 við Njarðarstíg, og hafi ákærður þá verið að koma út úr nefndu húsi, og hafi reiðhjól hans staðið þar hjá húsinu, og hafi ákærður þá boðið þeim telpunum reiðhjól sitt til notkunar og sagt þeim að hitta sig bak við húsið Litla-Hvamm nr. 43 við Kirkjuveg, og hafi þær þegið hjólið og

hjólað á því til skiptis um götur bæjarins um stund og því næst skilið hjólið eftir við húsið nr. 29 við Kirkjuveg, enda hafi ákærður áður en þær skildu við hann sagt þeim að skilja hjólið þar eftir áður en þær kæmu til hans á túnið. Þær hafi því næst gengið á umrætt tún, og er þær komu þangað, hafi ákærður verið kominn þangað á undan þeim. Það hafi verið um kl. 5 e. h., að þær komu á túnið til ákærðs, og hafi þá verið orðið nokkuð dimmt. Er þær voru komnar þangað, kveður hún (telpan H) ákærðan hafa boðið henni á leiksýningu i Góðtemplarahúsinu hér og sagt, að aðgangur að þessari sýningu kostaði tvær krónur, og skyldi hann annaðhvort láta hana fá 2 krónur til þess að kaupa sér aðgang að leiksýningu þessari eða fara með henni þangað. Hún kveðst hafa hafnað þessu boði ákærðs og sagzt vera búin að sjá leiksýningu þá, sem ákærður nefndi, og sagzt þurfa að fara heim til sín, en ákærður hafi þá tekið hana, lagt hana niður á túnið, leyst niður um hana buxurnar, en hún kveðst hafa varizt honum, eins og hún gat, og tvisvar risið upp að nokkru leyti, en ákærður hafi hlegið að henni og lagt hana niður aftur, og er hann hafði leyst niður um hana buxurnar, hafi hann hneppt buxunum frá sér sjálfum og lagzt ofan á hana og þrýst getnaðarlim sínum að kynfærum hennar og eitthvað inn í hana og viðhaft samræðishreyfingar, en hún kveðst þá hafa tekið að gráta mjög mikið og sagt í sífellu: „Hættu þessu! Hættu þessu," og hafi ákærður bráðlega hætt samförunum og staðið upp. Hún kveður telpuna G hafa staðið hjá þeim, ákærðum og telpunni H, á meðan á framangreindri viðureign þeirra og samförum hafi staðið. Hún kveðst hafa kennt nokkurs sársauka, er ákærður byrjaði samfarirnar við hana, en ekki mikils, og hafi ekki blætt neitt úr henni eftir samfarirnar, og hún ekki orðið þess neitt vör, að hún blotnaði neitt af hans völdum, þ. e. að honum yrði sáðfall. Er ákærður hafði hætt samförunum við telpuna H, kveður hún hann hafa tekið telpuna G og farið eins með hana, og kveðst telpan H hafa staðið hjá þeim á meðan, og hafi telpan G ekki varið sig neitt fyrir ákærðum, en er ákærður hafði hætt samförunum við telpuna G, hafi þær telpurnar orðið samferða í bæinn, og hvor farið heim til sín. Telpan H kveðst hafa verið kyrr hjá þeim ákærðum og telpunni G á meðan ákærður hafði samfarirnar við telpuna G vegna þess, að hún hafi vilj-

að bíða eftir telpunni G, en ekki vegna þess, að hún hafi haft neina löngun til þess að sjá samfarir þeirra. Sama vetur, nokkru eftir að framangreindar samfarir áttu sér stað, kveðst telpan H hafa verið á gangi um götur bæjarins með telpunni G., og hafi þær þá mætt ákærðum á horninu milli Kirkjuvegs og Vestmannabrautar, og hafi ákærður þá verið á reiðhjóli, en stigið af því, er hann mætti þeim, og boðið þeim að lána þeim hjólið, og hafi þær þegið það, og hafi ákærður sagt þeim að koma á túnið fyrir utan húsið Kirkjuhvol, sem er nr. 59 við Kirkjuveg, og hafi þær hjólað til skiptis um götur bæjarins um stund á reiðhjóli þessu, og því næst farið á framangreint tún, og hafi ákærður þá verið kominn þangað og hafi hann haft holdlegar samfarir við hana (telpuna H), að telpunni G viðstaddri, og því næst við telpuna G, að telpunni H viðstaddri, á sama hátt og áður, sunnan við girðingu, sem er kringum umrætt tún. Telpan H kveðst ekkert hafa varið sig fyrir ákærðum, er hann leitaði samfaranna við hana í þetta sinn. Ákærður hafi þá farið með getnaðarlim sinn nokkuð inn í getnaðarfæri hennar og lengra en í fyrra skiptið, en hún kveðst þó ekki hafa kennt neins sársauka við það.

Telpan G, sem var þá 12 ára að aldri, fædd þann 2. janúar 1924, hefir borið, að einu sinni, er hún og foreldrar hennar bjuggu í húsinu Hjálmholti, en þau bjuggu þar til 1. október 1935, hafi ákærður haft holdlegar samfarir við hana, en man að öðru leyti ekki, hvenær það var, en minnir, að það væri skömmu áður en foreldrar hennar fluttu frá Hjálmholti, og hún kveðst ekki muna, hvar samfarir þessar áttu sér stað, en það hafi verið úti. Þá hefir hún og borið, að veturinn 1935—1936, en man ekki nákvæmlega, hve nær það var, en það hafi verið fyrir jól, eftir því sem hún bezt man, hafi hún síðari hluta dags verið á gangi um götur bæjarins með telpunni H, og hafi þær þá hitt ákærðan, og hafi hann verið þar með reiðhjól sitt og boðið þeim það til notkunar og sagt þeim að koma á túnið bak við húsið Stóra-Hvamm (Kirkjuveg 41) og hitta sig þar, og hafi þær því næst hjólað til skiptis um bæinn um stund á reiðhjóli ákærðs og því næst farið á framangreint tún, og hafi ákærður þá verið kominn þangað, og á túninu bak við húsið Litla-Hvamm (Kirkjuveg 43) hafi hann haft holdlegar samfarir við telpuna H, að henni (telpunni G) viðstaddri, og

því næst tekið hana, fært hana úr buxunum, lagzt ofan á hana, farið með getnaðarlim sinn að getnaðarfærum hennar og inn á milli blygðunarbarmanna og eitthvað inn í hana, og hafi telpan H verið viðstödd á meðan ákærður hafði samfarirnar við hana (telpuna G). Síðar sama vetur kveðst telpan G, síðari hluta dags eða um kvöld, hafa ásamt telpunni H komið til ákærðs á túnið fyrir ofan húsið Kirkjuhvol (Kirkjuveg 59), og hafi ákærður þá haft holdlegar samfarir við þær báðar fyrir sunnan girðingu, sem er kringum framangreint tún, á sama hátt og áður. Þá kveðst telpan G og einu sinni hafa komið til ákærðs í verzlunarbúð þá, sem hann starfaði í, og hafi ákærður þá haft holdlegar samfarir við hana þar. Þá kveðst hún og einu sinni hafa komið í sömu búð, ásamt með telpunni E, og hafi ákærður þá haft þar holdleg mök við þær báðar. Þá kveðst hún og eitt sinn hafa verið stödd inni í umræddri verzlunarbúð, ásamt telpunni E og telpunni F, og hafi ákærður þá látið telpuna E koma til sín inn fyrir búðarborðið og, að henni virtist, átt einhver holdleg mök við hana þar, en hafi þá ekki átt neitt við telpuna F né telpuna G. Hún kveðst ekki muna eftir, að telpan H verði sig neitt fyrir ákærðum, er hann leitaði samfaranna við hana, né hafa tekið eftir, að hún gréti eða bæði ákærðan um að hætta, og sjálf kveðst hún (telpan G) aldrei hafa veitt ákærðum neina mótspyrnu í sambandi við samfarir þær, er ákærður hafði við hana. Hún kveðst ekki muna eftir að hafa nokkru sinni orðið þess vör, að ákærðum yrði sáðfall í sambandi við samfarir hans við hana.

Allar framangreindar telpur, sem hafa borið, að ákærður hafi haft holdleg mök við þær, voru þegar við byrjun rannsóknar málsins, að tilhlutun rannsóknardómarans, skoðaðar af héraðslækninum í Vestmannaeyjum, og hafa verið lagðar fram í málinu skriflegar skýrslur héraðslæknisins viðvíkjandi þeirri skoðun.

Samkvæmt skýrslum þessum kom það, sem hér segir í ljós við skoðunina:

Telpan A var skoðuð þann 27. maí f. á. Í hrófinu á kynfærum hennar var þá þroti, einkum neðan til. Í meyjarhaftinu ofan til hægramegin var sprunga ca. 1 cm á lengd. Við skoðun á henni kom ekki annað óeðlilegt í ljós.

Telpan B var skoðuð sama dag. Í hrófinu var þá þroti, einkum utan meyjarhaftsins, hægra megin. Að öðru leyti kom ekkert óeðlilegt í ljós við skoðunina á henni.

Telpan C var skoðuð sama dag. Hrófið var þá þrotið, en ekkert annað óeðlilegt kom í ljós við skoðunina.

Telpan D var skoðuð sama dag. Í hrófinu var þá þroti, upp í meyjarhaftið framan til var þá rifa, ca. 1 cm. á lengd, og dálitlu aftar sprunga, ½ cm. á lengd. Annað óeðlilegt kom ekki í ljós við skoðunina.

Telpan E var skoðuð sama dag, og kom ekki neitt óeðlilegt í ljós við skoðunina.

Telpan G var skoðuð sama dag. Uppi í meyjarhaftinu hægra megin var ½ cm. löng sprunga, en að öðru leyti var meyjarhaftið heilt þeim megin, en vinstra megin var það rifið frá ofan til aftur fyrir miðju. Farvegurinn var þrútinn og stóru blygðunarbarmarnir virtust hafa orðið fyrir óeðlilegri snertingu.

Telpan H var skoðuð þann 30. maí f. á. Uppi í meyjarhaftinu var þá sprunga hægra megin aftan til, en að öðru leyti var það heilt, og var farvegsopið víðara en vænta mátti á ósnortinni telpu.

Ákærður hefir eindregið neitað að hafa haft nokkur holdleg mök við nokkra af framangreindum telpum eða við aðrar telpur.

Eftir að hafa setið í gæzluvarðhaldi frá 26. maí f. á. til 16. júní s. á. var ákærður að ráði héraðslæknisins hér í Vestmannaeyjum, sem taldi það nauðsynlegt, sendur til dr. med. Helga Tómassonar, yfirlæknis á geðveikraspítalanum á Nýja-Kleppi, til psykiatriskrar observationar, og var hann til slíkrar athugunar hjá nefndum yfirlækni frá því hann var þannig sendur til hans og þar til þann 9. febrúar þ. á., að hann var sendur hingað til Vestmannaeyja, að slíkri athugun lokinni, og kom hingað þann 10. s. m. og sat því næst í gæzluvarðhaldi frá þeim tíma og þar til þann 27. marz s. l., að mál þetta hafði verið höfðað og tekið undir dóm.

Samkvæmt skriflegri álitsgerð framannefnds yfirlæknis, sem lögð hefir verið fram í málinu, álítur yfirlæknirinn, að ákærður sé hvorki fáviti né geðveikur.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur

þann 12. janúar 1912. Hann var með dómi hæstaréttar, uppkveðnum þann 19. desember f. á., dæmdur í 35 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þátttöku í ofbeldi gagnvart lögregluþjónum og innbroti í fangahúsið til þess að taka mann með valdi úr gæzluvarðhaldi. Við rannsókn þess máls neitaði ákærður að svara spurningum rannsóknardómarans, en hélt fram, að hann teldi sig ekki hafa brotið lög í neinu, þrátt fyrir það þó hann, samkvæmt eiðfestum framburði tveggja vitna, væri staðinn að þeim verknaði, sem sú rannsókn og það mál var út af.

Með framangreindum framburði vitnanna N N 1, N N 2 og N N 3 og með framburði telpnanna A, B og C verður að áliti réttarins að telja nægjanlega sannað, að ákærður hafi átt holdleg mök við nefndar telpur.

Þar eð það þannig verður að teljast nægjanlega sannað gegn neitun ákærðs, að hann hafi átt holdleg mök við nefndar telpur, og álíta, að framburður ákærða þar að lútandi sé vísvitandi rangur, svo og með tilliti til þess, að álíta verður samkvæmt því, sem komið hefir í ljós við framangreinda læknisskoðun, að karlmaður hafi haft holdleg mök við telpurnar G og H, þykir verða að leggja framburð nefndra telpna til grundvallar í málinu og telja nægjanlega sannað, að ákærður hafi haft holdleg mök eða samfarir við þær, eins og þær hafa borið. Hinsvegar verður ekki talið nægjanlega sannað gegn neitun ákærðs, að hann hafi beitt telpuna H ofbeldi.

Þá þykir og, með tilliti til þess, að það, sem komið hefir í ljós við framangreinda læknisskoðun, bendir eindregið til þess, að karlmaður hafi átt holdleg mök við telpuna D og með tilliti til annars, sem upplýst er í málinu og að framan greinir, að telja (sic) nægilega sannað í málinu með framburði telpnanna A og D, að ákærður hafi haft holdleg mök við telpuna D.

Hinsvegar verður eigi gegn neitun ákærða talið nægilega sannað, að hann hafi átt holdleg mök við telpuna E og F.

Foreldrar telpnanna G og H, sem, eins og að framan greinir, eru eldri en 12 ára, hafa krafizt þess, að ákærður verði látinn sæta refsingu fyrir framangreint framferði sitt gagnvart þeim.

Með framangreindu framferði sínu hefir ákærður að

áliti réttarins brotið gegn 177. gr. sbr. 174. og 175. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, eftir atvikum með hliðsjón af 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 18 mánaða betrunarhúsvinna.

Þá ber og að dæma ákærðan til að greiða allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Hinriks Jónssonar lögfræðings, er þykja hæfilega ákveðin 150 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Gísli Stefánsson, sæti betrunarhúsvinnu í 18 mánuði.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Hinriks Jónssonar lögfræðings, 150 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. janúar 1938.

Nr. 106/1937. **Réttvísin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Guðbjörgu Kristínu Sölvadóttur

(Lárus Jóhannesson).

Þjófnaðarmál.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Við rannsókn máls þessa hefir verið vanrækt að láta meta til peningaverðs reiðhjól það, sem ákærða tók á Grettisgötunni í septembermánuði 1936 og um ræðir í málinu. Var þó sérstök nauðsyn á því, að mat færi fram, þar sem sekt eða sýkna ákærðu gat verið undir því komin, samkvæmt 6. gr. laga nr. 51/1928,

hvort verð reiðhjólsins nam á ofangreindum tíma 30 krónum. Um reiðhjól þetta er það upplýst, að eigandi þess hafði keypt það á viðgerðarverkstæði hér í bænum, að því er ætla verður, notað, en um aldur þess og ástand að öðru leyti liggja engar upplýsingar fyrir. Ekki er unnt að gera ráð fyrir, að héðan af sé mögulegt að afla áreiðanlegra upplýsinga um verð reiðhjólsins í september 1936, og þykir því ekki gerlegt að fyrirskipa framhaldsrannsókn um þetta atriði.

Þar sem þannig ekki er upplýst, að verð reiðhjólsins hafi numið 30 krónum á þeim tíma, er ákærða sló eign sinni á það, og eigandi þess hefir ekki krafizt, að henni yrði refsað fyrir verknaðinn, þá brestur skilyrði samkvæmt fyrrnefndri 6. gr. lag nr. 51/1928 fyrir því, að refsing verði dæmd, og ber því að sýkna ákærðu af kröfum réttvísinnar í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður að leggja á ríkissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða, Guðbjörg Kristín Sölvadóttir, á að vera sýkn af kærum réttvísinnar í máli þessu. Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. júní 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Guðbjörgu Kristínu Sölvadóttur verkakonu, til heimilis á Grettisgötu 51 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærða er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 1. marz 1884, og hefir ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu og öðrum gögnum, er fram hafa komið, eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Snemma morguns í september s. l. var ákærða á gangi inn Grettisgötuna á leið til vinnu sinnar. Var ekki orðið bjart af degi og rigning var og blautt, og enginn sjáanlegur á ferli. Sá hún þá reiðhjól liggja utan í götubrúninni og datt henni í hug að stela því og framkvæmdi það þá þegar.

Tók hún reiðhjólið og leiddi það við hlið sér heim til sín og setti það þar inn í geymslu. Þar var svo reiðhjólið þar til sonur hennar kom í bæinn í marz í vetur, en þá lét ákærða hann fá það og sagði honum, að hún hefði keypt það á uppboði hjá lögreglunni. Reiðhjól þetta er nú komið í hendur rétts eiganda, og hefir engin skaðabótakrafa komið fram í máli þessu. Ákærða hefir sýnt allmikla tregðu við að meðganga þetta brot sitt og sat í gæzluvarðahldi vegna rannsóknar máls þessa frá 14.—16. þ. m.

Framanritað brot ákærðu ber að heimfæra undir 6. gr. laga nr. 51 7. maí 1928, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga.

Henni ber að greiða allan sakarkostnað. Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða, Guðbjörg Kristín Sölvadóttir, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga. Hún greiði allan sakarkostnað. Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. janúar 1938.

Nr. 76/1937. **Martin Christian Frederiksen**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Margréti Ingibjörgu Halldórsdóttur
(Garðar Þorsteinsson).

Barnsfaðernismál.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að honum verði heimilað að synja með eiði sínum fyrir faðerni barns þess, er stefnda ól þann 30. marz 1937, og að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda hefur hinsvegar krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en gjafvörn hefir hún fengið með bréfi dómsmálaráðuneytisins 8. sept. f. á. og sér skipaðan talsmann fyrir hæstarétti.

Í upphafi rannsóknar máls þessa, þann 30. apríl 1937, kvaðst stefnda fyrst hafa kynnzt áfrýjanda hér í bænum „síðast í júlímánuði" 1936 og þá hafa haft samfarir við hann, og þá kvað hún barnið vera getið. Þá kvaðst hún og „nokkru síðar í sama mánuði og 3—4 sinnum í ágústmánuði s. á." hafa „komið heim til" áfrýjanda. Í þessu þinghaldi færði áfrýjandi fullar sönnur að því, að hann hefði alls ekki verið í Reykjavík þetta sumar frá 8. júní til 4. september, nema dagana 2.—9. júlí, og að hann gæti því ekki hafa haft mök við stefndu á þeim stað og tíma, sem hún hafði staðhæft. Þar á móti kvaðst áfrýjandi hafa hitt stefndu á Nýlendugötu hér í bæ í október

1936. Hafi hún þá farið heim með honum á Ránargötu 8 A, þar sem hann bjó, og hafi þau þá haft holdlegar samfarir saman. Annars kveður hann þau ekki, hvorki fyrr né síðar, hafa komizt í þær vændir hvort við annað, að barnsgetnaður mætti af verða. Þrátt fyrir þessa skýrslu áfrýjanda og gögn þau, er fram komu um fjarvist hans héðan úr bæ á þeim tíma, er stefnda kvað þau hafa komið saman að líkamslosta, vék stefnda í þessu þinghaldi hvergi frá skýrslu þeirri, er hún hafði þá áður gefið. Eigi kannaðist hún heldur við það, að þau hefðu átt holdleg mök saman í október 1936, en þó hefðu þau þá hitzt.

Í þinghaldi 5. maí 1937 breytti stefnda framangreindri skýrslu sinni þannig, að hún hafi haft samfarir við áfrýjanda í júlímánuði 1936 „kvöldið áður en hún hafi farið héðan úr bænum til Vestmannaeyja“, og sé barnið þá getið, en ekki mundi hún þó, hvaða dag það var. Þó bindur hún það nánar með því, að hún „muni“ hafa verið „samferða sænska stúdentakórnum“, og er það upplýst, að söngflokkur þessi hafi farið frá Reykjavík þann 7. júlí 1936 á skipi, sem kom við í Vestmannaeyjum. „Það kvöld“ kveðst hún nú hafa haft samfarir við áfrýjanda. Ennfremur bætir stefnda því nú við, að áður en þetta gerðist, hafi þau haft samfarir hvort við annað, án þess að barnsgetnaður yrði af, en ekki kvaðst hún muna, hve nær eða hversu oft það hafi verið, enda hefir engin nánari grein fengizt þar á.

Áfrýjandi hefir í engu breytt skýrslu þeirri, er hann gaf í þinghaldinu 30. apríl 1937, og stefnda hefir haldið sér við skýrslu þá, er hún gaf í þinghaldinu 5. maí s. á.

Rannsókn á blóði aðilja og barnsins var gerð eftir kröfu áfrýjanda, enda bauðst hann til að kosta hana.

Samkvæmt vottorði rannsóknarsofu háskólans 15. maí 1937 var niðurstaða rannsóknarinnar þessi:

Áfrýjandi aðalblóðflokkur B, undirflokkur N
Stefnda —— A, —— M
Barnið —— O, —— MN.

Samkvæmt þessu getur áfrýjandi verið faðir barnsins, en alls óvíst, að hann sé það.

Svo sem sjá má, hefir gætt mikillar ósamkvæmni og ónákvæmni í skýrslum stefndu í þinghöldunum 30. apríl og 5. maí 1937 um verulegustu atriði málsins. Þrátt fyrir þau kynni, sem aðiljar kunna að hafa haft hvort af öðru í október 1936, verður ekki talið, eftir því sem fram er komið í málinu, að stefnda hafi leitt þær líkur til styrktar máli sínu, að málalok verði látin velta á eiði hennar. Verður því að láta úrslit málsins velta á eiði áfrýjanda samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936. Skal hann því vera sýkn af kröfum stefndu, ef hann synjar fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu frá 2.—7. júlí 1936, að báðum dögum meðtöldum. En ef áfrýjandi vinnur ekki eiðinn, þá skal hann talinn faðir barns þess, er stefnda ól þann 30. marz 1937, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá skal stefnda greiða honum samtals kr. 200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, en málflutningskaup talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, 100 krónur, greiðist þá úr ríkissjóði. En ef áfrýjandi vinnur ekki eiðinn, þá skal hann greiða stefndu og talsmanni hennar fyrir hæsta-

rétti í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti samtals 200 krónur, 100 krónur til hvors þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi, Martin Christian Frederiksen, synjar fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 innan 2 vikna eftir birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu, Margréti Ingibjörgu Halldórsdóttur, á tímabilinu 2.—7. júlí 1936, að báðum dögum meðtöldum, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, þá skal hann talinn faðir að barni því, er stefnda ól þann 30. marz 1937, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði stefnda honum samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, en málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, þá greiði hann stefndu og áðurnefndum talsmanni hennar samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1937.

Hinn 30. marz þ. á. ól ógift stúlka, að nafni Margrét Ingibjörg Halldórsdóttir, til heimilis á Eiríksgötu 37 hér í bæ, fullburða meybarn. Föður að þessu barni sínu hefir barnsmóðirin tilnefnt Martin Christian Frederiksen, Ránargötu 8 A hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta eftir kröfu barnsmóður höfðað gegn honum, og hefir hún gert þær kröfur hér fyrir réttinum, að kærður verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til sín, svo og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað að skaðlausu.

Kærandi hefir upphaflega haldið því fram, að hún hafi fyrst kynnzt kærðum síðast í júlímánuði fyrra ár og hafi hún þá haft holdlegar samfarir við hann á heimili hans Ránargötu 8 A, og sé barn þetta ávöxtur þeirra samfara. Í síðara réttarhaldi breytir hún þessum framburði sínum á þá leið, að þetta hafi skeð kvöldið áður en hún hafi farið héðan úr bænum til Vestmannaeyja, en með því skipi hafi einnig farið sænski stúdentakórinn, en samkvæmt tilkynningu í framlögðu dagblaðinu „Vísir" fór kórinn héðan með e/s Brúarfoss þann 7. júlí f. á.

Kærður hefir hinsvegar haldið því fram, að hann hafi fyrst kynnzt kæranda í októbermánuði fyrra ár og haft þá holdlegar samfarir við hana aðeins í eitt skipti, en hvorki fyrr né síðar, og neitar hann því með öllu, að hann geti verið faðir að barni kæranda.

Með því að aðiljum kemur ekki saman um málavöxtu, og blóðrannsókn sú, sem fram hefir farið, sker ekki úr um faðernið, verða úrslit máls þessa að vera komin undir eiði annarshvors aðilja. Með tilliti til þess, að telja verður, að kærandi hafa frekar líkurnar með sér, eftir því sem fram er komið í málinu, þar sem kærður viðurkennir holdlegar samfarir við hana, þykir verða að láta úrslit málsins vera komin undir eiði hennar, þannig að vinni hún eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan á tímabilinu frá 10. maí til 30. júlí 1936, þá skal hann teljast faðir að barni því, er hún ól þann 30. marz 1937, greiða meðlag með barninu og barnsfarar-

kostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falli niður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Margrét Ingibjörg Halldórsdóttir, eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan, Martin Christian Fredriksen, á tímabilinu frá 10. maí til 30. júlí 1936, þá skal hann teljast faðir að barni því, er kærandi ól þann 30. marz 1937. Þá greiði hann og meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks 20 krónur í málskostnað.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, og málskostnaður falli niður.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. janúar 1938.

Nr. 115/1937. **Valdstjórnin** (Theodór B. Líndal)

gegn

Ólafi Kjartani Ólafssyni

(Eggert Claessen).

Áfengislagabrot.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig,

að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur og teljist frá birtingu dóms þessa.

Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur og teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theodórs B. Líndal og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. sept. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kjartan Ólafssyni, atvinnulausum, til heimilis í Hafnarstræti 18, hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. júlí 1914, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1927 $^{13}/_{12}$ Kærður fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði, málið afgreitt til dómara.

1933 $^{18}/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1934 $^{2}/_{2}$ Dómur hæstaréttar, 400 króna sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.

1934 $^{1}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðs-

bundið, fyrir innbrotsþjófnað, og in solidum 150 króna skaðabætur.

1934 $^{2}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 300 króna sekt fyrir brot gegn áfengislögunum og ósvífni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $^{2}/_{2}$ 1935.

1934 $^{22}/_{10}$ Dómur Hæstaréttar, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 800 króna sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 64/1930.

1934 $^{5}/_{12}$ Sætt 100 króna sekt fyrir slagsmál.

1935 $^{1}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.

1935 $^{8}/_{7}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir þjófnað.

1936 $^{9}/_{10}$ Sætt 10 króna sekt fyrir hjólreiðar niður Bankastræti.

1936 $^{30}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 231. gr. 4. mgr. hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr. 1. málsgr. áfengislaganna.

Með játningu kærða er það sannað, að hann hefir í undanfarinn hálfan mánuð til þrjár vikur selt áfengi hinum og öðrum við höfnina hér í bænum með 3ja króna álagningu á flöskuna. Hefir salan venjulega numið 3 flöskum á dag, nema um helgar, þá 7—8 flöskur.

Á umræddum tíma hefir kærði ekkert starfað annað en að selja áfengi, og verður að telja hann hafa stundað sölu þessa í atvinnuskyni.

Með áfengissölunni hefir hann gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaganna, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað. Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1000 króna

sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. janúar 1938.

Nr. 191/1936. **Strætisvagnar Reykjavíkur h/f**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Sigurbergi Elíssyni og gagnsök
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Skaðabætur fyrir slit á vinnusamningi.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu hingað til réttarins með stefnu útgefinni 28. des. 1936. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 12. janúar 1937. Krefst hann þess *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum 1800 krónur með 5% ársvöxtum frá 17. febr. 1936 til greiðsludags, en *til vara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi rökstyður aðalkröfu sína hér fyrir rétti, eins og í héraði, með því, að aðaláfrýjanda

hafi verið óheimilt að segja honum upp starfinu án saka, þar eð hann hafi innt af höndum hlutafjárframlag sitt með það fyrir augum, að hann fengi slík atvinnuréttindi hjá félaginu, og hafi stjórn þess verið um það kunnugt. Á þessa ástæðu verður þó ekki fallizt, þar eð upplýst er, að í stofnsamningi félagsins er berum orðum tekið fram, að stofnendur áskilji sér engin fríðindi hjá félaginu, enda fer þessi staðhæfing gagnáfrýjanda og í bága við ráðningarsamning hans við félagið, þar sem báðum aðiljum er áskilinn 3 mánaða uppsagnarfrestur.

Þá hefir því einnig verið haldið fram af hálfu gagnáfrýjanda, að þegar ráðningartími hans hjá félaginu samkvæmt nefndum samningi hafi verið á enda, 30. apríl 1933, hafi ráðning hans hjá félaginu framlengzt eftir það þegjandi um eitt ár í senn, miðað við 30. apríl hvers árs til jafnlengdar næsta ár, og hafi félaginu verið óheimilt að segja honum upp starfi miðað við annan tíma en 30. apríl. Á þessa ástæðu er þó heldur ekki unnt að fallast, því að telja verður, að ráðning gagnáfrýjanda hafi framlengzt um óákveðinn tíma eftir 30. apríl 1933, og þar eð honum var sagt upp starfinu með nægum fyrirvara, þá verða honum ekki dæmdar bætur í máli þessu vegna óheimillar uppsagnar.

Varakröfu sína styður gagnáfrýjandi með því, að aðaláfrýjandi hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt ráðningarsamningnum með því að inna sumar kaupgreiðslur of seint af hendi. Þar sem hinsvegar er upplýst, að gagnáfrýjandi hafði tekið við öllu kaupi sínu, áður en hann höfðaði mál þetta, án þess að gera nokkurn fyrirvara um það, að hann ætlaði að krefjast skaðabóta vegna þess, að einstakar kaupgreiðslur hefðu ekki verið inntar af hendi á réttum

tíma, þá er þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að taka nefnda varakröfu hans til greina.

Samkvæmt því, sem að framan segir, ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, og verður þá að dæma gagnáfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er þykir hæfilega ákveðinn 250 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sigurbergs Elissonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 250 í málskostnað fyrir báðum réttum að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 5. des. 1936.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útg. 17. febrúar 1936 af Sigurbergi Elissyni bifreiðastjóra, hér í bæ, gegn h. f. Strætisvagnar Reykjavíkur, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 1800.00, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, krefst sýknu og kr. 163.50 í málskostnað og ennfremur þess, að stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var einn af stofnendum stefnds h. f. og lagði hann fram hlutafé, að upphæð kr. 1000.00. Hann var síðan bifreiðarstjóri hjá félaginu frá stofnun þess til 1. jan. 1936, en frá þeim tíma hafði honum verið sagt upp stöðunni með þriggja mánaða fyrirvara, og hætti hann þá störfum.

Stefnandi telur stefndum hafa verið óheimilt að segja sér upp frá þeim tíma, sem gert var (1. jan. 1936). Skv. ráðningarsamningi sínum við stefndan hafi ekki verið unnt að segja sér upp, nema frá 30. apríl ár hvert, ef á annað

borð hafi verið mögulegt að segja sér upp án saka, og þá með þriggja mánaða fyrirvara.

Stefnukrafan sundurliðast því þannig:

1. Kaup frá 1. jan. 1936 til 30. apríl 1936, kr. 325 um hvern mánuð, kr. 1300.00.

2. Bætur fyrir brot á ráðningarsamningi, kr. 500.00.

1. Að stefndum hafi yfirleitt verið óheimilt að segja upp ráðningarsamningnum án saka, byggir stefnandi í fyrsta lagi á því, að það hafi verið ákvörðunarástæða hjá sér, þegar hann gerðist hluthafi í stefndu h/f, að hann fengi atvinnu hjá því sem bifreiðarstjóri. Þetta hafi stjórnendum félagsins verið ljóst, og geti þeir því ekki sagt sér upp að ósekju. — Það má telja upplýst í máli þessu, að af báðum aðiljum, bæði stefnanda og stjórn stefnds, hafi verið gengið út frá því, að með því að leggja fram umrætt hlutafé hafi stefnandi verið að tryggja sér atvinnu hjá stefndum, enda þótt það hafi ekki verið tekið fram í stofnsamningnum, og hann hefði ákvæði um, að stofnendur áskildu sér engin fríðindi hjá félaginu. En þrátt fyrir þetta getur rétturinn ekki fallizt á, að stefndum hafi verið með öllu óheimilt að segja stefnanda upp starfinu, án saka, því að hefði slíkt verið orðað við stofnsamningsgerðina, eru mestar líkur fyrir, að hlutafé stefnanda hefði ekki verið þegið, þar eð hér gat orðið um óeðlilegar hömlur á starfsemi stefnds að ræða. Rétturinn telur þetta hinsvegar geta haft þau áhrif, að stefnandi kynni að geta endurheimt hlutafé sitt, ef honum væri sagt upp að ósekju. Þessi málsástæða er því ekki nægur grundvöllur undir kröfu stefnanda. — Í öðru lagi byggir stefnandi kröfu sína á því, að skv. upphaflega ráðningarsamningnum, sem dags. er 30. apríl 1932, hafi hann verið ráðin til eins árs eða til 30. apríl 1933, og hafi svo verið ákveðið í honum, að uppsagnarfrestur af beggja hálfu skyldi vera þrír mánuðir. Samningur þessi hafi verið í gildi, þegar sér var sagt upp, að öðru leyti en því, að gerðar höfðu verið á honum ýmsar breytingar, svo sem um sumarfrí og kaup.

Samningurinn hafi því framlengzt af sjálfu sér um eitt ár í senn, og því ekki verið unnt að segja sér upp fyrr en í fyrsta lagi frá 30. apríl 1936, og þá að undangengnum þriggja mánaða fyrirvara. Gegn ákveðnum mótmælum stefnds telur rétturinn þó ekki unnt að fallast á þennan

skilning stefnanda, heldur verður hann að telja, að eftir 30. apríl 1933 hafi samningurinn framlengzt til óákveðins tíma, og að stefndur hafi því, hvenær sem hann vildi eftir þann tíma, getað sagt stefnanda upp með þriggja mánaða fyrirvara, enda verður að telja stefnanda hafa viðurkennt þetta með því að sækja athugasemdalaust um stöðuna eftir að honum hafði verið sagt upp. Ennfremur virðist auðsætt, að samningur þessi hafi ekki getað gilt til 30. apríl 1936 af þeirri ástæðu, að upplýst er, að stefndur hafði gert nýjan kaupsamning við bifreiðastjórafélagið Hreyfil um kjör bifreiðarstjóra sinna, sem gekk í gildi um áramótin 1935 og 1936. Þessi kröfuliður stefnanda verður því ekki tekinn til greina.

2. Þenna kröfulið byggir stefnandi á því, að í samningnum frá 30. apríl 1932, sem telja verður hafa verið í gildi, er uppsögnin fór fram, var ákvæði um, að ryfi annarhvor aðilja samninginn, skyldi honum skylt að greiða hinum 500 kr. samningslega sekt, án þess að sanna þyrfti skaða. Stefnandi heldur því nú fram, að það leiði þegar af uppsögn stefnds á ráðningarsamningnum, að honum beri að greiða þessa sekt, en skv. áðursögðu getur rétturinn ekki fallizt á það. Hinsvegar hefir stefnandi haldið því fram ómótmælt, að mikill misbrestur hafi verið á því, að sér hafi verið greitt kaup vikulega, eins og samningurinn ákvað, einkum á síðustu tímum hafi stefndur vanrækt mjög verulega umsamdar greiðslur, og lokagreiðsla hafi ekki farið fram fyrr en alllöngu eftir að hann hætti vinnu. Með því nú að telja verður þetta ákvæði samningsins hafa verið í gildi þangað til stefnandi hætti störfum, ber að taka þenna kröfulið hans til greina að fullu.

Úrslit málsins verða því skv. framansögðu þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 500.00 með vöxtum, eins og krafizt hefir verið, en eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, greiði stefnandanum, Sigurbergi Elíssyni, kr. 500.00 með 5% ársvöxtum frá 17. febrúar 1936 til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. janúar 1938.

Nr. 55/1937. **Firmun J. Þorlákssonar & Norðmann og Timburverzlun Árna Jónssonar**
(Eggert Claessen)
gegn
Páli Hallbjörns og gagnsök
(Lárus Jóhannesson).

Gildi fasteignaveðs.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem hafa skotið málinu til hæstaréttar með stefnu dags. 8. júní 1937, krefjast algerrar sýknu í málinu, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem hefir skotið málinu til hæstaréttar með stefnu dags. 11. júní 1937, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó svo að aðaláfrýjendur verði dæmdir til þess in solidum að greiða honum kr. 491.60 í málskostnað fyrir undirrétti. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Skv. kaupsamningi dags. 12. október 1935 milli Sveinbjörns Kristjánssonar sem seljanda og gagnáfrýjanda sem kaupanda um húseignina Leifsgötu 32, átti gagnáfrýjandi, ef hann stóð við samninginn af sinni hálfu, og í þessu máli er ekki véfengt, að hann hafi gert það, heimtingu á að fá afsal fyrir eigninni 15. nóvember 1935. Eftir samningnum var honum óskylt að hlíta því, að á eigninni hvíldu við afsal til hans önnur veðbönd en skuld til Veðdeildar Landsbanka Íslands, að upphæð „ca. kr. 30000.00“, og skuld,

að upphæð kr. 25000.00, tryggð með 2. veðrétti. Kaupsamningurinn var afhentur til þinglýsingar 10. janúar 1936 og lýst á bæjarþingi Reykjavíkur 16. s. m. Þar af leiðir, að aðaláfrýjendur gátu ekki, jafnframt því sem þeir 26. jan. og 1. febrúar 1936 afsöluðu sér þeim 1. veðrétti, er þeir með tryggingarbréfi Sveinbjörns Kristjánssonar dags. 30. apríl 1935 höfðu fengið í umræddu húsi fyrir vöruláni þeirra til hans, að upphæð kr. 32000.00, áskilið sér 3. veðrétt í eigninni fyrir allri kröfunni eða nokkrum hluta hennar, nema því aðeins, að samþykki gagnáfrýjanda kæmi til. Þegar af þeirri ástæðu, að gagnáfrýjandi hefir ekkert slíkt samþykki gefið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því leyti, sem hann kveður á um skyldu aðaláfrýjenda til að láta aflýsa tryggingarbréfinu frá 30. apríl 1935, og skulu þeir hafa gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess innan þriggja daga frá birtingu dóms þessa.

Um ákvæði hins áfrýjaða dóms varðandi dagsektir til að knýja fram fullnægingu aflýsingarskyldunnar athugast, að þar sem kröfunni um þær hefir verið beint gegn aðaláfrýjendum, en ekki gegn þeim einstöku mönnum, sem vera kunnu fyrirsvarsmenn þessara fyrirtækja eða eigendur þeirra, verður að líta svo á, að gagnáfrýjandi hafi þar með afsalað sér rétti til að krefjast þess, að sektirnar verði afplánaðar í fangelsi, fáist þær ekki greiddar við aðför. Að þessu athuguðu og þar sem kröfu gagnáfrýjanda um ákvörðun dagsektanna með þeim hætti, sem gert hefir verið, hefir ekki sérstaklega verið mótmælt, þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um þær.

Skv. þessum úrslitum verður að dæma aðaláfrýjendur til þess in solidum að greiða gagnáfrýjanda

málskostnað í héraði og hæstarétti, samtals með 500 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, firmun J. Þorláksson & Norðmann og Timburverzlun Árna Jónssonar, skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til aflýsingar ofannefndu tryggingarbréfi frá 30. apríl 1935 innan 3 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlögðum 50 króna dagsektum, er þeir greiði gagnáfrýjanda, Páli Hallbjörns, in solidum. Svo greiði þeir og in solidum gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti með samtals 500 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. apríl 1937:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 30. nóv. s. l. af hrm. Lárusi Jóhannessyni f. h. Páls Hallbjörns, kaupmanns hér í bænum, gegn firmunum J. Þorláksson & Norðmann og Timburverzlun Árna Jónssonar, báðum hér í bæ. Krefst stefnandi þess, að hin stefndu firmu verði in solidum dæmd til þess, að viðlögðum 50 króna dagsektum, að láta aflýsa síðargreindu tryggingarbréfi frá 30. apríl 1935, tryggðu með 3. veðrétti í Leifsgötu 32 hér í bæ, svo og til að greiða sér málskostnað að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins.

Hin stefndu firmu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að með kaupsamningi, dags. 12. okt. 1935, keypti umbjóðandi stefnanda húseignina nr. 32 við Leifsgötu, sem þá var í smíðum, af Sveinbirni Kristjánssyni, byggingameistara hér í bæ, fyrir kr. 85000.00.

Var svo ákveðið í kaupsamningnum, að seljandi skyldi hafa húsið fullgert ekki síðar en 15. desember 1935.

Þegar fyrrnefndur kaupsamningur var gerður, hvíldu ekki önnur þinglesin lán á húseigninni en kr. 32000.00 byggingarlán á 1. veðrétti til hinna stefndu firma, samkv. tryggingarbréfi dags. 30. apríl 1935 (svo og samningur um raflögn). Segir m. a. svo í tryggingarbréfinu: „— Skuld þessa skuldbind ég (þ. e. Sveinbjörn) mig til að greiða jafnskjótt og ég fæ 1. veðréttar lán út á hina veðsettu húseign. og í síðasta lagi þann 1. nóvember næstkomandi. Hrökkvi það lán, er ég fæ út á 1. veðrétt, ekki til greiðslu skuldarinnar, skuldbind ég mig til að greiða eftirstöðvarnar fyrir 1. desember næst komandi."

Tryggingarbréf þetta var þinglesið 20. júní 1935.

Kaupverð húseignarinnar skyldi samkvæmt kaupsamningnum greiðast svo sem hér segir:

1. Kaupandi (umbjóðandi stefnanda) skyldi taka að sér veðdeildarlán, sem taka átti út á húsið, að upphæð ca. ..... kr. 30000.00
2. Kaupandi átti að taka að sér 2. veðréttarlán, sem taka átti út á húsið, að upphæð — 25000.00
3. Kaupandi greiddi, sumpart í peningum, sumpart með skuldabréfi, við undirskrift kaupsamningsins ..... — 25000.00
4. Kaupandi skyldi gefa út skuldabréf, tryggt með 3. veðrétti í húsinu, til eins árs ca. — 5000.00

Samtals kr. 85000.00

Kaupsamningur þessi var afhentur til þinglesturs 10. jan. 1936 og lesinn á bæjarþingi Reykjavíkur 16. janúar s. á.

Sveinbjörn Kristjánsson stóð ekki við þá samninga að afhenda húsið fullgert 15. des. 1935, og áramótin 1935—36 hætti hann að vinna að því, og var það þá ófullgert að ýmsu leyti.

Hinn 26. jan. 1936 gáfu hin stefndu firmu Sveinbirni veðleyfi til þess að taka lán, að upphæð kr. 25000.00, út á 2. veðrétt í Leifsgötu 32, næst á eftir veðdeildarláni, sem til stóð að taka út á 1. veðrétt, þannig að umrætt kr. 32000.00 byggingarlán flyttist aftur á 3. veðrétt.

1. febr. 1936 gáfu hin stefndu firmu svo Sveinbirni veð-

leyfi til þess að taka veðdeildarlán út á 1. veðrétt, allt að kr. 27000.00.

Þar sem Sveinbjörn Kristjánsson fullgerði ekki húsið nr. 32 við Leifsgötu eða afsalaði því skv. kaupsamningnum, höfðaði umbjóðandi stefnanda mál gegn honum, sem lauk þannig með dómi gestaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 12. ágúst s. l., er staðfestur var í hæstarétti 6. nóv. s. l., að Sveinbjörn var skyldaður til, að viðlögðum 50 króna dagsektum, að afsala umbjóðanda stefnanda húseigninni nr. 32 við Leifsgötu, ásamt lóðarréttindum og öllu tilheyrandi, gegn því, að hann taki að sér að greiða veðskuldir þær, er á eigninni hvíla með 1. og 2. veðrétti til veðdeildar Landsbankans og handhafa, að upphæð kr. 25300.00, og kr. 25000.00, og gefi út „til handa Sveinbirni" skuldabréf til eins árs frá afsalsdegi, tryggt með 3. veðrétti í eigninni, að upphæð kr. 8837.70, ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi, en að frádregnum kostnaði eftir mati dómkvaddra manna við að koma umræddri eign í samningshæft ásigkomulag".

Mat það, sem dómurinn gerir ráð fyrir, hefir farið fram, en engu að síður hefir Sveinbjörn enn ekki fullnægt dóminum, þrátt fyrir áskoranir af hálfu stefnanda þessa máls, enda telur hann Sveinbjörn tæplega geta það vegna 3. veðréttar til hinna stefndu firma, sem enn hvílir skv. veðmálabókunum á hinni umræddu eign.

Stefnandi hefir nú fyrir hönd umbjóðanda síns farið þess á leit við hin stefndu firmu, að aflýst verði veðrétti þeirra á Leifsgötu 32. Sú málaleitun hefir borið þann árangur, að hin stefndu firmu hafa fært veðréttinn niður í kr. 9700.00, en þar sem þau hafa ekki fengizt til að aflýsa honum með öllu, hefir stefnandi nú höfðað mál þetta og gert í því framangreindar réttarkröfur.

Byggir stefnandi þær á því, að hann telur, að stefndir hafi með því að veita umrædd veðleyfi eftir að kaupsamningnum var þinglýst án þess að sjá um, að lán þau, sem tekin voru út á 1. og 2. veðrétt, gengju til greiðslu á byggingarlánum til þeirra, sem upphaflega var tryggt með 1. veðrétti í eigninni, svift sig rétti til að gera veðrétt sinn gildandi gagnvart sér í bága við kaupsamninginn og ákvæði tryggingarbréfsins sjálfs honum til tjóns, og beri því að aflýsa honum.

Sýknukröfu sína byggja stefndir á því, að með tryggingarbréfinu frá 30. apríl 1935 hafi þeir fengið fulla heimild til að ráðstafa þessari tryggingu sinni, eins og þeim hagaði best. Þeir hafi því mátt gefa eftir veðtrygginguna að meira eða minna leyti, og þar með einnig gefa út veðleyfi með eða án þess að innborgað væri á vörulán það, sem trygging var fyrir. Telja stefndir, að kaupsamningurinn við Sveinbjörn hafi ekki á neinn hátt getað takmarkað þennan rétt þeirra, enda hafi þeir ekkert vitað um samninginn eða að Sveinbjörn væri hættur vinnu við Leifsgötu 32, er þeir gáfu út umrædd veðleyfi. Auk þess halda stefndir því fram, að þótt þeir hefðu vitað um kaupsamninginn, þá hefði hann að lögum ekki getað verið því til fyrirstöðu, að þeir gæfu veðleyfin.

Í málinu hefir einnig verið lögð fram yfirlýsing frá Sveinbirni Kristjánssyni, þar sem segir, að það hafi verið með hans samþykki, er nokkrum hluta af lánum þeim, er hann fékk út á húseignina nr. 32 við Leifsgötu, var varið til niðurfærslu á veðskuldinni til hinna stefndu firma, en þau héldu áfram 3. veðrétti fyrir eftirstöðvunum, kr. 9700.00.

Rétturinn verður að líta svo á, að eftir þinglýsingu kaupsamningsins við umbjóðanda stefnanda hafi Sveinbjörn og viðsemjendur hans orðið að taka tillit til þess réttar, er umbjóðandi stefnanda fékk þar með.

Með þinglýsingu kaupsamningsins verður að gera ráð fyrir, að stefndu, sem aðrir, hafi þekkt efni hans, og verða þeir að bera ábyrgð á því, ef þeir hafa ekki kynnt sér það. En með samningi þessum fékk umbjóðandi stefnanda skilorðsbundið afsal fyrir húseigninni, þ. e. með þeim skilyrðum að taka að sér áðurnefnd 1. og 2. veðréttarlán, og greiða svo eftirstöðvar kaupverðsins sumpart með peningum og skuldabréfi, sumpart með því að gefa út skuldabréf til eins árs frá afsalsdegi, tryggt með 3. veðrétti í eigninni. Umbjóðanda stefnanda var því áskilið með kaupsamningnum, að við væntanlegt afsal hvíldi ekkert á eigninni, nema 1. og 2. veðréttarlán.

Nú hvílir hins vegar enn á eigninni 3. veðréttarlán, að upphæð kr. 9700.00, til hinna stefndu í máli þessu.

Með því hefir Sveinbjörn auðsæilega brotið rétt á umbjóðanda stefnanda skv. fyrrnefndum kaupsamningi. Hins veg-

ar er um það deilt í máli þessu, hvort hin stefndu firmu eigi raunverulega heimtingu á, að þessi 3. veðréttur þeirra haldi gildi sínu, eða að honum verði aflýst, eins og stefnandi krefst.

Í oftnefndum kaupsamningi var umbjóðanda stefnanda beinlínis áskilinn 3. veðréttur til að tryggja með eftirstöðvar kaupverðsins (kr. 8837.70 skv. hinum staðfesta gestaréttardómi). Eftir þinglýsingu kaupsamningsins gátu því hin stefndu firmu ekki áskilið sér 3. veðrétt yfir eigninni, svo að gilt væri gagnvart umbjóðanda stefnanda, jafnvel þótt Sveinbjörn Kristjánsson samþykkti það, eins og hann hefir lýst yfir, og verður því þegar af þeirri ástæðu, að taka til greina kröfu stefnanda um, að hin stefndu firmu láti aflýsa tryggingarbréfinu frá 30. apríl 1935, tryggðu með 3. veðrétti í húseigninni nr. 32 við Leifsgötu, að viðlögðum 50 króna dagsektum.

Skv. þessum málalokum verður stefndu gert að greiða stefnandanum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Hin stefndu firmu, J. Þorláksson & Norðmann og Timburverzlun Árna Jónssonar, skulu in solidum að viðlögðum 50 króna dagsektum, láta aflýsa áðurnefndu tryggingarbréfi frá 30. apríl 1935, tryggðu með 3. veðrétti í húseigninni nr. 32 við Leifsgötu.

Svo greiði þau og stefnanda, hrm. Lárusi Jóhannessyni f. h. Páls Hallbjörns, kr. 150.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar 1938.

Nr. 110/1937. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Hjálmtý Guðvarðssyni
(Eggert Claessen).

Áfengislagabrot.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Hjálmtýr Guðvarðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. sept. 1937:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hjálmtý Guðvarðssyni bifreiðastjóra, til heimilis í Aðal-

stræti 18 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. ágúst 1912, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1931 $^{13}/_{11}$ Dómur hæstaréttar, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 231. gr. með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1934 $^{27}/_{10}$ Sætt 200 króna sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.

1934 $^{28}/_{2}$ Dómur hæstaréttar, 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt fyrir brot gegn 13. gr. sbr. 1. og 27. gr. áfengislaganna.

1934 $^{1}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir innbrotsþjófnað og in solidum 150 króna skaðabætur.

1934 $^{24}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 króna sekt fyrir ölvun og ósvífni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $^{22}/_{2}$ 1935.

1936 $^{3}/_{1}$ Sætt 50 króna sekt fyrir brot gegn 10. gr. lögreglusamykktar Reykjavíkur.

Með játningu kærða er það sannað, að hann hefir frá því í apríl s. l. stundað áfengissölu og á s. l. vetri seldi hann áfengi öðru hvoru. Áfengið, sem hefir eingöngu verið brennivín, hefur kærði keypt í sölubúð Áfengisverzlunar ríkisins á kr. 8 flöskuna.

Hefir hann síðan selt áfengið á kvöldin hér við höfnina hinum og öðrum með tveggja króna álagningu á flöskuna.

Hefir salan verið mest um helgar, allt upp í 20 flöskur, en þess á milli 1—3 flöskur á kvöldi.

Kærði kveðst hafa byrjað á sölu þessari í vetur til þess að nota ágóðann fyrir vín handa sjálfum sér. Jókst salan svo smám saman og blandaðist gróðinn við aðrar tekjur kærðs og eyddist til hinna ýmsu þarfa hans bæði í skemmtanir og þarfir heimilisins.

Verður eigi hjá því komizt að líta svo á, að hér hafi verið um sölu í atvinnuskyni að ræða.

Framanskráðan verknað kærðs ber að heimfæra undir 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2 mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar

1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hjálmtýr Guðvarðsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar 1938.

Nr. 100/1936. **Guðrún Jóhanna Jóhannesdóttir** eigandi **Arnarness** (Ingvar Guðmundsson)

gegn

Guðjóni Sigurðssyni f. h. kirkjujarðasjóðs eiganda Garðakirkjulands, Gísla Jakobssyni eiganda Hofstaða og Gísla Sigurðssyni og Jóni Einarssyni eigendum Selskarðs

(Sveinbjörn Jónsson).

Landamerkjamál.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1936, hefir krafizt ómerk-

ingar á hinum áfrýjaða dómi og heimvísunar málsins til dómsálagningar af nýju. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar in solidum af stefndu fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndu krefjast staðfestingar á dóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í þinghaldi 30. október 1935 krafðizt áfrýjandi þess meðal annars fyrir merkjadóminum, auk þess sem kröfur hennar í fyrsta þinghaldi málsins 9. s. m voru mjög óljósar, að merkin milli Arnarness og lands Garðakirkju yrðu úr Dýjakrókum ákveðin *„upp að Vífilsstaða landi"*, án nánari ákvörðunar. Í samningi 31. maí 1890 milli fyrirsvarsmanna landa þessara eru merkin talin *„bein stefna"* úr Stóra-Krók *„yfir mýrina upp í Dýjakrók og sömu stefnu þar til Vífilsstaða land tekur við."* En í landamerkjabréfi sömu aðilja 7. júní 1890 segir, að úr Dýjakrók skulu merkin vera *„í mitt Hnoðraholt"*. Þar sem kröfur áfrýjanda voru svo óákveðnar og ekki verður sagt, hvort bréfum þessum tveimur ber saman, þar sem ekki var upplýst, hvar svonefnt Hnoðraholt er né hvar Vífilstaða land mætir landi Arnarness, þá bar merkadóminum að leiðbeina aðiljum, sérstaklega áfrýjanda, um gleggri kröfugerð og benda á, hvað betur þyrfti að upplýsa í þessu efni, áður en dómur yrði á málið lagður. Sakir þessara bresta verður að ómerkja málsmeðferð í héraði frá þingfestingu málsins í þinghaldi 9. okt. 1935 og hinn áfrýjaða dóm og skylda landamerkjadóminn til endurupptöku málsins frá sama tíma og til dómsálagningar síðan af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess í þinghaldi 9. okt. 1935 og hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber landamerkjadóminum að taka málið upp frá sama tíma til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. jan. 1936.

Mál þetta er eftir kröfu eiganda jarðarinnar Arnarness í Garðahreppi höfðað með fyrirkalli útgefnu 8. okt. f. á. vegna landamerkjaágreinings milli Arnarness annars vegar og kirkjujarðarinnar Garðar á Álftanesi hins vegar, og auk þeirrar jarðar reyndist ágreiningurinn og snerta Hofstaðaland og Selskarðs, og hafa eigendur þeirra jarða gengið inn í málið án fyrirkalls.

Fyrir réttinum gerir eigandi Arnarness þær kröfur, að landamerkjalýsing sú frá 1890, sem þinglesin er um merki milli Arnarness og Garða, verði dæmd ógild, og með dómi réttarins verði viðurkennt, að svonefnd Arnarnesmýri liggi undir jörðina Arnarnes og merkin verði ákveðin þannig, að Hraunsholtslækur ráði merkjum frá sjó og upp að vaði á læknum, sem er neðanvert við, þar sem þjóðvegurinn liggur yfir hann, og úr vaðinu ráði meljaðarinn merkjum að Markholti og þaðan í *Díjakróka og úr þeim upp að Vífilsstaðalandi.*

Kröfu þessa byggir landeigandi á því, að þannig hafi merkin verið fyrir 1870, en það ár hafi þeim verið breytt og síðan aftur breytt 1890 í það horf, sem hin þinglesna landamerkjalýsing frá því ári sýnir.

En Arnarnesið var þjóðjörð á þeim tímum, sem merkjabreytingar þessar áttu sér stað, en samkv. 23. gr. stjskr. 1874 var óheimilt að láta af hendi nokkuð af fasteignum landsins, nema eftir lagaheimild.

Samkvæmt þessu telur eigandi Arnarness, að umboðsmann þjóðjarðarinnar hafi skort heimild til að samþykkja

landamerkin, eins og þau voru ákveðin 1890, og sé sú merkjalýsing því ógild og að engu hafandi.

Af hálfu eiganda kirkjujarðarinnar Garða hefir kröfum og málsskýringum eiganda Arnarness verið mótmælt og sú krafa gerð, að landamerkjaskrár þær, sem þinglesnar voru 1890, um landamerki Garðakirkjulands og Arnarnesslands, verði dæmdar gildar, og merkin ákveðin eins og þar segir. Svo krefst hann og 750 kr. málskostnaðar.

Rétturinn lítur svo á, að hvort sem landamerki milli téðra jarða hafa breytzt 1870 og 1890 eða ekki, geti það ekki haft þýðingu í þessu máli, þegar af þeirri ástæðu, að land það, sem um er deilt, hefir samkvæmt landamerkjaskránum fylgt Garðakirkjulandi um 45 ára skeið og verið notað þaðan í trausti merkjaskrárinnar, og er því komin á það hefð skv. lögum nr. 46 1905, 2. gr., enda liggja engin gögn fyrir um það, að merkjum þessum hafi verið andmælt á þeim tíma.

Til grundvallar í máli þessu verður því að leggja hinar þinglýstu merkaskrár frá 1890.

Í landamerkjalýsingu Arnarness segir svo: „Milli Garðalands og Arnarness eru merkin þessi: Arnarnes á land að norðanverðu frá Arnarneslækjarmynni og upp með læknum og upp í Stóra-Krók á sama læk og úr því keldudragi, sem þar er að sunnanverðu, og beina stefnu yfir mýrina upp í Dýjakrók og sömu stefnu þar til Vífilsstaðaland tekur við“

Nú hefir komið fram ágreiningur um, hvar Stóri-Krókur sé, og þá að sjálfsögðu einnig um það, hvar keldudragið sé, sem við á að miða.

Snertir ágreiningur þessi merki milli Arnarness annars vegar og Hofstaða og Selskarðs hins vegar.

Af hálfu eiganda Hofstaðalands er því ómótmælt haldið fram, að á þessu svæði hafi verið merkjagirðing frá 1907, og hefir hún staðið mótmælalaust síðan. *Verður því að telja, að Stóri-Krókur, sem um ræðir í merkjalýsingunni, sé bugða sú á Arnarneslæk, þar sem girðingin tekur beina stefnu í Dýjakróka.* Sunnanvert við bugðu þessa eru mörg keldudrög, sem um gæti verið að ræða, en það er álit réttarins, að miða beri merkin við fyrrnefnda girðingu, enda hefir hún helgað merkin, þar sem hún hefir staðið í 28 ár.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma eiganda Arn-

arness, G. Jóhönnu Jóhannesdóttur, til að greiða eiganda Garðakirkjulands málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00. Þá ber og að dæma hana til að greiða dómendum þóknun, kr. 150.00, eða 50.00 kr. til hvers. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli Arnarness annars vegar og Garðakirkjulands, Selskarðs og Hofstaða hins vegar, skulu vera þau, er segir í landamerkjalýsingu frá 1890, sem þinglesin er um þessi merki, þannig, að Stóri-Krókur, sem við er miðað, er þar sem merkjagirðingin tekur beina stefnu í Dýjakróka, og ekki skal miðað við keldudrag sunnanvert við Stóra-Krók, en merkjalínan er sjónhending, svo sem girðingin, svo sem hún er nú, segir til, í Dýjakróka, og skulu sett á þá stáði glögg og varanleg merki.

G. Jóhanna Jóhannesdóttir greiði kirkjujarðasjóði kr. 250.00 í málskostnað og þóknun til dómenda með kr. 150.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að því er merkjasetningu og ídæmdan málskostnað snertir innan 3ja sólarhringa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. janúar 1938.

Nr. 62/1937. **Réttvísin**

gegn

Ólafi Sveinssyni, Lilju Júlíusdóttur, Júlíusi Einarssyni og Ingibjörgu Guðmundsdóttur.

Brenna.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Úrskurður hæstaréttar.

Sækjandi og verjandi máls þessa fyrir hæstarétti hafa báðir æskt þess, að áður en dómur gangi um

málið í hæstarétti, verði látin fara fram framhaldsrannsókn í því í héraði, og þar sem vitnesju vantar um ýms atriði, er skipt geta máli, ber rannsóknardómaranum að framkvæma réttarrannsókn og upplýsa eftirgreind atriði:

1. Afla skal upplýsinga um brunabótavirðingu og fasteignamat hússins nr. 6 B við Ránargötu á Siglufirði, hvort veðskuldir hafi hvílt á húsinu, er það brann, og ef svo var, hve miklar þær voru.
2. Þá ber að upplýsa um aldur hússins, úr hverju það var gert og hvenær og hvernig ákærðu eignuðust það.
3. Ennfremur skal upplýsa um afstöðu hússins til næstu húsa, fjarlægð þess frá þeim og hvort næstu hús voru timburhús eða steinhús.
4. Vitneskja skal fengin um það, hvort kaupmálar hafi verið gerðir milli hinna ákærðu hjóna, og ef svo er, hvenær kaupmálarnir voru gerðir, hverjar séreignirnar voru samkvæmt þeim, og í hlut hvers eða hverra þær féllu.
5. Upplýsa skal, hvenær og hjá hverjum vátryggingarnar á húsi og innanstokksmunum hinna ákærðu voru keyptar og hvort þær voru í gildi, er bruninn varð. Ennfremur skal leita vitneskju um, hvort hin ákærðu hafi tekið tryggingarnar í samráði, og láta meta, eftir því sem unnt er, verðmæti lausafjármuna þeirra, sem hin ákærðu telja sig hafa misst í brunanum.
6. Leita skal upplýsinga um, hvernig veðrið var daginn, sem brunann bar að höndum, og ef vindur hefir verið þann dag, hver vindstaðan var og veðurhæð.
7. Þá ber dómaranum að útvega hegningarvottorð frá Vestmannaeyjum um ákærðu Ingibjörgu Guð-

mundsdóttur og hegningarvottorð um öll hin ákærðu frá Siglufirði.

Loks ber rannsóknardómaranum að öðru leyti að útvega þær frekari upplýsingar, er framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að afla framangreindra gagna og upplýsinga svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 31. janúar 1938.

Nr. 95/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Frederick H. Harris (Lárus Fjaldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að sektin er með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem í dag er 49.80, ákveðin kr. 20200.00, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120.00 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektin ákveðst 20200.00 krónur, og komi í stað hennar 7 mánaða einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Frederick H. Harris, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannannana Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Akureyrar 21. júlí 1937:

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað gegn skipstjóra Frederick Hendy Harris á togaranum F. D. 120 Cordela frá Fleetwood.

Varðskipið Gautur var 20. þ. m. í eftirlitsferð út af Gunnólfsvík og sá þá togarann Cordela rétt undan Skálum. Kl. 12.40 var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Kumlavíkurbær
> 56°35'
Skálar
> 60°25'
Langanes
> 20°30'
Togarinn

Þótti þá sýnt, að togarinn var í landhelgi, og var þá haldið í áttina til hans, en hann hélt allt af eftir það í austlæga átt.

Kl. 12.58 var bauja sett út í kjölvatn togarans, og var þá dregið upp stöðvunarmerki og kl. 13.00 skotið lausu skoti.

Kl. 13.01 var lagt við hlið togarans og síðan haldið að baujunni og gerð við hana efirfarandi staðarákvörðun:

Gunnólfsvíkurfjall
> 72°28′
13.10 Skálar
> 90°44′, dýpi 40 metr.
Langanestá

er gefur stað baujunnar 0.5 sjómílur innan landhelgi.

Kærði, skipstjórinn á togaranum, hefir játað, að hann hafi verið innan landhelgislínunnar að veiðum, en borið því við, að bergmálsdýptarmælir hans hafi verið bilaður, og hafi hann fyrir þá sök siglt inn í landhelgina, enda ekki getað fylgzt með stjórn skipsins, af því að hann var að gera við bergmálsdýptarmælirinn. Aðrar afsakanir þoku eða annað, hefir hann ekki tilfært.

Samkvæmt framanrituðu liggur þá fyrir eigin játning kærða um brot hans, og ber að láta kærða sæta ábyrgð fyrir brot á 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, með tilliti til þess, að hér sé um fyrsta brot að ræða og með hliðsjón af, að dagsgengi kr. er kr. 49.67, hæfilega ákveðin kr. 24000, sem rennur í landhelgisjóð Íslands og greiðist innan 4 vikna, en fáist sektin eigi greidd, ber kærða að afplána hana með einföldu fangelsi í 11 mánuði.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs í áður greindum togara, vera uppækt, og andvirði renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað við málið, sem er og verður.

Það vottast, að á málinu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Frederick Hendy Harris frá Hull, á annan 4 vikna að greiða sekt að upphæð kr. 24000 til landhelgisjóðs Íslands, en afplána hana með 11 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún eigi greidd.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Cordela F. D. 120 frá Fleetwood, verða upptækt, og andvirðið renna í landhelgisjóð.

Kærði greiði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1938.

Nr. 116/1937. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Lovise Skaug Steinholt
(Eggert Claesen).

Atvinnuréttindi.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram eru komnar í máli þessu, þykir verða að telja til heimilisiðnaðar þá framleiðslu kærðu á heimabökuðum kökum, sem hún hefir selt í verzlun sinni og um ræðir í málinu. Fyrirmæli gildandi löggjafar um heimilisiðnað og heimild til sölu hans eru fremur óglögg, og verður ekki hjá því komizt að gera nokkra grein fyrir þeim. Í 1. gr. laga um iðju og iðnað nr. 18/1927 er greint á milli iðju annarsvegar og handiðnaðar og heimilisiðnaðar hinsvegar, en hvorki kemur þar fram né annarstaðar í lögunum skilgreining á því, hvað sé handiðn og hvað heimilisiðnaður. Í II. kafla laganna eru ákvæði um iðnað, og var upphaflega tekið fram berum orðum í 13. gr., sem sá kafli hefst á, að þar sé átt við annan iðnað en heimilisiðnað, eða með öðrum orðum, að ákvæði kaflans eigi einungis að ná til þeirrar starfsemi, sem í 1. gr. laganna er nefnd handiðn til aðgreiningar frá heimilisiðnaði, sbr. og tilvitnun 13. gr. laga nr. 18/1927 til 1. gr. sömu laga. Heimilisiðnaður var þannig öllum frjáls samkvæmt nefndri 13. gr. En til þess að stunda handiðn þurfti iðnbréf í kaupstöðum landsins, en frá því voru þó gerðar tvær

undantekningar í 13. gr., og var önnur þeirra um þá, sem einungis ráku iðnað með aðstoð maka síns og barna undir 21 árs aldri, en hin um ýmsar opinberar stofnanir.

Með lögum nr. 105/1936 var gerð breyting á fyrrnefndum lögum um iðju og iðnað nr. 18/1927. Í 1. gr. laga nr. 105/1936, sem fjallar um breytingu á 13. gr. laga nr. 18/1927, er tekið fram, að iðnaður heiti í lögum þessum hver sú grein *handiðnaðar*, sem sérnám þarf til, og lætur gera sjálfstætt sveinspróf samkvæmt reglugerð um iðnaðarnám. Takmörkun sú, sem lögin gera á heimild manna til að stunda iðnað, virðist því eingöngu eiga við handiðnað. Hinsvegar er í lögum nr. 105/1936 ekki minnzt á heimilisiðnað, hvorki á þann veg, að hann sé leyfður né bannaður. En þar sem hugtökin handiðn og heimilisiðnaður voru áður aðgreind samkvæmt hinni upphaflegu 13. gr. laganna, og eru það enn samkvæmt 1. gr. þeirra, og með því að ákvæði II. kafla laganna taka nú aðeins til handiðnaðar samkvæmt skýrum orðum 1. gr. laga nr. 105/1936, þá verður ekki talið heimilt að skýra síðastnefnd lög á þá leið, að þau nái einnig til heimilisiðnaðar og banni öðrum að stunda hann í sölu skyni en meisturum, sveinum og nemendum, eftir því sem nánar er tiltekið í lögunum, að því er varðar handiðnað. Í samræmi við þetta verður að skýra orðið „iðnaðarvinnu“ í síðasta málslið 2. gr. laga nr. 105/1936 sem þar stæði „handiðnaðarvinnu“, og á þá undantekningin, sem þar um ræðir, aðeins við handiðnað, en snertir ekki heimilisiðnað frekar en undantekningarnar í 1. og 2. tölulið hinnar upphaflegu 13. gr. laganna, eins og áður er minnzt á.

Að áliti réttarins hefði þurft skýrari heimild en

hér er fyrir hendi til þess að álykta mætti, að svo gagngerð breyting hefði verið gerð á aldagömlu ástandi í landinu, að heimilisiðnaður í sölu skyni, sem verið hefir alveg frjáls, væri nú algerlega bannaður í mörgum mikilvægum greinum, jafnt til sjávar og sveita. Og þar sem gildandi iðnaðarlöggjöf verður ekki samkvæmt framansögðu talin fela í sér slíkt bann, þá verður ekki álitið, að kærða hafi með þeim verknaði, sem henni er gefinn að sök í máli þessu, gerzt sek við refsiákvæði laga. Ber því að sýkna hana af kærum valdstjórnarinnar í málinu.

Eftir þessum málsúrslitum verður að leggja á ríkissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Lovise Skaug Steinholt, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 100 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 13. sept. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn frú Skaug Steinholt, til heimilis Laufásvegi 2 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um iðju og iðnað nr. 18 1927 og lögum um breytingar á þeim lögum nr. 105 1936.

Kærð er komin yfir lögaldur sakamanna, talin fædd 4. okt. 1901 í Noregi. Henni hefir ekki, svo kunnugt sé, verið refsað.

Mál þetta er tekið fyrir eftir kæru Bakarasveinafélags Íslands, sem með bréfi dags. 16. nóv. s. l. kvartaði yfir því, að nokkrar konur hér í bæ rækju svokölluð „heimabakarí", og taldi félagið þau rýra atvinnumöguleika bakara með iðnréttindum og væru rekin þvert ofan í ákvæði gildandi löggjafar um iðnað.

Hinn 29. júlí 1931 opnaði kærð verzlun hér í bænum með kökur og allskonar fiskmeti og kjötmeti, svo sem fiskfars, kjötfars og þesshättar. Verzlunina hefir hún rekið síðan og um lokunartíma farið eftir gildandi ákvæðum um lokunartíma brauðsölubúða.

Vörur þær, sem hún hefir selt í verzluninni, hefir hún framleitt sjálf, þar á meðal kökurnar. Hefir hún skýrt svo frá, að við þennan atvinnurekstur hefði hún 4 starfsstúlkur og ynni auk þess sjálf við hann. Tvær stúlknanna vinna fársin, ein er í búðinni, ein í ýmiskonar snúningum, en sjálf kveðst hún annast kökubaksturinn. Kökurnar kveðst hún baka í eldhúsi sínu og hefir til þess sérstakan rafmagnsbökunarofn og rafmagnseldavél, sem hún þó notar jafnframt til heimilisnotkunar og við framleiðslu fiskfarsins.

Kærð hefir gizkað á, að kökusalan hafi numið nú í sumar 20—25 krónum á dag. Í málinu hefir verið lagt fram vottorð frá bókhaldara fyrirtækisins um það, að ekki verði af því séð, hversu miklu kökusalan hafi numið út af fyrir sig. Aftur á móti hefir verið haldið sérstakt bókhald fyrir sölu á kökum, mjólk seldri í glösum, appelsínumarmelade, rabarbara úr garði kærðrar, síldarrétti, salat o. fl. Hefir sala á þessum vörum numið að meðaltali kr. 28.30 á dag frá því árið 1932.

Kærð hefir ekki iðnréttindi í bakaraiðn eða kökugerð, en hefir skýrt svo frá, að hún hefði próf frá norskum skóla sem kennslukona í matreiðslu. Hún hefir haldið því fram, að kökur þær, er hún framleiðir, séu allt öðru vísi en tíðkast að baka í bakaríum. Af kökum, sem hún bakar, hefir hún skýrt frá þessum tegundum: vínarbrauð, vínartertur, pönnukökur og margar tegundir af smákökum.

Af hálfu kærðrar hefir því verið haldið fram sem varn-

arástæðu í málinu, að þessi starfsemi hennar við kökubakstur falli undir heimilisiðnað, en ekki iðnað, eins og hann er skilgreindur í lögum nr. 105 1936 13. (sic) gr. Á þetta verður ekki fallizt. Kærð rekur þessa starfsemi sína sem ákveðinn starfsþátt í iðju- og verzlunarfyrirtæki sínu, umsetning varanna er allveruleg, kökurnar eru saldar undir sömu nöfnum og framleiðsla almennra bakara gengur undir, og verður eftir atvikum að ganga út frá, að starfsemin sé í beinni samkeppni við bakara í bænum. Verður ekki hjá því komizt að telja hana falla undir bakaraiðn og kökugerð samkvæmt 13. (sic) gr. laga nr. 105 1936 sbr. reglugerð nr. 87 1928.

Hefir kærð því með því að taka upp og stunda þessa starfsemi, án þess að fullnægja skilyrðum laganna um iðnréttindi, gerzt sek við 15. gr. 1. tölulið laga nr. 105 1936. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga.

Þá ber og að dæma hana til að greiða innan sama tíma kr. 50.00 sem vangoldið leyfisgjald til ríkissjóðs. Loks skal kærð greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., er ákveðast kr. 35.00.

Talsmaður kærðrar hefir í vörn sinni haldið því fram, að meðferð máls þessa hafi ekki verið lögleg, þar sem ekki hafi verið leitað í því umsagnar iðnráðs fyrir Reykjavík, eins og gera beri samkvæmt 11. gr. laga nr. 105 1936. Rétturinn lítur svo á, að með ákvæði nefndrar greinar séu iðnráðinu ekki fengin nein afskipti af dómsstörfum í iðnaðarmálum, heldur eigi ákvæðin einungis við „administrativ“ störf lögreglustjóra samkvæmt löggjöfinni um iðnað og iðnaðarnám. Lítur því rétturinn svo á, að meðferð málsins að þessu leyti sé lögmæt. Einnig að öðru leyti hefir málið verið löglega rekið. Fyrir drætti þeim, sem orðið hefir á því, er gerð grein í prófunum.

Því dæmist rétt vera:

Kærð, frú Skaug Steinholt, skal greiða 100 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga.

Kærð greiði innan sama tíma 50 krónur í leyfisgjald til ríkissjóðs.

Kærð greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., kr. 35.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. febrúar 1938.

Nr. 1/1937. **Jón Gíslason** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Kristjáni Ásgrímssyni og gagnsök (Garðar Þorsteinsson).

Ágreiningur um greiðslu ýmsra kostnaðarliða vegna félagsútgerðar.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu útg. 5. jan. f. á. og krafizt þess hér fyrir réttinum, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að hann verði algerlega sýknaður gegn því að greiða gagnáfrýjanda kr. 103.81, án vaxta og málskostnaðar. Jafnframt hefir hann krafizt málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins.

Gagnáfrýjandi hefir og, að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 30. sept. s. l., skotið málinu til hæstaréttar með stefnu útg. 6. okt. f. á. og gert þær réttarkröfur fyrir hæstarétti, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 712.51, ásamt vöxtum, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, svo og málskostnað fyrir

hæstarétti eftir mati réttarins. Þá hefir hann krafizt staðfestingar á málskostnaðarákvæði undiréttardómsins. Stefnukrafa gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti nam kr. 754.74, en í flutningi málsins hér fyrir réttinum hefir gagnáfrýjandi samþykkt, að upphæðirnar, sem greindar eru í 1., 16. og 17. tölulið undirréttardómsins, samtals krónur 42.23, dragist frá stefnukröfunni, og kemur þá fram framangreind dómkrafa hans.

Um tildrög máls þessa og efni útgerðarsamnings milli aðiljanna vísast til forsendna hins áfrýjaða dóms.

Mismunurinn á upphæð þeirri, sem gagnáfrýjandi krefst dóms fyrir í hæstarétti, og upphæðinni, sem aðaláfrýjandi hefir viðurkennt, að sér beri að greiða, er sundurliðaður í 2.—15. og 18. tölulið undirréttardómsins. Krefst aðaláfrýjandi, að upphæðirnar undir liðum þessum dragist frá dómkröfu gagnáfrýjanda.

Verða nú ágreiningsliðir þessir teknir til athugunar hver fyrir sig.

Um 2. Þar sem gagnáfrýjandi hefir ekki hnekkt staðhæfingu aðaláfrýjanda um það, að notað hafi verið til síldarsöltunarinnar grófsalt fyrir þá upphæð, sem aðaláfrýjandi heldur fram, þá ber að lækka kröfu gagnáfrýjanda um upphæðina undir þessum lið, kr. 7.05.

Um 3. Gagnáfrýjandi byggir mótmælin gegn þessum lið á því, að það sé venja, að pækilsalt sé ekki reiknað sérstaklega, heldur sé verð þess innifalið í kostnaði við grófsaltið. Gegn mótmælum aðaláfrýjanda er þetta ósannað, og kemur því þessi liður, að upphæð kr. 14.10, einnig til frádráttar.

Um 4. og 5. Gagnáfrýjandi hefir ekki gert nægilega grein fyrir því, að hann eigi rétt til upphæðanna

samkv. þessum liðum, sem nema samtals kr. 32.00. Lækkar því krafa hans um þá upphæð.

Um 6. og 8. Aðaláfrýjandi hefir ekki fært full rök fyrir því, að hann vegna vanefnda gagnáfrýjanda á samningi þeirra hafi öðlazt rétt til þess að ráðstafa síld gagnáfrýjanda án samþykkis hans. Og með því að gagnáfrýjandi þykir hafa sýnt fram á, að hann hafi átt kost á að selja síld þá, er þessir liðir fjalla um, hverja tunnu af matjesíld (sérverkaðri síld) fyrir 5 krónum hærra verð og hverja tunnu af grófsaltaðri síld fyrir 7 krónum hærra verð heldur en aðaláfrýjandi seldi þessa síld fyrir, koma upphæðirnar samkv. þessum liðum ekki til frádráttar dómkröfu gagnáfrýjanda.

Um 7. Aðilja hefir greint á um það, hvort nokkuð af síld þeirra hafi verið eiginleg matjesíld, en það kemur hinsvegar fram, að sumt af síldinni var verkað á sama hátt og matjesíld (sérverkuð). Má því gera ráð fyrir, að samsvarandi rýrnun hafi orðið á síld þeirri, sem verkuð var með þessum hætti og venjulegri matjesíld. Með tilliti til vottorðs Magnúsar Vagnssonar síldarmatsmanns, sem lagt hefir verið fram í hæstarétti, um rýrnun matjesíldar við ápökkun, verður það ekki talin óeðlileg rýrnun, að 21 tunna fiskpökkuð af sérverkaðri síld gagnáfrýjanda hafi að eins orðið 18 tunnur fullpakkaðar, eins og aðaláfrýjandi heldur fram. Hefir gagnáfrýjandi þá ofreiknað sér 3 tunnur af sérverkaðri síld, og ber andvirði þeirra, eða upphæðin undir þessum lið, kr. 120.00, að takast til greina til frádráttar kröfu hans. Hinsvegar leiðir af þessu, að aðaláfrýjandi hefir ofreiknað sér: 3 tómtunnur á kr. 6.25 hverja, andvirði salts í 3 tunnur síldar, kr. 5.40, og verkunarlaun kr. 24.00,

eða samtals kr. 48.15. Samkvæmt þessum lið koma því endanlega til frádráttar kröfu gagnáfrýjanda kr. 120.00 ÷ kr. 48.15 = 71.85.

Um 9., 10. og 11. Ekki er upplýst gegn mótmælum aðaláfrýjanda, að honum beri að greiða upphæðirnar undir þesum liðum, samtals kr. 12.50, og verður því frádráttarkrafa hans að því er þær snertir tekin til greina.

Um 12. Gagnáfrýjandi hefir ekki hnekkt því, að aðaláfrýjandi hafi framan af útgerðartímanum orðið að gefa kr. 6.25 fyrir hverja tunnu, sem hann keypti til félagsútgerðarinnar. Verður því lækkunarkrafa aðaláfrýjanda samkv. þessum lið, kr. 39.34, tekin til greina.

Um 13. Mótmælin gegn þessum lið byggir gagnáfrýjandi á því, að hann hafi lagt til allt fínsaltið. Þessu hefir aðaláfrýjandi andmælt og haldið því fram, að saltið frá gagnáfrýjanda hafi ekki komið í tæka tíð, og hafi hann því orðið að kaupa fínsalt í sérverkuðu síldina. Og þar sem gagnáfrýjandi hefir ekki sannað sitt mál, verður lækkunarkrafa aðaláfrýjanda samkv. þessum lið, kr. 25.20, einnig tekin til greina.

Um 14. Ekki verður talið upplýst, að aðaláfrýjandi hafi greitt vörugjald af nema 72 síldartunnum. Nemur hluti gagnáfrýjanda af því kr. 9.00, og ber að draga þá upphæð frá dómkröfu hans.

Um 15. Eftir því sem fyrir liggur, hefir aðaláfrýjandi aðeins greitt kr. 89.97 af síldartollinum. Hinsvegar verður ekki séð, að gagnáfrýjandi hafi talið honum helminginn af þeirri upphæð til tekna. Verður því að líta svo á, að af ágreiningsupphæðinni undir þessum lið eigi kr. 44.98 að dragast frá kröfu gagnáfrýjanda.

Um 18. Aðaláfrýjandi hefir engar sönnur á það fært, að söluverð síldar þeirrar, sem hér um ræðir, hafi verið hærra en gagnáfrýjandi heldur fram. Og þar sem upplýst er í málinu, að aðaláfrýjandi hefir fengið helming nettósöluverðsins greiddan, hefir frádráttarkrafa hans samkv. þessum lið ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt framansögðu verða þá úrslit máls þessa hér fyrir réttinum þau, að aðaláfrýjandi verður dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda kr. 712.51 ÷ (kr. 7.05 + kr. 14.10 + kr. 32.00 + kr. 71.85 + kr. 12.50 + kr. 39.34 + kr. 25.20 + kr. 9.00 + kr. 44.98) = kr. 712.51 ÷ kr. 256.02 = kr. 456.49 með vöxtum, eins og krafizt hefir verið. Eftir þessum úrslitum má staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, en rétt þykir, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Málflutningsmaður gagnáfrýjanda, Garðar Þorsteinsson hæstaréttarmálfutningsmaður, hefir fyrir hæstarétti viðhaft þau ummæli um málflutningsmann aðaláfrýjanda, að hann færi með vísvitandi ósannindi í málflutningi sínum. Fyrir þessi ósæmandi ummæli verður að sekta fyrrnefndan hæstaréttarmálflutningsmann, og þykir sektin, sbr. 53. gr. hæstaréttarlaganna nr. 112 frá 1935, hæfilega ákveðin 60 krónur, er renni í ríkissjóð, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Jón Gíslason, greiði gagnáfrýjanda, Kristjáni Ásgrímssyni, kr. 456.49 með 6%

ársvöxtum frá 2. marz 1936 til greiðsludags og kr. 143.10 í málskostnað fyrir undirrétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Hæstaréttarmálflutningsmaður Garðar Þorsteinsson greiði 60 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur gestaréttar Hafnarfjarðar 23. nóv. 1936.

Mál þetta er, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 28. febr. þ. á. af Kristjáni Ásgrímssyni, útgerðarmanni á Siglufirði, á hendur Jóni Gíslasyni, útgerðarmanni í Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 943.24, auk 6% ársvaxta frá 2. marz þ. á. til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, sem nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 143.10.

Tildrög máls þessa eru þau, að aðiljar gerðu með sér samning, dags. 28. sept. 1935, um félagsútgerð á skipi stefnanda (sic) Haraldi frá Akranesi, við reknetaveiðar. Stefndur skyldi leggja til bátinn og kosta útgerð hans að öllu leyti, að frádreginni greiðslu mannakaups. Stefnandi skyldi leggja til ca. 40 reknet í góðu standi og sjá um viðhald þeirra að öllu leyti, skipshöfn skyldi greiðast kaup með ⅓ hluta afla. Stefndur skyldi fá í bátshlut ⅓ hluta afla, og stefnandi ⅓ hluta afla fyrir að leggja til netin. Hvor aðilja skyldi eiga sinn aflahlut og hafa fullan ráðstöfunarrétt yfir honum. Hinsvegar skyldu þeir kaupa að hálfu hvor síldarhlut skipshafnar fyrir gangverð það, sem væri á hverjum tíma. Stefndur skyldi annast síldarsöltun á hluta stefnanda fyrir almennan söltunartaxta norðanlands. Tunnur skyldu aðiljar leggja til eftir nánara samkomulagi, og skyldu þær greiðast með gangverði.

Báðir aðiljar hafa lagt fram sundurliðaða reikninga yfir viðskipti sín vegna félagsútgerðar þeirra. Samkvæmt reikningi stefnanda telur hann sig eiga kr. 943.24 hjá stefndum, og er það sú upphæð, sem stefnt er fyrir. Undir rekstri málsins hefir stefnandi lækkað kröfu sína um kr. 77.50 + 111.00 = kr. 188.50, og verða þá eftir kr. 754.74. Samkvæmt reikningi stefnds er inneign stefnanda hjá honum aðeins kr. 103.81, og hefir umboðsmaður stefnds boðið þá upphæð fram með bréfi til umboðsmanns stefnanda dags. 19. febr. 1936, rskj. nr. 11, gegn fullnaðarkvittun. Hefir stefndur gert þær kröfur fyrir réttinum, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða þá upphæð málskostnaðar og vaxtalaust, með því hún stóð til boða á undan málshöfðun, og krefst þess, að honum sé tildæmdur ríflegur málskostnaður af hálfu stefnanda. Á rskj. nr. 11 bauð umboðsmaður stefnds einnig fram sem sáttaboð kr. 200.00.

Við dómsálagningu máls þessa virðist réttast að fara þá leið, að leggja til grundvallar hina fyrrgreindu lækkuðu kröfu stefnanda, kr. 754.74, að frádreginni þeirri upphæð, sem stefndi viðurkennir, að hann skuldi, kr. 103.81. Verður þá hin umþrætta upphæð kr. 754.74 ÷ 103.81 = 650.93. Athugast síðar þeir frádráttarliðir, sem stefndur hefir fært fram á móti þessari upphæð og mótmæli og athugasemdir stefnanda við liðina.

Liður 1) Stefnandi reiknar söltunarlaun kr. 4.30 á saltsíldartunnu, en stefndur kr. 4.50. Er hér um að ræða kr. 14.10 frádrátt á 70 ½ tn. Samkv. útgerðarsamningnum skyldu söltunarlaun vera almennur söltunartaxti norðanlands, og með því stefndur hefir eigi á neinn hátt hrundið þeirri staðhæfingu stefnanda, að greiðslutaxti hafi verið kr. 4.30, verður þessi frádráttur eigi tekinn til greina.

2) Stefnandi færir stefnda til tekna fyrir grófsalt kr. 1.50 pr. tn., eða kr. 105.75 á 70 ½ tn. Fullyrðingu stefnds um, að notað hafi verið salt fyrir kr. 225.60 í 141 tn., eða kr. 117.80 í 70 ½ tn., virðist verða að leggja til grundvallar og draga kr. 7.05 frá kröfu stefnanda.

3) Stefndi krefur frádráttar á pækilsalti, að upphæð kr. 14.10, en þar eð stefnandi virðist hafa lagt til allt salt, virðist sá frádráttur eigi geta komið til greina.

4 og 5) Stefndur mótmælir að greiða kr. 9.00 + kr. 23.00,

fyrir vinnu stefnanda við síldarmat, en þar eð mótmæli þessi eru órökstudd, verða þau eigi tekin til greina.

6) Stefndur heimtar kröfu stefnanda færða niður um kr. 105.00 vegna þess að matjesíldar-tunnan hafi aðeins verið kr. 45.00, er hann seldi tunnur stefnanda. Stefnandi virðist hafa rétt fyrir sér í því, að ekki var heimilt fyrir stefndan að selja síldina lægra en hægt var að selja síldina fyrir, kr. 50.00, og verður þessi liður því eigi tekinn til greina.

7) Stefndur kveður stefnanda oftelja sér til skuldar 3 matjesíldartunnur, kr. 120.00, því 21 tn. hafi rýrnað við á-pökkun um 3 tn. Fyrir þessari rýrnun er engin sönnun, og verður því eigi tekin til greina.

8) Stefndur kveðst aðeins hafa fengið kr. 38.00 pr. tn. fyrir 3 tn. af grófsaltaðri síld, sem stefnandi krefst kr. 45.00 pr. tn. fyrir. Krafa stefnanda virðist réttmæt, sbr. rskj. nr. 13, um verð á grófsaltaðri síld, og virðist því eigi hægt að taka frádráttinn til greina.

9, 10, 11) Frádráttarliðir þessir, að upphæð samtals kr. 12.50, er helmingur flutningskostnaðar á netjum þeim, sem notuð voru við útgerðina. Virðist rétt að skipta honum á milli félaganna samkvæmt útgerðarsamningnum.

12) Stefndur reiknar sér kr. 6.25 fyrir þær tunnur, sem hann lagði til í fyrstu, en kr. 5.50 fyrir þær tunnur, sem stefnandi lagði til síðar. Þar sem ekkert er samið um verð-breytingar á tunnu í málinu, virðist réttast að reikna þær með sama verði allan tímann. Virðist því eigi vera hægt að taka þennan frádráttarlið, kr. 39.34, til greina.

13) Stefndur kveður sér vanfært til tekna finsalt, sem notað var í matjesíldina, 720 kg. á 0.07. Helming upphæðar-innar, kr. 25.20, krefst hann frádráttar á. Stefnandi hefir ekki afsannað, að stefndur fari hér með rétt mál, og ber því að taka frádrátt þennan til greina.

14) Stefndur telur stefnanda hafa vanfært sér til tekna vörugjald, 0.25 á tunnu, en það geri að sínum hluta kr. 22.13. Þessari fullyrðingu hefir eigi verið hnekkt, og ber að taka frádráttinn til greina.

15) Stefndur telur, að tollur af allri síldinni hafi numið kr. 168.01 + 89.97 = 257.98. Hefir hann fært stefnanda til tekna fyrri upphæðina, kr. 168.01, á reikningi sínum, rskj. nr. 10. Krefst hann frádráttar á skuld stefnds helming allrar upphæðarinnar, kr. 128.98. Stefnandi fullyrðir, að hann hafi

greitt toll af öllum sínum síldarhluta, og hefir stefndur ekki sýnt, að hann hafi greitt nokkuð af þeim tolli. Frádrátturinn verður því eigi tekinn til greina.

16 og 17) Stefndur telur á reikningi sínum kr. 25.00 fyrir uppskipun á tunnum stefnanda og kr. 6.25 útskipun úr e/s Kára. Krefst hann frádráttar kr. 25.00 + kr. 3.13 = kr. 28.13, og virðist verða að taka þann frádrátt til greina, með því að stefnandi hefir eigi sýnt fram á, að liðirnir séu rangir.

18) Stefndur telur sér vantaldar kr. 105.50 af síld, sem stefnandi seldi til Pontusar nokkurs Nielsen, og krefst þess, að sú upphæð komi til frádráttar. Kveður stefndur þessa upphæð þannig til komna, að stefnandi hafi selt umrædda síld fyrir kr. 4635.00, og hafi hann átt að fá helming þeirrar upphæðar, kr. 2317.50, en aðeins fengið kr. 2212.00. Stefnandi hefir eigi sýnt fram á, að hann hafi greitt meira til stefnds en kr. 2212.00, og verður því að áliti réttarins að taka umræddar kr. 105.50 til frádráttar, sbr. ákvæði samningsins um helmingaskipti á síldaraflanum. —

Niðurstaða málsins verður því, sem hér segir: Stefnanda ber kr. 650.93 + kr. 103.81 = kr. 754.74. Frá þeirri upphæð ber að draga samkvæmt framanrituðu: kr. 7.05 + 12.50 + 25.20 + 22.13 + 28.13 + 105.50 = kr. 200.51. Úrslit málsins verða því þau, að dæma ber stefndan til þess að greiða stefnanda kr. 754.74 ÷ 200.51 = 554.23, ásamt 6% ársvöxtum frá 2. marz 1936 til greiðsludags og málskostnað kr. 143.10.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jón Gíslason, greiði stefnandanum, Kristjáni Ásgrímssyni, kr. 554.23, ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 2. marz 1936 til greiðsludags, og kr. 143.10 í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. febrúar 1938.

Nr. 133/1937. **Réttvísin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Eiði Jónssyni (Einar B. Guðmundsson).

Ólögleg meðferð fundins fjár.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Í forsendum héraðsdómsins er tvívegis tekið fram, að ákærði hafi greitt hverjum bátverja, að einum undanteknum, 24 krónur vegna netjafundarins, sem í málinu getur, en upplýst er í prófum málsins, að upphæðin, sem hann galt hverjum þeirra, hafi verið 45 krónur. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Eiður Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. ágúst 1937.

Mál þetta þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Eiði Jónssyni skipstjóra, til heimilis í Þingholtsstræti 28 hér í bæ, fyrir brot gegn 25. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. febrúar 1902, og hefir, svo kunnugt sé sætt eftirtöldum refsingum:

Þann 17. maí 1934 dæmdur í 70 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri og

þann 14. nóvember sama ár gekkst hann með réttarsætt inn á að greiða 200 krónur í sekt fyrir ölvun á almannafæri og ólöglegt áfengi í vörzlu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Hinn 18. september s. l. haust var vélbáturinn Marz með 8 manna áhöfn, þar á meðal ákærðan, sem var formaður á bátnum, á leið austan að Grímsey. Var þá nýafstaðið mikið ofviðri. Var það, eftir því sem næst verður komizt, um 10 sjómílur austur af Grímsey, sem bátshöfnin fann reknetahnút, eða saman flækt reknet, á reki í sjónum. Hefir bátshöfninni ekki borið saman um, hve mörg reknet hafi verið í netaflækju þessari, né heldur um, hvort netin, tög eða belgir væru merkt.

Ákærði hefir eindregið undir öllum rekstri málsins haldið því fram, að netin hafi verið 14—15 og jafnmargir belgir, en í kabalnum hafi verið merki fyrir 20 net. Hafi hlutir þessir verið með öllu ómerktir. Sumir bátsverjanna hafa borið það, að netin hafi verið 10—15 eða 14—15, og hafi fundurinn verið ómerktur, nema að málningarklessur hafi verið á tveimur belgjanna, en á þeim hafi verið ómögulegt að átta sig. Einn bátverja hefir borið, að netin hafi verið 25 að tölu, en 5—6 þeirra hafi verið mjög illa útlítandi og lítið meira en teinarnir. Belgirnir hafi verið 24, sumir merktir stöfunum S. H., en að öðru leyti hafi fundurinn ekki verið merktur. Á þennan síðastnefnda framburð verður ekki fallizt, þar sem framburðum allra hinna bátsverjanna, sem yfirheyrðir hafa verið, ber í öllum aðalatriðum saman, og verður gengið út frá því, að netin og belgirnir að tölu og öðru ásigkomulagi hafi verið eins og ákærði hefir lýst þeim, og fundurinn ómerktur. Þó að málingar-

klessur, sem ómögulegt var að átta sig á, væru á sumum belgjunum, verður það á engan hátt talið merki.

Netaflækju þessa innbyrti bátshöfnin og greiddi úr henni, og var fundurinn geymdur í bátnum ónotaður, nema að því leyti, að tvö til þrjú net voru lögð nokkrum sinnum, þangað til komið var til Reykjavíkur, en þá var fundurinn fluttur í land og er þar enn.

Ákærði greiddi hverjum bátsverja, að undanteknum einum, kr. 24.00 vegna netafundar þessa. Hafa þrír bátsverjar borið, að þeir hafi fengið þessa borgun fyrir að vinna að því að greiða úr netunum, og kemur það heim við skýrslu ákærðs, er segist hafa greitt þeim fé þetta fyrir björgunina og hreinsun netanna. Hinsvegar hefir stýrimaðurinn á bátnum borið, að hann hafi spurt ákærða, hvort ekki væri rétt að fara með netin í land og auglýsa þau, en því hafi ákærði neitað og sagt, að bátverjar gætu eins selt sér netin. Hafi það síðan orðið að samkomulagi milli ákærða og bátverja, að hver þeirra fengi kr. 24.00 í sinn hlut fyrir netin og fyrir að greiða úr þeim. Segist stýrimaður hafa litið svo á, að bátverjar ættu netin, fyrst engin merki væru á þeim.

Ákærði var nú við síldveiðar fyrir norðurlandi þar til 28. sept., að hann hélt suður fyrir land. Hin fundnu net auglýsti hann ekki fyrir norðan og gerði ekkert til að fá upplýst, hver væri eigandi þeirra.

Þegar suður kom, stundaði ákærði síldveiðar í Faxaflóa þar til ca. 20. okt. um haustið, en þá að loknum veiðum seldi hann Jóni Sveinssyni, útgerðarmanni hér í bænum, 40 reknet, ásamt tilheyrandi belgjum og teinum, en afhenti honum 51—54 net og sagði, að sögn Jóns, að um afganginn skyldu þeir tala síðar, og kveðst Jón hafa spurt ákærða að, hvort nokkrar kvaðir væru á netunum, en hann hafi neitað, að væri, en sagzt selja netin svo lágu verði, sem hann gerði, vegna þess að sér lægi á peningum.

Ákærði hefir hinsvegar haldið því fram, að svo hafi verið um talað milli sín og Jóns, að Jón geymdi hin fundnu net og keypti þau síðan, ef enginn gæfi sig fram sem eiganda þeirra. Þessi skýrsla Jóns Sveinssonar, og svo hitt, að ákærði hefir greitt bátshöfn sinni það fé í tilefni af netafundinum, að það væri algerlega óeðlileg þóknun fyrir vinnu við að greiða úr flækjunni, heldur virðist hún bera með sér, að

ákærði hafi skilið þetta svo, sem hann fengi með þessu í sínar hendur tilkall bátshafnar til netanna.

Ákærði gerði nú ekkert til að auglýsa netin né finna eiganda þeirra fyrr en þann 10. nóv., að hann auglýsir fundinn í tveimur dagblöðum hér í bænum. En áður en hann gerði það, hafði Friðrik Guðjónsson, útgerðarmaður á Siglufirði, talað við hann og gert tilkall til fundarins. Það verður því að telja af eðli hinna fundnu hluta og atferli ákærða eftir að þeir fundust og að hann auglýsir þá ekki fyrr en búið var að gera tilkall til þeirra við hann, að ákærði hafi gerzt brotlegur við ákvæði 249. greinar hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en eftir öllum atvikum þykir rétt að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð laga nr. 39 1907 haldin.

Um eignarrétt að hinum fundnu netum er það að segja, að Friðrik Guðjónsson hefir að áliti tveggja dómkvaddra skoðunar- og matsmanna ekki getað fært fram sannanir eða nægilega sterkar líkur fyrir því, að hann sé eigandi þeirra. Hinsvegar hafa þrír bátverjar af bát þeim, er týndi netum Friðriks, þar á meðal formaðurinn og stýrimaðurinn, borið, að þeim virðist þau vera eins og hin týndu net, nema að það vanti í þau. Verður rétturinn að byggja á nefndu áliti matsmanna og hafna kröfu Friðriks um, að honum verði tildæmdur eignarréttur að hinum fundnu reknetum ásamt meðfylgjandi útbúnaði.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Magnúsar Thorlacius, kr. 75.00.

Rekstur þessa máls hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Eiður Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga. En fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð laga nr. 39 16. nóvember 1907 haldin.

Kröfu Friðriks Guðjónssonar um að fá tildæmdan eignarrétt að hinum umrædda fundi er hafnað.

Ákærði greiði af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Magnúsar Thorlacius, kr. 75.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. febrúar 1938.

Nr. 145/1937. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Guðna Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Brot á tolllögum og ákvæðum um gjaldeyri og innflutning.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Síðan atvik þau gerðust, sem kærða í máli þessu er gefin sök á, hafa verið sett lög nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit. Eigi verður ætlað, að þau leiddu kærða til hagfelldari niðurstöðu en lög þau, sem í gildi voru þá, og koma hin nýju lög þegar af þessari ástæðu ekki til greina um dómsniðurstöðu í máli þessu.

Kærði er borinn þeirri sök, að hann hafi brotið þágildandi gjaldeyrisákvæði með því að taka með sér til útlanda þann 23. ág. f. á. og hafa varið þar til kaupa á vörum þeim, er í máli þessu segir, 300 króna virði í erlendum gjaldeyri, og með því að nota í sömu ferð með sama hætti 250 krónur af 300 króna innieign sinni í dönskum banka. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 11/1935 hafa Landsbankinn og Útvegsbanki Íslands „einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri". Og setur ráðherra nánari fyrirmæli um gjald-

eyrisverzlunina. Síðar í sömu grein er heimilað að setja með reglugerð ákvæði til að tryggja það, „að íslenzkar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna.“ Að því leyti sem fyrirmæli 1. gr. reglugerðar nr. 7 11. jan. 1935 kunna að fara lengra en ákvæði 1. gr. nefndra laga virðast þau ekki hafa stoð í lögunum. Ákvæði 1. gr. laganna og 4. og 5. gr. reglugerðarinnar virðast ekki taka til þeirrar meðferðar á erlendum gjaldeyri, sem kærða er sök á gefin, því að hún verður ekki talin verzlun með erlendan gjaldeyri, og ekkert er upplýst um það, að innieign kærða í hinum erlenda banka sé þannig til komin, að ákvæðin um meðferð gjaldeyris fyrir íslenzkar útfluttar afurðir eða útflutning íslenzks gjaldeyris í reglugerðinni taki til fyrrnefndrar ráðstöfunar kærða á henni. Verður því að sýkna kærða af þessu kæruatriði.

Þá er kærði sakaður um brot á auglýsingu frá 15. des. 1919, er upphaflega hafði stoð í bráðabirgðalögum nr. 84 13. des. 1919, um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning gulls, og nú í lögum nr. 16/1920, um sama efni. Lög þessi virðast eftir aðdraganda sínum og tilgangi aðeins taka til myntaðs gulls og gulls, er að lögum var hæft til seðlatryggingar þáverandi Íslandsbanka, en þessu var ekki svo varið um þau tamtals 120 grömm af gömlum hringum, bútum, afgöngum og svarfi, er kærði hafði með sér til útlanda 23. ágúst f. á. og seldi þar. Verður kærði því ekki heldur dæmdur til refsingar fyrir þessar ráðstafanir sínar.

Eins og í héraðsdóminum segir, ætlaði kærði sér

að koma vörum þeim, er í dóminum getur, í land án þess að greiða af þeim toll. Og ekki hafði hann heldur fengið leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar til þess að flytja þær inn. Með þessum hætti hefir hann gerzt sekur við 2. gr. laga nr. 47/1926 sbr. 9. gr. laga nr. 54/1926 og 6. sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 7 11. jan. 1935. Þykir refsing hans fyrir brot þessi hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um greiðslu á þreföldum tolli af hinum innfluttu vörum samkv. 2. gr. laga nr. 47/1926 sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 54/1926 verður ekki dæmt í þessu máli, með því að ekkert er upplýst um það, hvort vörurnar verði afhentar kærða.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað þykir mega staðfesta. Svo ber og að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðni Jónsson, greiði 600 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins á að vera óraskað. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteins-

sonar og Lárusar Jóhannessonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 26. okt. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðna Jónssyni úrsmið, Öldugötu 11 hér í bæ, fyrir brot gegn vörutollslögum nr. 54 1926, verðtollslögum nr. 47 1926, lögum nr. 128 1935, um bráðabirgða tekjuöflun ríkissjóðs, sbr. lög nr. 89 1936, um framlengingu þeirra laga o. fl., lögum nr. 11 9. janúar 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl., og auglýsingu frá 15. desember 1919, um bann gegn útflutningi á gulli, sbr. lög nr. 16 18. maí 1920, um sama efni.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir þann 21. maí 1927 sætt áminningu lögreglunnar fyrir ólöglegan innflutning á hálmi, en ekki að öðru leyti, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Þann 27. september síðastliðinn kom m/s „Dronning Alexandrine" hingað frá Kaupmannahöfn, og var kærður einn meðal farþega á skipinu. Við rannsókn tollþjóna í skipinu fundust í farangri kærðs munir þeir, er hér á eftir verða taldir og hann hafði ekki gefið upp til tolls, og ekki voru tilfærðir í skjölum skipsins. Voru munirnir í tveimur ferðatöskum og einni skjalatösku innan um fatnað og ýmislegt dót, og var kærður með skjalatöskuna á leiðinni í land, er hún var af honum tekin.

Verða nú munir þessir taldir, og út af hverri tegund fært verð hennar, samkvæmt yfirmati dómkvaddra manna, óvéfengdu af kærðum:

3	stk.	gullhringir	á kr.	30.00	.....	kr.	90.00
1	—	gullhringur	–		.....	—	38.00
1	—	—	–		.....	—	40.00
14	—	silfurhringur	–		.....	—	112.00
1	—	gullarmband	–		.....	—	130.00
1	—	—	–		.....	—	132.00
1	—	—	–		.....	—	90.00

3	stk.	plettarmbönd	á kr.	14.00	.....	kr.	42.00
2	—	—	— —	9.00	.....	—	18.00
1	—	—	—		.....	—	5.00
12	—	pennahaldarar	—		.....	—	3.00
12	—	þurkur	— —	0.75	.....	—	9.00
16	—	úrbönd, gullplett	—		.....	—	136.65
24	—	— pól. stál	—		.....	—	225.15
6	—	úrfestar, nikkel	—		.....	—	9.00
		úrahlutar	—		.....	—	406.85
						Samtals kr.	1494.65

Einnig fundust við tollskoðunina skinnavörur og fleira til töskugerðar. Átti kærður það ekki og flutti það ekki hingað, og hefir mál út af þessu verið afgreitt sérstaklega með réttarsætt, eins og rannsókn málsins ber með sér. Kærður hefir játað sig vera eiganda framangreindra muna og hafa keypt þá í Kaupmannahöfn þá í sömu ferðinni, hafa geymt þá á leiðinni hingað í þeim hirzlum, er að framan greinir, og hafa ætlað að koma þeim hér í land á laun án þess að greiða af þeim tolla.

Kærður hefir gefið skýrslu um það, hverju verði hann keypti flesta af munum þessum, en hinsvegar hefir hann ekki lagt fram lögfulla innkaupsreikninga yfir munina, eins og gera ber samkvæmt reglugerðum nr. 40 18. maí 1924 og nr. 79 21. október 1925, og því verður í máli þessu, að því leyti, sem verð munanna kemur til athugunar, farið eftir yfirmatinu á verðmæti þeirra, enda hefir tollstjórinn engar athugasemdir gert við það og ákveðið verðtollinn og viðskiptagjaldið með hliðsjón af því.

Með framanskráðum verknaði hefir kærður gerzt brotlegur við 9. gr. vörutollslaganna nr. 54 15. júní 1926 sbr. 2. gr. verðtollslaga nr. 47 15. júní 1926 og 5. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs.

Þegar kærður fór í ferð þessa til útlanda, hafði hann með sér erlenda mynt sem svaraði 300 íslenzkum krónum. Hefir hann gert þá grein fyrir þessari erlendu mynt, að ekki virðist ástæða til að rengja. Notaði hann þessa peninga til kaupa á nefndum munum. Hefir hann, auk þessara peninga, játað að hafa átt innieign í Landmandsbanken í Kaupmannahöfn 300 krónur danskar án þess að það væri með vitund og leyfi bankanna eða gjaldeyrisnefndar, og hafi

hann tekið út af þessari innieign kr. 250.00 til vörukaupanna. Ennfremur hafi hann flutt héðan gull (gamla hringi, búta og svarf) 120 grömm, sem hann seldi erlendis fyrir kr. 3.65—3.85 danskar krónur grammið, og notaði andvirði gullsins til vörukaupa. Loks skuldaði hann töluvert af andvirði varanna. Hann kveðst að vísu hafa átt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir nokkru af vörum þessum, en ekki hafa ætlað sér að nota þau, ef hann hefði getað komið varningnum í land á laun, en hafa ætlað sér að nota þau, ef vörurnar fynndust og þess væri nokkur kostur. Hinsvegar hafði hann engin slík leyfi fyrir nokkru af varningnum. Verknaður sá, er nú hefir verið lýst, varðar við 1. gr. og 6. gr. 1. mgr. sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 7 11. janúar 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. Ennfremur varðar gullútflutningur kærðs við fyrirmæli auglýsingar frá 15. desember 1919, um bann gegn útflutningi á gulli. Er reglugerð sú sett samkvæmt bráðabirgðalögum frá 13. sama mánaðar, um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli, en þau bráðabirgðalög voru staðfest óbreytt á næsta Alþingi og útgefin sem lög nr. 16 18. maí 1920.

Fyrir framangreind brot þykir kærður hafa unnið til refsingar, sem hæfilega sé ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 35 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 3. mgr. 9. gr. vörutollslaganna sbr. 2. gr. laga nr. 47 15. júní 1926 og 5. gr. laga nr. 128 31. desbr. 1935 að dæma kærðan til að greiða þrefaldan verðtoll og viðskiptagjald af hinum innfluttu vörum, en samkvæmt útreikningi tollstjórans í Reykjavík nemur sú upphæð kr. 2693.25. Varningurinn náði eigi vörutollsþunga. Þá ber ennfremur að dæma kærðan samkvæmt auglýsingu frá 15. desember 1919 til að greiða til ríkissjóðs tvöfalt verð gulls þess, er hann flutti út. Voru það 120 grömm 14 karata gulls, en verð slíks gulls er samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands kr. 2.92 grammið. Verður þessi upphæð því kr. 700.80. Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Guðni Jónsson, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 35 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði til ríkissjóðs í þrefaldan verðtoll og viðskiptagjald kr. 2693.25 og tvöfalt verð hins útflutta gulls, kr. 700.80.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. febrúar 1938.

Nr. 46/1935. **Ísfélag Vestmannaeyja h/f**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
firmanu Gunnar Ólafsson & Co.
(Jón Ásbjörnsson).

Mál um greiðslu á vöruúttekt.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir gert þær kröfur hér fyrir dómi, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2216.56 með 6% ársvöxtum frá 15. ágúst 1934 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Stefndur krefst hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, greinir

aðilja máls þessa á um það, hvort hinu stefnda firma beri að greiða andvirði beitu, sem út var tekin hjá áfrýjanda árið 1926 til vélbátanna „Úndínu“ og „Enoks“, sem þá voru eign verzlunar A. Bjarnasen kaupmanns, vélbáturinn „Enok“ þó aðeins að nokkrum hluta. Nam andvirði úttekinnar beitu til bátanna þetta ár kr. 2595.65, en áfrýjandi telur stefnda skulda sér nú, samkvæmt viðskiptareikningi þeirra á milli, fjárhæð þá, kr. 2216.56, sem fyrir er stefnt.

Í málinu er það upplýst, að árið 1924 hafði Útibú Íslandsbanka í Vestmannaeyjum krafizt þess af verzlun A. Bjarnasen, að hún fengi sér tilsjónarmann með rekstri sínum, og hafði Gunnar kaupmaður Ólafsson, sem er einn af þremur eigendum hins stefnda firma, tekizt á hendur í samráði við útibúið eftirlit með rekstri báta verzlunar A. Bjarnasen. Hefir útibúið vottað, að það hafi verið Gunnar Ólafsson persónulega, en ekki hið stefnda firma, sem eftirlitið tókst á hendur.

Aðiljar eru sammála um það, að andvirði beitu til nefndra báta árin 1924 og 1925 hafi áfrýjandi fengið greitt frá hinu stefnda firma. Kveðst firmað hafa keypt fisk bátanna þessi ár og greitt beituna af andvirði fisksins eftir tilvísun eiganda þess eða annara, sem á því höfðu ráðstöfunarrétt. Hinsvegar kveðst firmað ekki hafa keypt fisk bátanna árið 1926, og hafi þess því ekki verið að vænta, að greiðsla kæmi frá því fyrir beituúttekt þeirra það ár.

Ekkert er upplýst um það í málinu, hver hafi beðið um eða veitt móttöku beitu til nefndra báta árið 1926, en hið stefnda firma hefir ákveðið mótmælt því, að það eða nokkur fyrir þess hönd hafi átt nokkurn þátt í því. Eftirlitsstarf Gunnars Ólafssonar

með rekstri bátanna þetta og undanfarin tvö ár verður heldur ekki talið þannig lagað, að áfrýjandi hafi þess vegna haft ástæðu til að ætla, að hið stefnda firma yrði ábyrgt fyrir úttekt til bátanna. Og þó að áfrýjandi hafi fengið greidda beituúttekt oftnefndra báta árin 1924 og 1925 frá hinu stefnda firma, vegna ávísunar (innskriftar) frá þeim, sem hafði ráðstöfunarrétt yfir fiskandvirði bátanna þessi ár, þá gat hann ekki vegna þess eins vænzt þess, að sama mundi verða árið 1926, og í því trausti skuldað firmað fyrir úttekt bátanna það ár.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið sannað, að hið stefnda firma hafi orðið ábyrgt fyrir greiðslu umræddrar skuldar, er hún stofnaðist árið 1926. Kemur þá til athugunar, hvort firmað hafi með einhverjum aðgerðum sínum orðið ábyrgt fyrir henni síðar. Eins og frá er skýrt í héraðsdóminum, hafði áfrýjandi fært hinu stefnda firma til skuldar oftnefnda fjárhæð, kr. 2595.65, á reikningi firmans árið 1926. Er upphæðin talin þar „innskrift", án þess að tilgreint sé, frá hverjum, og er henni þegar árið 1926 haldið aðgreindri frá öllum öðrum „innskriftum", sem áfrýjandi skuldar hið stefnda firma fyrir það ár, og tilfærðar eru í einu lagi. Nefnd upphæð hefir síðan þá sérstöðu á reikningi stefnds í bókum áfrýjanda árin 1927 til 1930, að hennar er jafnan getið í sambandi við færslur milli ára, þannig, að mismunur á viðskiptareikningi aðilja í lok hvers árs er eftir atvikum dreginn frá upphæðinni eða lagður við hana, og bendir það til þess, að áfrýjandi hafi þá talið þetta vafaskuld. Ekkert er upplýst um, að hið stefnda firma hafi á þessum árum eða síðar undirgengizt berum orðum að greiða skuldina. Þvert á móti virðist það jafnan hafa mótmælt henni eftir að

til tals kom um hana milli aðilja. Það hefir eigi heldur verið upplýst gegn neitun hins stefnda firma, að það hafi fengið viðskiptareikninga frá áfrýjanda, þar sem skuld þessi væri tilfærð, og kemur því eigi til álita viðurkenning þess á skuldinni með mótmælalausri viðtöku á slíkum reikningum. Og ekki verður það heldur talin nein viðurkenning firmans á skuldinni, þó að einn af eigendum þess, fyrrnefndur Gunnar Ólafsson, hafi verið endurskoðandi Ísfélags Vestmannaeyja h/f, og hafi ekki í þeirri veru gert sérstakar athugasemdir við ársreikning félagsins fyrir árið 1926 né fylgiskjöl með honum, þó að hin umdeilda skuld væri þá tilfærð á reikningi hins stefnda firma. Um endurskoðun þá, sem fram fór 1931 á ársreikningi félagsins fyrir árið 1929, er sama að segja, auk þess sem maður sá, sem þá endurskoðaði reikninginn ásamt Gunnari Ólafssyni, hefir borið það sem vitni, að Gunnar hafi þá mótmælt því við þáverandi framkvæmdarstjóra félagsins, að hið stefnda firma væri skuldað fyrir nefndri fjárhæð.

Með því að þannig brestur sönnun fyrir því, að hið stefnda firma sé ábyrgt fyrir greiðslu skuldar þeirrar, sem stefnt er fyrir í máli þessu, þá verða kröfur áfrýjanda hér fyrir rétti ekki til greina teknar. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en þó með þeirri breytingu, að sekt sú, sem málflytjanda stefnds í héraði, Gunnari Ólafssyni, hefir verið gert að greiða, á að renna í ríkissjóð, sbr. nú 187. gr. laga nr. 85/1936, og ákveðst greiðslufrestur hennar 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að framangreind sekt renni í ríkissjóð, og verði greiðslufrestur hennar 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Áfrýjandi, Ísfélag Vestmannaeyja h/f, greiði stefnda, firmanu Gunnar Ólafsson & Co, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur gestaréttar Vestmannaeyja 23. febr. 1935.

Mál þetta hefir stefnandi, Ólafur Auðunsson útgerðarmaður f. h. Ísfélags Vestmannaeyja h/f hér í bænum, höfðað hér fyrir gestaréttinum, samkvæmt heimild í lögum nr. 59 10. nóvember 1905, með stefnu útgefinni þann 15. ágúst f. á. gegn eigendum firmans Gunnar Ólafsson & Co hér í bænum, þeim Gunnari Ólafssyni konsúl, til heimilis Vík, Jóhanni Þ. Jósefssyni alþingismanni, til heimilis Fagurlyst, og Sigurði Gunnarssyni kaupmanni, til heimilis Heimagötu 25, öllum hér í bænum, f. h. nefnds firma til greiðslu á skuld að upphæð kr. 2216.56 samkvæmt reikningi.

Stefnandi hefir krafizt þess, að stefndir verði dæmdir til þess f. h. nefnds firma að greiða stefnanda framangreinda skuld, kr. 2216.56, með 6% vöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, og nemur hann samkvæmt framlögðum reikningi, sem kemur heim við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands, kr. 225.00.

Stefndir hafa mótmælt öllum framangreindum kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og krafizt þess, að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefndum málskostnað í málinu.

Er mál þetta kom hér fyrir í réttinum þann 6. desember s. l., mætti stefnandi eigi í því og enginn af hans hálfu, en

stefnandi hafði þá í næsta réttarhaldi í málinu á undan fengið frest í málinu til nefnds dags og skjöl málsins léð, og voru þau því þá í vörzlum stefnanda, en stefndir létu mæta í málinu nefndan dag (12. (sic) des. s. l.) og kröfðust stefndir þá á ný sýknu í málinu, og stefnandi yrði dæmdur til þess að greiða þeim 300 krónur í málskostnað, og sætti sú krafa engum andmælum í því þinghaldi, og var málið þá tekið undir dóm, en stefnandi skilaði skjölum málsins til dómarans eftir það, og verður því dæmt í málinu samkvæmt öllum þeim skjölum, sem fram hafa verið lögð í því, auk þess sem á annan hátt er komið fram í málinu.

Tildrög málsins eru þau, eftir því sem upplýst er í málinu, að um mörg undanfarin ár fram á 1933 hafði hið stefnda firma ýms viðskipti við stefnda (Ísfélag Vestmannaeyja h/f), og hefir stefnandi lagt fram í málinu sundurliðaðan reikning yfir umrædd viðskipti frá byrjun ársins 1925 og þar til viðskiptin hættu, sem notarialiter staðfestan útdrátt úr viðskiptamannahöfuðbók stefnanda.

Stefndir hafa kannazt við að hafa haft viðskipti við stefnanda á umræddum tíma, en halda fram, að þeir skuldi stefnanda ekki neitt út af þeim viðskiptum og hafa þeir mótmælt sérstaklega lið að upphæð kr. 2595.65, sem þeir eru skuldaðir um á framangreindum reikningi, sem „innskriftir" árið 1926, án þess nokkur dagsetning sé tilfærð við skuldalið þennan á hinum framlagða reikningi stefnanda, og telja stefndir sig ofskuldaða um þessa upphæð, en öðrum skuldaliðum í umræddum reikningi hafa stefndir ekki mótmælt, en framangreinda upphæð telja stefndir vera söluandvirði beitu, er verzlun A. Bjarnasen hér í bænum, sem einnig virðist hafa verið nefnd verzlunin „Dagsbrún", hafi fengið umrætt ár hjá stefnanda handa vélbátum sínum, „Undína" og „Enok", og hefir stefnandi viðurkennt, að umrædd skuldarupphæð í framangreindum reikningi sé til komin á þann hátt, er stefndir halda fram, en stefnandi heldur fram, að stefndir eða stefndur Gunnar Ólafsson f. h. hins stefnda firma hafi lofað að greiða stefnanda beituúttekt framangreindra vélbáta umrætt ár, og hafi beituúttekt báta þessara á því ári því verið færð hinu stefnda firma til skuldar í verzlunarbókum stefnanda, og heldur fram, að stefndu beri því að borga stefnanda upphæð þessa.

Stefndir hafa ekki mótmælt því, að framangreindir vél-

bátar fyrrnefndrar verzlunar hafi fengið beitu hjá stefnanda fyrir umrædda fjárhæð árið 1926, en hafa eindregið mótmælt því, að hið stefnda firma eða nokkur fyrir þess hönd hafi skuldbundið firmað til þess að greiða stefnanda andvirði beituúttektar þessarar, og beri þeim því ekki að borga hana, og halda stefndir fram, að þeir hafi ætíð neitað að borga stefnanda þessa upphæð.

Stefnandi hefir ekki tilgreint neitt nánar, hvenær eða á hvern hátt stefndir hafi skuldbundið sig til þess að greiða stefnanda umrædda beituúttekt, en virðist halda því fram, að stefndur Gunnar Ólafsson hafi f. h. hins stefnda firma munnlega skuldbundið sig til þess f. h. firmans gagnvart þáverandi framkvæmdarstjóra Ísfélags Vestmannaeyja h/f, Árna Filippussyni, sem nú er látinn.

Stefnandi hefir lagt fram í málinu vottorð dags. þann 1. febrúar 1931 viðvíkjandi endurskoðun á reikningum Ísfélags Vestmannaeyja h/f fyrir árið 1929, undirritað af stefndum Gunnari Ólafssyni og Friðrik nokkrum Þorsteinssyni, sem þá voru endurskoðendur nefnds hlutafélags, en í vottorði þessu votta nefndir endurskoðendur, að reikningar félagsins séu nákvæmir, án þess að færa fram neinar athugasemdir út af framangreindri færslu á framangreindri beituúttekt stefndu til skuldar. Svo hefir stefnandi og lagt fram í málinu notarialiter staðfest eftirrit af vottorði dags. 29. desember 1927, undirrituðu af stefndum Gunnari Ólafssyni og Páli Bjarnasyni skólastjóra, sem þá voru endurskoðendur fyrrnefnds hlutafélags, viðvíkjandi endurskoðun á reikningum hlutafélagsins fyrir árið 1926, en samkvæmt vottorðseftirriti þessu votta nefndir endurskoðendur, að þeir hafi farið yfir rekstursreikning og efnahagsreikning hlutafélagsins fyrir árið 1926 og borið þá saman við fylgiskjöl og bækur félagsins og ekkert fundið athugavert við reikningsfærsluna, og taka fram, að reikningarnir séu gerðir með hinni mestu nákvæmni, án þess gerðar séu nokkrar athugasemdir viðvíkjandi færslu framangreindrar beituúttektar í reikning hins stefnda firma í bókum stefnanda.

Endurskoðunarvottorð þessi vill stefnandi telja sönnun fyrir því, að stefndur Gunnar Ólafsson hafi talið umrædda beituúttekt réttilega færða hinu stefnda firma til skuldar, er endurskoðanir þessar fóru fram, en annars hefir stefnandi ekki fært fram í málinu nein gögn til sönnunar stað-

hæfingum sínum um, að hið stefnda firma hafi upphaflega lofað að greiða stofnanda framangreinda beituúttekt eða viðurkennt hana síðar sem sína skuld, en umrædd endurskoðunarvottorð og framangreindan staðfestan útdrátt úr viðskiptamannahöfuðbók stefnanda, og hefir stefnandi eigi, þrátt fyrir áskorun stefndra, lagt fram í málinu eftirrit úr frumbókum sínum viðvíkjandi umræddri beituúttekt, og er ekkert upplýst um það í máli þessu af hálfu stefnanda, hvort úttekt þessi er færð hinu stefnda firma til skuldar í frumbókum stefnanda, en stefndir halda fram, að firmað sé ekki skuldað um umrædda beituúttekt í frumbókum stefnanda. En auk framangreindra gagna, hefir stefnandi fært fram til stuðnings staðhæfingu sinni um, að hið stefnda firma hafi tekið að sér að greiða beituúttekt framangreindra vélbáta umrætt ár, að firmað hafi tekið að sér að greiða og greitt beituúttket verzlunar A. Bjarnasen til framangreindra báta árin 1924 og 1925, að hið stefnda firma, eða stefndur Gunnar Ólafsson, hafi árið 1926, sem og árin 1924 og 1925, hafi á hendi umsjón með útgerð umræddra vélbáta og keypt fiskafla þeirra, og að stefndir hafi eigi mótmælt því, að þeim bæri að greiða beituúttekt þess, fyrr en eftir að fyrrnefndur Árni Filippusson hafi verið látinn, en hann lézt þann 6. janúar 1932, en hætti störfum hjá hlutafélaginu 1. september 1931, eftir því sem stefnandi hefir ómótmælt haldið fram í málinu. En ekki er upplýst neitt í málinu um, hvort stefndir hafi fengið reikninga yfir viðskiptin frá stefnanda, og hefir stefnandi ekki gert neina grein fyrir því í málinu, hvort stefndu hafi nokkurn tíma verið sendur sundurliðaður reikningur yfir viðskiptin eða eigi.

Stefndir hafa ómótmælt haldið því fram, að framangreint notarialiter staðfest eftirrit af endurskoðunarvottorði á rskj. nr. 24 viðvíkjandi endurskoðun á reikningum Ísfélags Vestmannaeyja h/f fyrir árið 1926 sé tekið eftir og staðfest samkvæmt eftirriti af hinu upphaflega vottorði, en ekki eftir frumritinu, og hafa mótmælt eftirriti þessu sem röngu, án þess að stefnandi hafi lagt fram frumrit vottorðsins eða fært á annan hátt sönnun fyrir því, að eftirrit það, er hið staðfesta eftirrit var tekið eftir, sé rétt, og hefir skjal þetta því þegar af þeirri ástæðu ekkert sönnunargildi í máli þessu.

Að því er snertir framangreint endurskoðunarvottorð fyrir árið 1929 (rjskj. 6), eru gerðar athugasemdir við reikninga 5 viðskiptamanna stefnanda, og bendir það til þess, að endurskoðendurnir hafi endurskoðað bókfærslu hlutafélagsins yfirleitt, þar á meðal viðskiptareikninga einstakra viðskiptamanna, en við endurskoðun þessa, sem stefndum Gunnari Ólafssyni hefir verið falið að vinna að sem starfsmanni hlutafélagsins, verður eigi talið, að stefnandi hafi haft réttmæta ástæðu til að líta á hann sem umboðsmann firmans Gunnar Ólafsson & Co, þannig að firmað sé bundið við það, þó stefndur Gunnar Ólafsson léti það óátalið í endurskoðunarskýrslu sinni, hvernig reikningur firmans var færður í bókum hlutafélagsins, og verður því gegn mótmælum stefndra enginn réttur til handa stefnanda að því er framangreinda beituúttekt snertir byggður á umræddu endurskoðunarvottorði, enda hafa stefndir haldið því fram í málinu, að stefndur Gunnar Ólafsson hafi áður þrásinnis mótmælt þessum skuldalið í reikningi firmans, og vitnið Friðrik Þorsteinsson hefir borið og staðfest þann framburð sinn með eiði sínum, að stefndur Gunnar Ólafsson hafi, er umrædd endurskoðun fyrir árið 1929 fór fram, mótmælt þessum skuldalið við þávarandi framkvæmdarstjóra hlutafélagsins (stefnanda), Árna sál. Filippusson.

Stefndir hafa lagt fram í málinu staðfesta útskrift úr viðskiptamannahöfuðbók hins stefnda firma af viðskiptareikningi firmans við stefnanda, og ber reikningi þessum saman við reikning hlutafélagsins yfir viðskipti þessi nefnt ár að öðru en því, að samkv. reikningi stefndra er úttekt þeirra hjá hlutafélaginu kr. 2595.65 lægri heldur en samkvæmt reikningi hlutafélagsins, og samkvæmt reikningi stefndra skuldar hlutafélagið stefndu kr. 787.40 í árslok 1926. En ekkert hefir komið fram í málinu um, hvort stefndir hafi nokkurn tíma sent stefnanda reikning yfir þessi viðskipti, eins og þau eru færð í bókum firmans.

Vitnið Jón Ólafsson, sem var í stjórn fyrrnefnds hlutafélags frá því í ársbyrjun 1930 til 23. nóvember 1932, hefir borið það í málinu, að sér hafi verið kunnugt um það, er hann var í stjórn félagsins, að stefndur hafi neitað að borga framangreinda beituúttekt, og að stefndur Gunnar Ólafsson hafi minnzt á það við sig (vitnið), að strika bæri út umrædda skuld (úr bókum stefnanda).

Vitnið Gísli Jónsson, sem var í stjórn hlutafélagsins á árunum 1932 og 1933, hefir borið, að honum hafi verið kunnugt um á meðan hann var í stjórn félagsins, að stefndir teldu sér ekki skylt að greiða hlutafélaginu umrædda beituúttekt, að stefndir hafi skrifað hlutafélaginu bréf viðvíkjandi því á árinu 1933, og að stefndur Gunnar Ólafsson hafi minnzt á það við sig (vitnið).

Vitnið Magnús Guðmundsson hefir borið það, að stefnandi Ólafur Auðunsson hafi sagt sér (vitninu) á meðan vitnið var í stjórn hlutafélagsins, að stefndur Gunnar Ólafsson hafi neitað að greiða umrædda beituúttekt, en ekkert er upplýst um, hvenær vitni þetta var í stjórn hlutafélagsins.

Þá hefir og vitnið Friðrik Þorsteinsson, eins og að framan er drepið á, borið, að hann (vitnið) hafi, er hann ásamt stefndum Gunnari Ólafssyni endurskoðaði reikninga hlutafélagsins fyrir árið 1929, heyrt stefndan Gunnar Ólafsson taka það fram við þáverandi reikningshaldara (og framkvæmdarstjóra) hlutafélagsins (stefnanda), Árna sál. Filippusson, að umrædd beituúttekt vélbátanna Undinu og Enoks væri í heimildarleysi færð í reikning hins stefnda firma, að hann (stefndur Gunnar Ólafsson) hefði aldrei tekið á sig ábyrgð á greiðslu umræddrar beituúttektar né lofað að greiða hana, og að hann borgaði hana aldrei, og kveðst vitnið hafa skýrt formanni hlutafélagsstjórnarinnar og fleirum í stjórn félagsins frá þessu, er hann (vitnið) hafi verið reikningshaldari hjá hlutafélaginu. Vitni þetta hefir eigi borið neitt um, hvenær hann vann að umræddri endurskoðun með stefndum Gunnari Ólafssyni, en endurskoðunarskýrsla þeirra fyrir framangreint ár, sem lögð hefir verið fram í málinu (rskj. 6), er dags. 1. febrúar 1931, og virðist endurskoðunin því muni hafa verið framkvæmd í byrjun þess árs eða um næst liðin áramót. Síðastnefnt vitni hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum, en framburður hinna annara framangreindra vitna hefir verið tekinn jafngildur og eiðfestur væri.

Stefnandi hefir viðurkennt, að stefndir hafi eftir lát Árna sál. Filipussonar, það er eftir að kom fram á árið 1932, haft í frammi við stefnanda mótmæli gegn umræddum skuldalið, en hefir mótmælt því, að þeir hafi nokkrum slíkum mótmælum hreyft á meðan Árni sál. Filippusson var

reikningshaldari og framkvæmdarstjóri hlutafélagsins, en hann virðist, þó það sé ekki beinlínis upplýst í málinu, hafa haft þau störf á hendi frá því áður en umrædd beituúttekt átti sér stað og þar til 1. september 1931, að stefnandi kveður hann hafa látið af því starfi.

Þó stefndir hafi ekki fært fram í málinu lögfulla sönnun fyrir því, að þeir hafi frá byrjun eða gagnvart Árna sál. Filuppssyni mótmælt umræddum skuldalið, verður að áliti réttarins að telja, að þeir hafi með framangreindum vitnaframburði Friðriks Þorsteinssonar og hinum öðrum framangreindum vitnaframburðum gert nægjulega líklega þá staðhæfingu sína, að þeir hafi frá öndverðu mótmælt umræddum skuldalið í viðskiptareikningi sínum hjá stefnda (þ. e. eftir að þeim var kunnugt um færsluna) og krafizt leiðréttingar á honum, þannig að þeir verði eigi vegna slíkra vantandi mótmæla taldir hafa samþykkt kröfulið þennan eða vera skyldir til þess að greiða hann, enda hefir, eins og að framan greinir, því ekki verið haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndu hafi nokkru sinni verið sendur reikningur yfir viðskiptin.

Það hafa eigi verið færðar fram í málinu neinar sönnur fyrir því gegn mótmælum stefndu, að hið stefnda firma hafi séð um útgerð framangreindra vélbáta verzlunar A. Bjarnasen árið 1926, en stefndur Gunnar Ólafsson hefir viðurkennt, að hann hafi persónulega haft á hendi umsjón með útgerð þessari nefnt ár, en hefir eindregið mótmælt, að hann hafi þá tekið á sig nokkra ábyrgð á rekstri útgerðarinnar. Það er og viðurkennt af stefndu, að þeir hafi greitt beituúttekt hjá stefnanda fyrir umræddra báta árin 1924 og 1925, og að stefndur Gunnar Ólafsson hafi séð um sölu á fiskafla umræddra vélbáta árið 1926, sem og næstu ár á undan, en ekki verður þetta að áliti réttarins talin sönnun fyrir eða veita nægar líkur fyrir því, að hið stefnda firma hafi tekið að sér að greiða umrædda beituúttekt á árinu 1926. En vitnið Óskar Bjarnasen, sem eftir því sem upplýst er í málinu virðist hafa séð um umrædda útgerð verzlunar A. Bjarnasen, áður en stefndur Gunnar Ólafsson tók að sjá um hana, hefir borið, að eftir því sem hann bezt vissi um, hafi firmað Gunnar Ólafsson & Co enga ábyrgð borið á umræddri útgerð né séð um útgerðina, en stefndur Gunnar Ólafsson hafi séð um rekstur útgerðar þessarar árin 1924—

1926, og hafi hún þá verið rekin á ábyrgð nefndrar verzlunar og að mestu með lánsfé frá banka hér.

Að áliti réttarins hefir stefnandi því eigi fært fram í málinu nægar sönnur, gegn mótmælum stefndra, fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að hið stefnda firma hafi upphaflega lofað að greiða stefnanda framangreinda beituúttekt fyrrnefndra báta né fyrir því, að hann hafi síðar lofað eða samþykkt að greiða stefnanda beituúttekt þessa, og með því að stefnandi hefir eigi haldið fram né sannað, að stefndir hafi í raun og veru greitt stefnanda umræddan skuldalið með einhverju af þeim verðmætum, sem upplýst er í málinu, að stefnandi hefir fengið frá stefndu, eftir að umrædd beituúttekt átti sér stað, þannig að stefndir skuldi aðeins vegna síðari úttektar hjá stefnanda, verður að áliti réttarins að sýkna stefndu af framangreindum skuldakröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi hefir krafizt þess, að eftirtalin ummæli, sem stefndur Gunnar Ólafsson lét bóka í réttarhaldi í máli þessu þann 17. ágúst f. á., og sem stefnandi telur mjög meiðandi og móðgandi fyrir sig, verði dæmd dauð og ómerk, og að stefndur (G. Ó.) verði dæmdur í þyngstu sekt, sem lög leyfa, fyrir meiðyrði og ósæmilegan ritháttt:

1. „.. að allt, sem í því (þ. e. stefnunni í málinu á rskj. nr. 1) stendur og máli skiptir, er ósatt ..“
2. „að þeir, sem málið reka, vita það vel, að skuldakrafan er fölsk ..“
3. „.. fann formaður félagsstjórnarinnar ásamt hjálparmanni sínum, sem allir þekkja, og sem þó ekki er í félagsstjórn, upp á því að krefja um þessa fölsku skuld.“
4. „Ég mótmæli kröfunni, eins og áður, sem óréttmætri og falskri.“
5. „að nú taka þeir (þ. e. stefnendur) upp á því að gera dauðum manni upp orð og athafnir.“
6. „Ég endurtek það enn, að krafan er fölsk, og það meira að segja vísvitandi.“
7. „.. eins og sviksamlega hefir verið skuldað í reikning ..“
8. „þetta vita stefnendur og vel (þ. e., að stefndir hafi aldrei lofað að borga hina umþrættu skuld), þó þeir hinsvegar hafi viljað krækja í þessar krónur til þess að bæta fyrir aðrar skyzur.“

9. „að skuldakrafa sú, er hér um ræðir, sé röng, og að þeir (þ. e. stefnendur) viti, að hún er röng.“
10. „.. að ég hefi grun um og enda staðhæfi, að hún (þ. e. skuldakrafan) sé ekki réttur útdráttur úr bókunum.“

Þar eð eigi hefir verið höfðað sérstaklega mál gegn stefndum Gunnari Ólafssyni (hvorki sem sérstakt mál né sem framhaldssök í þessu máli) út af framangreindum ummælum, þá verður hann þegar af þeirri ástæðu eigi dæmdur fyrir þau samkvæmt meiðyrðalöggjöfinni, eins og stefnandi hefir krafizt, og kemur því aðeins til athugunar, hvort líta beri á ummæli þessi sem ósæmilegan rithátt, þannig að dæma beri þau dauð og ómerk eða sekta stefndan Gunnar Ólafsson fyrir þau af þeim ástæðum.

Ummælin, sem talin eru undir 1, 5 og 10 hér að framan, verða að áliti réttarins eigi talin ósæmileg, þannig að beri að dæma þau dauð og ómerk eða sekta stefnda fyrir þau, en hin tilvitnuðu ummæli undir 2—4 og 6—9 hér að framan ber að áliti réttarins að dæma dauð og ómerk og láta stefndan Gunnar Ólafsson sæta sekt fyrir þau, er þykir hæfilega ákveðin 30 krónur, er renni í bæjarsjóð Vestmannaeyjakaupstaðar, og komi þriggja daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefndir hafa krafizt þess, að eftirtalin ummæli umboðsmanns stefnanda í sóknarskjali, sem lagt hefir verið fram í málinu sem rskj. nr. 17, um stefndan Gunnar Ólafsson, verði dæmd dauð og ómerk, og umboðsmaður stefnanda, Guðm. Guðmundsson lögfr., verði dæmdur í sekt fyrir þau.

„.. að háttvirtur mótpartur (G. Ó.) hafi einhvern tíma eftir lát Árna sál. Filippussonar farið að hugsa til að smokka firma sínu undan að greiða þessa Dagsbrúnarbátaúttekt, fyrr hefir honum ekki komið það til hugar.“

Þar eð með þessum ummælum verður að telja, að dróttað sé að fyrrnefndum manni (stefndum G. Ó.), að hann hafi viljað koma firma sínu hjá að greiða skuld, sem hann hafi vitað eða álitið að væri réttmæt (þ. e. gegn betri vitund), verður að telja ummæli þessi ósæmileg, þannig að, þar eð þau hafa eigi verið réttlætt, ber að dæma þau dauð og ómerk, en eigi eru þau þó þannig vaxin, að næg ástæða þyki til að sekta fyrir þau.

Samkvæmt framangreindum úrslitum ber að áliti réttar-

ins að dæma stefnanda til þess að greiða stefndum málskostnað í máli þessu, er þykir hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Dómur hefir ekki verið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú vegna anna dómarans, enda málið talsvert umfangsmikið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Gunnar Ólafsson, Jóhann Þ. Jósefsson og Sig. Gunnarsson f. h. firmans Gunnar Ólafsson & Co, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Ólafs Auðunssonar f. h. Ísfélags Vestmannaeyja h/f, í máli þessu.

Framangreind ummæli stefnds Gunnars Ólafssonar skulu dauð og ómerk, og greiði hann (G. Ó.) 30 króna sekt til bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar, og komi 3ja daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli umboðsm. stefnanda, Guðm. Guðmundssonar lögfr., skulu vera dauð og ómerk.

Stefnandi, Ólafur Auðunsson f. h. Ísfélags Vestmannaeyja h/f, greiði stefndu 100 krónur í málskostnað innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. febrúar 1938.

Nr. 81/1937. **Réttvísin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Hannesi Hanssyni og
Ögmundi Friðriki Hannessyni
(Eggert Claessen).

Ólögleg meðferð fundins fjár.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Það er sannað með játningu ákærða Ögmundar Friðriks Hannessonar og skýrslum vitna, að þann

4. apríl 1936 dró hann innbyrðis á v/b „Vinur“ V. E. 17, sem var eign föður hans, meðákærða Hannesar Hanssonar, 7 net tilheyrandi v/b „Von“ V. E. 279. Skar hann og lét skera merkta steina af 4 netja þessara og skeytti þeim í netjatrossu föður síns í þeim tilgangi, að þau yrðu hans eign. En þremur af netjum þessum skilaði faðir hans eiganda þeirra daginn eftir. Ennfremur er það með sama hætti sannað, að ákærði Ögmundur dró þann 19. apríl 1936 innbyrðis í áðurnefndan bát föður síns 5—6 net tilheyrandi v/b „Geir goði“ V. E. 10 og fór með þau á sama hátt sem netin 4 frá v/b „Von“. Hvorug netja þessara lágu við dufl eða annað merki. Með þessum verknaði sínum hefir ákærði Ögmundur gerzt sekur við 249. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 25 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Það er ekki sannað, að ákærði Hannes Hansson, sem var formaður á v/b „Vinur“ og í róðri þann 4. apríl 1936, hafi þá fengið vitneskju um meðferð meðákærða Ögmundar á netjunum 4, sem áður getur. Ennfremur má telja það sannað, að ákærði Hannes hafi verið í landi sakir sjúkleika þann 19. apríl 1936, er ákærði Ögmundur dró inn netin frá v/b „Geir goði“. Verður ákærði Hannes því ekki gerður ábyrgur til refsingar um meðferð ákærða Ögmundar á netjunum. Hinsvegar hefir ákærði Hannes játað það, að honum hafi síðar, er hann athugaði net sín, orðið það ljóst, að meðal þeirra hafi verið net, er hann ekki átti. Hagnýtti hann sér þó þessi net án þess að lýsa þeim eða gera að öðru leyti gangskör að því, að þau kæmust til réttra eigenda, sem honum bar þó skylda til. Með þessum hætti

hefir ákærði Hannes einnig gerzt sekur við 249. gr. almennra hegningarlaga.

Þá er ákærði Hannes loks dæmdur til refsingar í hinum áfrýjaða dómi fyrir aðtekt á segli einu tilheyrandi vélbát einum, er „Stakkur" nefnist. Vorið 1931 var bátur þessi, ásamt húseign einni, „Sævarbrún" nefndri, og v/b „Undínu", sem nú heitir „Vinur" V. E. 17, meðal eigna dánarbús nokkurs í Vestmannaeyjum. V/b „Úndína" og húseignin sýnast hafa verið lagðar útibúi Útvegsbankans í Vestmannaeyjum út sem ófullnægðum vaðhafa á uppboði 5. eða 6. júní 1931, og v/b „Stakkur" virðist og um sama leyti hafa verið útlagður öðrum veðhafa með sama hætti. Skömmu áður, 29. maí 1931, samdi ákærði Hannes við téð útibú um kaup á húseigninni og v/b „Undína", og sýnast þau kaup hafa fullgerzt eftir uppboðið. Þegar uppboðið var haldið, var framannefnt segl í húsinu, og tjáist ákærði þá hafa spurt uppboðshaldara, hvort það skyldi selja, en hann hafi svarað neitandi, því að það „fylgdi bátnum". Tjáist ákærði hafa skilið þetta svo, að seglið fylgdi v/b „Undína", enda hafi ekkert annað nothæft segl verið þar í húsinu. Uppboðshaldarinn, sem aðeins hefir verið spurður utanréttar um þetta, kveðst ekkert muna um atvik þetta, og forstjóri útibúsins tjáist ekki hafa heimilað ákærða seglið. Hins vegar hefir eigandi v/b „Stakks", er síðar varð, alls ekki gert tilkall til seglsins. Seglið reyndist of lítið á v/b „„Undina", og létu menn ákærða, að því er virðist, sumarið 1931 stækka það, meðan ákærði lá sjúkur á spítala þar í Eyjunum. Og sést ekki, að seglmáli þessu hafi verið hreyft til opinberrar rannsóknar fyrr en nálægt 5 árum síðar, er þetta mál hófst. Það verður ekki talið, að næg gögn séu fram komin fyrir

því, að ákærði hafi lagt eign sína á seglið gegn vitund um annars manns betri rétt til þess, og verður því að sýkna hann af þessu kæruatriði.

Fyrir meðferð sína á netjum þeim 9 eða 10, sem ekki var skilað og að framan er lýst, þykir refsing ákærða Hannesar með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna og því, að hann sat í gæzluvarðhaldi frá 23. maí 1936 til 6. júlí s. á., hæfilega ákveðin 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Framkvæmd refsingar beggja hinna ákærðu þykir mega fresta og niður skal refsing hvors hinna ákærðu falla að 5 árum liðnum, ef hann heldur skilorð laga nr. 39/1907.

Eins og fyrr var sagt, voru net þau af v/b „Von", sem ekki var skilað, 4. Er hvert þeirra talið 50 króna virði. Verður því að færa skaðabótakröfu Vigfúsar Jónssonar á hendur ákærða Hannesi niður í 200 krónur.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað þykir mega staðfesta. Svo verður og að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Hannes Hansson og Ögmundur Friðrik Hannesson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, hinn fyrrnefndi 15 daga og hinn síðarnefndi 25 daga, en fresta skal framkvæmd refsingar hvors þeirra og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef hann heldur skilorð laga nr. 39/1907.

Ákærði Hannes Hansson greiði 200 krónur í skaðabætur til Vigfúsar Jónssonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins á að vera óraskað. Hinir ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Eggerts Claessen, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 8. apríl 1937.

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar gegn þeim Hannesi Hanssyni útvegsmanni, til heimilis Urðaveg 17 hér í bænum, og Ögmundi Friðrik Hannessyni sjómanni, til heimilis s. st., fyrir brot gegn 23. kapitula og 25. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og ennfremur gegn ákærðum Hannesi Hanssyni fyrir brot gegn 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga.

Málavextir eru sem hér segir:

Það er upplýst í máli þessu með framburði hinna ákærðu og með framburði vitna, að snemma í s. l. aprílmánuði, en ekki upplýst hvaða dag, en af ákærðum talið hafa verið þann 4. apríl f. á., er v/b Vinur V. E. 17, eign Hannesar Hanssonar, og sem hann var þá skipstjóri á, var í fiskróðri og var að draga þorskanet sín, voru dregin um borð í bátinn þorskanet, sem sást af merkjum á, að tilheyrðu v/b Von V. E. 279. En net þau, sem skipshöfnin á v/b Vin var þá að draga, höfðu verið slædd upp, þar eð þau voru hluti af netatrossu, sem hafði slitnað frá aðaltrossunni, er byrjað var að draga hana. Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson var þá háseti á v/b Vin og var við vindu þá, sem netin voru dregin á. Net þau frá v/b Von, sem þannig komu

þá upp, flækt saman við net ákærða, voru hluti af netatrossu, sem slitnað hafði frá trossu v/b Von nokkrum dögum áður, er verið var að draga trossuna, og var stjóri á öðrum enda trossunnar (þeim endanum, sem ekki kom upp, er netin voru dregin), og vegna þess, svo og vegna þess, að bátur ákærðs var hlaðinn, var trossuhluti þessi ekki dreginn allur um borð í v/b Vin, en það, sem eftir var af trossunni í sjó, er dregið hafði verið þannig af trossunni, að bein uppistaða var frá stjóra, það sem eftir var af netunum í sjó, var það (sic) skorið frá og dufl sett á það, og var steinateinn af neti eða netum, sem dregin höfðu verið, notaður sem sem duflfæri. Skipshöfnin á v/b Von náði síðar upp því, sem skilið hafði verið eftir af trossunni, og reyndist það vera 3 net. Sama daginn og umrædd net voru dregin um borð í v/b Vin, skiluðu ákærðir til eigenda v/b Vonar, Vigfúsar Jónssonar útgerðarmanns, þrem netum eftir því sem Vigfús hefir borið. En formaðurinn á v/b Von, Guðmundur Vigfússon, hefir borið, að það hafi aðeins verið 2—2½ net. Hann kveðst þó ekki hafa athugað það sjálfur, heldur netamenn hans, en þeir voru farnir úr bænum, er rannsókn málsins fór fram, og voru þeir því ekki yfirheyrðir um þetta. Framburður ákærða Ögmundar Friðriks Hannessonar er í samræmi við þennan framburð vitnisins, en ákærður Hannes Hansson heldur fram, að skilað hafi verið þrem netum.

Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson hefir játað, að auk þeirra neta, sem þannig var skilað til eigandans, hafi við umrætt tækifæri verið dregin um borð í v/b Vin net, sem ekki hafi verið skilað, og sem hann hefir játað að hafa skorið og látið skera steinana af vegna þess, að þeir voru merktir, og látið setja nýja steina á þau og bætt þeim í netatrossu föður síns, ákærðs Hannesar Hanssonar, og lagt þau með netum hans. Hann hefir og játað, að það hafi verið ætlun hans að taka net þessi endanlega til notkunar án þess að skila þeim til eigandans. Hann kveðst ekki muna fyrir víst, hve mörg net þau voru, sem hann tók þannig til notkunar, en heldur fram, að sig minni, að þau hafi verið 2—3. 3 menn, sem voru hásetar á v/b Vin á umræddum tíma, þeir Freymundur Fannberg Jóhannsson, Stefán Þorbjörnsson og Anton Guðjónsson, hafa borið sem vitni í málinu, að 7 net alls hafi verið dregin um borð í bátinn við umrætt

tækifæri, og hafi þrem netum verið skilað, en 4 tekin til notkunar af ákærðum. En vitnið Kristinn Júlíus Jóhannsson, sem var stýrimaður á v/b Vin á umræddum tíma, og sem einnig hefir borið, að umrædd net hafi verið dregin um borð í v/b Vin, gat ekki sagt um, hve mörg netin voru. En eigandi v/b Vonar, fyrrnefndur Vigfús Jónsson, og skipstjórinn á v/b Von, Guðmundur Vigfússon, telja, að net þau, sem tekin voru til notkunar á v/b Vin, hafi verið 5, þar eð af trossu þeirri, sem þau voru úr, hafi alls verið ódregið, er hún slitnaði í sundur, 11 net, en þar af hafi verið skilað 2—3 netum, en vitnið Guðmundur Vigfússon hefir borið, að er hann náði upp þeim hluta trossunnar, sem ákærðir skildu eftir í sjó, hafi það reynzt vera 2½ net. Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson fortekur ekki, að net þessi hafi verið 4, og eftir því sem upplýst er í málinu, verður að telja sannað, að net þessi hafi ekki verið færri en 4.

Þá hefir ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson og játað, að um miðjan aprílmánuð f. á., er hann var í fiskiróðri á m/b Vin að draga þorskanet föður síns inn í bátinn, hafi komið upp með þeim 5—6 þorskanet, sem ekki tilheyrðu þeim bát (það er, voru ekki eign ákærðs Hannesar Hanssonar), og hafi steinarnir á þeim verið merktir með tölunni „10“, og kveðst ákærður því hafa gert ráð fyrir, að þau væru frá v/b Geir goða V. E. 10.

Ákærður (Ö. F. H.) hefir játað að hafa dregið öll þessi net um borð í v/b Vin, skipt um steina á þeim til þess að þau þekktust ekki og því næst lagt þau með netum föður síns, og hafi aðrir skipsmenn aðstoðað hann við þetta. Hann hefir og játað, að það hafi verið ætlun hans að taka net þessi endanlega til notkunar án þess að skila þeim til eiganda þeirra.

Þessar játningar ákærðs Ö. F. H. koma heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Ákærður Hannes Hansson hefir borið, að hann hafi sjálfur skilað Vigfúsi Jónssyni þeim netum, sem honum var skilað við umrætt tækifæri, og hefir hann eindregið haldið fram, að hann hafi þá ekki orðið var við eða vitað um, að meira af netum frá v/b Von hefði verið dregið um borð í bát hans en þau, sem hann skilaði þannig, og sem hann heldur fram, að hafi verið 3 net heil og auk þess kúluteinn

og riðill af neti eða netum, sem steinateinarnir hafi verið skornir af til þess að nota hann sem duflfæri á það, sem skilið var eftir í sjó af umræddum netum. En hann hefir játað, að hann hafi daginn eftir, er sú netatrossa hans, sem var á þeim slóðum, sem netin frá v/b Von voru dregin, var dregin, hafi hann orðið þess var, að í henni voru net, sem hann átti ekki, og hafi þau verið í miðri trossu hans, sem hafði slitnað daginn áður. Hann kveðst hafa talið víst, að net þessi væru af netum þeim, sem daginn áður höfðu verið dregin um borð í v/b Vin, og kveður sér hafa virzt net þau, sem þannig voru komin í trossu hans, og sem hann átti ekki, vera 3, en hann kveðst ekki hafa athugað það nákvæmlega og kveður vel mega vera, að þau hafi verið 4. Hann hefir og játað að hafa notað net þessi framvegis og ekki sagt eiganda þeirra frá þeim og hefir kannazt við, að skipstjórinn á v/b Von hafi einu sinni átt tal um þetta við hann á þann hátt, að hann hafi heyrt á formanninum, að hann gerði ráð fyrir, að ákærður hefði ef til vill dregið meira af umræddum netum en hann hafi skilað. Hann hefir eindregið neitað, að hann hafi gefið nokkrar fyrirskipanir um, að net þessi skyldu tekin til notkunar á bát hans, eða að það hafi verið gert í samráði við hann. Hann heldur og fram, að hann muni ekki eftir að hafa átt nokkurt tal um þetta við skipsmenn sína, hvorki meðákærðan Ögmund Friðrik né aðra, eftir að hann varð netanna var, en kveður vel mega vera, að hann hafi talað eitthvað um þetta við þá eða einhverja þeirra.

Að því er framangreind net frá Geir goða v/b snertir, þá hefir Hannes Hansson eindregið haldið því fram, að hann hafi ekki vitað um, er þau voru dregin um borð í bát hans. Hann kveðst ekki hafa farið sjálfur með í einn fiskróður, sem bátur hans fór í, um það leyti, sem upplýst er, að net þessi voru dregin um borð í bát hans, en hafi verið í landi vegna veikinda og heldur fram, að þau hljóti að hafa verið dregin þann dag, sem hann var þannig ekki á bátnum sjálfur. Hann kveður sér hafa virzt, eftir að hann hafði þannig verið í landi einn róður, að mundu vera net í einni trossu hans, sem hann ætti ekki, þannig að honum hafi virzt vera meira af netum með kúluteinum með kaðli en eðlilegt var, miðað við það, sem hann hafði áður átt af slíkum netum, en hann kveðst hafa átt lítið af slíkum net-

um. Hann heldur fram, að hann hafi þó ekki athugað, hve mikið af slíkum netum var á meðal neta hans um fram það, sem hann átti sjálfur, og hefir eindregið haldið fram, að hann hafi ekki talað um þetta við neinn af skipshöfn sinni, hvorki ákærðan Ögmund Friðrik né aðra. En hann hefir játað, að honum hafi verið ljóst, að net þau, sem honum virtust þannig á umræddum tíma vera í trossu hans, og sem hann ætti ekki sjálfur, mundu vera til komin á einhvern slíkan hátt sem nú er upplýst um með framburði ákærðs Ögmundar Friðriks og framburðum vitna.

Að því er framangreind net frá v/b Von snertir, þá hefir ákærður Ögmundur Friðrik haldið því fram, að það hafi ekki verið eftir neinni fyrirskipun frá ákærðum Hannesi né í samráði við hann, að hann tók net þessi til notkunar, og að hann hafi ekki átt neitt tal um þetta við ákærðan Hannes áður en hann gerði það né eftir það, svo hann muni eftir.

Vitnið Stefán Þorbjörnsson, sem var háseti á v/b Vin á umræddum tíma, hefir borið, að hann hafi ekki heyrt ákærðan Hannes gefa neinar sérstakar fyrirskipanir um að skera steinana af netum þessum, en samkvæmt framburði vitnis þessa hefir vitnið álitið, að ákærður Hannes hafi látið skipta um steina á netunum og leggja þau með sínum netum, og hefir borið, að ákærður hafi látið á sér heyra, að hann ætlaði að halda netum þessum framvegis og skila þeim ekki, og að hann hafi haft orð á því, að net þessi hafi hvort eð var verið töpuð eiganda þeirra. Vitni þetta fór héðan frá Vestmannaeyjum strax, er það hafði verið yfirheyrt í máli þessu, og varð það því eigi samprófað við ákærðan né látið staðfesta framburð sinn með eiði.

Vitnið Freymundur Fannberg Jóhannsson, sem einnig var háseti á umræddum vélbát ákærðs, hefir borið, að hann hafi ekki heyrt ákærðan Hannes Hansson gefa neinar fyrirskipanir um að skipta um steina á netum þessum eða taka þau til notkunar, og kveðst ekki hafa heyrt hann tala neitt um net þessi við ákærðan Ögmund Friðrik né aðra, hvorki er netin voru tekin til notkunar né síðar, en ákærður Ögmundur Friðrik hafi kallað á hann og aðra háseta á bátnum til þess að greiða net þessi og skipta um steina á þeim eftir að þau höfðu verið dregin um borð í bátinn, en vitnið

kveðst hafa talið víst, að þetta væri eftir skipun ákærðs Hannesar.

Vitnið Anton Júlíus Guðjónsson hefir og borið, að hann muni ekki eftir að hafa heyrt ákærðan Hannes Hansson gefa neinar fyrirskipanir um að skipta um steina á þessum netum eða taka þau í notkun, né muna eftir, hver skipaði fyrir um það, en ákærður Ögmundur Friðrik hafi unnið að því, ásamt öðrum hásetum á bátnum, að greiða netin og skipta um steina á þeim, og kveðst vitnið hafa talið víst, að þetta væri eftir fyrirlagi ákærðs Hannesar Hanssonar.

Vitnið Kristinn Júlíus Jóhannsson hefir og borið. að hann muni ekki eftir að hafa heyrt ákærðan Hannes Hansson gefa neinar fyrirskipanir um að skipta um steina á netum þessum eða taka þau í notkun, en kveðst hafa álitið, að hann stjórnaði þessu í raun og veru.

Vitnið Óskar Jónsson, sem var háseti á v/b Vin á umræddum tíma, hefir borið, að hann hafi ekki vitað um, að umrædd net frá v/b Von voru tekin til notkunar á v/b Vin né um neitt í sambandi við það.

Einar Kjartan Trausti Hannesson, sonur ákærðs, sem var háseti á v/b Vin á umræddum tíma, hefir borið, að hann hafi vitað um, að umrædd net voru dregin um borð í v/b Vin, en hann kveðst ekki hafa heyrt ákærðu tala neitt um net þessi, hvorki saman né hvorn fyrir sig, við aðra.

Með því, sem þannig er upplýst í málinu, verður eigi talið sannað, að það hafi verið eftir fyrirlagi ákærðs Hannesar Hanssonar, né með hans vitund, að skipt var um steina á netum þessum eða að þau voru upphaflega tekin í notkun.

Að því er snertir framangreind net frá v/b Geir goða, þá er það upplýst með framburði skipstjórans á þeim bát, Óskars Gíslasonar, að bátur þessi tapaði 5 nýjum þorskanetum þann 18. apríl f. á., en vitni þetta kveður engin önnur net hafa tapazt frá þeim bát á þeirri vertíð, og hafi net þessi tapazt úr trossu, sem byrjað var að draga, vegna þess að skipshöfnin á öðrum vélbát hafi skorið trossuna sundur vegna þess að hún lá yfir netum þess báts, og hafi einnig komið í ljós, að trossan hafi verið skorin í sundur á öðrum stað nær þeim enda, sem ekki var byrjað að draga. Það verður því að telja, að net þau, sem töpuðust frá nefndum bát á þennan hátt fyrrnefndan dag, hafi verið sömu

netin og framangreind net, sem dregin voru um borð í v/b Vin, merkt þeim bát.

Ákærður Ögmundur Friðrik hefir eindregið haldið því fram, að ákærður Hannes hafi ekki verið um borð í v/b Vin, er umrædd net frá v/b Geir goða voru dregin um borð í v/b Vin, og hafi hann þá verið í landi vegna veikinda. Hann hefir og eindregið haldið því fram, að hann hafi aldrei sagt ákærða Hannesi frá netum þessum, og þeir hafi aldrei átt neitt tal um þetta saman.

Fyrrnefndur Einar Kjartan Trausti Hannesson hefir og borið, að ákærður Hannes hafi ekki verið um borð í v/b Vin, er net þessi voru dregin um borð í bátinn.

Vitnið Anton J. Guðjónsson var ekki á v/b Vin á þeim tíma, sem upplýst er, að net þessi voru dregin um borð í þann bát, og gat ekkert um þetta borið.

Vitnið Óskar Jónsson hefir borið, að ákærður hafi ekki verið um borð í v/b Vin, er net þessi voru dregin um borð í þann bát.

Vitnið Stefán Þorbjörnsson hefir borið, að ákærður Hannes Hansson hafi dregið eða látið draga net þessi um borð í v/b Vin, og látið skipta um steina á þeim og notað þau því næst með sínum eigin netum til fiskveiða, en vitni þetta hefir, eins og að framan greinir, ekki verið yfirheyrt eftir að ákærðir voru yfirheyrðir í málinu né samprófað við þá vegna þess, að ekki náðist til vitnisins til þess.

Vitnið Freymundur Fannberg Jóhannsson hefir borið, að hann minni eindregið, að ákærður Hannes Hansson hafi verið með í öllum fiskiróðrum, sem v/b Vinur fór í á umræddri vertíð, þar á meðal þeim róðri, er umrædd net voru dregin um borð í v/b Vin, án þess þó hann myndi sérstaklega eftir því, að ákærður væri með í þeim róðri, en hann kveðst þó ekki geta alveg fullyrt, að ákærður hafi verið með í öllum róðrum á vertíð þessari, og hann kveðst ekki muna eftir að hafa heyrt ákærðan H. H. gefa neinar fyrirskipanir um að taka net þessi í notkun, né tala neitt um þau, né að hann ynni neitt að því að greiða net þessi né skipta um steina á þeim, er þau voru tekin í notkun, eftir að þau voru dregin um borð í v/b Vin.

Vitnið Kristinn Júlíus Jóhannsson bar, er hann var upphaflega yfirheyrður í máli þessu, að ákærður Hannes Hans-

son hafi verið með í róðri þeim, er net þessi voru dregin um borð í v/b Vin, og kveðst muna sérstaklega eftir því, en er vitni þetta var samprófað við ákærðan, bar það, að sig minnti eindregið, að ákærður hafi verið með í róðri þessum, en kveðst ekki geta alveg fullyrt það, þannig að hann treysti sér til þess að staðfesta slíkan framburð með eiði sínum, og kveðst ekki vita um, hvort ákærður H. H. skipaði nokkuð fyrir um, að net þessi skyldu tekin í notkun.

Ákærður H. H. hefir borið, að héraðslæknirinn, Ólafur Ó. Lárusson, hafi komið til hans dag þann, er hann (ákærður) hafi verið þannig í landi vegna veikinda, og sem hann telur hafa verið sama daginn og netin frá v/b Geir goða voru dregin um borð í bát hans, og hefir verið leitað upplýsinga hjá héraðslæknum viðvíkjandi þessu, og hefir verið lagt fram í málinu vottorð frá honum viðvíkjandi þessu. Hann (héraðslæknirinn) kveðst ekki hafa fært sjúkravitjun þessa í dagbók sína, og því ekki geta borið um, hvaða dag það var, en kveður það hafa verið í aprílmánuði f. á., og hafi ákærður þá legið rúmfastur, og einnig hefir verið lagður fram í málinu reikningur frá héraðslæknum til ákærðs fyrir læknishjálp, veitta ákærðum, og er reikningur þessi dagsettur þann 19. apríl f. á., og gerir læknir ráð fyrir, að reikningur þessi hafi verið ritaður og dagsettur sama daginn og læknishjálpin var veitt, þar eð læknishjálpin var ekki færð í dagbók, en samkvæmt framangreindum framburði Óskars Gíslasonar er líklegt, að netin frá v/b Geir goða hafi einmitt verið dregin um borð í v/b Vin nefndan dag (þ. e. 19. apríl). Þar eð þannig er sannað með vottorði héraðslæknisins, að ákærður lá rúmfastur, er læknirinn vitjaði hans, virðist varla geta verið, að ákærður hafi farið í fiskróður þann dag, og styður þetta framburð ákærðs o. fl. um, að ákærður hafi ekki verið um borð í v/b Vin, er netin frá v/b Geir goða voru dregin um borð í v/b Vin, og eftir því, sem upplýst er í málinu, þykir verða að leggja til grundvallar framburð ákærðs o. fl. um, að hann hafi ekki verið um borð í v/b Vin við umrætt tækifæri.

Við rannsókn máls þessa upplýstist, að eftir að ákærður hafði keypt v/b Vin (sem áður hét Undina), en hann keypti bát þennan af útibúi Útvegsbanka Íslands h/f hér í bænum vorið 1931, var tekið til notkunar á bát þessum segl (framsegl), sem áður hafði fylgt öðrum vélbát, en sem var

geymt í fiskhúsi, sem ákærður keypti á sama tíma og bát þennan.

Ákærður kveðst hafa keypt vélbát þennan og fiskhús af Útvegsbankanum samkv. samningi dags. þann 29. maí 1931, en þá hafði verið ákveðið, að bankinn keypti eignir þessar af þrotabúi Soffíu Þórðardóttur, kaupkonu hér í bænum, í júnímánuði s. á., og hafi segl þetta þá verið í fiskhúsinu, ásamt öðru segli, sem hafi verið lélegt og sem hann hafi tekið til notkunar í sambandi við fiskverkun sem fiskábreiðu.

Segl það, sem ákærður tók þannig til notkunar sem framsegl á v/b Vin, var of lítið sem framsegl á þann bát, og var því aukið við það, bæði lengd þess og breidd, og samkvæmt framburði manns þess, sem jók við seglið, var það stærra en svo, að það gæti hafa verið aftursegl á v/b Vin, en aftursegl fylgdi bát þessum þá ekki, en samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, verður að telja líklegt, að segl það, sem ákærður tók til notkunar sem fiskábreiðu, hafi verið notað sem aftursegl á v/b Vin.

Ákærður hefir játað, að sýnilegt hafi verið, að segl þetta hafi ekki verið notað áður á v/b Vin, og að það muni áður hafa fylgt v/b Stakk, sem framangreint þrotabú átti einnig, og hefir hann og kannazt við, að honum hafi verið kunnugt um, að þrotabú þetta hafði átt v/b Stakk, sem var minni en v/b Vinur, og að framangreint fiskhús, sem seglið var í, hafi einnig verið notað í sambandi við útgerð þess báts. En v/b Stakkur var vorið 1931 lagður útibúi Landsbanka Íslands á Selfossi út til eignar sem ófullnægðum veðhafa, og var báturinn því næst sendur til Reykjavíkur, og samkvæmt framburði Sigurðar Ásgeirs Gunnarssonar kaupmanns, sem mætti fyrir bankans hönd á uppboði því, sem haldið var á bátnum, vantaði segl á bátinn, er hann var sendur til Reykjavíkur, og fékkst ekkert segl með honum, en vitni þetta kveðst ekki muna sérstaklega eftir, að hann hafi spurt ákærðan um segl þetta eða hvort það væri í framangreindu fiskhúsi, en gerir ráð fyrir, að svo hafi verið. Vitnið kveðst hafa tilkynnt bankanum, að seglið vantaði, en bankinn hafi ekki gert neinar sérstakar kröfur út af því, og hafi vitnið því ekki aðhafzt neitt frekar út af þessu.

Ákærður hefir játað, að Sigurður Á. Gunnarsson hafi átt tal við hann viðvíkjandi segli þessu eftir að seglið hafði

verið sett á v/b Vin, og haldið fram, að það væri „seglið af v/b Stakk", en heldur fram, að S. Á. G. hafi ekki, né neinn annar, gert neina kröfu til segls þessa. Þá hefir ákærður og haldið því fram, að hann hafi upphaflega álitið, að segl þetta fylgdi v/b Vin í kaupunum, eða að honum mundi heimilt að nota það á þeim bát, og heldur fram í því sambandi, að er uppboð var haldið í framangreindu fiskhúsi og selt ýmislegt lausafé, tilheyrandi framangreindu þrotabúi, vorið 1931, hafi hann spurt uppboðshaldarann, hvort ætti að selja umrætt segl á því uppboði, og hafi uppboðshaldari sagt, að það yrði ekki gert, því seglið „fylgdi bátnum". Þá hefir hann og haldið því fram, að hann minni, að hann hafi, áður en hann tók segl þetta í notkun, spurt framkvæmdarstjóra framannefnds bankaútibús um, hvort hann mundi mega nota umrætt segl á v/b Vin, og að bankastjórinn hafi álitið, að það mundi mega, án þess þó að athuga seglið nokkuð, en ákærður hefir þó ekki fullyrt neitt um þetta.

Samkvæmt upplýsingum, sem fengnar hafa verið frá framangreindum uppboðshaldara, og um getur í prófum málsins, kveðst hann ekki muna eftir slíku samtali við ákærðan, en kveðst muna eftir segli, sem verið hafi í framangreindu fiskhúsi, er framangreint uppboð fór fram, og sem lagt hafi verið fyrir hann að selja ekki vegna þess að það fylgdi v/b Stakk. Framangreindur bankastjóri, Haraldur Viggó Björnsson, hefir borið, að hann muni alls ekki eftir, að ákærður hafi talað við hann um umrætt segl, og fullyrðir, að hann hafi ekki leyft ákærðum að nota segl þetta á v/b Vin, og kveðst ekki hefði gert slíkt, nema því aðeins, að hann hefði fullvissað sig um, að seglið hefði í raun og veru fylgt þeim bát og væri eign bankans, en hann kveðst aldrei hafa komið í framangreint fiskhús eða athugað, hvort eða hvaða segl fylgdi bátnum, kveðst hafa gert ráð fyrir, að segl fylgdu bátnum, en kveðst hinsvegar aðeins hafa selt ákærðum bátinn í því ástandi og ásamt því, sem fylgdi honum, er bankinn keypti hann eða fékk hann útlagðan til eignar úr þrotabúi frú Soffíu Þórðardóttur.

Ákærður hélt upphaflega fram við rannsókn málsins, að umrætt segl hafi ekki verið borið við bátinn né aukið við það fyrr en í októbermánuði 1931, en með vitnaframburði manns þess, Guðmundar Gunnarssonar seglasaumara, sem jók við seglið, og sem ákærður hefir viðurkennt rétt-

an, er það upplýst, að hann (vitnið) vann að því dagana frá 26. júní til 11. júlí 1931 að auka við seglið, og hefir vitnið borið þetta samkvæmt vinnubókum sínum.

Ákærður kveðst þá hafa legið á sjúkrahúsi hér í bænum vegna fótbrots, og er upplýst í málinu, að ákærður lá þannig á sjúkrahúsi frá 3. júní til 28. júlí 1931. Og heldur ákærður fram, að hann muni ekki eftir að hafa sjálfur beðið Guðmund Gunnarsson um að auka við seglið né að hafa beðið aðra um að láta gera það, en kveður vel mega vera, að einhver hafi í samráði við hann beðið Guðmund um að auka við seglið, og kveður varla geta verið um aðra að ræða í því sambandi en syni hans, ákærðan Ögmund eða Einar. Vitnið Guðmundur Gunnarsson man ekki, hver bað hann um að auka við seglið, en hefir borið, að hann hafi tekið við seglinu í framangreindu fiskhúsi, og að tveir synir ákærða hafi þá verið þar viðstaddir, en man ekki, hverir, en samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, virðist ekki geta hafa verið um aðra syni hans að ræða en Ögmund og Einar, en Einar hefir borið, að hann muni ekki eftir neinu viðvíkjandi þessu, en ákærður Ögmundur Friðrik hefir borið, að Guðmundur Gunnarsson hafi tekið við seglinu í framangreindu fiskhúsi að honum (ákærðum) viðstöddum, en kveðst ekki muna sérstaklega eftir að hafa sérstaklega afhent Guðmundi seglið né beðið hann um að auka við það (né vita um, að annar hafi beðið hann um það), en gerir ráð fyrir, að hann sjálfur eða einhver, sem vann hjá föður hans, muni hafa beðið Guðmund um að auka við seglið.

Vitnið Guðmundur Gunnarsson hefir, auk þess sem að framan greinir, borið, að hann hafi eftir að hann fékk umrætt segl afhent til viðgerðar, farið til ákærðs, þar sem hann lá á sjúkrahúsinu, og talað við hann vegna viðgerðar þessarar, og sagt honum, að það þyrfti að auka við seglið til þess, að það yrði nothæft á v/b Vin, og hafi ákærður sagt honum, hvar hann skyldi taka út efni til viðgerðar og aukningar seglsins, en ákærður hafi annars lítið um þetta talað, þar eð hann hafi verið mikið veikur, og man vitnið ekki, hvort nokkuð kom fram í því samtali um, hvort ákærður hafi áður vitað, að þurfti að auka við seglið.

Ákærður hefir borið, að hann muni ekki eftir þessu samtali við vitnið, en kveðst ekki véfengja framburð vitnisins um þetta.

Frekari upplýsingar en að framan greinir hafa ekki fengizt í málinu viðvíkjandi því, hver átti upphaflega frumkvæðið að því, að aukið var við umrætt segl til þess að nota það á v/b Vin.

Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson hefir að áliti réttarins með framangreindu framferði sínu viðvíkjandi framangreindum netum frá v/b Von og v/b Geir goða brotið gegn 250. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, þar á meðal með framangreindum játningum ákærðs Hannesar Hanssonar, hefir hann að áliti réttarins brotið gegn sömu lagagrein með framferði sínu viðvíkjandi netum þessum.

Að því er snertir framangreint segl, þá benda allar líkur til þess, að ákærður Hannes Hansson hafi sjálfur tekið hina upphaflegu ákvörðun um, að við það skyldi aukið til þess að taka það til notkunar á v/b Vin, enda voru framangreindir synir hans, sem þá unnu hjá honum, mjög ungir menn (þ. e. annar innan við tvítugt og hinn um tvítugt), og þar eð verður að telja nægjanlega sannað, enda viðurkennt af ákærðum, að segl þetta hafi ekki fylgt eða átt að fylgja v/b Vin, þá verður að áliti réttarins að telja, að þó svo kynni að vera, að ákærður hafi ekki upphaflega stjórnað því, að aukið var við umrætt segl og ráðstafanir gerðar til þess að taka það til notkunar á v/b Vin, þá hafi hann með því, sem upplýst er, þar á meðal með eigin játningu hans um framferði hans viðvíkjandi framangreindu segli, brotið gegn 250 gr. hinna almennu hegningarlaga.

Ákærður Hannes Hansson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 5. nóvember 1891. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 23. maí til 6. júní f. á. Hann var þann 2. nóv. 1932 sektaður um 75 krónur í lögreglurétti Vestmannaeyja fyrir ölvun og óspektir á almannafæri, og þann 24. desember s. á. var hann í sama rétti sektaður um 100 krónur fyrir samskonar brot og þann 21. marz 1933 var hann sektaður í sama rétti um 25 krónur fyrir brot gegn fiskveiðasamþykkt Vestmannaeyja, en hefir annars ekki sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, er hann hefir unnið til með framangreindu framferði sínu, þykir eftir atvikum og með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson er kominn yfir

lögaldur sakamanna, fæddur þann 16. marz 1911. Hann var þann 24. desember 1932 sektaður um 75 krónur í lögregluréttí Vestmannaeyja fyrir ölvun og óspektir á almannafæri, en hefir annars ekki sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, sem hann hefir unnið til með framangreindu framferði sínu, þykir eftir atvikum og með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga hæfilega ákveðin 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en með tilliti til ungs aldurs ákærðs, sem ekki hefir áður sætt refsingu fyrir brot gegn hinum almennu hegningarlögum eða viðauka við þau, þykir mega ákveða að framkvæmd refsingarinnar skuli fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 10. nóvember 1907 eru haldin.

Framannefndur Vigfús Jónsson hefir krafizt þess, að ákærður Hannes Hansson verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 250.00 í skaðabætur fyrir framangreind net, og hefir ákærður engum andmælum hreyft við þeirri kröfu, en hefir lýst því yfir, að hann hefði ekkert við hana að athuga, og ber því þegar af þeirri ástæðu að taka skaðabótakröfu þessa til greina að öllu leyti, þó skipaður talsmaður ákærðs hafi síðar andmælt kröfu þessari.

Þá ber að dæma ákærðan Hannes Hansson til þess að greiða málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans í málinu, B. P. Kalmans hrm., er þykja hæfilega ákveðin kr. 120.00, og til að greiða kostnað við gæzluvarðhald sitt. Allan annan kostnað sakarinnar ber að dæma hina ákærðu báða til að greiða in solidum.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Hannes Hansson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga.

Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga, en framkvæmd refsingar hans skal fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907 eru haldin.

Ákærður Hannes Hansson greiði Vigfúsi Jónssyni kr. 250.00 í skaðabætur innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði og skipuðum tals-

manni sínum í málinu, Birni P. Kalman hrm., kr. 120.00 í málsvarnarlaun, svo og gæzluvarðshaldskostnað sinn. Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúar 1938.

Nr. 46/1937. **Guðmundur Jónasson** (Sjálfur)
gegn
fjármálaráðherra Íslands f. h. ríkissjóðs og Birni Þórðarson lögmanni.
(Enginn).

Frávísun. Áfrýjunarfrestur liðinn.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í hæstarétti 29. október 1937, og var þá mætt í því af hálfu beggja aðilja. Síðan hefir málinu verið frestað 3 sinnum eftir ósk aðilja. Við fyrirtekt málsins 11. þ. m. var ekki mætt af hálfu hinna stefndu, og hefir málið því verið rekið skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Hinn áfrýjaði dómur er kveðinn upp í gestarétti Reykjavíkur 6. janúar 1937. Áfrýjunarstefna í málinu er útgefin 12. maí 1937. Þar eð málskotsfrestur var þá liðinn, sbr. 197. og 222. gr., e-lið, laga nr. 85/1936, og áfrýjandi hefir ekki aflað áfrýjunarleyfis, þá verður ex officio að vísa málinu frá hæstarétti.

Þar eð stefndu mættu ekki í málinu, eins fyrr segir, fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 6. jan. 1937.

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 21. okt. s. l. af Guðmundi Jónassyni, Frakkanesi Dalasýslu, gegn Eysteini Jónssyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til ómerkingar úrskurði fjármálaráðuneytisins skv. bréfi frá 24. sept. 1935, og til greiðslu skaðabóta allt að kr. 10000.00 og alls málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst algerðrar sýknu af skaðabóta- og málskostnaðarkröu stefnanda, en sér verði hinsvegar tildæmdur hæfilegur málskostnaður. Síðar í rekstri málsins hefir stefndur og krafizt þess, að stefnandi yrði sektaður fyrir óþarfa þrætu og ósæmilegan rithátt.

Réttarkröfur sínar byggir stefnandi á því, að sér hafi tvisvar sinnum verið, að því er hann telur, ranglega synjað um gjaldeyris- og innflutningsleyfi, og eftir að hafa kært til fjármálaráðuneytisins út af þessum neitunum gjaldeyris- og innflutningsnefndar, hafi ráðuneytið með bréfi dags. 24. sept. 1935 staðfest gerðir nefndarinnar. Krefst stefnandi þess, að ómerktur verði með dómi þessi úrskurður ráðuneytisins, en þar sem rétturinn lítur svo á, að það heyri ekki undir dómsvaldið að úrskurða þessi mál, heldur undir handhafa framkvæmdarvaldsins, þá ber að vísa þessum kröfulið stefnanda frá dómi ex officio.

Skaðabótakröfu sína byggir stefnandi á því, að framangreindar gerðir gjaldeyris- og innflutningsnefndar og fjármálaráðuneytisins hafi bakað sér þetta tjón, og þar sem stefndur sé yfirmaður þeirra og beri ábyrgð á þeirra verkum, beri honum f. h. ríkissjóðs að greiða sér þessar skaðabætur. Þar sem ekki er annað upplýst í málinu, en að gjaldeyris- og innflutningsnefnd og fjármálaráðuneytið hafi í framangreindum tilfellum fylgt að öllu leyti fyrirmælum þeim, er lög um gjaldeyrisverzlun nr. 11 1935 gera ráð fyrir, að fjármálaráðherra setji um úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa, og stefnandi hefir ekki að öðru leyti, gegn ákveðnum mótmælum stefnds, fært sönnur á, að stefndur

eigi nokkra sök á því tjóni, er hann telur sig hafa orðið fyrir, þá verður skaðabótakrafa stefnanda í máli þessu ekki tekin til greina.

Í einu sóknarskjali sínu hefir stefnandi viðhaft eftirfarandi orð: „.... og eftir hvaða lögum sitja ráðherrar, sem þannig hegða sér, að verða opinberir glæpamenn í stjórn þjóðfélagsins, sem á að vera skipuð óútásetjanlegum heiðursmönnum.“ Þar sem telja verður þessum ósæmilegu ummælum beint að stefndum eftir því sambandi, sem þau standa í, þá ber að ómerkja þau og refsa stefnanda fyrir þau. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 20 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað hennar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur er liðinn, tveggja daga einfalt fangelsi. Í sekt fyrir óþarfa þrætu þykir ekki ástæða til að dæma stefnanda, og með því að stefndur hefir látið málaflutningsmann mæta fyrir sína hönd við sáttatilraun í málinu, verður að dæma hann til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.00.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindri kröfu stefnanda um ómerkingu á úrskurði fjármálaráðuneytisins vísast frá dómi ex officio. Stefndur, Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af skaðabótakröfu stefnanda, Guðmundar Jónassonar, í máli þessu, en greiði stefnandanum kr. 30.00 í málskostnað.

Framangreind ósæmileg ummæli eiga að vera dauð og ómerk, og greiði stefnandi 20.00 kr. sekt í ríkissjóð fyrir þau, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur er liðinn, 2ja daga einfalt fangelsi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúar 1938.

Nr. 143/1937. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Theodór Magnússyni (Eggert Claessen).

Kæra fyrir brot á lögum um matvælaeftirlit.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Á svonefndum „bolludegi" veturinn 1937 lét matvælaeftirlit ríkisins taka í brauðgerðarhúsi kærða sýnishorn af lögun, sem nota átti í húð á bollur, bakaðar þar. Var sýnishorn þetta síðan efnagreint og við rannsóknina reyndust í því efni þau, sem greind eru í hinum áfrýjaða dómi. Í málinu er það upplýst, að á „bolludaginn" sjálfan, og næstu daga fyrir hann og eftir, seldi kærði meðal annars bollur, sem voru með þunnri húð að ofan úr lögun þessari eða samskonar lögun, en í henni var samkvæmt efnarannsókninni meðal annars lítið eitt af kakao eða kakóhýði, sem gerði það að verkum, að lögunin og síðan húðin á bollunum varð lík súkkulaði á litinn. Að því er séð verður, setti kærði húð þessa aðeins ofan á svonefndar púnsbollur og seldi þær undir því nafni. Hinsvegar er ekki upplýst, að hann hafi um þetta leyti sett húðina á eða selt svokallaðar súkkulaðibollur, enda þótt það komi fram í málinu, að bakarameistarar hér í bænum setji að jafnaði húð úr sömu eða svipuðum efnum og kærði notaði á hvorutveggja þessar bollutegundir.

Reglugerðaákvæði þau, sem kærða er gefið að sök að hafa brotið, hafa stoð í lögum nr. 24 frá 1936,

um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Í 1. gr. þeirra segir, að tilgangur laganna sé að vernda menn gegn tjóni, sem stafað getur af því, að hverskonar matmæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur skorti eðlilega hollustu, eða þær séu skaðlegar heilbrigði manna, eða menn séu gabbaðir til þess að afla sér þeirra, neyta þeirra eða nota þær í þeirri trú, að þær séu annars efnis eða eðlis en þær eru í raun og veru, og verður að skýra ákvæði reglugerðanna með hliðsjón af þessum ákvæðum.

Það er upplýst, að ekkert óheilnæmi var í húðinni, eins og hún var úr garði gerð. Þá kemur hvergi fram, að kærði hafi sett þessa súkkulaðilituðu húð á púnsbollur sínar í því skyni að gabba þá, er keyptu þær, til þess að halda það, að súkkulaðihúð væri á þeim, enda er það og algerlega óupplýst mál, að almenningur vænti þess, að á slíkum bollum sé súkkulaðihúð, jafnvel þótt hún sé með slíkum lit. Loks verður að telja, að húðin sé svo óverulegur hluti af vörunni sjálfri (púnsbollunum), að hún hafi ekki getað blekkt menn til að kaupa bollurnar eða neyta þeirra í þeirri trú, að þær væru annars efnis eða eðlis en þær voru í raun og veru.

Við efnarannsóknina á lögun þeirri, sem tekin var í brauðgerðarhúsi kærða og notuð var í húðina á bollurnar, fannst vottur af pappír. Efni þetta getur ekki, í svo litlum mæli sem það fannst í vörunni, talizt „annarlegt“ efni í þeim skilningi, sem eðlilegast er að leggja í það orð í þessu sambandi. Og ekki þarf það, að pappírstætla komst í lögunina, að vera vottur þess, að nægilegs hreinlætis hafi ekki verið gætt við tilbúning hennar.

Samkvæmt framansögðu verður því ekki talið, að kærði hafi við tilbúning umræddrar lögunar eða

með notkun hennar á púnsbollur sínar og sölu þeirra hagað sér þannig, að verknaður hans varði við lög. Ber því að sýkna hann í þessu máli og dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað þess, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50.00, til skipaðs talsmanns kærða í héraði, svo og málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda málsins fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Theodór Magnússon, skal vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50.00, til skipaðs verjanda í héraði, Eggerts Claessen hæstaréttarmálflutningsmanns, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 80 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. okt. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Theódór Magnússyni bakara, til heimilis á Frakkastíg 14 hér í bæ, fyrir brot gegn reglugerð nr. 54 20. júlí 1936, um kakaó og kakaóvörur, sbr. lög nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir þann 10. desember 1917 undirgengizt vegna brauðgerðarfirmans Theódór & Siggeir að greiða 50 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð frá 5/9 1917, en hefir ekki að öðru leyti, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina: Þann 8. febrúar s. l. lét matvælaeftirlit ríkisins taka sýnishorn af lögun,

er nota átti í húð á súkkulaðibollur í brauðgerðarhúsi kærðs, Theódórs Magnússonar, á Frakkastíg 14 hér í bænum.

Við rannsókn reyndist efnainnihald lögunar þessarar vera það, er hér segir:

Vatn	18,0%
Aska	0,9—
Tótal fita	0,6—
Saccharose	72,5—
Önnur efni	8,0—

Mikróskópí: Nokkuð af kakaóhýði, talsvert að hveiti, auk þess rúsínur og pappír. Hefir forstöðumaður matvælaeftirlits ríkisins, dr. Jón E. Vestdal, talið, að þar sem sýnishornið væri brúnt að lit og bollur, sem það væri notað á, væru venjulega seldar undir nafninu súkkulaðibollur, væri það til þess fallið, að villzt væri á því og súkkulaðihúð eða einhverri annari súkkulaðitegund, og telur því, að kærði hafi með notkun þessarar húðar á bollunum gerzt brotlegur gegn 3. gr. og 2. tölulið 5. gr. reglugerðar nr. 54 20. júlí 1936, um kakaó og kakaóvörur.

Kærði hefir ekkert haft við niðurstöðu efnarannsóknarinnar að athuga og hefir borið, að bollur þær, er mál þetta snýst um, séu af almenningi ýmist kallaðar súkkulaðibollur eða púnsbollur, og húðin á þeim sé brún á lit, lík litnum á súkkulaði. Húðin sé lyktarlaus, en að henni sé sykurbragð. Bollur þessar seldi kærði á bolludaginn 8. febrúar í vetur. Kærði kveðst, eftir að hann fékk vitneskju um „súkkulaðireglugerðina", er hann svo kallar, hafa sagt stúlkunum, sem í brauðbúð hans voru, að ef fólk bæði um umræddar bollur og nefndi þær súkkulaðibollur, skyldu þær vekja athygli á því, að á þeim væri ekki súkkulaði. Afgreiðslustúlkurnar í brauðbúðinni hafa verið yfirheyrðar um þetta atriði, og hefir önnur þeirra, dóttir kærða, borið, að kærði hafi minnzt á þetta við þær eftir bolludaginn. Hin stúlkan man ekki eftir, að kærði minntist sérstaklega á bollurnar, en man, að hann talaði um aðrar brauðvörur í þessu sambandi „upp úr nýárinu", en hefir ekki getað tilgreint tímann nánar.

Dr. Jón E. Vestdal hefir borið, að margnefndar bollur séu ca. 10 cm. í þvermál, og hylji húðin, sem sé þunn, efra borð bollanna og sé hún ca. 8 cm. í þvermál.

Telur hann, að engin óheilnæmi sé í húðinni, en hún auki hvorki næringargildi né bragðgæði bollanna, en það sé hvorttveggja tilfellið, þegar súkkulaði sé notað í húðina.

Telur hann það bera vott um sóðaskap við tilbúning húðarinnar, að í henni voru rúsínuleifar og pappír, þó eigi væri það nema lítið. Eitt brauðgerðarhús hér í bæ, Björnsbakarí, notaði í vetur hreint súkkulaði í bollur, og voru þær með sama nafni og þær bollur kærða, er að framan eru nefndar. Hefir kærði og skýrt frá því, að hann hafi búið til slíkar bollur í hitt eð fyrra. Þegar athugað er, hvort kærði með framleiðslu og sölu bolla þessara hefir gerzt brotlegur gegn þeim lagaákvæðum, sem málshöfðunin nær til, verður fyrst fyrir að athuga 2. tölulið 5. greinar reglugerðar nr. 54 20. júlí 1936, um kakaó og kakaóvörur. Telja verður, að af nafninu súkkulaðibollur dragi almenningur þá ályktun, að súkkulaði sé í húð bollanna. Orðalag nefnds ákvæðis er mjög víðtækt, sbr. orðin „getur valdið því".

Verður eigi hjá því komizt að telja, að margumrædd húð bollanna hafi verið þannig útlits, að það gæti valdið því, að villzt væri á henni og einhverjum þeim vörum, sem tilgreindar eru í 3. grein nefndrar reglugerðar, en í upphafi 5. greinar er ákveðið, að vara, sem svo sé ástatt um, skuli teljast eftirlíking eða fölsuð vara, og megi ekki hafa hana í umferð, þó að hún sé auðkennd með tilliti til þess. Auk þess er óleyfilegt að hafa pappír í nefndri húð. Telst hann „annarlegt efni", og fellur brot kærða, hvað þetta snertir, undir 10. tölulið nefndrar greinar. Þykir því kærði hafa brotið framangreind reglugerðarákvæði, og verður sekt hans samkvæmt 9. grein nefndrar reglugerðar, sbr. 11. gr. laga nr. 24 1. febrúar 1936, talin hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talinn rannsóknarkostnað sýnishorns, kr. 50.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessens, kr. 50.00.

Í prófum másins er gerð grein fyrir þeim drætti, sem orðið hefir á málinu.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Theódór Magnússon, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 50.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessens.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1938.

Nr. 61/1937. **Kristján Bergsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Carl Jörgensen og gagnsök
(Einar B. Guðmundsson).

Slit á húsaleigusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. júní 1937, hefir krafizt algerðrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 191.60 í málskostnað í héraði og málskostnað fyrir hæstarétti að skaðlausu eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefir málinu með stefnu 24. júní 1937, hefir hinsvegar krafizt þess aðallega, að hann verði með dómi að fullu leystur undan leigusamningi aðilja 1. okt. 1936 þeim, er í héraðsdóminum getur, frá 14. maí 1937 til 1. okt. s. á., en til vara, að umsamin leiga verði færð niður um sama tímabil eftir mati dómsins, og til þrautavara, að héraðs-

dómurinn verði staðfestur. Hvernig sem málið fer, krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar af aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir hæstarétti hefir gagnáfrýjandi ekki hreyft neinni af þeim ástæðum fyrir kröfum sínum, sem héraðsdómarinn tók ekki til greina. Og kemur því hér aðeins til álita höfuðástæða gagnáfrýjanda, músagangur sá, er hann telur hafa verið í íbúð sinni frá því seint í nóvember 1936 og til 14. maí 1937, er hann flutti sig þaðan.

Það er að vísu svo, að músa varð talsvert vart í húsnæði gagnáfrýjanda á téðu tímabili. En það er upplýst í málinu, að aðaláfrýjandi brá við og lét leggja eitur fyrir mýs í húsnæði hans 4 sinnum á tímabili þessu og lagði til gildru til útrýmingar músinni. Aðaláfrýjandi virðist því hafa gert það, sem venja er að gera í þessu skyni. Hinsvegar virðist gagnáfrýjandi ekki hafa gert það, sem hann átti að gera og honum var unnt að gera til samvinnu við aðaláfrýjanda til eyðingar músinni, því að bæði hafði hann ótillukt og óaflæst matföng ýmiskonar í geymslu sinni á lofti, þar sem músagangur sýnist einna mestur verið hafa, og auk þess virðist hann ekki hafa eða ekki hafa látið nota gildru þá, sem aðaláfrýjandi lagði til, svo sem verða mátti. Árangur af útrýmingartilraununum varð því ekki sá, er vænta hefði mátt. Þegar af þessum ástæðum verður engin af kröfum gagnáfrýjanda tekin til greina í máli þessu. En þar af leiðir að sýkna verður aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er samtals er ákveðinn 250 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Kristján Bergsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Carl Jörgensen, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 250 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 16. apríl 1937 af Carl Jörgensen mjólkurstöðvarstjóra, Skothúsvegi 2 hér í bæ, gegn Kristjáni Bergssyni forseta Fiskifélags Íslands s. st. — Gerir stefnandi þær réttarkröfur aðallega, að hann verði leystur frá skyldum sínum skv. síðargreindum húsleigusamningi frá 14. maí 1937 að telja, en til vara, að húsaleigan skv. samningnum verði lækkuð eftir mati réttarins frá sama tíma að telja.

Ennfremur krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 75.60 í matskostnað (sbr. síðar) og málskostnað að skaðlausu, hvernig sem málið fer.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að með húsaleigusamningi dagsettum 1. október 1936 tók stefnandi á leigu íbúð í húsi stefnds, Skothúsveg 2 hér í bænum. Var íbúðin öll efri hæð hússins og eitt herbergi og geymslupláss á háalofti. Í leigu fyrir íbúðina og fyrir önnur hlunnindi, er stefnandi átti að hafa hjá stefndum, skyldi hann greiða kr. 225.00 fyrir hvern mánuð fyrir fram í byrjun hvers mánaðar.

Í samningnum var ákveðið, að uppsagnarfrestur skyldi vera þrír mánuðir af hálfu beggja aðila miðað við flutningsdaga 14. maí og 1. október. Ennfremur var ákveðið, að samningnum skyldi í fyrsta lagi slitið 1. október 1937.

Hinn 12. janúar 1937 skrifaði stefnandi stefndum og kvartaði undan nokkrum göllum, er hann taldi vera á íbúðinni og sambúðinni við fólk stefnds.

Aðalkvartanir stefnanda í bréfi þessu voru um það, að

mýs væru í íbúðinni, að dætur stefnds gerðu stefnanda og fólki hans ónæði, og loks, að gufur og matarlykt bærust upp í íbúð stefnanda frá kjallaraíbúðum hússins. Kröfur þær, sem stefnandi gerði til stefnds í bréfinu, voru aðallega þær, að músinni yrði þegar í stað útrýmt úr húsinu, að stefndur ábyrgðist tjón það, er stefnandi hefði þegar orðið fyrir af músaganginum, og að dætur stefnds gengju hljóðlega um, er þær þyrftu að ganga um stiga og gang íbúðar stefnanda til herbergis síns, en það er á háalofti hússins, og ekki annar gangur þangað en í gegnum íbúð stefnanda (um stiga og gang). Jafnframt tilkynnti stefnandi stefndum, að ef þessum kröfum hans yrði ekki fullnægt, þá myndi hann flytja úr íbúðinni næsta flutningsdag, eða 14. maí 1937, þrátt fyrir ákvæði samningsins um, að honum skyldi í fyrsta lagi slitið 1. október 1937.

Þrátt fyrir bréf þetta taldi stefnandi, að stefndur hefði á engan hátt bætt úr göllunum þannig, að hann gæti sætt sig við það. Hinn 19. marz 1937 baðst hann þess, að dómkvaddir yrðu tveir menn til að skoða og meta íbúðina, og var sú krafa hans tekin til greina í bæjarþinginu 22. sama mánaðar, og voru þeir Ágúst Jósefsson heilbrigðisfulltrúi og Sigurður Halldórsson trésmíðameistari útnefndir til að framkvæma hið umbeðna mat.

Að þessu loknu og með því að stefnandi var stöðugt óánægður og taldi stefndan ekki gera skyldu sína sem leigusali, höfðaði hann mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu í fyrsta lagi á því, að stefndur hafi beitt svikum til þess að fá sig til að taka íbúðina, þar sem hann hafi sagt sér við samningsgerðina, að venja væri hér í bæ, að húsnæði sem hið leigða væri leigt til árs í senn. Stefndur játar, að hann hafi sagt stefnanda þetta, enda staðhæfir hann, að það sé rétt. — Jafnvel þótt það sé ekki algild regla, að svona íbúðir séu leigðar til minnst árs í senn, þá mun það þó svo miklu algengara, að rétturinn getur ekki fallizt á, að stefndur hafi beitt svikum, þótt hann segði stefnanda þetta, enda var stefnanda mjög auðvelt að afla sér upplýsinga um þetta atriði annars staðar, ef það hefir skipt hann einhverju.

Hérgreind málsástæða leiðir því ekki til þess, að kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að umgengni fólks stefnds, og þá sérstaklega dætra hans, um húsið og í gegnum íbúð stefnanda hafi verið slík, að það nægi til þess, að taka beri kröfur hans til greina. Stefndur hefir játað, að dætur sínar og þjónustustúlka hafi einu sinni gengið harkalegar en skyldi um gang og stiga stefnanda og upp í herbergi sitt, en neitar, að stefnandi hafi oftar né á nokkurn annan hátt orðið fyrir óþægindum af sér né sínu fólki, og er það ekki sannað gegn neitun hans. Þessi málsástæða þykir því ekki næg stoð undir kröfur stefnanda.

Í þriðja lagi byggir stefnandi kröfurnar á því, að óloft og matarlykt hafi borizt úr kjallaraíbúðum hússins og upp í íbúð sína og valdið þar óþægindum. Í málinu liggja ekki fyrir nægar upplýsingar um þetta atriði til þess, að unnt sé, gegn ákveðnum mótmælum stefnds, að láta það leiða til þess að kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Í fjórða og síðasta lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að svo mikill músagangur sé í íbúðinni, að það eitt leiði til þess, að taka beri aðalkröfu hans til greina eða a. m. k. varakröfuna.

Um þetta atriði má telja upplýst, að músagangur hafi verið í húsinu, a. m. k. af og til, um nokkur undanfarin ár. Ekki mun stefndum þó hafa verið þetta kunnugt, enda var hann nýbúinn að kaupa húsið, er hann gerði leigusamninginn við stefnanda og flutti hann í það 14. maí 1936. Fyrst eftir að stefnandi flutti í íbúðina varð hann ekki fyrir neinum óþægindum af músagangi þar, en er kom fram í nóvember eða desember, tók að bera á honum, og kvartaði stefnandi um það við stefndan. Hlutaðist stefndur þá til um það, að eitrun fór fram í nóvember og síðar í desember 1936, en það bar ekki tilætlaðan árangur. Í áðurnefndu bréfi frá 12. janúar 1937 endurtók stefnandi kvartanir sínar um músaganginn við stefndan. Var síðan eitrað aftur í janúar og marz 1937, en sömuleiðis án sýnilegs árangurs. Samtals voru notaðir 95 pakkar eiturs við eitranirnar. Auk eitrananna setti stefndur og smelligildrur á háaloftið til útrýmingar músunum.

Með skýrslum matsmannanna og vottorði sjö manna, sem lögð hafa verið fram í málinu og ekki hefir verið mótmælt sem óstaðfestum, verður að telja upplýst, að allveruleg brögð hafi verið að músagangi í íbúð stefnanda. Bendir það og til

þess, að músagangurinn hafi verið verulegur, að þegar fulltrúi dómarans að tilhlutun og ásamt málflutningsmönnum aðila kom til að líta á íbúð stefnanda um hádag, þá náði stefnandi, að fulltrúanum og málflutningsmönnunum ásjáandi, mús á eldhúsgólfi íbúðarinnar, og staðhæfði hann, að það væri ekki einsdæmi.

Með skýrslu matsmannanna má og telja sannað, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkrum skemmdum á matvælum og fatnaði af völdum músanna.

Skv. skýrslu matsmannanna eru þó nokkur músagöt viðsvegar um íbúðina í eldhússkápum með leiðslu og jafnvel upp um veggi.

Skv. framansögðu verður að telja umræddan músagang meinlegan galla á íbúð stefnanda, eins og stendur. Verður nú að taka til nánari athugunar, hver áhrif galli þessi á að hafa á gildi leigusamningsins.

Eftir því, sem fyrir liggur í máli þessu, og þegar hefir verið lýst, verður rétturinn að telja, að stefndur hafi ekki, þrátt fyrir eitranirnar og gildrurnar, gert allt, sem í hans valdi stóð til að útrýma músaganginum. Hann gat látið eitra oftar og meira í einu en gert var, og hefði það samt sem áður orðið árangurslaust, hefði hann getað boðið stefnanda að láta gaseitrun fara fram í íbúðinni, en hún mun talin örugg til útrýmingar músum. Loks verður það að teljast hirðuleysi af stefndum, að það virðist fyrst vera 7. þ. m., sem hann sendir mann til að lagafæra músakemmdirnar í íbúð stefnanda.

Hvað stefnanda viðvikur, má telja upplýst, að hann hafi ekki verið eins samvinnuþýður við stefndan um útrýmingu músanna og skyldi.

Aðiljar eru sammála um, að mús sú, sem hér um ræðir, sé svonefnd haga- eða skógarmús, enda kveðast þeir hafa álit nafngreinds náttúrfræðings fyrir sér um það. Að áliti náttúrufræðinga heldur mús þessi sig að mannabústöðum á vetrum og meðan kalt er í veðri, en hinsvegar mun óhætt að telja, að hún leiti út í náttúruna á sumrin, a. m. k. að langmestu leyti. Bendir það, að stefnandi verður ekki músagangsins var fyrr en síðla hausts, og eindregið í þessa átt.

Rétturinn verður því að telja allmiklar líkur fyrir því, að músagangurinn valdi a. m. k. ekki verulegum óþægindum í íbúð stefnanda í sumar eða fram til 1. október.

Að öllu þessu athuguðu þykir ekki unnt að taka aðalkröfu stefnanda um að leysa hann frá samningum til greina.

Hinsvegar telur rétturinn skv. framansögðu, að taka verði varakröfu stefnanda um lækkun leigunnar frá 14. maí til 1. október 1937 til greina á þann hátt, að hann verður leystur undan að greiða einn fimmta — ⅕ — umsaminnar leigu fyrir tímabilið frá 14. maí til 1. október 1937.

Eftir málavöxtum þykir verða að dæma stefndan til að greiða stefnanda í matskostnað og upp í málskostnað samtals kr. 125.00.

Því dæmist rétt vera:

Húsaleiga sú, sem stefnanda, Carl Jörgensen, ber að greiða stefndum, Kristjáni Bergssyni skv. framangreindum húsaleigusamningi á að lækka um einn fimmta hluta fyrir tímabilið frá 14. maí 1937 til 1. október 1937.

Í matskostnað og upp í málskostnað ber stefndum að greiða stefnanda samtals kr. 125.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1938.

Nr. 4/1938. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)
gegn
Guðmundi Kristni Ögmundssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Kæra fyrir brot á lögum um iðju og iðnað.

Dómur hæstaréttar.

Með lögum nr. 18/1927 voru fyrst sett almenn ákvæði um skilyrði til þess að mega reka iðju og stunda eða reka iðn á landi hér. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga þessara komu þau til framkvæmdar 1. janúar 1928. Í 2. og 3. mgr. sömu greinar var jafnframt á-

kveðið, að þeir, er ráku iðju eða iðn þá eða héldu nemendur samkvæmt eldri lögum, skyldu halda þeim rétti. Kærði, sem þá fullnægði ekki skilyrðum 14. gr. téðra laga til þess að fá iðnbréf, en hafði allt frá árinu 1920 starfað að málningu húsa utan og innan, hélt þeirri starfsemi áfram í skjóli 27. gr. nefndra laga, án þess að hömlur væru á lagðar.

Með lögum nr. 105/1936 voru II. og III. kafli laga nr. 18/1927 samdir upp og ýmsar breytingar gerðar á ákvæðum þeirra um *iðnað*. Þar á móti var I kafli laganna um *iðju* og ákvæði II. kafla um *iðju* látin óbreytt, að undanteknu ákvæði 2. málsgr. 27. gr., sem niður er fellt í 17. gr. laga nr. 105/1936. Í 4. gr. laga nr. 105/1936 eru sett ný ákvæði um skilyrði til þess að geta fengið iðnréttindi, og fullnægir kærði í máli þessu ekki heldur þeim skilyrðum. Í 17. gr. laga nr. 105/1936, sem kemur í stað 27. gr. laga 1927 og verður 29. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1933, eins og þau nú eru orðin, segir, að þau komi til framkvæmdar í kaupstöðum þegar, en annars staðar 1. júlí 1937. Ákvæði laga nr. 18/1927 um iðn giltu aðeins í kaupstöðum, sbr. 13. gr., en eftir 1. júlí 1937 gilda sömu reglur að þessu leyti til um land allt í öllu verulegu. Svo hefir verið fellt niður úr 17. gr. laga 1936 3. málsgr. 27. gr. laga 1927 um réttindi þeirra, sem *iðn* ráku eða stunduðu fyrir 1. jan. 1928 og ekki fullnægðu skilyrðum þeirra laga, eins og áður er sagt.

Eftir að lög nr. 105/1936 voru komin til framkvæmdar virðast kunnáttumenn í málaraiðninni hafa tekið að amast við framangreindri starfsemi kærða, er þá hafði fengizt við málaraiðn 16—17 ár. Þann 14. júní 1937 fór kærði þess á leit við atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, að honum yrði veitt-

ur „réttur til að stunda málaraiðn". Ráðuneytið, sem fengið hafði umsögn landssambands iðnaðarmanna um málið, neitaði í bréfi 9. júlí 1937 beiðni hans, en lét þó hinsvegar svo um mælt, að það liti svo á, að hann héldi þeim rétti, sem hann kynni að hafa haft til málaraiðnar 1. jan. 1928, eða með öðrum orðum, að eldri réttur hans stæði óraskaður þrátt fyrir 17. gr. laga nr. 105/1936.

Í ódagsettu bréfi, sem virðist vera skrifað nálægt 20. júlí 1937, fer sveinasamband byggingamanna þess á leit við lögreglustjórann í Reykjavík, að kærði, er þá hafi unnið „undanfarna daga" að málningarvinnu við tiltekið hús hér í bænum, verði látinn sæta ábyrgð fyrir það lögum samkvæmt. Þann 22. júlí s. á. var málið svo tekið fyrir í lögregluréttí og dæmt, að fenginni umsögn iðnráðs Reykjavíkur, þann 29. nóv. f. á. með þeim úrslitum, er í hinum áfrýjaða dómi segir.

Krafa sveinasambands byggingamanna um refsiábyrgð á hendur kærða virðist vera á því byggð, að 17. gr. laga nr. 105/1936 hafi með niðurfellingu 3. málsgr. 27. gr. laga nr. 18/1927 svift þargreinda menn, þar á meðal kærða, þeim atvinnuréttindum, er þeir höfðu samkvæmt nefndri málsgrein. Ef svo skyldi skýra 17. gr. laga nr. 105/1936, þá hafði þegar mátt svifta alla slíka menn atvinnurétti þeirra, stöðva alla iðju þeirra, sbr. að ofan um 2. málsgr. 27. gr. laga 1927, og ógilda námssamninga, er slíkir menn kynnu að hafa gerzt aðiljar að samkvæmt áðurgildandi reglum. En svo víðtækan skilning virðist ekki þurfa að leggja í niðurfellingu 2. og 3. málsgr. 27. gr. laga 1927 úr 17. gr. laga nr. 105/1936. Síðastnefnd grein segir það eitt beinlínis, hve nær lög nr. 105/1936 gangi í gildi. Hitt er skýringar-

atriði, hvað í niðurfellingu 3. málsgr. 27. gr. laga 1927, sem aðeins skiptir hér beinlínis máli, felst. Þessi niðurfellning virðist ekki þurfa að fela í sér annað eða meira en það, að þeir menn, sem ekki höfðu fengið rétt til iðnrekstrar eða iðnvinnu með lögum 1927, þar á meðal eftir 27. gr. þeirra, geti ekki fengið slíkan rétt eftir gildistöku laga nr. 105/1936, nema þeir fullnægi skilyrðum síðastnefndra laga. Skiptir þetta aðallega máli um menn utan kaupstaða eftir 1. júlí 1937, er lögin taka fyrst að verka þar, er unnið kunna að hafa að iðn, en fullnægja ekki lengur lögmæltum skilyrðum. Téð niðurfelling 3. málsgr. 27. gr. laga 1927 verður því ekki þýðingarlaus, þótt ekki sé í hana lagður sá víðtæki skilningur, sem áður getur, enda virðist svo sem nauðsynlegt hefði verið að segja það glöggt og ótvírætt, ef tilætlunin hefði verið að svifta menn rétti þeim, er þeir höfðu fengið samkvæmt 2. málsgr. 27. gr. laga 1927. Og með því að ekki eru heldur glöggvar bendingar í meðferð frumvarps að lögum 105/1936 á alþingi um þetta atriði, þykir rétt að velja hina þrengri skýringuna, er minnstri röskun veldur á ástandi því, er var, þegar lög nr. 105/1936 komu til framkvæmdar. Verður kærði í máli þessu því ekki talinn hafa sakir laga nr. 105/1936 misst þann rétt til að reka eða stunda málaraiðn, er hann hafði fengið samkvæmt 3. málsgr. 27. gr. laga nr. 18/1927, og ber því að sýkna hann í máli þessu af kærum og kröfum valdstjórnarinnar.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða í héraði, 50 krónur, og mál-

flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðmundur Kristinn Ögmundsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 50 krónur, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódór B. Líndal og Gunnars Þorsteinssonar, 80 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. nóv. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Kristni Ögmundssyni gipssteypumanni, til heimilis Hringbraut 159 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um iðju og iðnað nr. 18 1927 og 105 1936.

Kærður er fæddur 29. júlí 1888 að Bolafæti í Hrunamannahreppi. Hann hefir aldrei, svo kunnugt sé, sætt refsingu.

Með ódagsettu bréfi, er Sveinasamband byggingarmanna sendi til lögreglustjórans í Reykjavík í s. l. júlímánuði, tilkynnir það, að kærður hafi undanfarna daga unnið að málaravinnu hér í bænum, og óskar rannsóknar um iðjuréttindi hans. Kærður viðurkenndi strax, að það væri rétt, að hann hefði unnið málaravinnu þá, sem Sveinasambandið kærði yfir.

Hann skýrði og svo frá, að málaravinnu hefði hann stundað hér í bænum síðan síðara hluta sumars 1920, að hann málaði skilrúm í Nýja bíó, sem þá var verið að byggja.

Hann kveðst síðan á hverju sumri hafa stundað málarastörf sem aðal- og einkaatvinnu, að undanteknum árunum 1929 og 1930, að hann vann að þeim aðeins yfir vortímann.

Á vetrum kveðst kærður hinsvegar aldrei hafa unnið málarastörf að neinu ráði.

Kærður kveðst ávallt hafa starfað að húsamálningu bæði utan- og innanhúss, en aldrei málað húsgögn eða muni.

Hann kveðst alltaf hafa unnið sjálfstætt, tekið að sér sjálfur og stundum haft nokkra menn í vinnu. Eitt vorið kveðst hann þó um mánaðartíma hafa unnið hjá öðrum.

Kærður skýrir svo frá, að sér hafi talizt svo til, að hann hafi unnið samtals í 75—76 mánuði að málarastörfum fram til þess, að hann í fyrra sendi umsókn um að fá viðurkennd réttindi sem málari. Þar af kveðst hann hafa unnið í nálægt 33 mánuði fyrir 1. janúar 1928.

Í málinu hafa ekki komið fram gögn, er hnekkja þessari frásögn kærðs. Hann hefir aftur á móti til stuðnings þessu lagt fram vottorð frá fjölda manna, er votta um störf hans á þessu sviði á undanförnum árum.

Hinsvegar er það og upplýst, að kærður hefir ekki lært málaraiðn hjá viðurkenndum málarameistara og ekki gengið á iðnskóla. Hann hefir og ekki fengið viðurkennd nein iðnréttindi.

Með lögum nr. 18 1927 eru sett ákvæði um iðnréttindi manna, en þó svo ákveðið í 27. gr. laganna, að þeir, er 1. janúar 1928 reka iðn samkvæmt eldri lögum, skuli halda þeim rétti.

Samkvæmt þessu ákvæði var kærðum heimill iðnrekstur sinn, enda þótt hann aflaði sér ekki viðurkenndra iðnréttinda.

Með lögum nr. 105 1936 var þetta ákvæði niður fellt. Hinsvegar eru í 4. gr. laganna talin upp skilyrðin fyrir því, að maður hafi iðnréttindi.

Ekkert þeirra skilyrða uppfyllir kærður, og þar sem að telja verður, að upptalning greinarinnar eigi að vera tæmandi, verður að líta svo á, að lögin hafi svift hann þeim rétti, er hann áður hafði til að stunda málarastörf.

Samkvæmt þessu verður að telja kærðan hafa brotið gegn 15. gr. 1. tölulið laga nr. 105 1936. Refsing hans þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkis-

sjóðs. Verði sektin ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, komi í stað hennar 7 daga einfalt fangelsi.

Ennfremur skal kærður greiða samkvæmt 16. gr. laganna kr. 62.50 í leyfisgjald í ríkissjóð. Loks skal hann greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjarnar Jónsonar hrm., er ákveðast kr. 50.00.

Dráttur sá, sem á málinu er orðinn, stafar af því, að rétturinn leitaði umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur um málið, og stóð nokkurn tíma á svari þess.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Guðmundur Kristinn Ögmundsson, skal greiða 100 krónur í sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga.

Kærði greiði á sama tíma kr. 62.50 í leyfigjald til ríkissjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinanr, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 50.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúar 1938.

Kærumálið

Nr. 1/1938. **Útibú Kaupfélags Eyfirðinga í Ólafsfirði og**
Sveinn Jónsson útibússtjóri
gegn
Guðvarði Sigurðssyni.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurði þeim, sem frá er greint í máli þessu, uppkveðnum í aukadómþingi Ólafssfjarðarhrepps þann 22. janúar þ. á., hafa kærendur skotið til hæstaréttar

með kæru dags. 24. s. m. samkvæmt 199. sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936. Kom kæran, ásamt bréfi héraðsdómarans dags. 3. þ. m., skjölum málsins og ódagsettum athugasemdum héraðsdómarans til dómsins þann 10. þ. m. Ennfremur hefir dóminum borizt frá kærendum skjal dags. 7. þ. m., sem hefir inni að halda mótmæli gegn nefndum athugasemdum héraðsdómarans, og kom það í hendur réttarins þann 15. þ. m. Var málið því næst, að lögboðnum fresti liðnum og án frekari athugasemda frá héraðsdómaranum eða málsaðiljum, tekið til dóms 18. þ. m., og er það dæmt samkvæmt framlögðum skjölum.

Í kæru sinni hafa kærendur krafizt þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi að því er þá snertir.

Kærði hér fyrir rétti, Guðvarður Sigurðsson sjómaður í Ólafsfirði, höfðaði mál þetta fyrir aukadómþingi Ólafsfjarðarhrepps gegn þeim Gunnari Ásgrímssyni, útgerðarmanni í Ólafsfirði, og kærendum málsins hér fyrir dómi, útibúi Kaupfélags Eyfirðinga í Ólafsfirði og útibússtjóranum Sveini Jónssyni. Kveðst kærður hafa verið formaður síðastliðið sumar á bátnum „Geir" E. A. 589, sem meðstefndi í héraði, Gunnar Ásgrímsson, hafi gert út, og eigi hann ógreiddar 432 krónur af kaupi sínu eða andvirði aflahlutar frá þeim tíma. Kveður hann upphæð þessa standa inni í nefndu útibúi, því það hafi selt aflahlutinn eftir ráðstöfun útgerðarmannsins, Gunnars Ásgrímssonar, og samkvæmt fyrirmælum hans fært upphæðina inn á viðskiptareikning kærða við útibúið. Kveður kærði tilraunir sínar til þess að fá nefnda fjárhæð greidda hafa reynzt árangurslausar, og hafi hann því höfðað mál þetta. Í héraðsstefnu

hefir kærði gert þær kröfur, *að* „viðurkennt sé með dómi, að stefndum Gunnari Ásgrímssyni beri að greiða sér umræddar kr. 432.00“, *að* útibú Kaupfélags Eyfirðinga í Ólafsfirði sé skyldað til þess með dómi „að láta peningana, kr. 432.00, af hendi, greiða skaða þann, sem stefnandi kann að hafa af því að fá ekki peningana, og málskostnað samkvæmt reikningi eða eftir mati réttarins“, og *að* útibússtjórinn, Sveinn Jónsson, „verði látinn sæta þyngstu refsingu samkvæmt lögum fyrir ólöglega fjártöku eða hald fjárins“.

Í héraðsrétti lét Gunnar Ásgrímsson bóka það álit sitt, að útibúinu bæri að greiða fjárhæðina, en bar ekki fram neinar kröfur af sinni hálfu berum orðum. Kærendur kröfðust þess hinsvegar aðallega, að málinu yrði frávísað að því er þá varðaði, vegna þess að ekki væri um neina kaupkröfu að ræða gegn þeim, og brysti því heimild til þess að höfða málið gegn þeim fyrir aukadómþingi Ólafsfjarðarhrepps. Lögðu þeir frávísunarkröfuna undir úrskurð, en henni var hrundið með úrskurði þeim, sem hér liggur fyrir.

Með því að fallast má á það með kærendum, að kröfur kærðs á hendur þeim í máli þessu, sem rekið er sem einkamál, séu ekki þess eðlis, sem um ræðir í 1.—3. tölulið 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, þá verður ekki talið, að héraðsdómarinn, lögreglustjórinn í Ólafsfirði, sé bær um að leggja dóm á þær, sbr. 2. mgr. 29. gr. sömu laga. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa kröfum kærðs á hendur kærendum í máli þessu frá undirréttinum.

Málskostnaðar fyrir hæstarétti hefir ekki verið krafizt, og fellur því málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Kröfum kærðs, Guðvarðs Sigurðssonar, í máli þessu á hendur kærendum, útibúi Kaupfélags Eyfirðinga í Ólafsfirði og Sveini Jónssyni, vísast frá aukadómþingi Ólafsfjarðarhrepps.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður aukadómþings Ólafsfjarðarhrepps 22. janúar 1938.

Það er upplýst í málinu, að krafa sú, sem mál þetta er risið út af, er andvirði aflahluts stefnandans, Guðvarðs Sigurðssonar, á v/b Geir s. l. sumar. Rétturinn er þeirrar skoðunar, að um innheimtu þessarar kröfu fari eftir sömu reglum sem innheimtu á kaupgreiðslum, sem um getur í 3. málsgr. 3. tölulið 5. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, en samkvæmt 85. gr. sömu laga má sækja mál til kaupgreiðslu slíkra manna í þinghá, þar sem vinnan er af hendi leyst. Rétturinn verður því að telja, að málið eigi að rekast hér í Ólafsfjarðarþinghá, sbr. ennfr. 75. og 83. gr. sömu laga. Rétturinn telur það ekki skipta máli í þessu tilfelli, þótt útibú kaupfélagsins sé ekki atvinnurekandi, þar sem hér er samt um kaupgjaldskröfu að ræða og telja verður upplýst, að útibúið hafi tekið við andvirði aflahluts stefnanda. Rétturinn verður því að telja lögreglustjórann í Ólafsfirði löglegan dómara í máli þessu, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 85/1936, og málið sé löglega rekið eins og til er stefnt, og getur því ekki tekið frávísunarkröfu stefnds, Sveins Jónssonar, til greina.

Því úrskurðast:

Framkomin frávísunarkrafa verður ekki til greina tekin.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1938.

Nr. 67/1937. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Aðalsteini Pálssyni (Lárus Fjeldsted).

Togaranjósnir.

Dómur hæstaréttar.

Dulmálsskeyti þau, sem send hafa verið frá skipi kærða til annara skipa og tekizt hefir að ráða, eru tilfærð í hinum áfrýjaða dómi. Skeyti þessi veita enga fræðslu um varðskipin eða ferðir þeirra, og verða þau því ekki talin kærða til sakar. Þá er það og réttilega tekið fram í héraðsdóminum, að kærði eigi ekki að sæta refsiábyrgð fyrir skeyti það, sem annar maður, er uppvís hefir orðið að njósnarstarfsemi í þágu togara eins, hafði sent frá heimili kærða og um síma hans, að kærða fjarverandi.

Skipstjórinn á togaranum „Venus", Erlendur Sigurðsson, sem hlotið hefir refsidóm fyrir landhelginjósnir, og loftskeytamaðurinn á sama togara, Daníel Oddsson, hafa borið það, að skip þeirra hafi haft dulmálsskeytasamband við skip kærða, „Belgaum", auk ýmissa annara skipa, og hafi þeir bæði látið kærða í té upplýsingar um varðskipin og fengið slíkar upplýsingar frá honum eða skipi hans. Kvað nefndur loftskeytamaður þess háttar skeyti hafa borizt frá skipi kærða m. a. á árinu 1935, en nánari tilgreining á því, hvenær þessi verknaður kærða hafi átt að gerast, er ekki komin fram í málinu. Þá hefir heldur ekki tekizt að afla upplýsinga um efni eða orðalag neinna einstakra skeyta, sem togaranum „Venus" hafi borizt frá skipi kærða með nefndum upplýsingum. Kærði hefir eindregið neitað því, að

skeyti með upplýsingum um varðskipin hafi verið send frá skipi hans, svo hann hafi vitað. Framangreindir framburðir skipstjórans og loftskeytamannsins á togaranum „Venus“ verða ekki taldir veita svo öruggar upplýsingar um refsiverðan verknað af hálfu kærða, að sakfellingardómur verði á þeim byggður, auk þess sem svo óvíst er um, hvenær verknaðurinn á að hafa gerzt, að sök kynni að hafa verið fyrnd, þegar kærða var tilkynnt málshöfðun þann 26. febrúar 1937. Verður því að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður að leggja á ríkissjóð að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Aðalsteinn Pálsson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 70 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. marz 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Aðalsteini Pálssyni skipstjóra, til heimilis á Hávallagötu 3 hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 3. júlí 1891. Hann hefir áður, svo kunnugt sé, sætt refsingum sem nú skal greina:

1) 16. jan. 1922 sektaður um 200 krónur fyrir bannlagabrot.
2) 18. des. 1922 dæmdur í 4000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 5 1920.
3) 13. sept. 1926 dæmdur í 5000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 5 1920.
4) 12. marz 1929 sektaður um 300 kr. fyrir brot gegn sigl-ingalögunum.

Er rannsókn þessa máls hófst, hafði kærði undanfarin 3 ár verið skipstjóri á togaranum Belgaum og einnig hafði hann á tímabilum áður fyrr verið skipstjóri á nefndu skipi. Undir rannsókn málsins hafa verið athuguð skeyti þau, sem fyrirliggjandi voru í skjalasafni landssímans og farið hafa um landstöðvar mili kærðs eða skipa hans annars vegar og annara skipa og lands hins vegar. Með dulmáls-lyklum, sem teknir voru úr brezka togaranum Vinur, tókst að þýða eftirfarandi skeyti.

1) Skeyti frá togaranum Belgaum til brezka togarans War-wickshire, dags. 20. apríl 1935, leyst með lykli merkt-um: Warwickshire — Berkshire — Belgaum, og þýtt af löggiltum skjalaþýðanda: „Fékk í gær yfir daginn 45 poka utan Svörtuloft fyrir innan Svörtuloft verið mjög góður afli þar tregt alstaðar annars staðar."
2) Skeyti frá togaranum Belgaum til skipstjórans á tog-aranum Venus, dags. 3. okt. 1935, leyst með lykli merkt-um: Venus — Belgaum — Vinur, og þýtt af löggiltum skjalþýðanda, svolátandi: „Góðfúslega látið mig að stað-aldri vita um Ægi. Hafið þér heyrt eða séð Ægi."
3) Skeyti frá togaranum Vinur til skipstjórans á togaran-um Belgaum, dags. 5. okt. 1935, leyst með lykli merkt-um: Venus — Belgum — Vinur, og þýtt af löggiltum skjalþýðara: „Í gærkvöldi Ægir Langanes í morgun danska varðskipið Þorlák stefndi (var að tima) til Vestmannaeyja."
4) Skeyti frá símanúmeri kærða í Reykjavík 3674 til skip-stjórans á togaranum Vinur, leyst með lykli merktum meðal annars nafninu Óskar, og þýtt af löggiltum skjal-þýðara, svohljóðandi: „Hvidbjörnen fór frá Kaupmanna-höfn 10. ágúst áleiðis til Reykjavíkur kemur við á Skotlandi Ægir liggur nú í Reykjavík."

Kærði hefir játað, að hann hafi haft dulmálsskeytasam-band við skip þau, sem að framan greinir, en hann hefir

neitað því að hafa sent eða meðtekið skeyti frá þessum skipum með því innihaldi, sem að framan er lýst. Hefir hann í þessu sambandi látið þess getið, að hann hafi meðtekið dulmálsskeyti frá togaranum Vin, sem hann hafi ekki getað leyst, en eigi hélt hann því fram, að svo hafi verið um það skeyti frá Vin, sem að framan greinir. Hefir kærði stöðugt neitað því að hafa fengið úr landi eða frá öðrum skipum upplýsingar um varðskipin og ennfremur, að hann hafi látið öðrum í té slíkar upplýsingar. Erlendur Sigurðsson, skipstjóri á togaranum Venus frá Hafnarfirði, hefir hins vegar borið, að hann hafi bæði fengið upplýsingar um varðskipin frá skipstjóranum á Belgum, þ. e. kærða, og látið honum í té slíkar upplýsingar í dulmálsskeytum, en eigi hafi þó mikið kveðið að því. Loftskeytamaðurinn á Venus, Daníel Kristján Oddsson, hefir staðfest þennan framburð skipstjóra síns. Þessum framburðum hefir kærði mótmælt.

Skeyti það, sem greinir í 4. tölulið hér að framan, kannast kærði ekki við að hafa sent togaranum Vinur. Undir rannsókn málsins hefir Óskar Gunnar Jóhannsson, sem uppvís varð að njósnum um varðskipin fyrir togarann Vinur, borið, að hann hafi eitt sinn í júlímánuði 1935, að hann minnti, sent njósnarskeyti til skipsins, er hann var staddur heima hjá kærða. Kveðst hann hafa símað skeyti þetta til loftskeytastöðvarinnar og því látið skrifa skeytið hjá númeri kærða. Skeyti þetta er leyst með dulmálslykli, sem tekinn var úr brezka togaranum Vinur og gekk að dulmáli því, sem notað hafði verið við skeytaskiptin við Óskar.

Þrátt fyrir framburð kærða þykir mega ganga út frá því, að skeytaskipti þau milli skipa, sem að framan er lýst, hafi farið í milli hans og skipa þeirra, sem hér um ræðir. Hins vegar þykir honum ekki verða gefin sök á skeyti því, sem sent hefir verið frá símanúmeri hans til togarans Vinur og áður er lýst.

Með fyrrgreindum framburði skipstjórans og loftskeytamannsins á togaranum Venus, sem styðst við skeytið frá Belgaum til Venusar 3. okt. 1935, er það nægilega sannað, að kærði hafi með dulmálsskeytum látið skipstjóranum á Venusi í té upplýsingar um varðskipin. Þó skeytið til Belgaum frá Vinur, dags. 5. okt. 1935, og dulmálslyklar, er teknir voru úr togaranum Vinur og merktir Belgaum, bendi

ákveðið til þess, að um gagnkvæma njósnarstarfsemi milli Belgaum og fleiri skipa hafi verið að ræða, þá verður það þó eigi talið sannað.

Skeytið frá Belgaum til Warwickshire, dags. 20. apríl 1935, sem að framan greinir, þykir verða að skilja þannig, að kærða hafi verið kunnugt um fiskisæld innan landhelgislínu undan Svörtuloftum, en eigi verður það talið næg sönnun þess, að kærði hafi veitt í landhelgi.

Framangreint brot kærða varðar við 4. gr. laga nr. 5 1920. Þykir refsing kærða eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 6000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Aðalsteinn Pálsson, greiði til landhelgisjóðs Íslands 6000 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. febrúar 1938.

Nr. 114/1937. **Réttvísin**

gegn

Þórði Þórðarsyni, Benóný Benónýssyni og Páli Friðvin Jóhannssyni.

Þjófneyzla. Nýjar upplýsingar.

Úrskurður hæstaréttar.

Samkvæmt bókun í réttarhaldi 2. marz f. á. í máli þessu skýrir ákærður Benóný Benónýsson svo frá, að hann hafi verið ókunnugur drengnum William

Breiðfjörð, en þó vitað, að hann var sendisveinn í verzlun O. Ellingsen, þegar ákærði átti vörukaup þau við hann, sem greinir í málinu og metin hafa verið ákærða til hylmingar af héraðsdómaranum. Í sama réttarhaldi skýrir William frá því, að hann hafi verið ókunnugur ákærða Benóný, en telur þó, að ákærður Benóný hafi vitað, að hann (William) var sendisveinn við verzlun O. Ellingsen, vegna þess að hann hafi oft verið sendur með vörur á afgreiðslu fyrir bifreiðar, er ekið var til Keflavíkur, en sú afgreiðsla var í sölubúð ákærða. Gegn þessu hefir verjandi ákærða Benónýs lýst yfir því, bæði í vörn sinni í héraði og fyrir hæstarétti, að ákærður Benóný hafi stöðugt haldið því fram í viðræðum sínum við hann og ekki frá þeirri staðhæfingu hvikað, að honum (ákærða) hafi verið ókunnugt um, að William hafi verið sendisveinn við verzlun O. Ellingsen, þegar vörukaupin fóru fram milli þeirra. Þá skýrir verjandinn frá því eftir ákærða Benóný, að menn komi oft í sölubúðina til ákærða og bjóði honum vörur til kaups. Séu þetta menn, sem vanti fé í svipinn, en geti fengið vöruúttektir í sölubúðum í reikning og selji síðan vörurnar með lítilsháttar tapi til að fá reiðufé. Loks hefir því verið haldið fram af hálfu verjandans, að verð það, sem William setti upp fyrir vörurnar og ákærður galt fyrir þær, sé nálægt heildsöluverði í Reykjavík, en ákærður hafi síðan selt þær með venjulegri kaupmannsálagningu.

Eins og máli þessu er háttað og að framan er lýst, þykir rétt, áður en að dómur verður lagður á málið í hæstarétti, að fram fari réttarrannsókn um eftirgreind atriði.

1. Afla ber nánari vitneskju um kynningu þeirra ákærða Benónýs og drengsins Williams. Í því sam-

bandi ber að fá skýrslu afgreiðslufólksins við verzlun O. Ellingsen um það, hversu mikið hafi kveðið að sendiferðum Williams yfir á bílaafgreiðsluna í sölubúð ákærða. Upplýsa skal, hvort ákærður Benóný hafi afgreitt William, þegar hann var í þessum sendiferðum, og hvort honum hafi ekki mátt vera það ljóst, að William ver í sendiferðum fyrir verzlun O. Ellingsen.

2. Fá ber skýrslur, ef unnt er, um það, hvort kaup ákærða á munum þeim, sem William bauð honum til kaups, hafi farið fram með leynd, eða hvort þau hafi gerzt að öðrum mönnum ásjáandi.

3. Leita ber vitneskju um heildsöluverð á þeim vörum, sem ákærður Benóný keypti af William.

4. Rannsaka ber ýtarlega, hvort ákærður Benóný hafi gert mikið að því að kaupa vörur, sem hinir og aðrir menn komu með í sölubúð hans og höfðu á boðstólum. Skal ákærði látinn benda á menn, sem hann hafi átt slík viðskipti við, til þess að þeir verði yfirheyrðir um þetta.

Að öðru leyti ber rannsóknardómaranum að útvega þær frekari skýrslur og upplýsingar, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að afla framangrendra skýrslna og upplýsinga svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 28. febrúar 1938.

Nr. 22/1937. **Stjórn h/f „Græðir" f. h. eigenda og vátryggjenda b/v „Hafsteinn" Í. S. 449** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Bæjarfógeta Guðmundi Hannessyni f. h. Siglufjarðarkaupstaðar (Pétur Magnússon).

Bætur fyrir spjöll á bryggjum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 16. marz f. á., hefir krafizt sýknu í málinu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það athugast, að vátryggjandi b/v „Hafsteinn" hefir ábyrgzt gagnvart stefnda greiðslu á tjóni því, er í máli þessu getur og reynist af völdum téðs togara.

Í útdrætti úr leiðarbók b/v „Hafsteinn", dags. 26. okt. 1934, sem ekki hefir verið véfengdur, er það talin ástæða fyrir því, að togara þessum var lagt við bæjarbryggjuna á Siglufirði kl. 6 e. h. nefndan dag, að akkerisvinda hans hafi verið biluð, og hafi skipverjar þess vegna ekki treyst sér að leggja skipinu í lægi úti á höfninni. Auk þess hafi þeir talið vafasamt, að hægt yrði að andæfa, ef veður yrði mjög dimmt. Samkvæmt þessu verður að ganga út frá því í málinu, að hættulegt hefði verið fyrir togarann að hafast við úti á höfninni í norðanveðri því,

sem þá geisaði, og að honum hafi verið lagt að bryggjunni til að forða honum og áhöfn hans frá háska. Var ráðstöfun þessi þannig leyfileg og réttmæt, en með henni bundust eigendur togarans þeirri skyldu að bæta, eftir því sem verðmæti togarans hrekkur til, spjöll þau, sem urðu á bryggjum og tækjum vegna vistar togarans við bryggjuna og misbrests þess, sem telja má, að hafi orðið á gæzlu hans þar, að því leyti sem skipverjunum verður á því sök gefin.

Að því er varðar gæzlu togarans við bryggjuna, þá er þess fyrst að geta, að skipstjórinn lét farast fyrir að leita fyrirmæla hafnaryfirvaldanna um það, hvar hann mætti leggja togaranum að bryggjunni og hverra varúðarráðstafana skyldi gætt til þess að afstýra því, að spjöll hlytust af vist hans þar. Þá verður og að telja það stórfellt skyldubrot af hálfu skipstjórans — í því stórviðri, sem þá var á skollið — að hverfa frá skipi sínu nokkru eftir að því hafði verið lagt að brygggjunni og vera fjarvistum frá skipinu yfir nóttina og fram eftir næsta degi, sbr. 34. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914. En við ákvörðun skaðabóta þeirra, sem áfrýjanda ber að greiða, kemur einnig til greina vanræksla, sem átt hefir sér stað af hendi hafnarvarðar Siglufjarðar eða starfsmanna hans. Það verður sem sé að líta svo á, að hafnarverði hafi borið skylda til, eins og veðri var háttað aðfaranótt 27. okt., að hlutast til um, að fullnægjandi hafngæzlu væri haldið uppi, og ennfremur má ætla, að ef aðstoðar hafnarvarðar hefði við notið, þá hefði mátt afstýra bryggjupsjöllunum að meira eða minna leyti, sérstaklega með því að búa betur um togarann við bryggjuna en raun varð á, en í þessu efni ber að geta þess, að upplýst er, að eitt eða

tvö festarhöld í bryggjunni biluðu, og að sú bilun var upphaf að því, að togarinn slitnaði frá bryggjunni. Nú fól hafnarvörður að vísu tveimur mönnum að dveljast við höfnina um nóttina, að því er virðist, til að gæta að því, hvort eignatjón yrði af völdum veðurs og sjávarflóða. Mönnum þessum varð ekki að vegi að gera hafnarverði viðvart um vist oftnefnds togara við bæjarbryggjuna. Hafa þeir þannig annaðhvort brugðizt skyldu sinni eða hafnarvörður hefir gefið þeim ófullnægjandi fyrirmæli um, hvers þeim bar að gæta í starfi sínu, en hvernig sem þessu hefir verið farið, þá verða mistök þessi að koma stefnda í koll. Leiða ástæður þær, sem nú hafa raktar verið, til þess að ekki ber að dæma stefnda fullar bætur. Þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 80% af tjóninu, eða kr. 6480.00, með vöxtum eins og segir í héraðsdóminum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda samtals kr. 600.00 í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, stjórn h/f „Græðir" f. h. eigenda og vátryggjenda b/v „Hafsteinn" Í. S. 449, greiði stefnda, bæjarfógeta Guðmundi Hannessyni f. h. Siglufjarðarkaupstaðar, kr. 6480.00 með 5% ársvöxtum frá 1. marz 1935 til greiðsludags. Svo greiði og áfrýjandi stefnda kr. 600.00 samtals í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 16. nóv. 1936.

Vegna aðsteðjandi óveðurs leitaði b/v Hafsteinn inn til Siglufjarðar 26. okt. 1934 og lagðist þar við bryggju. Skömmu síðar var skipið beðið að svipast um eftir bát, sem saknað var, og er skipið kom út í fjörðinn, taldi það ófært að halda lengra og sneri aftur til Siglufjarðar og lagðist þar við innanverða bæjarbryggjuna um kl. 6 e. h., í rökkurs byrjun. Var þá komið mikið brim og stórviðri. Akkerisspil skipsins var í ólagi, og treystist skipstjóri því ekki að leggjast fyrir akkeri á höfninni. Veðrið óx eftir því sem á kvöldið leið, og tóku brátt landfestar skipsins að slitna í sífellu, og voru þá aðrar settar í þeirra stað eftir því sem föng voru á, en mikið af tógi og vírum skipsins eyðilagðist með öllu eða varð lítt nothæft. Þessu fór fram alla nóttina, enda óx stöðugt veður og sjór og varð að fullum ofsa hvorttveggja. Að morgni þess 27. okt. kl. 6.30 slitnaði skipið frá bryggjunni, fyrst að framan, og slóst með krafti á trébryggju, sem næst var fyrir innan bæjarbryggjuna og braut hana mikið og skemmdi bæjarbryggjuna einnig. Er skipið hafði slitnað alveg frá bryggjunni, hélt það út á fjörðinn og hafðist þar við til kl. 6 síðd., er því var leyft að leggjast að bryggjunni á ný.

Hinn 28. okt., eða daginn eftir, var sjóferðaprófið haldið á Siglufirði út af þessum viðburðum og menn kvaddir til að meta skemmdirnir, sem voru metnar á trébryggjunni 7000 kr., en 1100 kr. á bæjarbryggjunni. Siglufjarðarkaupstaður, sem á báðar bryggjurnar, hefir nú hér fyrir sjóréttinum eftir samkomulagi við stefndu, sem reynzt hafa ófáanlegir til að greiða bætur fyrir skemmdirnar, höfðað mál þetta gegn stjórn h/f Græðir f. h. eigenda skipsins og vátryggjenda þess, sem er Samtrygging ísl. botnvörpunga, til greiðslu á kr. 8100.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóv. 1934 til greiðsludags, og alls kostnaðar við málið að skaðlausu.

Stefndir hafa krafizt algerðrar sýknu í málinu og sér dæmdan málskostnað. Byggja þeir sýknu sína á því, að það hafi verið veðurofsinn og sjávarrótið eingöngu, sem olli því, að skipið slitnaði frá bryggjunni að framan og olli skemmdunum, sem bóta er krafizt fyrir, og að það, sem bilaði, hafi verið hald landfestanna á bryggjunni, enda hafi tekizt að halda skipinu við bryggjuna þar til festarhöldin biluðu.

Um síðarnefnda atriðið skal það tekið fram, að þrátt fyrir vitnisburð skipverja á b/v Hafstein um, að tvö höld á bryggjunni hafi brotnað eða bilað, þá verður að telja það ósannað, þar sem svo mörg vitni hafa borið, að hringur í einum festarstólpa að eins hafi bilað, en sá stólpi var miðskips og taug úr honum aðallega til að hamla því, að skipið bærist upp í marbakkann. Eftir því, sem fram er komið í málinu, virðist það heldur ekki geta ráðið úrslitum, hversu traust festarhöld bryggjunnar voru. Það er upplýst, að skipstjóri lagði skipinu að bryggjunni án nokkurs leyfis hafnaryfirvalda og festi það við bryggjuna og bjó um það þar án vitundar hafnarvarðar. Það er ennfremur ósannað, að hafnarvörður eða umboðsmaður hans hafi eftir á gefið samþykki sitt til legu skipsins við bryggjuna. Þótt festarhöld bryggjunnar hafi bilað, leiðir það ekki til sýknu stefndu. Það verður að vísu að fallast á þá skoðun stefndu, að tjónið hafi orsakazt af því, að veðurofsinn og brimrótið var svo mikið, en hitt er jafnvíst, að tjónið hlauzt af því, að skipinu var lagt við bryggjuna. Þykir þá ekki verða komizt hjá því, eftir því sem í garðinn var búið, að telja, að skipið beri ábyrgð á tjóninu, enda þótt svo sýnist, sem skipverjar þeir, er um borð voru, hafi gert allt, sem í þeirra valdi stóð, til að varðveita skip og mannvirki. En ekki er það þó útilokað, að betur hefði tekizt til, ef skipstjóri hefði sjálfur gætt skips síns, en það gerði hann ekki. Eftir að hann hafði í leyfisleysi hafnarvarðar, eins og áður er sagt, lagt skipinu við bryggjuna, þá yfirgefur hann skipið að svo búnu í uppgangs- og ofsaveðri og fer ekki um borð aftur fyrr en skipið fékk leyfi til að leggjast aftur að bryggjunni, svo sem að framan segir.

Samkv. framansögðu þykja því stefndu eiga að bæta stefnanda tjón það, sem b/v Hafstein varð valdur að, en upphæð bótanna hefir ekki verið véfengd, og ber því að taka kröfur stefnanda til greina, en þó þannig, að vextir reiknast 5% og frá stefnudegi 1. marz 1935, og í málskostnað greiði stefndu kr. 543.50.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd stjórn h/f Græðir f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Hafstein Í. S. 449 greiði Siglufjarðarkaupstað

kr. 8100.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. marz 1935 til greiðsludags, og kr. 543.50 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marz 1938.

Nr. 154/1937. **Sigurður Ólason f. h. ríkisspítalanna**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Seyðisfjarðarkaupstað
(Lárus Jóhannesson).

Um skyldu hreppsfélags til greiðslu spítalakostnaðar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. des. f. á., hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 205.00 með 6% ársvöxtum frá 18. maí 1937 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann. Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Ólason f. h. ríkisspítal-

anna, greiði stefnda, Seyðisfjarðarkaupstað, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóv. 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þm., er skv. heimild í 82. gr. l. nr. 85 1936 höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 18. maí 1937 af cand. jur. Sigurði Ólasyni hér í bæ f. h. ríkisspítalanna gegn Seyðisfjarðarkaupstað til greiðslu kröfu að upphæð kr. 205,00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina: Hinn 1. febrúar 1916 fæddist stúlkan Auður Björnsdóttir á Seyðisfirði. Sama ár fluttist hún ásamt foreldrum sínum til Norðfjarðar, og mun faðir hennar um það leyti eða litlu síðar hafa farið sem sjúklingur á heilsuhælið á Vífilstöðum. Á árinu 1929 fluttist Auður með móður sinni til Hafnarfjarðar. Þann 8. febrúar 1932 kom Auður sem berklasjúklingur á Farsóttahúsið í Reykjavík og dvaldist þar þangað til 9. maí 1933, að hún fór heim til móður sinnar í Hafnarfirði. Var hún þá sæmilega hress og fær til léttustu verka, að því er segir í vottorði Björns Gunnlaugssonar læknis, dags. 5. okt. 1937. Í september 1933 var Auður orðin sjúk aftur og fór þá á heilsuhælið á Vífilsstöðum og dvaldi þar til dánardægurs, 10. maí 1936. Heilsuhælið greiddi kr. 205.00 upp í útfararkostnað hinnar látnu, þareð aðstandendur hennar gátu ekki kostað útförina, nema að nokkru leyti, og deila var um það, hvaða framfærsluhéraði bæri að kosta útförina. Að athuguðu máli töldu fyrirsvarsaðiljar hælisins (skrifstofa ríkisspítalanna, þ. e. stefnandi) þó, að Seyðisfjarðarkaupstað (stefndum) bæri að endurgreiða hælinu þenna kostnað, og þareð bæjarstjórnin þar var ófáanleg til þess, höfðaði stefnandi mál þetta til greiðslu hins útlagða útfararkostnaðar og gerir í því áðurgreindar kröfur.

Byggir stefnandi kröfu sína gegn stefndum aðallega á því, að hann eigi kröfuréttarlegan aðgang að honum um

greiðslu skuldarinnar, þareð stefndur hafi a. m. k. óbeint tekið á sig ábyrgð á kostnaði þeim, er leiddi af hælisvist Auðar sálugu.

Stefndur neitar því eindregið, að hann hafi nokkurn tíma tekizt á hendur neina skyldu gagnvart stefnanda um greiðslur vegna Auðar sál. um fram það, sem sér hafi verið skylt skv. gildandi lögum á hverjum tíma.

Í málinu er upplýst, að Hafnarfjarðarkaupstaður veitti Auði sál. tvívegis nokkurn styrk til fatakaupa, og að stefndur endurgreiddi Hafnarfjarðarkaupstað hann, þó aðeins að ⅔ hlutum í annað skiptið. Önnur afskipti verður ekki séð, að stefndur hafi haft af Auði sál. Og með því að stefndur þykir ekki með þessum greiðslum hafa gefið stefnanda nokkra ástæðu til að ætla, að hann vildi greiða með Auði sál. eða vegna hennar meira eða lengur en honum kynni að vera það skylt að lögum sem framfærslusveit hennar, þá þykir ekki unnt, gegn mótmælum stefnds, að taka kröfu stefnanda til greina af þessari ástæðu.

Til vara byggir stefnandi kröfuna á því, að stefndur hafi verið hin rétta framfærslusveit Auðar sál., þegar hún andaðist. Stefndur hafi verið framfærslusveit hinnar látnu, er hún fór á hælið, og geti ákvæði hinna nýju framfærslulaga nr. 135 frá 1935 því ekki haft þau áhrif, að stefndur sem framfærslusveit hennar geti losnað undan framfærsluskyldunni né hinum umstefnda kostnaði, og skyldan til greiðslu hans flutzt yfir á dvalarsveitina.

Stefndur heldur því hinsvegar fram, að með gildistöku hinna nýju framfærslulaga hafi hann losazt undan öllum skyldum sínum sem framfærslusveit Auðar sál.

Í 12. gr. hinna nýju framfærslulaga er svo ákveðið, að sérhver íslenzkur ríkisborgari, eldri en 16 ára, eigi framfærslurétt í heimilssveit sinni, þ. e. þar sem hann hafi fast aðsetur og greiði almenn gjöld. Í 13. gr. sömu laga er svo ákveðið, að meðan menn dvelji í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli o. s. frv. eigi þeir framfærslurétt í þeirri sveit, er var lögheimili þeirra, þ. e. heimilissveit, þegar dvölin á þessum stofnunum hófst. Í 79. grein laganna segir loks, að um alla þá, sem séu á sveitarframfæri við gildistöku laganna, komi ákvæði þeirra til framkvæmda þegar í stað.

Í máli þessu verður að telja upplýst, að Hafnarfjörður hafi verið heimilissveit hinnar látnu, þegar dvöl hennar

á hælinu hófst, og hafi því verið það í merkingu framfærslulaganna þangað til hún andaðist, og þareð enginn fyrirvari er gerður um sjúklinga í 79. gr. framfærslulaganna, sem áður er rakin, verður rétturinn að líta svo á, að stefndur hafi losnað við framfærsluskyldu gagnvart Auði sál. við gildistöku þeirra , eða frá 1. janúar 1936, og á greftrunarkostnaði hennar hefir stefndur eigi tekið sérstaklega ábyrgð.

Verða málalok því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Seyðisfjarðarkaupstaður, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Ólafssonar f. h. ríkisspítalanna, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 14. marz 1938.

Nr. 136/1937. **Guðmundur Þorvaldsson**
gegn
Guðrúnu Pétursdóttur.

Barnsfaðernismál.

Úrskurður hæstaréttar.

Málsaðiljum kemur saman um það, að áfrýjandi hafi komið tvisvar á heimili stefndu í septembermánuði 1935. Heldur stefnda því fram, að þau hafi í bæði þessi skipti haft líkamlegar samfarir, en áfrýjandi fullyrðir, að ekki hafi orðið af samförum þeirra á milli í síðara skiptið, sökum þess að þá hafi verið rúmfastur kvenmaður heima í herbergi stefndu. Stefnda hefir hinsvegar neitað því, að nokkur kvenmaður hafi þá verið rúmliggjandi í her-

bergi hennar. Vitnið Kristín Steinsdóttir, sem á þessum tíma bjó í sama húsi og stefnda, en ekki í sama herbergi, hefir borið það, að kvöld eitt síðast í september 1935, að hana minnir, hafi áfrýjandi slegist í för með vitninu og stefndu á Lindargötunni, og hafi þau þá öll farið heim til stefndu og inn í herbergi hennar. Hafi þá þáverandi sambýlisstúlka stefndu, Kristín Sigurðardóttir að nafni, sofið í rúmi þar í herberginu. Áfrýjandi hafi þá aðeins átt þar stutta viðdvöl, og hafi nefnd Kristín Sigurðardóttir alltaf verið þar inni á meðan.

Kristín þessi Sigurðardóttir hefir ekki verið krafin vitnisburðar í málinu. En þar sem skýrsla hennar fyrir rétti viðvíkjandi framangreindu atriði, sem málsaðiljar eru ósammála um, kynni að geta skipt máli, þá þykir rétt að fresta dómsuppsögn í málinu og skylda héraðsdómarann til þess að hlutast til um það, að nefnd Kristín Sigurðardóttir verði leidd sem vitni í málinu og skýrsla tekin af henni um það, hvort hún hafi sjálf orðið vör við eða viti til þess á annan hátt, að áfrýjandi hafi á umræddum tíma ásamt stefndu komið heim í herbergi það, sem þær stefndu bjuggu saman í á Klapparstíg 12, þegar svo stóð á, að hún (Kristín Sigurðardóttir) var í rúmi sínu þar í herberginu, og, ef svo hefir verið, hvort hún geti gefið upplýsingar um það, sem þeim stefndu og áfrýjanda fór á milli í þetta skipti.

Svo ber og að yfirheyra vitnið Kristínu Steinsdóttur nánar um það, hvort hún hafi í umrætt skipti, sbr. vottorð hennar dags. 11. nóvember 1937, dvalizt í herbergi þeirra stefndu og Kristínar Sigurðardóttur allan þann tíma, sem áfrýjandi átti þar viðstöðu, og hvort hún hafi orðið vör við, að Kristín Sigurðardóttir hafi þá vitað um komu áfrýjanda í

herbergið. Einnig ber að spyrja hana um það, hvort umrædd koma áfrýjanda í herbergi stefndu, er Kristín Sigurðardóttir var þar heima, hafi gerzt fyrr eða síðar en það, er vitnið og stefnda hittu áfrýjanda „niður í bæ“ og óku með honum í bifreið, eins og nánar segir í framburði vitnisins í réttarhaldi 14. febrúar þ. á.

Héraðsdómaranum ber að afla upplýsinga um framangreind atriði og önnur, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til, svo fljótt sem verða má.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að hlutast til um, að framhaldsrannsókn fari fram um framangreind atriði svo fljótt sem unnt er, og að útvegaðar verði aðrar þær upplýsingar, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa ástæðu til, að aflað sé.

Miðvikudaginn 16. marz 1938.

Nr. 146/1937. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Theodor B. Lindal)
gegn
Andrési Óskari Ingimundarsyni
(Lárus Jóhannesson).

Bifreiðarslys.

Dómur hæstaréttar.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, átti ákærði að sækja tvo brunaliðsmenn nóttina milli 21. og 22. nóv. 1936 og flytja þá á vettvang, þar sem eldur var

upp kominn, til aðstoðar við að slökkva eldinn. Skýrslu ákærða um ökuhraðann, er hann telur hafa verið um 40 kílómetra á klukkustund áður en hann tók beygju til hægri handar á veginum til að komast fram hjá manni þeim, er fyrir slysinu varð, verður að leggja til grundvallar, með því að engar aðrar upplýsingar eru til um það atriði. Ákærði mátti gera ráð fyrir því, að hann ætti að hraða ferðinni eftir föngum á brunastaðinn, og verður hann því ekki talinn hafa ekið óleyfilega hart á vegarspottanum, sem slysið varð á og er um 6 metra breiður, enda er enginn byggð við veginn þar á alllöngu svæði, og umferð önnur en manns þess, er fyrir slysinu varð, engin þá, að því er telja verður. Verður ákærði því ekki í máli þess dæmdur fyrir of hraðan akstur út af fyrir sig.

Eftir skýrslu Björn Arnórssonar, er fyrir slysinu varð, og ákærða sjálfs gekk Björn á vinstra helmingi vegarins, þegar ákærði varð hans var. Og eftir skýrslu ákærða, sem leggja verður til grundvallar um tildrögin til slyssins, með því að aðrar upplýsingar þar um eru ekki fyrir hendi, byrjaði hann að víkja bifreið sinni til hægri handar á veginum nálægt 5 metrum frá Birni og hefði átt að geta komizt greiðlega fram hjá honum, ef Björn hefði haldið sömu stefnu sem ákærði kveður hann hafa haft, er hann tók fyrst eftir honum, í stað þess að beygja inn á veginn til hægri handar þvert í veg fyrir bifreiðina, eins og ákærði kveður hann hafa gert. Ákærði átti ekki að þurfa að gera ráð fyrir því, að Björn breytti þannig stefnu, heldur miklu fremur hinu, að hann viki til vinstri handar, ef hann breytti nokkuð stefnu á annað borð. Verður samkvæmt þessu ekki talið sannað, að ákærði hafi gerzt sekur

um refsiverða óvarkárni um stjórn bifreiðar sinnar að þessu sinni, og verður hann því ekki dæmdur til refsingar sakir slyss þessa, er í máli þessu greinir.

Ber samkvæmt framanskráðu að sýkna ákærða af kærum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma ríkissjóð til að greiða allan skarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmann ákærða í héraði, 65 krónur, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Það athugast, að lögreglan fór ekki þegar á slysstaðinn, að því er séð verður, enda þótt svo hefði átt að vera, til þess að athuga ummerki á veginum eftir aksturinn og slysið og gera afstöðuuppdrátt af slysstaðnum, eftir því sem unnt kynni að hafa verið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Andrés Óskar Ingimundarson, á að vera sýkn af kærum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða í héraði, cand. jur. Kristjáns Steingrímssonar, 65 krónur, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Lárusar Jóhannessonar, 70 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. sept. 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Andrési Óskari Ingimundarsyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Ásvallagötu 51 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða, og 18. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. júlí 1915, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1935 $^{2}/_{8}$ Aðvörun fyrir afturljósleysi á bifreið.
1936 $^{1}/_{8}$ Sætt 10 króna sekt fyrir of hraðan akstur.
1936 $^{2}/_{8}$ Sætt 200 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina: Aðfaranótt 22. nóvember s. l. var símað á Litlubílastöðina hér í bænum og beðið um að senda bifreið á Sjafnargötu 9 og taka þar slökkviliðsmann og annan á Leifsgötu 14. Fór ákærði í ferð þessa á bifreiðinni R 880, sem er 5 manna fólksflutningaleigubifreið, og ók slökkviliðsmönnunum Halldóri Árnasyni og Þorleifi Valdimar Sigurbrandssyni áleiðis inn á Laugarnesveg, því að þar hafði verið eldur uppi.

Hefir ákærði borið, að slökkviliðsmennirnir hafi sagt sér, að þeir þyrftu að flýta sér, og hann þess vegna talið það skyldu sína að aka greitt. Hinsvegar hafa slökkviliðsmennirnir báðir borið, að þeir hafi ekki beðið ákærða að aka hraðara en ella, og verður sá framburður talinn réttur. En ákærða var ljóst, í hvaða erindum slökkviliðsmennirnir voru, og hefir það eitt að öllum líkindum verið honum hvöt til hraðs aksturs.

Ók nú ákærður skemmstu leið inn á Laugarnesveg, og þegar hann ók niður á þann veg, telur hann sig hafa ekið á ca. 40 km. hraða, miðað við klukkustund.

Þegar á þann veg kom, sá ákærði mann á gangi á undan bifreiðinni, og gekk sá á vinstri vegarbrún. Ætlaði nú ákærði að fara fram fyrir mann þennan í ca. 1 meters fjarlægð, og þegar hann átti eftir ca. 5 metra að manninum, kveðst hann hafa gefið stutt hljóðmerki og dregið úr hraða bifreiðarinnar.

Samtímis færði hinn fótgangandi maður sig til hliðar inn á veginn um ca. ½ meter, en gekk áður ca. 1—2

fet frá vegarbrún, og var þá kominn, frá ákærða séð, beint fyrir bifreiðina. Snarbeygði þá kærði til hægri og hemlaði bifreiðina, en um leið rakst hún á manninn þannig, að hann féll aftur fyrir sig á vinstra frambrettið og lenti með hnakkann á hlífinni, sem gengur fram af þakinu yfir framrúðuna, og hægra olnbogann í framrúðunni, og brotnaði hún um leið, en gluggahlífin dalaðist, en hún var ryðétin á köflum og því ekki eins sterk og í nýjum bifreiðum.

Við árekstur inn kastaðist maðurinn frá bifreiðinni, en ákærði rétti bifreiðina við á veginum og stöðvaði hana í ca. 7 metra fjarlægð frá þeim stað, er maðurinn lá. Frásögn þessi af árekstrinum er byggð á framburði ákærða, þar sem slökkviliðsmennirnir, sem báðir sátu aftur í bifreiðinni, tóku ekki eftir honum, svo að neitt sé á þeirra framburði byggjandi um það atriði, og maðurinn, sem fyrir slysinu varð, man ekkert um það atriði.

Þegar ákærði hafði stöðvað bifreiðina, fór hann þegar, ásamt slökkviliðsmönnum, hinum til hjálpar. Reyndist maðurinn vera Björn Arnórsson verkamaður, Suðurgötu 32 B á Siglufirði.

Lá hann á bakið nærri þvert á veginum, og sneru fæturnir að götubrún vinstra megin. Létu þeir hann upp í bifreiðina, og ók ákærði með hann á landsspítalann. Við röntgenmyndun daginn eftir kom í ljós, að vinstra viðbein hans var brotið, vinstra herðablað sprungið og fjögur rif vinstra megin brotin.

Ennfremur hafði hann fengið sár á höfuð og heilahristing (commotio cerebri), og var vinstri brjósthelmingur mjög sár viðkomu. Lá hann á landsspítalanum til 7. janúar s. l.

Voru beinbrotin þá gróin, en verkir voru í þeim. Var hann þá og með svima og höfuðþyngsli eftir heilahristinginn.

Eftir að hann fór af landsspítalanum var hann um skeið undir hendi Valtýs læknis Albertssonar, og hefir hann gefið vottorð um heilsu hans fram til 8. júní s. l. Var hann þá hvergi nærri jafngóður af meiðslunum, sérstaklega háði svimi honum og hindraðar hreyfingar í axlalið, og hafði dregið allmjög mátt úr handlegg hans og hendi. Kvartaði Björn þá um slæman höfuðverk, drunga

yfir höfði, minnisleysi, sinnuleysi, eymsli í beinbrotsstöðunum og þrautir í kviðarkoli. Var hann þá óvinnufær. Telur læknirinn ekki unnt að svo stöddu að segja um varanleik þessara afleiðinga slyssins, en telur ekki sennilegt, að um verulegar breytingar til batnaðar geti verið að ræða. Þann 13. ágúst s. l. hefir Björn lýst yfir í rétti, að hann sé þá óvinnufær, vinstri hönd sé ófær til átaka og innvortis hafi hann sársauka, stundum svo, að hann hafi ekki viðþol, ennfremur bagi sig enn svimi.

Af þessu er ljóst, að Björn hefir hlotið mjög veruleg meiðsl við slysið, en þar sem enn er eigi víst, nema hann fái bata og hér er um gáleysisverk að ræða, verður verknaður ákærða ekki heimfærður undir 206. sbr. 209. gr. almennra hegningarlaga, og verður því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Þá er að athuga, hvort ákærði hefir með akstri sínum gerzt brotlegur við ákvæði bifreiðalaganna. Í 2. mgr. 6. gr. bifreiðarlaganna er ákveðið, að í kaupstöðum megi ökuhraðinn aldrei vera yfir 25 km. á klukkustund og í lögreglusamþykkt Reykjavíkur, að hann megi þar ekki vera yfir 18 km. á klukkustund. Með því að aka á 40 km. hraða hefir ákærði því brotið nefnda grein bifreiðalaganna. Það að slökkviliðsmenn voru í bifreiðinni á leið til starfs, verður eigi talið leysa ákærða frá því að hlíta gildandi ákvæðum um ökuhraðann, þó það hinsvegar sé nokkuð til afsökunar honum.

Áður en ákærði kom að Birni á veginum, kveðst hann hafa gefið hljóðmerki, en eftir því tóku slökkviliðsmennirnir ekki.

Þykir þó eftir öllum kringumstæðum verða að taka framburð ákærða trúanlegan um þetta atriði. Hann kveðst hafa ætlað að aka í 1 meters fjarlægð frá Birni, og hefði því, þó að Björn færði sig ½ meter inn á veginn, átt að komast fram hjá honum, en það tókst eigi. Verður að telja, að því hafi valdið að verulegu leyti ógætni Björns sjálfs, sem virðist enga athygli hafa veitt bifreiðinni, og svo hitt, að ákærði ók hratt og hefir ekki sýnt þá varúð, sem krefjast verður af bifreiðarstjórum gagnvart öðrum vegfarendum undir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi voru, og kemur í því sambandi til athugunar, að dimmt var af nóttu, vindur og rigning.

Verður ákærði því talinn hafa brotið 6. gr. 2. mgr. og 15. gr. laga nr. 70 8. september 1931, og þykir refsing hans samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. juris Kristjáns Steingrímssonar, kr. 65.00. Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Andrés Óskar Ingimundarson, greiði 200 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Kristjáns Steingrímssonar, kr. 65.00. Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. marz 1938.

Nr. 9/1938. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Benjamín Ólafssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Áfengislagabrot. Sýkna.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu hefir ekki, svo séð verði, farið fram rannsókn á áfengismagni hins heimabruggaða lagar, sem fannst í vörzlum kærða við húsrannsókn þá, sem getur í héraðsdóminum. Brestur þannig alla sönnun fyrir því, að í nefndum legi hafi verið meiri vínandi en löglegt er. Verður þess vegna

að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar í málinu og dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 60.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa hefir verið óhæfilega lengi á döfinni. Löggæzlumaður fremur húsrannsókn hjá kærða 18. júlí 1935, réttarrannsókn hefst fyrst þann 16. desember 1936 og málssókn er tilkynnt kærða þann 21. júní 1937, en héraðsdómurinn uppkveðinn þann 31. ágúst 1937.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Benjamín Ólafsson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 60.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. ágúst 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Benjamín Ólafssyni, bónda í Lækjarkoti, fyrir brot á áfengislögunum nr. 33 frá 1935, samkv. fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins í bréfi dags. 5. apríl 1937.

Málavextir eru þeir, að hinn 18. júlí 1935 gerði löggæzlumaður Björn Blöndal Jónsson húsrannsókn eftir heimabrugguðu áfengi hjá kærðum, samkv. úrskurði sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum sama dag. Samkvæmt skýrslu löggæzlumanns fannst við húsrannsóknina 1 flaska af heimabrugguðu áfengi, full til

axla, auk þess flaska, er fannst úr áfengislykt, og tveir pelar með slatta í af heimabrugguðu áfengi. Segir í skýrslu löggæzlumanns, er kærður hefir undirritað, að kærður hafi kannazt við fyrir löggæzlumanni að hafa bruggað áfengi það, er fannst í flöskunni. Flösku þá, er áfengislykt var úr, sagði kærði, að hann hefði fundið, en annan pelann sagði hann, að Karl Guðmundsson í Borgarnesi hefði beðið sig fyrir, en á hinn hefði hann blandað úr flöskunni af bruggi því, er hann bjó til.

Í lögregluréttti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. des. 1936 tók kærður aftur játning sína fyrir löggæzlumanni um að hafa bruggað áfengi það, er hjá honum fannst, og sagði þá, að Guðmundur Jónsson, póstur í Borgarnesi, er andaðist í janúar 1935, hefði gefið sér flöskuna með innihaldi í des. 1934. Kveðst hann hafa játað á sig fyrir löggæzlumanni að hafa bruggað áfengið, af því að löggæzlumaður hefði sagt sér, að hann yrði að bera ábyrgð á áfenginu, eða tilgreina gefandann, og hefði hann ekki viljað blanda dauðum manni inn í málið. Þá hélt hann því fram í réttinum, að vottar hefði ekki verið við, er hann talaði við löggæzlumann og meðan skýrslan var skrifuð, heldur hefðu þeir skrifað undir á eftir.

Í lögregluréttti Reykjavíkur 4. og 9. febrúar þ. á. gaf löggæzlumaður og lögregluþjónarnir Ágúst Jónsson og Jakob Björnsson, er með honum voru við húsrannsóknina, skýrslu um málið. Bar löggæzlumaður þar, að báðir lögregluþjónarnir hefðu verið viðstaddir, er hann yfirheyrði kærða og hann skrifaði undir skýrsluna, og staðfesta báðir lögregluþjónarnir þá frásögn löggæzlumanns.

Rétturinn lítur svo á, að engin ástæða sé til að vefengja það, að kærður hafi fyrir löggæzlumanni 18. júlí 1935 játað að hafa bruggað áfengi það, er fannst í hinni axlarfullu flösku. Játningu þessa hefir kærði að vísu afturkallað, en það dugir honum ekki til sýknu, því að með skýringu þeirri, er hann hefir gefið á því, hvernig hann hafi fengið flöskuna, að maður, sem látinn er fyrir allöngu áður en flaskan fannst, hafi gefið sér hana, getur hann eigi talizt hafa fært sönnur á, hvernig hann hafi fengið áfengið, og ber því samkvæmt 14. gr. áfengislaganna að dæma hann í sekt samkv. 30. gr. laganna fyrir að hafa ólöglegt áfengi í vörzlum sínum.

Refsing ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið refsað, virðist vera hæfilega ákveðinn 500 kr. sekt í menningarsjóð, og verði sektin eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, komi í hennar stað 25 daga einfalt fangelsi. Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Benjamín Ólafsson, bóndi í Lækjarkoti, greiði 500 — fimm hundruð — króna sekt í menningarsjóð, og komi 25 — tuttugu og fimm — daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún eigi greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði kærði og allan kostnað málsins.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. marz 1938.

Nr. 121/1937. **R. B. Barker & Co**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús s/f Gullfoss og Bjarna Runólfssyni. (Theódór B. Líndal)

Sjóveðréttur til tryggingar vöruúttekt í Englandi. Meðalganga.

Dómur hæstaréttar.

Bú aðalstefnds í héraði, s/f Gullfoss, hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, og var skip félagsins, e/s Gullfoss R.E. 120, selt á nauðungaruppboði þann 29. maí 1936.

Áfrýjandi gerir þær kröfur hér fyrir dómi, að staðfest verði niðurstaða hins áfrýjaða dóms að því

er snertir hið stefnda þrotabú, en þó með þeirri breytingu, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í uppboðsandvirði e/s Gullfoss R. E. 120 fyrir hinum dæmdu fjárhæðum, eða til vara fyrir £ 98—0—7. Svo krefst hann þess og, að stefnt þrotabú verði dæmt til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Þá krefst áfrýjandi þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnds Bjarna Runólfssonar í máli þessu, og að stefndur Bjarni verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Af hálfu hins stefnda þrotabús hefir sú krafa ein verið borin fram hér fyrir dómi, að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða því málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Stefndur Bjarni Runólfsson krefst *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en *til vara*, að sjóveðrétturinn verði aðeins viðurkenndur fyrir £ 5—15—0, og til *þrautavara*, að sjóveðréttur verði ekki dæmdur fyrir hærri fjárhæð en £ 59—18—6. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Í málinu má telja það sannað, að af fjárhæð þeirri, £ 103—15—7, sem áfrýjandi krefst sér til handa, séu £ 98—0—7 fyrir kol, er tekin voru þann 17. marz 1936 til heimferðar skipsins Gullfoss, sem um ræðir í málinu, en það lét í haf frá Englandi þann 18. eða 19. s. m. Áfrýjandi heldur því fram, að afgangur kröfunnar, £ 5—15—0, sé eftirstöðvar af andvirði veiðarfæra, er tekin hafi verið út til nefnds skips, en gegn andmælum stefnds Bjarna Runólfssonar getur ekki talizt sannað, að svo sé, og er ekki upplýst, hvaða viðskipti liggja til grundvallar þessum hluta fjárhæðarinnar. Getur því ekki

komið til álita að dæma sjóveðrétt fyrir þeim hluta kröfunnar.

Stefndur Bjarni Runólfsson hefir haldið því fram, að skuld s/f Gullfoss við áfrýjanda hafi myndazt vegna beins samnings félagsins við hann og án tilverknaður skipstjórans á e/s Gullfoss R.E. 120. Það er viðurkennt, að nefnt félag hafi samið við áfrýjanda um, að hann annaðist sölu afla af skipi þess og sæi um viðgerð á því, en gegn mótmælum áfrýjanda er ekki sannað, að félagið hafi beðið hann sérstaklega að annast innkaup eða greiðslu á kolum til heimferðar skipsins. Verður því að gera ráð fyrir því, að það sé rétt hjá áfrýjanda, að skipstjóri e/s Gullfoss hafi samið um þá úttekt. Þykja því vera fyrir hendi skilyrði samkvæmt 53. gr. og 4. tölulið 236. gr. sbr. 239. gr. siglingalaganna nr. 56/1914, sbr. við 2. gr. laga nr. 30/1936, til þess að dæma sjóveðrétt í uppboðsandvirði e/s Gullfoss fyrir nefndri fjárhæð, £ 98—0—7, og ber því að taka varakröfu áfrýjanda til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður að því er varðar mál áfrýjanda gegn stefndu þrotabúi, en að stefndur Bjarni Runólfsson greiði áfrýjanda 200 krónur í málskostnað fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Stefnt þrotabú s/f Gullfoss greiði áfrýjanda, R. B. Barker & Co, £ 103—15—7 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1936 til greiðsludags og kr. 224.20 í málskostnað í héraði, en málskostnaður í hæstarétti milli þessara aðilja falli niður. Áfrýjandi hefir sjóveðrétt í uppboðsandvirði

e/s Gullfoss R.E. 120 fyrir £ 98—0—7 af hinni dæmdu fjárupphæð, auk vaxta af henni sem áður segir og fyrrgreindri málskostnaðarupphæð.

Stefndur Bjarni Runólfsson greiði áfrýjanda 200 krónur í málskostnað fyrir báðum réttum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 19. júlí 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. júní s. l., er höfðað fyrir sjóréttinum með stefnu útg. 18. júní 1936 af firmanu R. B. Barker & Co, Grímsby í Englandi, gegn s/f Gullfoss hér í bænum til greiðslu skuldar, að upphæð £ 103—15—7 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann skv. framlögðum reikningi kr. 224.20. Ennfremur krefst stefnandi þess, að sér verði tildæmdur sjóveðrétur í b/v Gullfoss R.E. 120 til tryggingar öllum framangreindum kröfum.

Aðalstefndur, s/f Gullfoss, hefir látið mæta í málinu, en engum andmælum hreyft gegn framangreindum kröfum aðalstefnanda. Verður hann því dæmdur til að greiða aðalstefnanda framangreindar upphæðir að fullu.

Með stefnu útg. 26. júní 1936 hefir Bjarni Runólfsson, bóndi að Hólmi í Vestur-Skaftafellssýslu, sem stefndur skv. skuldabréfi dags. 24. júní 1936 með 2 veðrétti í b/v Gullfoss skuldar kr. 10.500.00, gengið inn í mál þetta sem meðalgönguaðili. Hefir hann gert þær réttarkröfur aðallega, að framangreindar kröfur á hendur aðalstefndum verði niðurfelldar, eða til vara, að þær verði lækkaðar, og að ekki verði viðurkenndur sjóveðréttur í b/v Gullfoss fyrir þeim, enda þótt þær yrðu teknar til teknar til greina að einhverju eða öllu leyti. Þá krefst meðalgöngustefnandi og málskostnaðar að skaðlausu sér til handa.

Í meðalgöngusökinni krefst aðalstefnandi sýknu og málskostnaðar.

Með því að stefndur í aðalsök hefir engum andmælum hreyft gegn kröfum aðalstefnanda, verður krafa meðalgöngustefnanda um niðurfellingu eða lækkun framangreindra upphæða ekki tekin til greina, heldur verður aðalstefndur dæmdur til að greiða þær að fullu, eins og áður segir.

Það, að aðalstefndur gerir engar athugasemdir við kröfur aðalstefnanda, nægir hinsvegar ekki gegn mótmælum meðalgöngustefnanda til þess, að aðalstefnanda verið tildæmdur sjóveðréttur í nefndu skipi til tryggingar kröfunum. Verða því næst athugaðir málavextir og ástæður þær, sem meðalgöngustefnandi byggir á þá kröfu sína, að sjóveðréttur verði ekki viðurkenndur í b/v Gullfoss fyrir kröfum aðalstefnanda.

Að því er bezt verður séð á skjölum málsins, virðast málavextir vera þeir, að skip aðalstefnds b/v Gullfoss hafi gengið á veiðar í ársbyrjun 1936 og lagt afla sinn upp í Grímsby. Umboðsmaður útgerðar skipsins um aflasölu þar var aðalstefnandi í máli þessu. Hinn 11. janúar kom skipið til Grimsby og lagði þar upp afla sinn. Er það kom inn þá, skuldaði útgerðin aðalstefnanda £ 209—13—2, sem hann tók af andvirði aflans. Skipið lá síðan í Grímsby til viðgerðar frá 11. janúar til 17. marz 1936, og annaðist aðalstefnandi greiðslu viðgerðarkostnaðarins gegn sérstakri bankatryggingu. Auk þess seldi aðalstefnandi og útvegaði skipinu vörur o. fl. fyrir nokkur hundruð £. Áður en skipið lét úr höfn í Grímsby eftir viðgerðina greiddi aðalstefnandi fyrir það veiðarfærareikning að upphæð £ 43—17—1 og seldi því kol fyrir £ 98—0—7, og þegar heildarreikningurinn var gerður upp, kom fram hin umstefnda skuld.

Aðalstefndi telur sig nú hafa sannað í máli þessu, að sjóveðréttur í skipinu sé fyrir báðum hinum nefndu upphæðum (veiðarfæri og kol), þar eð báðar úttektirnar séu framkvæmdar af skipstjóranum á skipinu og hafi verið nauðsynlegar til framhaldsferðar skipsins, enda telur hann, að stefnukrafan séu þessir liðir reikningsins.

Hinn framlagði reikningur um viðskipti aðalstefnanda og aðalstefnds er mjög ógreinilegur að því leyti, að allar dagsetningar vantar í hann við hinar einstöku úttektir og greiðslur. Það verður þó að ætla, að reikn-

ingurinn sýni viðskiptin í réttri tímaröð, þannig að úttekt, sem fyrr stendur á reikningnum, hafi farið fyrr fram en úttekt, sem síðar stendur. Á eftir nefndum veiðarfærareikningi og kolaúttekt eru færðir margir úttektarliðir, sem samanlagt nema margfalt hærri upphæð en hinni umstefndu skuld og sem skv. framansögðu verður að telja stofnað til á eftir henni. Nú verður það að teljast föst og viðurkennd regla í okkar rétti, að þegar greitt er upp í skuld skv. föstum reikningsviðskiptum, skuli greiðslan skoðast greiðsla upp í elzta hluta viðskiptanna á hverjum um tíma, nema sérstaklega sé um annað samið. Sömu reglu verður að telja gilda, þegar sá, sem út tekur, hefir átt inni hjá þeim, sem úttektina veitir, á þann hátt, að hinar hlaupandi úttektir skulda jafnist við inneignina í þeirri röð, sem þær fara fram í, á meðan að inneignin hrekkur, nema sérstaklega sé um annað samið.

Nú liggja engar sannanir fyrir í máli þessu um það, að svo hafi verið um samið, að greiðslur þær, er aðalstefnandi fékk frá aðalstefndum, skyldu ekki ganga upp í umræddan veiðarfærareikning og kolaúttektina, heldur til greiðslu síðari liða heildarreikningsins.

Skv. framansögðu verður því að telja, að þeir liðir séu þegar greiddir, og þarf því þegar af þeirri ástæðu ekki að taka til athugunar, hvort sjóveðréttur átti annars að fylgja þeim.

Það verður því að telja, að hin umstefnda skuld sé eftirstöðvar síðari úttektar á heildarreikningnum, og með því að ekki er sannað, að þeim úttektum fylgi sjóveðréttur, þá er ekki unnt að taka kröfu aðalstefnanda um viðurkenningu sjóveðréttar í b/v Gullfoss fyrir stefnukröfunum til greina.

Eins og áður segir, verða aðrar kröfur aðalstefnanda teknar til greina að öllu leyti, þar eð aðalstefndur hefir ekki mótmælt því að skulda aðalstefnanda umstefnda upphæð og engar athugasemdir gert við vaxta og málskostnaðarkröfuna.

Eftir þessum úrslitum þykir ekki verða komizt hjá því að dæma aðalstefnanda til að greiða meðalgöngustefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, s/f Gullfoss, greiði aðalstefnandanum R. B. Barker & Co, £ 103—15—7 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1936 til greiðsludags og kr. 224.20 í málskostnað.

Aðalstefnandi greiði meðalgöngustefnanda, Bjarna Runólfssyni, kr. 60.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. marz 1938.

Nr. 13/1937. **Arreboe Clausen** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Sigursveini Egilssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bætur fyrir slit á vinnusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 12. febrúar f. á., fengið hefir gjafsókn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 900.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og ennfremur málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefndi hefir hinsvegar krafizt *aðallega*, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, *til vara*, að hann verði einungis dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 600.00, og málskostnaður fyrir hæstarétti verði látinn niður falla, *og til þrautavara*,

að hann verði einungis dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 700.00, og málskostnaðar fyrir hæstarétti verði látinn niður falla.

Máli sínu til framdráttar hefir áfrýjandi lagt fram hér í dómi bréf Verzlunarráðs Íslands, dags. 26. jan. f. á., þar sem lýst er yfir því áliti Verzlunarráðsins, að afgreiðslumenn við verzlanir í Reykjavík — einnig þeir, sem starfa við afgreiðslu af „lager" — eigi samkvæmt venju rétt til 3ja mánaða uppsagnarfrests, enda sé um að ræða óslitið starf um nokkurt skeið hjá viðkomandi fyrirtæki og hvorki ráðningartími né uppsagnarfrestur ákveðinn í starfssamningi. Sama skoðun er ennfremur höfð uppi í bréfi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, dags. 30. janúar f. á., sem áfrýjandi hefir einnig lagt hér fram. Af hálfu stefnds er það borið fyrir, að greind venjuregla gildi ekki í vinnusambandi því, sem hér skiptir máli, með því að áfrýjandi hafi einungis verið ráðinn um stundarsakir í frátöfum annars manns. En þótt svo kunni að hafa verið í öndverðu, þá verður þó að ætla samkvæmt skildrögum málsins, að vinnusamband aðiljanna hafi framlengzt um óákveðinn tíma, og kemur í því efni einkum til greina, að áfrýjandi vann hjá stefnda samfleytt í 7 mánuði, og að stefndi gaf áfrýjanda þann 18. marz 1936 skriflega yfirlýsingu, þar sem hann skýrir frá því, að sér hafi líkað starf áfrýjanda vel og látið hann hætta störfum hjá sér einungis vegna rýrnunar á verzluninni, sem orðið hafi af völdum innflutningshafta.

Þegar litið er til atriða þeirra, sem nú hafa talin verið, svo og þess, að miða verður uppsagnarfrestinn við mánaðamót, þá verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi átt heimtingu á 3ja mánaða uppsagnarfresti frá 1. marz 1936 að telja, og ber því að taka

kröfur hans til greina og dæma stefnda til að greiða honum 3ja mánaða kaup, eða kr. 900.00 með vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað í héraði, sem ákveðst kr. 120.00, og málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 198.30, en síðarnefnd fjárhæð skiptist þannig, að kr. 98.30 renni í ríkissjóð og kr. 100.00 til talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigursveinn Egilsson, greiði áfrýjanda, Arreboe Clausen, kr. 900.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og kr. 120.00 í málskostnað í héraði, en í málskostnað fyrir hæstarétti greiði stefndi kr. 198.30, og hljóti ríkissjóður þar af kr. 98.30, en talsmaður áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmaður Jón Ásbjörnsson, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. okt. 1936.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 22. apríl 1936 af Arreboe Clausen, hér í bæ, gegn Sigursveini Egilssyni, Fjölnisvegi 3 hér í bænum, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 900.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst þess að verða aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 150.00, og að sér verði tildæmdur málskostnaður. Hvað málskostnaðinn snertir, krefst stefndur þess til vara, að hann verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að 1. ágúst 1935 réðst stefnandi til stefnds, sem verzlar með allskonar vörur tilheyrandi

bifreiðum. Vann stefnandi síðan hjá stefndum þangað til 1. marz 1936, að stefndur lét hann hætta störfum af þeirri ástæðu, að verzlun stefnds hafði rýrnað vegna innflutningshafta.

Hvert starf stefnanda hafi verið, eru aðilar ekki á einu máli um. Telur stefnandi sig hafa verið ráðinn sem skrifstofumann, enda hafi hann unnið töluvert á skrifstofu stefnds. Stefndur telur stefnanda eingöngu hafa verið ráðinn við afgreiðslustörf á lager sínum, og hafi hann eingöngu unnið þar, en ekki á skrifstofunni. Gegn þessari neitun verður ekki talið, að stefnanda hafi tekizt að sanna, að hann hafi unnið sem skrifstofumaður hjá stefndum, og verður því talið, að starf hans hafi verið venjulegt afgreiðslumannsstarf á lager stefnds.

Stefnandi telur, að hann hafi verið ráðinn til óákveðins tíma hjá stefndum, og þar eð stefndur hefir ekki sannað hið gagnstæða, verður þessi staðhæfing stefnanda lögð til grundvallar um ráðningartímann. Laun stefnanda voru kr. 300.00 á mánuði.

Stefnandi telur, að sér hafi eiginlega ekki verið sagt upp starfinu fyrr en 1. marz 1936, og hafi hann þá samstundis verið látinn hætta, og sér greidd laun aðeins til þess dags. Hann telur sig þó hafa átt kröfu til þriggja mánaða uppsagnarfrests frá 1. marz 1936 að telja, og eru dómkröfur hans í máli þessu byggðar á því.

Stefndur telur sig hinsvegar hafa sagt stefnanda upp um miðjan febrúar 1936 frá 1. marz s. á. að telja. Hafi hann því sagt stefnanda upp með hálfsmánaðar fyrirvara, enda hafi stefnandi þá ekkert haft við lengd uppsagnarfrestsins að athuga. Telur stefndur stefnanda í mesta lagi geta hafa átt kröfu á eins mánaðar uppsagnarfresti eða m. ö. o. til kaups til miðs marzmánaðar 1936. Honum hafi verið greitt til 1. marz 1936, og geti hann því í mesta lagi átt kröfu til hálfsmánaðar kaups, eða kr. 150.00, eins og hann sé fús til að greiða.

Rétturinn telur, að uppsagnarfrestinn beri að telja frá mánaðarmótum og skiptir því ekki máli hér ósamræmi það, sem er á skýrslum aðila um uppsagnardag.

Sá frestur, sem stefnandi kynni að eiga kröfu á, yrði að reiknast frá 1. marz 1936, enda þótt uppsögnin hefði farið fram nokkrum dögum fyrr, eins og stefndur telur.

Það verður að telja, að starf stefnanda hafi verið slíkt, að honum hafi borið uppsagnarfrestur. En þar sem ekki hefir verið upplýst af hálfu stefnanda, að þriggja mánaða uppsagnarfrestur sé venjulegur við slík störf sem hér um ræðir, þá verður rétturinn að telja uppsagnarfrestinn hæfilega ákveðinn einn mánuð frá 1. marz 1936 að telja.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigursveinn Egilsson, greiði stefnanda, Arrebo Clausen, kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. marz 1938.

Nr. 73/1937. **Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Haraldur Guðmundsson, Kristján Jónsson, Ólafur Júlíusson, Jón Kristjánsson, Guðmundur G. Hagalín, Rögnvaldur Jónsson og Hannibal Valdimarsson** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Einari B. Guðmundssyni f. h. J. & W. Stuart Ltd.

(Einar B. Guðmundsson).

Ábyrgð meðlima samvinnufélags á skuldum félags eftir að kreppuskil hafa farið fram.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní f. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 3. júlí f. á. og krafizt þess, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnds í málinu og stefndi dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til þess in solidum að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í forsendum hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefir verið gagnáfrýjað, þykir verða að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir verða að dæma áfrýjendur til þess in solidum að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjendur, Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Haraldur Guðmundsson, Kristján Jónsson, Ólafur Júlíusson, Jón Kristjánsson, Guðmundur G. Hagalín, Rögnvaldur Jónsson og Hannibal Valdimarsson, greiði in solidum stefnda, Einari B. Guðmundssyni f. h. J. & W. Stuart Ltd., kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febr. 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er skv. samkomulagi höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 13. janúar 1937 af hrm. Einari B. Guðmundssyni f. h. firmans J. & W. Stuart Ltd. Musselburgh gegn þeim Finni Jónssyni, framkvæmdastjóra Samvinnufélags Ísfirðinga, Eiríki Einars-

syni, formanni félagsstjórnarinnar, Haraldi Guðmundssyni skipstjóra Kristjáni Jónssyni erindreka, Ólafi Júlíussyni skipstjóra, Jóni Kristjánssyni skipstjóra, Guðmundi G. Hagalín rithöfundi, Rögnvaldi Jónssyni skipstjóra og Hannibal Valdimarssyni ritstjóra, sem allir eru félagsmenn í Samvinnufélagi Ísfirðinga, til greiðslu skuldar in solidum að upphæð £ 314—10—4, að frádregnum kr. 365.48, ásamt 6% ársvöxtum af £ 231—10—6 frá 20. ágúst 1935 til 9. október 1935 og af £ 314—10—4 frá þeim degi til 2. júlí 1936, en síðan af £ 314—10—4, að frádregnum kr. 365.48, frá 2. júlí 1936 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá M. F. Í.

Stefndir krefjast *aðallega* sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins, en *til vara* hafa þeir mótmælt vaxtakröfu stefnanda, og krefjast þess að vera ekki dæmdir til að greiða meira en 5% ársvexti og aðeins frá stefnudegi.

Málavextir eru þeir, að í byrjun janúar 1936 sendi stefnandi umboðsmanni sínum í máli þessu, hrm. Einari B. Guðmundssyni, kröfu að upphæð £ 314—10—4 til innheimtu hjá Samvinnufélagi Ísfirðinga, Ísafirði. Var krafan upphæðir tveggja víxla, annars að upphæð £ 230—0—0 með gjalddaga 20. ágúst 1935, en hins að upphæð £ 70—19—0 með gjalddaga 9. okt. 1935, bankakostnaðar £ 2—0—4, skuld fyrir tvinna £ 11—1—8, umbúðir £ 0—5—0 og símskeytakostnaðar £ 0—4—4. Þegar umbm. stefnanda barst krafan, hafði Samvinnufélag Ísfirðinga sótt um lán úr Skuldaskilasjóði vélbátaeigenda, og var kröfunni því lýst til sjóðsins með bréfi dags. 11. jan. 1936. Í júní 1936 mun stjórn sjóðsins hafa gengið frá frumvarpi til skuldaskila fyrir félagið, þar sem lagt var til, að almennar kröfur, en í þeim flokki var krafa stefnanda, yrðu greiddar með 5%. Hinn 2. júlí 1936 var frumvarpið borið undir atkvæði kröfuhafa og greiddi meiri hluti þeirra atkvæði með því. Umboðsmaður stefnanda á fundinum neitaði hins vegar að samþykkja frumvarpið og greiddi atkvæði gegn því.

Stefnandi vildi nú ekki una þessum úrslitum, þar sem hann taldi, að félagsmenn í samvinnufélaginu bæru solidariska ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þrátt fyrir skuldaskilin. Þessa skoðun stefnanda tilkynnti umbm. hans stjórn samvinnufélagsins m. br. dags. 26. okt. 1936 og bað þess jafnframt, að sér yrði gefin vitneskja um, hvort fé-

lagsmenn myndu greiða það, sem ekki fékkst við skuldaskilin (þ. e. 95% kröfunnar) án málssóknar. S. d. var stjórn skuldaskilasjóðs tilkynnt hið sama og jafnframt óskað eftir greiðslu á þeim 5%, eða kr. 365.48, sem stefnanda bar úr sjóðnum skv. skuldaskilunum. Hinn 27. október 1936 voru umbm. stefnanda greiddar kr. 365.48 (5% kröfunnar) úr skuldaskilasjóði, og alllöngu síðar tilkynnti samvinnufélagið, að einstakir félagsmenn þess myndu ekkert greiða, og eru því ógreidd þau 95% kröfunnar, sem ekki fengust úr sjóðnum, og hefir stefnandi nú höfðað mál þetta gegn nokkrum einstökum félagsmönnum samvinnufélagsins til greiðslu þessara eftirstöðva.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að í 4. gr. laga Samvinnufélags Ísfirðinga sé svo fyrir mælt, að félagsmenn beri einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á skuldum félagsins og skuldbindingum. Þetta ákvæði beri að skoða sem venjulegt ábyrgðarloforð og skv. því og 3. gr. 2. mgr. samvinnufélagalaganna nr. 36/1921 og með hliðsjón af 21. gr. skuldaskilasjóðslaganna nr. 99 frá 1935 sem er svohljóðandi: „Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda“, sé vafalaust, að hinir einstöku félagsmenn séu skyldir til að greiða það, sem ekki fékkst úr skuldaskilasjóðnum, eða þau 95% hinnar upphaflegu kröfu, sem ekki fengust greidd úr skuldaskilasjóði.

Stefndir byggja sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að einstakir félagsmenn í Samvinnufélagi Ísfirðinga séu ekki, að afloknum skuldaskilum í Skulaskilasjóði vélbátaeigenda ábyrgir með eignum sínum fyrir þeim hluta af skuldum félagsins, sem ekki hafi fengizt greiddur eða tryggður við skuldaskilin. Enginn vafi sé á því, að skuldbinding félagsins sem félags sé liðin undir lok. Um afstöðu félagsmanna sem einstaklinga sé því tvennt til. Annaðhvort beri að skoða þá sem venjulega ábyrgðarmenn fyrir skuldum félagsins eða þá að telja verði félagið og félagsmennina samtengda þannig, að það og þeir í heild séu einn óaðgreinanlegur aðili. Nú hafi stefnandi gefið óskilyrta fullnaðarkvittun fyrir skuld félagsins við sig (sbr. síðar), og þar sem það sé regla íslenzks réttar, að skuld verði ókræf

hjá ábyrgðarmönnum, ef hún fyrir eftirgjöf falli niður gagnvart aðalskuldara, þá leiði af því, að hin umkrafða skuld sé fallin niður, ef félagsmenn séu skoðaðir sem ábyrgðarmenn fyrir skuldum félagsins. Séu félagið og einstakir félagsmenn hins vegar skoðaðir sem einn óaðgreinanlegur aðili, þá leiði af því, að fullnaðarkvittunin til félagsins sem slíks hljóti einnig að vera fullnaðarkvittun til einstakra félagsmanna. Af þessu leiði sýknu þeirra, ef engin ákvæði í skuldaskilasjóðslögunum sjálfum kvæðu öðruvísi á og þannig breyttu hinum almennu reglum. Í 21. gr. þeirra sé að vísu sagt, að þótt skuld falli niður gagnvart aðalskuldara, þá haldi hún gildi sínu gagnvart ábyrgðarmönnum, en greinin eigi aðeins við það tilvik, þegar ábyrgðarmaður hafi með sérsamningi tekið á sig ábyrgð, en hinsvegar alls ekki, þegar ábyrgðin sé stofnuð án sérstaks loforðs, t. d. bara með því að gerast félagsmaður í samvinnufélagi með ótakmarkaðri ábyrgð, og útiloki greinin því stefnanda frá að ganga að þeim um greiðslu hinnar umstefndu upphæðar. Framkvæmd skuldaskilasjóðslaganna sýni einnig ljóslega, að þessi skilningur sé réttur, þar sem annars hefði átt að draga bú hvers einstaklings innan félagsins undir skuldaskilin, en það hafi, sem kunnugt sé, ekki verið gert.

Rétturinn verður nú að telja, að skv. 3. gr. 2. tölul. samvinnufélagalaganna og 4. gr. laga samvinnufélagsins séu einstakir félagsmenn á bak við félagseignina ábyrgðarmenn í venjulegum skilningi fyrir skuldum félagsins og verður því ekki fallizt á það með hinum stefndu, að unnt sé að telja skuld þessa fallna niður gagnvart þeim af þeirri ástæðu, að þeir og félagið séu einn aðili, og með því að kvitta félagið fyrir skuldinni, þá hafi þeir líka raunverulega verið kvittaðir fyrir henni. En enda þótt telja verði einstaka félagsmenn aðeins ábyrgðarmenn fyrir skuldum félagsins, þá er ekki unnt að telja þá almennu reglu gilda í þessu falli, að með því að kvitta félagið fyrir skuldinni hafi stefnandi svift sig rétti til að krefjast hennar af ábyrgðarmönnunum, þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi var skv. skuldaskilasjóðslögunum og með samþykkt annara skuldheimtumanna félagsins gegn vilja sínum knúinn til þess að kvitta félagið sem slíkt fyrir

skuldinni, enda greiddi hann atkvæði gegn skuldaskilunum. Er þá næst að athuga, hvort 21. gr. skuldaskilasjóðslaganna hefir að geyma ákvæði, sem undanþiggi stefndu ábyrgð á hinni umstefndu skuld.

Í gr. er, eins og áður segir, ákveðið, að skuldaskilin haggi ekki heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda.

Rétturinn álítur, að í réttarsambandi félagsins, sem er lögpersóna, og stefnanda beri að skoða hvern einstakan félagsmann sem þriðja mann, og þar sem telja verður, að þeir hafi sett ábyrgð fyrir kröfum á félagið með inngöngu sinni í það, sbr. áður tilvitnaðar gr. samvinnufélagalaganna og laga Samvinnufélags Ísfirðinga, og þar eð 21. gr. skuldaskilasjóðslaganna virðist engan mun gera á því, hvernig ábyrgðin er sett, hvort heldur með sérstakri ábyrgðarskuldbindingu eða með þeirri athöfn, að gerast félagsmaður, þá verður ekki talið, að sú grein útiloki stefnanda frá því að gera kröfu sína gildandi gagnvart hinum stefndu. Þá getur rétturinn heldur ekki fallizt á það með hinum stefndu, að framkvæmd skuldaskilasjóðslaganna skeri úr um það, að krafa stefnanda sé orðin ókræf hjá þeim. Framkvæmd laganna sker á hvorugan veginn úr máli þessu.

Í öðru lagi byggja stefndir sýknukröfuna á því, að stefnandi hafi með fyrirvaralausri kvittun sinni til skuldaskilasjóðs, dags. 27. okt. 1936, viðurkennt, að hann hafi fengið fullnaðargreiðslu á þessari umstefndu kröfu, og með því svipt sig rétti til þess síðar að beina kröfu sinni að einstökum félagsmönnum í Samvinnufélagi Ísfirðinga. Á þetta verður ekki fallizt. Orðalag kvittunarinnar og bréfið, sem stefnandi afhenti sjóðnum um leið og kvittað var fyrir því, sem hann hlaut úr honum, og sem áður er getið (dags. 26. okt. 1936), sbr. og bréfið, sem stefnandi sendi stjórn samvinnufélagsins, dags. 26. okt. 1936, skera ótvírætt úr um það, að stefnandi áskildi sér einmitt rétt til að ganga að einstökum félagsmönnum um greiðslu eftirstöðva skuldarinnar um leið og hann undirritaði kvittunina, enda þótt það sé ekki berum orðum tekið fram í sjálfri kvittuninni. —

Aðalkrafa stefnda verður því af framangreindum ástæðum ekki tekin til greina.

Stefndir hafa gert varakröfu um, að vextir yrðu aðeins tildæmdir frá stefnudegi og þá einungis 5% p. a. Um upphæð vaxtanna verður þessi krafa stefndra tekin til greina og þeir því aðeins dæmdir til að greiða 5% p. a., en hinsvegar verða þeir dæmdir til að greiða vexti af skuldarupphæðinni eins og hún hefir verið á hverjum tíma, þó aðeins frá því að skuldaskilasjóði barst krafan eða frá 13. janúar 1936.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndir verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda £ 314—10—4, að frádregnum kr. 365.48, ásamt 5% ársvöxtum af £ 314—10—4 frá 13. janúar 1936 til 2. júlí 1936 (samþykkt skuldaskilanna) og af £ 314—10—4 að frádregnum kr. 365.48 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað, er eftir málavöxtum þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Haraldur Guðmundsson, Kristján Jónsson, Ólafur Júlíusson, Jón Kristjánsson, Guðmundur G. Hagalín, Rögnvaldur Jónsson og Hannibal Valdemarsson, greiði in solidum stefnandanum, hrm. Einari B. Guðmundssyni f. h. J. & W. Stuart Ltd., £ 314—10—4, að frádregnum kr. 365.48, ásamt 5% ársvöxtum af £ 314—10—4 frá 13. janúar 1936 til 2. júlí 1936 og af £ 314—10—4 að frádregnum kr. 365.48 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. marz 1938.

Nr. 79/1937. **Tryggingarstofnun ríkisins**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Snorra Jónssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Kviðslit eigi talið slys, er Tryggingarstofnun ríkisins sé skylt að bæta.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 14. ágúst f. á. krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnds, og stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hálfu stefnds, sem fengið hefir gjafsókn og sér skipaðan talsmann, er þess hinsvegar krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Þá krefst og talsmaður stefnds málflutningslauna sér til handa í héraði og fyrir hæstarétti.

Líkamsmein það, sem stefndi krefst slysabóta fyrir í máli þessu, tjáir hann hafa borið að með þeim hætti, að hann hafi átt leið upp stiga úr lest skipsins „Maí" þann 27. júlí 1936 í sambandi við uppskipunarvinnu sína á skipinu og hafi sér þá skrikað fótur af stigarim, þegar hann ætlaði að vega sig upp á karm lestaropsins. Við þetta hafi sig tekið í kviðinn og hann fundið til allmikils sársauka, en samt hafi hann haldið áfram starfi sínu, það sem eftir var vinnudagsins. Þegar hann gekk til rekkju

um kvöldið, hafi hann séð gúl á vinstra nára, sem þó hafi horfið, er hann lagðist fyrir. Tveimur dögum seinna, eða þann 29. s. m., leitaði stefndi læknis, sem gerði með uppskurði að meini hans þann 4. ágúst s. á., eftir að hafa sannreynt, að hér var um nárakviðslit að ræða.

Þegar litið er til þess, að áreynsla sú, sem stefndi tjáist fyrst hafa kennt kviðslitsins í sambandi við, hvorki var óvenjuleg né svo mikil, að búast hefði mátt við, að óbilaður maður hefði af hlotið líkamsmein, og þegar þess er ennfremur gætt, að upplýst er, að raunfróðir læknar telja langflest nárakviðslit vera annaðhvort meðfædd eða myndast smátt og smátt, án þess að þeir, sem veila þessi býr með, verði hennar varir fyrr en hún skyndilega kemur fram, oft við lítið tilefni eða jafnvel án sérstaks tilefnis, þá verður ekki álitið, að kviðslit stefnds sé til komið fyrir slys, sem bótaskylt sé samkvæmt 9. gr. laga nr. 26 frá 1936. Verður þess vegna að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnds í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun hins skipaða talsmanns stefnds í héraði og fyrir hæstarétti, er ákveðast kr. 180.00, greiðast úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Tryggingarstofnun ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnds, Snorra Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnds í héraði og fyrir hæstarétti,

hæstaréttarmálflutningsmanns Einars B. Guðmundssonar, kr. 180.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er, að fengnu gjafsóknarleyfi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 1. marz 1937 af hrm. Einari B. Guðmundssyni hér í bæ f. h. Snorra Jónssonar, verkamanns á Akureyri, gegn Tryggingarstofnun ríkisins hér í bænum til greiðslu læknis og sjúkrahúskostnaðar, ásamt dagpeningum, samtals að upphæð kr. 253.85, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndur, Tryggingarstofnun ríkisins, krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi tjáir, að 27. júlí 1936 var hann að vinna við uppskipun kola úr gufuskipinu Mai, sem þá lá á Akureyrarhöfn. Stefnandi var þarna í þjónustu Kaupfélags Eyfirðinga og var slysatryggður af því hjá Tryggingarstofnun ríkisins. Á meðan á uppskipuninni stóð var stefnandi eitt sinn á leið upp lestarstigann. Er hann var að fara yfir lestarkarminn, kveðst hann hafa þurft að teygja vinstra fót allmikið, en um leið hafi sér skrikað fótur í stiganum. Við þetta hafi sig tekið í kviðinn og jafnframt hafi hann fundið allmikið til. Stefnandi hélt þó áfram við vinnu sína til kvölds. Þegar hann háttaði um kvöldið, sá hann gúl í vinstra nára, sem þó hvarf, er hann lagðist út af. Hinn 29. júlí leitaði stefnandi til Péturs Jónssonar, læknis á Akureyri, vegna „bólgu“ í vinstri nára, sem síðar reyndist kviðslit, en svo virðist sem læknirinn hafi ekki séð, að um það væri að ræða fyrr en 31. júlí. Segir læknirinn m. a. í vottorði, er hann hefir gefið um ástand stefnanda: „Var hann (þ. e. stefnandi) það slæmur af þessu, að hann réðist í að láta gera að sér skurð 4 dögum seinna ...“ Læknirinn gerði síðan við kviðslitið með skurðaðgerð 4. ágúst og taldi hann stefnanda orðinn jafngóðan 21. ágúst 1936.

Stefnandi var, eins og áður segir, tryggður hjá Tryggingarstofnun ríkisins við vinnu sína, er hann varð fyrir

áfallinu. Taldi hann henni því skylt að greiða sér læknis- og sjúkrakostnað, ásamt dagpeningum, en þegar því var neitað, höfðaði hann mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur.

Tryggingarstofnunin byggir sýknukröfu sína á því, að kviðslit stefnanda stafi ekki af slysi, heldur hafi verið um sjúkdóm að ræða, og beri henni því ekki skylda til að greiða stefnanda hina umkröfðu upphæð.

Í vottorði Péturs Jónssonar læknis, dags. 20. nóv. 1936, segir svo um þetta atriði: „... Tel ég ekki hægt að efa, að kviðslitið hafi myndazt við þetta áfall (þ. e. þegar stefnanda skrikaði fótur í lestarstiganum), því sjaldan er hægt að fá öllu ákveðnari orsök fyrir kviðsliti. Að veilan hafi búið í honum, er harla ólíklegt, þar sem maðurinn er á beztu skeiði (hann var 46 ára) og vöðvar ekkert farnir að rýrna, en hinsvegar, ef um meðfædda veilu væri að tala, þá hefði kviðslitið átt að koma fram löngu fyrr. — Það er að minnsta kosti víst, að Snorri hefir aldrei kvartað um kviðslitsóþægindi fyrr en 27. júlí s. l. strax eftir að hann varð fyrir áfallinu."

Þá hefir og verið lögð fram álitsgjörð frá lækni Tryggingarstofnunar ríkisins, Sigurði Sigurðssyni berklayfirlækni, og er hún dagsett 22. marz 1937. Hefst álitsgjörðin á því, að læknirinn skilgreinir hugtakið slys. Síðan skýrir hann frá, að það muni almennt viðurkennt af læknum, að langflest nárakviðslit myndist hægt og hægt, enda sé mikill fjöldi þeirra meðfæddur. Oft geti litið svo út, að kviðslit, sem komið hafi smátt og smátt, komi fram skyndilega. Geti í þeim tilfellum verið, að kviðslitið hafi verið myndað eða jafnvel komið fram, en eitthvert lítilfjörlegt tilefni orðið til þess að viðkomandi varð þess var. Telur læknirinn kviðslit stefnanda til komið á þann hátt, að það sé myndað af sjúkdómi, en hafi aðeins komið fram við þetta „lítilfjörlega" tilefni. Slík myndun kviðslita sé og mörgum sinnum algengari en myndun þeirra við slysfarir. Þetta kveður læknirinn, að sé orsök þess, að slysatryggingar á Norðurlöndum og í Þýzkalandi hafi sett ströng skilyrði fyrir því, að kviðslit teljist bótaskylt. Síðan telur hann hin helztu þeirra. Þá fer hann nokkrum orðum um áfall stefnanda og segir loks: „... og samkvæmt þeirri greiningu, er almennt er notuð um slys og sjúkdóma, mun

enginn vafi geta leikið á því, að hér sé um sjúkdóm, en eigi slys, að ræða. ...“

Þessa álitsgerð fékk Pétur Jónsson til umsagnar og svarar hann henni með umsögn dags. 29. apríl 1937. Telur hann umrætt áfall einkar líklegt til að hafa valdið kviðslitinu, þótt engin veila væri fyrir, enda telur hann kviðslit þetta uppfylla öll skilyrði, er Sig. Sigurðsson telji slysatryggingar setja fyrir því, að kviðslit sé bótaskylt.

Þessi umsögn var send Sigurði Sigurðssyni. Svarar hann henni 11. maí 1937 og telur enn, að kviðslit stefnanda uppfylli ekki þau skilyrði, að það verði talið slysakviðslit, heldur stafi það af sjúkdómi og sé því ekki bótaskylt.

Loks hafa umsagnir nefndra lækna verið sendar prófessor Guðmundi Thoroddsen til umsagnar. Felst hann í öllum atriðum á það, sem Sigurður heldur fram, og segir að lokum svo í umsögn sinni, sem dagsett er 25. maí 1937: „.... mér þykir sjúkdómslýsingin bera það með sér, að ekki geti verið um „slysakviðslit“ að ræða eftir því, sem þau eru skilgreind í fræðibókum.“

Slysatrygging ríkisins hafa ekki verið settar neinar reglur um það, hvenær kviðslit skuli teljast slysakviðslit og bótaskylt og hvenær ekki.

Því er ekki neitað í málinu, að kviðslit stefnanda hafi komið fram við áðurnefnt áfall, enda þótt Sigurður Sigurðsson og Guðmundur Thoroddsen telji, að það muni hafa verið myndað að mestu eða öllu leyti áður, og þar eð ekki liggja fyrir sannanir um, að það hafi verið myndað áður, og áfall það, er stefnandi varð fyrir, var að áliti læknis þess, sem stundaði hann, nægilegt til að valda kviðslitinu, þá þykir verða að taka dómkröfur stefnanda í máli þessu til greina. Að vísu veita umsagnir læknanna Sigurðar Sigurðssonar og Guðmundar Thoroddsen líkur fyrir því, að stefnandi hafi haft a. m. k. hneigð (Anlæg) til kviðslits fyrir áfallið, en þær verða þó með engu móti taldar sönnun fyrir því, og ber stefndum því að bæta stefnanda slysið með þeirri upphæð, er hann krefst án nokkurrar lækkunar, enda hefir réttmæti upphæðarinnar út af fyrir sig ekki verið vefengt. Vaxtakrafan verður og tekin til greina skv. kröfu stefnanda. Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefndan til að greiða kostnað

af málinu, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 100.00. Þar af renni kr. 35.00 í ríkissjóð, en kr. 65.00 til stefnanda.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Tryggingarstofnun ríkisins, greiði stefnandanum, Einari B. Guðmundssyni f. h. Snorra Jónssonar, kr. 253.85 með 5% ársvöxtum frá 1. marz 1937 til greiðsludags. Í málskostnað greiði stefndur samtals kr. 100.00. Renni kr. 35.00 af málskostnaðinum í ríkissjóð, en kr. 65.00 til stefnanda sjálfs.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri að för að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1938.

Nr. 48/1937. **Réttvísin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Jóni Halldórssyni (Jón Ásbjörnsson).

Ákæra um þjófnað, svik og vanrækslu í sýslun.

Dómur hæstaréttar.

Ákæruatriðin á hendur ákærða í máli þessu eru þrjú:

I. Að hann sé valdur að hvarfi 2000 króna úr sjóði Ágústs J. Johnson sparisjóðsgjaldkera, 27.—28. jan. 1936.

II. Að hann sé valdur að hvarfi 1000 króna úr bundnu og innsigluðu seðlabúnti, er í áttu að vera 25000 krónur í 100 kr. seðlum, og er þá brot þetta talið hafa verið framið 13.—15 nóvember 1935.

III. Að hann hafi gerzt sekur um refsiverða vanrækslu í starfi sínu sem aðalféhirðir Landsbankans síðan 2. okt. 1934, er hann tók við því starfi.

Um I.

Eins og í héraðsdómnum segir, var ákærði ekkert riðinn við flutning á sjóðkassa Ágústs J. Johnson eftirmiðdaginn 27. jan. 1936 niður í geymsluskáp þann í kjallara bankans, þar sem sjóðkassar gjaldkeranna fimm voru geymdir milli starfstíma bankans, né heldur við flutning kassans úr geymslu þessari upp í afgreiðslusal bankans morguninn 28. s. m. Samkvæmt prófum málsins hafði ákærði engan lykil að kassa þessum fengið, og í málinu er ekkert komið fram um það, að hann hafi haft hugmynd um það, að í einu hólfi í skúffu Sigurðar gjaldkera Sigurðssonar væri lykill, sem kynni að mega nota til að opna téðan sjóðkassa með, né heldur, að opna mætti skúffu þessa með mörgum venjulegum skrifborðslyklum, og að ákærði hefði því getað auðveldlega í hana komizt. Ekki verður heldur ályktað af skýrslu vitnanna Þorbjargar Guðjónsdóttur og Sigurðar Sigurðssonar, að lykill þessi hafi nokkurn tíma verið hreyfður úr aftasta hólfinu í skúffu þessari, þar sem Sveinn Þórðarson hafði skilið hann eftir, er hann sleppti gjaldkerastörfum í hendur Sigurðar Sigurðssonar, á þeim tíma, er gefið er í skyn, að ákærði kynni að hafa náð í hann og notað hann til glæpsamlegs verknaðar, enda fannst lykill þessi rétt eftir hvarfið úr kassa Ágústs J. Johnson einmitt á þeim stað, þar sem Sveinn Þórðarson tjáist hafa skilið hann eftir, undir gömlum umslögum og smádóti, og gat hann vel hafa leynzt þar án þess að téð vitni, sem ekki tjást hafa vitað von lykilsins þar, yrðu hans vör. Og eru vitnin bæði samhljóða um það, að lykillinn hafi vel getað verið þarna, án þess að þau veittu honum eftirtekt. Þær grunsemdir, sem héraðsdómurinn hefir að geyma á hendur ákærða

um það, að hann kunni að hafa náð í lykil þenna og notað hann til að opna sjóðkassa Ágústs J. Johnson, hafa því ekki við rök að styðjast. Með þessum athugasemdum má fallast á niðurstöðu héraðsdómsins um sýknun ákærða af kæruatriði því, er hér greinir.

Um II.

Sig. Sigurðsson gjaldk. kannaðist við það í lögreglurétti oftar en einu sinni, að umtal hafi orðið milli hans og ákærða um það, að umrætt seðlabúnt væri laust bundið, þegar Sigurður afhenti ákærða það 13. nóv. 1935. Þorvarður gjaldkeri Þorvarðsson hefir borið það í lögreglurétti, að hann hafi ekki tekið strax, er ákærði afhenti honum búntið, eftir því, að það væri losaralegt, heldur fyrst, er hann athugaði það nánar. Af samanburði milli vitnisburða þessara manna virðist enganveginn verða leidd nein ályktun um það, að búntið hafi verið nokkru losaralegra í böndum, þegar Þorvarður fekk það hjá ákærða en þegar ákærði tók við því hjá Sigurði. Verður því enginn grunur felldur á ákærða af því, að breyting nokkur hafi orðið á búntinu frá því að hann tók við því af Sigurði og þar til hann afhenti Þorvarði það. Eftir prófum málsins virðast 1000 krónurnar hafa vantað í búntið, þegar Sigurður Sigurðsson afhenti ákærða það, en að öðru leyti vantar upplýsingar um feril þess frá því að það fór út úr útibúi Landsbankans á Klapparstíg og þar til það kom úr Útvegsbankanum í Landsbankann 13. nóv. 1935. Með framangreindum athugasemdum má og fallast á niðurstöðu héraðsdómsins um sýknun ákærða af þessu kæruatriði.

Um III.

Þetta kæruatriði greinist í þrjú undiratriði, er nú skulu talin:

1. Eins og í héraðsdómnum segir, tjáði Sveinn gjaldkeri Þórðarson ákærða sumarið 1935, að tekizt hefði að opna sjóðkassa Ágústs J. Johnson með sjóðkassalykli Sveins. Þegar ákærði svo kom til þeirra til athugunar á þessu, þá sögðu þeir honum, að þetta mundi vera óþarfa ómak fyrir hann, því að ekki hefði tekizt að opna kassann aftur með þessum hætti, og mundi þetta vera tilviljun ein. Sjálfir komu gjaldkerar þessir ekki með nein tilmæli um neinar aðgerðir út af þessu, og virðast því hafa talið fulltryggt, þótt við svo búið væri látið standa. Þótt segja megi, að varlegra hefði verið að láta annan hvorn gjaldkera þessara fá annan kassa, þá verður þó ekki talið, að ákærði hafi með því að láta sér nægja ummæli gjaldkeranna í þá átt, að hér mundi engra aðgerða við þurfa, og með því að haga sér samkvæmt því, gerzt sekur um vanrækslu, er refsingu varði.

2. Eins og í héraðsdóminum greinir, voru sjóðkassar allra fimm gjaldkera Landsbankans geymdir milli starfstíma bankans í sama járnskápnum í kjallara bankans, og gjaldkerarnir gátu fengið lykil að skápnum hjá ákærða til þess að láta þar inn og taka þaðan út sjóðkassa sína. Í tíð aðalféhirðis þess, er gegndi því starfi næst næst á undan ákærða, höfðu þrír starfsmenn bankans sinn lykilinn hver að kassageymsluskáp þessum, og var það óátalið af bankastjórn og um einn þeirra eftir beinu fyrirlagi hennar. Næsti fyrirrennari ákærða í aðalféhirðisstarfinu breytti þessu að vísu svo, að því er virðist af sjálfsdáðum, að hann einn hafði lykla að kassageymslu-

skápnum. Ákærði fekk engar fyrirskipanir um tilhögun á þessu hjá yfirboðurum sínum, er hann tók við starfanum, og óupplýst er, hvort nokkur skipun hefir verið um þetta gefin þar til mál þetta var höfðað. Í rannsókn út af atriðum þeim, er í I. og II. að framan getur, sem fram fór 29. jan.—12. febr. 1936, kom það skýrt fram, hver háttur var á lyklavaldi að skáp þessum hafður, og var engu um hann breytt, að því er séð verður, á tímabilinu 12. febrúar 1936 til 28. des. s. á., er rannsókn hófst aftur í lögregluréttti um áðurgreind atriði. Virðist af þessu öllu mega ráða, að yfirboðarar ákærða hafi ekki talið neitt athugavert við þessa tilhögun, enda óhugsandi, að þeim hafi ekki verið hún kunn. Ákærði taldi sér, eftir því, sem áður er sagt, óhætt að treysta því, að kassi hvers gjaldkeranna yrði einungis opnaður með sínum rétta lykli, og leit því svo á, að hættulaust væri að hafa þessa skipun, og sömu skoðunar hafa yfirboðarar hans væntanlega verið. Samkvæmt þessu verður ákærði ekki talinn hafa unnið sér til refsingar fyrir skipun þá, er hann hafði á um meðferð lykla að kassageymsluskápnum.

3. Ákærði taldi ekki þegar seðlana í búnti því, er í II. að framan getur, af því að hann og aðrir töldu þá umbúðaðinn svo öruggan, að ekki væri unnt að ná seðlum úr slíkum búntum, nema skorið væri á böndin, enda höfðu stundum komið laust bundin búnt úr Klapparstígsútibúinu áður, án þess að í þau vantaði, enda virðast og gjaldkerarnir, er við búnti þessu tóku hjá ákærða, hafa verið grunlausir í þessu efni. Þótt ákærði teldi ekki þegar seðlana í búnti þessu, verður hann því ekki talinn hafa gerst sekur um refsivert gáleysi.

Verður samkvæmt framansögðu að sýkna ákærða

af öllum kærum og kröfum réttvísinnar í máli þessu. Ber því að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða þar, 200 krónur, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 280 krónur til hvors, úr ríkissjóði.

Í lögreglurétti Reykjavíkur þann 8. janúar 1937 var kveðinn upp úrskurður um það, að ákærði skyldi settur í gæzluvarðhald, og er sú ályktun rökstudd þannig, að hann sé „undir sterkum grun um að hafa stolið þeim peningum, sem rannsókn þessi er út af (þ. e. atriði þau, sem í I. og II. að framan greinir), en hann vill ekki við það kannast, og málið er enn ei fyllilega rannsakað." Var ákærði samkvæmt úrskurði þessum í gæzluvarðhaldi til 11. janúar 1937. Úrskurði þessum hefir ákærði fengið áfrýjað með málinu samkvæmt stefnu 7. janúar þ. á., og hefir verjandi hans krafizt ómerkingar á úrskurði þessum. Í rannsókn málsins hefir ekkert fram komið, er efni gefur til slíkra harðyrða í rökstuðningi á nauðsyn gæzluvarðhalds, og verður að átelja slíkt orðalag. Nauðsyn gæzluvarðhalds byggist á mati rannsóknardómarans á atvikum og aðstæðum. Brezkur maður, er tjáist hafa verið einkarannsóknari brotamála, hafði verið fenginn, að því er virðist, að tilhlutan forráðamanna Landsbankans, til að rannsaka efni þau, er í I. og II. að framan greinir. Hafði þessi maður fengið þá hugmynd, að ákærði væri sekur bæði um töku fjár úr sjóðkassanum og seðlabúntinu, og reynt að sýna rannsóknardómaranum fram á, að svo væri. Enda þótt eftirgrennslanir og hugleiðingar manns þessa virðist hafa leitt fátt og lítið í ljós, er máli skipti um sekt eða sýknu

manna, gat rannsóknardómarinn ekki, er hann kvað upp varðhaldsúrskurðinn, vitað, nema eftirgrennslanir manns þessa um málsatvik kynnu, beint eða óbeint, að leiða til staðraunar á brotum þeim, er um var að ræða, og að hugleiðingar hans um afstöðu ákærða kynnu að verða stoð í rannsókn og dómsálagningu í málinu. Það verður því, eins og á stóð, ekki talið, að mat rannsóknardómarans á nauðsyn gæzluvarðhalds í máli þessu hafi verið þannig, að ómerkja beri varðhaldsúrskurðinn. —

Með prófum málsins að lokinni rannsókn sendi héraðsdómarinn svokallaða „Ákæru“ (indictment), er framangreindur brezkur maður hafði samið á hendur ákærða. „Ákæra“ þessi, sem hefir að geyma margar staðhæfingar og ályktanir, sem enga stoð hafa í prófum málsins og mjög eru ákærða andstæðar, var ekki, svo að séð verði, borin undir ákærða áður en málið var sent dómsmálaráðuneytinu. Og verður að telja slíka meðferð óviðeigandi.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Halldórsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum réttvísinnar í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða í héraði, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 200 krónur, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar 280 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. apríl 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Jóni Halldórssyni, aðalgjaldkera og skrifstofustjóra í Landsbanka Íslands, til heimilis að Hólavallagötu 9 hér í bæ, fyrir brot gegn 13. og 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 23. kapítula sömu laga sbr. lög nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabrigða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. nóvember 1889, og hefir hvorki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Þann 2. október 1934 var ákærður settur aðalféhirðir Landsbanka Íslands, og hefir hann gegnt því starfi síðan, og jafnframt hefir hann verið skrifstofustjóri bankans.

Atriðum þessa máls er rétt að skipta í þrennt:

Í fyrsta lagi peningahvarfið úr gjaldkerakassa Ágústs Johnsons sparisjóðsgjaldkera, í öðru lagi peningahvarfi úr seðlabúnti einu og í þriðja lagi, hvort ákærði hefir með vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu í bankanum gerzt sekur gegn ákvæðum 13. kapítula hinna almennu hegningarlaga. Verða nú þessi atriði athuguð hvert um sig.

1.

Veturinn 1935 til 1936 var sjóðvörzlu bankans þannig hagað, að aðalféhirðirinn, það er ákærði, fékkst ekki við talningu og hafði engan sérstakan kassa undir höndum, en við afgreiðsluna störfuðu 5 gjaldkerar, 2 í sparisjóðsdeildinni og 3 í öðrum deildum bankans. Gjaldkerar þessir höfðu hver um sig einn peningakassa undir höndum, og fylgdu hverjum kassa 2 lyklar að hvorum. Utan starfstíma gjaldkeranna voru kassar þessir geymdir í peningaskáp í kjallara bankans, og hafði ákærði einn manna lykil að þeim skáp. Þegar ákærði tók við aðalgjaldkerastarfinu, tók hann við tveimur lyklum að peningaskáp þessum eða kassageymslu, og hafði hann aðeins annan þessara lykla í notkun, en hinn geymdi hann meðal annara varalykla í seðlageymslu bankans, en henni er læst með tveimur mismunandi læsingum, og hafði ákærður lykil að annari þeirri læsingu, en aðalbókari bankans hafði lykil að hinni, og var því ekki unnt að

komast í seðlageymsluna, nema með báðum þessum lyklum í einu.

Lykil þann að kassageymslunni, er ákærði hafði í notkun, geymdi hann í læstri skúffu í eldtraustum skáp, sem víxlar bankans eru geymdir í, og er skápur sá í herbergi vestur af afgreiðslusal bankans, en það herbergi hafði ákærði til eigin afnota. Lykil þann að skúffu þeirri, er kassageymslulykillinn var geymdur í, geymdi ákærður í skúffu í skrifborði í áðurnefndu einkaherbergi sínu, og var sú skúffa jafnan ólæst í afgreiðslutímanum.

Er gjaldkerarnir þurftu að flytja sjóði sína í kassageymsluna eða sækja þá þangað, og ákærður var ekki viðlátinn í afgreiðslunni eða einkaherbergi sínu, gátu þeir náð í lykilinn að kassageymslunni sjálfir með því að taka lykilinn úr skrifborðsskúfunni og opna hina læstu skúffu í víxlaskápnum, sem virðist oftast nær hafa verið ólæstur, og taka síðan kassageymslulykilinn. Gátu þeir síðan notað hann eftir þörfum og látið hann síðan á sama stað. Var það að ráði ákærða, að gjaldkerarnir höfðu þannig aðgang og not að þessum lykli. Slíkan umgang um kassageymsluna höfðu allir gjaldkerar bankans utan sparisjóðsdeildarinnar, en gjaldkerar sparisjóðsdeildarinnar hvorki fluttu né sóttu sína sjóði í kassageymsluna.

Var það venja, að einhverir hinna fyrrgreindu gjaldkera bæru kassa sparisjóðsgjaldkeranna á morgnana upp í afgreiðslusalinn, og eins, að einhver þeirra bæri þá niður í kassageymsluna að loknum starfstíma á daginn. Stundum annaðist ákærði sjálfur þennan flutning kassanna, annaðhvort einn eða hann var með einhverjum gjaldkeranna, en oft annaðist einhver gjaldkeranna það einn.

Að morgni þess 20. (sic) janúar 1936 kom Ágúst Johnson, gjaldkeri við sparisjóðsdeild bankans, að máli við ákærða og tjáði honum, að við athugun á kassa sínum þá um morguninn hefði hann orðið þess var, að í hann vöntuðu krónur 2000, er í honum höfðu verið daginn áður, þegar hann gerði upp og gekk frá kassanum. Hafi verið í honum eftir uppgjör daginn áður krónur 23060.00, þar af kr. 10000.00 í sérstöku umvafi, en nú vanti kr. 2000 í umvaf þetta. Fluttu þeir nú kassann inn í einka-

herbergi ákærðs, og taldi hann þar þá peninga, er í kassanum voru, og reyndust þeir vera samtals kr. 21060.00.

A. J. Johnson gjaldkeri hefir skýrt frá því, að hann sé þess algerlega fullviss, að peningar þessir hafi horfið úr kassanum frá því hann skildi við hann í lok starfstímans, þann 27. janúar, og þar til um morguninn 28. janúar. Við uppgjörið þann 27. janúar stóð svo sérstaklega á, að hann þrítaldi sjóðinn. Fyrst taldist honum hann réttur, en í annað sinn vantaldi hann sjóðinn um 1000 krónur, en í þriðja sinn gekk hann fyllilega úr skugga um, að í kassanum væru kr. 23060. Telur hann því ekki geta komið til mála, að um mistalningu sína hafi verið að ræða.

Eftir þessa talningu gekk A. J. Johnsen frá kassa sínum og læsti honum með lykli, og bað hinn sparisjóðsgjaldkerann, Ingibjörgu Björnsdóttur, sem vinnur í sömu gjaldkerastúku og hann og þá hafði ekki lokið uppgjöri á sínum sjóði, að sjá um afhendingu á kassanum til flutnings niður í kassageymsluna. Fór A. J. Johnson síðan úr bankanum, en kassi hans stóð á borðinu hjá Ingibjörgu, meðan hún var að gera upp sinn sjóð og ganga frá sínum kassa. Þegar hún hafði lokið því, gekk hún yfir að gjaldkerastúku Sigurðar Sigurðssonar, gjaldkera við seðlabankann, og bað hann að annast flutning á sparisjóðsgjaldkerakössunum niður í kassageymsluna. Brá Sigurður strax við og náði í lykilinn að kassageymslunni inni í herbergi ákærðs, tók síðan kassana og bar þá niður í kjallara og kveðst hafa farið með þá rakleitt í kassageymsluna og sett þá þar inn og læst síðan kassageymslunni. Fór hann síðan áleiðis upp aftur til að sækja sinn eigin kassa, sem þá var tilbúinn, en í dyrunum úr afgreiðslusalnum niður í kjallarann mætti hann Þorvarði Þorvarðarsyni gjaldkera, er þá var á leið niður í kassageymsluna með sinn kassa. Afhenti hann þá Þorvarði lykilinn að kassageymslunni og hélt síðan áfram og sótti sinn kassa, og þegar hann kom aftur niður með hann, var Þorvarður búinn að koma sínum kassa fyrir í geymslunni, og eftir að Sigurður hafði sett sinn kassa þangað, læsti Þorvarður kassageymslunni með lyklinum, og fóru þeir síðan báðir upp úr kjallaranum, og lét Þorvarður lykilinn á sinn stað.

Við þennan flutning á kassa Johnsons var ákærði ekki riðinn, og hefir ekki orðið upplýst, að hann hafi um flutning þennan vitað fyrr en síðar, að farið var að grafast fyrir um peningahvarfið.

Ákærði hefir skýrt frá því, að um klukkan 10 mínútur yfir fimm þennan dag, þegar að Jón Leós gjaldkeri hafði lokið uppgjöri á sínum sjóði, hafi þeir báðir farið með kassa hans niður í kassageymsluna, og hafi hann þá sjálfur læst henni eftir að þeir höfðu komið kassanum þar fyrir. Hins vegar kveðst Jón Leós hafa farið úr bankanum á undan sparisjóðsgjaldkeranum þennan dag, og komi það því ekki til mála, að hann hafi farið með ákærða niður í kassageymsluna á þeim tíma, er ákærður segir.

Framburðum sínum um þetta atriði hafa þeir ákærði og Jón Leós ekki breytt undir rannsókn málsins, og stendur þar því staðhæfing gegn staðhæfingu, og hefir ekki reynzt unnt að upplýsa, hvort réttara er. Þó skal þess getið, að í einu réttarhaldi undir rannsókninni hefir ákærði talað um, að sig kunni að misminna um þetta atriði og það geti verið, að hann hafi verið einn, þegar hann gekk frá kassageymslunni. Að öðru leyti hefir hann haldið fast við staðhæfingu sína um þetta atriði.

Frá þessum tíma, þegar að ákærði læsir kassageymslunni og þangað til næsta morgun, hefir ekki upplýzt, að neinn hafi farið í kassageymsluna, hvorki ákærði né aðrir.

Næsta morgun kl. rúmlega 9 fékk Jón Leós kassageymslu lykilinn hjá ákærða og sótti sinn kassa í kassageymsluna og flutti þá einnig kassa A. J. Johnsons upp í hans gjaldkerastúku, og tók Johnson þar við honum sjálfur, og við athugun, er hann gerði þá, kom í ljós peningahvarfið, sem fyrr segir.

Í þessu sambandi ber þess að geta, að dag nokkurn nálægt miðju sumri 1935, eftir því sem næst verður komizt, voru þeir Ágúst Jón Johnson og Sveinn Þórðarson, sem nú er settur útibússtjóri við útibú Landsbankans í Hafnarfirði, staddir í gjaldkerastúku þess fyrrnefnda í afgreiðslusal bankans. Gegndi Sveinn þá gjaldkerastörfum í bankanum og notaði kassa þann, er Sigurður Sigurðsson gjaldkeri síðan fékk eftir að hann tók við gjaldkerastarfi Sveins, þegar hann tók við gjaldkerastarfi sínu í

Hafnarfirði. Barst þá tal þeirra að sjóðvörzlu bankans, og í því sambandi féllu orð þeirra á milli um, að ef til vill gengju lyklar gjaldkeranna hver að annars kassa. Í því sambandi reyndi Sveinn að opna kassa Johnsons með sínum lykli, og tókst það. Að því búnu gerði Sveinn ákærða aðvart um það, sem gerzt hafði, og kveðst hafa sagt við hann, að hér þyrfti einhverrar aðgerðar við. Ákærður var eitthvað upptekinn þá í augnablikinu, og í millitíðinni frá því, að Sveinn kallaði á hann og þangað til hann kom, reyndu þeir aftur að opna Johnsons kassa með Sveins lykli, en þá tókst þeim það ekki. Þegar svo ákærði kom til þeirra til að aðgæta þetta, sagði Sveinn honum, að þetta mundi vera óþarfa ómak fyrir hann, því nú gæti hann ekki opnað kassann. Gerði ákærði nú engan frekari reka að máli þessu, og féll allt tal um þetta atvik niður.

Undir rannsókn málsins hefir ákærði neitað, að hann myndi eftir þessu atviki. Þó hefir hann sagzt muna, að einhvern tíma hafi einhver minnzt á það við sig í bankanum, að tekizt hefði að opna kassa eins gjaldkeranna með lykli annars, og að í því sambandi hafi þess verið getið við sig, að seinna hafi það ekki tekizt. Þessu kveðst ákærði ekki hafa skipt sér af vegna þess, að sér hafi aldrei komið til hugar, að nokkur gjaldkeranna mundi nota sér, að lykill hans gengi að kassa annars gjaldkera til þess að stela úr honum.

Þar sem það því undir rannsókn málsins taldist sannað, að ákærði hafði fengið vitneskju um það, að opna mætti kassa Johnsons með lykli þeim, er gekk að kassa Sveins, en Sigurður hafði til afnota á þeim tíma, er peningarnir hurfu, þá var athugað, hvernig gætt hefði verið lykla Sigurðar og hvort ákærði mundi hafa komizt yfir eða haft aðgang að öðrum þeirra og tekizt að opna með honum kassa Johnsons. Við þá athugun kom í ljós, að þegar Sveinn Þórðarson lét af störfum í bankanum, afhenti hann Sigurði sjóð þann, er hann hafði undir höndum og lykla að skúffunni í gjaldkerastúkuborðinu. Sveinn hafði haft undir höndum 2 lykla að kassanum, og ekki hefir upplýst, að um fleiri lykla að honum hafi verið að ræða. Annan þessara lykla bar hann alltaf á lyklakippu, og notaði hann þann lykil daglega. Þennan lykil afhenti

hann Sigurði. Hinn lykilinn geymdi hann í hólfi í skúffu þeirri í gjaldkeraborðinu, er hann var vanur að geyma smápeninga í. Innan við smápeningahólfin eru tvö hólf og hefir ekki fyllilega tekizt að upplýsa, í hvoru þeirra hólfa lykillinn var geymdur. Í öðru þessu hólfi lá lykillinn með viðfestu merkisspjaldi með nafni Sveins rituðu á, og í hólfinu lágu auk þess fleiri lyklar og ýmislegt fleira smádót. Sveinn kveðst ekki muna glögglega, hvort hann sagði Sigurði frá lykli þessum, en heldur þó, að svo hafi verið, en Sigurður hefir stöðugt haldið því fram, að Sveinn hafi ekki getið um þennan lykil við sig, og kveðst hann hafa haldið, að hinn lykillinn að kassanum væri geymdur í einkaherbergi ákærðs. Aldrei kveðst hann hafa orðið lykils þessa var í skúffunni, og kveðst hann þó telja, að hann hefði hlotið að verða hans var, ef hann hefði verið þar. Þorbjörg Guðjónsdóttir, gjaldkeri í bankanum, gegndi gjaldkerastarfi Sigurðar þar, meðan hann var í fríi haustið 1935. Afhenti Sigurður henni þá einungis einn lykil að kassanum og sagði henni, að ekki væri um fleiri lykla að honum að ræða. Hún skoðaði í skúffu þá, er lykillinn átti að vera í, þegar hún tók við starfinu, og varð ekki lykilsins vör, en telur sig þó hafa athugað svo vel í skúffuna, að hún hefði sennilega rekizt á lykilinn, ef hann hefði verið í henni.

Þegar Sveinn afhenti Sigurði kassann og lykilinn, gat hann ekki sérstaklega um það við ákærða né heldur sagði hann ákærða frá lyklinum í skúffunni.

Eftir að peningarnir hurfu úr kassa Johnsons, var Sveinn eitt sinn staddur í bankanum, og kom þá ákærði að máli við hann og spurði hann, hvort ekki hefðu verið til tveir lyklar að hans kassa, meðan hann hefði haft hann undir höndum. Kvað Sveinn svo hafa verið og sagði, að lykillinn hlyti að vera í gjaldkerastúku Sigurðar. Fór hann síðan til Sigurðar, er þá opnaði smápeningaskúffuna, og fann hann þá lykilinn á sama stað og hann hafði skilið við hann. Þegar að lykillinn fannst, lét ákærði engin orð falla í þá átt, að honum hefði verið kunnugt um, hvar lykillinn var niður kominn, og er það ósannað, að honum hafi verið það kunnugt. Er þessi lýsing byggð á skýrslu Sveins Þórðarsonar og sumpart á framburði Sigurðar Sigurðssonar. En um þessi atriði hefir framburður

ákærðs verið mjög óljós, og hann ekki talið sig muna þessi atvik.

Skúffu þá, sem aukalykill Sigurðar var geymdur í, mátti opna með mörgum venjulegum skrifborðslyklum. Þykir því mega ganga út frá því, að ákærða hafi verið innan handar að fara í skúffu þessa og hafa þannig aðgang að lyklinum. Framburður Sigurðar Sigurðssonar og Þorbjargar Guðjónsdóttur bendir til þess, að lykillinn hafi verið hreyfður úr skúffunni á tímabilinu frá því Sveinn Þórðarson lét af gjaldkerastörfum, unz hann vísaði á lykilinn í skúffunni, en eigi er það þó víst, með því að vera kann, að þeim Sigurði og Þorbjörgu hafi sézt yfir hann. En að því er ákærða snertir, er það hvorki sannað, að hann hafi haft lykilinn undir höndum né haft vitneskju um geymslustað hans.

Annað hvort sama daginn, sem peninganna var saknað, eða daginn eftir, var ákærður staddur með öllum gjaldkerunum niður í kassageymslunni, og prófaði þá ákærði, hvort lyklar þeirra gengju að kassa Johnsons, en þá tókst ekki að opna hann með lyklum hinna gjaldkeranna. En við þessa athugun kom í ljós, að lyklar þeirra Jóns Leós og Þorvarðar Þorvarðarsonar gjaldkera voru alveg samskonar og gengu að kössunum á víxl. Eigi hefir upplýzt, að neinum hafi áður verið um þetta kunnugt. Mjög skömmu síðar fór ákærði með Sigurði gjaldkera niður í kassageymsluna, og reyndi hann þá að opna kassann með lykli Sigurðar, og tókst það þá greiðlega.

Ákærði hefir undir rannsókn málsins stöðugt þrætt fyrir það að vera valdur að umræddri sjóðvöntun í kassa A. J. Johnson gjaldkera, sem ekki er nánar en að framan greinir upplýst um, hve nær eða með hvaða hætti hafi orðið. Og með því að sú ályktun verður ekki dregin af þeim gögnum öðrum, sem fyrir liggja í málinu og rakin hafa verið, að ákærði sé sekur um þetta athæfi, þá ber að sýkna hann af þessu atriði ákærunnar.

2.

Hinn 15. nóvember 1935 stóð þannig á, að Jón Leós gjaldkeri þurfti að greiða til ríkisféhirðis allstóra peningaupphæð, og var sendimaður frá ríkisféhirði staddur við afgreiðslustúku gjaldkerans til að taka við peningunum.

Hringdi gjaldkerinn þá til ákærða og bað um seðlabúnt, og kom hann þá brátt með seðlabúnt og afhenti gjaldkeranum það orðalaust. Í búnti þessu áttu að vera kr. 25000.00. Þegar gjaldkerinn tók við búntinu, veitti hann því ekki strax athygli, að það væri laust í böndunum, en þegar hann ætlaði að opna það og brá hníf undir bandið, til að skera á það, tók hann eftir því að bandið gaf óvenjumikið eftir. Þegar hann hafði losað umbúðirnar af seðlunum og hann fór að athuga innihald búntsins, tók hann eftir því, að í því voru ekki nema 24 þúsund krónur. Í því voru 3 seðlapakkar, einn með 5 þúsund krónum, annar með 10 þúsund, en einn með 9 þúsund krónum, en í hinum síðastnefnda pakka áttu að réttu lagi að vera 10 þúsund krónur.

Búnt þetta var bundið og lakkað í Austurbæjarútibúi Landsbankans hér í bæ þann 28. desember 1934, og áttu samkvæmt áritun á það að vera í því 25 þúsund krónur. Á þeim tíma, er búnt þetta var bundið, hafði Sigurjón Jónsson, þáverandi gjaldkeri og umsjónarmaður útibúsins, það verk á hendi í útibúinu, að telja í búntin, binda þau og ganga frá þeim. Hefir hann skýrt frá því, að hann hafi ætíð tvítalið í hvert búnt, og telji hann því útilokað, að sér hafi nokkurntíma mistalizt, og að á þeim tíma, er hér skiptir máli, hafi aldrei verið yfirballance í kassa hans, svo neinu nemi.

Það hefir því við alla rannsókn málsins verið gengið út frá því, að búntið hafi upphaflega innihaldið 25 þúsund krónur. Þegar rakinn er ferill þessa seðlabúnts, kemur í ljós, að þann 13. nóvember 1935, eða tveimur dögum áður en peninganna var saknað úr því, var það afhent Sigurði Sigurðssyni, gjaldkera Landsbankans, sem greiðsla til bankans frá Útvegsbanka Íslands h/f. Frá því að það var bundið og þangað til þennan dag er því ekki annað um það vitað, en að það hafi verið flutt úr Austurbæjarútibúinu niður í aðalbankann, því að þangað eru öll búnt frá útibúinu fyrst flutt, og að það hefir síðan komizt til Útvegsbankans. Á öllu þessu tímabili var búntið ekki tekið upp.

Eigi er upplýst, hver flutti seðlabúnt þetta úr Útvegsbankanum í Landsbankann umrætt skipti og afhenti það þar Sigurði Sigurðssyni. En gjaldkeri Útvegsbankans hefir

borið, að ekkert seðlabúnt hafi verið afgreitt til Landsbankans, er komið hafði í ljós um, að væri lausara eða losaralegar bundið en venja er til um slík búnt.

Sigurður Sigurðsson hefir skýrt frá því, að hann muni það ekki með vissu, hvort hann veitti því nokkra eftirtekt, að búntinu væri nokkuð áfátt, hvað umbúðir snerti, þegar hann tók við því af sendimanni Útvegsbankans. Sama daginn og hann tók við búntinu afhenti hann það ákærða, eins og venja er til í bankanum með slík búnt. Þegar ákærði tók við því, hafði hann orð á því við Sigurð, að búntið væri óvenju losaralega bundið, og hefir ákærði skýrt frá því, að hann hafi oft áður fjallað um losaralega bundin búnt í bankanum, en þó hafi þetta verið alveg sérstaklega áberandi laust bundið.

Flutti ákærði nú búntið í seðlageymslu bankans, en daginn eftir, þegar Þorvarður Þorvarðarson gjaldkeri þurfti að fá seðlabúnt hjá ákærða til notkunar þá um daginn, afhenti ákærði honum þetta sama búnt, án þess að geta nokkurs sérstaks um það. Þegar til kom, þurfti Þorvarður ekki á búntinu að halda um daginn og opnaði það því ekki. Þegar hann fékk búntið, veitti hann því athygli, að það var óvenjulega losaralega bundið. Í lok starfstímans um daginn afhenti hann svo ákærða aftur búntið, og flutti ákærði það enn í seðlageymsluna. Daginn eftir fékk Jón Leós búntið, og kom þá í ljós, að í það vantaði, eins og áður segir.

Ekki er vitað, að ákærði hafi haft nein afskipti af búnti þessu fyrr en þann 13. nóvember, er hann tók við því úr höndum Sigurðar Sigurðssonar gjaldkera. Hann hafði þá strax orð á því við Sigurð, að búntið væri óvenjulega laust bundið. Hins vegar kveðst Sigurður ekki minnast þess, að hann hefði veitt þessu athygli meðan hann hafði búntið undir höndum. Daginn eftir, þegar á-ákærði afhenti Þorvarði Þorvarðarsyni búntið, tók Þorvarður eftir því, að það var alveg óvenjulega laust í böndunum. Ef bornir eru saman framburðir þeirra Þorvarðar og Sigurðar, mætti af þeim álykta sem svo, að frá því Sigurður afhenti ákærða búntið og þangað til ákærði afhenti Þorvarði það, hefði búntið breytzt þannig, að það hefði losnað í böndum, eða með öðrum orðum, að í millitíðinni hefðu verið teknar úr því þær 1000 krónur,

er í það vantaði. Þetta er þó engan veginn víst. Bæði er það, að ákærði tók eftir því sjálfur og hafði orð á því, að búntið væri óvenjulega laust í böndum, er hann tók við því af Sigurði, og vel má vera, að Sigurður hafi einnig tekið eftir því, að búntið var losaralegt, þó að hann við prófin gæti ekki um það borið, enda er hans framburður um þetta ekki skýr. Eins getur ósamræmi það, sem er milli framburðar Sigurðar og Þorvarðar um þetta atriði, stafað af misjafnlega skarpri athyglisgáfu þeirra, þannig að Þorvarður hafi tekið eftir séreinkenni á búntinu, sem Sigurður ekki tók eftir, þó að það væri fyrir hendi, þegar hann hafði búntið undir höndum. Það verður því ekki talið sannað, að búntið hafi á nokkurn hátt breytzt á umræddu tímabili, meðan það var í vörzlu ákærða.

Ákærði kveðst hafa þekkt, að hið umrædda búnt var það sama, sem hann tók við hjá Sigurði, á þeim atriðum, sem hér á eftir verða talin: Fyrst og fremst kveðst hann hafa þekkt það á því, að það var með merki Austurbæjarútibúsins og á það ritað með grænu bleki með rithönd Sigurjóns Jónssonar, er áður er nefndur. Ennfremur kveðst hann hafa þekkt það á því, að hann hafi geymt það eitt út af fyrir sig í seðlageymslunni í þeim hluta hennar, sem geymd voru seðlabúnt þau, er ætluð voru til daglegrar notkunar í bankanum. Kveðst hann hafa geymt það eitt út af fyrir sig af því, hve óvenjulega laust það var bundið.

Nú er það svo, að á þessum tíma voru mörg fleiri seðlabúnt frá Austurbæjarútibúinu í bankanum, og Sigurjón Jónsson hafði þá um langt skeið notað grænt blek við áritun á seðlabúnt, svo að þessi atriði hafa ekki getað verið nein glögg séreinkenni. Má því ætla, að ákærði hafi frekast þekkt, að um sama búntið var að ræða, af því, að hann hafi ávallt haldið búntinu út af fyrir sig. En eins og síðar verður nánar að vikið, virðist það harla óeðlileg ráðstöfun ákærða sem aðalgjaldkera bankans, að halda þessu óvenjulega laust bundna búnti sérstöku án þess þá jafnframt að telja í því, og einmitt að reyna að koma því sem fyrst í umferð.

Sé gengið út frá því, að rétt hafi verið talið í búntið upphaflega, virðist ljóst, að peningar þeir, er í búntið vöntuðu, hafi verið teknir úr því án þess að losa af því

böndin eða rjúfa innsiglin. Einn starfsmaður bankans hefir skýrt frá því undir rannsókn málsins, að sér hafi dottið í hug aðferð, er nota mætti í þessum tilgangi, og hafi hún tekizt, og með henni hefir reynzt unnt að ná þeirri upphæð, er úr búntinu hvarf, úr vel bundnu búnti á circa þriggja mínútna tíma, án þess að nokkur merki þess sæjust á búntinu á eftir, nema að það óhjákvæmilega varð lausara í böndum. Framkvæmdi þessi starfsmaður þetta á þann hátt, að hann stakk tveim pappírshnífum inn í búntið og vatt seðlana síðan út úr því með þeim, án þess að umbúðirnar röskuðust við það.

Maður þessi átti tal um þetta við ákærða, og þeir reyndu aðferðina báðir saman, en ekkert hefir komið í ljós, er bendi á, að ákærði hafi að fyrra bragði gert sér grein fyrir neinni aðferð, er nota mætti í nefndum tilgangi.

Hér að framan hafa verið talin öll þau helztu atriði, er að ákærða lúta viðvíkjandi vöntun umræddra 1000 króna í seðlabúntið. Hefir ákærði stöðugt neitað að vera valdur að hvarfi þessara peninga, og eins og málsatvik þau, sem að framan er lýst, bera með sér, hefir rannsóknin ekki á annan hátt leitt það í ljós, að ákærði eigi sök á því. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar, hvað það snertir.

3.

Hér að framan hefir verið rætt um hin meintu auðgunarbrot ákærða, og sú niðurstaða fundin, að hann beri að sýkna af ákærum réttvísinnar um þau.

Er þá eftir að athuga, hvort ákærði hefir með vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu í Landsbankanum gerzt sekur um brot gegn 13. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Skal þetta nú athugað.

Eins og áður segir, var það á sumrinu 1935, að Sveinn Þórðarson, þáverandi gjaldkeri við bankann, sagði ákærða, að tekizt hefði að opna gjaldkerakassa A. J. Johnsons með sínum gjaldkerakassalykli, og að út af því þyrfti einhverjar ráðstafanir að gera. Þegar ákærði ætlaði að athuga þetta og kom til Sveins og Johnsons, þar sem þeir voru hjá umræddum kassa, sagði Sveinn honum, að þetta mundi vera ómak fyrir hann, því að nú gæti hann ekki opnað kassann. Út af þessu atviki aðhafðist ákærði ekkert, og féll það í þagnargildi.

Eitt höfuðverkefni aðalfélhirðis bankans verður að teljast eftirlitið með aðstoðargjaldkerunum, og ætti aðalféhirðirinn að geta gætt þessa sérstaklega gaumgæfilega, þegar hann sjálfur hefir ekki á hendi talningu eða venjuleg gjaldkerastörf, eins og tilfellið var með ákærða. Það er því greinilega hlutverk aðalféhirðis að hafa eftirlit með hinum einstöku peningakössum aðstoðargjaldkeranna, að þeir séu fullkomlega í lagi, og að lyklar að kassa eins þeirra gangi ekki að kassa eða kössum annara, og það því fremur sem gjaldkerarnir fóru tíðum einir í kassageymsluna, eins og fyrr segir.

Það verður því að telja, að það hafi verið fortakslaus skylda ákærða, þegar honum var sagt frá því, að tekizt hafði að opna kassa Johnsons með lykli Sveins, að skerast í málið og fullvissa sig sjálfur um, hvað rétt væri í þessari frásögn, og ef hún reyndist rétt, þá að bæta úr göllunum. Þetta var honum skylt að gera, enda þótt Sveinn segði honum, að sér hefði ekki tekizt að opna kassann, þegar hann reyndi það aftur, því að sú staðreynd var fyrir hendi, að þetta hafði í eitt skipti tekizt. Þetta atferli ákærða verður að teljast stórkostleg vanræksla í starfi hans og varða við 144. sbr. 145. gr. hegningarlaganna.

Þá skal athuga umsjón ákærða með kassageymslunni, sem er fjárhirzla sú, er um ræðir í 81. gr. reglugerðar nr. 83 21. desember 1928, um Landsbanka Íslands. Reglugerð þessi gerir einungis ráð fyrir einum féhirði við bankann, en vegna vaxandi starfa bankans og skiptingar hans í þrjár starfsdeildir samkvæmt 1. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928 hefir reynzt óhjákvæmilegt að hafa fleiri starfandi féhirða. Reglugerðin gerir ráð fyrir, að féhirðir bankans hafi einn lykil eða lykla að fjárhirzlu þeirri, er honum sé fengin, og á þeim tíma, er hér skiptir máli, var það ákærði einn, sem hafði lykla að fjárhirzlu þessari eða kassageymslu. Annan lykilinn, er hann taldi varalykil, geymdi hann í seðlageymslu bankans, og er það í samræmi við fyrirmæli 82. greinar bankareglugerðarinnar.

Skal nú vikið að gæzlu ákærða á hinum lyklinum, sem notaður var daglega.

Eins og fyrr segir, geymdi hann lykil þennan í læstri skúffu í víxlaskápnum í einkaskrifstofu sinni, en lykil-

inn að skúffu þessari geymdi hann í ólæstri skúffu í skrifborði sínu. Var því auðvelt fyrir hvern þann, sem aðgang hafði að herberginu og vissi um þetta, að ná í lykilinn og þannig skapa sér möguleika til að komast í kassageymsluna. Um þessa tilhögun vissu gjaldkerarnir og gengu að lyklinum, þegar þeir þurftu hans með, án þess að ákærði kæmi þar nærri, og var það með fullri vitund og vilja ákærða, að þeir á þann hátt flyttu gjaldkerakassana í kassageymsluna.

Í 81. gr. bankareglugerðarinnar er, eins og áður greinir, boðið, að féhirðir skuli einn hafa lykil að fjárhirzlu þeirri, sem hér um ræðir, en af þessu boði leiðir það aftur, að honum er almennt óheimilt að láta þann lykil af hendi við aðra.

Þar sem ákærði hafði ekki með höndum talingu neins sjóðs eða annað staðbundið starf, heldur hafði umsjón með hinum gjaldkerunum, verður að líta svo á, að engin þau atvik séu fyrir hendi, er leysi hann undan framangreindu reglugerðarákvæði. Hann hefir því með því að láta aðra hafa aðgang að lyklinum og ganga um fjárhirzluna, eins og áður greinir, brotið gegn nefndu ákvæði reglugerðarinnar á þann hátt, að varða þykir við 144. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna.

Það er upplýst við rannsókn málsins, að í bankann hafa oft komið laust bundin seðlabúnt, þar á meðal frá útibúi Landsbankans hér í bænum, en ekki virðist ákærði neitt hafa gert til þess að lagfæra það, hvorki með því að telja í búntunum og binda þau fastara, né með því að brýna fyrir starfsmönnum útibúsins að vanda fráganginn á búntunum betur.

Það seðlabúnt, sem máli skiptir hér, hefir ákærði talið hafa verið alveg óvenjulega laust í böndum, svo að hann hafi ekki orðið var við jafnlaust búnt í bankanum. Þessu kveðst hann strax hafa veitt athygli, þegar hann fyrst fékk búntið í hendur.

Það verður nú að líta svo á, að þar sem ákærði varð þess var, að búntið var alveg óvenjulega laust bundið, þannig að það skar sig úr öðrum laust bundnum búntum, hafi honum sem aðalgjaldkera bankans borið skylda til að athuga búntið og telja í því, eða láta telja í því tafar-

laust, og áður en það yrði látið af hendi við starfsmenn bankans eða aðra.

Vanræksla ákærða í þessu efni verður að teljast vítaverð og refsiverð samkvæmt 144. sbr. 145. gr. hegningarlaganna.

Að öðru leyti en að framan segir verður ekki talið, að ákærði hafi í starfi sínu orðið sekur um refsiverða vanrækslu eða hirðuleysi.

4.

Samkvæmt því, sem að framan er ritað, er eigi fram komin í málinu sönnun fyrir því, að ákærði hafi orðið sekur um nokkurt auðgunarbrot. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 23. og 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og hér að lútandi ákvæðum 13. kapitula hegningarlaganna. Hins vegar hefir hann samkvæmt framansögðu gerzt brotlegur gegn 144. sbr. 145. grein hegningarlaganna, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað hennar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann ber og að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Jóns Ásbjörnssonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Halldórsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 200.00, til skipaðs verjanda síns, hrm. Jóns Ásbjörnssonar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1938.

Nr. 11/1938. **Garðar S. Jónsson**
gegn
Kristni P. Friðrikssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður. Áfrýjandi, Garðar S. Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 4. apríl 1938.

Nr. 139/1937. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Harry Cecil Hall (Pétur Magnússon).

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Foringinn á varðbátnum „Hafaldan" hefir markað á sjóuppdrátt staði varðbátsins kl. 2.40, 2.54 og 3.10 þann 22. ágúst 1937 og miðunarlínur frá tveimur síðastgreindum stöðum til skips kærða, G. Y. 458 St. Minver, samkvæmt mælingum þeim, er þá voru gerðar, og ennfremur stað þann, þar sem varðbáturinn kom að nefndum togara og setti út dufl kl. 3.35, og loks stað þann, þar sem togarinn lá fyrir akkeri kl. 4.00, eftir að hann hafði dregið inn botnvörpuna. Sjóuppdráttur þessi, sem lagður var fram í lögregluréttinum, hefir fylgt málinu til hæstaréttar. Þá hefir einnig verið lagður fram í hæstarétti sjóuppdráttur, sem forstöðumaður stýri-

mannaskólans í Reykjavík hefir markað á staði varðbátsins samkvæmt mælingum þeim og miðunum, sem á honum voru gerðar kl. 2.40, 2.54, 3.10, 3.35 og 4.00 greindan dag, og ennfremur miðunarlínuna til skips kærða frá varðbátnum kl. 2.54 og 3.10 og loks stað varðbátsins samkvæmt staðarákvörðun þeirri, sem á honum var gerð þann 26. ágúst 1937 kl. 5.10.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, var varðbáturinn „Hafaldan" staddur út af Melrakkanesi sunnudaginn 22. ágúst 1937. Var þá gerð á honum svofelld staðarákvörðun kl. 2.40.

Raufarhafnarviti $\neq$ Melrakkanesi og hornið til austurkants á Afrétt 106°.

Þaðan var haldið í réttvísunarstefnu 120°. Kl. 2.54, þegar Viðarfjall $\neq$ austurkant á Afrétt, sást ljóslaust skip á stjórnborða, sem miðaðist í réttvísunarstefnu 129° og reyndist það síðar vera skip kærða. Staður varðbátsins kl. 2.54 hefir, svo sem fyrr segir, verið markaður á sjóuppdrátt bæði af varðbátsforingjanum og forstöðumanni stýrimannaskólans. Af mörkunum varðbátsforingjans á sjóuppdráttinn sést glöggt, við hvaða stað í Viðarfjalli er miðað, þ. e. nyrðra kennileitið á fjallinu, og hefir forstöðumaður stýrimannaskólans einnig markað stað varðbátsins á sjóuppdrátt miðað við þann stað. Samkvæmt nefndum mörkunum varðbátsforingjans og forstöðumanns stýrimannaskólans er staður varðbátsins kl. 2.54 innan landhelgislínunnar, og sömuleiðis er þá miðunarlínan frá varðbátnum til skips kærða öll innan landhelgislínunnar. Sást og togarinn þá til stjórnborða frá varðbátnum, en samkvæmt stefnu þeirri, sem varðbáturinn hafði þá, hefði togarinn ekki átt að sjást á stjórnborða frá

honum, nema hann (togarinn) væri þá innan landhelgislínunnar. Þessi niðurstaða styðst og við mælingu varðbátsins kl. 3.10, en samkvæmt þeirri staðarákvörðun, sem mörkuð hefir verið á sjóuppdrátt bæði af varðbátsforingjanum og forstöðumanni stýrimannaskólans, var varðbáturinn þá enn innan landhelgislínunnar og miðunarlínan frá honum til skips kærða þá sömuleiðis öll innan landhelgislínunnar.

Staðurinn, sem skip kærða nam að lokum staðar á, og staðarákvörðun var gerð við kl. 3.35, hefir mælzt 0.5 sjómílur utan landhelgislínunnar. Í skýrslu foringja varðbátsins til lögregluréttarins, sem hann og báðir stýrimenn varðbátsins hafa staðfest í réttinum, er skýrt frá því, að frá því að fyrst sást til skips kærða frá varðbátnum, kl. 2.54, og þar til það hafði stöðvazt að fullu, kl. 3.31, hafi það jafnan haft norðaustlæga stefnu út frá landi. Kærði telur sig hafa haft slíka stefnu aðeins síðustu 12—13 mínúturnar, en áður hafi hann togað um hálftíma í norðvestlæga stefnu. Kærði hefir í ýmsum atriðum verið reikull í framburði sínum fyrir réttinum, og getur framburður hans um stefnu skips hans á ofangreindum tíma ekki hnekkt framangreindri skýrslu yfirmanna varðbátsins, sem er embættisskýrsla og hefir sönnunargildi sem slík. Styður því siglingastefna togarans eftir kl. 2.54, samanborin við tökustaðinn, niðurstöðu framangreindra athugana varðbátsins kl. 2.54 og 3.10, þ. e., að togarinn hafi þá verið innan landhelgislínunnar.

Kærði hefir viðurkennt, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum síðustu klukkustundina áður en skip hans var stöðvað af varðbátnum. Hinsvegar

hefir hann ekki viljað kannast við, að skip hans hafi á þessum tíma farið inn fyrir landhelgislínuna. Skýrir kærði svo frá, eins og nánar greinir í dómi lögregluréttarins, að hann hafi sett út fiskidufl utan landhelgi, áður en hann kastaði botnvörpu í þetta sinn. Hefir kærði sjálfur ákveðið stað þann, þar sem hann kveðst hafa sett duflið, og gerði varðbáturinn staðarákvörðun þar þann 26. ágúst 1937 kl. 5.10. Er ágreiningslaust, að staður þessi hafi mælzt vera hálfa sjómílu utan landhelgi. Í lögregluréttinum lýsti kærði því yfir í fyrstu, að vörpunni hafi verið kastað rétt fyrir utan duflið, og stýrimaður togarans lýsti því yfir fyrir réttinum, fyrst er hann var um þetta spurður, að kastað hafi verið við fiskiduflið. Þá hefir bátsmaður á togaranum borið það, og ekki frá því hvikað, og staðfest með eiði, að vörpunni hafi verið kastað þétt við duflið að utanverðu, og svo nálægt, að þeir á togaranum hafi þá rétt verið lausir við akkeri duflsins. Síðar breytti kærði framburði sínum á þá leið, að vörpunni hafi verið kastað 1½ sjómílu fyrir utan duflið, og kveðst hann kalla það rétt við duflið, og stýrimaðurinn breytti einnig framburði sínum um þetta atriði, og skýrði að síðustu svo frá, og vann eið að, að togarinn hafi verið um ¼ mílu frá duflinu, er þeir voru búnir að kasta. Kærði hefir skýrt svo frá, að fyrst eftir að hann byrjaði að kasta vörpunni og toga, þá hafi hann siglt í 20 mínútur í SSV, það er í áttina til lands, og með áætluðum 6 mílna hraða á klst. fyrstu 10 mínúturnar, og síðan í næstu 10 mínútur með áætluðum 2½—3 mílna hraða á klst. En samkvæmt því hefði skipið átt að nálgast land á þeim tíma um allt að 1½ sjómílu. Sé nú gengið út frá því, sem líklegast er, að

fyrstu framburðir kærða og skipverja hans um það, hvar byrjað hafi verið að kasta vörpunni, séu réttir, þar sem þeir eru í fullu samræmi hver við annan, þá getur ekki hjá því farið, að skip kærða hafi verið komið alllangt inn í landhelgina 20 mínútum eftir að byrjað var að kasta. Styður þetta því einnig niðurstöðu þá, er varðbáturinn komst að um það, að togari kærða hafi verið að veiðum í landhelgi, er oftnefndar athuganir voru gerðar á varðbátnum kl. 2.54 og 3.10.

Samkvæmt framansögðu þykir vera komin fram lögfull sönnun í málinu fyrir því, að kærði hafi í umrætt skipti verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi. Má því staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að sektin er ákveðin, með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, sem er 49.60, 20200 krónur, og komi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, einfalt fangelsi í 7 mánuði.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektin ákveðst 20200 krónur, og komi í stað hennar 7 mánaða einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Harry Cecil Hall, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-

flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Péturs Magnússonar, 200 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu 27. ágúst 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn skipstjóra Harry Cecil Hall á togaranum G. Y. 458 „St. Minver" frá Grimsby.

Málsatvik eru þessi: Sunnudaginn hinn 22. ágúst 1937 var varðbáturinn „Hafaldan" staddur út af Melrakkanesi.

Kl. 2.40 f. h. var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Raufarhafnarviti $\neq$ Melrakkanesi og hornið mælt í austurkantinn á Afrétt 106°, og haldið þaðan í réttvísandi stefnu 120°.

Kl. 2.54. Þegar Viðarfjall $\neq$ austurkanti á Afrétt, sást ljóslaust skip á stjórnborða, sem miðað í réttvísandi stefnu 129°. Var þá sett á fulla ferð og haldið í áttina til skipsins, sem hafði norðaustlæga stefnu, og sást skömmu síðar, að það var togari.

Kl. 3.10 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Óttarshnjúkur gengur undir Viðarfjall $>$ mælt í Súlunes 67° 10′ og samtímis mælt hornið milli Viðarfjalls og togarans 111° 40′.

Kl. 3.11 gefið stöðvunarmerki. Skotið lausu fallbyssuskoti. Kl. 3.13 gefið stöðvunarmerki. Skotið lausu fallbyssuskoti. Kl. 3.20 gefið aftur stöðvunarmerki með lausu fallbyssuskoti.

Kl. 3.25 sást, að togarinn byrjaði að draga inn dragstrengina og einnig að hann var að veiðum með stjb.vörpu. Frá því togarinn sást, togaði hann allt af út.

Kl. 3.31 var komið að bakborðshlið togarans, þar sem hann var að draga inn vörpuna, og látin þar út bauja.

II. stýrimaður og háseti frá varðbátnum fóru um borð í togarann. Þegar togarinn var búinn að draga inn vörpuna, lagðist hann fyrir akkeri.

Kl. 3.35 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við baujuna:

Svínalækjartangi
> 68° 32'
Sauðaneskirkja
> 95° 43'
Viðarfjall

Dýpi 95 metrar.

Var haft tal af skipstjóra togarans og honum bent á, að hann hefði verið að veiðum í landhelgi og yrði að fylgjast með til dómarans.

Kl. 4.00 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun, þar sem togarinn lá fyrir akkeri:

Svínalækjartangi
> 67° 55'
Sauðaneskirkja
> 97° 48'
Viðarfjall

Skipstjórinn á togaranum var við síðustu staðarákvörðunina og segir hann, að hún sé rétt, en um þær staðarákvarðanir, sem hann ekki var við, getur hann að sjálfsögðu ekki borið, en neitar ákveðið, að hann hafi verið innan landhelginnar.

Eftir að próf höfðu verið haldin í málinu var varðbáturinn „Hafaldan" miðvikudaginn 25. ágúst kl. 13.37 sendur til þess að athuga fiskibauju þá, sem skipstjórinn á togaranum hafði sett út, og rannsóknin hafði allmikið snúizt um, svo og að rannsaka mið þau á landi, er skipstjórinn á togaranum hafði miðað við.

Með í ferðinni var skipstjóri togarans Harry Cecil Hall og aðstoðarmaður hans, Morten Jóhannessen.

Hinn 26. ágúst var komið á Þistilfjörð. Kl. um 4.00 f. h. byrjað að leita að fiskibaujunni. Kl. 4.40 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Svínalækjartangi
> 75° 10'
Sauðaneskirkja
> 100° 05'
Viðarfjall

Þá sáust bakkarnir vestan við Grenjanes, svo hægt var að miða. Þá var sett á hæga ferð og kl. 4.41 eru bakkarnir miðaðir SSV eftir kompás, var þá snúið út um og stýrt

NNA og gáð vel alstaðar í kring að baujunni og leitað með sjónauka, en engin bauja var sjáanleg.

Var því næst haldið aftur inn, þar til komið var á miðið, þar sem baujan átti að vera eftir tilsögn skipstjórans á togaranum, og var þar kl. 5.10 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Svínalækjartangi
> 77° 32'
Sauðaneskirkja
> 94° 43'
Viðarfjall

Dýpi 70 metrar.

Þessar mælingar gerði skipstjóri varðbátsins, I. stýrimaður hans og skipstjóri Morten Jóhannessen, og bar mælingunum fullkomlega saman hjá þeim öllum.

Því næst voru athugaðar staðarákvarðanir, er gerðar höfðu verið við togarann St. Minver G. Y. 458, er hann var tekinn fyrir landhelgisveiðar hinn 22. ágúst s. l.

Staðarákvarðanir mældar kl. 3.35 og kl. 4.00, sem skráðar eru á kæruskjali frá varðbátnum hinn 23. ágúst.

Skipstjóri M. Jóhannessen viðurkenndi mælingarnar fullkomlega réttar samkvæmt kæruskjali og sömuleiðis eftir sögn skipstjóra togarans, eftir því sem hann sagði honum til.

Niðurstaðan af þessari ferð var því sú, að það var viðurkennt af skipstjóranum á togaranum, að fiskibaujan, sem hann áður hafði haldið fram, að væri eina mílu undan landhelgislínunni, og stýrimaður haldið fram, að hefði verið hálfa aðra mílu undan landhelgislínunni, væri hálfa mílu fyrir utan landhelgislínuna.

Skipstjórinn á togaranum hafði haldið fyrst fram, að hann hefði byrjað að kasta rétt hjá baujunni. Síðan skýrði hann svo frá, að með því meinti hann hálfa aðra mílu fyrir utan baujuna. Bátsmaðurinn, sem eiðfestur hefir verið, hefir aftur á móti haldið því fram, að þeir hafi kastað rétt hjá baujunni. Stýrimaður sagði í fyrstu, að kastað hefði verið við baujuna, og síðar sagði hann, að þar með meinti hann 30—40 faðma frá baujunni, en áður en hann var eiðfestur breytti hann framburði sínum á þá leið, að hann með 30—40 föðmum hefði átt við dýpið við baujuna, en hinsvegar sagði hann, að þegar þeir hefðu verið búnir að kasta, hefðu þeir verið kvartmílu frá baujunni.

Samkvæmt skýrslu þeirri, er skipstjórinn á togaranum gaf um siglinguna, sigldi hann á meðan hann var að kasta og toga 20 mínútur í SSV, sem liggur inn að landi, og með þeim hraða, sem hann hefir áætlað, eða 6 mílum á klukkutíma á meðan hann var að kasta og 3 mílum á kl. tíma meðan hann var að toga, en hvort um sig tók 10 mínútur, þá hefir han siglt 1.5 mílur inn að landinu, en með þeim hraða hlaut hann, ef hann hefði kastað við baujuna, að vera kominn inn í landhelgina.

En samkvæmt hinni síðari staðhæfingu hans og samkvæmt hinum margbreytta framburði stýrimannsins, hefði hann átt að vera fyrir utan landhelgina, en ef framburður bátsmannsins hefði verið lagður til grundvallar um, að þeir hefðu kastað rétt við baujuna, þá hefði togarinn verið kominn inn í landhelgina.

Þar sem framburður skipstjórans á togaranum hefir verið mjög á reiki, en hinsvegar mælingar varðbátsins í engu hraktar, samanber og skýrslu hans um það, að hann hafi séð togarann á stb., en ef hann hefði verið utan við landhelgina, virðist hann hafa átt að vera á bb., séð frá varðbátnum, þá þykir sjálfsagt að leggja skýrslu og mælingar varðbátsins til grundvallar, en samkvæmt því er þá kærði orðinn brotlegur við fiskiveiðalöggjöfina. Að því er ljósin snertir, þá upplýstist það við skoðunargerð, er fram fór á Akureyri, að þau höfðu verið í ólagi. Rétt þykir að taka fram, að kærði stöðvaði ekki strax, er honum var gefið stöðvunarmerki.

Samkvæmt framanskráðu hefir kærði brotið að áliti réttarins gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það, hæfilega ákveðin með tilliti til, að hér er um fyrsta brot að ræða og með hliðsjón af, að dagengi krónunnar er kr. 49.78, kr. 25000.00, sem rennur í landhelgisjóð Íslands og greiðist innan 4 vikna, en fáist sektin ekki greidd innan þess tíma, ber kærða að afplána hana með einföldu fangelsi í 11 mánuði.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs í áður greindum togara vera upptækt, og andvirði renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað af málinu, sem er og verður.

Það vottast, að á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Harry Cecil Hall, skipstjóri á togaranum G. Y. 458, „St. Minver" frá Grimsby, á innan 4 vikna að greiða sekt, að upphæð kr. 25000.00, til landhelgisjóðs Íslands, en afpláni hana með 11 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd innan þess tíma.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli allur innanborðs í togaranum G. Y. 458 „St. Minver" frá Grimsby vera upptækt gert, og andvirðið renna í landhelgisjóð.

Kærði greiði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. apríl 1938.

Nr. 109/1937. **Réttvísin og valdstjórnin**
gegn
Ólafi Kalstað Þorvarðssyni.

Gjaldþrotabrot.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt að leggja fyrir rannsóknardómarann að kveðja löggiltan endurskoðanda til þess að rannsaka bókhald ákærða. Ber endurskoðanda þeim, sem kvaddur verður, að leitast við að staðreyna orsakir reksturshallans í verzlun ákærða og, ef það tekst ekki, þá að kveða upp álit sitt um það, að hve miklu leyti gallar á bókhaldinu kynnu að valda því, að orsakir reksturshallans verða ekki staðreyndar. Ennfremur skal endurskoðandinn afla vitneskju um það,

hvaða bækur haldnar séu í verzlunum, sem sambærilegar eru verzlun ákærða.

Að öðru leyti ber rannsóknardómaranum að framkvæma þá framhaldsrannsókn í málinu, sem skýrsla endurskoðandans gefur tilefni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að framkvæma framangreinda kvaðningu og afla umgetinna skýrslna svo fljótt sem þess er kostur.

Laugardaginn 9. apríl 1938.

Nr. 21/1938. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Berent Karli Berentssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að refsing ákærða ákveðst 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 700 króna sekt, sem afplánist með einföldu fangelsi í 30 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber kærða að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 50.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Berent Karl Berentsson, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 700 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. febr. 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Berent Karli Berentssyni, atvinnulausum verkamanni, til heimilis í Hafnarstræti 18 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1922 3/6 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1925 2 2/5 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1927 1 1/4 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1927 2 4/6 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1928 1 3/4 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 2 6/5 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 2 9/9 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1932 3 1/5 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 2/1 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 1 1/3 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 4/5 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1934 $^{3}/_{8}$ Kærður fyrir fylliri og barsmíðar í heimahúsum. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1934 $^{1}/_{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{6}/_{10}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{28}/_{10}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{27}/_{12}$ Sætt 75 kr. sekt og 75 kr. skaðabætur til lögreglunnar fyrir ölvun, ryskingar og mótþróa við lögregluna.
1935 $^{23}/_{1}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.
1935 $^{28}/_{1}$ Sömuleiðis.
1935 $^{9}/_{3}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{30}/_{3}$ Sætt 30 kr. sekt fyrir ölvun og mótþróa við lögregluna.
1935 $^{13}/_{5}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{21}/_{6}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{9}/_{9}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{14}/_{11}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{8}/_{2}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{9}/_{3}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{23}/_{7}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{1}/_{10}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{29}/_{1}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{18}/_{5}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{14}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 400 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

Að kvöldi föstudagsins 21. janúar s. l. komu á lögreglustöðina Finnbogi Rútur Kolbeinsson sjómaður, Nýlendugötu 19, og Halldór Benediktsson skipstjóri, Suðurgötu 26, og skýrðu frá því, að þeir hefðu kvöldið áður farið heim til kærðs. Er þeir höfðu hitt kærðan, bað sá fyrrnefndi hann að selja sér pela af whisky. Játaði kærður því og sótti síðan pelann og afhenti Finnboga Rút, sem greiddi um leið andvirði hans, kr. 10.00, en pelinn hafði kostað í útsölu Áfengisverzlunar ríkisins kr. 8,50. Fóru þeir Finnbogi Rútur og Halldór síðan á brott.

Þessa skýrslu hefir kærður játað rétta, og auk þessarar einstöku áfengissölu hefir hann játað að hafa selt áfengi frá síðastliðinni desemberbyrjun.

Hefir hann skýrt svo frá, að lítið hafi kveðið að áfengissölu þessari. Hafi hann selt hverja brennivínsflösku með

tveggja króna álagningu. Hefir hann ekki getað sagt um, hve mikinn ágóða hann hafi haft af áfengissölu þessari, en hann hafi varið honum fyrir áfengi handa sjálfum sér.

Með áfengissölu þessari hefir kærður gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og 600 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 30 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Berent Karl Berentsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og greiði 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 9. apríl 1938.

Nr. 78/1937. **Jóhanna M. Pálsdóttir**
(Stefán Jóhann Stefánsson)
gegn
Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Um greiðslu sjúkrasamlagsgjalds fyrir framfærslustyrkþegja.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 14. ágúst f. á., hefir fengið

gjafsókn í því og sér skipaðan talsmann fyrir hæstarétti. Hefir áfrýjandi gert þessar kröfur fyrir hæstarétti:

A) að stefndi verði dæmdur til að greiða lágmarksiðgjöld hennar vegna til sjúkrasamlags Reykjavíkur frá því það tók til starfa þann 1. júlí 1936 og til 31. marz 1937 og

B) að stefndi verði dæmdur til að greiða lágmarksiðgjöld hennar vegna til sama sjúkrasamlags frá 1. apríl 1937 og áfram meðan hún nýtur fasts framfærslustyrks úr bæjarsjóði Reykjavíkur, svo sem verið hefir. Ennfremur krefst áfrýjandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Um A). Mál þetta er höfðað með stefnu 6. apríl 1937, og virðist þannig kröfuliður sá, er hér segir, taka til sjúkrasamlagsiðgjalda áfrýjanda fyrir tímabilið frá stofnun sjúkrasamlags Reykjavíkur og þangað til mál þetta var höfðað. Samkvæmt vottorði borgarritara, dags. 23. marz f. á., sem lagt hefir verið fram í málinu, hefir áfrýjandi fengið kr. 373.57 í framfærslustyrk úr bæjarsjóði Reykjavíkur á árinu 1936 og kr. 95.50 í framfærslustyrk úr sama sjóði frá 1. janúar 1937 til þess tíma, er vottorðið var gefið. Hefir styrkurinn að jafnaði verið greiddur mánaðarlega, en stundum jafnvel á styttri fresti. Þar sem áfrýjandi þannig óslitið hefir notið nokkurs framfærslustyrks úr bæjarsjóði frá því sjúkrasamlag Reykjavíkur tók til starfa þann 1. júlí 1936 og til marzloka 1937, þá verður að telja, að hún

hafi verið á föstu sveitarframfæri í Reykjavík á þessu tímabili og að stefnda hafi verið á sama tíma lögskylt samkvæmt 37. gr. laga nr. 26 frá 1936, um alþýðutryggingar, að inna af hendi iðgjöld hennar til sjúkrasamlags Reykjavíkur. Af stefnda hálfu hefir nú verið höfð uppi sú varnarástæða, að áfrýjandi eigi ekki aðild máls þessa, heldur sjúkrasamlag Reykjavíkur. Það varðar að vísu áfrýjanda almennt hagsmunalega, að viðurkennt sé með dómi, að á stefnda hvíli eða hafi hvílt lögskylda til að greiða lágmarksiðgjöld áfrýjanda til sjúkrasamlagsins fyrir tímabil það, er hér um ræðir, en að því athuguðu, að áfrýjandi hefir ekki um oftnefnt tímabil orðið aðnjótandi réttinda þeirra, sem þátttaka í sjúkrasamlaginu hefir í för með sér, þá verður ekki litið svo á, að það út af fyrir sig skipti hana máli nú eftir á, að stefndi verði dæmdur til greiðslu iðgjalda fyrir tímabil þetta, og verður þess vegna að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Um B). Hér virðist vera um að tefla iðgjöld áfrýjanda til sjúkrasamlags Reykjavíkur, sem kræf hafa orðið eftir að mál þetta var höfðað og verða kræf, meðan áfrýjandi kann að njóta fasts framfærslustyrks úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Eins og máli þessu er farið, þá virðist kröfuliður þessi ekki vera nægilega ákveðinn til þess að dómur verði á hann lagður, og ber þess vegna að vísa honum frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti, er ákveðst kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóhönnu M. Pálsdóttur, þeim er greinir í kröfulið A hér að framan. Kröfum áfrýjanda, þeim er greinir í kröfulið B hér að framan, vísast frá héraðsdómi.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóhanns Stefánssonar, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. maí 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er að fengnu gjafsóknarleyfi höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. apríl 1937 af Jóhönnu M. Pálsdóttur, Laugavegi 68 hér í bæ, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, og gerir stefnanda þær réttarkröfur, að stefndur borgarstjóri verði f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur skyldaður til að greiða iðgjöld hennar til Sjúkrasamlags Reykjavíkur frá því að það tók til starfa og á meðan hún nýtur styrks þess úr bæjarsjóði, er hún nú nýtur og síðar getur. Þá krefst stefnandi og, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkv. mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Með lögum nr. 26 frá 1936, um alþýðutryggingar, er hverjum manni eldri en 16 ára gert að skyldu að greiða mánaðarlega iðgjald til sjúkrasamlaga þeirra, er stofnuð verði eftir lögunum. Í samþykktum sjúkrasamlags þess, er stofnað var í Reykjavík samkv. lögunum og nefnt var Sjúkrasamlag Reykjavíkur, er svo ákveðið, að lægsta mánaðariðgjald skuli vera fjórar krónur. Í 37. gr. alþýðutryggingarlaganna er svo ákveðið, að bæjar- og sveitarsjóðir skuli greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarfram-

færi, og 26. júní 1936 ákvað bæjarráðið í Reykjavík að greiða iðgjöld til Sjúkrasamlags Reykjavíkur fyrir þá þurfamenn, sem væru á fullu framfæri bæjarins, og heimilaði jafnframt fátækrastjórninni að greiða auk þess iðgjöld til sjúkrasamlagsins fyrir aðra, sem framfærslunefndin teldi hagkvæmt, að keyptu sjúkratryggingu þar. Þessi ákvörðun bæjarráðs var síðan samþykkt á bæjarstjórnarfundi 16. júlí 1936.

Stefnanda, sem notið hefir fátækrastyrks frá Reykjavíkurbæ síðan í október 1935 og nýtur enn þá, telur bæjarsjóði skv. síðastnefndri grein alþýðutryggingarlaganna skylt að greiða iðgjöld sín til sjúkrasamlagsins, enda kveður hún sér það ómögulegt sjálfri sökum féleysis. Hún sneri sér því til bæjarstjórnarinnar og baðst þess, að iðgjöld þessi yrðu greidd fyrir sig úr bæjarsjóði. Hinn 26. nóv. 1936 var þessari beiðni hennar synjað á fundi framfærslunefndar með 3 atkv. gegn 2. Hinn 27. nóv. 1936 skrifaði hún atvinnumálaráðuneytinu og tjáði því þau málalok, er erindi hennar um sjúkratryggingariðgjöldin hafi hlotið, og baðst úrskurðar ráðuneytisins um það, hvort hún, sem bærinn greiddi reglulega húsaleigu fyrir, yrði ekki að teljast á föstu framfæri bæjarins og ætti því rétt á, að bærinn greiddi fyrir hana sjúkratryggingariðgjöld skv. alþýðutryggingarlögunum.

Hinn 15. desember 1936 var stefndum með bréfi atvinnumálaráðuneytisins tjáð, að ráðuneytið teldi bæjarsjóði skylt að greiða umrædd iðgjöld fyrir stefnöndu, en þar eð stefndur fékkst ekki til að greiða þrátt fyrir þetta, þá höfðaði stefnanda mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur og byggir hún þær á því, að hún hafi verið og sé á föstu framfæri bæjarins í þeirri merkingu, sem 37. gr. alþýðutryggingarlaganna noti þau orð.

Stefndur byggir hinsvegar sýknukröfu sína á því, að stefndanda sé ekki á föstu framfæri bæjarins í merkingu 37. gr. alþýðutryggingarlaganna. Til þess að svo yrði talið telur hann styrkinn til hennar allt of lágan (kr. 373.57 árið 1936), og þegar lögin tali um, að sveitar- og bæjarsjóðir skuli greiða iðgjöld fyrir menn, sem séu á föstu framfæri, þá falli ekki undir það ákvæði menn, sem njóti óverulegs styrks frá bænum, t. d. aðeins fyrir húsaleigu, heldur einungis þeir, sem séu á fullu framfæri hjá bænum.

Úrslit máls þessa velta á því, hvernig skilja beri 37. gr.

alþýðutryggingarlaganna, og verður því að taka hana til sérstakrar athugunar hér.

Af samhengi næstu þriggja greina á undan við 37. gr. virðist það ljóst, að ákvæði hennar um iðgjaldsgreiðslu fyrir menn á föstu sveitarframfæri eru sett með hag samlaganna fyrir augum. Ef bæjarsjóður innti ekki af hendi iðgjöld þessi, væri það samlagið, sem væri aðili þess máls gegn bæjarsjóðnum. Greinin segir að vísu, að iðgjaldið skuli ekki teljast „sveitarstyrkur", en það breytir engu um aðstöðu styrkþegans gagnvart bæjarsjóði. Tilvitnað orð og hugtak var áður numið úr lögum, en iðgjaldsgreiðslan verður að teljast framfærslustyrkur hliðstæður þeim styrk, sem greinir í 63. gr. framfærslulaganna. Allan framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvorstveggja í senn, hagsmuna almennings og þarfa styrkþega, en þetta mat heyrir undir sveitar- og bæjarstjórn, en ekki styrkþega sjálfan, og er stefnandi því ekki aðili þessa máls, þó hún teldist á föstu sveitarframfæri, og leiðir það þegar til sýknu stefnds. En nú er ennfremur í 37. gr. getið flokks manna, sem bæjarstjórn greiðir því aðeins iðgjöld fyrir, að hún telji ástæðu til að halda þeim í tryggingu. Engir þessara manna hafa lögvarða kröfu til, að greidd séu fyrir þá iðgjöld úr bæjarsjóði. Það er bæjarstjórnarinnar að meta það, hvað hagkvæmast er í hverju falli. En í þessum flokki virðast aðeins koma til greina menn, sem hætta er á, að annars falli bæjarsjóði til byrði.

Sjúkrasamlagssvæði og framfærsluumdæmi Reykjavíkur falla saman, en framfærslustyrk skal veita þeim, er eigi geta aflað sér þess, er hann má ekki án vera, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, en framfærslustyrk skal haga svo sem bæjarstjórn telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Það verður nú ekki séð, að alþýðutryggingarlögin, og þá sérstaklega ekki 37. gr. þeirra, breyti nýnefndu ákvæði framfærslulaganna viðvíkjandi framfærslustyrk, sem veittur er með læknishjálp eða aðhjúkrun í veikindum, þannig að hinn framfærði sjálfur eigi kröfu til, að framfærslustyrkurinn sé veittur með iðgjaldagreiðslu fyrir hann í sjúkrasamlagið. Heldur virðist það einmitt bæjarstjórnar að meta það, hvort hagkvæmara er. Hinn framfærði á kröfu til þessa framfærslustyrks og missir því einkis réttar, þótt bæjarstjórn kjósi

að kosta veikindin og læknishjálpina án miðlunar sjúkrasamlagsins.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfu stefnöndu, en eftir málavöxtum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnöndu, Jóhönnu M. Pálsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 27. apríl 1938.

Nr. 37/1938. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Axel Ármanni Þorsteinssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, greiði all-

an áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. febr. 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Axel Ármann Þorsteinssyni, atvinnulausum verkamanni, til heimilis á Skólavörðustíg 46 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1924 $^{8}/_{12}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til dómara.
1925 $^{6}/_{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 $^{7}/_{7}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{2}8/_{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 kr. sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.
1935 $^{3}/_{6}$ Sætt 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1935 $^{16}/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 kr. sekt og 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.
1935 $^{6}/_{12}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{12}/_{10}$ Sætt 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1936 $^{3}/_{6}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Ekki talin ástæða til opinberra aðgerða.
1937 $^{2}/_{5}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun og ryskingar.
1937 $^{14}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu, staðfest í hæstarétti $^{19}/_{11}$ 1937.

Að kvöldi föstudagsins 21. janúar síðastliðins fóru þeir Finnbogi Rútur Kolbeinsson sjómaður, Nýlendugötu 19, og Halldór Benediktsson skipstjóri, Suðurgötu 26, heim til kærðs, og var ætlun þess fyrrnefnda sú að kaupa áfengi af kærðum.

Hittu þeir kærðan heima, og bað Finnbogi Rútur hann að selja sér einn pela af whisky. Kvaðst kærður geta það og bað Finnboga Rút að koma einan inn til sín. Gerði hann það, og afhenti kærður honum þá inni í íbúð sinni whiskypela óátekinn, en hann greiddi kr. 10.00 fyrir pelann. Fór hann síðan til Halldórs, og þeir síðan báðir burtu. Hafa þeir Halldór og Finnbogi Rútur skýrt lögreglunni frá atviki þessu, og hefir kærður játað, að sú frásögn sé rétt.

Auk þess sem þessi einstaka ólöglega áfengissala kærðs er sönnuð, hefir hann játað að hafa stöðugt síðan um síðastliðin jól selt áfengi. Hefir það verið áfengi frá útsölu Áfengisverzlunar ríkisins, sem hinir og aðrir keyptu fyrir kærðan, og seldi hann hverja flösku með sem svaraði tveggja króna álagningu.

Kveðst hann hafa haft 200 krónur sem rekstursfé við áfengissöluna og hafa keypt fyrir þá upphæð á föstudögum, en ekki hafa keypt aðra daga, og hafi salan ekki verið meiri en svo, að hið þannig keypta áfengi hafi enzt vikuna. Þegar lögreglan tók kærðan til yfirheyrslu, átti hann heima hjá sér 8 heilflöskur, 2 hálfflöskur og 11 flata pela af áfengi, er hann ætlaði til sölu. Með áfengissölu þessari hefir kærður gerzt brotlegur við 15. gr. 1. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga og 2200 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað. Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Axel Ármann Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga og greiði 2200 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1938.

Nr. 101/1937. **Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Pétri Guðmundssyni
(Pétur Magnússon).

Ágreiningur um slit á ráðningarsamningi vélstjóra á skipi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að fjárhæð sú, er hann var dæmdur til að greiða, verði lækkuð niður í kr. 137.70, og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum.

Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann. Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins, greiði stefnda, Pétri Guðmundssyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 4. júní 1937.

Í símtali 6. okt. f. á. tjáði stefndur í þessu máli, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, stefnanda, Pétri vélstjóra Guðmundssyni, að þar sem hann hefði neitað að taka við stöðu sem aðstoðarvélstjóri á v/s Ægir, þá verði hann ekki talinn lengur starfsmaður hjá útgerðinni.

Með því að stefnandi, sem var 3. vélstjóri á Ægir, taldi sér bera 3ja mánaða uppsagnarfrest, hefir hann með stefnu dags. 25. jan. þ. á. höfðað mál þetta gegn stefndum til greiðslu kaups fyrir þessa þrjá mánuði, auk tveggja annara pósta, og sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1.	Ógreidd laun fyrir 1 dag (6. okt.)	kr.	15.36
2.	Þriggja mánaða laun frá 6. okt. ásamt fæðispeningum 90 kr. á mánuði (549×3) ..	—	1647.00
3.	Aukakaup fyrir sumarfrí (15.30×8)	—	122.40
		Kr.	1784.70

Þessa upphæð krefst stefnandi, að stefndur verði dæmdur til að greiða með 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, og nemur hann samkv. framlögðum reikningi kr. 176.10.

Stefndur krefst sýknu af aðallið dómkröfunnar, kr. 1647.00, en viðurkennir 1. og 3. lið kröfunnar rétta, enda kveður hann, að stefnandi hafi átt kost á að fá þessar kr. 137.70 greiddar hvenær sem var, og bauð hann fram greiðslu á þessu fé eftir að málið kom hér fyrir réttinn, en gegn mótmælum stefnanda hefir stefndur þó ekki sannað, að stefnandi hafi átt kost á greiðslunni eða hún verið boðin fram fyrr en áður er sagt. Stefndur krefst, að stefnandi verður dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Ágreiningurinn milli aðilja er um 2. tölulið kröfunnar, og eru málavextir samkvæmt framkomnum skýrslum þessir.

Stefnandi hafði starfað sem 3. vélstjóri á varðskipinu Ægir frá 6. maí 1931 og var hann ráðinn með kjörum samkv. samningi milli Skipaútgerðar ríkisins og Vélstjórafélagsins. Þar sem stefnandi sökum lengdar starfstíma hans hjá Skipaútgerðinni var samkv. samningnum orðinn fastur starfsmaður, bar honum 3 mánaða uppsagnarfrestur. Við

það, að Óðinn var seldur úr landi, urðu fleiri vélstjórar um sinn en rúm var fyrir hjá Skipaútgerðinni, og leiddi þetta til þess, að stefnanda var sagt upp stöðu sinni 5. maí 1936 til burtfarar 5. ágúst s. á. Hinn 4. júlí fór stefnandi í sumarfrí, sem samkv. samningi hans var mánuður, en áður en sá tími var liðinn kom stefnandi aftur um borð í Ægir og var endurskráður þar í sína fyrri stöðu 27. júlí, og var þá skipið statt í Reykjavík. Í staðfestu eftirriti af lögskráningunni, sem lagt hefir verið fram í réttinum, sýnir það sig, að stefnandi er fyrst skráður „fyrir ferðina", en síðan er það strikað út og stefndur skráður til óákveðins tíma, og segir í skránni, að þessu hafi verið breytt samkv. skilaboðum frá skipstjóra, og starfaði stefnandi síðan á skipinu til 6. okt. s. l.

Aðilja greinir á um það fyrst og fremst, með hvaða fororði stefnandi var skráður á skipið 27. júlí. Hafa bæði stefnandi og forstjóri Skipaútgerðarinnar, Pálmi Loftsson, gefið aðiljaskýrslu um þetta fyrir réttinum. Forstjórinn hefir skýrt frá á þá leið, að þann 27. júlí hafi hann fyrst gefið stefnanda kost á því að vera skráður áfram á skipinu til þeirrar ferðar skipsins, sem í hönd fór, en stefnandi hafi hafnað því eindregið. Síðar sama dag hafi stefnandi hringt forstjórann upp í síma til að ræða um atvinnu sína, og hafi það þá orðið að samkomulagi með þeim, að stefnandi skyldi vera áfram á skipinu með því móti, að hann yrði aðstoðarvélstjóri (4. vélstjóri) á Ægir, þegar lög nr. 104/1936, um atvinnu við siglingar, kæmu til framkvæmda að þessu leyti, og samkv. þessum munnlega samningi, sem fór fram í símaviðtalinu, hafi stefnandi verið endurskráður á skipið nefndan dag. Nú skyldi breytingin samkv. nýnefndum lögum fara fram í byrjun október á Ægir, en þá neitar stefnandi að rýma 3. vélstjórastöðuna og taka aðstoðarvélstjórastöðuna, og hafi stefnandi með þessu rofið hinn gerða munnlega samning og þannig sjálfur fyrirgert stöðu sinni hjá Skipaútgerðinni. Stefndur byggir því í fyrsta lagi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi gengið á gerða samninga og vikið sjálfur úr stöðu sinni á skipinu.

Í skýrslu sinni fyrir réttinum hefir stefnandi hinsvegar mótmælt því alveg ákveðið, að slíkur munnlegur samningur sem forstjórinn skýrir frá hafi verið gerður. Hann játar það að vísu, að búið hafi verið að skrá hann til ferðarinnar, en heldur því fram, að hann hafi á eftir séð, að

það kom í bága við samning Vélstjórafélagsins, þar sem stefnandi var fastur starfsmaður hjá Skipaútgerðinni, og vegna þessa hafi hann hringt til forstjórans og sagt honum, að hann vildi helzt ekki fara út, nema hann væri skráður samkv. samningnum. Forstjórinn hafi þó ekki viljað ganga inn á þetta, og kveðst stefnandi þá hafa farið um borð og tjáð 1. vélstjóra, hvernig málið stæði, og hann síðan fært þetta í tal við skipstjórann. Hafi síðan ákvæðinu um, að skráningin gilti fyrir ferðina, verið breytt í það, að hún gilti um óákveðinn tíma.

Það er viðurkennt í málinu, að endurskráningin var gerð með vitund stefnds, en hann heldur því fram, að hún hafi farið fram vegna þess, að stefnandi hafi gengið inn á að verða aðstoðarvélstjóri, þegar breyta á til, því að ella hefði skráningin komið í bága við áður framfarna uppsögn. En hvað sem um þetta er, þá hefst fyrir stefnanda 27. júlí nýtt ráðningartímabil til óákveðins tíma, og þar sem stefndum gegn mótmælum stefnanda hefir ekki tekizt, hvorki með vitnum eða á annan hátt, að sanna, að samningur hafi tekizt milli stefnanda og forstjórans í símasamtalinu 27. júlí á þann veg, sem stefndur heldur fram, verður þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Í öðru lagi hefir stefndur byggt sýknukröfu sína á því, að stefndum hafi verið heimilt samkv. þar um gildandi lögum, samningum og venjum að færa stefnanda milli starfa þeirra, er hér um ræðir, og hafi stefnandi með neitun sinni glatað rétti sínum til uppsagnar með fyrirvara. Stefndur hefir þó ekki upplýst það, að nein venja hafi myndazt slík sem hann heldur fram, og fyrir varðskipin er ekkert sérlagaákvæði, er heimili þetta, enda er það ákvæði, sem stefndur styður þessa sýknuástæðu við, að eins að finna í áðurnefndum samningi milli Vélstjórafélagsins og Skipaútgerðarinnar, en þar segir í niðurlagi 1. gr. svo: „Eigi lækka laun vélstjóra, þótt hann sé fluttur á minna skip," og 6. gr. hljóðar þannig: „Sé vélstjóri ráðinn af einu skipi ríkisins á annað, skal hann halda fullum launum, ásamt fæðispeningum, þó bíða verði af þeim ástæðum. Eigi má draga af kaupi vélstjóra, þótt hann sé ráðinn á minna skip en hann hefir verið á, sé um samskonar starf að ræða, og skipt hefir verið um móti vilja hans."

Í þessum ákvæðum felst það, að útgerðarstjóra er heimilt gegn vilja vélstjóra að flytja hann til hliðstæðrar stöðu og samskonar starfs á minna skip en hann var upphaflega ráðinn á. Aftur á móti verður ekki séð, að í nefndum ákvæðum felist það, að heimilt sé gegn vilja vélstjóra að setja hann í lægri stöðu á sama skipi og hann var ráðinn á, og þegar nú hér við bætist, að stefndur hefir ekki gegn mótmælum stefnanda fært sönnur á það, að hin nefnda aðstoðarvélstjórastaða sé samskonar starf og 3. vélstjórastaðan, verður sýkna stefnds ekki byggð á nefndum samningsákvæðum.

Eftir því, sem fram er komið í málinu, verður því að líta svo á, að stefnandi hafi hvorki samið sig frá eða fyrirgert rétti sínum til 3ja mánaða uppsagnarfrestsins, og þar sem ekki hefir verið hreyft neinum andmælum gegn upphæðinni sérstaklega, ber að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina, einnig um málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins, greiði stefnanda, Pétri Guðmundssyni, kr. 1784.70, ásamt 5% vöxtum frá 25. jan. þ. á. til greiðsludags, og kr. 176.10 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1938.

Nr. 130/1937. **Pétur Magnússon f. h. eigenda e/s Andö** (Pétur Magnússon)

gegn

eigendum og vátryggjendum m/s Víkings (Theodor B. Lindal).

Varadómari próf. Bjarni Benediktsson í stað hrd. Einars Arnórssonar.

Árekstur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 25. okt. 1937, að fengnu

áfrýjunarleyfi dags. 15. s. m., hefir krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum norskar krónur 19231.76 með 6% ársvöxtum frá 10. marz 1936 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins. Þá hefir hann og krafizt, að viðurkenndur verði honum til handa sjóveðréttur í m/s Víkingi fyrir þeirri upphæð, er honum verði dæmd. Stefndur krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Vegna þess, að málinu hefir ekki verið áfrýjað af hálfu fyrirsvarsmanna m/s Víkings, kemur, að því er sökina á árekstrinum varðar, hér fyrir réttinum einungis til athugunar, hvort hún í sjódóminum hefir réttilega verið lögð á skipstjórnarmenn e/s Andö að einum fjórða hluta, eða hvort á þá beri að leggja enn minni hluta hennar eða e. t. v. engan.

Til styrktar því, að einhvern hluta sakarinnar beri að leggja á skipstjórnarmenn e/s Andö, er því haldið fram, að rétt á undan árekstrinum hafi frá e/s Andö kveðið við eitt langt hljóð. Þessu er hiklaust haldið fram af skipstjóra m/s Víkings og háseta þeim, sem var við stýri m/s Víkings. Framburður þeirra styrkist við athugun á siglingu m/s Víkings, eftir að á milli skipanna sást, því að þessi hljóðbending skýrir, af hverju frá því var horfið að láta m/s Víking beygja til stjórnborða, eins og upphaflega var ráðgert, en ella verður sú ráðabreytni lítt skiljanleg. Þá er það og viðurkennt, að varðmaðurinn á e/s Andö gaf skipun um að láta vélina fara fulla ferð áfram, og er þannig sannað, að sá maður, sem á þessari stundu fór með stjórn e/s Andö, hafði einmitt í huga að gera þá ráðstöfun, sem

skipstjórnarmenn m/s Víkings töldu, að hann mundi gera, þegar þeir viku til bakborða. Loks er þess að gæta, að skipverjar e/s Andö víkja alls ekki að því í framburði sínum, hvort nokkur hljóðbending hafi verið gefin frá skipi þeirra eftir að þeir sáu m/s Víking, og að þeir hafa aldrei verið að þessu spurðir, þó að fullt tilefni hafi gefizt til þess við meðferð málsins. Að þessu athuguðu verður að telja sannað, að hin umrædda hljóðbending hafi átt sér stað, og að skipstjórnarmenn m/s Víkings hafi þar með fengið ástæðu til að ætla, að e/s Andö væri á þeirri stundu á siglingu áfram. En þar eð e/s Andö þá lá kyrrt, var bendingin röng og óheimilt að gefa hana. Verður að ætla, að truflun sú, sem hún varð valdandi á siglingu m/s Víkings, hafi átt nokkurn þátt í því, að áreksturinn varð, og þó að höfuðsökin á árekstrinum hvíli á skipstjórnarmönnum m/s Víkings, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, þykir skv. framansögðu mega staðfesta það að leggja hana að einum fjórða hluta á skipstjórnarmenn e/s Andö, og láta þá eigendur þess bera samsvarandi hluta af tjóni því, sem af árekstrinum hlauzt.

Af einstökum liðum í fjárkröfum áfrýjanda koma, þar sem málinu hefir ekki verið gagnáfrýjað, til athugunar hér fyrir réttinum þeir einir, sem áfrýjandi hefir krafizt hækkunar á, en þeir eru þessir:

1. Viðgerðarkostnaður e/s Andö í Noregi. Þessi kostnaður er í hinum áfrýjaða dómi ákveðinn í samræmi við matsgerð þá, sem fram fór á Akureyri, 4000 norskar krónur. Í málinu hafa hinsvegar verið lagðir fram reikningar, sem sýna, að hann hefir numið norskum krónum 4150. Þar sem þessi 150 króna munur engan veginn er svo hár, að hann

veki grun um, að gert hafi verið við annað en það, sem metið var, og sannað er, að kostnaðinum við annað tjón, sem skipið varð fyrir um þessar mundir, hefir verið haldið sér, þykir rétt að taka til greina óskerta upphæðina skv. hinum framlögðu reikningum. Hækkar þessi liður því um norskar kr. 150.

2. Mannakaup á e/s Andö á meðan á viðgerðinni stóð í Noregi. Í málinu er lagður fram reikningur um, að kaupið hafi verið norskar krónur 1330, og er ekkert fram komið, er hnekki því, að hann sé út af fyrir sig réttur. En þar sem sannað er, að jafnhliða viðgerðinni á þeim skemmdum, sem af árekstrinum stöfuðu, fór fram önnur viðgerð, sem kostaði norskar krónur 850, þykir hlutur stefnda af þessum lið hæfilega ákveðinn með norskum krónum 1000, og hækkar hann því um norskar krónur 170 frá því, sem í hinum áfrýjaða dómi var ákveðið.

3. Aflatjón e/s Andö við Ísland. Þetta tjón var í hinum áfrýjaða dómi ákveðið 1200 norskar krónur. Fyrir hæstarétti hafa engar frekari upplýsingar varðandi þetta atriði komið fram en fyrir sjódóminum komu, en þar var meira tjón ekki sannað, og verður því um þenna lið að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms.

4. Aflatjón við Noreg. Í málinu eru engar upplýsingar komnar fram um það, hvort útgerð þvílíkra skipa sem e/s Andö hafi verið arðvænleg í Noregi haustið 1935, og þá auðvitað enn þá síður, hversu arðvænleg hún hafi verið, ef um einhvern arð hefir verið að ræða, og verður því að fallast á það, að þessi liður var ekki tekinn til greina í hinum áfrýjaða dómi.

Að þessu athuguðu verður að telja tjón eigenda e/s Andö af árekstrinum norskum krónum 320 meira

en það er talið í hinum áfrýjaða dómi. Verður því að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda ¾ af þeirri upphæð, eða norskar krónur 240, til viðbótar þeim norskum krónum 5836.32, sem ákveðnar voru í hinum áfrýjaða dómi. Verða það þá alls 6076.32 norskar krónur, sem stefndu ber að greiða áfrýjanda, ásamt vöxtum, og ákveðast þeir 6% á ári frá 10. marz 1936 til greiðsludags. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta, en fyrir hæstarétti greiði stefndu áfrýjanda 150 krónur í málskostnað. Áfrýjandi skal hafa sjóveðrétt í m/s Víkingi til tryggingar framangreindum kröfum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, eigendur og vátryggjendur m/s Víkings, greiði áfrýjanda, Pétri Magnússyni f. h. eigenda e/s Andö, norskar krónur 6076.32 með 6% ársvöxtum frá 10. marz 1936 til greiðsludags, og 400 krónur í málskostnað í héraði og 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti. Skal áfrýjandi hafa sjóveðrétt í m/s Víkingi fyrir framangreindum kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 11. júní 1937.

Hinn 3. ágúst 1935 sigldi m/b Víkingur frá Reykjavík á síldveiðaskipið s/s Andö frá Stamsund í Noregi, þannig að Andö varð fyrir skemmdum og þar af leiðandi töfum vegna viðgerðar. Fyrir því hefir hrm. Pétur Magnússon f. h. eigenda s/s Andö höfðað mál þetta með stefnu dags. 10. marz 1936 og framhaldsstefnu dags. 18. sept. s. á. gegn eigendum m/b Víkingur, þeim Alexander Jóhannessyni og

Sigfúsi Blöndahl, og vátryggjendum, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h. f., og krafizt þess, að stefndir verði dæmdir til að greiða eigendum s/s Andö skaðabætur, er nema samtals í n. kr. 19231.76, auk 6% vaxta frá 10. marz 1936 til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu, og að tildæmdur verði sjóveðréttur í m/b Víkingur fyrir þessum upphæðum.

Stefndir hafa aðallega krafizt algerðrar sýknu og þeim tildæmdan málskostnað, en til vara, að skaðanum verði skipt samkv. 225. gr. siglingalaganna, og falli þá málskostnaður niður.

Af hálfu s/s Andö var gefin sjóferðaskýrsla um árekturinn fyrir norska varakonsúlnum á Akureyri 6. ágúst 1935, en hinn 8. s. m. var haldið sjóferðapróf yfir skipverjum á m/b Víkingur af sjóréttinum í Reykjavík.

Áreksturinn var í logni og kyrrum sjó um kl. 3 e. h. S/s Andö var að síldveiðum, en vegna þoku lá skipið kyrrt, en með klára vél og var statt um 12 sm. n. A. nv. frá Hornbjargi. M/b Víkingur var á ferð og sigldi N. V. læga stefnu. Bæði skipin gáfu lögboðin þokuhljóðmerki og vissu hvort um annað nokkru áður en þau komu í sjónmál hvors annars. Á s/s Andö var einn varðmaður á stjórnpalli, og vélstjórinn var staddur á afturþilfari skipsins, og eru þeir hinir einu af hálfu skipverja s/s Andö, sem geta borið um atvik að ákrekstrinum eftir að m/b Víkingur kom í sjónmál þaðan. Skipstjóri var í lúkar, en kyndari í vélarrúmi. Á m/b Víkingur var skipstjóri á stjórnpalli, háseti við stýrið og vélstjóri í vélarrúmi. Varðmaðurinn á Andö kvaðst hafa heyrt hljóðmerki frá skipi á ferð, og er það varð sjáanlegt, hugði hann það vera í um 40 metra fjarlægð og fara með um 6. sm. hraða, og stefndi á Andö. Er hann sá, að árekstur var óhjákvæmilegur, þá hringdi hann til vélarinnar um fulla ferð áfram, en þar sem vélin hafði ekki verið í gangi, að hans sögn og skipstjórans, um 4 kl. tíma, þá hafi það tekið nokkurn tíma, að skipið hreyfðist og rakst aðkomuskipið á Andö áður stb. megin við afturrúmið. Hann tók ekki eftir, að aðkomuskipið gerði nokkra tilraun (manövre) til að komast fram hjá Andö. Vélstjórinn á afturþilfarinu heyrði hljóðmerki frá skipi í nánd, og þegar hann sá m/b Víkingur í um 100 metra fjarlægð, að ætlun hans, hafði hann stefnu fyrir framan Andö, en breytti stefnu dálítið til bb., en sveigði aftur til stb., og strax á eftir varð

árekstur inn, og hafði Víkingur þá, að ætlan vitnisins, 5—6 sm. hraða. Þegar vitnið heyrði, að hringt var frá stjórnpalli Andö til vélarinnar, fór það strax niður í vélarrúmið, en þá stóð vélin kyrr, hafði þá, að sögn þessa vitnis, verið óhreyfð í ca. 2 tíma, og strax á eftir var hringt í vélina að hafa aftur á. Hvorugt þessara vitna er spurt um, hvort skipin hafi gefið nokkur hljóðmerki eftir að m/b Víkingur kom í sjónmál, og minnast þau heldur ekki á það í framburði sínum.

Skipstjórinn á m/b Víkingur skýrir svo frá um siglingu sína og atvik á undan árekstrinum: Hann sigldi í þoku frá því kl. 1. e. h. og gaf síðan lögmælt þokuhljóðmerki. Kl. um 2 e. h. heyrðist hljóðmerki frá skipi fram undan, sem lægi kyrrt, en væri laust. Var þá hringt í vélina um hálfa ferð. Litlu síðar var farið fram hjá norska eftirlitsskipinu Michael Sars. Skömmu seinna heyrðust 2 löng hljóð frá skipi, sem ætla mátti, að væri fram undan á bb. Kl. 2.50 sást skipið ca. tvær skipslengdir fram undan, og hafði Víkingur þá stefnu h. u. b. á stb. framstög þess. Gekk skipstjóri út frá, samkv. þokuhljóðmerkjunum, að það lægi kyrrt. Var þá stýrið lagt til stb. og um leið gefið eitt stutt hljóð í þokuhornið, en í því augnabliki gefur hitt skipið með einu löngu hljóði frá eimpípunni merki um, að það fari fram á við. En með því að skipin voru harla nærri hvort öðru og sýnilegt, að þau mundu rekast á með sömu stefnu, var stýrið sett hart í bb. og um leið gefin tvö stutt hljóð í þokuhornið, og var nú ætlunin að komast fyrir aftan hitt skipið og var jafnframt gefið merki í vélarrúmið um að stöðva skrúfuna. En þegar á eftir var það augsýnilegt, að árekstur yrði, þar sem hitt skipið hreyfðist ekki, og var því hringt í vélarrúmið um fulla ferð aftur á bak, en þá tók vélin ekki við sér, svo að Víkingur lenti með hægri ferð á afturendanum á nótabát, sem hékk í bátsuglum Andö stb. megin, og þar eftir snerti stefnið stb. hlið á Andö aftantil. Þá var kl. skipstjóra 3.20 e. h.

Hásetinn, sem var við stýrið á m/b Víkingur og staðfesti framburð sinn með eiði fyrir sjóréttinum, kvað Andö hafa verið mjög nærri, er hún sást, en hann treysti sér ekki til að segja, hve löng fjarlægðin var. Víkingur hafi haft stefnu framan til á Andö og þá sveigt dálítið til stb. og um leið gefið eitt stutt hljóðmerki í þokuhornið, og

hafi hitt skipið svarað því með einu löngu hljóði, og kveðst vitnið hafa heyrt það greinilega, að hljóðmerkið var aðeins eitt, og þá hafi verið gefin skipun um að snúa til bb., og samtímis voru gefin hljóðmerki í þokuhornið og hringt í vélina um að stöðva skrúfuna, og loks skipun um fulla ferð aftur á bak, þegar það sýndi sig, að skipið fram undan hreyfðist ekki. Vélstjórinn á m/b Víkingur bar það, að skipun hafi verið gefin um hálfa ferð um kl. 2, og að ætlan þessa vitnis var gefin skipun um að stöðva 2—3 mínútum fyrir árekstur inn og loks var gefin skipun um fulla ferð aftur á bak, en þá tók vélin ekki við sér, og þegar eftir þessa síðustu skipun fann vitnið, að árekstur inn varð. Vitnið bætir því við, að það hafi komið áður fyrir, að vélin var ekki áreiðanleg í því að hafa aftur á. Vélin er Avance vél 150 ha., en stærð skipsins 86.75 br. tonn. S/s Andö er 99 br. tonn.

Stefnandi hefir krafizt fullra bóta fyrir allt það tjón, beint og óbeint, sem Andö varð fyrir vegna árekstrarins, þar eð Víkingur einn eigi alla sök á honum. Hinsvegar halda stefndir því fram, að öll sökin sé hjá Andö, en verði ekki á það fallizt, þá verði tjóninu skipt í hlutfalli við sök þá, er hvort skipið um sig verði talið eiga á árekstrinum.

Svo sem lýst hefir verið hér á undan, vissi skipstjóri Víkings af því, að skip lá kyrrt framundan á bb., og bar honum því skylda til að gæta allrar varúðar til þess að komast fram hjá þessu skipi. Að vísu hafði Víkingur hægt ferð sína niður í hálfa ferð, eða um 3 sm., en þar sem hið liggjandi skip var ekki fjær en um 2 skipslengdir, eða 40—100 metra, er það var sýnilegt frá Víkingi, bar honum að stöðva ferð sína jafnskjótt og Andö kom í sjónmál, og ekki sízt fyrir þá sök, að skipstjóranum hlaut að vera kunnugt um, að vélin í Víking var sein til að taka aftur á bak, eða jafnvel gerði það alls ekki, eins og sýndi sig, er Víkingur reyndi að hafa aftur á, er komið var í óefni. Það verður því að líta svo á, að Víkingur eigi sök á árekstrinum, en hvort leggja beri á hann alla sök, er komið undir því, hvort hið eina langa hljóðmerki frá Andö, sem áður er getið, geti afsakað Víking að einhverju leyti. Skipstjórinn á Víking hefir staðhæft, að þetta hljóðmerki hafi verið gefið sem svar við einu stuttu hljóðmerki frá Víking, eftir að skipin komu í sjónmál. Hásetinn við stýrið á Víking hefir unnið

eið að því, að þetta hljóðmerki hafi verið gefið. Gegn þessum staðfesta vitnisburði þykir einföld neitun af hálfu málflutningsmanns stefnanda, og að þetta hafi verið misheyrn hjá Víkingsmönnum, ekki koma til greina. Það er nægilega sannað með vitnisburði Víkingsmanna og vélstjórans á Andö, að stefna Víkings, er skipin sáust fyrst, var framanvert við eða framanvert á Andö, og verður hreyfing Víkings til bb. ekki skýrð á annan veg en þann, er skipstjóri og háseti hafa haldið fram, að það hafi verið vegna þess, að þetta hljóðmerki var gefið, að stýrið var sett hart í bakborða. Þá er það ennfremur upplýst, að skipun var gefin í vélina á Andö um ferð áfram, og bendir það einnig til, að þetta hljóðmerki hafi verið gefið. Þar sem líkur benda til, að Víkingur hefði haldið stefnu sinni og komizt fram hjá Andö að framan, ef þetta villandi hljóðmerki hefði ekki verið gefið, þykir rétt að taka tillit til þess á þann hátt, að sökin á árekstrinum verði að ¼ hluta lögð á Andö og að tjónið skiptist í sama hlutfalli, eða að Víkingur beri ¾ hluta tjónsins.

Eftir að athugun hafði farið fram á skemmdum, sem Andö hlaut við áreksturinn, sem reyndust hættulausar, hélt Víkingur áfram ferð sinni til Reykjavíkur, en Andö hætti veiðiferðinni og sigldi til Krossaness fyrst og kom þar kl. 5.20 f. h. 4. ágúst á sunnudegi og fór þaðan til Akureyrar, hlaut þar bráðabirgðaviðgerð, er var lokið 6. ágúst. Þar útnefndi varakonsúllinn norski samkv. beiðni skipstjóra tvo norska skoðunar og matsmenn um tjón það, sem Andö hafði orðið fyrir, og möttu (sic) þeir viðgerðarkostnaðinn n. kr. 4000.00 og laun til skipshafnar meðan á viðgerð stóð n. kr. 8300.00, matning (sic), símskeyti, skoðun o. fl. kr. 550.00 og haffærisvottorð kr. 100.00, alls n. kr. 5480.00, að undanskildum veiðimissi. Skipið virðist hafa farið aftur á veiðar 6. ágúst og að veiðitíma loknum fór skipið heim til Noregs, og fór þá þegar viðgerð fram. Miðar stefnandi nú bótakröfu sína við kostnað hinnar framförnu viðgerðar, en ekki við hið fyrra mat, og sundurliðar hann í höfuðliðum bótakröfuna, er stefnt er út af, þannig:

1. a. Norski varakonsúllinn á Akureyri, ýms útgjöld ..... kr. 279.86
   b. Bráðabirgðaviðgerð skipsins á Akureyri — 300.00
   c. Viðgerðarkostnaður samkv. tilboði .... — 4150.00

d.	Matning, símskeyti o. fl.	kr.	550.00
e.	Viðgerð á nótabát	—	300.00
f.	Rétting kompáss	—	100.00
g. og h.	Ýmis útgjöld	—	221.90
		Kr.	5901.76
2.	Fæði og laun skipshafnar á meðan á viðgerð stóð	kr.	1330.00
3.	Veiðimissir við Ísland	—	8000.00
4.	Veiðimissir við Noreg	—	4000.00
		Samtals n. kr.	19231.76

Um 1. Stefndir hafa mótmælt ýmsum stafliðum undir þessum tölulið og talið, að leggja beri til grundvallar skoðunar- og matsgerðina, þótt athugaverð sé af þeirri ástæðu, að hún var ekki framkvæmd af dómkvöddum mönnum. Segja stefndir, að við matið hljóti að hafa verið teknir til greina allir póstar viðvíkjandi skaðanum. Í aðalatriðinu verður að fallast á þetta sjónarmið, þar sem viðgerðin er framkvæmd án þess stefndir hafi haft færi á að fylgjast með henni. En stefnandi þykir þó hafa gert svo sæmilega grein fyrir liðum þeim, er matsgerðin minnist ekki sérstaklega á, að rétt þykir að taka þá til greina. En liðinn 1. c þykir verða að lækka niður í 4000 kr., þar sem upplýst er, að skipið varð fyrir óhappi 31. ágúst og ekki er hnekkt þeirri staðhæfingu stefndu, að aðgerðarreikningarnir sýni, að aðgerðin er víðtækari en matið segir til um. Liður 1. a-h færist þá niður í kr. 5751.76.

Um 2. Þessum lið hafa stefndir mótmælt, af því að ráðningartími skipverja hafi verið á enda, er viðgerðin fór fram. Skoðunarmennirnir, sem eru sérfróðir menn, gera þó ráð fyrir mannakaupi, meðan á viðgerð stendur, með kr. 830.00, og þykir rétt að taka liðinn til greina með þeirri upphæð, enda fór fram víðtækari aðgerð á skipinu en frá árekstrinum stafaði, sem orsakað hefir lengri töf.

Um 3. Aðilar eru sammála um, að töf skipsins vegna bráðabirgðaviðgerðarinnar frá veiðiskap hafi numið 3 sólarhringum. Hinsvegar er ekki upplýst neitt um veiðiveður þessa 3 daga. Upplýst er, að skipið hafði samning við Krossanessverksmiðjuna um síld í bræðslu fyrir 4 kr. pr. mál og hafði ennfremur möguleika til að matjeverka síld

um borð. Stefndir hafa mótmælt þessum kröfulið sem röngum og órökstuddum, en til vara sem allt af háum, enda liggi engin gögn fyrir til að áætla aflatjón. Það er alkunnugt, að síldveiði var þetta sumar með eindæmum lítil, og vottorð, sem stefnandi hefir lagt fram frá forseta Fiskifélagsins, sem getur um veiði lagða á land á Siglufirði og við Eyjafjörð, án þess að greina stærð veiðiflotans eða veiðisvæði, og vottorð frá einum skipstjóra, sem stundaði veiði þessa daga fyrir Norðausturlandi, sanna í rauninni það eitt, að veiðin hafði þá enn ekki alveg brugðizt, eins og síðar varð. Líkur eru því fengnar fyrir því, að skipið mundi hafa fengið einhvern afla, og þykir því eftir málavöxtum ekki alveg næg ástæða til að vísa liðnum frá, eins og stefndir krefjast, heldur að gera skipinu afla þessa daga sem svarar til kr. 1200.

Um 4. Þessum lið hafa stefndir mótmælt sem alveg órökstuddum, þar sem veiðiferðinni hafi verið lokið, og þá mátt afskrá skipshöfnina. Nú hefir skipshöfninni verið gert kaup, sbr. 2. lið, meðan á viðgerðinni stóð, og þegar þess er einnig gætt, að líkur eru til, að tjónið á stýrinu, sem varð 31. ágúst, hafi gert það að verkum, að ekki þótti fært að hefja nýja veiðiferð án viðgerðar, og tíminn er valinn upp á eindæmi skipseiganda og að stefndu fornspurðum, verður að sýkna þá af þessum lið.

Niðurstaðan verður því sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða ¾ hluta af kr. 7781.76, eða kr. 5836.32, og vexti af upphæðinni ber að telja 5% frá 10. marz 1936. Þá ber stefndum og að greiða stefnanda málskostnað með kr. 400.00. Fyrir hinum tildæmdu upphæðum viðurkennist sjóveðréttur í m/b Víkingur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, eigendur og vátryggjendur m/b Víkingur frá Reykjavík, greiði stefnanda, Pétri Magnússyni f. h. eigenda s/s Andö, n. kr. 5836.32, ásamt 5% vöxtum frá 10. marz 1936 til greiðsludags, og málskostnað með kr. 400.00, og hefir stefnandi sjóveðrétt í m/s Víkingur fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1938.

Nr. 25/1938. **Sigurjón Narfason**
gegn
Mjólkurfélagi Reykjavíkur, Birni Hanssyni og Bessa Gíslasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurjón Narfason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 4. maí 1938.

Nr. 16/1938. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Jóni Ragnari Jónassyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Jón Ragnar Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. jan. 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Ragnari Jónassyni skipasmið, til heimilis á Sellandsstig 32 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir sætt eftirtöldum refsingum:

1923 $^{18}/_{5}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 230. gr. sbr. 55. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1933 $^{2}/_{5}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 600 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $^{4}/_{10}$ 1933.

1936 $^{16}/_{5}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 3000 kr. sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $^{4}/_{11}$ 1936.

Nokkru eftir að kærður var síðast dæmdur fyrir áfengissölu, fór að heyrast allsterkur orðrómur um, að hann héldi áfram áfengissölu á heimili sínu, og ennfremur vissi lögreglan um, að hann keypti óeðlilega mikið áfengi í sölu-

búð Áfengisverzlunar ríkisins hér í bænum. Varð þetta til þess, að lögreglan athugaði nótubækur vínbúðarinnar, sem þó einungis fjalla um áfengi, sem sent hefir verið heim til kaupenda, og leiddi sú athugun í ljós, að kærður hefir á tímabilinu frá 3. febrúar til 30 ágúst 1937 fengið heimsendar 1863 flöskur af áfengi fyrir samtals krónur 17696.50. Að vísu var á sumum nótunum ekki fullt nafn eða heimilisfangs kærðs, en engum vafa þótti þó bundið, að um hann væri að ræða, en þó einhverju kunni að skeika um hið heimsenda áfengi samkvæmt nótubókunum af þessari ástæðu, skiptir það ekki neinu meginmáli um hin óeðlilegu áfengiskaup kærðs.

Bæði sölustjóri vínbúðarinnar, innanbúðarstarfsmenn þar og sendisveinn, er flutti heimsenda áfengið til kaupendanna, hafa verið leiddir sem vitni í máli þessu, og eru framburðir þeirra á þá leið, að kærður hafi keypt mikið áfengi í búðinni, en annars vísa þeir til nótubókanna sem sönnunargagns um áfengiskaupin. Sendisveinninn hefir borið það og staðfest með eiði, að frá vorinu 1936 til síðastliðinnar septemberbyrjunar hafi hann allt af öðru hvoru flutt áfengissendingar úr vínbúðinni og heim til kærðs. Kveðst hann oft hafa farið annanhvern dag, stundum hafi liðið nokkrir dagar á milli, en stundum hafi hann farið með sendingar á hverjum degi. Segir hann, að sendingarnar hafi verið mismunandi stórar, frá 5 til 20 flöskur í einu og stundum meira, sérstaklega um helgar. Sendingarnar afhenti hann inni í íbúð kærðs, ýmist honum sjálfum, konu hans eða annari konu í íbúðinni. Kona kærðs neitar að vita um áfengiskaup þessi og áfengissendingar, nema að stöku sinnum hafi verið send ein og ein flaska til nota á heimilinu. Kærður neitar að hafa keypt áfengi það, er í nótubókunum greinir, en segist hafa keypt áfengi fyrir farþega sína í bifreið, er hann ók um skeið, og ennfremur hafi menn fengið að panta áfengi í símann heima hjá sér, en þegar hann var að því spurður, hvaða menn það hafi verið, neitaði hann að nafngreina þá. Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykja þessi andmæli kærðs og konu hans ekki geta staðizt, og verður það því talið sannað, að um mjög óeðlilega mikil áfengiskaup kærðs í vínbúðinni hafi verið að ræða. Er fráleitt, að kærður eftir öllum hag hans að dæma hafi notað neitt nándar nærri það áfengismagn til eigin

afnota. Gefa því áfengiskaup þessi í sambandi við fyrri áfengissöluferil kærðs mjög sterkar líkur fyrir því, að hann hafi á þeim tíma, er að framan greinir, stundað áfengissölu. Liggja og fyrir í málinu framburðir tveggja vitna um áfengissölu kærðs síðan hann síðast var dæmdur, og framburður eins vitnis, er bendir í sömu átt. Vitnið Jón Ragnars, kaupmaður á Siglufirði, hefir borið, að í fyrra sumar, nánar tiltekið í júní eða júlí, hafi hann þrisvar til fjórum sinnum keypt whisky af kærðum uppi á lofti í húsi hans, Sellandsstíg 32, fyrir kr. 19.00 eða 19.50 flöskuna, sem seldar voru úr áfengisverzluninni á kr. 15.50. Kveðst hann þannig hafa keypt 3—4 flöskur eftir 16. maí 1936. Fyrir þann tíma kveðst hann oft hafa keypt áfengi af kærðum, og muni kaup þessi hafa numið 1500—2000 krónum á árunum 1933—1936.

Þennan framburð hefir vitnið staðfest með eiði.

Vitnið Björn Helgi Kristjánsson bifreiðarstjóri hér í bæ, hefir borið, að hann hafi í fáein skipti á árinu 1937 keypt áfengi á Sellandsstíg 32 fyrir farþega sína, og hafa þeir lagt til peningana fyrir áfengið. Áfengi þetta kveður hann kærðan og konu hans ýmist hafa afhent, og var flaskan seld með 2—3 króna álagningu frá útsöluverði áfengisverzlunarinnar. Vitnið man ekki að greina frá einstökum atvikum í þessu sambandi og hefir ekki tilgreint neinn mann, er hann hefir keypt fyrir, enda kveðst hann mjög oft ekki þekkja þá menn, er hann ekur. Enginn þriðji maður hefir verið viðstaddur þessi áfengiskaup. Þennan framburð hefir vitnið staðfest með eiði sínum.

Vitnið Júlíus Bernburg bifreiðarstjóri hefir borið, að hann hafi nokkrum sinnum ekið mönnum að Sellandsstíg 32 til kærðs, og hafi þeir sagzt ætla að kaupa áfengi af kærðum og hafi þeir komið með áfengisflösku út í bifreiðina, er þeir hafi aftur komið út frá kærðum. Kveður vitnið þetta hafa farið minnkandi upp á síðkastið, og man hann síðast eftir því, að hann ók manni í þessum erindagerðum til kærðs í janúarmánuði síðastliðnum. Tók hann mann þennan, sem hann ekki þekkir með nafni, á Hótel Borg að afloknum dansleik og ók honum að Sellandsstíg 32. Þar fór maðurinn inn til kærðs og kom aftur með áfengisflösku, er hann tók upp í bifreiðinni.

Að þessum framburði sínum vann vitnið eið. Þétt eftir að eiðfestingin var um garð gengin kom vitnið fyrir rétt-

inn og kveður það rangt í fyrri framburði sínum, að atvikið hefði gerzt í janúar 1937, heldur hefði það verið í janúar 1936, og óskaði að leiðrétta framburðinn í samræmi við þetta. Nokkru síðar kom vitnið aftur á fund dómarans og óskaði þess að verða tekið fyrir rétt út af vitnisburði sínum, og var það gert. Kveður vitnið þá sinn fyrsta eiðsvarna framburð vera réttan í öllum greinum, og atvikið hafa gerzt í janúar 1937, en sönnunargildi vitnisburðarins verður talið rýrast við framangreindar breytingar vitnisins.

Kærður hefir undir allri rannsókn málsins neitað að hafa selt áfengi eftir að hann var síðast dæmdur og hefir því mótmælt framburðum vitnanna sem röngum.

Með hinum óeðlilega miklu áfengiskaupum kærðs og framangreindum vitnaframburðum og með tilliti til þess, að kærður hefir tvisvar verið dæmdur fyrir ólöglega áfengissölu, þykja vera fram komnar nægilegar sannanir fyrir því, að kærður hafi gerzt sekur um áfengissölu í verulegum stíl, að minnsta kosti á því tímabili, er framannefndar nótubækur ná yfir. Ber að heimfæra brot hans undir 15. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 33. gr. 1. og 2. mgr. sömu laga hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 3500 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 90 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, er ákveðast kr. 75.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Jón Ragnar Jónasson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga og greiði 3500 króna sekt til menningarsjóðs, og afplánist sektin með einföldu fangelsi í 90 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 75.00. Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. maí 1938.

Nr. 18/1938. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Vilhjálmi Valdimar Guðlaugssyni
(Eggert Claessen).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Að því athuguðu, að nokkurrar ósamkvæmni gætir í skýrslum vitnanna Inga Þórs Guðmundssonar og Þorsteins Eiríkssonar, þá þykir þegar af þeirri ástæðu ekki sönnuð sala áfengis af hendi kærða til Inga Þórs. Með þessari athugasemd þykir mega fallast á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að refsing kærða ákveðst 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt til menningarsjóðs, sem afplánist með 35 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Vilhjálmur Valdimar Guðlaugsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og greiði 800 króna sekt til menningarsjóðs, sem afplánist með einföldu fangelsi í 35 daga, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. febr. 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Vilhjálmi Valdimar Guðlaugssyni fisksala, til heimilis á Bergstaðastræti 8 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum.

1927 $^{19}/_{1}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir brot á fisksölureglum.

1937 $^{14}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 800 króna sekt og 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.

Laugardaginn þann 22. janúar s. l. komu á lögreglustöðina Finnbogi Rútur Kolbeinsson sjómaður, Nýlendugötu 19, og Halldór Benediktsson skipstjóri, Suðurgötu 26, og skýrðu frá því, að þeir hefðu kvöldið áður farið heim til kærðs. Var ætlun þess fyrrnefnda sú að fá keypt hjá honum áfengi. Hittu þeir kærðan heima, og bað Finnbogi Rútur hann að selja sé hálfflösku af brennivíni. Kvaðst hann geta gert það, og samdist strax um verðið kr. 5.00.

Bað kærður þá Finnboga að koma einan með sér, og fóru þeir síðan tveir einir inn í herbergi, og afhenti kærður Finnboga þar whiskypela nærri fullan af brennivíni, en Finnbogi greiddi 5 krónur fyrir. Fóru þeir Finnbogi og Halldór síðan burtu.

Kærður hefir játað, að þessi skýrsla sé rétt. Kveðst hann hafa keypt heilflösku af brennivíni þann 18. desember og hafa drukkið helminginn af henni. Hafi það, sem hann seldi, verið afgangurinn af flöskunni og hafi kostað sig kr. 4.00 í innkaupi.

Kærður hefir eindregið neitað að hafa selt annað áfengi en þetta síðan hann var dæmdur fyrir áfengissölu þann 14. september síðastliðinn.

Í máli þessu hefir komið fram vitnisburður Inga Þórs Guðmundssonar verkamanns, Baldursgötu 16, um að hann hafi þann 18. desember síðastliðinn, einu sinni milli jóla og nýárs og loks laugardaginn 8. janúar s. l., öll skiptin að kvöldi, farið heim til kærðs og í hvert skipti keypt af honum eina flösku af brennivíni fyrir kr. 9.00, og hafi Þorsteinn Eiríksson verkamaður, Hverfisgötu 82, í öll skiptin beðið eftir sér, ýmist úti fyrir húsi kærðs eða í forstofu hans.

Framburður Þorsteins Eirikssonar um þetta atriði er samhljóða framburði Inga Þórs, og kveðst hann í öll skiptin hafa verið viss um, að Ingi Þór hafi farið áfengislaus inn í hús kærða, en hann hafi í öll skiptin komið með brennivínsflösku út og hafi hann sagt sér, að hann fengi þær hjá kærðum fyrir 9 krónur hverja.

Þorsteinn hefir ennfremur borið, að hann hafi rétt fyrir jólin farið heim til kærðs og verið undir áfengisáhrifum.

Hafi hann þá beðið kærðan að lána sér eina brennivínsflösku, en hann hafi sagzt alls ekki lána honum, manni, sem hann ekkert þekkti.

Áfengissala sú, er framburður þessara vitna fjallar um, verður að vísu ekki talin nægilega sönnuð gegn eindregnum mótmælum kærðs, en eigi verður fram hjá því gengið, að framburður vitnanna veiti líkur fyrir því, að sala kærða á framannefndri hálfflösku af brennivína hafi ekki verið slíkt einsdæmi og hann hefir skýrt frá.

Með áfengissölu þeirri, er að framan er lýst, hefir kærður gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. l. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga og 800 kr. sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Vilhjálmur Valdimar Guðlaugsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga og greiði

800 kr. sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. maí 1938.

Nr. 40/1938. **Réttvísin** (Theódór B. Lindal)
gegn
Kristvin Guðbrandssyni
(Lárus Jóhannesson).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða, sem frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 6 gr. laga nr. 51/1928, og þykir refsing ákærða fyrir það hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Svo þykir og mega ákveða, að refsingin verði skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum laga nr. 39/1907.

Ákærða ber að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristvin Guðbrandsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theodór B. Líndal og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 21. jan. 1938.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Kristvin Guðbrandssyni verkamanni, til heimilis Bergstaðastræti 8 hér í bæ, fyrir brot gegn 23. kap. almennra hegningarlaga og lögum nr. 51 1928.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. ágúst 1894 að Eiði í Eyrarsveit. Hann hefir ekki sætt ákærum eða refsingum fyrr.

Hinn 6. þ. m. tilkynnti Jón Guðlaugsson fisksali, Bergstaðastræti 8 hér í bæ, á lögreglustöðina, að stolið hefði verið 3500 kr. úr íbúð sinni. Skýrði hann svo frá, að hann hefði átt geymdar 3200 krónur í skáp í stofu sinni. Voru peningarnir í tveim umslögum, er aftur voru vafin inn í bláröndótt koddaver. Einnig höfðu horfið 300 krónur úr tveim blikkkössum í stofu, sem ákærður, sem er mágur Jóns, hafði í íbúðinni. Af peningum þeim, er voru í koddaverinu, átti Jón sjálfur kr. 1700.00, en kr. 1500.00 geymdi hann fyrir ákærða, að beiðni hans.

Ákærður hefir játað að hafa tekið umrædda peninga. Þennan sama morgun, áður en hann var fullklæddur, framkvæmdi hann þjófnaðinn. Úr herbergi hans er innangengt í stofu Jóns, og voru dyrnar ólæstar. Hann opnaði skápinn með lykli, sem stóð í honum, leitaði uppi peningana og stakk þeim á sig. Til þess að villa sýn, tók hann síðan kr. 300.00 úr peningaboxum sjálfs síns. Fór hann því næst út til vinnu sinnar og skildi eftir opnar dyrnar að herbergi sínu.

Peningana geymdi ákærður á sér þar til um hádegisbilið. Þá fór hann heim, og var peningahvarfið þá komið upp, og þegar ráðgert að tilkynna það lögreglunni. Við það kveðst

ákærður hafa orðið hræddur og fór því með peningana niður í Flosaport og faldi þá þar. Þar vísaði ákærður á þá, en þá var búið að róta ýmsu til í portinu, og fundust ekki nema kr. 3155.00. Ákærður kveðst aldrei hafa talið peningana.

Með þessum þjófnaði hefir ákærður gerzt sekur við 6. gr. laga nr. 51 1928. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Þá ber og að dæma hann til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Kristvin Guðbrandsson, sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. maí 1938.

Nr. 7/1938. **Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**
(Theódór B. Líndal)
gegn
Sigbirni Ármann
(Einar B. Guðmundsson).

Bætur vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 18. jan. þ. á., hefir krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að sök af bifreiðarslysi því, er í hinum áfrýjaða dómi segir, verði skipt eftir mati dómsins. Svo krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Á það verður að fallast, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, að stefndi hafi sýnt mikla óvarkárni, er orsök hafi orðið í slysi því, er hann varð fyrir og í máli þessu getur. Það verður og að telja, að ekki sé útilokað, að slysinu hefði orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn á R. E. 846 hefði stöðvað bifreið sína fyrr en raun varð á, og ekki heldur sannað, að honum hafi verið það ómögulegt. Verður því að telja bæði stefnda og bifreiðarstjórann þannig við slysið riðna, að skipta beri skaðanum til helminga, þannig, að annan helminginn beri áfrýjandi og stefndi sjálfur hinn.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, er samtals þykir hæfilega ákveðinn 400 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi beri helming tjóns þess, er varð af bifreiðarslysi því, er stefndi varð fyrir 14. sept. 1937, en stefndi beri hinn helminginn sjálfur.

Áfrýjandi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Sigbirni Ármann, samtals 400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. jan. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 23. nóv. þ. á. af Sigbirni Ármann kaupmanni, Njálsgötu 96 hér í bæ, gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f., hér í bænum, og eru dómkröfur stefnanda í því þær, að ákveðið verði með

dóminum, að bifreiðarstjórinn á bifreiðinni R. E. 846 eigi alla sök á síðargreindu slysi, og að stefndur verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir samþykkt, að máli þessu sé beint gegn sér sem vátryggjanda bifreiðarinnar R. E. 846 án þess, að bifreiðareigandanum væri stefnt, og gerir hann þær réttarkröfur *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, en *til vara*, að sökinni á slysinu verði skipt skv. mati réttarins. Málskostnaðar krefst stefndur hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að 14. sept. s. l. kl. 23.15 tók stefnandi sér far með strætisvagni frá Lækjartorgi áleiðis heim til sín á Njálsgötu 96. Stöðvaði (sic) strætisvagninn á gatnamótum Njálsgötu og Barónsstígs, á vinstri brún Njálsgötu vestan Barónsstígs, og hleypti nokkrum farþegum þar út, og var stefnandi meðal þeirra. Er svo að sjá sem nokkuð margir farþegar hafi farið þarna út úr vagninum, og að stefnandi hafi verið meðal þeirra seinustu, er út fóru. Um leið og hann sté út virðist vagninn hafa haldið áfram, en hann var á leið suður Barónsstíg. Gekk stefnandi síðan nokkur skref með vagninum út á Barónsstíg, þannig að vagninn var á hægri hönd hans og sá stefnandi því ekki suður Barónsstíginn. Var stefnandi kominn nokkuð út á Barónsstíg, þegar strætisvagninn var allur kominn fram hjá honum og honum opnaðist útsýn suður stíginn, en í sama bili og það varð, sá hann bifreið koma sunnan stíginn á miklum hraða og bjóst hann við, að hún myndi aka á sig. Flýtti stefnandi sér nú sem mest hann mátti austur yfir stíginn, en sér í sama bili bifreiðina R. E. 846, sem ekið var suður Barónsstíg og þá var komin svo nálægt stefnanda, að óhjákvæmilegt var, að árekstur yrði. Sá stefnandi þegar, hvað verða vildi, og gat snúið sér við til hálfs og ýtt sér frá hægra frambretti bifreiðarinnar með vinstri hendi, en lenti þó á brettið og féll frá bifreiðinni á götuna og hlaut við það nokkur meiðsl.

Telur stefnandi, að bifreiðarstjórinn á R. E. 846 eigi alla sök á slysinu, en þar eð stefndur vill ekki viðurkenna, að svo sé, heldur telur stefnanda sjálfan og bifreiðina, sem ók norður Barónsstíginn og stefnandi var að forða sér undan, eiga alla sök á því, hefir stefnandi höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Rannsókn sú, sem fram fór hjá lögreglunni út af slysinu, virðist, eftir því sem fyrir réttinum liggur, aðeins vera framkvæmd af lögregluþjóni, og er hún ekki eins greinileg um ýmislegt, sem slysið varðar, og æskilegt hefði verið. Hvað viðvíkur hraða R. E. 846, eru sjónarvottar að slysinu og stefnandi sammála um, að hann hafi ekki verið tiltakanlega mikill, eða jafnvel fremur hægur. Bifreiðarstjórinn hefir þó skýrt svo frá, að hann hafi hemlað bifreiðina um leið og stefnandi lenti á henni, og að stefnandi hafi legið móts við afturhjól hennar, er hún var stöðvuð. Þegar slysið skeði, var myrkur og regn, en gatan á slysstaðnum er malbikuð og hefir því verið rennblaut. Í 6. gr. bifreiðalaganna segir m. a., að við vegamót, þar sem sleipt sé og þar sem mikil umferð sé, megi ekki aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Slíkar aðstæður virðast hafa verið hér fyrir hendi, en samt rann bifreiðin, sem þó hafði góða hemla, líklega um tvo metra frá því að hún var hemluð og þar til hún stöðvaðist, eins og kemur fram af því, hvar stefnandi lá eftir slysið, miðað við bifreiðina.

Því er ákveðið haldið fram af stefnanda, að ljós R. E. 846 hafi ekki verið í góðu lagi, er slysið varð. Hægra ljósker bifreiðarinnar hafi vísað upp, í stað þess að lýsa beint fram, og hafi þetta valdið því, að hann hafi talið vinstra ljósið vera það hægra og því talið bifreiðina fjær sér en hún var. Ennfremur telur hann, að þetta hafi valdið því, að bifreiðarstjórinn hafi tekið eftir sér síðar, en ef ljósið hefði verið í lagi.

Af hálfu stefnds er því neitað, að ljósið hafi verið í þannig löguðu ólagi, að það eigi nokkurn þátt í slysinu. Hefir verið lögð fram álitsgerð tveggja bifreiðarstjóra um þetta, og telja þeir, „að eins og á stóð“ hafi það engin áhrif haft um slysið, þótt ljóskerið vísaði upp á við. Álitsgerð þessi virðist þó vera gersamlega þýðingarlaus í málinu, þar eð menn þessir voru hvergi nærri, er slysið skeði, og virðast enga aðstöðu hafa haft til að vita, hvernig ljósið vísaði, er slysið varð, og óupplýst er, á hverju þeir byggja þetta álit sitt, enda er upplýst, að það fyrsta, sem bifreiðarstjórinn gerði eftir slysið, var að laga ljóskerið áður en hann hjálpaði stefnanda, er lá á götunni. Þykir þetta benda ákveðið til þess, að bifreiðarstjórinn hafi að einhverju leyti

kennt ljósinu um slysið, enda þótt ósannað sé í málinu, hvern þátt það hefir átt í því, að svo fór sem fór.

Að þessu hvorutveggja, hraða bifreiðarinnar og því, er nú var sagt um ljósin, athuguðu, þykir verða að telja, að hvorki sé það sannað í máli þessu, að bifreiðarstjórinn hafi ekið með þeirri varkárni og aðgæzlu, sem honum bar eftir öllum aðstæðum, né að ljós bifreiðarinnar hafi verið í eins góðu lagi og krefjast verður, eins og birtu og veðri var háttað. Og með því að ekki er upplýst, að slysið hefði hlotið að vilja til, jafnvel þótt svo hægt hefði verið ekið, að bifreiðin hefði getað stöðvazt jafnskjótt og hún var hemluð, eins og fyrirskipað er í 6. gr. bifreiðarlaganna undir samskonar kringumstæðum og hér voru, og jafnvel þótt ljósin hefðu verið í fullkomnu lagi, þá verður samkv. ákvæðum bifreiðalaganna að telja, að bifreiðarstjórinn á R. E. 846 eigi sök á umræddu slysi, og kemur þá næst til álita varakrafa stefnds um, að ákveðið verði, að stefnandi eigi sjálfur sök á slysinu að nokkru leyti, þ. e. að sökinni verði skipt.

Þess er áður getið, að þegar stefnandi sté úr úr strætisvagninum, gekk hann þegar í stað áleiðis austur yfir Barónsstíg, og að vagninn byrgði honum útsýn suður stíginn. Bifreiðaumferð er allt af mjög mikil um Barónsstíg, og má telja það alkunnugt, a. m. k. þeim, er í nánd við hann búa, eins og stefnandi gerði, að bifreiðar aka þar yfirleitt mjög hratt.

Rétturinn verður því að telja það svo mikla óvarkárni af stefnanda að ganga þannig út á stíginn, að hafa ekki möguleika til að sjá til bifreiða sunnan hann, að taka beri varakröfu stefnds um skiptingu sakarinnar til greina, enda virðist ein aðalorsök slyssins sú, að stefnandi taldi sig þurfa að flýta sér undan bifreið þeirri, er að sunnan kom, strax þegar hann sá hana vegna vagnsins. Í samræmi við þetta og að öllu athuguðu þykir sökinni réttilega skipt þannig, að ákveðið sé, að bifreiðarstjórinn á R. E. 846 eigi ⅔ hluta hennar, og stefndum beri því að bæta stefnanda tjón hans að ⅔ hlutum, en að stefnandi eigi sjálfur ⅓ hluta sakarinnar, og beri því tjón sitt að ⅓ hluta sjálfur. Eftir þessum úrslitum ber að taka málskostnaðarkröfu stefnanda til greina, og þykir málskostnaður honum til handa eftir málavöxtum hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Bifreiðarstjórinn, sem ók R. E. 846, þegar framangreint slys varð, á sök á slysinu að ⅔ — tveimur þriðju hlutum — og ber stefndum, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f., því að bæta stefnanda, Sigbirni Ármann, tjón hans vegna slyssins eftir sama hlutfalli. — Í málskostnað greiði stefndur stefnanda kr. 150.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. maí 1938.

Nr. 28/1938. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Sigurði Helga Ólafssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að ekki kemur nægilega skýrt fram í prófum málsins, í hvaða skyni þeir Halldór Benediktsson og Finnbogi Rútur Kolbeinsson keyptu áfengið af kærða né hvað af áfenginu hefir orðið.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Sigurður Helgi Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. febr. 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Helga Ólafssyni verkamanni, til heimilis á Njálsgötu 72 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir sætt eftirtöldum refsingum:

1935 ⅝ Sætt 400 kr. sekt fyrir áfengissölu.

1935 1½ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 500 króna sekt fyrir áfengisbruggun.

Í máli þessu hefir vitnið Finnbogi Rútur Kolbeinsson sjómaður, Nýlendugötu 19, borið það, að fimmtudagskvöldið 20. janúar s. l. um kl. 22.45 hafi það, ásamt Halldóri Benediktssyni, verið statt á steinplaninu sjávarmegin við húsið nr. 15 við Hafnarstræti og hitt þar kærðan í máli þessu og spurt hann, hvort hann hefði whisky eða romm. Því neitaði kærður, en kvaðst hafa brennivín. Bað þá vitnið kærðan um eina hálfflösku af brennivíni. Sagði kærður hana til reiðu og bað vitnið að koma með sér. Ganga þeir síðan bak við söluvagn, er stóð þar á planinu, og staðnæmdust þar. Tók þá kærður úr vasa sínum flatan pela með brennivíni, sem hann seldi vitninu fyrir 5 krónur, er vitnið greiddi strax með tveimur tveggja krónu peningum og einum krónupening.

Hefir þetta vitni skýrt frá því, að vitnið Halldór Benediktsson hafi staðið við hliðina á sér, þegar þeir kærður töluðust við um áfengiskaupin og þegar kærður bað vitnið að koma með sér til að taka við áfenginu. Síðan hafi

Halldór gengið í humátt á eftir þeim, en ekki verið viðstaddur, þegar afhendingin fór fram.

Í þetta skipti sagði kærður vitninu, að hann ætti nóg brennivín, og kostaði flaskan af því kr. 10.00. Fyrr þetta sama kvöld kveðst vitnið hafa hitt kærðan á planinu við Steinbryggjuna, og sagði hann því þá, að hann ætti nóg brennivín. Kveðst vitnið ekki hafa bragðað áfengi, þegar þessi atvik gerðust, og hefir það staðfest framanskráðan framburð sinn með eiði.

Vitnið Halldór Benediktsson skipstjóri, Suðurgötu 26, hefir borið, að það hafi á þeim tíma, er um ræðir í framburði vitnisins Finnboga Rúts, hitt kærðan Tryggvagötu megin í sundinu milli húsanna Hafnarstrætis 17 og 19, og var Finnbogi Rútur þá með vitninu, en þeir færðu sig síðan út á Steinplanið. Höfðu þeir, vitnið og Finnbogi Rútur, rætzt við um, að þá vantaði áfengi, og kveðst vitnið hafa vitað það með vissu, að hann hafði þá ekki áfengi meðferðis.

Spurði þá Finnbogi Rútur kærðan, hvort hann ætti whisky eða romm, en því neitaði kærður, en sagðist hafa nóg brennivín.

Sagði þá Finnbogi Rútur: „Komdu með hálfflösku af brennivíni.“ Játaði kærður því og sagði Finnboga Rút að koma með sér.

Gengu þeir þá frá og staðnæmdust við veitingavagn, er þar stóð á planinu. Sá þá vitnið, sem stóð álengdar, að þeir kærður og Finnbogi réttu hvor öðrum eitthvað fremur pukurslega, en hvað það var, sá það ekki. Þegar Finnbogi Rútur kom aftur til vitnisins, sýndi hann því pela undan whisky, fullan af brennivíni, sem hann sagðist hafa keypt af kærðum fyrir 5 krónur.

Þennan framburð hefir vitnið staðfest með eiði.

Kærður kveðst hafa verið staddur á planinu við Steinbryggjuna umrætt kvöld og hafa hitt þar vitnið Finnboga Rút, sem hafi spurt sig, hvort hann ætti whisky eða romm, en því kveðst hann hafa neitað. Voru þeir bak við veitingavagninn, er þeir voru að tala um þetta. Sá kærður vitnið Halldór Benediktsson álengdar áður en þeir gengu á bak við vagninn. Kærður neitar að hafa selt margnefndan pela eða annað áfengi.

Þrátt fyrir neitun kærðs þykir þó með eiðfestum fram-

burðum framangreindra vitna nægilega sannað, að hann hafi selt Finnboga Rút brennivínspelann, og hefir hann með því gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans, með tilliti til fyrri brota hans, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Sigurður Helgi Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. maí 1938.

Nr. 155/1937. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Karli Gísla Gíslasyni og Þórarni Vilhjálmi Eyþórssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Áfengis og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrest-

ur sektanna telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærðu til þess að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu, Karl Gísli Gíslason og Þórarinn Vilhjálmur Eyþórsson, greiði hvor um sig 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektar hvors þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hinir kærðu skulu sviptir rétti til að stýra bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Hinir kærðu greiði in solidum allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. nóv. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Karli Gísla Gíslasyni bifreiðarstjóra, Ljósvallagötu 8, og

Þórarni Vilhjálmi Eyþórssyni bifreiðarstjóra, Hörpugötu 31, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða. Kærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Þórarinn Vilhjálmur fæddur 25. júlí 1912 og hefir aldrei sætt ákæru né refsingu, en Karl Gísli fæddur 15. nóvember 1909 og hefir hann, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1930 7/5 Sætt 40 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
1935 24/6 Aðvörun fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði.
1937 8/9 Áminning fyrir vöntun á framljósi bifreiðar.

Aðfaranótt 3. þ. m. varð lögreglan þess vör, að bifreiðinni R. 998 var ekið eftir Laugavegi í vesturátt og var henni þá ekið upp að gangstéttarbrún vinstra megin, og rakst þá vinstra frambretti bifreiðarinnar í ljóskersstólpa, er þar stendur. Ók svo bifreiðin áfram og nam ekki staðar, þó að lögregluþjónn gæfi henni stöðvunarmerki, en það hefir ekki sannast, að bifreiðarstjórinn, sem þá var kærður Þórarinn Vilhjálmur, hafi tekið eftir stöðvunarmerkinu. Nokkru eftir að þetta gerðist náði lögreglan bifreið þessari á Ránargötu, og voru þá ákærðir báðir og tvær stúlkur í henni. Hefir síðan upplýst, að kærðir höfðu fengið bifreiðina lánaða um kvöldið og höfðu ekið henni héðan úr bænum og að Geithálsi í Mosfellssveit og þaðan aftur hingað til bæjarins og voru að koma úr þeirri ferð, þegar lögreglan veitti þeim athygli, sem áður segir. Höfðu þeir skipzt á um að aka bifreiðinni í ferð þessari. Hafa þeir báðir játað að hafa fundið lítillega á sér áhrif áfengis við akstur þennan, enda hafi þeir í félagi drukkið úr fullum whiskypela af brennivíni skömmu áður en þeir fóru í ferð þessa. Rannsókn á blóðsýnishornum, er tekin voru úr kærðum, þegar lögreglan náði í þá, sýndi áfengismagn í blóðinu 1‰.

Með því þannig að aka bifreið undir áhrifum áfengis hafa kærðir brotið 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna. Auk þess hefir kærður Þórarinn Vilhjálmur með því að aka á ljóskersstólpann brotið 15. gr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna.

Þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin fyrir hvorn um sig 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði þær (svo) ekki greiddar

innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þeir skulu báðir sviptir leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Þeir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærðir, Karl Gísli Gíslason og Þórarinn Vilhjálmur Eyþórsson, sæti hvor 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði þær (svo) ekki ekki greiddar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þeir skulu sviptir leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Þeir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. maí 1938.

Nr. 134/1936. **Páll Sigurðsson, dánarbú Auðuns Jónssonar og dánarbú Guðmundar Jónssonar** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Eiríki Ormssyni f. h. firmans Bræðurnir Ormsson (Eggert Claessen).

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ágreiningur út af verksamningi.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til hæstaréttar af hálfu hinna stefndu í héraði með áfrýjunarstefnu dags. 9. september 1936, en síðan hafa tveir þeirra látizt, þeir Auðunn Jónsson og Guðmundur Jónsson. Hafa dánarbú þeirra haldið málinu áfram, ásamt sam-

áfrýjanda þeirra, Páli Sigurðsyni. Af hálfu stefnanda í héraði hefir málinu verið gagnáfrýjað með gagnáfrýjunarstefnu dags. 28. september 1936.

Aðaláfrýjendur, sem hafa fengið gjafsóknarleyfi fyrir hæstarétti og talsmann skipaðan, hafa *aðallega* krafizt algerðrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, en *til vara* niðurfærslu á fjárhæð þeirri, sem þeir hafa verið dæmdir til að greiða. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það virðist mega ráða með vissu af reikningum þeim, sem gagnáfrýjandi lagði fram í máli þessu í héraði, að flestir reikningsliðirnir séu óviðkomandi ábyrgð þeirri, sem gagnáfrýjandi bar samkvæmt verksamningnum á rafmagnsvélinni og umbúnaði hennar. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda in solidum málskostnað í hæstarétti, og ákveðst hann 300 krónur. Málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjenda, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, er ákveðast 120 krónur, ber að greiða úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Páll Sigurðsson, dánarbú Auðuns Jónssonar og dánarbú Guðmundar

Jónssonar, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Eiríki Ormssyni f. h. firmans Bræðurnir Ormsson, kr. 392.00 með 5% ársvöxtum frá 14. júní 1935 til greiðsludags, kr. 103.60 í málskostnað í héraði og kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjenda, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 120.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 24. júlí 1936.

Mál þetta er eftir heimild í lögum nr. 59 frá 10. nóv. 1905 höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útg. 13. júní 1935 af firmanu Bræðurnir Ormsson hér í bæ gegn Páli Sigurðssyni Árkvörn, Auðunni Jónssyni Eyvindarmúla og Guðmundi Jónssyni Háamúla, öllum í Fljótshlíðarhreppi, til greiðslu skuldar in solidum, að upphæð kr. 501.00, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1933 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í rekstri málsins hefir stefnandi lækkað kröfu sína um krónur 109.00, og er hún því kr. 392.00.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar.

Málsvexir eru þeir, að á árinu 1927 byggði stefnandi rafmagnsstöð fyrir stefndu. Var verkinu lokið í desember 1927, og hafði stefnandi eins árs ábyrgð á verkinu frá þeim tíma að telja. Rafvél stöðvarinnar reyndist illa og skipti stefnandi því um vél, og var hin nýja vél sett upp á árinu 1928. Var það gert stefndu að kostnaðarlausu, og þar eð þeir höfðu að fullu gert upp við stefnanda og skulduðu honum ekkert frá því að fyrri vélin var sett upp, virðast þeir hafa verið skuldlausir við stefnanda, þegar lokið var uppsetningu síðari vélarinnar. Svo er að sjá sem síðari vélin hafi bilað nokkuð oft, og var þá jafan leitað til stefnanda um viðgerðir á henni. Stefnandi bar einnig ábyrgð á þess-

ari vél, og er svo að sjá skv. samningi milli aðila, sem lagður hefir verið fram og dags. er 19. júlí 1931 og síðar framlengdur 26. sept. 1932, að ábyrgð stefnanda á vélinni hafi átt að haldast og hafi haldizt til 1. júní 1933. Skuld þá, sem krafið er um í þessu máli, telur stefnandi vera fyrir efni og vinnu, er hann hafi látið stefndu í té á tímabilinu frá júní 1929 til maí 1932, og hefir hann lagt fram sundurliðaða reikninga um skuldina. Kveðst hann að vísu hafa gert oftar og meira við stöðina en reikningarnir hljóði um, en ýmist hafi hann ekki krafizt borgunar eða stefndu hafi þegar borgað sér fyrir viðgerðirnar. Umstefnd skuld sé því aðeins fyrir nokkrar viðgerðir og úttektir, sem stefndum beri tvímælalaust að borga.

Stefndir hafa ekki mótmælt því, að vinna sú hafi verið unnin og efni það látið af hendi í þágu rafstöðvarinnar, sem framlagðir reikningar greina. Ekki hafa þeir heldur mótmælt verði efnis eða vinnu. Hinsvegar byggja þeir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að rafstöðin hafi verið í ábyrgð stefnanda allan þann tíma, er úttektirnar og viðgerðirnar hafi farið fram á, og að þær falli allar undir ábyrgð stefnanda á stöðinni. Alla hina umstefndu vinnu og efni hafi stefnanda því borið að láta ókeypis í té, og því eigi hann nú enga kröfu á hendur stefndu út af umstefndum viðgerðum og efni.

Ábyrgð sú, sem stefnandi bar á rafstöðinni, var takmörkuð á þann veg, að hún náði aðeins til *„efnis- og smíðagalla á vélinni og umbúnaðinum.“* Það ber því fyrst og fremst að athuga það, hvort bilanir þær, sem stefnandi hefir gert við á stöðinni, stafi af efnis- og smíðagöllum á vélinni eða umbúnaðinum, eða stefnanda verði á annan hátt um þær kennt, enda þótt þær féllu ekki undir hina sérstöku ábyrgð hans. Af reikningum þeim, sem fram eru lagðir í málinu um efni og vinnu vegna bilana á stöðinni, er ekki unnt að komast að raun um, hvort bilanirnar hafa orsakazt af efnis- eða smíðagöllum á vélinni eða umbúnaðinum, en, eins og áður greinir, virðist vera óvéfengt, að allt, sem á reikningunum greinir, hafi gengið til stöðvarinnar frá stefnanda.

Eins og hér stendur á, velta úrslit málsins þess vegna á því, hvor aðila hefir sönnunarbyrðina fyrir því, að gagnaðila hafi borið að bæta bilanirnar á sinn kostnað, og hvort þeim,

sem sönnunarbyrðin hvílir á, hafi tekizt að sanna, að gagnaðila hafi borið að bæta bilanirnar á eigin kostnað. Skal þetta nú athugað.

a) Það er upplýst með vitnaleiðslum í máli þessu, að hirðingu vélarinnar hefir verið mjög ábótavant hjá stefndu. Vélin var látin ganga án þess, að hirt væri um að smyrja hana nægilega. Feitin, sem notuð var á vélina, var óhrein, blönduð sandi, og svo mjög kvað að þessu, að einn rafvirkjanna, sem leiddir hafa verið sem vitni, kveðst hafa heyrt urg í vélinni af þessari ástæðu. Menn þeir, er með vélina fóru, voru með öllu ófaglærðir, og bendir allt, sem komið hefir fram í málinu, til þess, að þeir hafi ekki haft þekkingu á meðferð vélarinnar.

b) Eitt vitni, er telja verður sérlega gott, þar eð stefndir hafa sérstaklega óskað eftir því við stefndanda, að hann ráðfærði sig við það um ýms efni viðvíkjandi rafstöðinni þeirra vegna, hefir borið, að þegar stefnandi framlengdi ábyrgð sína, eins og áður segir, hafi stefndur Páll lofað „að greidd yrði upp gömlu viðskiptin þeirra félaga sameiginlega við firmað Bræðurnir Ormsson.“ Annað vitni hefir borið hið sama, þó með þeirri undantekningu, að það kveður sér hafa „skilizt“, að átt væri við sameiginleg viðskipti stefndu við stefnanda út af byggingu stöðvarinanr, er umrætt loforð var gefið. — Þegar þess er gætt, að stofnskuld stöðvarinnar var að fullu greidd á þessum tíma, virðist þetta styrkja þá fullyrðingu stefnanda mjög, að stefndir, eða a. m. k. stefndur Páll, hafi talið sér skylt að greiða einhvern viðgerðarkostnað við stöðina.

c) Í rekstri málsins lögðu stefndir fram kvittaðan reikning fyrir fullri greiðslu eins liðs úr kröfum stefnanda. Þennan reikning verður að telja, að stefndir hafi greitt, og veikir það fullyrðingu þeirra um það, að þeir hafi aldrei talið sér skylt að greiða neinn hluta þeirrar skuldar, er stefnandi upphaflega stefndi til greiðslu á í máli þessu.

d) Stefndir voru eigendur og vörzluhafar stöðvarinnar, og virðist því hafa verið auðveldara fyrir þá að tryggja sér sönnun fyrir því, að bilanirnar stöfuðu af atvikum, sem stefnandi bar ábyrgð á, ef svo var, heldur en fyrir stefnanda að tryggja sér sönnun fyrir því, að svo væri ekki.

Það, sem nú var talið undir a—c, virðist veita svo miklar líkur fyrir því, að bilanirnar hafi stafað af atvikum, sem

stefnandi bar ekki ábyrgð á, að það, með sérstakri hliðsjón af því, sem sagt var undir d, þykir eiga að valda því, að sönnunarbyrðin fyrir því, að stefnanda hafi borið að gera við bilanirnar stefndum að kostnaðarlausu, eigi að hvíla á stefndum. En með því nú að stefndum hefir ekki tekizt að sanna og jafnvel ekki gera það líklegt, að einstakir liðir umstefndrar skuldar né skuldin í heild stafi af viðgerð bilina, sem stefnanda bar að bæta skv. ábyrgðarloforði sínu eða af öðrum ástæðum, þá verður sýknukrafa þeirra ekki tekin til greina á grundvelli þeirrar málsástæðu, er nú var rædd.

Í öðru lagi hafa stefndir haldið því fram, að enda þótt svo yrði litið á, að þeim hefði borið að greiða umstefnda skuld, þá beri nú að sýkna þá af greiðslu hennar vegna þess, að hún sé fyrnd.

En þegar af þeirri ástæðu, að viðskipti þessi hafa verið óslitin til maímánaðar ársins 1932, og skuldin hefir því ekki byrjað að fyrnast fyrr en 1. jan. 1933, verður þessi sýknuástæða stefndra ekki heldur tekin til greina.

Þar eð stefndir hafa ekki haft uppi aðrar varnarástæður en þær, er nú hafa verið ræddar, verða árslit máls þessa skv. framansögðu þau, að kröfur stefnanda verða allar teknar til greina, þó þannig að vextir reiknast frá stefnudegi og 5%, og þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá M. F. Í., kr. 103.60.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Páll Sigurðsson, Auðunn Jónsson og Guðmundur Jónsson, greiði in solidum stefnandanum, firmanu Bræðurnir Ormsson, kr. 392.00 með 5% ársvöxtum frá 14. júní 1935 til greiðsludags og kr. 103.60 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. maí 1938.

Nr. 8/1938. **Bæjargjaldkerinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Karli Einarssyni (Enginn).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í hæstarétti, var ekki mætt í því af stefnda hálfu, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og hefir málið þess vegna verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935.

Áfrýjandi hefir skotið málinu til hæstaréttar með stefnu dags. 20. janúar þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 31. desember f. á., og hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 416.00, ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 22. október 1936 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fjárhæð sú, sem stefndi er krafinn um í máli þessu, eru útsvör, sem á hann hafa verið lögð á Akureyri árin 1933, 1934 og 1935, ásamt dráttarvöxtum.

Það er ágreiningslaust í málinu, að stefndi hefir dvalizt á Akureyri frá 1928 og þangað til mál þetta var höfðað, við iðnnám til ársins 1933 og frá 1. maí 1933 sem iðnsveinn á Fjaðrahúsgagnagerðinni á Akureyri. Hann átti þannig raunverulegt heimilisfang á Akureyri og var þar útsvarsskyldur samkvæmt 8. gr. laga nr. 46 frá 1926 á þeim tíma, þegar greind útsvör voru á hann lögð. Samkvæmt þessu verður að dæma stefnda til að greiða hina kröfðu fjárhæð ásamt vöxtum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Karl Einarsson, greiði áfrýjanda, bæjargjaldkeranum á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, kr. 416.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1936 til greiðsludags og samtals kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. júlí 1937.

Friðrik Magnússon, bæjargjaldkeri á Akureyri, hefir fyrir hönd bæjarsjóðs Akureyrar eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað mál gegn divanasmið Karli Einarssyni, Oddeyrargötu 22, til greiðslu á kr. 416.00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins.

Upphæð sú, er framan greinir, er útsvör og dráttarvextir frá árunum 1933—1935 til bæjarsjóðs.

Stefndur neitar að greiða hina umstefndu upphæð, með því að hann eigi lögheimili í Keldunesshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu og hafi greitt þar opinber gjöld til ríkis og sveitarfélags og vísar hann í lausamennskuleyfi sitt dags. 16. maí 1925, réttarskjal nr. 9.

Yfirlýsingu leggur hann og fram, réttarskjal 11, frá Birni Stefánssyni, um að hann sé heimilismaður hans á Víkingavatni.

Stefndur krefst að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda, útsvörum og vöxtum og málskostnaði, og krefst, að sér verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Samkv. réttarskj. 17 hefir stefndur unnið sem iðnsveinn á Fjaðrahúsgagnagerðinni á Akureyri frá 1. maí 1933 til ársloka 1936.

Á framangreindu vottorði er einnig skýrsla um kaup hans þessi ár. Hann vann í ákvæðisvinnu.

Í Kelduhverfi rak hann enga atvinnu og ekki greiddi hann neitt fyrir að mega vera þar og hafa þar ársheimili.

Þá hefir það og verið upplýst í málinu, að stefndur neytti kosningarréttar til bæjarstjórnar og Alþingis á Akureyri árið 1934.

Stefnandinn hefir til vara krafizt, að með því stefndur hafi aldrei kært útsvör sín og þannig firrt sig rétti til að neita greiðslu útsvaranna, að hann verði dæmdur til greiðslu útsvaranna á þeim grundvelli.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 60 frá 20. nóv. 1907 er lausamanninum gert að skyldu að fá sér ársheimili og samkv. 5. gr. sömu laga er lögð sú sérstaka skylda á húsráðanda að greiða gjöld hans, ef í vanskilum eru, nema hann geti vísað á eignir, sem megi taka lögthaki til lúkningar gjöldunum. Lögin um lausamennsku virðast alls eigi krefjast, að ársheimili hans sé þar sem atvinna hans er.

Sýnilega virðist löggjafinn búast við, að lausamaðurinn sé eigi við neitt fast bundinn, og vill því leggja aðaláherzluna á, að gjöld til þess opinbera náist frá honum, og því er þessi skylda lögð á húsráðandann, og með því um leið gert öruggara fyrir lausamanninn að fá sér ársheimili, þar sem ofan getin kvöð hvílir á húsráðandanum. Ákvæðin eru skýr í 5 gr. um, að lausamaðurinn greiði þar gjöld, sem ársheimili hans er.

Ákvæðin um ársheimili og greiðslu gjaldanna þar eru ekki beinlínis upphafin með lögunum um útsvör, og þó útsvarslögin sýnist gera ráð fyrir, að heimilið sé eðlilega þar, sem starfsemi útsvarsgreiðanda er og útsvarið þar á lagt, þá verða hin almennu ákvæði um þetta efni að víkja fyrir hinni sérstöku löggjöf um lausamennsku. En samkvæmt þessu verður að telja, að útsvarið sé ólöglega lagt á stefnda í Akureyrarbæ, og, að því er varakröfuna snertir, þá ber að líta svo á, að stefndi missi engan rétt við það, að hann ekki kærði útsvarið, enda neitaði að greiða það, þegar hann var krafinn.

Samkvæmt þessu ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnandans. Málskostnaður þykir rétt, að falli niður eftir atvikum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Karl Einarsson, dívanasmiður Akureyri, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Friðriks Magnússonar bæjargjaldkera f. h. bæjarsjóðs Akureyri.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 11. maí 1938.

Nr. 153/1937. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Ólafi Kjartani Ólafssyni
(Eggert Claessen).

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöður hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Það athugast, að afstöðuupdráttur af slysstaðnum hefir ekki verið lagður fram í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-

flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Eggerts Claessen, kr. 50.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. nóv. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, atvinnulausum, til heimilis á Hverfisgötu 83 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. septembr 1931, um notkun bifreiða.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1927 $^{13}/_{12}$ Kærður fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði. Málið afgreitt til dómara.

1933 $^{18}/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavikur, 500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1934 $^{28}/_{2}$ Dómur hæstaréttar, 400 króna sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.

1934 $^{1}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðsbundið, fyrir innbrotsþjófnað og in solidum 150 króna skaðabætur.

1934 $^{2}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 300 króna sekt fyrir brot gegn áfengislögunum og ósvífni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $^{2}/_{2}$ 1935.

1934 $^{2}/_{10}$ Dómur hæstaréttar, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 800 króna sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 64/1930.

1934 $^{5}/_{12}$ Sætt 100 króna sekt fyrir slagsmál.

1934 $^{1}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.

1935 $^{8}/_{7}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir þjófnað.

1936 $^{9}/_{10}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

1936 $^{3}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 231. gr. 4. mgr. hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr. 1 mgr. áfengisl.

1937 $^{1}/_{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 1000 króna sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.

Að kvöldi hins 14. þessa mánaðar fékk kærði lánaða bifreiðina R. 1273. Ók hann bifreiðinni hér um götur bæjarins og inn fyrir bæinn, og sat við hlið hans í framsæti bifreiðarinnar maður að nafni Sigurður Gíslason, en aðrir voru ekki í bifreiðinni. Um kvöldið hafði kærði átt whiskypela hálfan af brennivíni, en helti sítrón saman við, svo að pelinn varð fullur.

Drakk hann úr honum hálfum nokkru áður en hann tók við stjórn bifreiðarinnar, og þegar hann hafði ekið nokkuð um götur bæjarins og ákvað að aka inn fyrir bæinn, tók hann upp pelann og gaf Sigurði, sem með honum var, snaps, en drakk svo sjálfur úr honum án þess þó að tæma hann alveg. Var því kærði undir áhrifum áfengis við akstur þennan.

Á götum bæjarins kveðst hann ekki hafa ekið hratt, en eftir að inn fyrir bæinn kom herti hann á hraðanum, og þegar hann kom á móts við húsið Undraland, leit henn á hraðamæli bifreiðarinnar, og sýndi hann þá ökuhraða 40 mílur miðað við klukkustund.

Hjá Undralandi er lítil beygja á veginum, og þegar kærði hafði ekið yfir beygjuna, fór vinstra afturhjól bifreiðarinnar út af vegbrúninni. Þorði þá kærði ekki að hemla bifreiðina af ótta við, að hún mundi stingast, en ætlaði að reyna að ná henni upp á veginn með því að leggja á stýrið, en það tókst ekki, og rann svo bifreiðin út af veginum og braut niður girðingu, er var fyrir utan veginn. Komust þeir kærði og Sigurður strax út úr bifreiðinni, og meiddist hvorugur. Þegar bifreiðin fór út af veginum, var engin umferð á honum, og var bifreiðin að öllu leyti í góðu lagi.

Lögreglan kom á staðinn skömmu eftir að slysið gerðist, og var þá sýnilegt, að bifreiðin hafði ekið með vinstri hjólin utan í vegbrúninni yfir 26 m. Síðan hafa vinstri hjólin farið út fyrir vegbrúnina, og bifreiðin runnið með hægri hjólin upp í vegbrúnininni 28 metra, en þá tekur

skurðurinn við og lá bifreiðin langsum í honum á hægri hliðinni, og vísaði framendi hennar að veginum. Við útafaksturinn skemmdist bifreiðin töluvert.

Kærði gaf sig ekki fram við lögregluna eftir útafaksturinn vegna áfengisáhrifanna, og varð nokkur aðdragandi að því, að hann fynndist til yfirheyrslu. Samkvæmt því, sem að framan er frá skýrt, hefir kærði gerzt brotlegur gegn 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 5. gr. 3. mgr., 6. gr. 2. mgr. og 15. gr. bifreiðalaganna nr. 70 8. september 1931, og þykir refsing hans samkvæmt 39. gr. áfengislaganna og 14. gr. bifreiðalaganna og með tilliti til fyrri brota kærða hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt 5. gr. 2. mgr. bifreiðalaganna er það skilyrði til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi, að hlutaðeigandi sýni vottorð tveggja valinkunnra manna um, að hann sé áreiðanlegur og samvizkusamur. Eru þeir eiginleikar því skilyrði þess að fá bifreiðarstjóraréttindi.

Eins og að framan er greint, er kærði dæmdur fyrir innbrotsþjófnað, einfaldan þjófnað, ósvífni við lögregluna og áfengislagabrot, og hefir hann þar með firrt sig því að geta talizt áreiðanlegur og samvizkusamur maður. Þykir því ekki neinum vafa bundið, þegar tillit er tekið til þessa, að í þessu máli beri að svipta hann æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur þessa máls hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. maí 1938.

Nr. 93/1937. **Siggeir Lárusson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Helga Lárussyni og Vátryggingarfélaginu „Baltica“ og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Bótakröfur vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1937, krefst þess, að gagnáfrýjandi, Helgi Lárusson, verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 14487.65 með 5% ársvöxtum frá 12. okt. 1936 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi, Helgi Lárusson, sem að fengnu áfrýjunarleyfi hefir gagnáfrýjað málinu 30. nóv. 1937, hefir *aðallega* krafizt algerðrar sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, en *til vara*, að bætur þær, sem honum er dæmt að greiða í héraðsdóminum, verði lækkaðar eftir mati hæstaréttar, og að málskostnaður fyrir báðum dómum verði þá látinn niður falla.

Af hálfu vátryggingarfélagsins „Baltica“ hafa engar kröfur verið gerðar, né heldur hefir nokkur krafa á hendur því félagi verið gerð í máli þessu.

Það þykir mega fallast á úrlausn héraðsdóms um það, að gagnáfrýjanda, Helga Lárussyni, beri að greiða bætur vegna bifreiðarslyss þess 12 okt. 1936, er í héraðsdóminum greinir. Og koma þá til álita einstakir liðir skaðabótakröfu aðaláfrýjanda, að því leyti sem ágreiningur er um þá, og í þeirri röð, sem í nefndum dómi segir.

Um 1.—10. lið. Aðiljar eru sammála um, að þá liði alla skuli greiða með samtals kr. 1180.65.

Um 11. lið. Aðaláfrýjandi og kona hans virðast hafa mátt gera ráð fyrir því, að þau gætu komizt heim til sín innan skamms eftir að þau voru komin af sjúkrahúsi eftir áðurnefnt bifreiðarslys, og var því vonlegt, að þau létu drenginn dveljast hér í bænum þar til þau færu austur heim til sín. Þykir því rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða dvalarkostnað drengsins hér í bænum þá 43 daga, er hann dvaldist hér, með 3 krónum á dag, og verða það kr. 129.00.

Um 12. lið. Dvalarkostnaður aðaláfrýjanda, konu hans og ungbarns þeirra hjóna þá 24 daga, er þau dvöldust hér eftir að sjúkrahúsvist þeirra hjóna var lokið, þykir hæfilega metin 10 krónur á dag, og ber gagnáfrýjanda þá að greiða þenna lið með kr. 240.00, eins og í héraðsdóminum segir.

Um 13. lið. Þótt aðaláfrýjandi hafi ekki sundurliðað þessa kröfu, þá þykir óhjákvæmilegt að taka hana til greina, þar sem ekki gat hjá því farið, að föt hans, konu hans og drengsins Guðmundar hafi spillzt að mun sakir slyssins af blóði, uppköstum og í sambandi við sum þau meiðsl, er þau hlutu. Virðist kröfu þessa liðar svo í hóf stillt, að taka beri hana að öllu leyti til greina. Og ber gagnáfrýjanda því að greiða aðaláfrýjanda þenna kröfulið með kr. 200.00.

Um 14. lið, kr. 100.00, er enginn ágreiningur.

Um 15. lið. Svo virðist sem heimili þeirra hljóna, aðaláfrýjanda og konu hans, hafi hlotið að missa nokkurs í vegna 1½ mánaðar fjarvistar þeirra, og þykja bætur þar fyrir hæfilega áætlaðar kr. 500.00, sem dæma verður gagnáfrýjanda til að greiða.

Um 16. lið. Með hliðsjón af lýsingu héraðsdóms-

ins á meiðslum þeim, er aðaláfrýandi, kona hans og drengurinn Guðmundur urðu fyrir í fyrrgreindu bifreiðarslysi, og afleiðingum þeirra (þjáningar þeirra allra og líkamslýti og skerðing á vinnuorku oftnefndra hjóna) þykja bæturnar hæfilega ákveðnar þannig:

a) Til handa aðaláfrýjanda kr. 4000.00

b) Til handa konu hans, frú Soffíu Kristinsdóttur, kr. 3000.00 og

c) Til handa drengnum Guðmundi Guðmundssyni kr. 500.00, eða samtals kr. 7500.00, er gagnáfrýjanda ber að greiða.

Samanlagðar greiðslur gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda fyrir sína hönd, konu sinnar og drengsins Guðmundar Guðmundssonar verða þá kr. 1180.65 + kr. 129.00 + kr. 240.00 + kr. 200.00 + kr. 100.00 + kr. 500.00 + kr. 7500.00 = kr. 9849.65, þar af kr. 6349.65 til aðaláfrýjanda sjálfs, kr. 3000.00 til hans vegna konu hans og kr. 500.00 vegna drengsins Guðmundar Guðmundssonar, allt með 5% ársvöxtum frá 5. apríl 1937 til greiðsldags.

Það þykir og rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals kr. 900.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Helgi Lárusson, greiði aðaláfrýjanda, Siggeir Lárussyni, kr. 9849.65, þar af kr. 6349.65 fyrir sjálfs hans hönd, kr. 3000.00 fyrir hönd konu hans og kr. 500 fyrir hönd drengsins Guðmundar Guðmundssonar, allt með 5% ársvöxtum frá 5. apríl 1937 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals

kr. 900.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. júní s. l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 5. apríl 1937 og framhaldsstefnu útgefinni 18. maí 1937 af Siggeir Lárussyni, bónda á Kirkjubæjarklaustri, gegn Helga Lárussyni, kaupfélagsstjóra hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 14493.65, með 5% ársvöxtum frá 12. október 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Ennfremur hefir h. f. Trolle & Rothe verið stefnt f. h. vátryggingarfélagsins Baltica til þess að gæta réttar þess í málinu.

Málavextir eru þeir, að 12. október 1936 var sérleyfisbifreiðin R. E. 581, sem er sjö manna fólksbifreið, eign stefnds, en vátryggð hjá Vátryggingarfélaginu Baltica, á leið frá Reykjavík austur að Kirkjubæjarklaustri á Síðu. Bifreiðarstjóri á R. E. 581 var Bergur Lárusson frá Kirkjubæjarklaustri. Meðal farþega í þetta skipti var stefnandi, kona hans, Soffía Kristinsdóttir, og stjúpsonur stefnanda, Guðmundur Guðmundsson, fjögra ára gamall, og eitt barn þeirra hjóna á fyrsta ári. Þegar komið var austur undir Ingólfsfjall nærri því austur að vegamótum, þar sem vegurinn að Þrastarlundi liggur af aðalveginum, kveðst bifreiðarstjórinn, í skýrslu sinni til lögreglunnar hér, hafa ekið bifreiðinni eftir smálægð, sem er þar í veginum. Í lægð þessari var vegurinn með smáriflum og holóttur, og var vont að aka bifreiðinni þar. Bifreiðarstjórinn kveðst hafa ekið á 40—45 km. hraða á klst. áður en hann kom í lægðina, en hafi dregið úr hraðanum, er hann kom í hana, og hafi hraðinn „ekki náð 40“ í lægðinni. Þegar bifreiðin var að komast upp úr umræddri lægð, hætti hún allt í einu að láta að stjórn, og áður en bifreiðarstjórinn fengi stöðvað hana, rann hún út af veginum til vinstri og steyptist fyrst áfram, en snerist síðan við og féll á hliðina. Við útafaksturinn hlaut stefnandi, kona hans og stjúpsonur allmikil meiðsl, er síðar verður lýst. Var þegar í stað

sent eftir Lúðvík Nordal lækni, og batt hann um sár hinna slösuðu. Var síðan símað frá Sandhóli eftir sjúkrabifreið frá Reykjavík, og flutti hún hina slösuðu hingað eftir ráði læknisins, og dvöldu þau síðan hér í bænum til lækninga, eins og síðar verður frá skýrt. Stefnandinn telur nú, að bifreiðareigandinn beri ábyrgð á slysinu, og hefir hann því eftir að vonlaust var orðið um samkomulag höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð að miklum mun og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndur byggir aðalkröfu sína á því, að slysið hafi skeð af hendingu og á þann hátt, að bifreiðarstjóranum verði með engu móti um það kennt. Hann hafi ekið mjög gætilega, þegar slysið varð, og ekki hafi verið unnt fyrir hann að sjá neina galla á bifreiðinni þrátt fyrir alla venjulega aðgæzlu. Komi því ekki til mála, að stefnandi, kona hans og stjúpsonur eigi skaðabótakröfu á hendur sér vegna slyssins.

Eftir slysið var bifreiðin, að tilhlutun vátryggjanda hennar, skoðuð af sérfróðum manni, Sveini Jónssyni, bifreiðarviðgerðarmanni á Selfossi. Hefir hann gefið tvö vottorð, sem bæði eru dagsett 1. desember 1936 og lögð hafa verið fram í málinu. Lýsir vottorðsgefandinn ástandi bifreiðarinnar eftir slysið, og sýnir sú lýsing hans, að hún hefir þá verið í mjög slæmu ástandi. Segir meðal annars í vottorðunum, að bæði augablöðin hafi verið brotin, þannig að lykkjurnar hafi verið brotnar af við grindina. Segir í öðru vottorðinu, að annað augablaðið hafi ekki verið nýbrotið, en naumast hafi verið unnt fyrir bifreiðarstjórann að sjá það, nema leggjast undir bifreiðina. Þá telur vottorðsgefandinn, að síðara augablaðið hafi brotnað í áðurnefndri lægð í veginum vegna hristings, er bifreiðin hafi orðið fyrir þar sökum áðurgreindra ójafna. Við það, að síðara augablaðið brotnaði, hafi komið los á framöxulinn, og telur vottorðsgefandinn, að það muni vera orsök slyssins. Í málinu liggur ekkert fyrir, er mæli gegn því, að hér sé rétt með farið og rétt gizkað á um orsök slyssins. Það verður því að telja, að miklar líkur séu til þess, að orsakir slyssins séu þær, að bifreiðin hafi ekki verið í fullkomnu lagi, þegar hún hóf ferðina, svo og að bifreiðar-

stjórinn hafi eftir aðstæðum ekið of hratt, og er þá miðað við hraða þann, er hann kveðst sjálfur hafa ekið á. Gegn þessum sterku líkum er hinsvegar alveg ósannað, að slysið hefði hlotið að vilja til, enda þótt bifreiðin hefði verið í fullkomnu lagi og bifreiðarstjórinn hefði sýnt þá varkárni, sem honum sem gætnum ökumanni var skylt. Verður þessvegna að telja stefndan (bifreiðareigandann) bera ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda, og getur aðalkrafa hans um sýknu og málskostnað því ekki orðið tekin til greina.

Kemur varakrafa stefnds um lækkun hinna umstefndu bóta þá næst til álita.

Stefnandi sundurliðar tjónið þannig:

1.	Aðstoð og símakostnaður á Sandhóli ..	kr.	55.25
2.	Reikningur L. Nordal læknis	—	132.90
3.	Sjúkrabifreið	—	40.00
4.	Sjúkrahúsvist	—	418.50
5.	Til Matthíasar Einarssonar læknis	—	125.00
6.	Til Jóns Kristjánssonar læknis	—	105.00
7.	Til Gunnlaugs Einarssonar læknis	—	275.00
8.	Til Sveins Péturssonar augnlæknis	—	5.00
9.	Til Stefáns Ólafssonar (akstur)	—	20.00
10.	Til hjúkrunarkonu	—	10.00
11.	Dvalarkostnaður drengsins Guðmundar Guðmundssonar hér í bænum 43 daga kr. 4.00 á dag	—	172.00
12.	Dvalarkostnaður stefnanda og konu hans og ungbarns hér í bænum eftir að sjúkrahúsvist lauk í 24 daga kr. 15.00 á dag ..	—	360.00
13.	Skemmd föt og eyðilögð	—	200.00
14.	Eyðilagður barnavagn, sem var með í bifreiðinni	—	100.00
15.	Atvinnutjón stefnanda 1½ mánuð, kr. 500.00 á mánuði, og konu stefnanda í sama tíma, kr. 150.00 á mánuði	—	975.00
16.	Bætur fyrir þjáningar, lýti, óþægindi og minnkaða vinnugetu (stefnandi sjálfur kr. 6000.00, kona hans kr. 4000.00 og sjúpsonur Guðmundur Guðmundsson kr. 1500.00)	—	11500.00
		Samtals kr.	14493.65

Um 1—10. Stefndur hefir ekki mótmælt þessum liðum og hefir hann sérstaklega lýst því yfir, að hann samþykki að verða í þessu máli dæmdur til að greiða 12.00 kr. sem innifaldar eru í 2. lið vegna Sigríðar Jónsdóttur, sem einnig var farþegi í bifreiðinni, en annars hefir höfðað sérstakt skaðabótamál út af meiðslum, er hún varð fyrir. Hinsvegar hefir stefnandi sjálfur lækkað kröfu sína í 2. lið um kr. 6.00, sem settar voru á reikning þennan vegna smáaðgerðar á bifreiðarstjóranum. Liðir þessir (1—10) verða því teknir til greina að fullu að frádregnum umræddum 6.00 krónum.

Um 11. Þessum lið hefir stefndur mótmælt sem allt of háum. Telur hann, að drengurinn hafi alls ekki þurft að vera svona lengi hér í bænum sökum meiðslanna, og einnig, að dvalarkostnaður hans um hvern dag sé allt of hár. Jafnvel telur stefndur, að ekki beri að reikna drengnum neina fæðispeninga hér sökum þess, að við dvöl hans hér sparaðist fæðiskostnaður hans heima. Stefnandi telur aftur á móti, að eðlilegt hafi verið, að drengurinn dveldi hér þennan tíma, dvalarkostnaður hans sé hæfilega reiknaður og að ekki eigi að taka neitt tillit til þess til lækkunar upphæðinni, að eitthvað hafi sparazt heima sökum dvalar drengsins hér, þar sem það hljóti að vera hreinustu smámunir á jafn stóru heimili og hér sé um að ræða.

Í málinu liggur fyrir vottorð um, að drengurinn hafi verið gróinn sára sinna 26. okt. 1936. Lengur virðist ekki hafa verið ástæða til að láta hann dvelja hér, og sé honum og reiknaður hæfilegur tími til heimferðar, sem rétt þykir, þá verður að álíta, að stefndur eigi ekki að kosta dvöl hans hér lengur en 17 daga. Daglegur dvalarkostnaður hér þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.00, og er þá bæði tekið tillit til þess, að drengurinn þurfti sérstakrar umhyggju vegna meiðslanna, svo og þess sparnaðar, sem orðið hefir heima fyrir vegna dvalar hans hér. Undir þessum lið verða stefnanda því tildæmdar kr. 51.00.

Um 12. Þessum lið hefir stefndur og mótmælt sem of háum af þeim ástæðum, að dvalartíminn hér utan sjúkrahúss hafi verið of langur, að við dvöl þeirra stefnanda, konu hans og ungbarns hér hafi sparazt dvalarkostnaður þeirra heima, að ef reikna eigi þeim bætur fyrir atvinnutjón, sbr. 15. lið, þá eigi þau ekki að fá sérstakar bætur

undir þessum lið, og loks sé dvalarkostnaður um hvern dag (þ. e. kr. 15.00) allt of hár.

Það verður nú ekki fallizt á það með stefndum, að rangt sé að dæma stefnanda bætur undir þessum lið, þótt honum kunni einnig að verða dæmdar bætur fyrir atvinnutjón. Það er alkunna, að dvalarkostnaður hér í bæ fyrir menn utan úr sveitum er mjög miklu hærri en dvalarkostnaður þeirra heima fyrir. Sá kostnaðarmunur hjá stefnanda er bein afleiðing slyssins og óháður atvinnutjóni hans, og ber honum því að fá bætur undir þessum lið, þó auðvitað þannig, að tekið sé fullt tillit til sparnaðar heima vegna dvalar hér umræddra aðila hér í bænum. Og þar eð nægileg rök hafa verið leidd að því, að dvalartími þeirra hér hafi ekki verið of langur, verður að dæma stefndan til að greiða þeim dvalarkostnað hér í umkrafinn tíma, eða 24 daga. Dvalarkostnaður um hvern dag fyrir stefnanda, konu hans og ungbarn þykir hinsvegar of hátt reiknaður, og verður rétturinn að telja hann hæfilega metinn á kr. 10.00, og er þá bæði tekið tillit til þess, að þau kunni að hafa þurft einhverrar sérstakrar umönnunar eftir að sjúkrahúsvistinni lauk, og þess sparnaðar, sem orðið hefir heima fyrir vegna dvalar þeirra hér. Undir þessum lið verða stefnanda því tildæmdar kr. 240.00.

Um 13. Stefndur hefir eindregið mótmælt því að verða dæmdur til að greiða þessa upphæð, og þar eð ekki liggja fyrir neinar sannanir um fataskemmdir, þykir ekki unnt, gegn mótmælum stefnds, að taka þenna lið til greina, jafnvel þótt líklegt megi telja, að föt hinna slösuðu hafi eitthvað skemmzt.

Um 14. þessi liður er viðurkenndur.

Um 15. Í málinu er upplýst, að stefnandi hafði þessi störf á hendi: Hann var útibússtjóri fyrir kaupfélag Skaftfellinga, afgreiðslumaður m. b. Skaftfellings, annaðist póstafgreiðslu og stjórn símastöðvar á Kirkjubæjarklaustri, hafði á hendi vinnustjórn á Kirkjubæjarklaustri, átti flutningabifreið, sem hann stjórnaði sjálfur, og loks vann hann að byggingu nýbýlis fyrir sjálfan sig. Telur stefnandi tekjur sínar hafa numið um kr. 500.00 á mánuði, og eftir því, sem fram er komið í málinu, þykir mega ætla, að þær hafi verið nálægt því, a. m. k. um það leyti árs, sem stefnandi var óvinnufær vegna slyssins, en það var 1½ mánuður frá

slysdeginum að telja. En með tilliti til þess, að viðurkennt er, að stefnandi hafi einskis mist í vegna slyssins af launum sínum sem útibússtjóri kaupfélagsins né fyrir störf sín við símstöðina og póstafgreiðsluna, þykir ekki fært að tildæma honum hærri bætur fyrir atvinnutjón en kr. 300.00 um mánuðinn.

Jafnvel þótt kona stefnanda hafi verið óvinnufær umræddan tíma, þá liggja þó ekki fyrir neinar sannanir fyrir því, að hún hafi áður stundað nokkra arðbæra vinnu og þannig beðið fjárhagslegt tjón vegna slyssins að þessu leyti, og þar eð einnig er óupplýst, að nokkur aukahjálp hafi verið tekin á heimilið vegna veikinda hennar, er ekki unnt að tildæma henni neinar bætur undir þessum lið. Stefnanda verða því skv. þessu einungis tildæmdar kr. 450.00 undir þessum lið.

Um 16. Um meiðsli og ástand stefnanda eftir slysið hafa verið lögð fram þrjú læknisvottorð, tvö frá Gunnlaugi Einarssyni lækni, er aðallega stundaði stefnanda hér, og eitt frá Snorra Halldórssyni héraðslækni. Fyrra vottorð Gunnlaugs Einarssonar er dagsett 13. október 1936. Lýsir það meiðslunum og er svo hljóðandi: „Nefbroddurinn skorinn á ská af með skurði, sem byrjar afanv. h. nefvæng og gengur á ská yfir nefhrygg að ofan, en yfir þvert miðsnesið að framan. Talsvert breiður lappi á v. nefvæng skorinn. Skurðlengd ca. 4—5 ctm. Nefrót marin og bæði augun blóðhlaupin. Blóðtap mjög mikið. 3 ctm. skurður á hnakkanum. Mikið marinn á öxlum og á þessv. erfitt með hreyfingar og hósta. Brot ekki finnanlegt. Skurður á v. úlnlið og skurður á handarbaki, sem heft er saman með 2 klemmum, skurðurinn er ca. 3 ctm. Sár á v. fæti — sköflung lítið." Síðara vottorð Gunnlaugs er dagsett 18. nóv. 1936, og segir í því, að stefnandi sé þá gróinn sára sinna, örin séu til lítilla lýta, en hann kvarti um verki í vinstra úlnlið. Á úlnliðnum sjáist talsverður sveppur á sinaskeiðum framhandleggsvöðva handarbaksmegin. Hann fái sáran verk í axlir, hvað lítið sem hann taki upp, og telji sig ekki vinnufæran. Vottorð Snorra Halldórssonar læknis er dagsett 22. apríl 1937. Er það að mestu samhljóða vottorðum Gunnlaugs, og segir í því, að aðaleftirstöðvar slyssins séu þær, að stefnandi þreytist fljótt við vinnu og þoli ekki að taka á sér, eins og áður. Þá geti hann ekki lengur sungið né

talað hátt, en áður hafi hann verið góður söngmaður. Þetta telur læknirinn stafa af lömun í raddböndunum. Tindurinn á 5. hryggjarlið sé áberandi hærri en hinir, en þar hafi stefnandi mest kvartað um sársauka og stirðleika. Telur læknirinn, að ástandið muni haldast óbreytt úr því, sem komið sé (þ. e. 2¾. — 37), en verið geti, að það batni eitthvað, þó hitt sé ekki síður líklegt, að gigt setji sig í það. Orkutap stefnanda metur læknirinn 25%. Af hálfu stefnds hefir verið leitað umsagnar Jóhanns Sæmundssonar tryggingarlæknis um hérgreind læknisvottorð og hann beðinn um að meta örorku stefnanda eftir þeim. Telur hann, að óeðlileg þreyta stefnanda við vinnu hverfi smátt og smátt, örin úr andlitinu ekki, og vafasamt sé, að röddin nái sér. Ekki telur Jóhann þó, að um lömun raddfæranna sé að ræða, heldur starfræna truflun. Örorku stefnanda telur hann hæfilega metna 10%. Því er ómótmælt haldið fram, að stefnandi hafi haft ágæta heilsu fyrir slysið.

Skv. því, sem fyrir liggur og upplýst er í málinu, telur rétturinn, að ætla verði, að stefnandi nái brátt svo að segja fullum starfskröftum. Skv. framansögðu þykir þó verða að dæma honum bætur undir þessum lið og þykja þær að öllu athuguðu hæfilega ákveðnar kr. 3500.00.

Um meiðsli konu stefnanda og ástand hennar síðar liggja fyrir vottorð sömu lækna. Í vottorði sínu, dags. 13. okt. 1936, lýsir Gunnlaugur Einarsson meiðslunum þannig: „Stórt og krossmarið sár v. gagnaugabrún. Beinbrot undir sárinu ca. 5 × 3 ctm., eins og gígur. V. auga sokkið í blóðhlaup. H. auga mikið blóðhlaupið og nefhryggur marinn. Skafinn yfirborðshúð af v. kinn allri frá gagnauga niður á kjálkabarð og mikill marblámi undir og niður fyrir kjálkabarð ofan á hálsinn. H. viðbein brotið á 2 stöðum án sárs. Kennir mikið til undir v. síðu við andardrátt og hósta. Hefir ekki verið fullrannsakað sökum ástands sjúklingsins. Hún hálf meðvitundarlaus og kastar upp jafnt og þétt (Einnig á leiðinni í sjúkrabílnum suður).“ Í vottorði sama læknis, dags. 18. nóv. 1936, segir, að slasaða hefði gengið í nudd og ljós við ljótu öri á augabrún, hafi það lagazt nokkuð, en sé þó til mikilla lýta. Vinstra kinnbein sé brotið inn og standi því miklu skemmra út en hitt og dragi vinstra augnakrók niður. Þetta lýti svip konunnar talsvert. Hún kvarti um verki í höfði og í viðbeinsbrotinu

á vinstri öxl. Örið á augabrúninni sé fast við bein, svo að augabrúnin sé óhreyfanleg þar. Loks segir, að slasaða telji sig ekki vinnufæra enn þá.

Þá hefir og verið lagt fram vottorð Snorra Halldórssonar héraðslæknis, dags. 22. apríl 1937, um ástand konunnar. Er það að mestu samhljóða vottorðum Gunnlaugs. Kveðst hann hafa komið til hennar seint í nóvember 1936. Hafi hún þá kvartað um sára verki í höfði, sem leitt hafi út í tennurnar vinstra megin. Hafi verkirnir verið tíðir, en mismunandi miklir. Þá hafi tennurnar vinstra megin í efri góm losnað nokkuð og verið aumar viðkomu. — Þegar vottorðið er gefið, er sú breyting orðin á, að konan fær ekki eins vond flog í höfuðið, en er þó oft með þreytuverk í því. Um tennurnar situr við sama. svo og andlitslýtin. Ekki telur læknir hægt að segja um, hvort hún losni við höfuðverkinn. Örorku slösuðu metur læknirinn 20%.

Jóhanni Sæmundssyni tryggingarlækni hafa og verið send hérgreind læknisvottorð til umsagnar og til að meta eftir þeim örorku konunnar. Telur hann, að ætla megi, að höfuðverkjartilhneigingin hverfi smátt og smátt. Örorku konunnar metur hann 8%.

Eftir því, sem fram hefir komið í málinu, virðist réttinum ástand konunnar nú og bataútlit vera slíkt, að ætla verði, að henni verði ekki nein varanleg óþægindi af slysinu, og að hún verði full fær til allrar vinnu. Hinsvegar virðast andlitslýti hennar vera mjög veruleg, og þykir því verða, aðallega með tilliti til þeirra, að dæma henni bætur undir þessum lið, er að öllu athuguðu þykja hæfilega ákveðin 2500.00 kr.

Um meiðsli stjúpsonar stefnanda segir svo í vottorði Gunnlaugs Einarssonar læknis, dags. 13. október 1936: „ca. 10 ctm. skurður nærri þvert yfir enni gagnaugna milli og inn í bein. Augu blóðhlaupin og lítil ræna. Uppköst einu sinni. Ræna kom þó á leiðinni til Reykjavíkur. Talsvert blóðrunninn.“ Í vottorði sama læknis, dags. 19. nóv. 1936, segir, að drengurinn sé löngu gróinn sára sinna, en hafi ca. 7 cm. langt ör þvert yfir enni, sem sé þykkt og ljótt. Enda sé hann fremur blóðlítill þrátt fyrir meðöl. Í vottorði Snorra Halldórssonar héraðslæknis, dags. 27. apríl 1937, segir, að drengurinn sé friskur sem áður og kvarti ekki.

Eftir þessu virðist drengurinn vera orðinn alveg jafn góður eftir slysið og engan varanlegan hnekki hafa beðið við það. Bera honum því aðeins bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lítilsháttar líkamslýti, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 500.00.

Skv. framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda samtals kr. 8521.65 með 5% ársvöxtum, sem samkv. kröfu stefnds aðeins verða reiknaðir frá stefnudegi 5. apríl 1937 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Lárusson, greiði stefnandanum, Siggeir Lárussyni, kr. 8521.65, með 5% ársvöxtum frá 5. apríl 1937 til greiðsludags, og kr. 450.00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maí 1938.

Nr. 114/1937. **Réttvísin** (Theodor B. Lindal)
gegn
Þórði Þórðarsyni (Sveinbjörn Jónsson),
Benóný Benónýssyni og Páli Friðvin Jóhannssyni (Lárus Jóhannesson).

Þjófshylming.

Dómur hæstaréttar.

Síðan mál þetta var dæmt í héraði, hefir verið haldin réttarrannsókn um þau atriði, er í úrskurði hæstaréttar frá 25. febrúar þ. á. getur.

Við framhaldsprófin í máli þessu hefir ákærði Benóný Benónýsson viljað taka aftur játningu sína um það, að hann hafi vitað, að William Breiðfjörð var sendisveinn í verzlun O. Ellingsen, þegar þeir

áttu saman kaup þau, sem um getur í málinu, en af því, sem fram hefir komið við rannsóknina, er auðsætt, að þessi afturköllun ákærða Benónýs á játningunni hefir ekki við rök að styðjast. Að athuguðum þessum og öðrum tilvikum málsins, þar á meðal því, að William bauð fram venjulegar búðarvörur fyrir verð, sem var undir heildsöluverði, verður að telja sannað, að Benóný hafi verið það ljóst, að vörurnar voru William ófrjálsar.

Samkvæmt framansögðu, svo og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta ákvæði hans um refsingu allra hinna ákærðu, þó með þeirri breytingu, að fullnustu refsingar allra þeirra skal frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum, ef fullnægt verður skilyrðum laga nr. 39 frá 1907.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um iðgjöld ber að staðfesta.

Ennfremur staðfestist ákvæði héraðsdómsins um málsvarnarlaun til talsmanns ákærðu Þórðar Þórðarsonar og Benónýs Benónýssonar, en annan kostnað sakarinnar í héraði greiði Þórður Þórðarson að $\frac{2}{5}$, Benóný Benónýsson að $\frac{2}{5}$ og Páll Friðvin Jóhannsson að $\frac{1}{5}$.

Um greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar fer sem hér segir: Ákærði Þórður Þórðarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 80.00. Ákærði Benóný Benónýsson og Páll Friðvin Jóhannsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 100.00. Annan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs sækjanda málsins, kr. 120.00, greiðist af ákærða Þórði Þórðarsyni að $\frac{2}{5}$, af ákærða Benóný Benónýssyni að $\frac{2}{5}$ og af ákærða Páli Friðvin Jóhannssyni að $\frac{1}{5}$.

Því dæmist rétt vera:

Refsiákvæðum hins áfrýjaða dóms skal óraskað, þó svo, að fullnustu refsingar allra hinna ákærðu skal frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilyrði laga nr. 39 frá 1907 verða haldin.

Um greiðslu iðgjalda skal fara svo sem ákveðið er í hinum áfrýjaða dómi.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu málsvarnarlauna til talsmanna ákærðu Þórðar Þórðarsonar og Benóný Benónýssonar skal óraskað, en allan annan kostnað sakarinnar í héraði greiði ákærði Þórður Þórðarson að 2/5, ákærði Benóný Benónýsson að 2/5 og ákærði Páll Friðvin Jóhannsson að 1/5.

Ákærði Þórður Þórðarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 80.00. Ákærðu Benóný Benónýsson og Páll Friðvin Jóhannsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, kr. 100.00. Allur annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Theódórs B. Líndals, kr. 120.00, greiðist af ákærða Þórði Þórðarsyni að 2/5, af ákærða Benóný Benónýssyni að 2/5 og af ákærða Páli Friðvin Jóhannssyni að 1/5.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. marz 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn eftirtöldum mönnum fyrir brot gegn 23. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 51 1928.

1. Þórður Þórðarson kaupmaður, til heimilis Laugavegi 45 hér í bæ. Hann er fæddur 14. maí 1874. Hinn 9. september 1924 sætti hann 20 króna sekt fyrir brot gegn samþykkt um lokunartíma sölubúða og hinn 23. janúar 1935 30 króna sekt fyrir samskonar brot. Öðrum refsingum hefir hann ekki sætt.

2. Benóný Benónýsson kaupmaður, til heimilis Ásvallagötu 27 hér í bæ. Hann er fæddur 29. maí 1870. Hinn 15. febrúar 1918 sætti hann 300 króna sekt fyrir ólöglegar áfengisveitingar og hinn 18. september 1920 5 króna sekt fyrir að láta hest ganga lausan í bænum. Öðrum refsingum hefir hann ekki sætt.

3. Páll Friðvin Jóhannsson bifreiðarstjóri, til heimilis Bragagötu 21 hér í bæ. Hann er fæddur 20. sept 1915. Hinn 8. apríl 1936 var hann í lögregluréttí Reykjavíkur dæmdur í 25 króna sekt fyrir brot gegn 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þeim dómi er áfrýjað til hæstaréttar.

2.

Málavextir skulu nú raktir samkvæmt eigin játningu ákærðra og öðrum þeim gögnum, er fram hafa komið í málinu.

Hinn 26. febr. s. l. lét verzlun O. Ellingsen tilkynna lögreglunni, að horfið hefði nokkuð af vörum úr vörugeymslu verzlunarinnar, og hefði sendisveinn verzlunarinnar, William Breiðfjörð, meðgengið að hafa stolið því.

Við rannsókn lögreglunnar viðurkenndi William brot sitt viðstöðulaust, og kom þá fram, að vörustuldurinn nam mun meiru en í fyrstu var ætlað.

William hefir fyrir lögreglunni og lögregluréttinum skýrði svo frá, að hann hafi byrjað að stela úr verzluninni í lok nóvember s. l. og hélt hann því áfram, þar til upp komst. Hann hefir lýst svo atvikum að þessu, að hann hafi

verið sendur úr verzluninni með bómullargarn til ákærðs Þórðar. Hafi þá Þórður spurt sig, hvort hann ekki gæti komið með annan pakka af bómullargarni. Við getum haft það „okkar á milli", eins og hann orðaði það. Tók þá William upp úr því að stela vörum úr verzluninni og selja Þórði og síðar báðum hinum meðákærðum.

Ákærður Þórður hefir játað þessa frásögn Williams rétta. Hann hefir viðurkennt það að hafa ymprað á því að fyrra bragði við William, sem honum var ókunnugur, að hann kæmi með vörur til sín og seldi sér, og kveðst hafa ætlazt til, að hann stæli þeim frá húsbændum sínum, þótt hann ekki segði það berum orðum.

William færði honum síðan ýmiskonar vörur við og við, og ákvað ákærður jafnan verðið og greiddi honum þetta 2—6 krónur og mest 10 krónur í hvert skipti, og fór það oft eftir því, hvað mikla peninga hann hafði við höndina. Alls hefir ákærður talið sig hafa greitt honum kr. 154.00 samkvæmt því, er hann hefir skráð í bókhaldi sínu.

Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi ekki ætlazt til, að að þessu kvæði eins mikið og raun varð á, og er William fór að venja komur sínar til hans tíðar en honum þótti hæfa, kveðst hann hafa farið að draga úr honum og síðast bannað honum að koma með vörur til sín, en William skildi þær þá stundum eftir fyrir því, og þessi viðskipti þeirra héldu áfram þar til daginn áður en ákærður var kallaður fyrir út af málinu.

Það hefir ekki reynzt unnt að ákveða með vissu, hversu miklar vörur ákærði fékk hjá William með þessum hætti. Hann skilaði til verzlunar O. Ellingsen vörum fyrir samtals kr. 563.10 að útsöluverði. Auk þess skilaði hann í réttinum töluverðu af vörum, sem ekki hafa í rannsókninni verið metnar til útsöluverðs, eða reiknað út, hversu miklu nema samtals. Loks hafði hann selt nokkuð af vörunum, og hefir verzlun O. Ellingsen gert skaðabótakröfu á hendur honum að upphæð kr. 252.35, en það er andvirði vara, er William taldi sig muna að hafa selt honum fram yfir það, er ákærður gat staðið skil á. Þá kröfu hefir ákærður samþykkt.

3.

Í lok janúarmánaðar fór William að selja ákærðum Benóný af hinum stolnu vörum. Var hann kunnugur í verzlun

ákærðs, með því að hann hafði oft verið sendur þangað með sendingar, en þó ókunnugur ákærðum persónulega. Hann bauð ákærðum að fyrra bragði vörur, og er ákærður keypti þær fúslega, kom hann til hans í nokkur skipti og seldi honur vörur fyrir rúmlega 100 krónur að útsöluverði samtals. William setti ávallt sjálfur verð á vörurnar, og borgaði ákærður það, án þess að trúkka því niður.

Ákærður hefir skýrt svo frá, að hann hafi ekkert þekkt William, en þó vitað, að hann var sendisveinn í verzlun O. Ellingsen. Hann kveðst ekki hafa spurt William að því, hvaðan vörurnar voru, en kveður, að sig hafi farið að gruna, að þær væru ekki vel fengnar, þegar William fór að koma hvað eftir annað. Síðast kom William með sokka til ákærðs, og keypti ákærður þá, en sagði honum jafnframt, að hann ekki vildi kaupa af honum vörur framar. Kveðst ákærður ekki hafa tilgreint neina orsök berum orðum, en kveðst búast við, að William hafi skilið það á sér, að ástæðan væri sú, að hann hefði hann grunaðan um að hafa stolið þeim.

Ákærður skilaði aftur nokkru af vörunum, en nokkuð hafði hann selt. Gerir verzlun O. Ellingsen kröfu til, að hann verði dæmdur til að greiða andvirði þeirra vara, kr. 72.25, og hefir ákærður samþykkt þá kröfu.

4.

Þá hefir ákærður Páll Friðvin Jóhannsson viðurkennt að hafa fengið hjá William vörur síðan í janúar mánuði s. l., að William fyrst bauð honum vörur upp í akstur. Hann hafði þekkt William síðan nokkru fyrir jól og vissi, að hann var sendisveinn í verzlun O. Ellingsen. Hann kveðst að vísu ekki hafa spurt Wlliam að, hvaðan vörurnar væru, en hann kveðst hafa talið það víst, að þeim væri hnuplað úr verzlun O. Ellingsen.

Vörurnar greiddi ákærður með akstri, og var ekki tiltekið neitt verð á þeim, heldur ætlaðist ákærður á um það og ók William, það sem hann vildi, en hélt ekki reikning yfir aksturinn heldur.

Ákærður skilaði verzluninni vörum að útsöluverði kr. 322.50. Auk þess hafir hann samþykkt skaðabótakröfu verzlunarinnar, að upphæð kr. 146.50, fyrir vörur, er sannað var, að hann hefði fengið, en hann gat ekki skilað aftur.

Með framangreindu atferli þykja ákærðir allir hafa gerzt sekir við hegningarlöggjöfina.

Brot ákærðs Þórðar Þórðarsonar varðar við 6. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 53. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærðra Benónýs og Páls Friðvins varða við 240. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærðs Þórðar þykir eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, refsing ákærðs Páls Friðvins 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og refsing Benónýs 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Þá greiði þeir og iðgjöld til verzlunar O. Ellingsen eins og áður segir.

Ákærður Þórður greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., er ákveðast kr. 50.00. Ákærður Benóný greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hrm. er ákveðast kr. 50.00. Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir in solidum.

Mál Williams Breiðfjörð, sem er 16 ára gamall og ekki hefir áður verið refsað, svo kunnugt sé, er ekki rekið í sambandi við þetta mál, heldur verður það sent dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar.

Málið hefir verið rekið án dráttar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Þórður Þórðarson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði.

Ákærður Páll Friðvin Jóhannsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Ákærður Benóný Benónýsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga.

Ákærður Þórður greiði kr. 252.35, ákærður Páll Friðvin kr. 146.50 og ákærður Benóný kr. 72.25 í iðgjöld til verzlunar O. Ellingsen innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður Þórður greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmann síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., kr. 50.00. Ákærður Benóný greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hrm., kr. 50.00. Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maí 1938.

Nr. 127/1937. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Gísla Hjálmarssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Kæra um svik og brot á lögum um verzlunaratvinnu og bókhald.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 krónur til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Það athugast, að héraðsdómarinn hefir látið undir höfuð leggjast að velja löggiltan endurskoðanda til að yfirfara reikninga ákærða, sbr. 5. gr. laga nr. 9 frá 1926.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Einars B. Guðmundssonar, 60 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. maí 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Gísla Hjálmarssyni fyrrverandi kaupmanni, til heimilis á Laugavegi 49 hér í bæ, fyrir brot gegn 26.

kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum nr. 52 1925, um verzlunaratvinnu, og lögum nr. 53 1911, um verzlunarbækur.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. desember 1864, og hefir þann 12. apríl 1930 sætt 50 kr. sekt fyrir brot gegn mjólkursölureglugerð og þann 6. maí 1932 50 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð nr. 107 1917, en hefir ekki að öðru leyti, svo kunnugt sé, sætt ákærum eða refsingum.

Í skiptarétti Reykjavíkur þann 16. marz 1935 var bú ákærða eftir kröfu Mjólkurbús Flóamanna tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Hafði mjólkurbúið þann 5. febrúar sama ár látið fram fara fjárnámsgerð hjá ákærða til tryggingar skuld hans við það, að upphæð kr. 9815.05, en sú gerð hafði reynzt með öllu árangurslaus, þar eð ákærði átti engar eignir. Hann mótmælti þá þegar við fjárnámið skuldarupphæðinni sem fyllilega réttri, og hefir gert það við rannsókn þessa máls, en þar sem hann viðurkennir hana að mestu leyti og hefir ekki greint mótmæli sín í einstökum atriðum, skipta þau ekki máli hér. Um aðrar skuldir en þessa var ekki að ræða við gjaldþrotið.

Á árinu 1928 byrjaði ákærði, þá skuldlaus, að starfrækja mjólkurbúð í Hafnarfirði og þann 1. ágúst 1933 setti hann upp þrjár mjólkurbúðir í Reykjavík, og rak hann allar þessar búðir, þar til Mjólkursamsalan tók til starfa þann 14. jan. 1936 (sic). Í búðum þessum seldi ákærði mjólk og innlendar mjólkurafurðir, svo sem smjör og skyr, og auk þess brauð, egg, smjörlíki, innlent sælgæti og innlent öl og gosdrykki.

Allar mjólkurvörurnar keypti hann hjá Mjólkurbúi Flóamanna, en hinar vörurnar hér og þar. Stóð hann í skilum við alla lánardrottna sína og viðskiptamenn og skuldaði, eins og áður segir, engum þeirra við gjaldþrotið, nema Mjólkurbúi Flóamanna. Var skuld hans við það fyrirtæki orðin svo há þann 11. október 1934, að stöðvuð voru vörulán til hans, og greiddi hann eftir það daglega úttekt sína hjá fyrirtækinu.

Þess ber að geta, að forstjóri Alþýðubrauðgerðarinnar hefir lýst því yfir við endurskoðandann í búinu, að ákærði hafi haft vörur brauðgerðarinnar í umboðssölu og staðið vel í skilum.

Samkvæmt skýrslu endurskoðandans hafa mjólkurkaup ákærða numið langmestu af innkaupum hans, og brauðkaupin þar næst, en þó miklu minna, en aðrar vörur hafa numið litlu samanborið við mjólkina.

Viðvíkjandi ákærunni fyrir brot gegn 26. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 koma einungis til álita 261.—265. grein. Verður því þegar slegið föstu án þess að fara frekar út í einstök atriði í viðskiptum ákærða, að hann hafi ekki gerzt brotlegur gegn 261.—263. gr. og 265. gr., þar sem ekkert kemur fram í rannsókn málsins, sem slíkt sanni.

Hvort hann hefir brotið gegn 264. gr. hegningarlaganna, kemur til athugunar samhliða ákærunni um brot gegn lögum nr. 53 1911, um verzlunarbækur, en hvort hann hefir brotið gegn þeim lögum, virðist byggjast á því, hvort starfræksla hans hafi verið þannig vaxin, að hann hefði þurft til hennar verzlunarleyfi samkvæmt lögum nr. 52 1925, um verzlunaratvinnu, og er því rétt að athuga fyrst ákæruna um brot gegn þeim lögum.

Áður eru taldar vörur þær, er ákærði verzlaði með, og er þá að athuga, hvort þær falla undir undantekningaupptalningu í 2 mgr. 1. gr. laga nr. 52 1925.

5. töluliður greinarinnar undanskilur verzlunarleyfi sölu á innlendri mjólk, skyri, eggjum og brauði og kökum. Sala á smjöri hlýtur að falla undir undantekningar þessar, annaðhvort undir hina tilvitnuðu grein samkvæmt lögjöfnun eða þá undir 2. tölulið greinarinnar, og verður hún því ekki talin koma hér til álita sem lögbrot.

Eftir eru þá af vörum þeim, sem ákærði verzlaði með: smjörlíki, innlent sælgæti og innlent öl og gosdrykkir.

Vitanlegt er, að mjólkur og brauðbúðir, verzlunarleyfislausar, hafa um langt skeið selt allar þessar vörur algerlega óátalið, og virðist ríkisvaldið með því hafa látið í ljós þann skilning sinn, að vörur þessar falli undir undantekningarákvæði 1. greinar nefndra laga. Það er og svo, að orðalagið í niðurlagi 2. töluliðs greinarinnar nær yfir allar þessar vörur, og þegar til kemur hin langa og fasta venja, sem hér á undan er nefnd, þykir eigi varhugavert að slá því föstu, að ákærði hafi ekki þurft verzlunarleyfi til starfrækslu sinnar. Ber því að sýkna hann af ákærunni um brot gegn lögum nr. 52 1925 um verzlunaratvinnu.

Þar sem þessi niðurstaða er fundin, þykir ljóst, að ákærði hafi ekki verið bókhaldsskyldur samkvæmt lögum nr. 53 1911, og ber því að sýkna hann bæði af ákærunni um brot á þeim lögum og 264. gr. almennra hegningarlaga.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að ákærði skuli vera sýkn af öllum kærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar og að allur sakarkostnaður skuli greiðast af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, cand. jur. Sigurðar Ólasonar, kr. 100.00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Hjálmarsson, skal vera sýkn af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður greiðist af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Ólasonar cand. jur.

Miðvikudaginn 18. maí 1938.

Nr. 134/1937. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Stefáni Júlíusi Jónssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Svik.

Dómur hæstaréttar.

Það brot ákærða, að hann lætur aka sér í bifreið, þótt honum sé það fullljóst, að hann getur ekki greitt aksturinn, varðar við 253. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsing hans fyrir það brot hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Þar á móti virðast ekki fram komnar í málinu nægilegar sannanir fyrir því, að hann hafi brotið 7. gr. lögreglusamþykktar Reykja-

víkur eða áfengislögin, sem hann er einnig kærður fyrir brot á í máli þessu.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað og greiðslu ökugjalds ber að staðfesta. Svo verður og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Það athugast, að afgreiðslustjórinn á Bifreiðastöð Íslands, sem ákærði fékk bifreiðina hjá 19. júní 1936, hefir ekki verið spurður fyrir dómi um það, er þeirra hafi farið á milli.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Stefán Júlíus Jónsson, sæti 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakakostnaðar í héraði og greiðslu ökugjalds skal vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Garðar Þorsteinssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 4. jan. 1937.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Stefáni Júlíusi Jónssyni, Hraungerði í Grindavík, fyrir brot gegn ákvæðum 26. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930 7. gr. og lögum nr. 33 1935.

Með játningu ákærðs og samkvæmt öðru, sem fram hefir komið í rannsókn málsins, eru málavextir sem hér segir:

Kvöldið 19. júní s. l. kom ákærði inn á bifreiðastöð Íslands í Reykjavík og bað um bifreið til þess að fara upp á „bæi" og spurði í því sambandi, hvað kostaði að láta aka sér upp að Geithálsi. Stöðvarstjórinn spurði ákærðan, hvort hann hefði peninga til þess að greiða ökugjaldið, og játaði ákærði því. Skipaði stöðvarstjórinn þá bifreiðarstjóranum Bjarna M. Einarssyni á R. E. 736 að aka með ákærða. Ók bifreiðarstjórinn með ákærða upp að Baldurshaga og Geithálsi og stanzaði þar lengi og loks upp að Kolviðarhóli, og var hann með ákærða í ca. 5 klst. Þeir komu aftur á bifreiðastöðina kl. 3 aðfaranótt hins 20. júní, og með því að ákærði gat ekki greitt ökugjaldið, kr. 25.00, og hafði í frammi vífilengjur, var hann afhentur lögreglunni í Reykjavík. Þegar lögreglan tók við honum, var hann áberandi ölvaður. Var hann settur í varðhald um nóttina, en sleppt út daginn eftir, og fékk að hafa með sér kr. 3.30, sem hann hafði haft á sér.

Hinn 9. júlí s. l. hitti ákærði Jón Einarsson, bifreiðarstjóra á bifreiðinni R. 922, á Barónsstígnum í Reykjavík. Ákærði var sýnilega undir áhrifum áfengis. Bað hann Jón Einarsson að aka með sig um bæinn og spurði hann jafnframt, hvort hann væri ekki áreiðanlegur maður, því hann (ákærði) væri með svo mikla peninga á sér. Bifreiðarstjórinn virðist eigi hafa rengt ákærðan og tók hann upp í bifreið sína og ók með hann víðsvegar um bæinn, síðan upp að Geithálsi, og komu þeir til Reykjavíkur kl. ca. 2 um nóttina. Kom þá í ljós, að ákærði hafði enga peninga, og afhenti bifreiðarstjórinn hann þá lögreglunni í Reykjavík, sem setti hann í varðhald, en sleppti honum morguninn eftir.

Báðir framangreindir bifreiðarstjórar hafa gert kröfu um, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til þess að greiða þeim hin vangoldnu ökugjöld, Bjarni M. Einarsson kr. 25.00 og Jón Einarsson kr. 35.00.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. júlí 1887. Hann hefir sætt refsingu fyrir brot gegn hinum almennu hegningarlögum svo sem hér greinir:

1909 $^{25}/_{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir brot gegn 230. og 255. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25 júní 1869.

1909 $^{5}/_{10}$ Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 253. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1910 $^{9}/_{8}$ Dómur sama réttar, 1 árs betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 253. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1912 $^{4}/_{1}$ Dómur sama réttar, 14 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 253. gr., 259. og 250. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1913 $^{27}/_{8}$ Dómur sama réttar, 10 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 230. sbr. 232., 253. og 255. sbr. 40. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1923 $^{9}/_{2}$ Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 233. gr. 1. mgr. með hliðsjón af 40. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Brot ákærða ber að heimfæra undir 253. gr. eða réttara analogiu hennar (ef nokkur tekur vörur að láni og ætlar sér eigi að borga þær) hinna almennu hegningarlaga, ennfremur 7. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavik nr. 2 7. jan. 1930 og lög nr. 33 1935. Við ákvörðun refsingarinnar verður annars vegar að líta á það, að ákærði framdi hið sviksamlega atferli undir áhrifum áfengis og að brotin eru fremur smávægileg, en hins vegar, að ákærði hefir margítrekað samskonar brot. Með tilliti til þessa virðist refsing ákærða hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ennfremur ber að dæma ákærða til þess að greiða Bjarna Maríusi Einarssyni kr. 25.00 og Jóni Einarssyni kr. 35.00, og loks ber honum að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans fyrir réttinum, Stefáns Jóhanns Stefánssonar hrm., sem ákveðast kr. 50.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Stefán Júlíus Jónsson, sæti 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 50 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns fyrir réttinum, Stefáni Jóhanni Stefánssyni hrm. Ennfremur greiði hann Bjarna Maríusi Einarssyni kr.

25.00 og Jóni Einarssyni kr. 35.00, hvorttveggja vangoldið ökugjald.

Dóminum að fullnægja, að því er ídæmdar skaðabætur snertir, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, og að öðru leyti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. maí 1938.

Nr. 138/1937. **Réttvísin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Magnúsi Gíslasyni (Eggert Claessen).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir einungis verið skotið til hæstaréttar að því er tekur til ákærða Magnúsar Gíslasonar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að því er ákærða Magnús Gíslason varðar, þá ber að staðfesta dóminn að því leyti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað að því leyti sem honum er áfrýjað.

Ákærði, Magnús Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna

Jóns Ásbjörnssonar og Eggert Claessen, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. nóv. 1937.

I.

Mál þetta er höfðað gegn þeim Magnúsi Þórðarsyni, Magnúsi Gíslasyni og Karli Guðmundssyni, gæzluföngum í hegningarhúsinu hér í bæ, fyrir brot gegn 23. kap. hinna alm. hegningarlaga og lögum nr. 51 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærður Magnús Þórðarson er fæddur hér í bæ 10. apríl 1915. Hann hefir sætt eftirtöldum refsingum, öllum hér í umdæminu:

1928 $^{1}/_{8}$ Sætt 5 kr. sekt fyrir ofhraða á reiðhjóli.
1933 $^{13}/_{10}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{1}/_{5}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
1936 $^{1}/_{9}$ Dómur sama réttar, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ökuslys.
1936 $^{16}/_{10}$ Dómur sama réttar, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

Ákærður Magnús Gíslason er fæddur á Akranesi 17. okt. 1915. Hér í lögsagnarumdæminu hefir hann þolað eftirtaldar refsingar:

1931 $^{21}/_{11}$ Áminning fyrir bjölluleysi á reiðhjóli.
1932 $^{1}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 231. gr. hinna alm. hegningarlaga og 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928. 150 kr. skaðabætur og vikið burt úr Reykjavíkurborg um 3ja ára skeið.
1933 $^{7}/_{5}$ Sætt 30 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
1935 $^{1}/_{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2ja ára betrun-

arhúsvinnu fyrir þjófnað og ofbeldi við fangavörð.

1935 ⅙ Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928.

1937 ^{1}⁹⁄₁₀ Sætt 100 kr. sekt og 50 kr. skaðabætur fyrir ölvun og slagsmál á almannafæri.

Auk þess var hann á Akureyri hinn 9. júní 1933 dæmdur í tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 62. gr. almennra hegningarlaga.

Loks var hann 8. sept. 1934 dæmdur af Köbenhavns Byret fyrir brot gegn 298. gr. nr. 4 dönsku hegningarlaganna og gæzluvarðhald hans þá látið koma í staðinn fyrir refsingu.

Hann var látinn laus af vinnuhælinu 9. okt. s. l.

Ákærður Karl Guðmundsson er fæddur í Ólafsvík 7. okt. 1908. Hann hefir sætt eftirtöldum refsingum:

Í Reykjavík:

1933 ⅗ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 ⅝ Kærður fyrir ölvun. Málið sent bæjarfógeta í Hafnarfirði.

1934 ^{2}⅞ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1934 ⅜ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1934 ^{1}⅝ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1934 ^{2}⁰⁄₁₂ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 ⅗ Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1935 ⅘ Kærður fyrir ölvun, en ekki þótti ástæða til málssóknar.

1935 ^{1}⅘ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 ^{2}⅖ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 ^{1}⅛ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 ⅙ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 ^{2}⅑ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 ¾ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 231. gr. 4. lið og 55. gr. hinna alm. hegningarlaga.

1936 ^{1}⅔ Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.

1936 ^{1}⁷⁄₁₀ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 ^{1}³⁄₁₀ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn

8. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 63. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869.

1937 ⅛ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 ⅜ Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1937 1⅞ Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1937 2⅞ Kærður fyrir ölvun og heimilsleysi. Látið falla niður.

1937 5/10 Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Í Hafnarfirði:

1935 2½ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 ⅖ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Á Ísafirði:

1934 ⅝ Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 7. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 51 1928 og 250 króna sekt fyrir brot gegn áfengislögunum.

II.

Aðfaranótt föstudagsins 15. þ. m. kl. 1.30 komu menn á lögreglustöðina og tilkynntu, að verið væri að fremja innbrot í skrautgripaverzlun Guðna Jónssonar Austurstræti 1. Lögreglan brá þegar við og fór að verzluninni og greip þar ákærðan Magnús Þórðarson, sem þar var kominn inn um glugga, sem hann hafði brotið. Um leið sáust tveir menn hlaupa frá götuhorninu móti verzluninni og inn í húsaport við Aðalstræti. Elti lögreglan þá þangað og reyndust það vera meðákærðir Magnús Gíslason og Karl Guðmundsson.

Frásögn ákærðs Magnúsar Þórðarsonar um innbrotið er á þá leið, að hann hafi hitt þá Karl og Magnús Gíslason um kl. 10 um kvöldið. Hann var þá nokkuð undir áhrifum áfengis og var með peninga, sem hann hafði stolið fyrr um kvöldið frá föður sínum, eins og síðar verður frá sagt. Það talaðist svo til með þeim, að þeir yrðu saman um kvöldið. Fengu þeir sér síðan áfengi og drukku upp úr einni brennivínsflösku og voru byrjaðir á whiskypela. Þeir fengu sér og bíl tvisvar sinnum og óku um bæinn. Allt var það á kostnað ákærðs.

Ákærður kveðst sjálfur eiga uppástunguna að innbrotinu. Hann kveðst hafa borið hana fram fyrir þá Karl og Magnús Gíslason fljótlega eftir að þeir hittust. Rædddust þeir síðan

við um þetta bæði meðan þeir voru í bifreiðunum og eins á milli þess.

Út úr síðari bifreiðinni stigu þeir í Lækjargötunni, og var þá ákveðið að láta til skarar skríða. Gengu þeir þaðan beint á staðinn. Á horninu gegnt verzluninni sagði hann þeim að bíða og vera á verði, meðan hann fremdi innbrotið, og taka síðan við varningi þeim, sem hann rétti þeim út um gluggann. Því næst hljóp hann yfir götuna og að verzluninni og braut rúðuna. Þá kveður hann, að sér hafi dottið í hug, að betra væri að fara úr frakkanum og hljóp því til þeirra aftur í því skyni að biðja þá að taka við honum. Það kveðst hann þó hafa hætt við og hljóp því að búðinni aftur og fór þá inn um brotinn gluggann. Fór hann þá að taka vörur þær, er hann náði í, og hafði tekið og sett á sig 6 úr. Þegar hann heyrði, að lögreglan var að koma, þá faldi hann sig inni í skáp, og þar var hann tekinn.

Ákærður hefir ekki gjört nána grein fyrir samkomulagi þeirra félaga. Hann kveðst, eins og áður segir, hafa átt uppástunguna að þessu, og innbrotið sjálft ætlaði hann að fremja. Einhvern tíma í samtölum þeirra kveðst hann hafa sagt við þá, að hann myndi gera þetta á sína ábyrgð og ekki blanda þeim inn í þetta, ef það kæmist upp. Hann hefir skýrt frá því, að svo hafi verið um talað á milli þeirra, að þeir Karl og Magnús Gíslason geymdu þýfið fyrst um sinn. En ekki var farið að ræða um það, hvernig þeir skiptu því milli sín. Hann kveðst og hafa boðið þeim að vera viðbúnir fyrir utan að taka við því af þýfinu, sem hann rétti þeim út.

Meðákærður Magnús Gíslason skýrir svo frá þátttöku sinni:

Magnús Þórðarson átti uppástunguna að þessu og ræddi þetta við þá meðákærðu og talaði m. a. um að ná í svarta gimsteina. Hann heldur því hins vegar fram, að Magnús Þórðarson hafi ekki skýrt þeim frá, hvar staðurinn var. Þegar þeir stigu út úr bifreiðinni í síðara skiptið, gengu þeir að horni Aðalstrætis og Austurstrætis, og benti Magnús Þórðarson þeim þar á skrautgripaverzlunina og sagði þeim, að þarna væri staðurinn. Þá kveður ákærður, að sér hafi ekki litizt á, og sagði því við Magnús Þórðarson, að hann gerði þetta upp á sína ábyrgð og hann (M. G.) vildi ekki blanda sér inn í þetta. Magnús Þórðarson sagði þá, að hann gerði þetta upp á sína ábyrgð og fór inn, en þeir Karl og

ákærður stóðu eftir, en flýðu síðan inn í port, þar sem þeir voru handteknir.

Meðákærður Karl Guðmundsson hefir skýrt frá því, að Magnús Þórðarson hafi talað um innbrotið meðan þeir voru í fyrri bílnum með þeim hætti, að þeim hinum hafi þótt nóg um og vildu því villa bílstjóranum sýn, og þóttust þeir því vera skipverjar á bát, sem nú lægi á höfninni. Hann segir, að Magnús hafi nefnt verzlunina, sem hann vildi brjótast inn í, en ekki setti hann það á sig þá. Þegar þeir stigu út úr síðari bílnum, talaði Magnús enn þá um innbrotið, og gengu þeir þá rakleiðis á staðinn. Þegar Magnús fór og braut rúðuna, biðu þeir á meðan, og þegar hann kom aftur til þeirra eftir að hafa brotið rúðuna, sagði hann: Strákar, nú fer ég inn í verzlunina, þið komið á eftir og takið við því, sem ég rétti ykkur. Þá kveður ákærður, að þeim hinum hafi ekki farið að litast á þetta fyrirtæki og hlupu þá inn í portið. Fóru þeir þar að tala um, hvernig þeir ættu að snúa sér út úr þessu, og töluðu um það annað hvort að stinga Magnús af eða kæra hann, og hefir Magnús Gíslason viðurkennt að hafa átt þá uppástungu. Þeir fengu þó ekki svigrúm til framkvæmda áður en lögreglan handtók þá.

Svo sem nú hefir verið rakið, þá er það ljóst, að Magnús Þórðarson er upphafsmaður þessa afbrots, jafnframt því, sem hann er sá eini þeirra, sem leggur hönd að innbrotinu. Þrátt fyrir það verður að áliti réttarins að telja þá Magnús Gíslason og Karl Guðmundsson fullkomna þátttakendur verksins. Það er upplýst um ráðagerðir þeirra um innbrotið allt frá því að þeir hittust um kvöldið. Þeir ganga allir rakleitt á staðinn, þegar þeir stíga út úr síðari bílnum. Þeir Magnús Gíslason og Karl bíða á horninu, meðan Magnús Þórðarson brýtur rúðuna. Og það er fyrst, þegar það rennur upp fyrir þeim, að þetta fyrirtæki sé miður álitlegt, sem virðist vera, þegar Magnús Þórðarson hleypur til þeirra aftur eftir að hafa brotið rúðuna, að þeir reyna að draga sig til baka. Þá fela þeir sig og hefja ráðagerðir um það, hvernig þeir geti sloppið við afleiðingar verksins.

III.

Ákærður Magnús Þórðarson hefir ennfremur játað á sig eftirfarandi innbrot og þjófnaði:

Fyrri hluta septembermánaðar kveðst hann hafa brotizt inn í hannyrðaverzlun í Bankastræti. Gerði hann það með þeim hætti, að hann náði glugga úr bakhlið hússins og skreið þar inn. Hafði hann á brott með sér nokkur ísaumuð klæði, og fór síðan inn aftur til að skila þeim, því hann kveðst hafa séð, að það væri heimska af sér að halda þeim. Úr búðinni var einskis saknað. Hann skýrði svo frá, að ætlun sín hafi verið sú að fara inn í skrautgripaverzlun, sem er í sama húsi, en hann hafi lent í ógáti inn í hannyrðaverzluninni.

Í októbermánuði fór ákærði inn um opnar bakdyr í verzlun L. H. Müller í Austurstræti og komst þar inn í bakherbergi. Þaðan hafði hann á brott mér sér fatnað, frakka og bakpoka. Fatnaðinn seldi hann fornsala hér í bænum fyrir 10 krónur, en frakkann og bakpokann kveðst hann hafa eyðilagt. Verð fatanna er 65 krónur, en bakpokans 23—40 krónur.

Þá hefir ákærður viðurkennt að hafa kvöldið fyrir innbrotið í skrautgripaverzlunina farið inn á skrifstofu h/f Kol & Salt og tekið þar sjálfblekung. Honum hefir verið skilað.

Loks hefir hann viðurkennt að hafa stolið daginn, sem hann framdi innbrotið, 30 krónum úr jakkavasa föður síns. Af þeim peningum hefir hann skilað aftur kr. 18.50.

IV.

Síðastliðið vor var ákærður Magnús Gíslason staddur í Kaupmannahöfn. Hinn 9. júní var hann þar, ásamt öðrum Íslendingi, handtekinn fyrir stuld á reiðhjóli, eins og nú skal greina.

Um kl. 2.35 um nóttina óku tveir lögregluþjónar á lögreglubifreið fram á ákærðan og félaga hans, þar sem þeir voru að eiga við lás á karlmannsreiðhjóli, sem stóð þar fyrir utan hús. Þegar þeir félagar urðu lögreglunnar varir, hröðuðu þeir sér burtu, en stoppuðu við annað reiðhjól þar skammt frá og fóru að athuga lásinn á því. Ákærður gekk síðan frá félaga sínum, en kom aftur ca. 5 mínútum síðar og hafði þá með sér kvenreiðhjól. Fóru þá lögregluþjónarnir til þeirra og höfðu þeir félagar þá einnig hendur á karlmannsreiðhjóli, sem stóð þar á götunni.

Ákærður hefir gert þá grein fyrir þessu, að þeir félagar

hafi um kvöldið setið á knæpu að drykkju og verið þar með stúlkum. Þegar þau komu út af veitingahúsinu, kveður hann, að stúlkan, sem hann var með, hafi beðið sig að gæta reiðhjóls síns, og benti honum á, hvar það stóð upp við gangstétt. Stúlkan skildi fljótlega við ákærðan eftir þetta, og hann og félagi hans fóru nokkuð um borgina og leituðu til að komast inn á veitingahús en þegar þeim ekki tókst það, sneru þeir niður að Brúarfossi, sem þar lá í höfn. á leiðinni kveðst mættur hafa munað eftir reiðhjólinu og fór því á þann stað, sem hann minnti, að það hefði verið, og tók þar kvenreiðhjól, og var lásinn opinn. Reyðhjólið kvaðst ákærði hafa ætlað að geyma, þar til hann fynndi stúlkuna aftur, en enga grein gat hann gert fyrir henni, vissi ekki nafn hennar eða heimili, en sagðist hafa búizt við, að hann mundi síðar hitta hana á þessu sama veitingahúsi. Ákærður hefir neitað því að hafa verið að snópa við karlmannsreiðhjól, eins og lögreglan þó stóð hann að.

Eigandi reiðhjóls þess, er tekið var af ákærðum, gaf sig fram og neitaði að hafa nokkru sinni séð eða heyrt ákærðan.

Þrátt fyrir það þótt ákærður þannig þræti fyrir að hafa stolið umræddu reiðhjóli, verður ekki annað ráðið af atvikum öllum, eins og þeim hefir nú verið lýst, og verður að telja það fullgilda sönnun fyrir sekt hans.

V.

Ákærðir hafa verið í gæzluvarðhaldi frá því þeir voru handteknir 15. okt. s. l.

Brot ákærðs Magnúsar Þórðarsonar heimfærist undir 8. gr. sbr. 6. gr. og 7. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 55. gr. og 63. gr. almennra hegningarlaga. Refsing hans þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 2 ára betrunarhúsvinna.

Brot ákærðs Magnúsar Gíslasonar heimfærist undir 8. gr. sbr. 6. gr. og 7. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 55. gr. og 63. gr. almennra hegningarlaga. Refsing hans þykir eftir öllum málavöxtum hæfilega ákveðin 2 ára betrunarhúsvinna.

Brot ákærðs Karls Guðmundssonar heimfærist undir 8. gr. sbr. 7. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 55. gr. almennra hegningarlaga. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna.

Ákærður Magnús Þórðarson og Karl Guðmundsson greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Ein-

ars Baldvins Guðmundssonar hrm., er ákveðast kr. 100.00. Ákærður Magnús Gíslason greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., er ákveðast kr. 65.00. Kostnað við gæzluvarðhald sitt greiði ákærðir hver um sig. Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir allir in solidum.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Magnús Þórðarson sæti betrunarhúsvinnu í 2 ár.

Ákærður Magnús Gíslason sæti betrunarhúsvinnu í 2 ár.

Ákærður Karl Guðmundsson sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði.

Kostnaður sakarinnar greiðist þannig:

Ákærðir Magnús Þórðarson og Karl Guðmundsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars B. Guðmundssonar hrm., kr. 100.00, in solidum.

Ákærður Magnús Gíslason greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., kr. 65.00.

Ákærðir greiði hver um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Ákærðir greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. maí 1938.

Nr. 61/1934. **Ingveldur Einarsdóttir**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Magnúsi Guðmundssyni (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta hefir verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1934, krefst þess, að úrslit málsins verði látin velta á sönnunareiði sínum og að stefndi verði, með því fororði, að hún vinni eiðinn, dæmdur til að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir réttarrannsókn í málinu verið tekin upp að nýju samkvæmt úrskurði hæstaréttar frá 25. janúar 1935 og hefir verið tekin vitnaskýrsla af frú Guðnýju S. Guðmundsdóttur frá Bíldudal, fóstru áfrýjanda. Er frásögn Guðnýjar á þá leið, að áfrýjandi, sem fór til Reykjavíkur í janúar 1933, hafi komið heim aftur á öndverðu sumri sama ár og verið þá barnshafandi. Hafi áfrýjandi þá þegar tilnefnt stefnda sem föður að barni því, er hún gekk með. Í nóvember 1933 fór Guðný með áfrýjanda til Reykjavíkur til þess að leita stefnda upp og fann hún, þ. e. Guðný, hann að máli hjá konu þeirri, Helgu Helgadóttur, sem greiddi fyrir upphaflegri kynningu aðilja máls þessa. Þegar Guðný krafði stefnda sagna um afskipti hans af áfrýjanda, synjaði hann þess í fyrstu, að hann þekkti áfrýjanda, en er á samtalið leið, segir Guðný, að hann hafi orðið æfur og komizt svo að orði: „Það stendur ekkert heima við þann tíma, er eg var með stúlkunni."

Eftir að þessi skýrsla Guðnýjar var fengin, kvaddi héraðsdómarinn stefnda fyrir rétt að nýju og yfirheyrði hann allrækilega. Viðurkenndi stefndi þá að hafa látið sér um munn fara við Guðnýju hin tilvitnuðu orð, en synjaði allt að einu fyrir það að hafa haft holdlegt samræði við áfrýjanda. Var frásögn stefnda við þetta réttarpróf hvikul og um margt í ósamræmi við fyrri framburð hans í málinu.

Að athuguðum framangreindum atriðum svo og

því, *að* upplýst er, að málsaðiljar hafa verið í tvö skipti ein saman í herbergi Helgu Helgadóttur á þeim tíma, þegar barn áfrýjanda gat hafa komið undir, og *að* stefndi hefir viðurkennt að hafa í annað skiptið aflæst herberginu, þegar þau höfðust þar við tvö ein, þá verður að telja, að til styrktar málstað áfrýjanda séu framkomnar nægilegar líkur til að láta málið velta á eiði hennar, sbr. 15. gr. laga nr. 46 frá 1921 og nú 213. gr. laga nr. 85 frá 1936. Er þá samkvæmt tilefni því, sem felst í málsskjölunum, athugandi, hvort áfrýjandi sé eiðhæf.

Um vitsmuni hennar er það upplýst, að héraðsdómarinn telur hana sljóa, og að erfitt sé að fá hana til að svara spurningum, sem til hennar sé beint. Þá hafa nokkrar konur, sem þekkja áfrýjanda, gefið vottorð þess efnis, að áfrýjandi sé andlega miður sín og lýsi annmarki hennar aðallega sér í því, að hún eigi erfitt með að gera grein fyrir hugsunum sínum. Út af þessu hefir dr. Helgi Tómasson yfirlæknir átt viðtal við áfrýjanda og lýsir hann skynsemd hennar þannig, að hún sé í viðtali róleg, í meðallagi skýr, ekki haldin skyn- eða dómvillum, svo áberandi sé. Tal hennar sé einfeldnislegt, en tæplega svo, að um augljósan vanþroska sé að ræða. Hún heyri nokkuð illa og látbragð hennar sé áþekkast látbragði þeirra manna, sem illa heyra. Með hliðsjón af þessari umsögn yfirlæknisins verður að telja áfrýjanda hæfa til að vinna eið í málinu.

Samkvæmt framansögðu eiga úrslit málsins að velta á eiði áfrýjanda, þannig að ef hún vinnur, eftir löglegan undirbúning, innan fjögra vikna frá birtingu dóms þessa, á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85 frá 1936 eið að því, að hún hafi haft hold-

legt samræði við stefnda á tímabilinu frá 20. janúar til 15. marz 1933, þá skal hann talinn faðir að sveinbarni því, er áfrýjandi ól þann 8. nóvember 1933, enda greiði stefndi þá meðlag með barninu og áfrýjanda barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Þá skal og stefndi greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 200.00. Ef áfrýjanda hins vegar verður eiðfall, þá á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda falli þá málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti niður.

Á máli þessu hefir orðið mjög mikill dráttur eftir að héraðsdómurinn gekk í því þann 22. janúar 1934. Málið var upphaflega lagt í dóm í hæstarétti þann 21. janúar 1935, en með úrskurði hæstaréttar, uppkveðnum 25. s. m., var mælt fyrir um framhaldspróf í málinu. Þessi próf fóru fram þann 19. nóvember 1935, og var útskrift síðan af þeim afgreidd af héraðsdómaranum 22 s. m. til hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóhanns Stefánssonar, sem flytur mál þetta fyrir áfrýjanda. En af misgáningi voru skjölin lögð til hliðar á skrifstofu hans, og hvarf málið úr minni hans, þangað til hann fyrir ári síðan varð skjalanna aftur var. Þrátt fyrir þann drátt, sem þá var orðinn, hefir téður hæstaréttarmálflutningsmaður ekki fyrr en 16. þ. m. lagt málið í dóm í hæstarétti. Fyrir hinn þarflausa og óhæfilega drátt málsins verður að sekta greindan hæstaréttarmálflutningsmann samkvæmt 3. tölulið 188. gr. laga nr. 85 frá 1936, og þykir sektin, sem renna skal í ríkissjóð, hæfilega ákveðin kr. 40.00, sem afplánist með 4 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi, Ingveldur Einarsdóttir, vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85 frá 1936, að hún hafi á tímabilinu frá 20. janúar til 15. marz 1933 haft holdlegar samfarir við stefnda, Magnús Guðmundsson, þá skal hann talinn faðir barns þess, sem áfrýjandi ól þann 8. nóvember 1933, enda greiði þá stefndi meðlag með barninu og áfrýjanda barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði stefndi henni samtals kr. 200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, enda falli þá málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti niður.

Stefán Jóhann Stefánsson hæstaréttarmálflutningsmaður greiði 40 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með 4 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. janúar 1934.

Þann 8. nóvember 1933 ól um borð á e/s Brúarfoss ógift stúlka, að nafni Ingveldur Einarsdóttir, til heimilis á Bíldudal, sveinbarn, að þyngd 2800 grömm, lengd 48 cm. og höfuðmál 31—34, og verður það að teljast tæplega fullburða. Föður að þessu barni sínu tilnefndi barnsmóðirin Magnús

Guðmundsson, Njálsgötu 33 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta höfðað gegn honum, samkv. kröfu barnsmóður, sem krefst þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað, svo og styrk til sín fyrir og eftir barnsburð samkv. úrskurði yfirvalds, og auk þess málskostnaðar að skaðlausu.

Kærandi hefir haldið því fram, að hún hafi kynnzt kærðum í janúarmánuði 1933 í húsi því, er hún þá dvaldi í, sem var á Njálsgötu 33 hér í bænum. Bjó kærandi þar á efri hæðinni, en kærður, sem þá bjó á Bragagötu 32, hafði þjónustu hjá fólki því, sem bjó á neðri hæðinni, Helgu nokkurri Helgadóttur og manni hennar Vigfúsi. Kærandi hefir haldið því fram, að fyrstu viðkynni, sem hún hafi haft við kærðan, hafi orsakazt þannig, að fyrrgreind Helga hafi komið til sín og sagt sér, að kærður vildi finna sig, hafi hún farið niður og inn í stofu, þar sem kærður var. Síðan kveður hún, að Helga hafi farið út, en kærður læst dyrunum og samræðið síðan byrjað. Kveður hún, að samræði þetta hafi farið fram gegn vilja sínum, en þó hafi hún ekki kallað á hjálp, enda hafi kjarkurinn bilað. Kærandi hefir tekið það fram, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan í ein þrjú til fjögur skipti í allt, án þess þó að hún hafi getað tilgreint tímann nánar. Hinsvegar hefir hún eindregið mótmælt því, að hún hafi haft holdlegt samræði við nokkurn annan karlmann en kærðan. Kærður hefir játað það, að hann hafi kynnzt kæranda á þeim stað, er hún hefir tilgreint, og heldur hann því fram, að hann hafi aðeins tvisvar sinnum séð hana og hafi hann í þau skipti átt tal við hana inni í stofu fyrrgreindrar Helgu. Kveður hann, að Helga þessi hafi eitt sinn, er hann kom þar, leitt það í tal við sig, að það væri vestfirzk stúlka uppi á loftinu, hvort hann vildi ekki sjá hana, en sjálfur er hann frá Patreksfirði. Hafi Helga þá kallað á stúlkuna, sem kom niður, og fóru þau öll inn í íbúð Helgu, en hún fór því næst út, en kom inn eftir nokkra stund. Þó játar hann, að hann hafi verið í annað skipti í þessari sömu stofu, ásamt kæranda, en hann neitar því, að það hafi verið eftir sinni beiðni, heldur hafi Helga sagt sér það, að kærandi hafi beðið hana að láta sig vita, þegar kærður kæmi þangað. Kærður hefir með öllu neitað því, að hann hafi hitt kæranda í önnur en þessi tvö

skipti, og sömuleiðis hefir hann með öllu neitað því, að hann hafi nokkru sinni haft holdlegt samræði við kæranda. Kærður hefir játað það, að hann hafi í eitt skipti, er hann var í íbúð Helgu, lokað hurðinni, þegar kærandi var þar inni.

Fyrrgreind Helga Helgadóttir, sem hefir mætt í réttinum við rannsókn þessa máls, hefir borið það, að sér hafi verið kunnugt um það, að kærandi og kærður hafi tvisvar hitzt í íbúð sinni. Hafi þau hitzt í ganginum og gengið eitthvað út saman. Hefir hún haldið því fram, að hún hafi náð í kæranda í tvö skipti eftir ósk kærða.

Það, sem upplýst er í máli þessu, er aðeins það, að kærandi og kærður hafi kynnzt á Njálsgötu 33 um það leyti, er barna þetta getur verið getið, auk þess sem upplýst er, að þau hafa verið a. m. k. í tvö skipti ein saman í íbúð Helgu Helgadóttur, sem þar bjó þá, og að kærður hafi í eitt skipti lokað hurðinni, þar sem þau voru tvö ein inni. Hinsvegar er það ósannað, að þau hafi haft holdlegt samræði og blóðrannsókn sú, sem fram fór undir rekstri málsins hefir á engan hátt getað gefið neinar upplýsingar.

Af þessum ástæðum verður ekki annað hægt en að láta úrslit þessa máls vera komin undir eiði annarhvors aðilans. Enda þótt að telja mætti, að kærandi hefði líkurnar frekar með sér en kærður, þá verður þó ekki talið fært að láta hana hafa eiðinn, þegar tekið er tillit til þess, hversu erfitt það reyndist í réttarprófunum að fá umsögn hennar um einstök atriði í sambandi við mál þetta, svo og umsagnir ýmsra manna, sem fram hafa verið lagðar í máli þessu, og sem verður að telja þess eðlis, að andlegur þroski kæranda sé á alllágu stigi.

Af framansögðu verða því úrslit að vera komin undir eiði kærðs, þannig, að synji hann fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 60 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegt samræði við kæranda á tímabilinu 17. janúar 1933 til 2. apríl 1933, þá skal hann vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Vinni hann hinsvegar ekki svofelldan eið, skal hann teljast faðir sveinbarnsins, þá greiði hann og meðlag með barninu svo og barnsfaðerniskostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, samkv. úrskurði yfirvalds,

þá og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Synji kærður, Magnús Guðmundsson, fyrir það með eiði, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, innan 60 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft toldlegt samræði við kærandann, Ingveldi Einarsdóttur, á tímabilinu 17. janúar 1933 til 2. apríl 1933, þá skal hann sýkn vera af kröfum kæranda í máli þessu, og málskostnaður falli niður.

Vinni kærður hinsvegar ekki svofelldan eið, skal hann teljast faðir að barni því, er kærandi ól þann 8. nóvember f. á. Þá greiði hann og meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, svo og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. maí 1938.

Nr. 135/1937. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)
gegn
Hirti Guðbrandssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Áfengis og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Maður sá, sem kærði kveður hafa veitt sér áfengi á Hótel Ísland aðfaranótt 29. júlí f. á., hefir ekki verið krafinn vitnisburðar í málinu um það, hvers konar eða hversu mikils áfengis kærði hafi neytt hjá honum. Eftir frásögn kærða var áfengisneyzla hans mjög lítil, en hann hefir þó viðurkennt að hafa fund-

ið á sér áfengisáhrif. Hinsvegar er það ekki sannað, að áhrifanna hafi gætt svo mjög, að kærði verði talinn hafa verið ölvaður í umrætt skipti. Upplýsingar þær, sem fyrir liggja um akstur kærða eftir þetta þá um nóttina, eru ófullkomnar, en með tilliti til framburðar vitnisins Vigfúsar Guðmundssonar, er kveðst hafa ekið bifreið kærða frá Austurstræti vestanverðu og suður að Kennaraskóla, þá verður ekki talið upplýst, að kærði hafi ekið bifreiðinni annað en frá Kennaraskólanum og að gatnamótum Laufásvegar og Reykjanessbrautar.

Kærði hefir með því að aka bifreiðinni í þetta skipti undir áhrifum áfengis gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna nr. 33/1935 og 3. mgr. 5. gr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70/1931. Svo hefir hann og brotið ákvæði 15. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sekt og vararefsingu, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Með tilliti til þess annarsvegar, að hér er um ítrekað brot að ræða, og þess hinsvegar, að brotið er smáfellt og að ekkert tjón hefir af því hlotizt, að brot það, sem kærði var dæmdur fyrir 13. september 1930, var einnig smávægilegt, og að langur tími er síðan liðinn, og að löggæzlumaður ríkisins með bifreiðum á vegum úti hefir vottað það í málinu, að hann telji kærða mjög gætinn bifreiðastjóra, og að ekkert slys muni hafa hlotizt af akstri hans í þau 17 eða 18 ár, sem hann hafi gegnt því starfi, þá þykir rétt að svipta kærða rétti til að aka bifreið aðeins í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákvæðum hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal óraskað. Kærða ber að greiða

allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Prófum málsins er í ýmsu áfátt, og skal sérstaklega tekið fram, að maður sá, sem kærði kveður hafa veitt sér áfengi, hefir ekki verið yfirheyrður, og að stúlka sú, sem var í bifreiðinni hjá kærða, þegar lögregluþjónarnir tóku hann, hefir ekki verið um það spurð, hvort henni hefi verið kunnugt um akstur kærða þá á undan.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hjörtur Guðbrandsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal kærði og sviptur rétti til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. okt. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hirti Guðbrandssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Ásvallagötu 63 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33

1935, lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. marz 1884, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1920 $^{12}/_{1}$ Sætt 10 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

1930 $^{13}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 100 kr. sekt og sviptur leyfi til að stýra bifreið í 4 mánuði fyrir brot á bifreiðalögum og áfengislögunum.

Aðfaranótt fimmtudagins 29. júlí síðastliðinn voru þrír lögregluþjónar á ferð í lögreglubifreiðinni eftir Laufásvegi hér í bæ. Er þeir komu að gatnamótum Laufásvegar og Reykjanesbrautar, urðu þeir þess varir, að vöruflutningabifreiðin R. 796 stóð þar á vegamótunum, þannig að hún var til tálmunar fyrir umferðina. Var að vísu ekki ómögulegt að beygja af Laufásvegi inn á Reykjanesbraut, en illmögulegt.

Fór þá einn lögregluþjónanna að athuga bifreið þessa nánar, og sat þá bifreiðarstjórinn, sem var kærður í þessu máli, undir stýri bifreiðarinnar. Gerði lögregluþjónninn honum aðvart um, að bifreiðin stæði illa á gatnamótunum, en kærður ætlaði þá að færa hana, en fórst svo óhönduglega að setja vélina í gang, að lögregluþjónninn fór að veita honum nánari athygli, og virtist hann þá vera undir áhrifum áfengis. Hjá kærðum í bifreiðinni sat stúlka. Var henni ekið heim til sín að Blönduhlíð hér við bæinn, en kærður færður á lögreglustöðina. Átti þá að taka úr honum blóðsýnishorn, en hann þverneitaði að láta nokkurn annan lækni en Björn Gunnlaugsson gera það. Var hann síðan að undangengnum úrskurði færður á landsspítalann, og honum þar tekið blóð, en þannig stóð á, að sá eini læknir hér, sem gat rannsakað blóðið, var fjarverandi, og reyndist því ómögulegt að rannsaka það.

Við yfirheyrslu morguninn eftir skýrði kærði þannig frá, að kvöldið áður á 12. tímanum hafi hann verið staddur á herbergi á Hótel Ísland hjá kunningja sínum úr Vestmannaeyjum. Var hann þar nokkurn tíma og drakk tvo pilsnera, og gaf kunningi hans honum áfengi út í annan þeirra. Hefir kærður við þessa yfirheyrslu játað að hafa fundið á sér áhrif áfengis, þó eigi nema lítil, þegar hann fór út frá Hótel Ísland, en þá fór hann strax út í bifreið sína, sem stóð í

Vallarstræti, og ók henni þegar sem leið liggur á þann stað, er lögreglan tók hann, en á þeirri leið hitti hann stúlku þá, er var í bifreiðinni hjá honum. Þó ók maður að nafni Vigfús bifreiðinni nokkuð af leiðinni.

Við nefndan framburð sinn um áfengisáhrifin heldur kærður í síðara réttarhaldi í málinu. Þessi játning kærðs styrkist af framburði hinna þriggja lögregluþjóna, er handtóku hann, og eins lögregluþjóns, er yfirheyrður hefir verið, er sá kærðan á lögreglustöðinni, er hann var fluttur þangað. Hafa þessir lögregluþjónar allir borið, að þeim hafi virzt kærður vera undir áhrifum áfengis, og hafa þeir ráðið það af ýmsum atriðum, bæði því, að kærður var þrútinn í andliti, vínlykt fannst af honum, buxnaklauf hans var opin og buxurnar illa uppgirtar, augu hans einkennileg, mæli hans linara og þvælulegra en vant er o. fl.

Aftur á móti hefir framannefndur Vigfús og stúlka sú, sem hjá kærðum var í bifreiðinni, borið, að þau hafi ekki séð á kærðum áfengisáhrif, en þar við er þess að gæta, að stúlkan var sjálf undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt framanskráðu er það sannað, að kærður hefir í umrætt skipti ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Hefir hann með því gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 5. gr. 4. mgr. sbr. 14. gr. laga nr. 70 9. september 1931, um notkun bifreiða. Með því að stöðva bifreiðina á þann hátt, er að framan er nefndur, hefir kærður brotið lögreglusamþykkt Reykjavíkur 15. gr. sbr. 96. gr. Þykir refsing kærðs fyrir framangreint brot hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann ber að svipta leyfi æfilangt til að stýra bifreið. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Stefáns Jóhanns Stefánssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Hjörtur Guðbrandsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Stefáns Jóh. Stefánssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. maí 1938.

Nr. 80/1937. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Geir G. Zoëga (Lárus Fjeldsted).

Togaranjósnir.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt vottorði hafnarstjóra Reykjavíkur, sem lagt hefir verið fram í málinu, voru þrír af togurum þess fiskveiðafélags, er kærði var umboðsmaður fyrir, staddir hér á höfninni frá 6. apríl 1935 til 7. s. m. kl. 14. Samkvæmt skýrslu kærða, sem studd er af öðrum sakargögnum, var tilætlunin að fá leyfi ríkisstjórnarinnar til þess að skipa hér upp afla skipanna og selja hann vegna verkfalls, er þá stóð yfir á heimili skipanna í Englandi. En af því að leyfi þetta fékkst ekki, þá var það ráð tekið að varpa aflanum hér fyrir borð og fiska í skipin af nýju og flytja þann fisk nýjan til Englands, með því að vonir þóttu vera til þess, að verkfallinu yrði þá lokið. Skýrsla kærða um það, að óvarlegt hafi þótt að varpa aflanum um borð í íslenzkri landhelgi vegna grunar, er það kynni að vekja um brot á íslenzkum fiskveiðalögum, ef varðskip kæmi að, meðan á því verki stæði, þykir ekki verða véfengd,

og að skeyti þau, er kærði sendi togaranum „Arab“ og í máli þessu greinir, hafi verið send í aðvörunarskyni í þessu sambandi, enda er talið, að togurunum hefði verið óhentugt, með því að oftast var nokkur stormur daga þessa og verkið gat tekið allt að sólarhringi, að þurfa að láta vinna það utan landhelgi. Kærði, sem auðvitað hlaut að ganga að því vísu, að togararnir byrjuðu ekki að fiska á ný áður en aflanum væri varpað fyrir borð, hafði því ekki ástæðu til að ætla, að skeyti þau, er hann sendi „Arab“ þann 8. og 10. apríl 1935 og áður en hann hafði nokkra frétt fengið um það, hvernig farið hefði um útvörpun aflans, kæmu að liði um óleyfilegar veiðar í landhelgi.

Samkvæmt framanskráðu þykja ekki vera fyrir hendi skilyrði til þess að dæma kærða sekan um brot á 4. gr. laga nr. 5/1920, og verður því að sýkna hann af kærum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu. Verður þá að dæma greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 100.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 100.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Geir G. Zoëga, á að vera sýkn af kærum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði, Lárusar hæstaréttarmálaflutningsmanns Fjeldsted, kr. 100.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir

hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 100 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 13. apríl 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Geir Geirssyni Zoëga umboðsmanni, Vesturgötu 32 Hafnarfirði, fyrir brot gegn lögum nr 5/1920.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 27. júlí 1896. Hann hefir ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Kærði hefir um alllangt skeið verið í þjónustu brezkra togaraeigenda sem umboðsmaður þeirra hér á landi.

Við athugun, sem dómsmálaráðuneytið lét framkvæma á dulmálsskeytum kærða til brezkra togara, þótti ýmislegt benda til þess, að hann með slíkum skeytum hefði gefið togurunum upplýsingar um varðskipin. Var þetta mál kærða því tekið til frekari rannsóknar.

Undir rannsókn málsins var yfirheyrður Íslendingur einn, sem á tímabili hafði verið fiskiskipstjóri á einu þeirra skipa, sem kærði var umboðsmaður fyrir og hafði sent mikinn fjölda dulmálsskeyta. En hann neitaði að svara öllum spurningum um það, hvort skipið hefði, meðan hann var á því, fengið upplýsingar um varðskipin. Þessi framburður fiskiskipstjórans hlýtur að vekja grun um það, að skipið hafi raunverulega fengið slíkar upplýsingar, þó að hann hinsvegar út af fyrir sig sanni ekki, að svo hafi verið.

Kærði hefir stöðugt neitað því, að hann hafi gefið togurum upplýsingar um varðskipin í því skyni að aðstoða þá við landhelgisveiðar. Að gengnum úrskurði í upphafi rannsóknarinnar afhenti kærði réttinum til afnota dulmálslykil, er hann þá hafði í notkun við sendingu dulmálsskeyta. Með þessum lykli tókst að leysa nokkur skeyti, sem farið höfðu í milli kærða og hinna erlendu veiðiskipa, þar á meðal tvö skeyti frá kærða til skipstjórans á enska togaranum Arab, er innihalda upplýsingar um varðskipin, sem nú skal greina:

1) Skeyti dags. 8. apríl 1935, kl. 8,06, leyst af dulmáli svolátandi: Ægir has left.

2) Skeyti dags. 10. apríl 1935, kl. 8,42, leyst af dulmáli svolátandi: Ægir Norðfjörð Tuesday afternoon Hvidbjörn left Reykjavík 7 a. m. Wednesday morning.

Eitt þeirra skeyta, sem tókst að þýða, var frá togaranum Arab til kærða, dags. 10. apríl 1935, kl. 10,55, leyst af dulmáli, svohljóðandi: Thanks for message took blackfrost to dump fish stop had no chance to go inside our position is Westman islands.

Kærði hefir kannazt við að hafa sent skeyti þau, sem að framan greinir, til skipstjórans á Arab, en hann hefir stöðugt haldið því fram, að tilgangurinn með þeim hafi ekki verið sá, að liðsinna skipinu við landhelgisveiðar. Hefir hann í þessu sambandi skýrt svo frá, að þrír enskir togarar, þar á meðal togarinn Arab, hafi um þessar mundir verið hér við land að veiðum, og hafi þeir vegna yfirstandandi verkfalls í Englandi fengið fyrirmæli um að kasta því, sem þeir höfðu aflað, er þeir komu hér í höfn, með því að eigi fékkst leyfi til að selja þann afla hér á landi. Kveður kærði skipstjórann hafa talið nauðsynlegt vegna óhagstæðs veðurs að vinna að þessu í skjóli við land eða á landhelgissvæðinu, en álitið, að það gæti hinsvegar varðað þá ábyrgð. Undir þessum kringumstæðum kveðst kærði hafa tekizt á hendur að gefa togurunum upplýsingar um varðskipin, meðan á þessu stæði, svo að þeir gætu óhultir athafnað sig í þessu skyni á landhelgissvæðinu, og var það ákveðið, að hann símaði upplýsingarnar til Arab og þess skips eins, með því að gert var ráð fyrir, að togarar þessir héldu hópinn og gætu því allir orðið upplýsinganna aðnjótandi, þótt aðeins einum þeirra væru sendar þær. Samkvæmt þessu sendi kærði síðan skeyti þau, sem áður greinir, en er hann fékk skeytið frá Arab hinn 10. apríl, skildi hann það svo, að búið væri að kasta fiskinum, og kveðst hann því eftir það eigi hafa sent fleiri skeyti um þetta efni. Það þykir nú ekki næg ástæða til að véfengja þessa skýrslu kærðs um tilefni þess, að hann sendi togaranum umræddar upplýsingar um varðskipin, enda verður að telja, að hún sé studd af framangreindu skeyti Arabs hinn 10. apríl. En með því að þessar upplýsingar eru til þess fallnar bæði að liðsinna togurum þessum við landhelgisveiðar og að gera þeim mögulegt að komast undan hegningu fyrir framin landhelgisbrot, og að telja verður, að kærða hafi hlotið að

vera það ljóst, og með því ennfremur, að engin atvik réttlættu það að öðru leyti, að togurunum væru sendar upplýsingar um varðskipin, eins og á stóð, þá verður niðurstaðan sú, að kærði hafi með því að senda þessi skeyti brotið gegn 4. gr. laga nr. 5 1920. Eftir málavöxtum og með hliðsjón af núverandi gullgengi krónunnar þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, hrm. Lárusar Fjeldsted.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Geir Geirsson Zoëga, greiði til landhelgisjóðs Íslands 3000 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, hrm. Lárusar Fjeldsted.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. maí 1938.

Nr. 92/1937. **Sigríður Jónsdóttir**
(Theódor B. Líndal)
gegn
Helga Lárussyni og Vátryggingarfélaginu „Baltica“ og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótakröfur vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1937, krefst þess,

að gagnáfrýjandi, Helgi Lárusson, verði dæmdur til að greiða henni kr. 1134.00 með 5% ársvöxtum frá 12. október 1936 til greiðsludags og málskostnaðar í báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandandi, Helgi Lárusson, sem að fengnu áfrýjunarleyfi hefir gagnáfrýað málinu 30. nóvember f. á., hefir krafizt þess, að bætur þær, sem honum með héraðsdóminum er gert að greiða, verði færðar niður eftir mati hæstaréttar, og að málskostnaður fyrir hæstarétti verði látinn niður falla.

Á hendur Vátryggingarfélagsins „Baltica" hafa engar kröfur verið gerðar, né heldur hefir nokkur krafa verið gerð af hálfu þess félags.

Hér fyrir dómi hefir ekki verið krafizt breytinga á ákvæðum héraðsdómsins um bótaábyrgð gagnáfrýjanda á bílslysi 12. október 1936, með því að þetta sakarefni var dæmt í hæstarétti 13. þ. m. í málinu: Siggeir Lárusson gegn Helga Lárussyni og Vátryggingarfélaginu „Baltica" og gagnsök. Samkvæmt þessu koma hér einungis til álita einstakir liðir skaðabótakröfu aðaláfrýjanda, að því leyti sem um þá er deilt í málinu.

Um 1.—4. lið. Aðiljar eru sammála um að láta sitja við úrlausn héraðsdómarans um kröfuliði þessa.

Um 5.—6. lið. Það er upplýst í málinu, að nokkrum dögum eftir að aðaláfrýjandi lauk sjúkrahúsvist sinni eftir bílslysið 12. október veiktist hún af mislingum, var flutt á spítala aftur og lá þar í hálfan mánuð, og olli þetta drætti á för hennar heimleiðis. Það verður ekki litið svo á, að slíkt samhengi sé milli bílslyssins og sýkingar aðaláfrýjanda af mislingum, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða kostnaðinn við dvöl hennar í Reykjavík mislinganna

vegna. Með þessari athugasemd þykir mega fallast á ákvæði héraðsdómsins um greinda kröfuliði.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um málskostnað í héraði og að láta málskostnað í hæstarétti falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. júní s. l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 5. apríl 1937, framhaldsstefnu útgefinni 18. maí 1937 af Sigríði Jónsdóttur, ljósmóður Hraunkoti, gegn Helga Lárussyni, kaupfélagsstjóra hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 1134.00, með 5% ársvöxtum frá 12. október 1936 til greiðsludags og málskostnaður að skaðlausu. Ennfremur hefir h/f. Trolle & Rothe verið stefnt f. h. Vátryggingarfélagsins Baltica til þess að gæta réttar þess í málinu.

Málavextir eru þeir, að 12. október 1936 var sérleyfisbifreiðin R. E. 581, sem er sjö manna fólksbifreið, eign stefnds, en vátryggð hjá Vátryggingarfélaginu Baltica, á leið frá Reykjavik austur að Kirkjubæjarklaustri á Síðu. Bifreiðarstjóri á R. E. 581 var Bergur Lárusson frá Kirkjubæjarklaustri. Meðal farþega í þetta skipti var stefnandi. Þegar komið var austur undir Ingólfsfjall, nærri því austur að vegamótunum, þar sem vegurinn að Þrastalundi liggur af aðalveginum, kveðst bifreiðarstjórinn í skýrslu sinni til lögreglunnar hér hafa ekið bifreiðinni eftir smálægð, sem er þar í veginum. Í lægð þessari var vegurinn með smá riflum og holóttur, og var vont að aka bifreiðinni þar. Bifreiðarstjórinn kveðst hafa ekið á 40—45 km. hraða á klukkust. áður en hann kom í lægðina, en hafi dregið úr hraðanum, er hann kom í hana, og hafi hraðinn

„ekki náð 40" í lægðinni. Þegar bifreiðin var að komast upp úr umræddri lægð, hætti hún allt í einu að láta að stjórn, og áður en bifreiðarstjórinn fengi stöðvað hana, rann hún út af veginum til vinstri og steyptist fyrst áfram, en snerist síðan við og féll á hliðina. Við útafaksturinn hlaut stefnandi og aðrir, sem í bifreiðinni voru, nokkur meiðsl, sbr. síðar. Var þegar í stað sent eftir Lúðvík Nordal lækni, er gekk frá meiðslunum til bráðabirgða. Var síðan símað frá Sandhóli eftir sjúkrabifreið frá Reykjavík, sem flutti stefnanda og aðra, sem meiddust, hingað eftir ráði læknisins, og dvaldi hún svo hér í bænum til lækninga, eins og síðar greinir. — Stefnandi telur nú, að bifreiðareigandinn beri ábyrgð á slysinu, og hefir hann því, eftir að vonlaust var orðið um samkomulag, höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð að miklum mun og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndur byggir aðalkröfu sína á því, að slysið hafi skeð af hendingu og á þann hátt, að bifreiðarstjóranum verði með engu móti um það kennt. Hann hafi ekið mjög gætilega, þegar slysið varð, og ekki hafi verið unnt fyrir hann að sjá neina galla á bifreiðinni, þrátt fyrir alla venjulega aðgæzlu. Komi því ekki til mála, að stefnandi eigi skaðabótakröfu á hendur sér vegna slyssins.

Eftir slysið var bifreiðin, að tilhlutun vátryggjanda hennar, skoðuð af sérfróðum manni, Sveini Jónssyni, bifreiðaviðgerðarmanni á Selfossi. Hefir hann gefið tvö vottorð, sem bæði eru dagsett 1. des. 1936 og lögð hafa verið fram í málinu. Lýsir vottorðsgefandinn ástandi bifreiðarinnar eftir slysið, og sýnir sú lýsing hans, að hún hefir verið í mjög slæmu ástandi. Segir m. a. í vottorðunum, að bæði augablöðin hafi verið brotin, þannig að lykkjurnar hafi verið brotnar af við grindina. Segir í öðru vottorðinu, að annað augablaðið hafi ekki verið nýbrotið, en naumast hafi verið unnt fyrir bifreiðarstjórann að sjá það, nema að leggjast undir bifreiðina. Þá telur vottorðsgefandinn, að síðara augablaðið hafi brotnað í áðurnefndri lægð í veginum vegna hristings, er bifreiðin hafi orðið fyrir þar vegna áðurgreindra ójafna. Við það, að síðara augablaðið brotnaði, hafi komið los á framöxulinn, og telur vottorðs-

gefandinn, að það muni vera orsök slyssins. — Í málinu liggur ekkert fyrir, er mæli gegn því, að hér sé rétt með farið og rétt gizkað á um orsök slyssins. Það verður því að telja, að miklar líkur séu til þess, að orsakir slyssins séu þær, að bifreiðin hafi ekki verið í fullkomnu lagi, þegar hún hóf ferðina, svo og að bifreiðarstjórinn hafi eftir aðstæðum ekið of hratt, og er þá miðað við hraða þann, er hann kveðst sjálfur hafa ekið á. Gegn þessum sterku líkum er hinsvegar alveg ósannað, að slysið hefði hlotið að vilja til, enda þótt bifreiðin hefði verið í fullkomnu lagi og bifreiðarstjórinn hefði sýnt þá varkárni, sem honum sem gætnum ökumanni var skylt. Verður þess vegna að telja stefndan (bifreiðareigandann) bera ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda, og getur aðalkrafa hans um sýknu og málskostnað því ekki orðið tekin til greina. Þess skal getið hér, að í greinargerð sinni mótmælti stefndur því að svo stöddu, að stefnandi hefði verið greiðandi farþegi, en í málflutningnum verður að telja, að hann hafi fallið frá þeim mótmælum.

Kemur nú varakrafa stefnds um lækkun bótanna næst til álita.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig:

1.	Sjúkrahúsvist	kr.	69.00
2.	Til Gunnlaugs Einarssonar læknis	—	10.00
3.	Til Matthíasar Einarssonar læknis	—	50.00
4.	Skemmd og eyðilögð föt (pokabuxur og sokkar, peysa og jakki)	—	60.00
5.	Vist hér í bænum eftir sjúkralegu, 40 dagar á kr. 5.50	—	220.00
6.	Þjáningar, lýti og vinnutap	—	725.00
		Samtals kr.	1134.00

Um 1.—3. Þessir liðir eru viðurkenndir.

Um 4. Stefndur mótmælir því ekki, að hérgreind föt hafi skemmzt og eyðilagzt, og er fús til að greiða bætur fyrir þau, en krefst lækkunar á upphæðinni. En þar eð réttinum virðist upphæðinni mjög í hóf stillt, verður hún ekki lækkuð, og liðurinn í heild tekinn til greina.

Um 5. Þar eð upplýst er, að stefnandi var fullgróin sára sinna 29. október 1936, og dvöl hennar hér eftir þann tíma stóð ekki í neinu sambandi við meiðslin, þá þykir ekki

unnt að taka þennan lið til greina að fullu gegn mótmælum stefnds. Stefnandi virðist þó ekki (sic) hafa þurft að vera hér í bænum til 29. okt., og sé henni einnig reiknaður hæfilegur tími til heimferðar, verður að telja, að stefndum beri að greiða vist hennar hér í 11 daga, þar eð sjúkrahúsvistinni lauk 20. október. Daglegur kostnaður við vist stefnanda hér þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.00, og er þá tekið tillit til þess sparnaðar, sem orðið hefir heima fyrir vegna dvalar stefnanda hér, en af þeirri ástæðu krafðist stefndur þess, að liður þessi félli jafnvel alveg niður. Verða stefnanda því tildæmdar kr. 55.00 undir þessum lið.

Um 6. Í vottorði Gunnlaugs Einarssonar læknis, dags. 29. okt. 1936, er meiðslum stefnanda þannig lýst: „ca. 5 cm. skurður á h. olnboga inn í liðpoka. Stunga ca. 2 cm. á v. hné. Spurning, hvort nái lið. Marin á enni, en ekkert sár". Í vottorði sama læknis, dags. 29. okt. 1936, segir, að stefnandi sé gróin sára sinna og telji sig fullvinnufæra.

Skv. þessu verður ekki séð, að stefnandi hafi misst nokkurs í af líkamsþreki sínu né starfsorku vegna slyssins, né að um nokkurt verulegt líkamslýti sé að ræða hjá henni vegna þess. Vinnutap hefir stefnandi heldur ekki sannað.

Hinsvegar hefir stefnandi orðið fyrir óþægindum og liðið þjáningar vegna slyssins, og þykir verða að dæma henni bætur fyrir það, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 400.00.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að upphæð kr. 644.00 með 5% ársvöxtum, sem samkvæmt kröfu stefnds aðeins verða reiknaðir frá stefnudegi, 5. apríl 1937, til greiðsludags, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Lárusson, greiði stefnandanum, Sigríði Jónsdóttur, kr. 644.00 með 5% ársvöxtum frá 5. apríl 1937 til greiðsludags og kr. 100.00 í málskotnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. maí 1938.

Nr 94/1937. **Halla Guðjónsdóttir**
(Theódor B. Lindal)
gegn
Helga Lárussyni og Vátryggingarfélaginu „Baltica“ og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Bætur vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1937, krefst þess, að gagnáfrýjandi, Helgi Lárusson, verði dæmdur til þess að greiða henni kr. 2078.00 með 5% ársvöxtum frá 12. október 1936 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi, Helgi Lárusson, sem að fengnu áfrýjunarleyfi hefir gagnáfrýjað málinu 30. nóvember f. á., hefir krafizt þess, að bætur þær, sem honum með héraðsdóminum er gert að greiða, verði færðar niður eftir mati hæstaréttar og að málskostnaður fyrir hæstarétti verði látinn niður falla.

Á hendur Vátryggingarfélaginu „Baltica“ hafa engar kröfur verið gerðar né heldur hefir nokkur krafa verið gerð af hálfu þess félags í málinu.

Hér fyrir dómi hefir ekki verið krafizt breytinga á ákvæðum héraðsdómsins um bótaábyrgð gagnáfrýjanda á bílslysinu 12. október 1936, með því að þetta sakarefni var dæmt í hæstarétti 13. þ. m. í málinu: Siggeir Lárusson gegn Helga Lárussyni og Vátryggingarfélaginu „Baltica“ og gagnsök. Í máli þessu er einungis deilt um hæð skaðabóta þeirra, sem aðaláfrýjandi telur til.

Þegar mál þetta var flutt í héraði, var því lýst yfir af hálfu aðaláfrýjanda, að hún áskildi sér rétt til að krefjast í nýju máli frekari bóta, þegar betur yrði vitað um afleiðingar bílslyssins fyrir hana. Fyrir hæstarétti hefir af hennar hálfu nú verið lýst yfir því, að hún muni höfða annað mál gegn gagnáfrýjandanda og gera í því kröfu til læknis- og lyfjakostnaðar eftir 10. maí f. á. og til bóta fyrir frekari örorku, sem í ljós hafi komið eftir höfðun þessa máls. Er í þessu efni skírskotað til vottorðs héraðslæknisins í Mýrdalshéraði, dags. 15. þ. m., sem lagt hefir verið fram í hæstarétti, en þar skýrir læknirinn svo frá, að aðaláfrýjandi hafi nú eftir látlausar læknisaðgerðir einungis fengið mátt í höndina til léttustu starfa, en ekki til nokkurrar teljandi áreynslu, enda sé hæpið, að henni verði höndin nokkurn tíma jafngóð.

Verða nú einstakir liðir skaðabótakröfu aðaláfrýjanda teknir til athugunar í þeirri röð, sem gert hefir verið í héraðsdóminum.

Um 1.—2. lið. Aðiljar eru sammála um, að kröfuliðir þessir skuli teknir til greina með kr. 328.00. Vextir af fjárhæð þessari ákveðast 5% frá 5. apríl 1937 til greiðsludags.

Um 3.—4. lið. Því hefir verið haldið fram hér fyrir dómi, að aðaláfrýjandi eigi sjálf sök á því, hversu illa meiðsli hennar hafast við, þar sem hún hafi ekki leitað læknishjálpar í tæka tíð. Í máli þessu brestur fræðslu um það, á hvorri hendi aðaláfrýjandi hafi hlotið meiðsl þau, sem hún krefst bóta fyrir, hvort hún hefir látið lækni athuga meiðslin, áður en hún hélt áfram för sinni heimleiðis eftir slysið, og ef svo er, hverjar ráðleggingar viðkomandi læknir hefir gefið henni. Ekki verður séð með neinni vissu,

hvort hún leitaði læknis eftir heimkomuna fyrr en í nóvember 1936. Með því að því er mótmælt, að aðaláfrýjanda beri bætur þær allar, sem getur í kröfuliðum þeim, sem hér um ræðir, og með því ennfremur, að mat bótanna, án vitneskju um framangreind atriði, yrði handahófskennt og engan veginn öruggt, þá þykir varhugavert að leggja dóm á kröfuliði þessa, eins og málið horfir nú við, og verður þess vegna ekki hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því er varðar kröfuliði þessa og vísa málinu að því leyti frá héraðsdóminum.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins ber að staðfesta, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Kröfum þeim, sem greinir í kröfuliðunum 3 og 4 í máli þessu, vísast frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Helgi Lárusson, greiði aðaláfrýjanda, Höllu Guðjónsdóttur, kr. 328.00 með 5% ársvöxtum frá 5. apríl 1937 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins staðfestist, en málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. júní s. l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 5. apríl 1937 og framhaldsstefnu útg. 18. maí 1937 af Höllu Guðjónsdóttur, Vík í Mýrdal, gegn Helga Lárussyni, kaupfélagsstjóra hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 2078.00, með 5% árs-

vöxtum frá 12. október 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Ennfermur hefir h/f. Trolle & Rothe verið stefnt vegna Vátryggingarfélagsins „Baltica“ til þess að gæta réttar þess í málinu.

Málavextir eru þeir, að 12. október 1936 var sérleyfisbifreiðin R.E. 581, sem er sjö manna fólksbifreið, eign stefnds, en vátryggð hjá Vátryggingarfélaginu Baltica, á leið frá Reykjavík austur að Kirkjubæjarklaustri á Síðu. Bifreiðarstjórinn á R. E. 581 var Bergur Lárusson frá Kirkjubæjarklaustri. Meðal farþega í þetta skipti var stefnandi. Þegar komið var austur undir Ingólfsfjall nærri því austur að vegamótunum, þar sem vegurinn að Þrastarlundi liggur af aðalveginum, kveðst bifreiðarstjórinn í skýrslu sinni til lögregluunnar hér hafa ekið bifreiðinni eftir smálægð, sem er þar í veginum. Í lægð þessari var vegurinn með smáriflum og holóttur, og vont að aka bifreiðinni þar. Bifreiðarstjórinn kveðst hafa ekið á 40—45 km. hraða á klst. áður en hann kom í lægðina, en hafi dregið úr hraðanum, er hann kom í hana, og hafi hraðinn „ekki náð 40 km.“ í lægðinni. Þegar bifreiðin var að komast upp úr umræddri lægð, hætti hún allt í einu að láta að stjórn, og áður en bifreiðarstjórinn fengi stöðvað hana, rann hún út af veginum til vinstri og steyptist fyrst áfram, en snerist síðan við og féll á hliðina. Við útafaksturinn hlaut stefnandi og aðrir, sem í bifreiðinn voru, nokkur meiðsl, sem þó ekki sýndust alvarlegri en það, að hún gat haldið áfram ferð sinni eftir að búið hafði verið um þau á slysstaðnum. Stefnandi telur nú, að bifreiðareigandinn beri ábyrgð á slysinu, og hefir hann því, eftir að vonlaust var orðið um samkomulag, höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur. Stefndur krefst aðallega sýknu og málskostnaður, en til vara, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð að miklum mun og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndur byggir aðalkröfu sína á því, að slysið hafi skeð af hendingu og á þann hátt, að bifreiðarstjóranum verði með engu móti um það kennt. Hann hafi ekið mjög gætilega, þegar slysið varð, og ekki hafi verið unnt fyrir hann að sjá neina galla á bifreiðinni, þrátt fyrir alla venjulega aðgæzlu. Komi því ekki til mála, að stefnandi eigi skaðabótakröfu á hendur sér vegna slyssins.

Eftir slysið var bifreiðin, að tilhlutun vátryggjanda henn-

ar, skoðuð af sérfróðum manni, Sveini Jónssyni, bifreiðaviðgerðarmanni á Selfossi. Hefur hann gefið tvö vottorð, sem bæði eru dagsett 1. des. 1936 og lögð hafa verið fram í málinu. Lýsir vottorðagefandinn ástandi bifreiðarinnar eftir slysið, og sýnir sú lýsing hans, að hún hefir þá verið í mjög slæmu ástandi. Segir m. a. í vottorðunum, að bæði augablöðin hafi verið brotin, þannig að lykkjurnar hafi verið brotnar af við grindina. Segir í öðru vottorðinu, að annað augablaðið hafi ekki verið nýbrotið, en naumast hafi verið unnt fyrir bifreiðarstjórann að sjá það, nema að leggjast undir bifreiðina. Þá telur vottorðsgefandinn, að síðara augablaðið hafi brotnað í áðurnefndri lægð í veginum vegna hristings, er bifreiðin hafi orðið fyrir þar sökum áðurgreindra ójafna. Við það, að síðara augablaðið brotnaði, hafi komið los á framöxulinn, og telur vottorðsgefandinn, að það muni vera orsök slyssins. — Í málinu liggur ekkert fyrir, er mæli gegn því, að hér sé rétt með farið og rétt gizkað á um orsök slyssins. Það verður því að telja, að miklar líkur séu til þess, að orsakir slyssins séu þær, að bifreiðin hafi ekki verið í fullkomnu lagi, þegar hún hóf ferðina, svo og að bifreiðarstjórinn hafi eftir aðstæðum ekið of hratt, og er þá miðað við hraða þann, er hann kveðst sjálfur hafa ekið á. Gegn þessum sterku líkum er hins vegar alveg ósannað, að slysið hefði hlotið að vilja til, enda þótt bifreiðin hefði verið í fullkomnu lagi og bifreiðarstjórinn hefði sýnt þá varkárni, sem honum sem gætnum ökumanni var skylt. Verður þess vegna að telja stefndan (bifreiðareiganda) bera ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda, og getur aðalkrafa hans um sýknun og málskostnað því ekki orðið tekin til greina. Þess skal getið hér, að í greinargerð sinni mótmælti stefndur því að svo stöddu, að stefnandi hafi verið greiðandi farþegi, en í málflutningnum verður að telja, að hann hafi fallið frá þeim mótmælum.

Kemur nú varakrafa stefnds um lækkun bótanna næst til álita. Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína, sem hér greinir:

1. Skemmd föt	kr.	186.00
2. Læknishjálp	—	142.00
3. Atvinnutjón í 7 mánuði, kr. 150.00 á mán.	—	1050.00
4. Þjáning og örorka	—	700.00
	Samt. kr.	2078.00

Um 1. Stefndur hefir ekki mótmælt því að verða dæmdur til að greiða einhverjar bætur fyrir fataskemmdir, en krefst hinsvegar mikillar lækkunar á upphæð þessari. Í málflutningnum upplýstist, að í þessari upphæð eru og fólgnar bætur fyrir gleraugu stefnanda, er skemmdust við slysið, en vegna þess, hve ófullkomnar upplýsingar að öðru leyti liggja fyrir um þennan lið, þykir ekki unnt að taka hann til greina með hærri upphæð en kr. 90.00.

Um 2. Liður þessi er viðurkenndur.

Um 3. Það þykir nægilega upplýst, að stefnandi hafi verið handlama og lítt vinnufær hérgreindan tíma, og með því að því er ómótmælt haldið fram í málinu, að þess vegna hafi orðið að auka fólkshald á heimili hennar, verður að dæma stefndan til að greiða henni bætur undir þesum lið, og þykja þær fyrir umstefndan tíma í einu lagi hæfilega ákveðnar kr. 700.00.

Um 4. Í vottorði héraðslæknisins í Vík, dags. 23. nóv. 1936, segir, að stefnandi sé þá enn handlama sökum þess, að eitt úlnliðsbeinið (os naviculare) sé sprungið, og að búast megi við, að konan verði handlama enn um alllangt skeið, og að ekki sé útilokað, að sérstaka aðgerð þurfi síðar meir. Í vottorði sama læknis, dags. 10. maí 1937, segir, að konan hafi verið algjörlega handlama til þess tíma og sé það enn. Segir síðan í vottorðinu: „Að vísu hefir aðalmeiðslið, brot á úlnliðsbeini (os naviculare), lagast svo í seinni tíð, að svo virðist sem það muni batna án þess að valda varanlegum truflunum, en hins vegar hefir nú gigt lagzt að handleggnum, sem bæði tefur fyrir framförum og á einnig sinn þátt í því, að handleggurinn er sjúklingnum enn þá alveg ónothæfur. Verður ekki enn sagt fyrir um endanlegan árangur læknisaðgerða eða hversu langan tíma þær taki".

Að þessu og öðru, sem fram hefir komið í málinu, athuguðu, virðist réttinum þessari upphæð svo í hóf stillt, að taka beri hana til greina að fullu.

Verða úrslit máls þessa því skv. framansögðu þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefndanda sem skaðabætur kr. 1632.00 með 5% ársvöxtum, sem skv. kröfu stefnds aðeins verða reiknaðir frá stefnudegi, 5. apríl 1937, til greiðsludags, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Lárusson, greiði stefnandanum, Höllu Guðjónsdóttur, kr. 1632.00 með 5% ársvöxtum frá 5. apríl 1937 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1938.

Nr. 56/1938. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Einari Eiríkssyni (Lárus Jóhannesson).

Brot á áfengislögum. Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Við flutning máls þessa hér fyrir dómi hefir sækjandinn skýrt frá því, að hann hafi komizt að raun um það, að kærði hafi ekkert veitingaleyfi haft, og að ákvæði héraðsdómsins um sviptingu veitingaleyfis séu á misskilningi byggð. Veitingasalan á „Reykjavíkur Bar" muni fara fram samkvæmt veitingaleyfi annars nafngreinds manns. Það er auðsætt, að það skiptir miklu um lyktir máls þessa, hvort kærði hefir haft veitingaleyfi, þegar málið kom upp, eða hver staða kærða hefir verið á nefndu veitingahúsi, t. d. hvort hann hefir haft þar um hönd veitingar í skjóli eða í samlögum við annan mann, sem veitingaleyfi hefir, og hvernig þeim félagsskap þá hefir verið háttað. Í rannsókn málsins hefir héraðsdómarinn látið undan fallast að afla vitneskju um greind efni, og er honum þó fræðsla um veitingaleyfi nærtæk, þar sem gera

verður ráð fyrir, að haldin sé við embætti hans skrá um þau, svo sem boðið er í 8. gr. laga nr. 21 frá 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. Með því að málið þannig er órannsakað í mikilvægum atriðum, verður dómur ekki lagður á það í hæstarétti að svo stöddu, og ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til framhaldsrannsóknar um þau atriði, er að framan getur, og um öll þau atriði önnur í þessu sambandi, er ný rannsókn kann að gefa tilefni til.

Eftir þessum málalokum verður allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til framhaldsrannsóknar og dómsálagningar að nýju.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. júní 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Einari Eiríkssyni, veitingamanni Reykjavíkur Bar, til heimilis á Marargötu 2 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Með eiðfestum framburði þriggja vitna er það sannað, að kvöldin 2., 3., 6. og 7. maí síðastliðinn voru allmargir gestir, allt upp undir 30, inni á veitingahúsinu Reykjavíkur Bar, þar sem kærður er veitingamaður. Voru gestirnir flestir áberandi ölvaðir og höfðu í frammi mikinn hávaða og drykkjulæti, og hefir eitt vitnið borið, að menn þessir hafi lent í ryskingum og slagsmálum þarna inni kvöldin 6. og 7. maí, en veitingamaðurinn (ákærður) hefir ekkert skipt sér af því og látið sem hann sæi það ekki og veitti hann þessum mönnum öl. Kvöldin 2. og 3. maí skiptu gestir þeir, sem ólæti höfðu í frammi, sér ekkert af því, þó kærður væri að reyna að stilla til friðar. Þessi kvöld gengu sumir gestanna milli manna og báðu þá að gefa sér öl og peninga. Þá hafa öll vitnin eindregið borið, að margir gestanna hafi neytt áfengis inni í veitingastofunni, bæði þannig, að þeir drukku af stút og að þeir helltu áfengi úr flöskum, sem þeir tóku upp úr vösum sínum, í ölglös á veitingaborðinu og drukku síðan áfengið blandað öli. Fóru menn ekkert dult með þetta og aðhöfðust það rétt fyrir augum kærðs, svo telja verður sannað, að hann hafi vitað um það, en ekkert skipti hann sér af því á einn eða annan hátt.

Þá hefir og sannazt, að kærður seldi á nefndri veitingastofu öl, sem hafði inni að halda 2,35% áfengismagn, og í tunnum í kjallarnum var öl, og var áfengismagn þess í tveim tunnum 2,30%, en í þremur var það með löglegum áfengisstyrkleika. Öl það, sem hefir yfir 2,25% áfengisstyrkleika, er áfengi í skilningi 1. greinar áfengislaga nr. 33 1935, og sala slíks öls því áfengissala.

Kærður hefir að vísu haldið því fram, að sér hafi verið ókunnugt um, að áfengismagn ölsins væri yfir hið lögleyfða hámark, en sú staðhæfing hans verður ekki tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu er því sönnun fengin fyrir því í máli þessu, að kærður hefir gerzt brotlegur gegn 15. og 17. sbr. 34. og 37. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 78. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í

stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 34. gr. áfengislaganna að svipta kærðan veitingaleyfi, og þykir sviptingartíminn hæfilega ákveðinn 3 mánuðir. Kærðum ber að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Einars B. Guðmundssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Einar Eiríksson, greiði 300 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal og sviptur veitingaleyfi í 3 mánuði.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Einars Guðmundssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1938.

Nr. 109/1936. **Svafar Guðmundsson f. h. útibús Útvegsbanka Íslands h/f á Akureyri**
(Theódór B. Lindal)
gegn
Jóni Vilmundarsyni og Einari Malmqvist Einarssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Deila um sjóveð. Meðalganga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem ekki var aðili í máli þessu í héraði, hefir sem meðalgöngumaður skotið því til hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1936, og hefir hann krafizt

þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, en til vara, að ákvæði hans um sjóveðrétt í v/s Stathav S. I. 21 verði með öllu niður fellt, og til þrautavara, að sú upphæð, sem tryggð verði með sjóveðrétti, verði lækkuð, svo sem hann hefir nánar skýrt fyrir dóminum. Loks krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, með þeirri breytingu þó, að sjóveðréttur verði nú ákveðinn í uppboðsandvirði nefnds skips, er umboðsmenn aðilja kveða hafa verið selt á nauðungaruppboði „haustið 1936“, og hafi uppboðsandvirðið verið greitt til uppboðshaldara eða áfrýjanda. Svo krefjast stefndu málskostnaðar af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Heimild sína til áfrýjunar máls þessa byggir áfrýjandi á því, að hann hafi átt samningsveð í skipinu, og hafi eigi fengizt full greiðsla á veðskuldinni af uppboðsandvirði þess vegna sjóveðréttar þess, sem ákveðinn er í hinum áfrýjaða dómi. Umboðsmönnum aðilja kemur saman um þessi atriði. En að öðru leyti hefir ekki verið gerð grein fyrir þessum atriðum.

Ómerkingarkrafa áfrýjanda kemur þá fyrst til athugunar. Í málinu í héraði lagði stefnandi þar, Jón Vilmundarson, fram skilríki lögskráningarstjórans á Akureyri, dags. 5. júlí 1935, um það, að Jón ráðist 1. vélstjóri á framangreint skip „til síldveiði“, en jafnframt segir svo: „Vistartíminn byrjar 1/1 1935. Vistartíminn endar 31/12 1935“. Kaup var ákveðið 250 krónur um mánuð hvern allt árið 1935. Viðurkennt er, að greiðzt hafi af kaupi þessu kr. 827.45, en dómkrafan í héraði var árskaupið, kr. 3000.00, ÷

þessum kr. 827.45 = kr. 2172.55, sem stefndi Einar Malmqvist Einarsson samþykkti rétta, og héraðsdómarinn því dæmdi honum skylt að greiða, ásamt vöxtum og málskostnaði. Með hliðsjón af varakröfum áfrýjanda verður að ætla, að hann beini ómerkingarkröfu sinni ekki að framantöldum ákvæðum héraðsdómsins, heldur aðeins að ákvæði hans um sjóveðrétt. Ákvæði héraðsdómsins um greiðslur stefnda Einars Malmqvists Einarssonar til stefnda Jóns Vilmundarsonar ber því að staðfesta samkvæmt kröfu hinna stefndu hér fyrir dómi.

Kemur þá til álita krafa áfrýjanda um ómerkingu ákvæðis héraðsdómsins um sjóveðréttinn. Með viðurkenningu sinni á skuldakröfu Jóns Vilmundarsonar gat Einar Malmqvist Einarsson ekki veitt Jóni sjóveðrétt í ofannefndu skipi, nema krafa Jóns væri þann veg tryggð að lögum. Af áðurnefndri lögskráningu verður það eitt með vissu ráðið um þetta atriði, að Jón Vilmundarson hafi starfað á skipinu frá 5. júlí 1935 til loka síldveiðitímans fyrir Norðurlandi, eða fram í september 1935. Hvert samband hans við skipið fyrir og eftir þann tíma árið 1935 hafi verið, var ekki upplýst í flutningi málsins í héraði svo, að dómur um sjóveðrétt í skipinu yrði á því byggður, sízt til tryggingar allri dómkröfunni. Með því að héraðsdómurinn hefir með þessum hætti dæmt stefnanda í héraði sjóveðrétt til tryggingar dómkröfum hans, enda þótt málsútlistun hans væri svo verulega áfátt sem nú hefir lýst verið, þá þykir verða samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja ákvæði hins áfrýjaða dóms um sjóveðrétt í v/s Stathav S. I. 21 og vísa sjóveðréttarkröfunni frá héraðsdómi. Og kemur þá eigi heldur til greina í þessu máli krafa stefndu um sjóveð í uppboðsandvirði skipsins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Áfrýjunarstefna í máli þessu er útgefin 27. júlí 1936 til þingfestingar í október s. á. Skjöl málsins afgreiddi umboðsmaður áfrýjanda, Theódór hæstaréttarmálflutningsmaður Líndal, umboðsmanni hinna stefndu með bréfi 7. jan. 1938. Þennan langa drátt á málinu hefir nefndur hæstaréttarmálflutningsmaður ekki réttlætt, og verður því að víta hann fyrir dráttinn.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslur stefnda í héraði, Einars Malmqvists Einarssonar, til stefnanda þar, Jóns Vilmundarsonar, eiga að vera óröskuð.

Ákvæði sama dóms um sjóveðrétt í v/s Stathav S. I. 21 eiga að vera ómerk, og vísast sjóveðskröfunni frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur sjódóms Siglufjarðar 1. júlí 1936.

Með stefnu dags. 16. júní 1936 krefst Erlendur Þorsteinsson, skrifstofustjóri Siglufirði, f. h. Jóns Vilmundarsonar, vélstjóra Akureyri, að stefndur, Einar Malmqvist Einarsson, útgerðarmaður Siglufirði, verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 2172.55 sem eftirstöðvar af ógoldnu vélstjórakaupi téðs Jóns Vilmundarsonar s. l. sumar á v/k Stathav S. I. 21, eign stefnds, með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1936, og málskostnað að skaðlausu, sem í málflutningnum er sundurliðaður með kr. 277.10 og fer ekki fram úr lágmarkstaxta M. Í. Þá krefst og stefnandi sjóveðs í téðum v/k Stathav S. I. 21 fyrir fyrrgreindum kröfum sínum.

Stefndur hefir mætt í málinu og viðurkennt kröfur stefn-

anda, líka að því er málskostnað snertir. Verður því að dæma málið samkv. kröfum stefnanda.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Einar Malmqvist Einarsson, útgerðarmaður Siglufirði, greiði stefnandanum, Erlendi Þorsteinssyni, skrifstofustjóra Siglufirði, f. h. Jóns Vilmundarsonar, vélstjóra Akureyri, kr. 2172.55 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 og kr. 227.10 í málskostnað.

Stefnanda tildæmist sjóveð í v/s Stathav S. I. 21 fyrir dómkröfum sínum.

Hið ídæmda að greiða innan 3ja daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. maí 1938.

Nr. 144/1937 **Jón Ormsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
lögreglustjóranum í Reykjavík
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Ágreiningur um áritun lögreglustjóra á námssamning.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði skyldaður með dómi réttarins til þess að samþykkja með áritun sinni námssamning þann, er um ræðir í málinu, svo og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 1. mgr. 1. gr. laga um iðnaðarnám nr. 27/1936 segir svo, að iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum skuli rita á iðnaðarnámssamning vottorð

sitt um, að samningurinn „fullnægi þeim skilyrðum, er iðnfélög á staðnum kunna að koma sér saman um að setja um slíka samninga“. Hin tilvitnuðu orð er ekki unnt að skýra öðruvísi en svo, að þar sé átt við samninga eða samkomulag milli iðnfélaga, en ekki samþykktir, er einstök félög kunna að hafa sett sér, og er ekkert í greinargerð laganna, sem breytt geti þessum skilningi á ótvíræðum orðum þeirra.

Í 2. mgr. 1. gr. nefndra laga er sagt, að iðnaðarnámssamningur sé því aðeins gildur, að bæði lögreglustjóri og hlutaðeigandi iðnráðsfulltrúi hafi samþykkt hann með undirskrift sinni. Á námsamning þann, sem um ræðir í þessu máli, hefir iðnráðsfulltrúinn í rafvirkjaiðn í Reykjavík, sem er sá sami bæði fyrir meistara og sveina, ritað það, að í samningum milli meistarafélags og sveinafélags þessarar iðngreinar séu engin ákvæði um töku nýrra nema. Vottorð þetta sýnir það, að ákvæði námssamningsins koma ekki í bága við nein skilyrði, er nefnd félög hafa komið sér saman um, og jafngildir það því beinu samþykki iðnráðsfulltrúans, þar eð hlutverk hans samkvæmt lögunum, er hér skiptir máli, er það eitt að gæta þess, að ákvæði námssamnings fari ekki í bága við slík skilyrði, ef sett hafa verið. Það verður því þegar af þessari ástæðu að skylda hinn stefnda lögreglustjóra til þess að skrá samþykki sitt á umræddan námssamning, enda er því ekki við bætt, að til þess bresti nein önnur skilyrði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að hinn stefndi lögreglustjóri, sem hér verður að teljast stefndur sem fyrirsvarsmaður ríkisvaldsins, greiði f. h. ríkissjóðs áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum með kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, lögreglustjórinn í Reykjavík, skal skyldur að samþykkja með undirskrift sinni ofangreindan iðnaðarnámssamning, dagsettan 12. október 1936, milli áfrýjanda, Jóns Ormssonar, og Jóns Aðalsteins Jónssonar, þegar er samningurinn verður fyrir hann lagður.

Stefndi f. h. ríkissjóðs greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti með samtals 400 krónum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. nóv. 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. október s. l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 8. apríl 1937 af Jóni Ormssyni rafvirkjameistara, Sjafnargötu 1 hér í bæ, gegn lögreglustjóranum hér í bænum, Jónatan Hallvarðssyni, og gerir stefnandi þær réttarkröfur, að stefndur verði skyldaður til að samþykkja með áritun sinni síðargreindan námssamning milli stefnanda og sonar hans, Jóns Aðalsteins Jónssonar, dags. 12. október 1936, svo og að hann verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með námssamningi dagsettum 12. október 1936 réð stefnandi nefndan son sinn til sín sem rafvirkjanema. Var síðan farið með samninginn til iðnráðsfulltrúans í rafvirkjaiðn, sem hér er sá sami fyrir meistara og sveina, og óskað eftir áritun hans á hann. Hinn 11. desember 1936 ritaði iðnráðsfulltrúinn á samninginn, og var áritun hans svohljóðandi: „Í núgildandi samningum milli F. L. R. R. og R. V. R. eru engin ákvæði um töku nýrra nema".

Að þessari áritun fenginni var farið með samninginn til stefnds til áritunar, en hann taldi, að með ofangreindri

áritun iðnráðsfulltrúans væri ekki fullnægt skilyrðum 1. gr. l. nr. 27 frá 1936 um iðnaðarnám, og að sér væri því ekki rétt að votta, að samningurinn væri samkvæmur fyrirmælum þeirra laga. Auk þess fékk stefndur vitneskju um það frá iðnráðsfulltrúanum, að sveinafélagið í rafvirkjaiðn hafði gert sérstaka samþykkt um að samþykkja enga námssamninga í rafvirkjun sem stæði.

Neitaði stefndur því stefnanda um áritun sína á samninginn með bréfi dags. 30. jan. 1937, en þar eð stefnandi taldi stefndum skylt að árita samninginn, höfðaði hann mál þetta og gerir í því framangreindar kröfur.

Byggir stefnandi kröfur sínar, sem áður greinir, á því, að stefndur sé skyldur til að árita samninginn, þar eð í honum sé ekkert, er brjóti bág við lög. Iðnráðsfulltrúinn hafi og ritað á hann, að í gildandi samningum milli meistarafélagsins og sveinafélagsins í rafmagnsiðninni séu engin ákvæði um töku nýrra nemenda, en enga athugasemd gert við samninginn. Geti samningurinn þess vegna ekki brotið bág við samninga þeirra félaga, og geti neitunin því ekki réttlætzt af þeirri ástæðu. Ekki geti sveinafélagið með einhliða samþykkt sinni ákveðið, að nemendum í iðninni skuli ekki fjölgað fyrst um sinn. Fyrsta grein iðnaðarnámslaganna heimili iðnfélögum aðeins að setja skilyrði um iðnaðarnámssamninga, en alls ekki að banna þá með öllu. Slík skilyrði þurfi þó að byggjast á samkomulagi iðnfélaga, meistara og sveina á staðnum, en geti ekki orðið einhliða sett, svo gild séu.

Í 1. gr. iðnaðarnámslaganna séu lögreglustjóri og iðnráðsfulltrúi settir sem tveir sjálfstæðir vottorðsgefendur. Lögreglustjóri eigi aðeins að votta, að samningurinn sé í samræmi við lög, og iðnráðsfulltrúinn, að hann sé í samræmi við samninga viðkomandi iðnfélaga, en vottorð þeirra séu sjálfstæð og hvort öðru óháð. Hér liggi því fyrir iðnaðarnámssamningur, sem, eins og áður segir, sé í samræmi við gildandi lög og með fullnægjandi áritun iðnráðsfulltrúa, og sé stefndum því óheimilt að neita um áritun sína á hann.

Stefndur byggir sýknukröfuna á því, að áritun iðnráðsfulltrúans á samninginn hafi ekki verið fullnægjandi, og að sér hafi borizt yfirlýsing frá honum um, að sveinafélagið hafi gert félagssamþykkt um að samþykkja enga námssamn-

inga sem stæði. Telur hann, að sveinafélagið geti einhliða gert slíka samþykkt, svo að gilt sé, og með þeim afleiðingum, að meðan hún standi, beri sér að neita um áritun sína á nýja námssamninga, enda þurfi sú samþykkt ekki að vera samningsfest milli sveina- og meistarafélagsins til þess að hún sé gild og varði því, að samningur eigi ekki að fást áritaður.

Í máli þessu er upplýst, að á miðju ári 1936 stóðu yfir samningar milli meistara og sveina í rafvirkjun.

Vildu sveinarnir í þeim samningaumleitunum m. a. fá sett í samningana ákvæði um tölu þeirra nemenda, er árlega væru teknir í iðnina. Þetta vildu meistarar ekki semja um á neinn hátt, og varð það úr, að ekkert var minnzt á þetta atriði í samningunum. Þann 28. ágúst s. á. var sú samþykkt gerð á fundi sveinafélagsins, að ekki yrði samið við einstaka meistara um nemendatöku, heldur við meistarafélagið, og þá á þeim grundvelli, „að það ráðstafi sjálft nemendum, sem samkomulag kann að verða um, að til náms verði teknir á þessu samningsári". Af samningum varð þó ekki um þetta atriði milli félaganna, og stendur þannig á framangreindri yfirlýsingu iðnráðsfulltrúans til stefnds. Það er því upplýst, að um hérgreint atriði, þ. e. töku nýrra nemenda, liggur fyrir ágreiningur, sem ekki hefir náðzt samkomulag um milli meistara- og sveinafélagsins, og að fyrir liggur einhliða samþykkt frá sveinafélaginu, sem felur í sér, að það vilji ekki samþykkja neina nýja námssamninga að svo stöddu. Ber nú að athuga, hvort þessi einhliða samþykkt og áðurgreind áritun iðnráðsfulltrúans eru þess eðlis, að þær heimili stefndum að neita að árita nefndan námssamning, eins og hér stendur á.

Fyrri hluti 1. gr. l. um iðnaðarnám nr. 11 frá 31. maí 1927, um að lögreglustjóri skuli rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sé samkvæmur iðnaðarnámslögunum, er tekinn upp óbreyttur í 1. gr. hinna nýju laga um iðnaðarnám nr. 27 frá 1. febrúar 1936, en bætt er aftan við hann ákvæði um, að ennfremur skuli iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum rita á hann vottorð sitt um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er iðnfélög á staðnum kunna að koma sér saman um að setja um slíka samninga. Þrátt fyrir það, þótt orðalag þessarar greinar nýju laganna geti gefið tilefni til þess, að hún yrði skilin á þann hátt, að vottorð iðn-

ráðsfulltrúans og lögreglustjórans ættu að vera hvort öðru óháð og að greinin setji þá sem tvo sjálfstæða vottorðsgefendur, eins og stefnandi heldur fram, þá verður rétturinn þó að líta svo á, með sérstöku tilliti til þess, að 1. gr. nýju laganna er til orðin eins og áður segir, að lögreglustjóra beri eftir sem áður að hafa hið almenna eftirlit með því, að námssamningar séu bæði í samræmi við lögin og að þeir fullnægi þeim skilyrðum, sem iðnfélög á staðnum koma sér saman um að setja um slíka samninga, en að áritun iðnráðsfulltrúans sé aðeins fyrirskipuð til að létta lögreglustjóra þetta eftirlit og til öryggis fyrir iðnfélögin. Verður því að líta svo á, að lögreglustjóra beri að athuga það í hverju einstöku tilfelli, hvort áritun iðnráðsfulltrúa sé fyrir hendi og hvort hún sé fullnægjandi, og að honum beri ekki skylda til að árita samninginn, nema áritun iðnráðsfulltrúans sé fullnægjandi.

Í 1. gr. iðnaðarnámslaganna segir, að iðnráðsfulltrúinn skuli rita á námssamning vottorð sitt um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem „iðnfélög á staðnum kunna að koma sér saman um að setja um slíka samninga." Telur stefnandi, að í orðunum „koma sér saman um" felist, að vottorð iðnráðsfulltrúa sé að öllu leyti fullnægjandi, ef af vottorði hans megi ráða, að námssamningurinn fullnægi gildandi samningum milli sveina og meistara í iðninni, en að í því þurfi ekki að felast yfirlýsing um, að samningurinn fullnægi einnig hugsanlegum sérsamþykktum aðilanna (þ. e. meistara og sveina), eða m. ö. o., að annar aðilinn geti ekki, svo gilt sé, sett einhliða nein skilyrði, sem námssamningur þurfi að fullnægja til að vera gildur og öðlast áritun iðnráðsfulltrúa og lögreglustjóra.

Umrætt ákvæði 1. gr. er nú vitanlega, auk þess að vera sett til verndunar iðnnemunum, einnig sett til verndar félagsskap iðnaðarmanna og ákvörðunum hans, m. a. um tölu nemenda í iðninni, sem er næsta mikilvægt atriði fyrir þrif iðngreinarinnar. Orðalag nefndrar greinar samræmist að áliti réttarins þeim skilningi, að námssamningur þurfi ekki aðeins að fullnægja samningum milli meistara og sveinafélaga, heldur og samþykktum annars aðilans um atriði, sem ósamið er um. Þessi skilningur virðist og koma bezt heim við greinargerð fyrir iðnnámslögunum og tilgang þeirra,

enda gæti gagnstæður skilningur orðið til hins mesta meins í framkvæmdinni.

Nú á áritun iðnráðsfulltrúa að vera sönnun þess, að námssamningurinn sé í lagi að því er tekur til iðnfélaganna. Hún þarf því að vera jákvæð.

Rétturinn verður að líta svo á, að námssamningur sá, er hér liggur fyrir, hafi ekki fengið fullnægjandi áritun iðnráðsfulltrúans skv. 1. gr. iðnnámslaganna, og telur því, að stefndum hafi bæði með tilliti til þessa, svo og vitneskju þeirrar, er hann hafði um sérsamþykkt sveinafélagsins um, að námssamningar skyldu ekki gerðir sem stæði, verið heimilt að neita um áritun sína á samninginn.

Verða úrslit málsins því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, lögreglustjórinn í Reykjavík, Jónatan Hallvarðsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Ormssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 30. maí 1938.

Nr. 122/1937. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Helga Eiríkssyni og Einari Eiríkssyni
(Lárus Jóhannesson).

Innsetning í veitingahúsnæði.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. október f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og

stefndu, Helga Eiríkssyni og Einari Eiríkssyni, synjað um umráðarétt yfir veitingastaðnum „Reykjavíkur Bar“ Hafnarstræti 15 hér í bæ og stefndu dæmdir til þess in solidum að greiða málskostnað fyrir fógetaréttinum og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndu hafa hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti.

Krafa stefndu fyrir fógetaréttinum, sem tekin var þar til greina og þeir halda við hér fyrir dómi, hljóðar um það, að þeir verði settir inn í umráðarétt yfir veitingastaðnum „Reykjavíkur Bar“. Þrátt fyrir þetta orðalag er um það eitt sakarefni að tefla í málinu, hvort áfrýjanda hafi verið rétt að meina stefndu að hafa um hönd veitingar á greindum veitingastað, en hinsvegar er ekki beiðzt úrlausnar á því, hvort stefndu sé gagnvart eiganda hússins nr. 15 við Hafnarstræti heimil umráð húsnæðis, enda er húseigandinn ekki aðili máls þessa.

Um stefnda Einar Eiríksson er það ágreiningslaust í málinu, að hann hafi ekki veitingaleyfi. Getur honum þegar af þessari ástæðu ekki orðið fengin í hendur umráð yfir „Reykjavíkur Bar“ til veitingasölu.

Að því er varðar stefnda Helga Eiríksson, þá er það upplýst, að honum var með samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur 21. ágúst 1930 heimilað að reka veitingasölu í húsinu nr. 15 við Hafnarstræti. Ennfremur er þess að geta, að stefndur Helgi gefur sig við ölgerð, og er talið, að hann hafi selt mikinn hluta ölframleiðslu sinnar á „Reykjavíkur Bar“. Loks verður samkvæmt málflutningnum að ætla, að stefndur Helgi hafi ásamt stefnda Einari notið arðs af sjálfri starfrækslu veitingastaðar þessa. Með skírskotun til

atriði þeirra, er hér að framan greinir, ber að telja, að oftnefndur veitingastaður hafi verið rekinn í skjóli veitingaleyfis stefnda Helga og á hans ábyrgð.

Er þá næst athugandi, hvort heimild sú, sem stefndi Helgi hefir haft til veitinga í húsinu nr. 15 við Hafnarstræti, hafi verið með löglegum hætti af honum tekin.

Samkvæmt 77. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur má einungis stunda veitingasölu í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórn hefir samþykkt. Í greininni segir ekki berum orðum, að bæjarstjórn geti afturkallað samþykki, sem hún hefir veitt til veitingasölu í tilteknu húsnæði, en telja verður allt að einu, að bæjarstjórn sé slík afturköllun heimil, ef sýnt er, að á viðkomandi veitingastað sé ekki fullnægt þeim lágmarkskröfum, sem gera verður um góða reglu og háttsemi, en dómstólarnir eiga fullnaðarúrlausn þess máls, hvort ástæður bæjarstjórnar fyrir afturköllun samþykkis á húsnæði til veitinga hverju sinni séu gildar.

Í málinu liggur fyrir skýrsla lögreglumannanna Erlings Pálssonar og Sveins Sæmundssonar um veitingasöluna á „Reykjavíkur Bar", og áhrif þau, sem veitingastaður þessi samkvæmt reynslu lögregluinnar hefir á umhverfi það, sem hann er í. Lögregluinennirnir benda fyrst á það, að oftnefndur veitingastaður sé í húsi, sem liggur að einni aðalumferðagötu að höfninni og að mikill fjöldi þeirra manna, sem koma frá höfninni eða fara þangað, eigi leið framhjá „Reykjavíkur Bar". Veitingastað þennan sæki að staðaldri þrír flokkar manna. Í fyrsta lagi úttaugaðir drykkjumenn, í öðru lagi menn, sem eru undir áhrifum áfengis, en myndu ekki koma þangað algáðir, og í þriðja lagi leynivínsalar, sem

sæti lagi að selja gestum „Barsins“ og þeim, sem fram hjá fara, áfengi. Þá segja lögreglumennirnir, að drykkjuræflar hafi notazt við „Reykjavíkur Bar“ sem nokkurskonar dagheimili og hangi þá ýmist í veitingastofunni eða á steinstéttinni fyrir utan, ölvaðir og illa til hafðir. Hafi lögreglunni borizt fjöldi kvartana frá ýmsum borgurum bæjarins yfir því, að gestir oftnefnds veitingastaðar sitji fyrir mönnum og sníki af þeim peninga. Stundum sé kvartað yfir því, að menn þessir geri sig líklega til að beita ofbeldi, ef vegfarendur sinna ekki bónum þeirra um skildinga. Ennfremur hafi oft verið hávaðasamt inni í veitingastofunni og ryskingar þar alltíðar, svo að lögreglan hafi iðulega orðið að skakka leikinn og flytja þaðan ölóða menn. Í málinu liggur fyrir réttarskýrsla nokkurra vitna um hátternið á veitingastað þessum 2. 3., 6. og 7. maí f. á. Segja vitnin, að þá hafi verið mjög margt manna í veitingastofunni, t. d. telur eitt vitnið, að gestir hafi verið um 30 eitt kvöldið. Eru vitnin á einu máli um það, að flestir gestirnir hafi verið áberandi ölvaðir og haft í frammi hávaða og drykkjulæti. Margir gestanna hafi neytt áfengis, sem þeir höfðu með sér, inni í veitingastofunni. Eitt vitnið segir, að sumir gestanna hafi gengið á milli manna og sníkt öl og peninga. Svo sem frá er skýrt í úrskurði fógetaréttarins, var nefndum veitingastað lokað þann 18. júní f. á. samkvæmt ákvæðum lögregluréttardóms, sem kveðinn var upp yfir stefnda Einari Eirikssyni. Sótti þá Hálfdán nokkur Halldórsson til bæjarráðs um að mega reka þar veitingasölu. Bréf þetta sendi bæjarráð heilbrigðisnefnd til álita, og lætur heilbrigðisnefnd svo um mælt í fundargerð sinni 9. júlí f. á., að húsnæði þetta fullnægi að vísu út af fyrir sig

kröfum þeim, sem gera verður frá heilnæmilegu sjónarmiði, en telur hinsvegar, að starfrækslu veitingastaðarins hafi verið þann veg háttað, að heilsutjón og siðspillingu hafi af því leitt. Loks telur nefndin ástæðu til að ætla, að umsækjandi ráðgeri að reka veitingastaðinn með sama sniði og áður. Af framangreindum gögnum og skýrslum virðist ljóst, að háttsemin á veitingastaðnum „Reykjavíkur Bar" í húsinu nr. 15 við Hafnarstræti hér í bæ hafi horft til ómenningar, og að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi fyrir þær sakir haft heimild til að taka aftur samþykki sitt til þess, að veitingar væru þar með höndum hafðar.

Af hálfu stefnda Helga Eirikssonar er því nú haldið fram, að samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 21. ágúst 1930 til veitingasölu í húsnæði þessu hafi ekki verið fallið úr gildi gagnvart sér á þeim tíma, sem hér er um að ræða, og þótt bæjarráðið hafi synjað Hálfdáni Halldórssyni um leyfi til að stunda veitingar á oftnefndum veitingastað þann 19. júlí f. á., svo sem nánar er frá skýrt í úrskurði fógeta, þá hafi bæjarráðið ekki þar með tekið afstöðu til þeirra manna, sem áður fengust við veitingar á þessum stað. Á þessa skoðun stefnda Helga verður ekki fallizt. Við samanburð á áðurnefndri fundargerð heilbrigðisnefndar og synjunarbréfi bæjarráðs til Hálfdánar virðist ljóst, að tilætlunin hafi verið að taka af veitingar þær, sem verið höfðu í húsinu nr. 15 við Hafnarstræti, enda styðst þessi skilningur við upplýsingar, sem fram hafa komið eftir uppkvaðningu úrskurðar fógeta, og þá einkum við ályktun bæjarstjórnarinnar frá 21. október f. á., þar sem samþykki er lagt á gerðir bæjarráðs í þessu efni.

Samkvæmt þessu ber að telja, að áfrýjanda hafi

verið rétt að meina stefnda Helga að stunda áfram veitingasölu í húsinu nr. 15. við Hafnarstræti, og eru lyktir málsins því þær, að hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og að synja ber um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir fógetaréttinum og hæstarétti falli niður.

Það athugast, að fógti hefir látið undan fallast að úrskurða um málskostnaðarkröfu aðilja fyrir fógetaréttinum, sjá 3. mgr. 185. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og skal hin umbeðna innsetningargerð ekki fram fara.

Málskostnaður fyrir fógetarétti og hæstarétti fali niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 5. okt. 1937.

Helgi Eiríksson, veitingamaður hér í bæ, hefir með beiðni ódagsettri farið þess á leit, að hann yrði settur inn í umráðarétt yfir veitingastaðnum „Reykjavíkur Bar", Hafnarstræti 15 hér í bænum, en veitingastað þessum var lokað af lögreglunni þann 18. f. m. Var mál þetta fyrst tekið fyrir hér í fógetaréttinum 20. s. m., en í réttarhaldi daginn eftir gekk Einar Eiríksson inn í þetta mál, þar sem hann taldi sig hafa hagsmuna að gæta í sambandi við það.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, sem einnig lét mæta í málinu, mótmælti því, að umbeðin gerð færi fram, og lögðu aðilar því atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Tildrög þessa máls eru upphaflega þau, að með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 18. júní þ. á., var gerðarbeiðandinn Einar Eiríksson dæmdur í 300 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaga nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930, svo og sviptur veitingaleyfi í 3 mánuði. Þann sama dag mun

veitingahúsinu „Reykjavíkur Bar“ hafa verið lokað af lögreglunni.

Þann 23. sama mánaðar sótti maður að nafni Hálfdán Halldórsson um leyfi til bæjarráðs til þess að mega nota veitingastaðinn „Reykjavíkur Bar“ til almennrar veitingasölu, þar sem hann hefði í hyggju að taka húsnæðið á leigu. Þann 30. s. m. gefur rannsóknarlögreglan í Reykjavík lögreglustjóranum í Reykjavík skýrslu um starfsemi veitingastaðarins „Reykjavíkur Bar“ og virðist hún í skýrslu sinni telja ýmsa ágalla á því, að í húsnæði þessu verði reknar áframhaldandi veitingar.

Þann 9. júlí þ. á. er því næst fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, og hafði nefndin öll, ásamt heilbrigðisfulltrúa, skoðað húsnæðið og telur hún, að það fullnægi þeim kröfum, sem ástæða sé til að gera frá heilbrigðislegu sjónarmiði, en telur ýmsa aðra ágalla á rekstri veitingahússins og leggur það til, að synjað verði um samþykki á veitingastað þessum. Er Hálfdáni Halldórssyni því næst af bæjarráði með bréfi dags. 19. sama mánaðar synjað um leyfi til að opna veitingastofu í húsinu nr. 15 við Hafnarstræti, þar sem áður var „Reykjavíkur Bar“. Var veitingastaður þessi því næst lokaður í 3 mánuði frá uppkvaðningu lögregluréttardómsins, eða til 18. f. m., en þá opnuðu gerðarbeiðendur húsnæðið á ný, sem þegar var lokað aftur af lögreglunni.

Gerðarbeiðendur hafa haldið því fram, að lokun lögreglustjórans á veitingahúsinu „Reykjavíkur Bar“ þann 18. f. m. hafi verið með öllu ólögleg. Flytja þeir það fram máli sínu til stuðnings, að synjun bæjarráðs á veitingaleyfi til handa Hálfdáni Halldórssyni í þessu húsnæði sé aðeins beint gegn honum, en beri ekki að skilja þannig, að það sé synjun á notkun húsnæðisins þeim til handa, er áður hafi haft réttinn, enda hafi hvorki þeim né húseiganda verið tilkynnt nokkuð í þá átt. Auk þess telja þeir, að bæjarstjórn, og því síður bæjarráð, geti ekki afturkallað leyfi, sem veitt sé skilyrðislaust, um að hafa veitingar á hendi á ákveðnum stað, á meðan sá staður uppfylli þær heilbrigðiskröfur, sem gerðar verði með réttu.

Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík hefir því verið haldið fram, að samkv. tillögu heilbrigðisnefndar og rannsókn lögreglunnar hafi bæjarráð synjað um leyfi til að opna

veitingastofu aftur í Hafnarstræti 15 (Reykjavíkur Bar), og sé það alger synjun fyrir hvern sem er, enda sé það fullkomlega löglegt samkv. landslögum.

Það verður að líta svo á samkv. hinum framlögðu skjölum, að bæjarráð hafi aðeins synjað Hálfdáni Halldórssyni um leyfi til að opna veitingastofu í Hafnarstræti 15, en ekki tekið afstöðu til þeirra manna, er áður höfðu veitingar á þessum stað. Verður því að telja, að samþykki bæjarstjórnar 21. ágúst 1930 um, að veitingar megi reka í húsnæði þessu, sé ekki fallið úr gildi gagnvart gerðarbeiðendum við þessa ráðstöfun, enda verður bréf borgarstjórans í Reykjavík til lögreglustjórans, dags. 21. f. m., ekki talin full sönnun fyrir hinu gagnstæða. Það kemur því hér ekki til athugunar, hvort bæjarstjórn eða bæjarráð geti afturkallað hið umgetna veitta leyfi á þessum stað. Af þessu og því, sem fyrir liggur í máli þessu, verður ekki talið, að fyrirskipun lögreglustjórans í Reykjavík um lokun á veitingastaðnum „Reykjavíkur Bar" 18. f. m. hafi getað byggzt á samþykkt bæjarráðs.

Það verður að teljast upplýst, að húsnæðið í Hafnarstræti 15, „Reykjavíkur Bar", hafi gerðarbeiðendur haft á leigu og hafi enn þá. Dómnum á réttarskj. nr. 3 hefir þegar verið fullnægt að því leyti, að húsnæðið hefir verið lokað hina tilskildu 3 mánuði, og engar veitingar þar farið fram, og var dómnum að þessu leyti þegar fullnægt 18. f. m., en þann dag hófu gerðarbeiðendur veitingar á ný.

Það er ekkert fram komið í málinu, sem bendir til þess, að gerðarbeiðendur hafi gert sig brotlega við landslög eftir að lokunartíminn samkv. lögregluréttardómnum var útrunninn, þannig að það heimilaði lögreglustjóra að fyrirskipa lokun á húsnæðinu á ný.

Verður því samkv. kröfu gerðarbeiðenda að heimila þeim umráð hins umrædda húsnæðis.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðenda.

Mánudaginn 30. maí 1938.

Nr. 3/1938. **Eggert Briem**
gegn
Gústaf Ólafssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Eggert Briem, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. maí 1938.

Nr. 12/1938. **Ólafía Torfason**
gegn
Stefáni H. Stefánssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafía Torfason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. maí 1938.

Nr. 17/1938. **Stefán H. Stefánsson**
gegn
Ólafíu Torfason.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Stefán H. Stefánsson, er eigi mætir í

málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. maí 1938.

Nr. 38/1938. **Kaupfélag Alþýðu í Vestmannaeyjum**
gegn
Einari B. Guðmundssyni f. h. Hofmann & Stenger.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kaupfélag Alþýðu í Vestmannaeyjum, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. maí 1938.

Nr. 39/1938. **Kaupfélag Alþýðu í Vestmannaeyjum**
gegn
Einari B. Guðmundssyni f. h. A. Obenhaupt.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kaupfélag Alþýðu í Vestmannaeyjum, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 3. júní 1938.

Nr. 71/1937. **Halldór Eiríksson f. h. Mjólkursamsölunnar í Reykjavík**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Margréti Rasmus (Sveinbjörn Jónsson).

Verðjöfnunargjald af mjólk.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. júlí f. á. að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní s. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lögtakið verði látið fram fara. Ennfremur krefst hann málskostnaðar af stefndu fyrir hæstarétti. Stefnda krefst þess aftur á móti, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti.

Það er ágreiningslaust í málinu, að stefnda samkvæmt samningi við ríkisstjórnina framfærir á heimili sínu að öllu leyti þau börn, sem uppfræðslu njóta á Daufdumbraskólanum, gegn umsömdu gjaldi á dag fyrir barn hvert. Þegar þessa er gætt, verður ekki talið, að stefndu hafi verið skylt samkvæmt lögum nr. 1 frá 1935 að greiða verðjöfnunargjald af mjólk þeirri, sem hún framleiddi og hagnýtti greindum börnum til fæðis, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð með þessari athugasemd.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Halldór Eiríksson f. h. Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, greiði stefndu, Margréti Rasmus, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. febr. 1937.

Í máli þessu hefir gerðarbeiðandi, Mjólkursamsalan í Reykjavík, farið þess á leit, að gert yrði lögtak hjá frú M. Rasmus Málleysingjaskólanum, hér í bænum, til tryggingar ógreiddu verðjöfnunarsjóðsgjaldi, að upphæð kr. 615.60. Gerðarþoli hefir mótmælt lögtaki þessu, og lögðu aðilar atriðið því undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarþoli heldur því fram, að um það leyti er lög nr. 1 frá 7. janúar 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., komu í gildi, þá hafi hún sjálf orðið að yfirtaka land sitt og kýr, sem hún áður hafði leigt öðrum, með því að leigjandinn hafi ekki treyst sér til þess að reka búið eftir að verðjöfnunarsjóðsgjald féll á hina seldu mjólk, og hafi hún sjálf haft búreksturinn eftir það. Hún heldur því fram, að hún hafi 6 kýr og 6 ha. land. Telur hún, að mjólk þessi hafi mestmegnis farið til heimilisþarfa, enda hafi hún oft í heimili 40—50 manns, en það af mjólk, sem hún hafi ekki notað sjálf, hafi hún selt í Mjólkursamsöluna. Telur hún, að gjald þetta sé að öllu leyti ólöglega á sig lagt og hefir af þeirri ástæðu neitað að greiða það.

Gerðarbeiðandi heldur því hinsvegar fram, að með því að gerðarþoli hafi á hendi forstöðu Málleysingjaskólans og selji nemendum skólans allt, fæði, þjónustu o. s. frv. fyrir umsamið verð á dag, þá sé þar í innifalin sala mjólkur til skólans, og beri henni því að greiða hið umrædda verðjöfnunarsjóðsgjald, enda geti nemendur skólans á engan hátt talizt heimilisfólk hennar.

Það verður að teljast upplýst í málinu, að gerðarþoli hafi 6 ha. lands hér og jafnframt, að hún hafi ekki meira en 6 kýr á þessu landi. Þá verður og að teljast upplýst, að hún selji ekki hina framleiddu mjólk út um bæinn, held-

ur í Mjólkursamsöluna hér, það sem hún ekki notar fyrir sitt eigið heimili, og svo til Málleysingjaskólans. Þá er það og upplýst, að hún samkvæmt samningum við ríkisstjórnina selji skólanum allt handa nemendunum, svo sem fæði, þjónustu og rúmfatnað fyrir umsamið verð á dag. Innifalið í fæðinu er að sjálfsögðu nokkur hluti þeirrar mjólkur, er gerðarþoli framleiðir. En þar sem hér er ekki að ræða um sjálfstæða sölu hinnar framleiddu mjólkur, þá verður ekki talið, að þessi ráðstöfun mjólkurinnar falli undir þau ákvæði fyrrgreindra laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., sem fyrirskipa framleiðanda mjólkur greiðslu verðjöfnunarsjóðsgjalds.

Af ofangreindu þykir verða að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ekki fara fram.

Föstudaginn 3. júní 1938.

Nr. 62/1937 **Réttvísin** (Eggert Claesen)

gegn

Ólafi Sveinssyni, Lilju Júlíusdóttur, Júlíusi Einarssyni og Ingibjörgu Guðmundsdóttur (Garðar Þorsteinsson).

Brenna og hlutdeild.

Dómur hæstaréttar.

Upplýsingar, sem fengnar hafa verið eftir uppkvaðningu héraðsdóms í máli þessu, hafa leitt það í ljós, *að* nágrenni húss þess, er í var kveikt, stafaði ekki hætta af brennu þess, *að* innanstokksmunir og húshelmingur hinna ákærðu hjóna Ólafs Sveinssonar og Lilju Júlíusdóttur voru séreign konunnar samkvæmt kaupmála dags. 3. sept. 1933, *að* innanstokks-

munir hinna ákærðu hjóna Júlíusar Einarssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur voru séreign konunnar samkvæmt kaupmála 6. des. 1929, *að* hluti þeirra hjóna Júlíusar og Ingibjargar í húsinu er þinglesinn á nafn konunnar, *að* fasteignamat hússins er kr. 6000.00, og jafnt metinn hluti hvorra hinna ákærðu hjóna, *að* húsið allt var brunatryggt fyrir kr. 12000.00, *að* innanstokksmunir hvorra nefndra hjóna voru brunatryggðir fyrir kr. 4000.00 og loks, *að* innanstokksmunir Ólafs og Lilju hafa, eftir því sem næst hefir orðið komizt, verið metnir á nálægt kr. 2600.00, en innanstokksmunir Júlíusar og Ingibjargar nálægt kr. 2750.00.

Samkvæmt prófum málsins verður ekki talið nægilega sannað, að ákærða Ingibjörg Guðmundsdóttir hafi gert annað eða meira en að láta brennuáform hinna annara ákærðu afskiptalaus, og þykir því verða að sýkna hana af kærum og kröfum réttvísinnar í máli þessu.

Brot hinna ákærðu Ólafs Sveinssonar, Lilju Júlíusdóttur og Júlíusar Einarssonar, sem eftir atvikum gátu haft ástæðu til að skilja afskiptaleysi meðákærðu Ingibjargar sem samþykki hennar á brennuáformum þeirra, varða við 2. mgr. 283. gr. almennra hegningarlaga, og að því er til ákærðu Lilju og Júlíusar tekur sbr. við 49. gr. sömu laga, og með því að fallast má á ákvörðun héraðsdómsins um refsingu þessara þriggja ákærðu, ber að staðfesta hann að því leyti.

Talsmaður tveggja hinna ákærðu í héraði mótmælti skaðabótakröfu þeirri, er í dóminum greinir. Með því að ekki er gerð nægileg grein fyrir þessari kröfu, verður ekki um hana dæmt í máli þessu, og verður því að vísa henni frá héraðsdómi.

Ákærður Ólafur og Júlíus voru í gæzluvarðhaldi frá 1.—4. nóv. 1936 og ákærða Lilja frá 2.—3. s. m. Ber þeim hverju fyrir sig að greiða varðhaldskostnað sinn. Málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, kr. 20.00, greiði ákærðu Ólafur og Lilja in solidum, og málsvarnarlaun síns talsmanns, kr. 20.00, greiði ákærði Júlíus Einarsson. Annan sakarkostnað í héraði greiði hin þrjú sakfelldu in solidum. Svo greiði öll hin þrjú sakfelldu allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 150.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Ingibjörg Guðmundsdóttir á að vera sýkn af kærum og kröfum réttvísinnar í máli þessu.

Um refsingu hinna ákærðu Ólafs Sveinssonar, Júlíusar Einarssonar og Lilju Júlíusdóttur á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Skaðabótakröfunni vísað frá héraðsdómi.

Hin sakfelldu greiði hvert sinn varðhaldskostnað. Ákærðu Ólafur og Lilja greiði in solidum málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, cand. jur. Jóns N. Sigurðssonar, kr. 20.00, og ákærði Júlíus málsvarnarlaun talsmanns síns, Jóns Jóhannessonar, kr. 20.00. Að öðru greiði öll hin sakfelldu sakarkostnað í héraði in solidum. Svo greiði öll hin sakfelldu in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir

hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Garðars Þorsteinssonar, kr. 150.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 21. apríl 1937.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn þeim Ólafi Sveinssyni, Lilju Júlíusdóttur, konu hans, og Júlíusi Einarssyni og Ingibjörgu Guðmundsdóttur, konu hans, öllum á Siglufirði, fyrir brot gegn ákvæðum 28. og 26. kafla hinna almennu refsilaga.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

1. nóv. s. l. kom upp eldur í húsinu Ránargötu 6 B Siglufirði, sem ákærðar, Lilja Júlíusdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir, eiga. Hafði verið bréfhrúga og bækur í geymsluherbergi í norðaustur enda hússins, þar sem Ólafur Sveinsson bjó. Hafi Ólafur verið að drekka kaffi í eldhúsinu, og einn gestur verið þar inni að drekka kaffi með. Er Ólafur hafði drukkið einn balla af kaffi, fór Ólafur út úr eldhúsinu og út í geymsluherbergið. Tók hann upp eldspýtur úr eldspýtnakassa, sem hann hafði í vasa sínum, kveikti á eldspýtunni og fleygði henni í bréfahrúguna á gólfinu í geymsluherberginu, og fuðraði þá strax upp í hrúgunni. Fór Ólafur síðan strax burt úr geymsluherberginu, lokaði hurðinni að herberginu og fór svo aftur inn í eldhúsið og fékk sér annan bolla af kaffi og drakk hann. Hafði hann eftir á orðið mjög skelkaður og utan við sig út af þessu og beðið með óþreyju inni í eldhúsinu, unz nágrannakona hafi komið inn í húsið og kallað, að kviknað væri í húsinu. Kveður Ólafur Júlíus Einarsson hafa verið því samþykkan, að kveikt væri í húsinu. Hafi þeir Ólafur og Júlíus fyrir um ári síðan áður en bruni varð talað fyrst um að kveikja í húsinu og um 3—4 vikum fyrir brunann hafi Júlíus (sic) minnzt á það við Júlíus að fyrra bragði að „svíða það af". Ólafur kveðst og í haust hafa átt tal um það við Lilju Júlíusdóttir, konu sína, „hvort maður ætti ekki að láta húsið fara". Hafi hún gefið lítið út á það, en jankað þó við því án þess að tala um þetta nánar, og tók Ólafur það sem samþykki.

Sjálfur kveður Júlíus, að Ólafur hafi vakið máls á því, að réttast væri að kveikja í húsinu, og Júlíus svarað, að það væri ef til vill rétt.

Hafi verið talað um, að Ólafur skyldi kveikja í sinni hæð. Hafi þeir Ólafur og Júlíus verið óánægðir með húsið og talað um, að hentugt mundi að kveikja í geymluherberginu, sem kveikt var í, en ekkert ákveðið, hve nær skyldi kveikja í húsinu. Um þátttöku konu sinnar, Ingibjargar Guðmundsdóttur, telur Júlíus það eitt, að hann hafi fyrir páska 1936 minnzt á það við hana, að Ólafur ætlaði að kveikja í húsinu. Gaf hún ekkert út á það, en hann kveðst oft hafa átt tal við konu sína um þessa íkveikju og varað hana við, að hún skyldi viðbúin henni, enda viðurkennir Ingibjörg, að Júlíus Einarsson, maður hennar, hafi um eða fyrir páska 1936 minnzt á það við sig, að kveikt mundi í húsinu, og Ólafur mundi gera það. Hún skyldi ekki vera hrædd, heldur gæta sín og barna sinna, þrátt brunann bæri að og hann (Júlíus) væri ekki sjálfur viðstaddur. Kveðst Ingibjörg muna, að oft hafi verið talað um það milli hjónanna að kveikja í húsinu, og hún hafi ekki trúað því fyrir fullt og allt, að þeir gerðu það. Lilja Júlíusdóttir kveður mann sinn oft hafa minnzt á það við sig að kveikja í húsinu, en hún ekkert gefið út á það. Hafi hún talið það markleysu, og er Ólafur viku fyrir brunann hafi minnzt á íkveikju við sig, hafi hún sagt við Ólaf, að hún ætlaði ekkert að skipta sér af því og býst hún við, að Ólafur hafi tekið slíkt fyrir samþykki, þótt hún segði, að þetta væri vitleysa. Ekkert hafði Ólafur látið Lilju, konu sína, eða þau Júlíus og Ingibjörgu vita af, er hann kveikti í, en Lilja kveðst hafa grunað, er hún kom út í ganginn, að Ólafur hefði kveikt í, en ekki fyrr. Sjálfur kveðst Júlíus hafa verið hræddur um, að upp mundi komast um Ólaf. Hann myndi ekki kveikja svo í, að ekki kæmist upp um hann. Eftir að rannsókn málsins var lokið og talsmenn sökunauta höfðu lagt fram varnarskjöl sín, hefir Ólafur Sveinsson gengið frá sínum fyrri framburði og talið sig hafa játað á sig íkveikjuna fyrir fortölur yfirlögregluþjónsins. Hefir við þetta verið tekin aftur upp rannsókn á Ólafi og því, sem er í sambandi við hann, en ekkert upplýst, er gefi ástæðu til að ætla, að Ólafi Sveinssyni hafi verið sýnd nokkur hótun, og það því framar, sem sannað er, að dómarinn

lagði ríkt á við Ólaf og alla sökunautana að segja satt og tók fram við þá alla, að hann vildi heldur, að þeir þrættu fyrir eitthvað, sem þeir hefðu gert, en þeir játuðu upp á sig nokkuð það, er þeir hefðu ekki gert.

Það verður því að telja sannað, að þeir Ólafur Sveinsson og Júlíus Einarsson hafi komið sér saman um að kveikja í húsinu, og að konur þeirra, Lilja Júlíusdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir, hafi með þögninni eða að minnsta kosti með óvirku afskiptaleysi samþykkt, að slíkt yrði gert, enda væri óeðlilegt, að Ólafur og Júlíus hefðu farið að kveikja í húsinu gegn eindregnum vilja eiginkvenna sinna, eigenda hússins, sem í er kveikt. Verður því að dæma Ólaf Sveinsson sekan um íkveikju í húsinu, en þau Júlíus Einarsson um hlutdeild, þar sem hann hafi haft ráðagerð um þetta við Ólaf, en þær Lilju Júlíusdóttir og Ingibjörgu Guðmundsdóttur um þá hlutdeild, sem felst í samþykki þeirra á því, að kveikt yrði í húsinu.

Ákærðu, sem komin eru yfir lögaldur sakamanna, hafa eigi sætt refsidómi, nema Júlíus Einarsson var dæmdur í 2ja mánaða skilyrðisbundinn dóm (sic) fyrir brot gegn 12. og 18. kafla refsilaganna. Framangreind brot ber að áliti dómsins að heimfæra undir 1. mgr. 283. refsilaganna, að því er snertir Ólaf Sveinsson, en sömu lagagrein sbr. við 48. gr. að því er snertir Júlíus Einarsson, en 1. mgr. 283. gr. sbr. 57. gr. refsilaganna að því er snertir þær Lilju Júlíusdóttur og Ingibjörgu Guðmundsdóttur, og þykir refsingin hæfilega ákveðin: fyrir Ólaf Sveinsson 2ja ára betrunarhúsvinna, fyrir Júlíus Einarsson 1 árs betrunarhúsvinna, en fyrir þær Lilju Júlíusdóttur og Ingibjörgu Guðmundsdóttur 8 mán. betrunarhúsvinna. Þó er að áliti dómarans rétt, að refsing Lilju og Ingibjargar skuli frestað og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilyrði laga 39/1907 verða haldin og byggir dómarinn þetta á því, að ætla má, að hinar ákærðu, sem áttu enga virka hlutdeild í glæpnum, hafi að mjög verulegu leyti leiðzt út í að samþykkja íkveikjuna vegna aðstöðu sinnar til hinna ákærðu eiginmanna sinna og gátu álitið hjónabandsgæfu sinni og heimilifriði ella stefnt í hættu, og að þær hafi eigi verið óháðar um samþykki sitt. Einnig greiði þau öll in solidum kr. 295.00 til Brunabótafélags Íslands, skaða, er félagið hefir orðið fyrir við

brunann, og allan sakarkostnað, þar með 20.00 kr. til hvors talsmanna sinna.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ólafur Sveinsson Siglufirði sæti 2ja ára betrunarhúsvinnu, Júlíus Einarsson Siglufirði sæti 1 árs betrunarhúsvinnu, en þær Lilja Júlíusdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir 8 mán. betrunarhússvinnu, en refsing Lilju Júlíusdóttur og Ingibjargar Guðmundsdóttur skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin. Öll hin ákærðu greiði Brunabótafélagi Íslands in solidum kr. 295.00 fyrir tjón, er bruninn hefir valdið brunabótafélaginu. Svo greiði hin kærðu og málskostnaðarlaun (sic) til talsmanna sinna, Ólafur Sveinsson og Lilja Júlíusdóttir kr. 20.00 til talsmanns síns, Jóns Sigurðssonar lögfræðings, og Júlíus Einarsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir kr. 20.00 til talsmanns síns, Jóns Jóhannessonar málaflutningsmanns, og öll hin ákærðu greiði in solidum allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. júní 1938.

Nr. 126/1937. **Valdstjórnin** (Theodór B. Lindal)
gegn
Einari Sigurðssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Tollur af innlendri vöru.

Dómur hæstaréttar.

Í réttarprófum málsins er vörugerð sú, sem rannsóknin er risin út af, talin rekin af Vöruhúsi Vestmannaeyja h/f, sem virðist vera hlutafélag, en í

sakargögnum þeim, sem fyrir liggja, finnst ekki örugg fræðsla um félag þetta né samband kærða við það, önnur en sú, að kærði hefir haft á hendi stjórn vörugerðarinnar. Það er nú ljóst, að kærður hefir gerzt valdur að misferli því, sem lýst er í héraðsdóminum, þ. e. vanrækslu á að afla leyfisbréfs samkv. 1. gr. laga nr. 50/1927, misbrestum á bókhaldi samkvæmt 5 gr. rgj. nr. 9 1935 og afhending vara án þess að tollur væri greiddur samkvæmt 4. gr. nefndra laga, og ber því að refsa honum fyrir það samkvæmt 7. gr. téðra laga. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 350 króna sekt, sem afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hinsvegar þykir ekki verða lagður dómur á það, hvort kærði beri ábyrgð á greiðslu tolls þess, sem hann er krafinn um í málinu, meðan ekki er vitað um aðstöðu hans til hlutafélagsins, og ber því að vísa tollkröfunni frá undirréttinum.

Eftir þessum málsúrslitum verður að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdómsins og dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Einar Sigurðsson, greiði 350 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kröfu á hendur kærða um greiðslu gjalds af innlendum tollvörum vísast frá héraðsdómi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theodórs B. Líndal og Sveinbjarnar Jónssonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 31. maí 1937.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Einari Sigurðssyni kaupmanni, til heimilis Skólaveg 1 hér í bænum, fyrir brot gegn löggjöfinni um innlenda tollvörugerð.

Málavextir eru eftir því, sem upplýst er í málinu, sem hér segir:

Í byrjun marzmánaðar 1935 byrjaði kærður að reka sælgætisgerð hér í Vestmannaeyjum og réði hann til sín mann að nafni Jacob Martin Strauch til þess að starfa að sælgætisframleiðslunni, og starfaði hann að því þar til í lok júlímánaðar s. á. og vann auk þess hjá kærðum frá 1.—12. ágúst s. á. við að kenna stúlku að búa til sælgætisvörur, og vann hún eftir það að sælgætisframleiðslunni fyrir kærðan.

Þann 15. maí 1935 fékk kærður leyfi til slíkrar sælgætisframleiðslu og fékk jafnframt löggilta bók til þess að færa sælgætisframleiðsluna í.

Í aprílmánuði f. á. var hafin rannsókn vegna gruns um, að kærður hefði ekki greitt lögboðið gjald, nema af nokkrum hluta sælgætisframleiðslu sinnar.

Í framangreinda dagbók hafði, er rannsókn málsins hófst, verið fært 156 kg. af gjaldskyldu sælgæti og 35 ltr. af saft, og hafði kærður þann 3. júlí 1935 greitt kr. 28.20 gjald af 30 lítrum af saft og kr. 208.68 gjald af 111 kg. af sælgæti og þann 11. október s. á. greiddi kærður gjald af 43 kg. af sælgæti kr. 80.84 og gjald af 5 lítrum af saft kr. 4.70, en þar frá var dregið gjald af 10 lítrum af saft og af 8 kg. af konfekti, samtals kr. 25.14, sem talið var, að kærður hefði verið látinn greiða um of þann 3. júlí 1935, og greiddi kærður því í síðara skiptið aðeins kr. 60.40, og hafði þannig

aðeins greitt gjald af 146 kg. af sælgæti og 25 lítrum af saft, samtals kr. 297.28.

J. M. Strauch færði tollbókina þar til þann 3. júlí 1935, en frá þeim tíma færði kærður bók þessa sjálfur. Fyrsta færslan í bók þessari er dagsett þann 17. maí 1935, og eru allar færslur í dagbókinni dagsettar á tímabilinu frá þeim degi til 31. júlí s. á., nema að þann 14. október s. á. eru færð 2 kg. af sælgæti og þann 16. s. m. 1 kg. af sælgæti, en á tímabilinu frá 17. maí til 31. júlí eru flesta daga dagsettar einhverjar færslur, en bæði J. M. Strauch og kærður hafa borið, að ekki hafi verið fært daglega í bókina, heldur hafi þeir hvor fyrir sig fært eftir á í einu lagi allt, sem þeir færðu fyrir tímabilið til 31. júlí.

J. M. Strauch hefir borið, að kærður hafi skipað honum að færa ekki í tolldagbókina neitt af þeim vörum, sem framleiddar voru fyrir 17. maí 1935 og ekki nema lítinn hluta þeirra vara, sem framleiddar voru eftir þann dag, og kveðst hann af þeirri ástæðu hafa hætt færslu dagbókarinnar. Hann kveðst hafa, er hann afhenti sælgætisvörur, er hann hafði búið til, hafa fengið afhenta seðla, sem tilgreint var á verð varanna, en ekki magn, og samkv. skrá, sem hann hefir gert yfir þetta, telur hann verð sælgætisvara þeirra, sem hann bjó til, hafa verið alls kr. 9297.90 og meðalverð varanna hafi verið um kr. 6.00 pr. kg. og framl iðsla því alls um 1500 kg. af tollskyldum sælgætisvörum, en auk þess kveðst hann hafa búið til um 300 lítra af saft.

Kærður hefir við rannsókn málsins játað að hafa framleitt af tollskyldum sælgætisvörum: 73 kg. í marzmánuði 1935, 67 kg. í aprílmánuði s. á., 98 kg. í maímánuði s. á., 79 kg. í júnímánuði s. á., 63 kg. í júlímánuði s. á., 28 kg. í ágústmánuði s. á., 17 kg. í september s. á., 11 kg. í október s. á, 10 kg. í nóvember s. á., 13 kg. í desember s. á., 19 kg. í janúar og febrúarmánuði 1936 (samtals) og 13 kg. í marzmánuði s. á., eða samtals 491 kg. En þetta magn varanna var þó hvergi fært í neinar bækur hjá kærðum að öðru en því, sem fært var í framangreinda tollvörudagbók og að framan greinir, en í frumbækur, sem haldnar voru vegna sælgætisgerðarinnar, var fært stykkjatala og verð sælgætisvara þeirra, sem afhentar voru frá sælgætisgerðinni til verzlana þeirra, sem vörurnar voru seldar í, og er framangreindur framburður kærðs um magn framleiðslunnar

byggður á því, að verð vara þessara hafi verið að meðaltali um kr. 10.00 pr. kg., en í frumbækurnar voru færðar sælgætisvörur fyrir samtals kr. 4910.00 samkvæmt framburði kærðs, en við nánari athugun kom í ljós, að í bækur þessar, sem fleiri vörutegundir en þessar eru færðar í, eru færðar tollskyldar sælgætisvörur fyrir aðeins kr. 4811.81. Þá hefir kærður og játað, að hann hafi framleitt 150 lítra af saft.

Eftir að rannsókn máls þessa hófst, eða þann 16. maí f. á., greiddi kærður gjald af 125 lítrum af saft, kr. 78.75, þ. e. aðeins 0.63 pr. líter, og af 345 kg. af konfekti kr. 648.60, eða samtals kr. 727.35. En skömmu áður en rannsókn málsins hófst spurði Stefán Árnason lögregluþjónn kærðan um það, að tilhlutun lögreglustjóra, hvort hann hefði framleitt nokkrar tollskyldar vörur þá undanfarið, þ. e. meira en það, sem hann hafði áður greitt gjald af, og hefir nefndur lögregluþjónn borið sem vitni í málinu, að kærður hafi svarað því neitandi. Vitnið kveðst að vísu ekki muna nákvæmlega, hvaða orð kærður hafi viðhaft í því sambandi, en hann hafi skilið kærða þannig, að hann hefði ekki framleitt neinar slíkar vörur þá undanfarið (þ. e. ekki aðrar en hann hafði greitt gjald af).

Vitni þetta hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Kærður hefir kannazt við, að nefndur lögregluþjónn hafi spurt hann um framangreint atriði, en heldur fram, að hann hafi ekki neitað að hafa framleitt tollskyldar vörur þá undanfarið, en kveðst muni hafa gert lítið úr því.

Við rannsókn máls þessa gerði dómarinn skrá yfir hinar gjaldskyldu vörur, sem kærður hefir framleitt, eins og þær eru taldar í frumbókum þeim, sem haldnar voru í sambandi við sælgætisframleiðsluna, og eru það ýmsar sælgætistegundir fyrir samtals kr. 4811.81, eins og að framan greinir, og hefir kærður viðurkennt, að sælgætisframleiðslan sé þar rétt talin, og að allar þær vörur, sem taldar eru á skrá þessari, séu gjaldskyldar sælgætisvörur, sem greiða beri af kr. 1.88 pr. kg.

En þrátt fyrir það þó kæmu fram í málinu upplýsingar, sem bentu til þess, að verð sælgætis þess, sem kærður hafði látið búa til og selt, hafi ekki verið eins hátt pr. kg. og kærður hefir haldið fram og þungi varanna því meiri en

kærður hélt fram, vildi kærður eigi kannast við, að verðið hefði verið lægra, og hélt eindregið fram, að verð varanna hefði verið um kr. 10.00 pr. kg. og magn varanna aðeins 491 kg.

Dómarinn tilnefndi því þá Guðjón Hafstein Guðnason tollgæzlumann og Sigurð Bogason verzlunarmann til þess að athuga verðlag hér í bænum á slíkum vörum sem kærður hafði framleitt, miðað við þyngd, til þess að sjá, hve mikil sælgætisframleiðsla kærðs hafi verið, miðað við þyngd og miðað við það, sem upplýst er í málinu um, fyrir hve mikið kærður seldi sælgæti, sem hann hafði sjálfur látið framleiða, og samkvæmt skriflegri skýrslu, sem nefndir menn hafa gert um þetta og sem lögð hefir verið fram í málinu, telja þeir þunga varanna, miðað við hæsta verð, sem talizt geti eðlilegt samkvæmt upplýsingum, sem þeir hafi aflað sér um verðlag á slíkum vörum, hafi verið að minnsta kosti 760.836 kg.

Menn þessir hafa báðir verið yfirheyrðir sem vitni í málinu og hafa þeir báðir staðfest framangreinda skýrslu fyrir rétti og hafa báðir borið, að þeir hafi við að finna meðalverð það pr. kg. á hverri sælgætistegund, sem lagt er til grundvallar í framangreindri skýrslu, fengið upplýsingar um verð á slíkum vörum í öllum þeim verzlunum hér í bænum, sem hafa slíkar vörur til sölu, þar á meðal í tveim brauðsölubúðum, en í slíkum búðum sé verð á sælgætisvörum, sem þar er selt, yfirleitt hærra heldur en hjá venjulegum matvöruverzlunum, sem selja sælgæti ásamt ýmsum nauðsynjavörum, og hafa vitni þessi borið, að þeir hafi beitt fyllstu nákvæmni við viktun varanna, og að þungi vara þeirra, sem kærður framleiddi, sé í framangreindri skýrslu þeirra talin eins og þeir telji, að hann hljóti að hafa verið að minnsta kosti, miðað við það, sem upplýst er um, fyrir hve mikið kærður seldi slíkar vörur.

Bæði framangeind vitni hafa staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Þessi framburður framangreindra tveggja vitna er í samræmi við framangreindan framburð J. M. Strauch og að mestu leyti í samræmi við 2 vottorð, sem lögð hafa verið fram í málinu eftir ósk kærða. Það þykir því bera að leggja framburð vitna þessara til grundvallar í málinu og telja sannað, að kærður hafi á framangrendum tíma framleitt 760.836 kg.

af gjaldskyldum sælgætisvörum, sem telst í sambandi við tollgreiðslu 761 kg.

Við framangreinda athugun dómarans á frumbókum þeim, sem haldnar voru við sælgætis- og efnagerð kærðs kom í ljós, að fært var í frumbækur þessar sem framleitt og afgreitt frá efnagerðinni til verzlunar kærðs o. fl. 394⅛ líter af saft. Kærður heldur fram, að 173¾ lítrar af saft, sem fært var í frumbók þann 30. apríl 1935 sem afhent til „Vöruhússins", sem var ein af verzlunum kærðs, hafi ekki verið afhent verzlun þessari þá, en hafi síðar verið látin á flöskur og því næst send til verzlana kærðs smámsaman, og hafi saft þessi þá verið færð á ný í frumbækurnar, jafnóðum og hún var afhent, og því verið tvífærð í frumbækurnar, og tvífærð efnagerðinni til tekna í viðskiptareikningi í viðskiptamannahöfuðbók kærðs.

Við rannsókn málsins var viðskiptareikningur þessi athugaður (sýndur í rétti), og kom í ljós, að þann 12. ágúst 1935 hefir efnagerðinni verið fært til skuldar 233 flöskur, eða 174¾ lítrar af saft, sem samkvæmt því, sem fært hefir verið í reikninginn, hefir þá verið talið tvífært og eftir atvikum þykir bera að leggja framangreindar upplýsingar, sem fyrir liggja um þetta, til grundvallar og líta svo á, að 174¾ lítrar af saft hafi verið tvífært í framangreindar frumbækur, og ber því að draga það frá framangreindu magni saftarinnar.

Þá heldur kærður því fram, að þann 31. ágúst 1935 hafi efnagerðinni verið fært til skuldar andvirði 80½ líter af saft, sem skilað hafi verið aftur til efnagerðarinnar vegna þess, að hún hefi reynzt ónothæf, og sést af framangreindum viðskiptareikningi í viðskiptamannahöfuðbók kærðs, að nefnd upphæð er nefndan dag færð efnagerðinni til skuldar vegna saftar, sem skilað hafi verið aftur, en magn saftarinnar er ekki fært í viðskiptamannareikninginn, en kærður heldur fram, að þetta sé 80½ líter af saft, sem efnagerðinni var fært til tekna þann 1. júlí 1935 fyrir nefnda upphæð, en sú færsla er bæði í frumbók og í umræddum viðskiptareikningi, og er skrifað í frumbókina við færslu þessa: „Færist til baka", og heldur kærður fram, að saft þessi hafi í raun og veru verið ónýt, og hafi efnagerðin því verið skuldug um upphæð þessa.

Þá heldur kærður og fram, að auk þess, sem að framan greinir, hafi 33 lítrar af saft þeirri, sem færð er í frum-

bækur efnagerðarinnar sem afhent til verzlana, reynzt ónothæf, en saft þessi er þann 22. maí 1936 færð efnagerðinni til skuldar í frumbókum, sem haldnar voru í einni af verzlunum kærðs, og heldur kærður fram, að þetta hefi verið fært þannig vegna þess, að saftin hafi reynzt ónothæf.

Þar eð saft þessi, sem kærður þannig heldur fram, að hafi verið ónothæf, upphaflega var færð í bækur efnagerðarinnar sem saft framleidd hjá efnagerðinni, og gera verður ráð fyrir, að athuguð hafi verið, að saftin væri nothæf, áður en hún var afgreidd þannig til búða til sölu sem verzlunarvara, og með tilliti til þess, að kærður færði mjög rangt í tolldagbókina, það sem hann færði í hana, og vanrækti innfærslur í hana, verður framangreindur framburður hans um, að saftin hafi frá upphafi verið ónothæf, ekki tekinn trúanlegur, þó svo virðist, sem kærður hafi, er efnagerðin var skulduð um saft þessa, af einhverjum ástæðum ekki viljað hafa hana til sölu, og verður að telja saft þessa tollskylda, og er það því þannig 219⅝ lítrar af gjaldskyldri saft, sem telja verður sannað, að kærður hafi framleitt.

Kærður hefir og borið, að sælgætisvörur þær, sem voru framleiddar í framangreindri sælgætisgerð, hafi oft verið ónothæfar vegna ófullkominna vinnubragða við tilbúning sælgætisins, en hann hefir ekki gert neina grein fyrir því, hve mikil brögð hafi verið að slíku. Einn starfsmaður kærðs, Oddgeir Kristjánsson, sem vann við afgreiðslu í einni af verzlunum kærðs, sem umræddar sælgætisvörur voru seldar í, hefir borið, að sælgætisvörur þessar hafi venjulega lítið vel út og verið nothæfar, er þær voru afhentar frá sælgætisgerðinni og verið nothæfar þá, en hafi þolað illa geymslu, einkum ef heitt hafi verið í búðinni, og kveðst vitnið hafa álitið, að það væri vegna ófullkomins tilbúnings, að vörurnar þoldu svo illa geymslu, en hann kveðst venjulega hafa fengið nýtt sælgæti í stað þess, sem skemmdist þannig í búðinni, og kveðst hafa ætlazt til þess, að það sælgæti, sem hann fékk þannig fyrir skemmt, væri ekki fært verzluninni til skuldar í frumbókum sælgætisgerðarinnar né í viðskiptareikningi, og kveðst ekki hafa orðið var við, að það væri gert, og kveðst vitnið þó hafa fylgzt með þessu.

Samkvæmt því, sem þannig er upplýst í málinu, verður eigi tekið tillit til framburðar kærðs um, að eitthvað af

framangreindum sælgætisvörum hafi verið ónothæft og eigi því að vera ógjaldskylt, enda hefir hann, eins og að framan greinir, eigi gert neina grein fyrir því, hve mikil brögð hann telji, að hafi verið að þessu.

Viðvíkjandi tollupphæð þeirri, sem kærður greiddi þann 16. maí 1936, heldur kærður því fram, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvort of lítið var fært í tolldagbókina eða ekki framangreindan tíma, sem hún var færð, og að eftir það hafi hann ekki fært neitt í bók þessa vegna þess, að framleiðslan hafi verið svo lítil, að honum hafi ekki þótt taka því að færa hana, og heldur fram, að hann hafi ekki fyrr en rannsókn máls þessa hófst kynnt sér sérstaklega, hve mikil framleiðslan var. En kærður hefir játað, að hafa látið viljandi hjá líða að færa í tolldagbókina vörur þær, sem framleiddar voru frá 1. maí til 16. maí 1935, og það, sem framleitt var frá 1. ágúst s. á., þar til rannsókn málsins hófst, að undanteknum framangreindum 3 kg. af sælgæti, sem fært er (eða dagsett) þann 14. og 16. október 1935.

Kærður hefir og borið, að framangreindur J. M. Strauch hafi, er byrjað var að færa tolldagbókina, haft orð á því, að ekki væri ástæða til þess að færa í tollbókina allar þær tollskyldar vörur, sem framleiddar væru, og að hann hafi þrátt fyrir það ekki skipt sér af því, hve mikið var fært í umrædda bók eða fylgzt með því, og að hann hafi, er hann færði sjálfur í tolldagbókina, ekki athugað, hve mikið hafi verið framleitt af tollskyldum vörum, heldur áætlað framleiðsluna, miðað við það, sem J. M. Strauch hafi áður fært í tollbókina, en það, sem kærður hefir fært í tollbókina fyrir tímabilið frá 4. júlí til 31. s. m. 1935, er tiltölulega mikið minna heldur en Strauch færði fyrir tímabilið frá 17. maí til 3. júlí s. á., þ. e. kærður hefir fært sem svarar rúmlega 1.453 kg. af tollskyldu sælgæti hvern dag, en J. M. Strauch hefir fært að meðaltali rúmlega 2.38 kg. af gjaldskyldu sælgæti hvern dag þann tíma, sem hann hefir fært tolldagbókina.

Rétturinn verður því að líta svo á, að kærðum hljóti að hafa verið ljóst, að bæði hann sjálfur og J. M. Strauch færðu minna í tollbókina heldur en framleiðsla tollskyldra vara nam í raun og veru þann tíma, sem bók þessi var færð, þ. e. frá 17. maí til 31. júlí 1935, og verður að álíta,

að það, að kærður færði þá og lét færa aðeins nokkurn hluta framleiðslunnar, og að hann færði ekki neitt af framleiðslunni á öðrum tíma, nema framangreind 3 kg., hafi verið gert í þeim tilgangi að komast hjá því að greiða lögboðinn toll af framleiðslunni, þó kærður greiddi framangreinda tollupphæð eftir að rannsókn var hafin út af þessu athæfi hans, og hann hlaut að sjá, að hann gat ekki komizt hjá að greiða meiri toll en hann hafði þá þegar greitt.

Með framangreindu framferði sínu hefir kærður brotið gegn 1. gr. laga nr. 50 frá 31. maí 1927, um innlenda tollvörugerð (rekstur tollvörugerðarinnar frá 1. marz til 16. maí 1935 án leyfis), gegn 2. gr. sömu laga sbr. 1. gr. laga nr. 70 28. desember 1934, gegn 4. gr. laga nr. 50 frá 1927, gegn 1. gr., 2. gr., 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 9 frá 22. janúar 1935, og þykir refsing hans, sem er fæddur þann 7. febrúar 1906 og hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Af framangreindum 3 kg. af sælgætisvörum, sem kærður færði í tolldagbókina þann 4. og 16. október 1935, verður honum eigi talið bera að greiða nema einfaldan lögboðin toll, þó hann vanrækti að greiða toll af vörum þessum þar til eftir að rannsókn máls þessa hófst. En af 612 kg. af sælgætisframleiðslunni, sem kærður færði ekki í tolldagbókina, og sem álíta verður, að hann hafi reynt að komast hjá að greiða toll af, ber samkv. 7. gr. laga nr. 50 frá 31. maí 1927 að dæma hann til þess að greiða þrefaldan toll, en það er lögboðið gjald af slíkum vörum, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 70 frá 28. desember 1934, sbr. 1. gr. og 2. gr. laga nr. 73 frá 29. desember 1934, sbr. og 2. gr. laga nr. 82 frá 26. apríl 1935, kr. 1.88 pr. kg., alls kr. 3451.68.

Þá ber og einnig samkvæmt 7. gr. laga nr. 50 frá 1927 að dæma kærðan til að greiða þrefaldan toll af þeim 125 lítrum af saftframleiðslunni, sem ekki var fært í tolldagbókina, en það verður, þar eð lögboðið gjald af saft framleiddri innanlands er samkv. framangreindum lagaákvæðum kr. 0.94 pr. líter, kr. 549.90. Hinn þrefaldi tollur, sem kærðum ber þannig að greiða af framangreindum vörum, nemur því samtals krónum 4001.08. Upp í að hefir kærður greitt eftir að rannsókn málsins hófst kr. 721.71 (auk gjalds

af framangreindum 3 kg. af sælgæti, sem fært hafði verið í tolldagbókina, en ekki greitt gjald af fyrr en eftir að rannsókn málsins hófst), og er það því tollur að upphæð kr. 3279.87, sem ber að dæma kærðan til að greiða.

Loks ber að dæma kærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Hinriks Jónssonar lögfræðings, er þykja hæfilega ákveðin kr. 80.00.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, en í prófum málsins er gerð grein fyrir því, hvers vegna rannsókn þess var ekki lokið fyrr en gert var.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Einar Sigurðsson, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði gjald af innlendum tollvörum kr. 3279.87.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Hinriks Jónssonar lögfræðings, 80.00 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. júní 1938.

Nr. 136/1937. **Guðmundur Þorvaldsson**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Guðrúnu Pétursdóttur
(Sveinbjörn Jónsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu útg. 3. nóvember 1937 og krafizt þess

hér fyrir réttinum, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum stefndu í málinu, ef hann synjar fyrir það með eiði að hafa haft holdlegar samfarir við hana á tímabilinu 15. til 23. september 1935, að báðum dögum meðtöldum. Svo krefst hann og, að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda hefir hinsvegar aðallega krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, en til vara, að henni verði heimilaður fyllingareiður. Svo krefst hún og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en gjafvörn fyrir hæstarétti hefir hún fengið með bréfi dómsmálaráðuneytisins 5. marz 1938 og talsmann skipaðan.

Hinn áfrýjaði dómur er kveðinn upp 14. október 1937. Að tilhlutan málflutningsmanns áfrýjanda voru haldin framhaldspróf í málinu í bæjarþingi Reykjavíkur 18. og 22. jan. og 14., 15. og 18. febr. þ. á. Eftir að úrskurður í málinu hafði verið kveðinn upp hér í rétti 14. marz þ. á. hafa framhaldspróf verið haldin enn af nýju 19. marz og 7. og 19. maí þ. á.

Áður en málið var dæmt í héraði, hafði rannsókn á blóði aðilja og barnsins verið framkvæmd af rannsóknarstofu háskólans, og var niðurstaða rannsóknarinnar þessi:

Stefnda	aðalflokkur	O,	undirflokkur MN
Barnið	—	O,	— MN
Áfrýjandi	—	A,	— MN

Samkvæmt þessu er það mögulegt, að áfrýjandi sé faðir barnsins, en hinsvegar alls óvíst, að hann sé það.

Málsaðiljar urðu samferða á togara frá Djúpuvík til Reykjavíkur í ágústlok 1935, og kveðast þau þá

hafa kynnzt lauslega. Stefnda fékk atvinnu í veitingahúsi við Hafnarstræti 2. september 1935, og vann hún þar til septemberloka sama ár. Var vinnutími hennar annan daginn frá kl. 6 f. h. til kl. 3 e. h., en hinn daginn frá kl. 4—12 e. h. Þennan mánuð leigði hún sér herbergi á Klapparstíg 12, ásamt annari stúlku, Kristínu Sigurðardóttur, sem vann í sama kaffihúsi og stefnda, og var vinnutími Kristínar frá kl. 12 miðnættis til kl. 8 að morgni. Í sama kaffihúsi vann einnig á sömu tímum og stefnda stúlka að nafni Kristín Steinsdóttir, og bjó hún einnig á Klapparstíg 12, en í öðru herbergi en þær stefnda og Kristín Sigurðardóttir.

Málsaðiljar eru sammála um það, að þau hafi fyrst haft líkamlegar samfarir þann 10. september 1935 í herbergi stefndu á Klapparstíg 12. Stefnda hefir skýrt svo frá, að eftir það, eða kringum miðjan septembermánuð s. á., hafi hún haft tíðir. Í sambandi við mál þetta hefir Guðmundur Thoroddsen prófessor lýst yfir því áliti sínu, að honum þyki sennilegt, að barn stefndu, sem fætt er 18. júlí 1936, sé getið um miðjan október 1935. Kveður hann það „mjög ólíklegt", að umræddur drengur hafi verið getinn 10. september 1935, og reyndar alveg útilokað, ef móðirin hefir haft tíðir um miðjan september 1935. Samkvæmt þessu verður ekki talið mögulegt, að barn stefndu hafi komið undir við þessar samfarir hennar og áfrýjanda.

Stefnda hefir nú haldið því fram, að hún hafi haft líkamlegar samfarir við áfrýjanda síðar í septembermánuði 1935. Upplýst er, að áfrýjandi, sem þá var stýrimaður á togaranum „Ólafi", fór héðan úr bænum að kvöldi þess 23. september 1935, og eru aðiljar sammála um, að þau hafi ekki hitzt eftir það

fyrr en í desember næst á eftir, og kveðst stefnda þá hafa verið orðin þess vís, að hún var barnshafandi. Sé áfrýjandi faðir að barninu, ætti það samkvæmt þessu að hafa komið undir einhvern tíma eftir 14. september 1935, en þó ekki síðar en 23. sama mánaðar. Meðgöngutími stefndu, sem áður hafði alið barn, hefði þá átt að vera ekki skemmri en 299 dagar og allt að 307 dögum. Mun svo langur meðgöngutími teljast til undantekninga.

Áður en dómur gekk í héraði, var stefnda ekki krafin nákvæmrar skýrslu um tildrögin að samfundum hennar og áfrýjanda í septembermánuði 1935, né um önnur atvik, sem þar að lutu. Í réttarhaldi 22. janúar þ. á. lýsti stefnda atvikum að því, er hún telur vera síðari samfundi hennar og áfrýjanda þennan mánuð, á þá leið, að hún hafi eitt sinn eftir kl. 12 á miðnætti verið stödd niðri í bæ, ásamt fyrrnefndri Kristínu Steinsdóttur. Hafi þær þá hitt áfrýjanda, er leigt hafi bíl og ekið þeim upp í Bergstaðastræti. Þar eða í Ingólfsstræti hafi Kristín séð kærasta sinn, Sverri Svendsen, og farið úr bílnum, en áfrýjandi hafi ekið með stefndu heim til hennar á Klapparstíg 12. Kveður hún áfrýjanda hafa farið þar inn með henni og dvalizt þar fram eftir nóttunni, og þau þá haft samfarir þar í herberginu.

Þegar þessi skýrsla stefndu var borin undir áfrýjanda, kvað hann lýsingu hennar eiga við samfundi þeirra þann 10. september 1935. Hafi fundum þeirra þriggja þá borið saman á götunni samkvæmi umtali við Kristínu á veitingahúsinu fyrr um kvöldið, en Kristínu hafi hann áður þekkt „fyrir aðra". Hefir Kristín einnig staðfest þetta sem vitni, en hún kveðst ekki muna, hvenær í mánuðinum þetta hefði gerzt.

Stefnda var nú í réttarhaldi 19. marz þ. á. krafin

skýrslu um, hvernig og hvar fundum hennar og áfrýjanda hafi borið saman þann 10. september. Er skýrsla hennar um það mjög ófullkomin. Hún kveðst ekki muna, hvort þau hafi hitzt úti eða inni í kaffihúsinu, né hvort hún hafi þá verið ein eða einhver með henni. Hún kveður þau hafa gengið heim til hennar á Klapparstíg 12, en ekki kveðst hún muna, „svo hún þori að fara með það", hvort sambýlisstúlka hennar, Kristín Sigurðardóttir, hafi verið farin út, þegar þau komu heim. Ekki kveðst hún muna, hvort þau hafi haft líkamlegar samfarir oftar en einu sinni í þetta skipti, né heldur, hversu lengi áfrýjandi dvaldist þá hjá henni. Hún kveður áfrýjanda hafa verið undir áhrifum áfengis, en sjálf hafi hún einskis áfengis neytt.

Áfrýjandi fullyrðir, að eftir 10. september 1935 hafi hann ekki komið heim til stefndu á Klapparstíg 12, nema einu sinni. Kveður hann það hafa gerzt 23. september að degi til, og hafi þau þá ekki haft samfarir. Lýsir hann tildrögum þess og atvikum nánar þannig, að kl. um 3 þennan dag hafi hann verið á leið heim til sín. Á gatnamótum Lindargötu og Klapparstígs hafi verið kallað á hann af fólki, sem gekk á eftir honum, og voru þar komin stefnda, Kristín Steinsdóttir og Sverrir Svendsen. Kveðst hann hafa slegizt í för með þeim heim á Klapparstíg 12 og farið með stefndu inn í herbergi hennar, en sambýliskona hennar, Kristín Sigurðardóttir, hafi þá sofið þar á dívan, en vaknað og þegið vindling af áfrýjanda. Hafi hann ekki dvalizt þarna lengur en 10—15 mínútur, og Kristín þessi verið þar inni allan þann tíma. Þau Kristín Steinsdóttir og Sverrir hafa borið það sem vitni og unnið eið að, að áfrýjandi hafi hitt þau, ásamt stefndu, á Lindargötunni í septem-

ber 1935, og hafi hann þá orðið þeim samferða upp á Klapparstíg 12. Kveður Kristín Steinsdóttir þetta hafa gerzt eftir að áfrýjandi hitti hana og stefndu í miðbænum og ók með þeim í bil, eins og áður segir. Hún kveðst og í þetta sinn hafa komið snöggvast inn til þeirra stefndu og áfrýjanda, og hafi þá Kristín Sigurðardóttir verið þar sofandi á dívan. Kristín Sigurðardóttir var leidd sem vitni í málinu þann 7. maí þ. á., en hún kvaðst ekki muna til þess, að áfrýjandi hafi komið í herbergi hennar og stefndu á þeim tíma, er hún hafi verið heima. Stefnda hefir ákveðið neitað því, að fundum hennar og áfrýjanda hafi borið saman með þeim hætti, er hér segir.

Við framhaldsprófin hefir það komið í ljós, að stefnda hefir komizt í kunningsskap við ýmsa menn þennan mánuð, er hún bjó á Klapparstíg 12, og að sumir þeirra hafa komið þangað heim til hennar að kvöldi dags, þar á meðal norskur bryti af skipi, sem hér var statt dagana 8. til 10. september, en ekki er upplýst, að neinn þeirra hafi haft samfarir við stefndu.

Eins og fyrr getur, endurnýjuðu þau stefnda og áfrýjandi kunningsskap sinn í desember 1935, og hélzt hann þangað til í marzmánuði 1936, er stefnda fór heim til sín að Hjarðarbrekku. Hafði áfrýjandi þá áður látið stefndu fá 60 krónur, og 40 krónur sendi hann henni í maí s. á., en stefnda kveður hann þá hafa tjáð henni, að meira vildi hann ekki greiða, fyrr en hann vissi, hvenær barnið fæddist. Þann 1. ágúst 1936 tilkynnti stefnda áfrýjanda í bréfi, að henni hefði fæðzt sonur, sem hann sé faðir að. Nefnir hún ekki fæðingardag drengsins, en segir aðeins: „hann kom á sínum rétta tíma“. Með því að stefndu hlaut að vera ljóst, að meðgöngutíminn var mjög óeðlilega

langur, ef áfrýjandi væri faðirinn, þá virðist hún hafa ætlað sér að blekkja áfrýjanda viðvíkjandi atriði, er verulegu máli skipti.

Með skírskotun til framangreindra upplýsinga verður ekki talið, þrátt fyrir þau kynni, sem upplýst er um, að aðiljar hafa haft hvort af öðru í september 1935, að stefnda hafi leitt þær líkur til styrktar máli sínu, að málalok verði látin velta á eiði hennar. Verður því að láta úrslit málsins velta á eiði áfrýjanda samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936. Skal hann vera sýkn af kröfum stefndu, ef hann synjar fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936, innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu frá 15.—23. september 1935, að báðum dögum meðtöldum. En ef áfrýjandi vinnur ekki eiðinn, þá skal hann talinn faðir barns þess, sem stefnda ól þann 18. júlí 1936, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá skal stefnda greiða honum samtals kr. 240.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, en málflutningskaup talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, 120 krónur, greiðist þá úr ríkissjóði. En ef áfrýjandi vinnur ekki eiðinn, þá skal hann greiða stefndu og talsmanni hennar fyrir hæstarétti í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti samtals 240 krónur, 120 krónur til hvors þeirra.

Rannsókn mál þessa, áður en dómur gekk í héraði, var mjög ábótavant, og hefir það tafið málið verulega, að upplýsinga um atriði, sem auðvelt var að afla þegar í stað, hefir orðið að leita með framhaldsprófum, auk þess sem sönnunargildi vitnafram-

burða hefir veikzt við það, hve síðla þeir voru teknir.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi, Guðmundur Þorvaldsson, synjar fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936, innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu, Guðrúnu Pétursdóttur, á tímabilinu 15.—23. september 1935, að báðum dögum meðtöldum, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, þá skal hann talinn faðir að barni því, er stefnda ól þann 18. júlí 1936, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði stefnda honum samtals 240 krónur í málskostnað í hérað og fyrir hæstarétti, en málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 120 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, þá greiði hann stefndu og áðurnefndum talsmanni hennar samtals 240 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. okt. 1937.

Þann 18. júlí 1936 ól ógift stúlka, að nafni Guðrún Pétursdóttir, þá til heimilis að Hjarðarbrekku í Eyrarsveit, fullburða sveinbarn. Föður að þessu barni sínu hefir barnsmóðirin tilnefnt Guðmund Þorvaldsson til heimilis á Hverfisgötu 75 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta höfðað gegn honum eftir ósk barnsmóður, sem hefir gert þær kröfur fyrir réttinum, að kærður verði dæmdur faðir sveinbarnsins.

Aðilar eru sammála um það, að þau hafi fyrst kynnzt sumarið 1935 á s/s Kára á leið frá Djúpuvík til Reykjavíkur, en kærður var þá háseti á nefndu skipi. Þá eru kærandi og kærður sammála um það, að þau hafi haft holdlegar samfarir 10. september 1935. Þá hefir kærandi haldið því fram, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan í síðari hluta sama mánaðar og svo áfram öðru hvoru þar til í marzmánuði 1936, en þessum samförum hefir kærður neitað og fullyrt það, að hann hafi haft samfarir við kæranda aðeins þann 10. september 1935 og síðan þrem til fjórum mánuðum síðar. Kærður hefir viðurkennt það, að hann hafi að vísu hitt kæranda síðar í september og farið heim með henni, en neitar því hinsvegar, að þau hafi haft holdlegar samfarir.

Þá eru aðilar sammála um það, að kærður hafi látið kæranda hafa 100 krónur í peningum eftir að hann vissi, að hún var ófrísk, en kærður hefir fullyrt það, að hann hafi ekki með því ætlað á nokkurn hátt að viðurkenna faðernið.

Með því að telja verður samkvæmt því, sem fram er komið í rannsókn málsins, að það sé ekki með öllu útilokað, að kærður geti verið faðir að barninu, sbr. og rskj. nr. 9 og 10, og þar sem einnig ekkert er upplýst um, að kærandi hafi á getnaðartíma barnsins haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en kærðan, þá þykir verða að dæma hann föður þess, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 65 krónur.

Dráttur sá, sem orðið hefir á málinu hér, stafar af því, að kærður var í sumar á síldveiðum við Norðurland, og varð því að fresta rannsókninni.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Guðmundur Þorvaldsson, skal teljast faðir að barni því, er kærandi, Guðrún Pétursdóttir, ól þann 18. júlí 1936. Þá greiði hann og meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, og 65 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. júní 1938.

Nr. 63/1937. **Bjarni Halldórsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Eiríki Kristjánssyni (Enginn).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. júní f. á. Þegar málið var þingfest í septembermánuði s. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað. En þegar það síðar var tekið fyrir, var ekki mætt í því af hálfu stefnda, og er það því flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935.

Áfrýjandi krefst þess hér fyrir dómi, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 100.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 14. marz 1936 til greiðsludags, og ennfremur málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Með því að skilríki þau, sem fram hafa komið í málinu, eru samrímanleg kröfum áfrýjanda og málsútlistun, þá ber að taka kröfur hans til greina að öðru

en því, að vextir verða einungis dæmdir frá sáttakærudegi, 3. apríl 1937.

Eftir þessum málsúrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 450.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Eiríkur Kristjánsson, greiði áfrýjanda, Bjarna Halldórssyni, kr. 100.00 með 5% ársvöxtum frá 3. apríl 1937 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti samtals kr. 450.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrarkaupstaðar 19. maí 1937.

Mál þetta hefir höfðað Björn Halldórsson lögfræðingur, Akureyri, f. h. Bjarna Halldórssonar, Reykjavík, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu dags 29. apríl 1937 gegn Eiríki Kristjánssyni, kaupmanni á Akureyri, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 100.00, auk 5% ársvaxta frá 14. marz 1936 til greiðsludags, og málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður 69.60 aurar.

Stefndur mætti eigi í málinu, og enginn fyrir hans hönd, og var þó löglega stefnt, og ber því að dæma það eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Skuldarviðurkenning frá stefnda liggur ekki fyrir í málinu. Hinsvegar hefir umboðsmaður stefnds skýrt svo frá, að umbjóðandi hans hafi 14. marz 1936 lánað stefnda þessa peninga. Utanréttarvottorð liggur fyrir frá Sigfúsi Blöndahl, Reykjavík, um að stefnandinn, sem sé fátækur maður, hafi lánað stefnda þessa upphæð, kr. 100.00, upp á herbergi hans á Hotel Astoria. Þar sem þannig ekki eru færðar fullar sönnur á, að stefnandinn hafi lánað stefnda þessa peninga, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnandans.

Málskostnaður fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Eirikur Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Björns Halldórssonar f. h. Bjarna Halldórssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. júní 1938.

Nr. 184/1936. **Theódór B. Líndal f. h. Jóhanns J. Eyfirðings, Ingvars Péturssonar, Ólafs Pálssonar, Sigurjóns Jónssonar vegna Jóns Andréssonar, Hannesar Halldórssonar og verzlunar Guðmundar Sveinssonar** (Th. B. Lindal)

gegn

Bankastjórum Landsbanka Íslands f. h. bankans (Pétur Magnússon).

Farmskírteini tvö útgefin um sama farm til tveggja aðilja. Innheimtuumboð.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1936, krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 35291. 78 eða aðra lægri fjárhæð samkvæmt varakröfum hans og málsútlistun hér fyrir dómi, ásamt 5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð, sem til greina yrði tekin, frá 2. nóvember 1930 eða til vara frá 5. febrúar 1931 til greiðsludags. Enn krefst áfrýjandi þess til vara, að stefndi verði dæmdur til greiðslu svo sem að framan segir, nema því aðeins að Ludvig bankastjóri Kaaber synji fyrir það með

eiði á löglegu varnarþingi, að honum hafi verið kunnugt um það, að h/f Copland var ekki eigandi fisks þess frá Ísafirði, sem mál þetta fjallar um, þegar fulltrúi hlutafélags þessa, Guðmundur Albertsson, fékk Landsbankanum til umráða farmskírteini þau yfir nefndan fisk, sem skipstjórinn á e/s „Kongshaug" gaf út í Reykjavík þann 5. nóvember 1930.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða dómi, seldu umbjóðendur áfrýjanda h/f Copland 1416 pakka af fiski haustið 1930, og var fiskurinn sendur frá Ísafirði 2. nóvember það ár í e/s „Kongshaug", sem um þær mundir var að taka fisk til flutnings hjá ýmsum kaupunautum h/f Copland hér á landi. Átti skipið fyrst að flytja fiskinn til Reykjavíkur og síðan til Ítalíu. Áður skipið færi frá Ísafirði, gaf skipstjóri þess út farmskírteini um fisksendinguna þaðan, og var h/f Copland talinn sendandi hennar, en með því að hlutafélag þetta átti að greiða fiskinn í Reykjavík, þá varð það að ráði, að útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði tók að sér að senda farmskírteinið, ásamt reikningum yfir fiskinn, alls ásamt kostnaði að upphæð kr. 35291.78, til Landsbankans í Reykjavík. Voru skjöl þessi send með bréfi útibúsins 2. nóvember 1930, þar sem þess var beiðzt, að skjölin yrðu afhent h/f Copland gegn greiðslu reikningsfjárhæðarinnar. Er ekki sannað, að skjölin hafi komið til aðalbankans fyrr en þann 8. nóvember 1930, og hafa þau ekki verið innleyst af téðu hlutafélagi. E/s „Kongshaug" kom til Reykjavíkur þann 4. s. m. og var búið ferðar sinnar til Genúa þann 5. s. m. Þá var það, að skipstjórinn gerðist til þess, að hvötum Guðmundar Albertssonar, fulltrúa h/f. Copland, að gefa út ný farmskírteini til hlutafélags þessa yfir fisksendinguna frá

Ísafirði, ásamt öðrum farmi skipsins, þrátt fyrir það þótt farmskírteini það, sem skipstjórinn hafði gefið út á Ísafirði, væri honum ekki selt í hendur. Lét e/s „Kongshaug“ síðan úr höfn í Reykjavík að morgni þess 6. s. m. Hin nýju farmskírteini voru fengin Landsbankanum til umráða og ráðstöfunar þann 11. s. m. af Guðmundi Albertssyni. Er ágreiningslaust í málinu, að fiskfarminum hafi verið veitt viðtaka í Ítalíu samkvæmt síðastnefndum farmskírteinum síðast í nóvembermánuði 1930, og að söluandvirði farmsins hafi runnið til Landbankans til greiðslu á lánum hans til h/f Copland.

Í málinu hefir verið um það deilt, hvenær fyrirsvarsmönnum Landsbankans hafi orðið kunnugt misferli það, sem áður er lýst, um útgáfu farmskírteinanna. Ludvig bankastjóri Kaaber telur Guðmund Albertsson hafa tjáð sér þetta fyrst eftir að sýnt var, að Landsbankanum var ekki veitt full bankatrygging fyrir greiðslu farmsins í e/s „Kongshaug“, eins og lofað hafði verið af hálfu h/f Copland. Nú er það sannað í málinu, að ólagið á bankatryggingunni var komið í ljós þann 21. nóvember 1930, því að þá var fiskfulltrúa Helga Guðmundssyni tilkynnt þetta í símskeyti og honum falið að taka ráðstöfun á fiski þeim, er selja átti í Genúa, í sínar hendur. Verður því að telja fullvíst, að téður fyrirsvarsmaður Landsbankans hafi fengið að vita, hvernig málum þessum var háttað eigi síðar en 21. nóvember. Fór nú Helgi Guðmundsson til Genúa, en þangað átti e/s „Kongshaug“ að fara samkvæmt ákvæðum farmskírteinanna. Hafði Helgi síðan umsjá með afhendingu og sölu farmsins. Leitað hefir verið vitnisburðar Helga í máli þessu, og skýrir hann svo frá, að skipstjórinn á „Kongshaug“ hafi tjáð

honum í Genúa, að hann hefði gefið út farmskírteini yfir fisk frá Ísafirði án þess að tilsvarandi eldra farmskírteini væri honum afhent. Með því að fyrirsvarsmenn Landsbankans þannig þekktu atvik málsins áður en að fiskinum var ráðstafað úr e/s Kongshaug" á Ítalíu, þá leiðir þegar af því, að Landsbankanum var óheimilt samkvæmt ástæðum þeim, sem liggja til grundvallar 170. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914, að slá hendi sinni á fiskinn frá Ísafirði eða andvirði hans, og með því ennfremur, að andvirði fisks þessa rann til Landsbankans, þá verður að telja bankanum lögskylt að endurgreiða það. Endurgreiðsluna verður að miða við verðmæti fisksins, komins til Ítalíu, því ekki er sannað, að fyrirsvarsmenn bankans hafi vitað fyrr en þá um athæfi það, sem drýgt var við útgáfu farmskírteinanna.

Samkvæmt útreikningi áfrýjanda hefir nokkur hluti Ísafjarðarfisksins verið seldur í Genúa fyrir ..... kr. 17446.72
Hinn hluta fisksins kveður áfrýjandi hafa selzt í Neapel og telur andvirði hans ..... — 14318.74

Heildarverð kr. 31765.46

Þessa útreikninga áfrýjanda verður að leggja til grundvallar, með því að rök hafa ekki verið færð fyrir því af hálfu stefnda, að þeir væru rangir. Til frádráttar greindri fjárhæð vill stefndi láta koma kr. 5000.00, sem eigendur e/s „Kongshaug" hafa greitt áfrýjanda, en þar eð greiðsla þessi mun ekki hafa gert betur en hrökkva fyrir kostnaði við málaferli í Noregi, þá verður frádrátturinn þegar af þeirri ástæðu ekki heimilaður. Upphafsdag vaxta þeirra, sem stefnda ber að greiða, þykir rétt að miða við

5. febrúar 1931, svo sem áfrýjandi krefst til vara, því að telja verður, eins og málið liggur fyrir, að þá hafi andvirði fisksins verið fært Landsbankanum til tekna. Niðurstaðan verður þannig sú, að stefnda ber að greiða áfrýjanda kr. 31765.46 með 5% ársvöxtum frá 5. febrúar 1931 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 1800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, bankastjórar Landsbanka Íslands f. h. bankans, greiði áfrýjanda, Theódór B. Lindal f. h. Jóhanns J. Eyfirðings, Ingvars Péturssonar, Ólafs Pálssonar, Sigurjóns Jónssonar vegna Jóns Andréssonar, Hannesar Halldórssonar og verzlunar Guðmundar Sveinssonar, kr. 31765.46 með 5% ársvöxtum frá 5. febrúar 1931 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1800.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. ágúst 1936.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. des. f. á. af Theódór B. Lindal hrm., hér í bæ, f. h. Jóhanns J. Eyfirðings, Ingvars Péturssonar, Ólafs Pálssonar, og Sigurjóns Jónssonar vegna Jóns Andréssonar, og Hannesar Halldórssonar, allra á Ísafirði, og verzlunar Guðmundar Sveinssonar í Hnífsdal gegn stjórnendum Landsbanka Íslands hér í bænum, þeim Magnúsi Sigurðssyni, Ludvig Kaaber og Georg Ólafssyni fyrir hönd bankans, til greiðslu á kr.

35291.78 með 6% ársvöxtum frá 2. nóv. 1930 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að haustið 1930 seldi stefnandinn Jóhann Eyfirðingur h. f. Copland í Reykjavík fisk frá sjálfum sér og meðstefnendum sínum fyrir hina umstefndu upphæð. Var fiskurinn sendur frá Ísafirði 2. nóv. 1930 með e. s. Kongshaug frá Haugasundi, sem h. f. Copland hafði leigt til þess að taka fisk hjá viðskiptavinum sínum á ýmsum höfnum hér við land og flytja hann fyrst til Reykjavíkur og síðan til Miðjarðarhafslandanna. Umrædd fisksending var seld með þeim skilmálum, að greiðsla kaupverðsins færi fram í Landsbankanum hér gegn afhendingu farmskírteina. Áður en skipið lagði af stað frá Ísafirði gaf skipstjóri e. s. Kongshaug út farmskírteini um sendinguna, og í þeim var h. f. Copland talið sendandi fiskjarins. Voru farmskírteinin, ásamt reikningi yfir fisksendinguna, samstundis afhent útibúi Landsbankans á Ísafirði til innheimtu, og fól það skjöl þessi í lokuðu umslagi, utanáskrifuðu til Landsbankans, í umsjá Péturs Hanssonar, er var með skipinu sem trúnaðarmaður h. f. Copland við fisktökuna út um land. Skyldi hann annast bréfið til Reykjavíkur og afhenda það viðtakanda (Landsbankanum) strax og skipið væri þangað komið. E. s. Kongshaug kom hingað til bæjarins 4. nóv. 1930, og fermingu þess var lokið að kvöldi 5. s. m. Gaf skipstjórinn þá út ný farmskírteini yfir allan farminn, sem tekinn hafði verið á höfnum úti um land, án þess að fá Ísafjarðarfarmskírteinin afhent, og sigldi síðan morguninn eftir áleiðis til útlanda. Afhenti fulltrúi h. f. Copland, Guðmundur Albertsson, Landsbankanum nokkrum dögum síðar nýju farmskírteinin, að því er séð verður, að handveði til tryggingar lánum, að upphæð rúmlega 8000 pund, er félagið hafði fengið hjá bankanum í sambandi við skipsfarm þennan. Eftir að reynt hafði verið árangslaust að fá greiðslu hjá kaupanda, h. f. Copland, á Ísafjarðarfarmskírteinunum, fékk umboðsmaður seljanda þau afhent hjá Landsbankanum, og höfðuðu þeir síðan mál á hendur eigendum skipsins til greiðslu fiskandvirðisins á þeim grundvelli, að skipstjórinn hefði með því að gefa út nýju farmskírteinin, án þess að fá hin eldri afhent, gert sig sekan um vanrækslu í starfi sínu. Sú vanræksla hans hafi valdið því, að þeir (seljendurnir) hafi ekki fengið fiskandvirðið greitt, en á þessari

vanrækslu skipstjórans hafi skipseigendurnir borið ábyrgð. Hinn 20. des. 1933 féll dómur í málinu í undirrétti í Haugasundi á þá leið, að skipseigendurnir voru sýknaðir. Dómi þessum var skotið til hæstaréttar Noregs, en áður en málinu yrði lokið þar strandaði e. s. Kongshaug og var dæmt óbætandi. Var þar með orðin að engu fullnægjugrundvöllur sá, sem seljendurnir gátu haldið sér að hjá eigendum skipsins. Hættu seljendurnir því við málið, en sátt komst á við skipseigendur á þeim grundvelli, að þeir greiddu kr. 5000.00. Fór sú greiðsla fram 26. febr. f. á., en gerði ekki betur en hrökkva fyrir kostnaði við málaferlin. Meðan á greindri málsókn stóð, héldu seljendurnir opinni leið til málshöfðunar á hendur Landsbankanum út af meðferð umræddra farmskírteina, og nú er mál þetta höfðað til greiðslu andvirðis fiskjar þess, sem þau fjölluðu um.

Stefndir hafa mótmælt öllum kröfum stefnanda í málinu og krafist sýknu af þeim og málskostnaðar í því eftir mati réttarins.

Kröfur sínar á hendur bankanum byggir stefnandi fyrst og fremst á því, að bankinn hafi ekki rækt innheimtuumboð sitt svo vel sem skyldi. Heldur hann því fram, að Pétur Hansson muni hafa skilað bréfinu með Ísafjarðarfarmskírteininunum í bankann áður en e. s. Kongshaug lagði af stað til útlanda, og styður hann þessa staðhæfingu sína á framburði áurnefnds Péturs Hanssonar um þetta efni. Bankanum hafi því verið í lófa lagið og borið að hindra það, að skipið sigldi héðan, nema farmskírteini væru greidd. Þetta hafi bankinn ekki gert, og hafi seljendurnir því misst umráðaréttinn yfir fiskinum, og þar með möguleikann til þess að fá fiskandvirðið greitt. Jafnframt telur stefnandi, að hafi flutningsmaður farmskírteinanna vanrækt að afhenda þau í bankann áður en skipið var lagt frá landinu, þá beri bankinn ábyrgð á þeirri vanrækslu, því að flutningsmaðurinn beri að skoðast sem trúnaðarmaður bankans að því er bréfburðinn snertir. Stefndir hafa nú haldið því fram, að umrædd farmskírteini hafi ekki komið í bankann fyrr en 8. nóv. 1930, eða eftir að skipið var siglt. Byggja þeir þessa staðhæfingu á því, að á bréfið, sem farmskírteinunum fylgdi, sé stimplað, að það sé innkomið í bankann þennan dag, en þeir kveða það fasta

venju, að á öll bréf, sem berast bankanum, sé stimplaður komudagur þeirra.

Gegn mótmælum stefndra hefir stefnanda ekki tekizt að sanna, að Ísafjarðarfarmskírteinin hafi komið fyrr í bankann en þeir halda fram. Verður því ekki til þess ætlazt af bankanum, að hann gerði neinar ráðstafanir til þess að hindra brottför e. s. Konghaug héðan eftir að skipið var ferðbúið, og hefir hann því ekki gert sig sekan í nokkurri vanrækslu gagnvart seljendum Ísafjarðarfisksins með aðgerðaleysi sínu í þessu efni. Þá verður ekki fallizt á það hjá stefnanda, að bankinn beri ábyrgð á bréfflutningi oftnefnds Péturs Hanssonar. Í málinu er það upplýst, að þegar starfsmaður útibús Landsbankans á Ísafirði afhenti manni þessum bréfið með farmskírteinunum til flutnings, var Jóhann Eyfirðingur, sem kom fram fyrir hönd fiskeigendanna við fisksöluna til h. f. Copland, viðstaddur. Hreyfði hann engum athugasemdum gegn þessari ráðstöfun, og verður hann því að teljast hafa samþykkt hana fyrir sína hönd og meðeiganda sinna að fiskinum. Lítur rétturinn því svo á, samkvæmt framansögðu, að umrædd sóknarástæða stefnanda hafi ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi reisir stefnandi kröfur sínar á þeim grundvelli, að bankanum hafi hlotið að vera það kunnugt, eða að minnsta kosti átt að vera það kunnugt, þegar hann fékk nýju farmskírteinin yfir farminn í e. s. Kongshaug afhent, að Ísafjarðarskírteinin lægju óinnleyst í bankanum. Jafnframt hafi bankanum átt að vera það ljóst, að Ísafjarðarfiskurinn væri innifalinn í fiskmagni því, sem nýju farmskírteinin hljóðuðu um. Bankinn hafi því ekki getað verið í góðri trú um ráðstöfunarrétt h. f. Copland yfir Ísafjarðarfiskinum, þegar hann fékk nýju farmskírteinin afhent, og hafi hann þessvegna ekki getað öðlazt neinn rétt til andvirðis hans við afhendingu þeirra, en þar sem það hafi runnið inn til bankans, beri honum að skila því.

Mótmæli gegn framangreindri málsástæðu stefnanda reisa stefndir á því, að bankinn hafi fengið nýju farmskírteinin afhent með formlega löglegri heimild þess, sem lét þau af hendi til hans. Við afhendinguna hafi ekki verið minnzt einu orði á Ísafjarðarfiskinn. Það hafi ekki verið fyrr en síðar, að talað hafi verið um það af hálfu h. f. Copland,

að félagið vantaði fé til greiðslu hans. Bankanum hafi ekki borið nein skylda til að rannsaka heimild farmsendara til fisks þess, sem farmskírteini þau, sem hann fékk í hendur, hljóðuðu um, og hafi bankinn því við afhendingu nýju farmskírteinanna öðlazt fullan rétt yfir þeim og verðmæti því, sem þau fjölluðu um. Og á þetta verður að fallast hjá stefndum. Það er að vísu svo, að nýju farmskírteinin voru ekki afhent bankanum fyrr en 11. nóv. 1930, en á þeim tíma átti bankanum að vera það kunnugt, að Ísafjarðarfarmskírteinin lágu þar óinnleyst. Hinsvegar er það ekki sannað gegn mótmælum stefndra, að fulltrúi h. f. Copland hafi minnzt á það við afhendingu farmskírteinanna, að félagið þyrfti að fá peninga hjá bankanum til greiðslu Ísafjarðarskírteinanna. Gat bankinn því við móttöku nýju skírteinanna gengið út frá því, að h. f. Copland ætlaði að greiða Ísafarðarfiskinn með öðru fé en því, sem fengist fyrir fiskinn samkvæmt nýju farmskírteinunum, og var bankinn því algerlega í góðri trú um ráðstöfunarrétt sinn á öllu andvirði fiskjarins samkvæmt þeim. Það verður heldur ekki séð, að bankanum hafi verið falið að gæta hagsmuna seljenda Ísafjarðarfisksins sérstaklega. Í bréfinu, sem Ísafjarðarfarmskírteinunum fylgdi, er bankinn aðeins beðinn að afhenda h. f. Copland þau gegn greiðslu, en í því eru engin fyrirmæli um sérstakar innheimturáðstafanir gagnvart félaginu, og telja verður, að bankinn hafi rækt innheimtuumboð sitt sem venja og ástæður lágu til.

Samkvæmt framansögðu hefir því umræddur kröfugrundvöllur stefnanda heldur ekki við rök að styðjast, og ber því að taka sýknukröfu stefndra til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, stjórnendur Landsbanka Íslands, þeir Magnús Sigurðsson, Ludvig Kaaber og Georg Ólafsson, skulu fyrir bankans hönd vera sýknir af kröfum stefnandans, Theódórs B. Líndal f. h. Jóhanns J. Eyfirðings o. fl., í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. júní 1938.

Nr. 48/1938. **Páll Hallbjörns** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Sveinbirni Kristjánssyni (Enginn).

Útgáfa afsals að húseign.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 9. apríl þ. á., hefir krafizt þess, *að* hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og *að* lagt verði fyrir fógetann I) *að* framkvæma fjárnám hjá stefnda fyrir áföllnum 6000 króna dagsektum, og II) *að* gefa út afsal að húseigninni Leifsgötu 32 hér í bæ til handa áfrýjanda í því ástandi, sem hún nú er í, gegn því, að hann taki að sér greiðslu á veðskuldum þeim, sem hvíla á eigninni með 1. og 2. veðrétti til Veðdeildar Landsbankans og handhafa, ef stefndi fæst ekki sjálfur til að gefa út afsalið.

Stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta fyrir hæstarétti, enda þótt honum hafi verið löglega stefnt. Er mál þetta því dæmt samkvæmt 1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna eftir framlögðum skilríkjum.

Um I). Dómur gestaréttar Reykjavíkur, sá er í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, er kveðinn upp 12. ágúst 1936 og hæstaréttardómur sá, er staðfesti gestaréttardóminn, 6. nóv. s. á. Dagsektir þær, sem í dómum þessum segir, eru því ákveðnar eftir þeim lögum, sem þá voru í gildi um það efni, N. L. 1—5—15 og 1—22—48, og koma því ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936 um dagsektir eigi til greina, sjá d.-lið 222. gr. sömu laga. Samkvæmt nefndum greinum N. L. á áfrýjandi ekki aðild um innheimtu eða afplánun

dagsekta, sem nefndar eru „Straf“ í N. L. 1—5—15 og greiðast skulu til konungs (þ. e. nú ríkissjóðs) eftir N. L. 1—22—48. Þessi krafa, sem áfrýjandi gerði og fyrir fógetarétti, en fógeti úrskurðaði ekki beinlínis, verður því ekki tekin til greina.

Um II). Samkvæmt gestaréttardóminum 12. ágúst 1936 sbr. hæstaréttardóminn 6. nóv. s. á. er stefnda dæmt skylt að gefa út framannefnt afsal gegn því a) *að* áfrýjandi taki að sér greiðslu á veðskuldum þeim tveimur, sem að framan getur, og b) *að* áfrýjandi gefi út til handa stefnda skuldabréf, að upphæð kr. 8337.70, með 3. veðrétti í fasteigninni Leifsgötu nr. 32, en að frádregnum kostnaði eftir mati dómkvaddra manna við að koma nefndri eign í samningshæft ástand, enda var hús þetta ekki fullgert, er kaupsamningur aðilja um eignina var gerður, og áfrýjanda heimilað að fullgera það, vegna vanefnda stefnda á skuldbindingu sinni um að skila húsinu fullgerðu, á kostnað hins síðarnefnda.

Um a). Í kaupsamningi aðilja um oftnefnda eign, sem gerður var 12. október 1935, skuldbatt áfrýjandi sem kaupandi sig til að greiða lán þau, er stefndi fengi með 1. og 2. veðrétti í henni, og tók stefndi lán þessi tvö (kr. 25.300.00 og kr. 25.000.00) eftir að kaupsamningurinn var gerður og þinglesinn. Ennfremur greiddi áfrýjandi samtals kr. 25000.00 við undirskrift kaupsamningsins, að því er þar segir, en kaupverðið var ákveðið kr. 85.000.00. Skuldir á 1. og 2. veðrétti virðast því hafa verið mjög vel tryggðar. Stefndi átti sjálfur að stofna þær og hefði því getað, ef hann hefði viljað gera kaupin ónýt, samið svo við lánveitendur, að minnsta kosti þann, er lán veitti gegn tryggingu í 2. veðrétti, að þeir skyldu neita að taka áfrýjanda gildan skuldunaut í stað sinn

(stefnda). En ef slík hefði verið tilætlun aðilja, þá hefði áfrýjandi (kaupandi) einn átt að bera áhættuna á því, að hann yrði tekinn gildur skuldunautur, og ef svo skyldi ekki reynast, þá hefðu kaupin aldrei getað fullgerzt, og áfrýjandi hefði þá jafnframt hlotið að bera áhættu á endurheimtu þeirra kr. 25.000.00, er hann hafði greitt upp í kaupverðið. Það verður ekki með nokkru móti talið, að tilætlun aðilja geti hafa verið sú, að áfrýjandi bæri alla þessa áhættu, enda er það alvanalegt, að afsöl séu gefin út áður en lánardrottnar með veðtryggingu í seldri fasteign taki kaupanda gildan skuldunaut og leysi seljanda. Verður því að skilja svo ákvæði téðs kaupsamnings og áðurnefnds gestaréttardóms um það, að áfrýjandi taki að sér skuldirnar á 1. og 2. veðrétti í Leifsgötu 32, að hann staðfesti yfirlýsingu sína í kaupsamningnum þar um fyrir fógetarétti eða um leið og hann fær afsal, ef stefndi gefur það út án atbeina fógetaréttar.

Um b). Til frádráttar upphæð skuldabréfsins, kr. 8337.70, vill áfrýjandi láta koma:

1. Kostnað af að koma húsinu Leifsgötu 32 í samningshæft ástand. Sá kostnaður er ákveðinn með óhögguðu mati dómkvaddra manna kr. 3419.00. Og kemur þessi upphæð til frádráttar nefndum kr. 8337.70 samkvæmt áðurnefndum dómum.

2. Áfrýjandi telur stefnda hvorki hafa greitt gjald fyrir rafmagnsheimtaug né innlagning gasæða eða gasáhöld, og telur áfrýjandi sig hafa orðið að greiða kr. 1093.17 í þessu skyni, auk áðurnefndrar matsupphæðar. Þar sem auðsætt virðist, að stefndi hafi átt að skila húsinu í fullu standi að þessu leyti og hann hefir ekki hnekkt sögn áfrýjanda um það, að hann (áfrýjandi) hafi orðið að greiða upphæð þessa, þá

verður hún og, samkvæmt kröfu áfrýjanda, einnig að koma til frádráttar nefndum kr. 8337.70.

3. Málskotnað vegna málaferla aðilja út af kaupum á Leifsgötu 32, er stefnda hafi verið dæmt að greiða áfrýjanda, svo og kostnað af mati samkvæmt gestaréttardóminum, telur hann nema kr. 1190.60. Þessi upphæð verður einnig að koma umræddum kr. 8337.70 til frádráttar samkvæmt kröfu stefnda. Með sama hætti kemur til frádráttar téðum kr. 8337.70 málskostnaður samkvæmt dómi þessum og sá málskostnaður, er fógeti kann að ákveða til handa áfrýjanda vegna væntanlegrar fógetagerðar samkvæmt þessum dómi.

4. Leigutap það, er í hinum áfrýjaða úrskurði segir, kr. 900.00, er umþrætt og ódæmt, og getur því ekki komið til frádráttar oftnefndum kr. 8337.70.

5. Svo er loks að ráða af flutningi málsins sem áfrýjandi vilji láta nokkurn hluta dagsekta þeirra, er áður getur í I), ganga upp í það, sem eftir verður af margnefndum kr. 8337.70, þegar upphæðir þær, sem í 1—3 að ofan getur, hafa verið dregnar frá. Samkvæmt því, er í I) að ofan segir, verður þessi krafa ekki tekin til greina.

Samkvæmt framanskráðu ber að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og leggja fyrir fógetann að gefa út f. h. stefnda afsal til áfrýjanda að húseigninni Leifsgötu 32 í Reykjavík með lóðarréttindum og öllu tilheyrandi gegn 1) yfirlýsingu áfrýjanda um það, að hann taki að sér greiðslu veðskulda þeirra, er í II) a. að framan getur, og 2) útgáfu skuldabréfs með 3. veðrétti í áðurnefndri eign, að upphæð kr. 8337.70, að frádregnum upphæðum þeim, er í II) b. 1.—3. getur.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir fógetarétti og hæstarétti, er ákveðst samtals 700 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og ber fógetanum að gefa út f. h. stefnda, Sveinbjarnar Kristjánssonar, afsal til áfrýjanda, Páls Hallbjörns, að húseigninni Leifsgötu nr. 32 í Reykjavík með lóðarréttindum og öllu tilheyrandi gegn 1) yfirlýsingu áfrýjanda um það, að hann taki að sér greiðslu veðskulda þeirra, er í II) a. að framan getur og hvíla á téðri fasteign með 1. og 2. veðrétti, og 2) útgáfu skuldabréfs með 3. veðrétti í sömu eign, að upphæð kr. 8337.70, en að frádregnum þeirri upphæð fjárhæðum þeim, er í II) b. 1.—3. að framan greinir.

Stefndi greiði áfrýjanda 700 krónur samtals í málskostnað fyrir fógetarétti og hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 1. apríl 1938.

Í máli þessu hefir gerðarbeiðandi, Páll Hallbjörns, kaupmaður hér í bæ, beiðzt aðfarar hjá Sveinbirni Kristjánssyni, Skólavörðustíg 15 hér í bænum, til fullnægju dómi uppkveðnum í hæstarétti 6. nóvember 1936, en sá dómur staðfestir dóm gestaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 12. ágúst 1936, í málinu Páll Hallbjörns gegn Sveinbirni Kristjánssyni og gagnsök.

Gerðarþoli hefir mótmælt aðfarargerð þessari, og lögðu aðilar atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Málavextir eru þeir, að með fyrrgreindum gestaréttardómi er gerðarþoli dæmdur að viðlögðum 50 króna dag-

sektum til þess að afsala gerðarbeiðanda húseigninni nr. 32 við Leifsgötu, ásamt lóðarréttindum og öllu tilheyrandi, gegn því að gerðarbeiðandi taki að sér að greiða veðskuldir þær, er á eigninni hvíla með 1. og 2. veðrétti, til Veðdeildar Landsbankans og handahafa, að upphæð kr. 25.300.00 og kr. 25.000.00, og gefi út gerðarþola til handa skuldabréf til eins árs frá afsalsdegi, tryggt með 3ja veðrétti í eigninni, að upphæð kr. 8337.70, ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi, en að frádregnum kostnaði eftir mati dómkvaddra manna við að koma umræddri eign í samningshæft ásigkomulag. Þá greiði gerðarþoli gerðarbeiðanda kr. 1000.00 í málskostnað, og ber að fullnægja þessum dómi innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Með dómi hæstaréttar, sem um getur hér að framan, var gestaréttardómur þessi staðfestur, og gerðarþoli einnig dæmdur til að greiða gerðarbeiðanda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þann 9. nóvember 1936, eða á 3ja degi eftir að umgetinn hæstaréttardómur var uppkveðinn, skrifar gerðarbeiðandi lögmanninum í Reykjavík bréf, þar sem hann óskar eftir því, að útnefndir verði 2 menn til þess að framkvæma mat það, sem um getur í hinum framlögðu dómum. Framkvæma hinir útnefndu menn mat þetta, og verður ekki séð, að gerðarþoli hafi verið þar viðstaddur, þrátt fyrir það, að telja má sannað með réttarskj. nr. 18, að hann hafi fengið tilkynnningu um það, hvenær það ætti að fara fram. Matsgerð þessi er undirrituð af matsmönnum þann 12. nóvember 1936, og er matsupphæðin kr. 3419.00. Í matsgerðinni er einnig tekið fram, að kaupandi og málafærslumaður hans telji, að seljanda beri að greiða til Rafmagnsveitunnar fyrir heimtaug kr. 530.00 og til Gasstöðvarinnar fyrir gasvélar kr. 563.17. Sömuleiðis er þar einnig tekið fram, að það muni taka 6 vikur, ef ekki hamli veður eða önnur óviðráðanleg vandkvæði, að vinna þau verk við húsið, sem ógerð eru. Matsgerð þessi er síðan ekki staðfest fyrir rétti fyrr en 9. september 1937, en þá er matsmál þetta tekið fyrir í hinu reglulega bæjarþingi, og matsgerðin staðfest að viðstöddum gerðarþola.

Með bréfi dagsettu 13. nóvember 1936 tilkynnir gerðarbeiðandi gerðarþola niðurstöðu fyrrgreinds gestaréttardóms,

svo og staðfestingu hans með hæstaréttardóminum, og enn fremur mat það, er fram hafi farið daginn áður. Skorar hann þar á gerðarþola, að viðlögðum 50 króna dagsektum frá dagsetningu bréfsins, að fullnægja dómum þessum gegn því, að hann (gerðarbeiðandi) gefi út hið umrædda 3. veðréttar skuldabréf, að upphæð kr. 8337.70, þó að frádregnum þessum upphæðum.

I.	Matsverð það, sem kostar að koma húsinu í samningshæft ástand	kr. 3419.00
II.	Heimtaugargjald og innlagning gasæða og gasáhalda	— 1093.17
III.	Leigutap þann tíma, sem það tekur að koma húsinu í stand	— 900.00
IV.	Málskostnaður fyrir báðum réttum og matskostnaður	— 1190.60

Þá vekur gerðarbeiðandi sérstaka athygli á því, að hann muni samkvæmt ákvæðum dómanna um dagsektir krefjast þess, að kr. 50.00 verði dregnar frá skuldabréfs upphæðinni fyrir hvern dag, sem hann (gerðarþoli) dragi að gefa út afsalið.

Tilkynning þessi er birt samdægurs á heimili gerðarþola af stefnuvottum, sem jafnframt afhenda afrit hennar.

Af réttarskjali nr. 6 verður séð, að með stefnu dags. 30. nóvember 1936 höfðar gerðarbeiðandi mál gegn firmunum J. Þorlákssson & Norðmann og Timburverzlun Árna Jónssonar til þess að fá þau dæmd til að aflýsa tryggingarbréfi, tryggðu með 3ja veðrétti í húseigninni nr. 32 við Leifsgötu, einmitt þeim veðrétti, er gerðarþoli skyldi fá til tryggingar skuld þeirri, er hann kynni að eiga á hendur gerðarbeiðanda við afsal fyrir ofangreindri eign. Með dómi í þessu máli, uppkveðnum 15 apríl 1937 í bæjarþingi Reykjavíkur, eru nefnd firmu skylduð til að láta aflýsa nefndu tryggingarbréfi, og er þessi dómur staðfestur að efni til í hæstarétti 21. janúar 1938.

Eftir að bæjarþingsdómur þessi var uppkveðinn, eða 21. s. m., fer gerðarbeiðandi þess á leit, að aðfarargerð þessi fari fram, og er hún því næst tekin fyrir hér í fógetaréttinum 28. maí 1937, og er þá lagt fram í réttinum aðfararbeiðnin, útskrift af gestaréttardómi í málinu Páll Hallbjörns gegn Sveinbirni Kristjánssyni og gagnsök, eftirrit af dómi hæstaréttar, þar sem gestaréttardómur þessi er staðfestur,

tilkynning gerðarbeiðanda til gerðarþola um niðurstöðu dómanna og áskorun um að gefa út afsal fyrir eigninni nr. 32 við Leifsgötu, með árituðu birtingarvottorði stefnuvotta, reikning yfir dagsektir, útskrift af dómi bæjarþings Reykjavíkur í máli gerðarbeiðanda gegn firmunum J. Þorlákssonar & Norðmann og Timburverzlun Árna Jónssonar.

Í þessu réttarhaldi mætti gerðarþoli sjálfur og neitaði að gefa afsal fyrir eign þessari og fékk frest til andsvara, en eftir að hann hafði fengið einu sinni framhaldsfrest og gerðinni hafði verið frestað einu sinni utan réttar, var mál þetta tekið fyrir aftur 11. júní 1936 (sic), og eftir að gerðarþoli hafði þá lagt fram í réttinum vörn og gerðarbeiðandi sókn, leggur gerðarbeiðandi fram þá fyrst útskrift úr auka- og gestaréttarbók Reykjavíkur um útnefningu matsmanna með árituðu matsverði þeirra, svo og vottorð frá Gasstöð Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur viðvíkjandi kröfum sínum í sambandi við húsið nr. 32 við Leifsgötu. Mál þetta er þvínæst ekki tekið fyrir aftur hér í fógetarétt-inum fyrr en 4. febrúar þ. á., og er þá lögð fram útskrift úr bæjarþingsbók Reykjavíkur út af (sic) staðfestingu, sem fram fór í bæjarþingi Reykjavíkur 9. september 1937, á áminnstri matsgerð. Er þá einnig lagt fram endurrit af dómi hæstaréttar, uppkveðnum 21. jan. 1938, í málinu Timburverzlun J. Þorlákssonar & Norðmann og Timburverzlun Árna Jónssonar gegn Páli Hallbjörns og gagnsök, þar sem nefnd firmu eru dæmd til að aflýsa 3. veðréttartryggingarbréfinu á Leifsgötu 32.

Mótmæli þau, er gerðarþoli hefir komið fram með gegn framgangi þessarar gerðar, eru fyrst og fremst þau, að framlagður hæstaréttardómur sé ekki aðfararhæfur, með því í honum sé enginn aðfararfrestur, en það sé skylt að ákveða hann eftir 51. gr. hæstaréttarlaganna, en beri að skilja hæstaréttardóminn þannig, að hann staðfesti aðfararfrest undirréttardómsins, þá sé hann heldur ekki aðfararhæfur, þar sem hvorugur dómanna hafi verið birtur.

Hinn framlagði hæstaréttardómur ákveður sjálfur aðfararhæfni sína, og er fógetarétturinn bundinn þar af, og þar sem enginn aðfararfrestur er ákveðinn í sjálfum dómnum, þá verður að telja, að hann sé þegar í stað aðfararhæfur og nægilega birtur gerðarþola með greiðsluáskoruninni á rétt-

arskj. 4 og framlagningu í fógetaréttinum að gerðarþola sjálfum viðstöddum.

Til vara hefir gerðarþoli mótmælt framgangi gerðarinnar, með því að gerðarbeiðandi hafi ekki fullnægt þeim skyldum, sem honum bar að fullnægja samkv. dómnum til þess að geta krafizt umræðds afsals.

Í hinum framlagða gestaréttardómi er svo tekið fram, að gerðarbeiðandi eigi að taka að sér greiðslu á veðskuldum þeim, er hvíla á 1. og 2. veðrétti eignarinnar Leifsgötu 32, og eigi að gefa gerðarþola út skuldabréf tryggt með 3. veðrétti í sömu eign fyrir kr. 8337.70, en að frádregnum kostnaði samkv. mati dómkvaddra manna við að koma umræddri eign í samningshæft ásigkomulag.

Af ákvæðum dómsins verður að ætla, að gerðarþoli sé ekki skyldur til að gefa út umrætt afsal fyrir eigninni fyrr en eða um leið og gerðarbeiðandi hefir uppfyllt skyldur sínar samkv. dómnum, en þær skyldur eru í fyrsta lagi að taka að sér greiðslu á skuldum þeim, sem hvíla á 1. og 2. veðrétti eignarinnar.

Af því, sem fram er komið í máli þessu, verður ekki séð, að 1. og 2. veðhafi í húseigninni Leifsgötu 32 hafi samþykkt gerðarbeiðanda sem skuldara og leyst gerðarþola úr ábyrgðinni fyrir skuldum þeim, sem á 1. og 2. veðrétti hvíla, en slík yfirlýsing verður að telja, að þurfi að liggja fyrir til þess að skyldum gerðarbeiðanda gagnvart gerðarþola sé fullnægt, og ber því þegar af þeirri ástæðu að neita um framgang gerðarinnar að svo stöddu.

Aðilar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar, en eftir atvikum þykir rétt að láta hann falla niður.

Úrskurður þessi hefir ekki verið kveðinn upp fyrr vegna anna.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Mánudaginn 13. júní 1938.

Nr. 50/1938. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Johan Ole Gerhard Ellerup
(Lárus Jóhannesson).

Kæra um brot á ákvæðum um matvælaeftirlit.

Dómur hæstaréttar.

Kærða er gefið að sök að hafa haft á boðstólum í lyfjabúð sinni mulið múskat og mulinn anís, sem fullnægi ekki að efnasamsetningu skilyrðum reglugerðar nr. 129/1936, um krydd og kryddvörur. Kærði telur, að aðferðinni við töku sýnishorna af kryddvörum þessum hafi verið ábótavant, og vefengir hann af þeirri ástæðu niðurstöðu efnarannsóknar matvælaeftirlits ríkisins. Af prófum málsins má sjá, að þegar sýnishornin eru tekin á Seyðisfirði 24. júlí f. á., eru þau afhent í venjulegum pappírspokum, og ekki eru þau þá jafnframt innsigluð, eins og vera bar um sýnishorn, sem ætluð voru til rannsóknar. Tvöföld sýnishorn voru ekki tekin, sem hér virðist þó hafa verið unnt að koma við, og mátti þá geyma annað sýnishornið til afnota og frekari rannsóknar í refsimáli, ef til kæmi, og fyrri rannsókn væri vefengd af einhverjum ástæðum. Um geymslu og meðferð sýnishornanna eftir að þau voru tekin og þar til að matvælaeftirlit ríkisins tilkynnir, að rannsókn sé lokið, þann 24. september f. á., er ekki upplýst. Samkvæmt lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, getur brot gegn ákvæðum fyrrnefndrar reglugerðar nr. 129/1936 varðað refsingu og upptöku vörubirgða, og ítrekað

brot eða mikilvægt ennfremur sviptingu atvinnuleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Þess verður því að krefjast, að ýtrustu nákvæmni sé gætt í sambandi við rannsókn vörunnar, sem slík niðurstaða á að byggjast á, en fram fer áður en réttarpróf hefjast, og að eiganda vörunnar sé gefinn kostur á að staðreyna eftir því, sem föng eru á, hvort kæran á hendur honum, sem byggð er á slíkri rannsókn, hafi við rök að styðjast. Í máli því, sem hér liggur fyrir, verður ekki talið, að taka sýnishornanna og meðferð þeirra hafi farið fram á nægilega tryggan hátt, og getur því niðurstaða rannsóknarinnar ekki orðið grundvöllur að áfellisdómi í refsimáli, og þarf þá ekki að athuga aðrar framkomnar sýknuástæður. Ber því að sýkna kærða af kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ríkissjóð til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Johan Ole Gerhard Ellerup, á að vera sýkn af kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu. Sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 22. marz 1938.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Johan Ole Gerhard Ellerup fyrir brot á reglugerð nr. 129 frá 1936 og lögum nr. 24 frá 1936.

Tildrög þessa máls eru þau, að samkvæmt ósk matvælaeftirlits ríkisins voru hinn 24. júní 1937 tekin nokkur kryddvörusýnishorn í lyfjabúð ákærða (sic) hér á Seyðisfirði, þar á meðal sýnishorn af múskat og anis. Sýnishornin voru því næst send matvælaeftirliti ríkisins, sem rannsakaði þau og sendi að rannsókn lokinni skýrslu um rannsóknirnar, sjá prófgerðir rskj. nr. 2 og 4. Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 27. jan. 1938, er síðan mál þetta höfðað gegn ákærða fyrir brot á framangreindri reglugerð og lögum, og málið þingfest í lögreglurétti 8. marz s. l.

Ákærði hefir gert þá kröfu, að hinn reglulegi dómari, Hjálmar Vilhjálmsson, víki sæti í málinu. Kröfu þessa byggir ákærður á því, að téður dómari hafi tekið sýnishornin í einföldum bréfpokum, ekki skilið eftir „kontraprufu“ og heldur ekki innsiglað sýnishornin í viðurvist kærða. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 frá 1936 fól dóms- og kirkjumálaráðuneytið dr. Jóni E. Vestdal með bréfi, dags. 9. okt. 1936, að hafa á hendi stjórn og umsjón matvælaeftirlitsins samkvæmt téðum lögum. Sýnishorn þau, sem hér um ræðir, eru tekin samkvæmt ósk matvælaeftirlits ríkisins í bréfi, dags. 26. júní 1937, sjá prófgerðir rskj. nr. 8, og við töku sýnishornanna var nákvæmlega fylgt fyrirmælum matvælaeftirlits ríkisins til bæjarfógetans á Seyðisfirði í bréfi, dags. 25. nóv. 1936, svo sem sjá má af afritum af skýrslum um töku téðra sýnishorna, sjá prófgerðir rskj. nr. 6 og 7. Og þar sem afskipti hins reglulega dómara af töku sýnishornanna eru eigi önnur en þau, sem lög og opinber fyrirmæli gera ráð fyrir, og í engu frábrugðin venjulegri lögreglurannsókn, virðist krafa ákærða um það, að hinn reglulegi dómari, Hjálmar Vilhjálmsson, víki sæti í málinu, á engan hátt rökstudd með ástæðum þeim, sem hann færir fram samkvæmt framanrituðu, og þar sem engar ástæður aðrar eru til þessa, verður krafa þessi eigi tekin til greina.

Í máli þessu ber að leggja til grundvallar niðurstöður af rannsókn matvælaeftirlits ríkisins, sjá prófgerðir rskj. nr. 2

og 4. Af þeim skýrslum má ráða það, að umbúnaður téðra sýnishorna hefir verið talinn nægilega tryggur til þess að byggja rannsókn á þeim. Og í sambandi við þetta atriði í vörn málsins má benda á það, að óhugsandi virðist, enda þótt umbúðir væru ekki loftþéttar, að í múskatsýnishorninu fynndist bannað efni, bombay macis, ef það hefði ekki verið fyrir hendi við töku sýnishornsins. Sú mótbára, að ekki sé trygging fyrir því, að önnur efnahlutföll hafi ekki raskazt þá ca. 2 mánuði, sem liða frá töku sýnishorna til rannsóknarloka, virðist heldur ekki geta komið til álita, þegar þess er gætt, hve miklu munar. Þannig inniheldur múskatsýnishornið 17,7% af tréni, en má innihalda mest 10%, 59% eturextrakt, en má innihalda mest 30%, og auk þess er í þessu sýnishorni Bombay macis, sbr. áðurritað, sem bannað er algerlega. Sama máli gegnir um anissýnishornið. Þar finnast 16.63% aska, má mest vera 9%, sandur 5.38%, má mest vera 1.5%. Að því er lágmark ilmolíu snertir, sem á að vera minnst 2%, en reyndist 1.97%, má ef til vill segja, að uppgufun sé hugsanleg, en burtséð frá þessu, fullnægir anisinn ekki settum skilyrðum í rg. 129 frá 1936 1. gr. 17 tl. Sá hugsanlegi möguleiki fyrir misgripum, sem ákærður hefir talað um, er ástæðulaus og hefir ekki við nein rök að styðjast, og kemur því ekki til frekari álita.

Samkvæmt þessu hefir ákærður með því að hafa á boðstólum í lyfjabúð sinni múskat það og anis, sem að framan er lýst, brotið reglugerð nr. 129 frá 1936 5. gr. 13. tl. og 6. gr. 1 tl., sbr. við 22. tl. og 17. tl. 1. gr., sbr. og 5. gr. laga nr. 24 frá 1936, og verður refsing hans ákveðin samkvæmt 9. gr. téðrar reglugerðar, sbr. 11. gr. laga nr. 24 frá 1936.

Refsing sú, sem ákærður, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefir til unnið, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 100.00 sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 10 daga.

Þá ber og samkvæmt 11. gr. laga nr. 24 frá 1936 3. mgr. að dæma ákærðan til þess að greiða kostnað við rannsókn sýnishorna samkvæmt réttarskjölum í prófgerðum nr. 3 og 5, alls kr. 165.00.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Johan Ole Gerhard Ellerup, greiði 100.00 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 10 daga.

Þá greiði kærður og kostnað við rannsókn sýnishorna, kr. 165.00.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. júní 1938.

Nr. 149/1938. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
David William Collinson
(Lárus Fjaldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir fyrrverandi forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjókort stað dufls þess, er sett var niður, þar sem togarinn „Nab Wyke" H 252 var tekinn þann 9. júlí 1936, og ber niðurstöðum hans og varðskipsforingjans saman um það, að staður togarans hafi þá verið 0.55 sjómílur innan landhelgilínunnar. Staðarákvörðunin var gerð af varðskipsforingjanum og tveimur stýrimönnum hans, og hafa þeir borið það, að þegar mælingin var gerð, hafi allir þeir staðir sézt greinilega, er til var miðað. Þar sem ekkert hefir komið fram, sem hnekkt geti framangreindri staðarákvörðun, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að sektin verði, með tilliti til dagsgengis

íslenzkrar krónu, sem nú er 49.34, 20300 krónur, og afplánist hún með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Það athugast, að samkvæmt eiginhandar undirskrift kærða fyrir notario publico í Englandi er nafn hans David William Collinson, en í prófum málsins er hann ýmist nefndur D. C. eða O. C. Collinson.

Á flutningi máls þessa fyrir hæstarétti hefir orðið mikill dráttur. Málið var afgreitt frá hæstarétti til málflutningsmannanna í byrjun októbermánaðar 1936. Mestan þann tíma, sem síðan er liðinn, hafa skjöl málsins legið hjá verjanda, Lárusi Fjeldsted hæstaréttarmálflutningsmanni, og hefir hann ekki réttlætt nægilega svo langan drátt á afgreiðslu málsins. Verður því ekki hjá því komizt að víta drátt þennan á málinu.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektin verði 20300 krónur, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði, David William Collinson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Akureyrar 11. júlí 1936.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn D. C. (sic) Collinson skipstjóra á togaranum H. 252 „Nab Wyke" frá Hull fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi.

Málavextir eru þessir: 9. þ. m. var varðskipið Ægir á leið frá Flatey austur að Tjörnesi og stýrði r/v 86 og átti samkvæmt leiðarreikningi að vera komið inn á landhelgisvæðið við Tjörnes. Kl. 07.00 sást togari á bakborða, er stefndi að landi. Kl. 07.08 var togaranum gefið stöðvunarmerki með flautu og flöggum. Kl. 07.09 var skotið lausu skoti og aftur kl. 07.10. Sleppti togarinn þá dragstrengjunum úr drátt-arblökkinni og sneri til stjórnborða, enda var að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó. 07.17 var bauja frá varðskipinu látin út rétt aftan við togarannn um leið og vörpuhlerar komu upp úr sjónum.

Þessi staður mældist eftir mælingu skipherrans á Ægir þannig:

Tjörnesviti

$> 23° 13'$

V. kant klettsins v. við Breiðuvík

$> 63° 23'$

V. kant Lundeyjar

Og var baujan 0.55 sjómílur innan landhelgislínunnar.

Þegar varðskipið tók togarann, var þoka. Þegar eftir að baujan var komin út, var skipstjóri togarans sóttur og fluttur um borð í varðskipið. Sagðist hann hafa verið að veiðum úti við Grímsey, en þegar hann hafi komið á þessar slóðir, var þoka, svo hann hafi eigi getað séð land, en hafi þá látið út vörpuna á 95 faðma dýpi, og bæði hafi hann gætt þess sjálfur og einnig sagt stýrimanni frá að koma ekki á grynnra vatn en 80—90 faðma. En á því dýpi hafi hann talið sig vissan að vera utan landhelgi.

Þegar staðarákvarðanir voru gerðar, segir skipherrann á varðskipinu Ægir og báðir stýrimenn, sem gerðu mælinguna með skipherra, að nægilega hafi verið bjart til að gera staðarákvarðanir.

Skipstjóra togarans, sem var staddur um borð í varðskipinu, var boðið að fylgjast með, er staðarákvörðunin var gerð, og gerði hann það. Einnig var hann við, þegar staðarákvörðunin var sett á uppdráttinn á réttarskjali nr. 2.

Áður en skipstjórinn var fluttur um borð í skip sitt, bað hann um að mega gera þar sjálfur staðarákvarðanir áður en farið yrði af stað, og var honum leyft það. Kl. 11.15 var farið með hann um borð. Kl. 1.45 létti hann akkerum og hélt skipstjórinn á Ægi, að hann hefði lokið við staðarákvarðanir, enda hafði birt rétt áður en hann létti akkerum. Skipstjórinn á togaranum hefir aftur skýrt frá, að hann hafi engar staðarákvarðanir gert, enda eigi verið nógu bjart til þess, og virðist skipherrann á Ægir fallast á, að svo muni geta hafa verið.

Kærður segist ekki geta dæmt um, hvort hann hafi verið á þeim stað, sem varðskipið hefir ákveðið, en neitar hinsvegar ekki að hafa verið þar. Átti hann og kost á að íhuga þetta, en létti akkerum án þess að hafa gert það. Hinsvegar liggja fyrir skýrar mælingar frá varðskipinu, og þykir því mega telja sannað, að skipið hafi verið innan landhelgislínunnar, en hitt er viðurkennt, að það hafi verið að toga, og hefir kærður þannig brotið gegn 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot að ræða og með hliðsjón af, að dagsgengi krónunnar er kr. 49.69, hæfilega ákveðin sekt, að upphæð kr. 20124.77 aurar, sem rennur til landhelgisjóðs Íslands og greiðist innan 4 vikna, en fáist hún ekki greidd, ber ákærða (sic) að afplána hana með einföldu fangelsi í 10 mánuði.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt, og andvirðið renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Það vottast, að á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, skipstjóri D. C. (sic) Collinson, á innan 4 vikna að greiða sekt, að upphæð kr. 20124.77 aura til landhelgisjóð Íslands, en afplána hana með 10 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún eigi greidd.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum „Nab Wyke“ H. 252 vera upptækt, og andvirðið renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. júní 1938.

Nr. 119/1937. **Kaupfélag Eyfirðinga**
(Pétur Magnússon)
gegn
Birni Halldórssyni f. h. Fiskiveiðahlutafélagsins Höfrungs
(Eggert Claessen).

Kröfu um frest hrundið.

Úrskurður hæstaréttar.

Mál þetta var höfðað 23. apríl f. á. fyrir bæjarþingi Akureyrar og dæmt þar 14. sept. s. á. Síðan er því skotið til hæstaréttar með stefnu 13. okt. f. á. til þingfestingar í desember s. á.

Er málið skyldi flutt, bað umboðsmaður áfrýjanda um frest til septembermánaðar til þess að leiða nafngreindan mann, sem nú tjáist vera búsettur í Englandi, vitni í málinu. Fresti hefir umboðsmaður stefnda neitað. Og lögðu umboðsmenn aðilja það atriði undir úrskurð.

Þó að fullt efni væri til að reyna að fá skýrslu áðurnefnds manns, sem virðist hafa verið búsettur hér á landi, meðan málið var sótt og varið í héraði, þá hefir áfrýjandi, að því er séð verður, ekki beðizt

þar frests eða reynt til að afla skýrslu hans. Verður því ekki nú gegn mótmælum stefnda hér fyrir dómi beiðni áfrýjanda um frest í málinu tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur veitist ekki.

Miðvikudaginn 15. júní 1938.

Nr. 54/1936. **Réttvísin og valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Friðrik Jónasi Eiríkssyni (Lárus Fjeldsted).
og valdstjórnin (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Hólmjárn J. Hólmjárn (Lárus Fjeldsted).

Krafa um refsingu og skaðabætur fyrir spjöll á neðanjarðar símastreng.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber hinum dómfelldu að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Á flutningi málsins fyrir hæstarétti hefir orðið mikill dráttur. Málið var afgreitt frá hæstarétti til málflutningsmannanna í byrjun maímánaðar 1936,

en kom ekki aftur til réttarins til flutnings fyrr en 3. þ. m., og ber verjandi málsins, Lárus Fjeldsted hæstaréttarmálflutningsmaður, sök á drætti þessum, sem ekki er réttlættur. Fyrir þennan drátt verður að sekta verjanda samkvæmt 35. gr. tilskipunar 3. júní 1796, og þykir sektin, er renna skal í fátækrasjóð Reykjavíkurkaupstaðar, hæfilega ákveðin 40 krónur, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómfelldu, Friðrik Jónas Eiríksson og Hólmjárn J. Hólmjárn, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Fjeldsted, 60 krónur til hvors.

Lárus Fjeldsted hæstaréttarmálflutningsmaður greiði 40 króna sekt til fátækrasjóðs Reykjavíkur, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. marz 1936.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Friðrik Jónasi Eirikssyni verkamanni, til heimilis á Bjargarstíg 2 hér í bæ, fyrir brot gegn 30. kapítula

hinna almennu hegningarlaga frá 1869 og lögum nr. 12 1905, um ritsíma, talsíma o. fl., og af valdstjórnarinnar hálfu gegn Hólmjárn J. Hólmjárn, framkvæmdarstjóra hlutafélagsins Svans, fyrir brot gegn lögum nr. 12 1905, um ritsíma, talsíma o. fl.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Friðrik Jónas fæddur 28. maí 1873, en Hólmjárn 1. febrúar 1891. Friðrik Jónas hefir ekki fyrr sætt ákæru eða refsingu, en Hólmjárn hefir hinn 28. apríl 1931 verið sektaður um 100.00 krónur fyrir brot gegn lögum nr. 38 1923, en ekki sætt öðrum kærum.

Hinn 21. nóv. s. l. varð bæjarsíminn var við, að jarðsamband var komið á margar símalínur, og varð af þeim orsökum að loka nálægt 70 símanúmerum. Við athugun símaverkstjórans kom í ljós, að á leið þeirri, er jarðsíminn lá um, hafði nýlega verið grafið út frá húsinu Lindargötu nr. 14 A, og við að grafa þar niður á jarðsímann fannst gat á járnvefjum og blýi því, er var utan um símann, 10—12 mm. í þvermál og virtist vera eftir haka. Hafði mikið vatn runnið inn um gat þetta og allt að 7 metra út frá því og orsakað skemmdir á jarðsímalínunni.

Í rannsókn málsins kom það í ljós, að hlutafélagið Svanur hafði látið grafa þarna út í götuna dagana 13.—14. og 15. nóv., að því sem næst verður komizt. Framkvæmdi ákærður Friðrik Jónas það verk fyrir hlutafélagið. Hann hefir haldið því fram, að hann hafi farið varlega í kringum jarðsímann og hafi ekki orðið var við, að neitt gat kæmi á hann hjá sér. Hinsvegar tók hann ekki eftir, að nokkurt gat væri þá á honum.

Eftir því, sem upplýst er í rannsókninni, hefir ekkert verið grafið á þessum slóðum síðan 28. maí 1934, að hlutafélagið Svanur fékk leyfi til að grafa út í götuna. Talsmaður kærða hefir þó upplýst, að sumarið 1934 hafi Rafveitan grafið á þessum slóðum fyrir ljósakabal. Nú hafa þeir Gunnlaugur Briem símaverkfræðingur og Bjarni Forberg bæjarsímastjóri athugað sárið á blýinu og telja þeir „útilokað, að svo stórlega særður strengur hefði getað haldizt þurr í rökum jarðvegi, nema stutta stund, en að einangrun strengsins hefði hlotið að bila innan örfárra daga eftir rigningu eða að raki komst að strengnum á annan hátt.“ Út frá þessu verður rétturinn að ganga, og er þá ekki um

annað jarðrask að ræða, er strengurinn hefði getað skemmzt við, en það, sem ákærður Jónas Friðrik framkvæmdi áðurgreinda daga, enda verður hann þá ekki var við, að nein skemmd sé á símatauginni.

Leitað hefir verið álits veðurstofunnar um úrkomu í Reykjavík í nóvembermánuði dagana 17.—22. Hefir hún reynzt þessi:

17.	nóv.	0.1	mm.
18.	—	5.2	—
19.	—	0.1	—
20.	—	0.2	—
21.	—	2.9	—
22.	—	9.2	—

Samkvæmt framansögðu verður að telja ákærðan Friðrik Jónas hafa valdið umræddum skemmdum á strengnum, enda þótt hann hafi neitað að vita til að hafa gert það. Varðar það við 2. mgr. 297. gr. almennra hegningarlaga frá 1869, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 20 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 2 daga, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður Hólmjárn J. Hólmjárn hefir viðurkennt að hafa sem framkvæmdarstjóri hlutafélagsins látið framkvæma verk þetta án þess að hafa tilkynnt símastjórninni það áður, svo sem boðið er í 10. gr. laga nr. 12 1905, um ritsíma, talsíma o. fl. Refsing hans fyrir þetta brot þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 13. gr. laganna 20 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 2 daga, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins.

Landssímastjóri hefir fyrir hönd landssímans krafizt þess, að ákærðir yrðu dæmdir in solidum til að greiða fyrir tjón það, er af verkinu hefir hlotizt og nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 849.62, ásamt 6% ársvöxtum frá kærudegi, 7. des. 1935.

Með því að engin sérstök mótmæli hafa komið fram gegn skaðabótakröfunni út af fyrir sig eða einstökum liðum hennar, verður að taka hana til greina, og dæma kærðu in solidum til að greiða landsíma Íslands kr. 849.62, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. des. s. l. til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þá greiði og kærðir allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns fyrir réttinum, Lárusar Fjeldsted hrm., er ákveðast kr. 75.00.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Friðrik Jónas Eiríksson, greiði 20 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 2 daga.

Kærður, Hólmjárn J. Hólmjárn, greiði 20 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 2 daga.

Ákærður Friðrik Jónas og kærður Hólmjárn greiði landssíma Íslands in solidum kr. 849.62, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. des. 1935 til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þeir greiði loks in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Fjeldsted hrm., kr. 75.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. júní 1938.

Nr. 96/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Albert Ernest Thompson
(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, og að því athuguðu, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 49.35, þá þykir mega staðfesta dóminn, þó með þeirri breytingu, að kærður

afpláni sekt sína með 7 mánaða einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo, að kærður, Albert Ernest Thompson, afpláni sektina með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Akureyrar 1. júlí 1937.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn skipstjóra Albert Ernest Thompson á togaranum H. 69 St. Gerontius frá Hull fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi.

Málavextir eru þessir: Varðskipið Ægir var 29. f. m. á leið frá Flatey austur yfir Skjálfandaflóa. Kl. 21.10 sást togari í stefnu utan við Mánaeyjar. Kl. 21.22 var vélin stöðvuð og haft nákvæmt auga með togaranum, þar eð hann hafði alltaf sömu stefnu og nálgaðist landið.

Kl. 22.15 gerði varðskipið eftirfarandi staðarákvarðanir:

N. kantur Háey

> 29° 29′

Tjörnesviti

> 81° 23′

A. kantur Lundey

Frá þessum stað og góðri stundu áður var togarinn að sjá rétt innan um Háey og stýrði ávallt því nær sömu stefnu.

Kl. 22.24 fór varðskipið í fárra metra fjarlægð fram hjá afturstafni togarans, og þegar að það var í skrúfuvatni hans, var bauju akkeri látið út, og eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

N. kantur Háey

> 40° 50′

Tjörnesviti

> 91° 33′

A. kantur Lundey

Dýptin við baujuna var mæld 157 metrar, og gefur það stað hennar 0.25 sjómílur innan landhelgislínunnar.

Eftir að baujan var látin út nam togarinn staðar og tók að draga inn stjórnborðsvörpuna.

Kærði, skipstjórinn á togaranum, hefir kannazt við, að hann hafi verið samkvæmt mælingum þeim, sem varðskipið hefir framkvæmt á sama korti, innan landhelgislínunnar, en hann vísar til þeirra mælinga, sem hann hefir gert samkvæmt sínu eigin korti, réttarskj. 3, en þær segir hann, að sýni, að hann hafi verið utan landhelgislínunnar. Skipstjórinn á Ægir hefir sett út sínar hornmælingar, sem tilgreindar eru kl. 22.24 í skýrslu varðskipsins, á sjókorti togarins, réttarskj. 3, og sýni þær, að samkvæmt þeim er togarinn 3 sjómílur frá landi, en kærði vísar til sinna eigin mælinga, sem einnig hafi verið útsettar í kortið, réttarskj. 3, og samkvæmt þeim segist hann hafa verið 3¼ sjómílu frá landi. Skipstjórinn á Ægir hefir lýst því yfir, að hann segi ekki, að mælingar skipstjórans séu skakkar, en segir, að þær séu ekki gerðar með eins mikilli nákvæmni og sínar mælingar.

Það er auðsætt, að ræða er um mismun á kortunum, og

litur rétturinn svo á, að fara verði eftir korti, sem skipstjórinn á Ægi hafði, en samkvæmt því hefir þá skipstjórinn á togaranum gerzt brotlegur við fiskilöggjöfina, en hinsvegar ber að líta svo á, með tilliti til þeirra mælinga, sem gerðar hafa verið samkvæmt hans korti, að hann hafi haft ástæðu til að ætla, að hann hafi verið fyrir utan landhelgina, og ber að taka tillit til þess, þegar hegningin er ákveðin.

Samkvæmt framanskráðu verður ekki hjá því komizt að láta kærða sæta ábyrgð fyrir brot á 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið með tilliti til þess, sem sagt er hér að framan, og með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot að ræða, og með hliðsjón af, að dagsgengi krónunnar er kr. 49.19, hæfilega ákveðin krónur 20.350.00, sem að rennur til landhelgisjóðs Íslands og greiðist innan 4 vikna, en fáist sektin ekki greidd, ber kærða að afplána hana með einföldu fangelsi í 10 mánuði. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir og svo og afli innanborðs í áður greindum togara, vera upptækt, og andvirðið að renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem er og verður. Það vottast, að á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, skipstjóri Albert Ernest Thompson Hull, á innan 4 vikna að greiða sekt, að upphæð kr. 20.350.00, sem rennur til landhelgisjóðs Íslands, en afplána hana með 10 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún eigi greidd.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innan borðs í togaranum H. 69 Gerontius frá Hull, vera upptækt og andvirðið renna í landhelgissjóð. — Auk þess greiði kærði allan kostnað af málinu, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. júní 1938.

Nr. 119/1937. **Kaupfélag Eyfirðinga**
(Pétur Magnússon)
gegn
Birni Halldórssyni f. h. Fiskiveiðahlutafélagsins Höfrungs
(Eggert Claessen).

Ágreiningur um það, hvort greiðsla hefði farið fram til manns, er hefði umboð aðilja.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. okt. f. á., hefir krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, er í héraðsdóminum segir og tekið er eftir upplýsingum fram komnum í flutningi málsins í héraði, hringdi maður, sem nefndi sig Guðmund, en án nánari skilgreiningar, frá Siglufirði um miðjan september 1934 til fyrirsvarsmanns áfrýjanda og tjáði honum, að hann (þ. e. Guðmundur þessi) mundi leggja kr. 10.000.00 inn á reikning áfrýjanda þar við sparisjóðinn undir nafninu e/s Rán. Væri þetta samkvæmt ráðstöfun Þorvarðs Þorvarðssonar, er þá var framkvæmdarstjóri hins stefnda hlutafélags, sem var eigandi e/s Ránar. Skyldi verja fjárhæðinni til fiskkaupa á e/s Rán og e/s Eldborg, sem Þorvarður hafði tekið á leigu í félagi við Guðmund þann Jóhannsson, sem að lokum

tók út eftirstöðvar áðurnefndra kr. 10.000.00, er mál þetta er af risið.

Þann 30. september 1934 gerði áfrýjandi reikningsskil, sem stíluð eru á e/s Rán, og er skipið þá talið eiga inni kr. 2108.54. Hafði áfrýjandi bæði selt fisk til skipsins og greitt fyrir það og til skipstjóra þess, sem einnig hét Guðmundur og var Sigurjónsson, ýmsar upphæðir. Þessar kr. 2108.54 eru síðan greiddar til Guðmundar Jóhannssonar þann 3. okt. s. á. með heimild frá áfrýjanda. Segir í kvittun fyrir kr. 1800.54 af upphæðinni, að þær séu greiddar „m/s „Eldborg" Guðm. Jóhannsson v/ Þorvarðar Þorvarðarsonar". En kr. 308.00 eru taldar greiddar fyrir ís til m/s „Eldborg". Þar sem fyrirsvarsmaður áfrýjanda vissi það ekki, hvort Guðmundur þessi Jóhannsson hafi verið sá, er átti símasamtalið við hann, né hvort þessi maður hefði lagt ofannefndar kr. 10.000.00 inn á viðskiptareikning áfrýjanda við sparisjóðinn á Siglufirði undir nafninu e/s Rán, þá bar áfrýjanda að binda greiðslurnar 3. okt. 1934 því skilyrði, að viðtakandinn, Guðmundur Jóhannsson áðurnefndur, sannaði heimild sína til þess að taka fjárhæðina, oftnefndar kr. 2108,54, út af reikningnum. Slík sönnun hefir ekki fram komið í málinu. Áðurnefndar kr. 10.000.00 voru lagðar inn í reikning áfrýjanda undir nafninu e/s Rán, sem fyrr segir. Stefndi er eigandi þessa skips, og verður því að telja hann réttan heimtanda hinnar kröfðu fjárhæðar. Samkvæmt þessu þykir bera að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til, þó svo, að vextir reiknast frá sáttakærudegi, 7. apríl 1937.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Kaupfélag Eyfirðinga, greiði stefnda, Birni Halldórssyni f. h. Fiskiveiðahlutafélagsins Höfrungs, kr. 2108.54, ásamt 5% ársvöxtum frá 7. apríl 1937 til greiðsludags, og kr. 249.00 í málskostnað í héraði, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 14. sept. 1937.

Mál þetta hefir höfðað Björn Halldórsson, lögfræðingur Aureyri, f. h. Fiskiveiðahlutafélagsins Höfrungur Hafnarfirði með stefnu dags. 23. apríl 1937 fyrir bæjarþingi Akureyrar gegn Vilhjálmi Þór framkvæmdarstjóra f. h. Kaupfélags Eyfirðinga Akureyri til greiðslu á kr. 2108.54, ásamt 5% ársvöxtum frá 19. október 1934 til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 249.00.

Umboðsmaður stefnds hefir mótmælt kröfunni og í hinni munnlegu málafærslu hefir hann tekið upp kröfur sínar þannig:

1. að umbjóðandi minn, stefndi K. E. A., verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þar á meðal málskostnaðarkröfu hans, en hann, stefnandi, verði dæmdur til að greiða umbjóðanda mínum málsvarnarkostnað, að upphæð kr. 200.00.
2. Til vara, að felldir verði niður vextir af kröfu stefnanda frá 19. október 1934 til sáttakærudags 7. apríl 1937 eða að minnsta kosti til $^{19}/_{11}$ 1936, og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Varakrafan að því, er vextina snertir, er byggð á því, að K. E. A. hafi ekki lofað að greiða vexti af hinni innlögðu upphæð, enda eðli þessarar inngreiðslu þannig, að K. E. A. sé undir engum kringumstæðum skyldugt að greiða vexti af upphæðinni fyrr en þá frá þeim tíma, sem hennar er krafizt.

Umboðsmaður stefnanda hefir mótmælt varakröfunni, þar sem hún komi fyrst fram undir munnulegu málafærslunni og sé því of seint fram komin.

Umboðsmaður stefnds telur aftur réttmætt, að hann komi með varakröfuna, þar sem hún, sem það minna, felist í því meira, sem fram er komið.

Atvik málsins virðast þessi.

Með bréfi dags. 10. nóv. 1936 sendi Eggert Claessen hæstar.málfl.maður reikning frá fiskiveiða h/f Höfrungur, að upphæð kr. 2108.54, til Kaupfélags Eyfirðinga og krefur kaupfélagið um þessa upphæð. Kaupfélagið svarar þessu með bréfi dags. 21. nóv. 1936. Segir Kaupfélagið, að það vanti að færa þeim til tekna kr. 2108.54, eða reikning yfir ís til Eldborgar ..... kr. 308.00
og peninga ..... — 1800.54

Samtals kr. 2108.54

Þessi greiðsla, segja þeir, að hafi farið fram á Siglufirði 3. oktbr. 1934, og eftir upplýsingum frá Sigurði Kristjánssyni sparisjóðsstjóra á Siglufirði segja þeir, að Fiskiveiðahlutafélagið Höfrungur hafi haft Eldborg á leigu, og enn segja þeir, að hann hafi viðurkennt að hafa tekið á móti kr. 1.800.54 aura greiðslu vegna Höfrungs, og 308 kr. hafi verið ís vegna e. s. Eldborgar. Því er aftur mótmælt, að h/f Höfrungur hafi haft Eldborg á leigu, sbr. réttarskj. 12, bréf frá Eggert Claessen, þar sem hann einnig mótmælir því, að beðið hafi verið um þessa greiðslu til Eldborgar.

Umboðsmaður stefnds hefir haldið því fram, sbr. réttarskj. 7, að Fiskiveiðahlutafélagið Höfrungur hafi aldrei átt neitt hjá K. E. A. Árið 1934 í september, segir hann, að Guðmundur Jóhannsson hafi greitt 10.000 kr. inn á viðskiptareikning K. E. A. og óskað upphæðina innfærða á reikning undir nafninu e/s „Rán". Segir hann, að Guðmundur hafi ætlað að brúka þessa upphæð til að kaupa fisk hjá K. E. A., en líka eitthvað hjá öðrum fiskeigendum.

Segir umboðsmaður stefnds, að umbjóðanda sínum hafi ekki verið kunnugt um, að h/f Höfrungur ætti þetta fé, eða hvort Guðmundur Jóhannsson var að kaupa fisk fyrir sig eða aðra. Segir hann, að umbjóðandi sinn hafi að sjálfsögðu haft rétt og skyldu til að greiða eftir fyrirmælum þess manns, sem lagði peningana inn.

Undir munnlegu málafærslunni hefir umboðsmaður stefnds eftir framkomnum upplýsingum til hans sjálfs leiðrétt ummæli sín á þessa leið:

Umboðsmaður stefnds heldur fast við það í munnlega málaflutningnum, að h/f Höfrungur hafi ekkert fé greitt til K. E. A. haustið 1934, en að þær 10.000 kr., sem málið er risið út af, hafi verið greiddar á reikning K. E. A. við sparisjóð Siglufjarðar, eftir að maður á Siglufirði, að nafni Guðmundur, hafi talað um það í síma við Vilhjálm Þór, framkvæmdastjóra K. E. A., að hann samkvæmt ráðstöfun Þorvarðar Þorvarðarsonar Reykjavík mundi láta greiða þessa upphæð til K. E. A., og væri upphæðin ætluð til fiskikaupa e/s Rán og e/s Eldborgar.

Vilhjálmur Þór skildi það svo, að þessi Guðmundur, sem talaði við hann í síma um borgunina, væri umboðsmaður Þorvarðar Þorvarðarsonar við fiskkaupin. Hvers son hann var, eða nánari deili á honum, veit hann ekki, en áleit og álítur, að það hefi verið sami maðurinn sem síðar tók út kr. 2108.54 vegna Þorvarðar Þorvarðarsonar, Guðmundur Jóhannsson. Þó telur umboðsmaður stefnds hugsanlegt, að maður sá, sem talaði í síma við K. E. A. um þessa innborgun, hafi verið skipstjórinn af e/s Rán, sem líka hefir heitið Guðmundur, en báðir þessir menn voru umboðsmenn Þorvarðar Þorvarðarsonar við fiskkaup þau, sem hér ræðir um, og ráðstöfun fjár þess, sem greitt hafði verið til K. E. A.

Umboðsmaður stefnanda hefir haldið því fram, að h/f Höfrungur hafi lagt 10.000 kr. inn til stefnda, en ekki Guðmundur Jóhannsson eða annar Guðmundur. Þá er því og mótmælt, að Guðmundur þessi hafi haft nokkurt umboð frá h/f Höfrungi eða fyrir skipið Rán, sem hann telur eign h/f Höfrungur. Segir hann, að starfsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um, að útgerð Ránar væri sérstakt fyrirtæki, eign h/f Höfrungur.

Umboðsmaður stefnds hefir og viðurkennt, að skipið Rán væri eign h/f Höfrungur, en hinsvegar veit hann eigi um, hvers eign útgerð skipsins var.

Í tilefni af vottorði Sigurðar Kristjánssonar neitar umboðsmaður stefnanda, að hann hafi verið umboðsmaður h/f Höfrungur. Enn vísar umboðsmaður stefnanda máli sínu til stuðnings í réttarskj. 16, reikning frá Kaupfélagi Eyfirð-

inga til e/s Rán, er þann segir, að kaupfélagið hafi sent h/f Höfrungur. Umboðsm. stefnds mótmælir, að K. E. A. hafi sent h/f Höfrungi þennan reikning, en þykir líklegast, að það hafi sent Þorvarði Þorvarðarsyni, sem var framkvæmdastjóri h/f Höfrungur, reikninginn, og að h/f Höfrungur hafi fengið reikninginn úr dánarbúi Þorvarðar Þorvarðarsonar framkvæmdastjóra sins.

Umboðsmaður stefnanda segist ekki vita um, hvort Þorvarður Þorvarðarson hafi verið framkvæmdastjóri h/f Höfrungur.

Umboðsmaður stefnds hefir aftur á móti staðhæft, að Þorvarður Þorvarðarson hafi verið framkvæmdastjóri h/f Höfrungur, og þar sem greiðslan á Siglufirði hafi verið gerð vegna Þorvarðar Þorvarðarsonar, þá sé ljóst, að féð hafi undir öllum kringumstæðum runnið til h/f Höfrungur.

Umboðsmaður stefnanda hefir haldið fram, að jafnvel þó greiðslan hefði verið gerð vegna Þorvarðar Þorvarðarsonar, hefði hún getað verið gerð vegna hans sjálfs, en ekki sem framkvæmdastjóra h/f Höfrungur.

Rétturinn lítur svo á, að bréfaviðskipti milli stefnds, Kaupfélags Eyfirðinga, og umboðsmanns h/f Höfrungur, Eggerts Claessen hæstaréttarmálaflutningsmans, segi berlega, að stefnda hafi verið ljóst, að viðskiptin hafi verið við h/f Höfrung. Skýrsla umboðsmanns stefnds um viðskiptin, sem ekki eru undirbyggð með skilríkjum eða sönnunum, virðast því engu breyta í þessu efni.

Bréfaviðskiptin virðast og benda á, sbr. og, að kaupfélagið viðurkennir, að Rán var eign h/f Höfrungur, að stefnda hlaut að vera ljóst, að peningarnir, sem innborgaðir voru á reikning e/s Rán, voru raunverulega innborgaðir vegna h/f Höfrungur. Og þó einhver annar en umboðsmaður félagsins hafi greitt þessa upphæð inn á reikninginn, virðist enginn vafi leika á því, að enginn gat heimilað að taka þessa upphæð út af reikningnum, nema þeir, sem fóru með umboð h/f Höfrungur.

Þar sem stefndi hefir ekki sýnt, að hann hafi haft heimild frá h/f Höfrungur til að greiða umstefndar kr. 2108.54, enda því mótmælt, að skipið Eldborg hafi verið á vegum h/f Höfrungur, þá ber að skylda stefnda til að greiða þessa upphæð.

Að því er vaxtaspursmálið snertir, þykir rétt að dæma

stefnda til að greiða 5% ársvexti af upphæðinni frá 10. nóv. 1936 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum samkvæmt þessari niðurstöðu kr. 249.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vilhjálmur Þór f. h. Kaupfélags Eyfirðinga Akureyri, greiði stefnandanum, Birni Halldórssyni f. h. Fiskiveiðafélagsins Höfrungur, 2108.54 aur., ásamt 5% ársvöxtum frá 10. nóvember 1936 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 249.00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. júní 1938.

Nr. 84/1937. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Jóni Erlendssyni (Lárus Jóhannesson)
og **Erlendi Jónssyni Erlendssyni**
(Jón Ásbjörnsson).

Frelsisskerðing. Áfengis og bifreiðalagabrot. Kæra um sýkingu af kynferðissjúkdómi. Rangur framburður fyrir dómi.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að máli þessu var áfrýjað til hæstaréttar hefir Ásthildur Halla Guðmundsdóttir látizt þann 8. febrúar þ. á.

Að því er varðar ákæruatriðin á hendur ákærða *Jóni Erlendssyni*, þá má fallast á ástæður þær, er í héraðsdóminum greinir, fyrir því, að hann er sýkn-

aður af ákæru réttvísinnar fyrir brot á ákvæðum 16. og 18. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og laga nr. 6/1924, um breyting á 182. gr. nefndra hegningarlaga, og ber að staðfesta héraðsdóminn að því leyti. Um ákæruna á hendur honum fyrir brot á ákvæðum 20. kap. hegningarlaganna athugast það, að ekki virðist unnt að telja það upplýst, að Halldóra Bjarnadóttir hafi gert verulegar tilraunir til þess að komast burt af heimili hans, eins og greint er í forsendum héraðsdómsins, en að öðru leyti þykir mega fallast á ástæður þær, sem þar eru færðar fyrir því, að aðbúð Halldóru á heimili ákærða og atlæti það, er hún varð fyrir af hendi hans, hafi verið þannig lagað, að það hafi lamað algerlega viljaþrek hennar til þess að taka ákvörðun um vistarstað sinn. Þetta misferli ákærða er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 2. málslið sbr. 1. málslið 213. gr. fyrrnefndra hegningarlaga, og þykir refsing hans fyrir það hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Þá er það og sannað, að ákærði Jón Erlendsson, hefir gerzt sekur um ólöglega bruggun og sölu áfengis. Eru þau brot réttilega talin varða við 6. sbr. 30. og 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Ennfremur hefir ákærði Jón kannazt við það að hafa ekið bifreið ölvaður þann 28. september 1936. Kveðst hann hafa drukkið við þriðja mann úr rúmlega tveimur flöskum af brennivíni á allt að hálfum öðrum klukkutíma áður en hann ók bifreiðinni, og hafi hann þá verið orðinn talsvert drukkinn. Varðar þetta brot við 4. mgr. 5. gr. sbr. 14. gr. bifreiðarlaga nr. 70/1931 og 21. sbr. 39. gr. fyrrnefndra áfengislaga. Þykir refsing ákærða fyrir framangreind brot á áfengislögunum og bifreiðalögunum hæfilega á-

kveðin 800 króna sekt til menningarsjóðs eða, til vara, 40 daga einfalt fangelsi. Svo ber og að svipta hann rétti til þess að aka bifreið um 6 mánaða tíma, en þar sem ekki er nægilega upplýst, hvort eða um hve langan tíma hann kann að hafa verið sviptur ökuskírteini sínu meðan á rannsókn málsins stóð, þá er ekki unnt að ákveða, frá hvaða tíma sviptingin komi til framkvæmda.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða *Erlends Jónssonar Erlendssonar* ber að staðfesta með skírskotun til forsendna dómsins.

Ákærða Jóni Erlendssyni ber sjálfum að greiða varðhaldskostnað sinn og laun skipaðs talsmanns síns í héraði, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 200.00, svo og laun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 500.00.

Ákærða Erlendi Jónssyni Erlendssyni ber sjálfum að greiða laun skipaðs talsmanns síns í héraði, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 125.00, svo og laun til sama sem skipaðs verjanda hans fyrir hæstarétti, kr. 250.00.

Allan annan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00, ber ákærðu, Jóni og Erlendi, að greiða in solidum.

Við rannsókn málsins er það að athuga, að vanrækt hefir verið að eiðfesta vitni þau, sem leidd hafa verið, enda þótt ástæða væri til, og að rannsóknin yfir ákærða Erlendi virðist hafa verið ófullkomin eftir að hann hafði tekið aftur fyrri framburð sinn, og ekki sést, að hann hafi þá þegar verið einangraður og honum haldið í gæzlu, meðan reynt var að rannsaka, hvor framburðurinn væri réttari.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Erlendsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði. Hann greiði og 800 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ennfremur skal hann sviptur leyfi til að stýra bifreið í 6 mánuði.

Ákærði Erlendur Jónsson Erlendsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Ákærði Jón Erlendsson greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í héraði, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 200.00, svo og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 500.00.

Ákærði Erlendur Jónsson Erlendsson greiði sjálfur laun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir hæstarétti, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, samtals kr. 375.00.

Allan annan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiði hinir ákærðu, Jón og Erlendur, in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Stefáns Jóhanns Stefánssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. apríl 1937.

1.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Jóni Erlendssyni smið, konu hans Ásthildi Höllu Guðmundsdóttur, sem eiga heimili á Eskifirði, en dvelja nú á Hverfisgötu 32 hér í bæ, og Erlendi Jónssyni Erlendssyni verkamanni, bróður Jóns, til heimilis á Hálogalandi hér í bæ.

Málið er höfðað gegn Jóni fyrir brot gegn 20. kap., 18. kap. og 16. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 1869, lögum nr. 6 1924, um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga, áfengislögum nr. 33 1935 og lögum nr. 70 1931, um notkun bifreiða.

Gegn Ásthildi er mál höfðað fyrir brot gegn 20. kap. og 18. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 70 1931, um notkun bifreiða.

Gegn Erlendi er málið höfðað fyrir brot gegn 14. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 70 1931, um notkun bifreiða.

Ákærð eru öll komin yfir lögaldur sakamanna. Jón er fæddur á Giljum í Hvolhreppi 16. apríl 1903. Ásthildur Halla er fædd hér í bæ 17. apríl 1911. Erlendur Jónsson Erlendsson er fæddur 5. okt. 1917 að Giljum í Hvolhreppi.

Jón Erlendsson hefir sætt eftirtöldum kærum og refsingum hér í Reykjavík:

1927 ¼ Sætt 20 króna sekt fyrir að stýra bifhjóli án þess að hafa öðlazt ökuskírteini.

1935 15/5 Kærður fyrir meint svik, málssókn látin falla niður.

1935 /6 Sætt 10 króna sekt fyrir að hafa of marga farþega á bifhjóli.

Erlendur Jónsson Erlendsson hefir sætt eftirtöldum kærum og refsingum, öllum hér í bænum:

1935 27/6 Dómur aukaréttar, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.

1935 5/10 Sætt 20 króna sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.

1936 ½ Kærður fyrir hlutdeild í þjófnaði. Látið falla niður.

1936 $^{15}/_{2}$ Kærður fyrir samskonar brot, málinu lokið með því að honum var komið fyrir í sveit.

1936 $^{3}/_{10}$ Dómur aukaréttar, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1936 $^{18}/_{11}$ Kærður fyrir ölvun í gistihúsherbergi. Látið falla niður.

1937 $^{2}/_{1}$ Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ásthildur Halla Guðmundsódttir hefir ekki sætt ákærum fyr.

2.

Miðvikudagsmorguninn 16. sept. s. l. um kl. 9 kom á sýsluskrifstofuna á Eskifirði Jón Erlendsson og tilkynnti þar, að stúlkan Halldóra Bjarnadóttir, sem dvalið hafði á heimili hans, hefði horfið þá um nóttina.

Sýslumaður var fjarverandi, þegar tilkynningin barst, en kom heim litlu síðar og átti þá strax tal við Jón og konu hans Ásthildi. Lét hann þegar hefja leit að stúlkunni. Var þann dag og næstu tvo daga spurzt fyrir um stúlkuna í þorpinu og á næstu bæjum, leitað meðfram sjónum og inn á heiði, slætt með bryggjum og inn í fjarðarbotn, en án alls árangurs.

Jafnframt hóf sýslumaður rannsókn í málinu, og kom þá fram ýmislegur orðrómur, sem gengið hafði í þorpinu um meðferð stúlkunnar á heimili ákærðra. Leiddi rannsóknin til þess, að ákærður Jón var úrskurðaður í gæzluvarðhald hinn 3. okt., en látinn var hann laus aftur hinn 7. s. m. sakir heilsubrests, og að ráði héraðslæknis.

Jafnframt rannsókninni heima í héraði leitaði sýslumaður til lögreglustjórans í Reykjavík um yfirheyrslu vitna, er þar voru. Leiddu þær vitnaskýrslur í ljós allstórfelld afbrot af hálfu hinna ákærðu hjóna, ef sannar reyndust, einkum vitnisburður meðákærðs Erlendar J. Erlendssonar. Leiddi þetta til þess, að sýslumaður í samráði við dómsmálaráðuleytið ákvað að senda þau hjón til Reykjavíkur til samprófunar við vitni þar. Kvað sýslumaður upp úrskurð um það, að þau skyldu send, hinn 24. nóv. Til Reykjavíkur komu þau miðvikudaginn 3. desember og voru þegar í stað einangruð í gæzluvarðhaldi og sátu í varðhaldi samfleytt til fimmtudagsins 21. janúar, er sýnt þótti, að þeir vitnisburðir væru fram komnir í málinu, sem búast mátti við, að gætu leitt til verulegra upplýsinga.

3.

Þriðjudaginn 15. sept. var Halldóra heitin að þvo af sér fatnað og tína saman dót sitt. Höfðu þau hjón orðið ásátt um að láta hana fara frá sér og koma henni til Reykjavíkur. Ætluðu þau sér að koma henni á Skeljung, sem von var á til Eskifjarðar á næstunni. Segjast þau hafa sagt Halldóru heitinni þetta annaðhvort þennan dag eða daginn áður, og hafi henni þótt miður og talið sig lítið erindi eiga til Reykjavíkur.

Þau hjónin gengu til hvílu kl. rúmlega 11 um kvöldið. Áður læsti Jón útidyrum hússins, en Ásthildur gætti að því, að eldhúsglugginn var kræktur aftur. Halldóra hafði þá enn ekki lokið við þvottinn, en hann þvoði hún í eldhúsinu. Kveðst Ásthildur hafa sagt Halldóru heitinni að flýta sér með þvottinn, svo hún gæti farið að sofa, og tók hún þá ekki eftir neinni sérstakri geðshræringu á henni.

Um nóttina var óveður.

Um 8 leytið um morguninn vöknuðu þau hjónin og urðu þess þá brátt vör, að Halldóra var horfin. Voru útidyr læstar, eins og við þær hafði verið skilið kvöldið áður, en eldhúsglugginn var kræktur upp, og ályktuðu þau hjón, að hún hefði farið út um hann. Var rúm hennar óbælt. Þvottinn hafði hún skilið við í bala undir vask frammi í skúr áföstum við húsið.

Ákærður Jón kveðst hafa saknað saltfisks, sem látinn hafði verið í bleyti og ætlaður var í eina máltíð handa heimilisfólkin. Einnig kveða þau hjón, að vera megi, að horfið hafi eitthvað af brauði, án þess þó að þau geti fullyrt neitt um það. Annars söknuðu þau ekki.

Þegar þau hjón urðu þess vör, að Halldóra var horfin, og það út um glugga, að því er þau ætluðu, fór Jón þegar út og fyrst til tengdaföður síns, Guðmundar nuddlæknis Péturssonar, til að leita Halldóru. Hefir Jón skýrt svo frá, að sér hafi orðið fyrst fyrir að fara þangað vegna þess, að heimili Guðmundar var hið eina á staðnum, sem Halldóra var kunnug á. Þar hafði hún þó ekki komið, og fór þá Jón þegar í stað, eftir ráðum Guðmundar, á sýsluskrifstofuna og tilkynnti hvarfið, eins og áður er sagt.

Um nóttina, á að gizka kl. 5—6, varð stúlkunni Sigfríði Sigurjónsdóttur, sem heima á í þorpinu, litið út um glugga. Var þá nokkur stormur, en rigning, sem verið hafði

um nóttina, stytt upp. Sá hún þá, hvar Halldóra gekk inn götuna. Hafði hún orð á þessu við móður sína, Sigríði Jónsdóttur, um morguninn, áður en hvarfið fréttist.

Um morguninn um kl. 7½ gekk Auðbergur trésmiður Benediktsson áleiðis inn að Borgum. Sá hann þá inn við fjarðarbotninn kvenmann ganga á undan sér. Ekki gat hann þekkt hana né lýst klæðnaði hennar, enda var langt á milli, og hvarf hún honum brátt. En ekki hefir upplýst, að neinn annar kvenmaður væri þarna á ferð um þetta leyti.

Önnur merki sáust ekki til Halldóru heitinnar, unz lík hennar fannst.

Í þessu sambandi þykir rétt að geta þess, að Erlendur J. Erlendsson hefir sem vitni í málinu borið það og haldið staðfastlega við, að Halldóra hafi um sumarið haft á orði við sig að fyrirfara sér. Aðrar upplýsingar í þessa átt hafa engar komið fram, en síðar segir nánar af vitnisburði þessa vitnis.

4.

Miðvikudaginn 30. september, laust fyrir kl. 11, var sýslumanni tilkynnt, að nokkrir smádrengir hefði þótzt verða varir við lík á sjávarbotni fyrir framan ytri Framkaupstaðarbryggju. Var þar slætt eftir líkinu, og kom þá fram, að það var af Halldóru Bjarnadóttur. Fyrirskipaði sýslumaður þegar líkskoðun og fékk til þess héraðslæknana Einar Ástráðsson og Guðmund Guðfinnsson. Fór líkskoðunin þegar fram um kvöldið.

Skýrsla héraðslæknanna um líkskoðunina, undirrituð af Einari Ástráðssyni, fer hér á eftir:

„Ár 1936, miðvikudaginn 30. sept. kl. 8.15 e. h., hófst líkskoðun og krufning á líki, er fannst sjórekið við Framkaupstaðarbryggjuna á Eskifirði kl. um 11 f. h. sama dag. Líkið þekktist að vera af Halldóru Bjarnadóttur, Grund Eskifirði, er hvarf aðfaranótt 16. sept. Líkskoðunin fer fram í „Gömlu-Búðinni“ Eskifirði og er framkvæmd að tilmælum sýslumanns Suður-Múlasýslu af héraðslækninum á Eskifirði, Einari Ástráðssyni, og héraðslækninum á Fáskrúðsfirði, Guðmundi Guðfinnssyni, sem er til þess kvaddur af sýslumanninum að ósk héraðslæknisins á staðnum.

Ytri skoðun: Hvítur klútur bundinn um höfuðið, brún kápa, slitin, blágráir, tíglóttir sokkar, á hægri fæti er sokkurinn niður um miðjan legg, sokkabandið um öklann, vinstri

sokkur er uppi og sokkabandið ofan hné. Gráir strigaskór með nokkuð slitnum gúmmíbotnum. Rauð tautreyja með rennilás, í rifinni léreftsskyrtu, ermalausri, vinstri hlýri er rifinn frá. Blátt taupils með engum faldi. Í einum hvítum normalbuxum, nældum upp með öryggisnælu. Þegar kápunni er flett frá, sjást þrjár marflær. Þegar skór eru teknir af, kemur í ljós, að tær og hælar á sokkunum eru í sundur. Á hægri sokk vantar alveg tána.

Líkið er grannholda. Hár ekkert farið að losna. Hársvörður eðlilegur. Andlitið blátt, lítið eitt þrútið. Hægra auga meira framstandandi en vinstra. Húðin blá yfir nefrót og augnalokum, neðra augnalok vinstra megin blásvart. Nefbroddur með eðlilegum hörundslit. Kinnbein og haka sömuleiðis. Efri vör blágræn innan og utan, tanngarðar og tennur eðlilegt. Yfir enni neðst og um mið bæði eyru er far undan höfuðskýlunni. Vinstri eyrnasnepill þrútinn, en hægri eyrnasnepill upp á mitt eyra og fram á gagnauga bólginn og blóðsprengdur. Blæðingin er gegnum húð og undirhúð, ekkert niður í vöðva. Gómstórt, blóðhlaupið sár framan og utan á hægra eyra. Hálsinn er blágrænn, lítilsháttar maceratio á húð undan rennilás treyjunnar. Bakið eðlilegt útlits og engir líkblettir. Á brjóstholi er hornhúð aðeins farin að losna yfir hægra brjósti, brjóstvörtur eðlilegar. Kviður blágrænn útlits, ekkert uppblásinn. *Stirðleiki, rigor mortis, finnanlegur um báða olnbogaliði*, handleggir verða þó réttir upp. Hægri upphandleggur gulgrænn með greinilegri margulu. Auðsjáanlega nokkurra daga gamalt mar fyrir dauða. Gamalt brunaör framan á hægri öxl, ca. 4×10 cm. Hægri framhaldleggur eðlilegur, hægri hendi (sic) skorpin, hornhúð að byrja að losna, neglur allar fastar. Vinstri handleggur eðlilegur. Vinstri hendi sama og sú hægri. Bæði læri eðlileg. Á hægra fótlegg er ca. 2 cm. í þvermál marblettur ca. 15 cm. neðan hné. Hornhúð á hægri il lítið eitt maceruð. Neglur allar á báðum fótum. Ca. 10 cm. neðan vinstra hné er ca. 4 cm. blásvart ör eftir skurð. Gamalt sár sést yfir efsta stórutáarlið hægri fótar. Flatilja.

Ytri kynfæri og endaþarmur eðlileg útlits.

Blóðlitaður vökvi flýtur út úr munni og nefi. Sandur eða slý er ekkert að sjá á líkinu, nema lítið eitt kringum neglur á hægra fæti. Neglur á tám allar fastar.

Obductio: Skurður lagður eftir miðlínu frá höku og niður á lífbein. Barki eðlilegur, barkakýli og málbein óbrotið. Barkalok eðlilegt, munnbotn sömuleiðis.

Bjósthol: Þind í exspirationsstöðu, lungu ná ekki saman framan yfir hjarta, eru ekkert uppblásin, en fínar loftblöðrur á yfirborði þeirra. Hægra lunga gróið við brjósthol og þind. Vinstra lunga frítt. Blóðlitaður vökvi, ca. 1 líter, í vinstra brjóstholi. Lungun eru losuð út. Þau eru mjög blóðþrungin (hyperaemisk). Bronchi lítið eitt hyperaemiskir. Lungun svampkennd, loftinnihald töluvert, enginn vökvi flýtur út við vindinn. Lungun fljóta. Enginn vökvi í gollurshúsi. Hjarta eðlilega stórt, bláðtómt, lokur eðlilegar.

Kviðarhol: Maginn þrengir sér út í skurðinn, stór og nokkuð uppblásinn. Maginn er einangraður frá vélinda og skeifugörn með fyrirhnýtingu og losaður út. Yfirborð hans er eðlilegt, engar blæðingar né rotnun merkjanleg. Magainnihald 1000 ccm., að mestu fiskur, virðist lítt eða ósoðinn saltfiskur, og nýjar, óhýddar, hráar kartöflur. Vökvi enginn. Magainnihald virðist ómelt. Skeifugörn og mjógirni tómt, saur neðst í ristli. Líkið er mjög innanmagurt. Við lifur, nýru, milta og bris er ekkert að athuga. Innri kynfæri eðlileg, um graviditet er ekki að ræða. Blaðra eðlileg. Nýrna- og garnmör er engan að finna.

Höfuð: Hársvörður eðlilegur útlits, ekkert hárlos. Skurður lagður frá hnakkabeini og fram á enni, höfuðhúð flett til hliðar og niður á eyru. Á hægra gagnauga er blóðinnbisitio í húð og undirhúð, ekki í vöðva. Enginn áverki merkjanlegur á höfuðskel. Höfuðkúpan er söguð ofan af með hringskurði, engar blæðingar merkjanlegar við heilahimnu. Heilinn skorinn þvert sundur, engin heilagrotnun. Tekið í 50 gr. glas af brjóstholsvökva, allt magainnihald í annað glas og stykki úr báðum lungum sett í ílát með 4% formalínupplausn. Ílátin öll innsigluð. Skurðir saumaðir saman.

Við líkskoðunina finnst engin ákveðin dauðaorsök annað en köfnunardauði. Drukknun engan veginn útilokuð. Áverkann á gagnauga hægramegin má telja stúlkuna hafa fengið í lifanda lífi, skömmu fyrir dauða, en hann mundi engan veginn hafa getað orðið bein dauðaorsök.

Af finnanlegum rigor mortis um olnbogaliði og öðru útliti líksins þykir ósennilegt, að líkið sé eldra en 4—5 sól-

arhringa, en um slíkt verður ekki sagt með neinni vissu, og jafnvel ekki útilokað, að líkið geti verið 14 daga gamalt."

Skýrslan um líkskoðunina, ásamt sýnishornum þeim, er læknarnir tóku af líkinu, var síðan sent rannsóknarstofu háskólans og leitað álits hennar. Líkskoðun og skýrsla héraðslæknanna varð fyrir allmikilli gagnrýni rannsóknarstofunnar. Taldi rannsóknarstofan dauðaorsök ófundna, því drukknunareinkenni hafi ekki sézt ábyggileg, og væri ómögulegt að úrskurða, hvort konan hefði komið lifandi eða dauð í vatnið. Taldi hún ómögulegt að segja, hvað langt hefði verið liðið frá dauða, þegar konan var krufin, en sennilega hefði það þó ekki verið skemmra en 2 sólarhringar. Taldi hún mjög ósennilegt, að líkið hafi getað legið 14 daga í sjó, en ekki ómögulegt, að það væri orðið 14 daga gamalt.

Málið var því næst borið að nýju undir héraðslæknana, og að fengnum ýtarlegri upplýsingum frá þeim aftur undir rannsóknarstofuna, er þá gaf eftirfarandi framhaldsálit.:

„Ég hefi móttekið, herra lögreglustjóri, bréf yðar dags. 13. þ. m. með hjálagðri viðbótarskýrslu héraðslæknisins á Eskifirði um krufningu á líki Halldóru Bjarnadóttur.

Samkvæmt þessum upplýsingum hefir húðlosið á höndunum verið á barnslófastóru svæði í greipum og á tveggjakrónupeningsstóru svæði á báðum handarbökum, en nokkru minna í lófum.

Ennfremur upplýsist það, að blágræni liturinn neðan vinnstra auga, á efri vör og beggja megin á hálsi hefir virzt vera rotnun, en ekki litið út fyrir að stafa af áverka.

Loks, að ekkert innihald hafi fundizt í lungnapípum, engin froða eða þ. u. l.

Allar þessar upplýsingar benda í sömu átt, rotnunarmerkin til þess, að töluvert hafi verið liðið frá dauða, og húðlosið er eftir þessum upplýsingum það mikið, að það getur samrímzt því, að líkið hafi legið í allt að ½ mánuð í vatni. Og ef líkið hefir legið svo lengi í vatni, var viðbúið, að öll froða hefði horfið úr barka og lungnapípum, þótt konan hefði drukknað.

Læknarnir telja ótvírætt, að um dauðastirðnun hafi verið að ræða í olnbogaliðum, og það er að þessum upplýsingum fengnum það eina, sem eftir er af þeim einkennum, sem bentu til, að líkið hefði verið tiltölulega ferskt.

En þar sem nú er upplýst, að allveruleg og útbreidd rotnun hefir verið komin í líkið, er ekki unnt að leggja mikið upp úr stirðnuninni í olnbogaliðunum, því hér er svo lítil reynsla fyrir því, hve lengi hún getur haldizt í sjóreknum líkum, en í kulda getur hún haldizt furðulega lengi.

Eftir þessum upplýsingum að dæma virðist það því ekki ósennilegt, að 14 dagar hafi verið liðnir frá dauða, þegar líkið fannst, og þótt búast hefði mátt við meiri breytingum á húðinni við að liggja allan þennan tíma í vatni, þá er þó upplýst, að svo mikið hornhúðarlos hefir verið komið á hendur og fingur, að það getur ekki talizt ósamrímanlegt því, að líkið hafi legið allan timann í vatni.

Um dauðaorsökina er af viðbótarskýrslunni ekki unnt að draga neinar ályktanir.

Fylgiskjalið endursendist.

Virðingarfyllst,

Niels Dungal."

5.

Halldóra heitin Bjarnadóttir er talin fædd 11. júlí árið 1901 eða 1902 í Hagakoti í Garðahreppi. Frá 16 ára aldri dvaldi hún í Hafnarfirði og síðustu árin í Reykjavík.

Sumarið 1920 varð hún veik á sinni um nokkurt skeið, en síðan batnaði það og bar ekki síðar á því. Hinn 26. júní 1934 eignaðist hún barn, sem komið var í fóstur fyrir atbeina barnaverndarnefndar.

Í byrjun vetrar 1934 réðst Halldóra til þeirra hjóna Jóns og Ásthildar, sem þá bjuggu í Sauðagerði hér í bæ.

Þá hafði Halldóra verið undanfarið laus í vistum. Um haustið var hún m. a. um mánaðartíma í vist hjá frú Guðnýju Jónsdóttur. Kærði frúin sig þá ekki um að hafa hana lengur, og varð þá að samkomulagi, að hún færi.

Frúin hefir lýst Halldóru heitinni svo, að hún hafi verið vandræðamanneskja og tæplega með réttu ráði. Telur frúin hana hafa verið vandaða og góða í sér, óframfærna, en ímyndunarfulla og umtalsilla um fólk. Sem dæmi um það skýrði frúin frá því, að hún hafi talið flesta af íbúum hússins, sem þau buggu í, vera bruggara. Einnig hafði Halldóra orð á því, að nafngreind kona, sem henni var kunnug og um tíma hafði haft barn hennar á fóstri, hefði haft af sér fé, og varð frúin að ganga í það mál og rann-

saka og komst að raun um, að hún hafði konu þessa fyrir röngum sökum. Í verkum sínum telur frúin Halldóru hafa verið þrifna, en ákaflega hirðulausa um sjálfa sig. Hún var fremur veikluð og lá iðulega þennan tíma, og var þá slæm á skapsmunum og grét oft. Lét frúin sækja til hennar lækni eitt sinn, Kristínu Ólafsdóttur. Það var 26. nóv. 1934. Hefir læknirinn kallað sjúkdóm hennar í bókum sínum hysteria.

Af vitnisburðum og öðru því, er fram hefir komið í málinu, má ráða, að Halldóru heitinni sé hér rétt lýst, og af öllu því, sem upplýst hefir í málinu, verður að ályktа, að hún hafi verið öðruvísi og vesælli en fólk er flest.

Þau hjón Jón og Ásthildur bjuggu í Sauðagerði þar til vorið 1935, að hús þeirra brann. Eftir það lentu þau á nokkrum hrakningi með heimili sitt og voru á ýmsum stöðum hér í bænum og ferðalagi, og var Halldóra jafnan með þeim. En um rúman mánaðartíma um sumarið komu þau henni í kaupavinnu norður að Ögmundarstöðum í Skagafirði, og fékk hún þar gott orð. Haustið 1935 fluttu þau hjón til Eskifjarðar og settust fyrst að hjá foreldrum Ásthildar, Guðmundi nuddlækni Péturssyni og konu hans, í Merki, en um nýársleytið 1936 settust þau að í húsi, sem þau höfðu keypt sér þar á staðnum og kallað Grund. Fór Halldóra með þeim austur.

Þegar Halldóra réðst til þeirra hjóna, var ákveðið, að hún tæki í kaup annaðhvort 20 eða 25 krónur á mánuði. Strax um vorið 1935 hættu þau hjón þó að gjalda henni kaup og gerðu þá við hana skriflegan samning, sem ekki hefir komið fram í málinu. Samkvæmt frásögn þeirra hjóna átti hún eftir samningnum að hafa fæði og fatnað, en ekki kaup. Gerðu þau Halldóru tvo kosti, annaðhvort að fara eða ganga að samningnum og undirrita hann. Vitni, sem var viðstatt undirritun samningsins, hefir borið, að Halldóra hafi í fyrstu færzt undan að skrifa undir samninginn og borið við þeirri ástæðu, að hún ætti ekki að fá kaup samkvæmt honum. En þegar Jón gerði henni tvo kosti, annaðhvort að fara eða ganga að þessu, undirritaði hún samninginn þvingunarlaust, að áliti þessa vitnis. Vitni hefir borið það, að Halldóra hafi síðar verið hrædd við þennan samning.

Í kaupavinnuna að Ögmundarstöðum ráðstöfuðu þau hjón

Halldóru að öllu leyti, sáu um ferð hennar norður og sóttu hana norður aftur. Lagði Ásthildur svo fyrir, að kaup hennar skyldi greitt sér, og var svo gert. Var kaupið 22 krónur á viku og nam alls 130 krónum, og hefir Ásthildur viðurkennt að hafa ekki látið Halldóru hafa af því.

Ásthildur hefir verið látin gera grein fyrir fatnaði þeim, er hún samkvæmt samningnum hefir látið Halldóru hafa. Kom þá fram, að Halldóra hefir fengið nokkuð af fatnaði til hversdagsnota, en að mestu leyti þó uppgjafaflíkur af Ásthildi sjálfri. Samkvæmt uppskriftargerð hreppstjóra Eskifjarðarhrepps eru eftirlátnir fataræflar hennar virtir á 5 krónur. Aðrar eftirlátnar eignir hennar voru sængurföt, virt á 7 krónur, og koffort, virt á 5 krónur.

6.

Heimilislíf þeirra hjóna Jóns og Ásthildar er svo lýst, samkvæmt því sem fram hefir komið í málinu, að það hafi verið all-svarrafengið, og sambúð þeirra skrykkjótt, og það svo, að þau hafa skilið samvistir um tíma. Hafa þau lýst hvort öðru svo, að hann sé uppstökkur, en hún skapstór. Virðast þau iðulega hafa deilt og stundum orðið með þeim hrindingar og það svo, að í eitt skipti, sem upplýst er um, hlutu þau slíkar meiðingar, að þau urðu hvort um sig að leita læknis.

Heimiliskunningja virðast þau hjón hafa fáa átt og ekki svo nána, að þeir gætu að ráði borið um heimilislíf þeirra eða líðan Halldóru hjá þeim. Segir sýslumaður, að þau hafi verið illa þokkuð á Eskifirði, og margir haft horn í síðu þeirra og forðast að umgangast þau. Mörg vitna þeirra, er yfirheyrð hafa verið þar, hafa borið um orðróm, er þar hafi gengið um illa meðferð á Halldóru heitinni, hún hafi verið ófrjáls ferða sinna og höfð innilokuð, en án þess að geta borið um það af persónulegri þekkingu, eða rökstutt það með dæmum.

Af rannsókn málsins yfirleitt má ráða það, að Halldóra heitin hefir verið hrædd við þau hjónin á alveg óeðlilegan hátt. Vorið 1935, eftir að brann hjá þeim hjónum í Sauðagerði, dvöldu þau á ýmsum stöðum, eins og áður er sagt, og frá þeim tíma hefir helzt verið unnt að fá vitnisburði um aðbúð Halldóru hjá þeim. Þá um tíma dvaldi Ásthildur með Halldóru hjá mágkonu sinni, Vilborgu Guðlaugsdóttur.

Hefir Vilborg borið það, að Halldóra hafi sagt sér, að sér líkaði ekki að vera hjá þeim hjónum, og vildi hún komast burtu, en sig brysti kjark til þess.

Það vor bjuggu þau hjón um tíma á Þórsgötu 18. Húsfreyjan þar, Sólveig Eiríksdóttir, hefir borið, að sér hafi virzt Halldóru líða illa á heimilinu og hún hafi verið hrædd við að hafa mök við annað fólk vegna Ásthildar. Eitt sinn bauð frúin henni kaffi, þegar hún var að þvo þvott. Ætlaði Halldóra varla að þora að þiggja það, svo var hún hrædd um, að Ásthildur mundi koma að þeim. Kveðst frúin hafa orðið að standa vörð meðan Halldóra drakk kaffið.

Sama vor bjuggu þau um tíma á Bræðraborgarstíg 21. Frú Þóra Pétursdóttir, er leigði þeim hjónum þar, hefir borið, að Halldóra hafi þá litið út eins og skepna, verið illa til fara, snöggklippt og sóðaleg. Hún var ákaflega hrædd við þau hjónin og þorði ekki að tala við frúna. Eitt sinn, er frúin ávarpaði hana, sagði hún: „Í guðs bænum hafið ekki hátt, ég má engu svara."

Í sama húsi, næsta herbergi við þau hjón, bjó frú Olga Þórhallsdóttir, og kynntist hún Halldóru nokkuð. Hefir hún borið, að Halldóra hafi verið mögur og illa til fara og hrædd við þau hjónin. Kveðst hún hafa merkt það á því, að ef Halldóra sneypti börn þeirra hjóna, hafi hún jafnan á eftir beðið þau mjög innilega að segja ekki foreldrum sínum frá þessu. Hún kveðst iðulega hafa heyrt Ásthildi skamma Halldóru hinum grófustu orðum, kalla hana svín og kvikindi. Einnig skammaði Jón hana, en þó ekki eins svæsið. Eitt sinn kvaðst hún hafa spurt Halldóru, hvort henni liði ekki illa þarna. Þá hristi Halldóra höfuðið og sagði: „Eg má ekkert segja." Frúnni þótti líðan Halldóru hjá þeim hjónum það ábótavant, að hún ræddi um það við mann sinn að gera lögreglunni aðvart, en af því varð þó ekki, enda var Halldóra þarna skamman tíma.

Barni Halldóru hafði verið komið fyrir hjá frú Maríu Jónsdóttur, Holtsgötu 13 hér í bæ, og hafði hún þess vegna allmikil kynni af henni. Hún hefir borið vitni í málinu og telur sér hafa verið það fullkunnugt, að Halldóru hafi liðið illa hjá þeim hjónum. Kvartaði Halldóra um það við hana, að hún liði sult þar á heimilinu, og allt atlæti væri ótuktarlegt. Ræddi Halldóra margoft við hana um það að fara, en ekkert varð af því vegna ístöðuleysis hennar.

Frá Eskifjarðardvöl Halldóru eru fáir vitnisburðir. Læknirinn, Einar Ástráðsson, sem nokkrum sinnum vitjaði Halldóru sjúkrar, hefir borið, að hann hafi þá ekki orðið var við, að farið væri illa með hana á heimilinu. Hann hefir og talið, að Ásthildur léti sér umhugað um hana meðan hún lá. Foreldrar Ásthildar, Guðmundur nuddlæknir Pétursson, og kona hans, Elín Runólfsdóttir, hafa ekki talið Halldóru illa meðfarna á heimilinu. Aftur á móti hefir bróðir Ásthildar, Sigurjón, borið, að þau hjón hafi ávallt verið höst við Halldóru í orðum og hún kúguð af þeim og alveg á valdi þeirra. Kona hans, frú Jóhanna Hjelm, hefir og borið um illa líðan Halldóru þar á heimilinu og nefnt til dæmi, sem síðar verða nánar rakin, og lýst því, að Ásthildur hafi beitt hana ljótu orðbragði. Þess skal getið, að upplýst er í málinu, að óvild ríkti milli heimilis Jóhönnu og þeirra hjóna, og hafa þau hjón mótmælt eindregið vitnisburði hennar.

Þau hjón hafa þrátt fyrir þessa vitnisburði haldið því fram almennt, að Halldóra hafi enga nauð liðið á heimili sínu, og aðbúð hennar þar verið lýtalaus. Þau hafa þó viðurkennt, að hafa iðulega skammað Halldóru, og hefir Jón talið, að þau hafi gert óþarflega mikið að því. En jafnframt hafa þau haldið því fram, að framkoma hennar og háttalag hafi gefið fullt tilefni til þess. Ásthildur hefir jafnframt haldið því fram, að Halldóra hafi sókzt eftir því að fá að vera hjá þeim hjónum áfram og meira að segja beðið sig fyrir barn sitt, því hún treysti engri, nema henni, til að fóstra það upp.

Það hefir þó hinsvegar komið fram í málinu, að Halldóra hefir fljótlega eftir að hún kom til þeirra hjóna hugsað til að komast þaðan í burtu aftur. Eru upplýsingar þær, sem fram hafa komið um það efni, þess eðlis, að ástæða er til að telja það merki þess, að ekki hafi allt verið með felldu um vist Halldóru þar á heimilinu, og skal það nú nánar rakið.

Síðari hluta janúarmánaðar 1935 ræður Halldóra sig samkvæmt auglýsingu sem vertíðarstúlku að Stað í Grindavík. Hún kom þó ekki þangað á tilsettum tíma, og þegar hennar var vitjað, neitaði hún að fara og bar því við, að til sín hefði verið símað og sér tilkynnt uppsögn. Tvö vitni hafa borið það, að Halldóra hafi sagt sér frá þessu og kennt

þeim hjónum um, þau hafi sjálf símað eða látið síma til sín uppsögnina.

Annað þessara vitna, María Jónsdóttir, hefir það eftir Halldóru, að hún hafi sjálf skýrt Ásthildi frá ráðningunni, en Ásthildur hafi þá talið hana af þessari ráðabreytni og beðið hana að vera áfram, lofað að útvega henni fiskvinnu og heitið henni friu fæði á meðan hún væri hjá henni.

Þessu hafa þau hjón eindregið neitað og talið sér með öllu ókunnugt um þessa ráðningu Halldóru.

Þá var Halldóra um vorið föluð í kaupavinnu að Læk í Flóa. Fór húsfreyja sjálf að tala við hana og hefir hún borið fyrir rétti, að sér hafi virzt Halldóra verða hrifin af því boði. Taldi hún sig þó verða að bera þetta undir þau hjón, en eftir að það var gert, tjáði hún húsfreyju, að ekki gæti af því orðið, að hún réði sig til hennar, og var hún þá kjökrandi, er hún tjáði henni þetta. Talaði húsfreyja þá við Jón og taldi hann útilokað, að Halldóra gæti ráðið sig til hennar, með því að hún væri annars staðar ráðin, og skellti hann hurðinni framan í húsfreyju. Varð því ekkert úr þessari ráðningu. Jón hefir ekki talið sig muna eftir þessu, en hefir þó ekki fortekið, að það hafi kunnað að eiga sér stað.

Þetta sama vor var Halldóru og vitjað í kaupavinnu að Hallanda í Flóa, en þar hafði hún verið í kaupavinnu í mörg undanfarin sumur og hafði ráðgert að fara þangað aftur. Fór Geir bóndi heim til hennar og hitti þar mann að máli, sem hann ekki þekkti, er sagði honum, að Halldóra væri farin austur á firði og mundi ekki fara til hans í kaupavinnu það sumar. Reyndi hann þá ekki frekar að ná tali af Halldóru. Jón hefir ekki talið sig muna til þess að hafa veitt Geir bónda þessi svör eða við hann talað, en hefir bent á, að þetta vor fór Ásthildur í kynnisför til foreldra sinna á Eskifirði og hafði Halldóru með sér, og kunni það að hafa verið um sama leyti og Geir var á ferðinni.

Eins og áður er getið, fóru þau hjón um Skagafjörðinn og tóku Halldóru þar að kaupavinnu hennar lokinni og höfðu með sér til Reykjavíkur. Þar tóku þau sér gistingu á hóteli. Meðan þau voru að koma sér fyrir þar og bera inn dót sitt hvarf Halldóra. Leitaði Jón hennar, en árangurslaust. Einum eða tveimur dögum síðar rákust þau á hana á götu, og var hún þá fús að koma til þeirra aftur, að því

er þau sjálf hafa skýrt frá, en neitaði með öllu að gera þeim grein fyrir, hvar hún hefði verið eða hvað hún hefði ætlazt fyrir með þessu brotthlaupi sínu.

7.

Samkvæmt skýrslu héraðslæknanna um líkskoðunina, sem fyrr er tilfærð, voru þrír áverkar á líkinu. Framan og utan á hægra eyra var gómstórt, blóðhlaupið sár, eyrnasnepillinn bólginn og blóðsprengdur og allt fram á gagnauga. Telur rannsóknarstofa háskólans líkur hafa fundizt fyrir því, að Halldóra hafi fengið þennan áverka rétt fyrir dauðann, sennilega innan sólarhrings. Á hægri upphandlegg líksins var greinileg margula, marið auðsjáanlega nokkurra daga gamalt fyrir dauða, að því er héraðslæknarnir telja. Loks var marblettur á hægri fótlegg, ca. 2 cm. í þvermál. Að áliti héraðslæknanna og rannsóknarstofunnar geta áverkar þessir ekki talizt dauðaorsök.

Þau hjónin Jón og Ásthildur hafa gert þá grein fyrir áverkum þessum, að eitthvað 4—5 dögum áður en Halldóra hvarf hafi hún dottið á andlitið. Kveðst Ásthildur hafa tekið eftir, að mar kom út á andliti hennar, en segir, að það hafi þó verið farið að hverfa. Jón hefir fullyrt, að síðast, þegar hann veitti Halldóru eftirtekt kvöldið áður en hún hvarf, hafi ekki séð annað á henni en daufa marbletti eftir þá byltu. Marblettina á handlegg og fótlegg hafa þau ekki getað skýrt.

Vitnisburðir þeir, sem fengizt hafa um áverka á Halldóru og ætlaðar misþyrmingar af hálfu þeirra hjóna skulu nú raktir.

María Jónsdóttir hefir skýrt frá því, að Halldóra hafi sagt sér, að hún væri barin af þeim hjónum, og kveðst hún hafa skilið hana svo, að það væri daglegur vani. Ennfremur hefir hún sagt frá því, að vorið 1935 hafi Ásthildur um tíma stokkið frá Jóni. Hafi þá Jón komið til sín að leita að Halldóru, er þá fylgdi Ásthildi. Þá hafi Jón skýrt sér frá, að Ásthildur berði Halldóru, og hann teldi ekki forsvaranlegt að hafa hana hjá henni. Nokkru síðar átti María tal við Ásthildi um þetta og taldi hún þá, að Jón berði hana. Þegar þetta var borið á þau hjón í réttinum, neitaði Ásthildur eindregið að hafa farið með slíkar sögur um Jón. Jón kvað það aftur á móti geta vel verið, að hann hafi skýrt Maríu

frá því, að Ásthildur berði Halldóru, en hann hafi þá skrökvað því upp á konu sína.

Þá hefir frú Þóra Pétursdóttir borið, að þegar Halldóra kom í húsið til hennar, hafi hún verið með áverka á öðru gagnauganu, bláan blett. Þau hjón hafa neitað því að hafa tekið eftir því eða vera völd að honum, og frú Vilborg Guðlaugsdóttir, sem Halldóra var hjá næst á undan, hefir ekki talið sig hafa orðið vör við þann áverka. Í annað skipti sá frú Þóra, að það lagaði blóð úr kinn Halldóru, eins og eftir klór. Heldur ekki hafa þau hjón talið sig geta upplýst um það. Þá hefir frúin talið sig hafa heyrt Ásthildi hóta henni líkamlegum refsingum. Frú Olga Þórhallsdóttir hefir og borið, að hún hafi heyrt Ásthildi hóta Halldóru að rassskella hana, svo blæddi úr, meðan hún var var í húsinu. Ásthildur hefir þrætt fyrir þetta.

Frá Eskifjarðardvöl Halldóru hefir frú Jóhanna Hjelm borið það, að þau hjón hafi bæði misþyrmt Halldóru. Frúin var um tíma daglegur gestur á heimili þeirra hjóna, en eins og áður segir, reis síðar upp óvild milli hennar og þeirra. Frúin hefir skýrt svo frá, að hún hafi tvisvar heyrt Halldóru hljóða uppi á lofti, og hafi börn sín ung, sem voru uppi á loftinu, sagt sér, að í annað skiptið hafi Ásthildur barið Halldóru í bakið með skó, en í hitt skiptið hafi Jón sparkað í hana. Þá kveðst frúin eitt sinn hafa séð Halldóru með áverka fyrir neðan augað. Í síðasta skiptið, sem frúin kom til þeirra hjóna, var hún sjónarvottur að því, að Jón reiddist Halldóru. Stökk hún undan honum upp á loft, og heyrði frúin þar tusk í þeim og ámátleg hljóð í Halldóru. Eftir að frúin hætti að koma til þeirra hjóna sá hún Halldóru eitt sinn út um glugga, og var hún þá blámarin í andliti og bólgin fyrir neðan bæði augu. Það var í ágústmánuði síðastliðnum.

Þau hjón hafa eindregið neitað því að hafa nokkru sinni veitt Halldóru líkamlega áverka eða hótað henni slíku. Jón hefir þó skýrt frá því, að hann hafi séð það koma fyrir, að Ásthildur greip í Halldóru og leiddi hana að verki því, er hún átti að vinna.

8.

Eftir að Halldóra réðst til þeirra hjóna hætti hún að rækja kunningsskap við kunningja sína og hvarf þeim flestum. Eftir að þau fluttu til Eskifjarðar var Halldóra svo ein-

angruð, að hún talaði varla við nokkurn mann utan heimilisins.

Þegar Halldóra réðst til þeirra, var svo umsamið, að hún hefði frí einn dag í viku, annanhvern sunnudag, og virkan dag í hinni vikunni. Hefir Ásthildur talið, að hún hafi ávallt farið þá út og gengið hart eftir að komast sem fyrst. Þessum ákveðnu fríðögum svipti Ásthildur hana þó bráðlega, og heldur hún því fram, að Halldóra hafi tekið því vel. Ástæðuna fyrir því, að Halldóra var svipt fríðögum sínum, hefir Ásthildur talið þá, að hún hafi verið mikið gefin fyrir karlmenn, og taldi hún þörf á að koma í veg fyrir samgang Halldóru við þá. Jón hefir neitað því að hafa verið með í þessum ráðum. Eftir að Halldóra lét þannig af fríðögum sínum fór hún yfirleitt ekki út, nema annað hvort með Ásthildi eða börnum þeirra hjóna.

Vitnið María Jónsdóttir hefir borið það, að Halldóru hafi verið meinað af þeim hjónum að sjá barn sitt, sem hjá henni var. Hefir hún borið það, að Halldóra hafi heimsótt það með leyfi þeirra hjóna í 2—3 skipti, og síðar hafi hún komið fáum sinnum í óleyfi. Síðast sá hún barn sitt rétt áður en hún fór í kaupavinnu, og kom þá María með það til hennar. Ekki kvaddi hún það áður en hún fór austur.

Ásthildur hefir neitað því að hafa nokkru sinni synjað Halldóru leyfis um að fara og sjá barn sitt. Hún hefir haldið því fram, að jafnan, þegar Halldóra fór út, hafi hún sagt sér, að hún ætlaði til barnsins, en kveðst hafa orðið þess vör, að hún gerði það ekki ávallt. Eitt skipti kveðst hún hafa vitað til þess, að Halldóra var með karlmönnum, í stað þess að vitja barnsins. Ásthildur hefir viðurkennt það að hafa ekki tekið sér fram um að láta Halldóru kveðja barn sitt áður en hún fór til Eskifjarðar.

Þá hafa í rannsókn málsins komið fram vitnisburðir um það, að þau hjón hafi beint lokað Halldóru inni. Þannig hafa þær frú Þóra Pétursdóttir og frú Olga Þórhallsdóttir borið það, að hún hafi verið lokuð ein inni á Bræðraborgarstíg 21. Þær hafa þó ekki getað fullyrt það, hvort herberginu var lokað utan frá, eða hvort Halldóra lokaði sjálf að sér, utan í eitt skipti, sem frú Olga kveðst hafa staðreynt, að dyrnar voru læstar utan frá, og Halldóra ein höfð inni. Ásthildur hefir neitað því að hafa lokað Halldóru inni í herbergi því, sem þau hjón höfðu leigt á Bræðraborgar-

stignum, en kveður, að hún hafi stundum sjálf læst að sér, þegar þau hjón voru úti. Aftur játaði hún að hafa stundum læst forstofu þeirri, er gengið var í úr herberginu, þannig að Halldóra varð að fara upp á loft og í gegnum íbúð Þóru Pétursdóttur til þess að komast út. Þennan framburð sinn tók hún þó jafnharðan aftur.

Í fyrstu yfirheyrslu viðurkenndi Ásthildur, að það hafi komið fyrir eftir að þau hjón fluttu til Eskifjarðar, að þau hafi lokað Halldóru inni í húsinu að degi til, þegar þau fóru að heiman. Kvað hún ástæðuna til þess vera þá, að þau hafi talið Halldóru andlega brjálaða. Einnig kveðst hún með þessu hafa viljað halda henni frá karlmönnum. Þennan framburð sinn hefir Ásthildur síðar tekið aftur, en með tilliti til þess, að hún færir ástæður fyrir því, að hún taldi sér þörf á að loka Halldóru inni, svo og þess, sem upplýst er með öðrum hætti í málinu og þegar hefir verið rakið og þykir gera þetta sennilegt, er ekki hægt að taka þá afturköllun til greina.

Jón hefir jafnan þrætt fyrir það, að Halldóra hafi verið höfð innilokuð, öðruvísi en svo, að henni hafi verið sagt að loka að sér að innanverðu, og hún sjálf haft lykilinn. Ástæðuna fyrir því, að Halldóru var þannig fyrirskipað að loka að sér, hefir hann talið vera þá, að ekki yrði farið inn á verkstæði sitt, sem innangengt er í úr íbúðinni.

Þess skal getið, að þau hjónin hafa skýrt svo frá, að Halldóra hafi tvisvar sinnum eftir að til Eskifjarðar kom farið út að næturlagi, svo þau yrðu vör við. Vildi hún ekki gefa neina skýringu á því, þótt á hana væri gengið. M. a. þess vegna gættu þau þess að hafa húsið lokað um nætur. Vildu þau með því halda Halldóru frá næturslarki, eins og Ásthildur kemst að orði.

9.

Við líkskoðunina kom fram, að lík Halldóru var mjög innan magurt, nýrna- og garnmör enginn, skeifugörn og mjógirni tómt, magainnihald lítt eða ósoðinn saltfiskur og nýjar, óhýddar, hráar kartöflur, ómelt, að því er virtist.

Um þetta segir svo í fyrra áliti rannsóknarstofunnar:

„Af skýrslunni virðist mega ráða það, að konan hafi soltið um lengri tíma, því það er algerlega óeðlilegt, að enginn garna- né nýrnamör finnist. Þótt það sé ekki tekið

fram, verður að gera ráð fyrir, að engin fita hafi fundizt í netjunni (héraðlæknarnir hafa síðar upplýst, að þetta er rétt). Og þar sem mjógirni og efri hluti ristils er tómt, lítur út fyrir, að konan hafi einskis matar neytt í tvo sólarhringa þangað til hún gleypir í sig stóra máltíð skömmu áður en hún deyr."

Af vitnum þeim, er um viðurværi Halldóru hjá þeim hjónum hafa borið, hefir María Jónsdóttir talið Halldóru hafa sagt sér, að hún fengi ekki nóg að borða. Jóhanna Hjelm hefir og talið sig hafa orðið þess áskynja bæði, að dregið væri af mat hennar og eins, að hún hefði ekki næði til að borða.

Það er upplýst í málinu, að Ásthildur hefir jafnan skammtað heimilisfólki mat, og hann verið geymdur yfirleitt í læstum skáp milli máltíða.

Þau hjón hafa eindregið haldið því fram, að Halldóra hafi ávallt fengið nógan mat og þann sama og heimilisfólkið. Á heimilinu hafi að vísu ekki verið haft margbrotið fæði, en hægt hafi verið að halda holdum af því. Þau hafa skýrt frá því, að Halldóra hafi þurft óeðlilega mikið að borða og borðað oft meira en henni varð gott af. Í þessu sambandi skal þess getið, að hvorki frú Guðný Jónsdóttir né frú Vilborg Guðlaugsdóttir minnast þess, að Halldóra hafi neytt matar umfram það, sem venjulegt er. Þá hafa þau og skýrt frá því, að Halldóra hafi iðulega hnuplað sér mat til eigin neyzlu, þar sem hún komst yfir hann.

Hjónin hafa bent á, að Halldóra hafi iðulega verið veik í maga, og hafa talið það bera vitni um, að henni hafi verið gjarnt að borða meira en hún hafði gott af, og hafa viljað með því skýra, hversu hún þurfti mikið að borða. Þau hafa haldið því fram, að hún hafi verið í góðum holdum allt þangað til s. l. sumar. Þá lá hún um tíma í ágústmánuði vegna ígerðar í hné og af afleiðeingum bílslyss, og varð þá mjög mögur og náði sér ekki eftir það. Til sönnunar því hafa þau lagt fram ljósmynd af Halldóru, sem tekin var s. l. vor, og verður ekki annað ráðið af myndinni, en hún sé í fullum holdum. Myndin var borin undir frú Guðnýju Jónsdóttur, og taldi frúin Halldóru öllu feitari að sjá á myndinni en meðan hún var hjá henni, enda var hún þá nýkomin úr kaupavinnu, sem hún fór í að afloknum barnsburði.

Foreldrar Ásthildar, Guðmundur nuddlæknir Pétursson, og kona hans, Elín Runólfsdóttir, sem tækifæri höfðu til að fylgjast með mataræði Halldóru, þegar þau hjón, ásamt henni, bjuggu hjá þeim, hafa eindregið haldið því fram, að Halldóra hafi fengið nógan mat hjá þeim, en þurft óeðlilega mikið og verið sístelandi mat. Hefir Guðmundur haldið því fram, að Halldóra hafi borðað „á við sverasta karlmann", og hin mikla matargræðgi hennar hafi verið sjúkdómur.

Í tilefni af þessu var leitað álits læknanna Magnúsar héraðslæknis Péturssonar, Jóns prófessors Hjaltalíns Sigurðssonar og Nielsar prófessors Dungals. Voru lagðar fyrir þá eftirfarandi spurningar:

„1) Getur sú fullyrðing nuddlæknisins, að Halldóra heitin hafi „ávalt fengið nóg að borða" og „borðað á við sverasta karlmann" komið heim við það, sem ráða má af holdafari líksins?

2) Hverjar líkur eru fyrir þeirri fullyrðingu nuddlæknisins, að hin „mikla matargræðgi" Halldóru heitinnar hafi verið sjúkdómur?

3) Verður nokkuð um það ráðið af líkskoðuninni, að Halldóra heitin hafa þjáðst af sjúkdómi, sem getað hafi haft áhrif á holdafar hennar eða matarþörf?"

Svör læknanna fara hér á eftir:

„Ad. 1. Síðustu 2—3 dagana hefir Halldóra tvímælalaust ekkert eða sáralítið fengið að borða, nema þá máltíð, sem í maganum var. Sennilega hefir H. B. soltið um lengri tíma fyrir dauða sinn eftir útliti líksins að dæma.

Ad. 2. Einasti sjúkdmur, sem komið gæti til greina sem orsök slíkrar matargræðgi, sem hr. Guðmundur Pétursson getur um, er sykursýki. Ekkert er upplýst um, að konan hafi haft þennan sjúkdóm, sem er frekar sjaldgæfur hér, og einskis er getið í skýrslum þeim, sem fyrir okkur liggja, um önnur einkenni, sem búast hefði mátt við, að vart hefði orðið, ef konan hafði haft sykursýki á háu stigi.

Ad. 3. Ekkert hefir fundizt við líkskoðunina, sem benti á sjúkdóm, en hinsvegar skal það tekið fram, að við venjulega líkrannsókn sjást engin merki um sykursýki."

Að fengnu þessu áliti læknanna var rannsókn málsins tekin upp að nýju. Komu engar beinar upplýsingar fram um það, að Halldóra hefði þjáðst af sykursýki. Voru þau

hjón yfirheyrð um sjúkdómseinkenni, er vera mætti, að orðið hefði vart á Halldóru. Yfirheyrsluna var viðstaddur Magnús Pétursson héraðslæknir, og er álit hans um það efni svo látandi:

„1) Sumt af sjúkdómseinkennum þeim, sem fram var borið, að Halldóra sál. hefði haft, gæti bent til þess, að hún hefði þjáðst af sykursýki.

2) Við réttarprófin kom ekkert það fram, sem útiloki það, að hún geti hafa verið haldin sykursýki, enda þess alls ekki að vænta."

10.

Nú hefir verið rakið það, sem rannsókn málsins hefir leitt í ljós um vist Halldóru heitinnar Bjarnadóttur hjá hinum ákærðu hjónum, ráðningu hennar þar, viðurværi og aðra aðbúð, svo og það, er ráðið verður um geðslag hennar sjálfrar og hætti alla, og loks sagt frá hennar hinnstu stundum, eftir því sem auðið hefir orðið að upplýsa.

Af rannsókn málsins er það ljóst, að þeim hjónum verður ekki gefin að sök bein orsök til hins voveiflega dauðdaga Halldóru, enda tekur málshöfðunin ekki til þess. Áverkar þeir, sem upplýst er um, að Halldóra hafi borið, verða heldur ekki raktir til þeirra hjóna með fullgildum sönnunum, né heldur verður það talið á þau sannað, að þau hafi misþyrmt henni, svo að varði við 18. kapítula hegningarlaganna. Loks verður ekki, þrátt fyrir holdafar líksins, talið sannað, að hún hafi liðið skort á heimili þeirra hjóna, svo að við hinn sama kapítula hegningarlaganna varði, með því að ekki er útilokað, samkvæmt áðurgreindu áliti læknanna, að það stafi af sjúkdómi hennar sjálfrar. Þykja og aðrar þær upplýsingar um það efni, sem fengizt hafa, ekki vera fullgild sönnun um það atriði.

Það þykir hinsvegar verða ráðið af rannsókn málsins, að Halldóra hafi á þann hátt verið svipt frelsi sínu á heimili þeirra hjóna, að varði við 213. gr. 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga.

Með eigin játningu Ásthildar er það sannað, að hún hefir með hörðu haldið henni frá að umgangast karlmenn, svipt hana frídögum sínum og eftir það ekki látið hana koma út á milli manna, nema annað hvort í fylgd með sér eða börn-

um sínum ungum. Ennfremur verður, eins og áður segir, að byggja á þeirri játningu hennar, þótt síðar sé tekin aftur, að Halldóra hafi eftir að til Eskifjarðar kom stundum verið innilokuð, þegar þau hjón fóru út. Það þykir sannað, að Halldóra hafi ætlað sér að komast burtu frá þeim hjónum og reynt til þess (ráðningin til Grindavíkur, fölun hennar að Læk, brotthlaupið, þegar hún kom til Reykjavíkur úr kaupavinnunni). Hún hættir að koma til kunningja sinna og rækja kunningsskap við þá eftir að hún kom til þeirra. Þau létu hana afsala sér með samningi umsömdu kaupi sínu, hirða vinnulaun hennar úr kaupavinnunni og svipta hana fríðögum þeim, er um var samið upphaflega, að hún hefði. Framkoma þeirra hjóna við Halldóru almennt og yfirleitt, viðmót þeirra og aðbúð hennar á heimili þeirra verður að telja ógnandi í garð einstæðrar konu með geðslagi Halldóru. Öll þessi atriði annarsvegar, en hinsvegar ráðleysi Halldóru, óstöðuleysi og veiklaðir geðsmunir þykja sýna það og sanna, að þau hjón hafi beint og óbeint kúgað hana, og raunverulega svipt hana frelsi til að ráða sér sjálfri eða ráðstafa högum sínum á annan hátt en þau vildu vera láta.

Um þetta verður að telja, að þau hjón hafi verið samtaka, eftir því sem ráðið verður af þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru.

11.

Erlendur Jónsson Erlendsson er hinn eini fullorðinna manna, sem var samtíða Halldóru á heimili þeirra hjóna, að undanskildum foreldrum Ásthildar þann tíma, sem heimilin bjuggu saman. Dvaldi hann á heimilinu bæði í Reykjavík og á Eskifirði.

Þegar rannsókn málsins hófst, var Erlendur að afplána refsingu á Litla Hrauni. Var hann þegar færður til Reykjavíkur til yfirheyrslu að beiðni sýslumanns, með því að ætla mátti, að hann yrði eitt höfuðvitni í málinu.

Í fyrstu yfirheyrslu 6. okt. skýrði Erlendur frá því, að Halldóru hefði verið stórlega misþyrmt af þeim hjónum, svo áverkar hlutust af, hún verið svelt af þeim, og henni meinaður samgangur við annað fólk, og meðal annars lokuð heilan dag matarlaus inni í kompu, sem negld var aftur. Lýsti hann þessu bæði almennt og nefndi til einstök dæmi, er hann kvaðst hafa verið vitni að.

Um þetta efni og fleira er Erlendur nánar yfirheyrður í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 7. okt. og aftur hinn 12. okt. og í lögreglurétti Árnessýslu hinn 14. okt. og heldur hann við þessa lýsingu sína og skýrir nánar frá einstökum atriðum.

Hinn 8. jan. mætti Erlendur enn fyrir rétti og er nú enn nákvæmlega yfirheyrður um þessi atriði og heldur enn við hinn sama frumburð sinn. Daginn eftir er hann samprófaður Ásthildi og hvikar í engu frá framburði sínum, þrátt fyrir andmæli hennar.

Loks mætir Erlendur fyrir rétti hinn 13. janúar til samprófunar við Jón bróður sinn. Þegar honum er boðið að gera grein fyrir framburði sínum í áheyrn hans, lýsir hann því þegar yfir, að fyrri framburður sinn sé rangur í verulegum atriðum. Hann viðurkenndi að hafa vísvitandi borið rangt fyrir réttinum áður í hefndarskyni við Ásthildi mágkonu sína. Sem ástæðu tilfærði hann, að Áshildur hefði skrifað nafngreindum lögregluþjóni í Reykjavík bréf um sig og borið þar á sig lognar sakir.

Erlendur taldi nú, að hjónin hefðu yfirleitt ekki verið vond við Halldóru, hún hefði fengið nóg að borða, þau hefðu aldrei misþyrmt henni, svo hann vissi til, eða veitt henni áverka né heldur haft hana innibyrgða. Dæmi þau, er hann áður hafði tilfært um þetta, lýsti hann ósönn eða orðum aukin. Við þennan framburð sinn hélt hann síðan fast.

Með því að Erlendur hefir þannig játað að hafa vísvitandi logið fyrir réttinum, svo og með tilliti til fortíðar hans, þykir ekkert verða byggt á framburði hans í málinu, þar sem hann ekki kemur heim við það, sem með öðrum hætti er sannað.

Þetta brot Erlendar heimfærist undir 147. gr. hegningarlaganna, og verður við ákvörðun refsingarinnar að taka tillit til þess, að hinn rangi framburður hans hefir mjög torveldað rannsókn málsins og, að því er ætla má, gert gæzluvarðhald þeirra hjóna lengra en ella hefði orðið.

12.

Jón Erlendsson hefir játað og viðurkennt að hafa fengizt við áfengisbruggun á Eskifirði í sumar og haust. Hefir hann skýrt svo frá, að hann hafi lagt í kvartél tvisvar

sinnum, í fyrra skiptið hafi bruggið orðið vont, og hafi hann drukkið það að mestu sjálfur.

Síðari brugguninni kveðst hann hafa orðið að hella að mestu niður vegna þess, að hann frétti, að Björn Blöndal Jónsson löggæzlumaður væri á leiðinni til Eskifjarðar. Annars kveðst hann hafa verið í pressugershraki um sumarið, og því hafi lítið orðið úr þessu. Hann hefir eindregið neitað því að hafa selt af brugginu.

Hinsvegar hefir hann viðurkennt að hafa selt áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins til hinna og þessara. Verðið var, að því er hann kveður sig minna, 10 krónur fyrir brennivínsflöskuna. Áfengið kveðst hann hafa keypt í áfengisverzluninni á Seyðisfirði, og var fengin skýrsla þaðan um áfengiskaup hans. Samkvæmt henni hefir hann keypt frá 3. sept. til 24. sept. í haust 40 flöskur af brennivíni og 1 flösku af rommi.

Nokkur vitni hafa verið leidd í málinu, sem borið hafa það, að þau hafi keypt af Jóni ýmist heimabruggað áfengi eða vatnsblandað. Hann hefir eindregið neitað að hafa selt slíkt áfengi.

Hinn 28. sept. framkvæmdi sýslumaður húsrannsókn á heimili Jóns á Eskifirði. Fundust þar þá 3 óuppteknar brennivínsflöskur og 3 brennivínsflöskur uppteknar, en fullar þó, og flaska með lögg af vökva í. Sýslumaður tók sýnishorn af áfenginu og sendi til rannsóknar til dr. Jóns Vestdal. Eitt sýnishornið innihélt 29.7 vol. % alkohol og reyndist ekki vera brennivín. Þrjú sýnishorn reyndust innihalda 29.7 vol. %, 23.7 vol. % og 32.9 vol. % alkohol, og reyndust öll vera brennivín frá Áfengisverzlun ríkisins, en reyndar verulega útþynnt með vatni. Jón Erlendsson hefir enga skýringu getað gefið á því, hversvegna brennivínið var vatnsblandað, en neitað að hafa blandað það sjálfur. Hann hefir og ekki talið sig vita, hvaða áfengi var í fyrsta sýnishorninu.

Með áfengisbruggun sinni og áfengissölu hefir Jón gerzt sekur við 6. gr. sbr. 30. gr. og 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33 1935.

13.

Þá hefir Jón viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni talsvert mikið drukkinn daginn, sem húsrannsóknin fór fram hjá honum. Varðar það brot hans við lög um notkun bif-

reiða nr. 70 1931 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. og áfengislög nr. 33 1935 21. gr. sbr. 39. gr.

14.

Sunnudaginn 28. júní s. l. fóru þau hjón á bifreið sinni S. U. 45 frá Eskifirði og áleiðis upp í Hérað. Með þeim voru tvö börn þeirra, Halldóra Bjarnadóttir og Erlendur J. Erlendsson.

Ásthildur stýrði bifreiðinni og ók sem leið liggur upp Fagradal. Ofarlega í dalnum ók hún bifreiðinni út af veginum og velti henni. Hlaut Áshildur sjálf töluverð meiðsli við slysið og var um hríð rúmliggjandi, barn hennar annað skarst á andliti og Halldóra varð töluvert eftir sig. Hinir farþegarnir meiddust ekki.

Ásthildur skýrði svo frá í fyrstu, að hún hefði verið á um 30 enskra mílna hraða (eða ca. 49 km.) miðað við klst. Síðar sagðist hún mundu hafa verið á 26 mílna hraða eða allt að 30 mílna hraða. Jón hefir gizkað á, að hraðinn, þegar slysið vildi til, hafi verið um 37—40 km. Garðar Helgason bifreiðarstjóri, sem ók bifreið rétt á eftir, hefir borið, að hraðamælir sinn hafi sýnt 45 km., og dró ekki saman með bifreiðunum.

Þegar slysið vildi til, var bifreiðin á lítilli bugðu á veginum og aðeins komin yfir hana, þegar hún valt. Kveður Ásthildur, að kind hafi snögglega hlaupið yfir veginn, hún þá bremsað mjög fast, við það hafi afturhjólin henzt upp á veginn, en hægra framhjól farið út af veginum, sem var þarna malarborinn, og tók bifreiðin við það heila veltu.

Sýslumaður rannsakaði staðinn, ásamt tveim tilkvöddum mönnum, og drógu þeir þá ályktun af staðháttum, að bifreiðin hafi hlotið að vera á mikilli ferð. Er það og álit Jóns Ólafssonar bifreiðaeftirlitsmanns, sem fengið hefir rannsóknina til umsagnar, að aðalorsök þess, að bifreiðin fór út af veginum, hafi verið ofmikill aksturshraði, þegar ekið var á beygjuna.

Við veltuna skemmdist bifreiðin mikið. Kvaddi sýslumaður þá vélsmiðina Einar Holm og Jónas Símonarson til að skoða bifreiðina, þegar hún kom til Eskifjarðar, og lýsa þeir skemmdum þannig:

„Yfirbygging (body) bifreiðarinnar allt brotið. Vatnsgeymir brotinn að ofan, hægra frambretti ónýtt, skipti-

borð skemmt, vélarhús gengið úr skorðum og beyglað, stýrishjól brotið, þannig að eftir eru 3 geislar með fullri lengd og sá fjórði hálfur. Sjálfur stýrishringurinn brotinn af. Vél í lagi, flauta og bremsur allar."

Eftir slysið var það ráð þeirra, að konurnar og börnin héldu niður að Egilsstöðum, en þeir bræður Jón og Erlendur urðu eftir við bifreiðina, komu henni upp á veginn, og ók Erlendur, sem ekki hefir réttindi bifreiðarstjóra, henni síðan, eins og hún var á sig komin, niður að Egilsstöðum. Þar tóku þeir hitt fólkið, og hélt það nú heim á leið aftur. Ók Ásthildur bifreiðinni í fyrstu, en treysti sér síðan ekki til að halda áfram, og tók þá Erlendur við stjórn bifreiðarinnar aftur og ók henni allt til Eskifjarðar. Það er álit Jóns Ólafssonar bifreiðaeftirlitsmanns, að alls ekki hafi verið forsvaranlegt að aka bifreiðinni, eins og hún var eftir slysið.

Með akstri sínum, þegar slysið varð, þykir Ásthildur hafa gerzt sek við 6. gr. 1. mgr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða, og með því að aka bifreiðinni, eins og hún var á sig komin eftir slysið, hefir bæði hún og Erlendur gerzt sek við 15. gr. 1. mgr. sömu laga. Með því að aka bifreiðinni án þess að hafa réttindi bifreiðastjóra hefir Erlendur auk þess gerzt sekur við 5. gr. 1. mgr. sbr. 14. gr. sömu laga.

15.

Hinn 24. júní 1935 kærði Ásthildur Jón mann sinn fyrir að hafa smitað sig við samfarir af lekanda (gonorrhoe). Hún hafði í maímánuði brugðið sér til Eskifjarðar um hálfsmánaðartíma. Þegar hún kom aftur til bæjarins og tók upp samfarir við mann sinn, kom skjótlega í ljós, að hann var sjúkur. Fóru þau þá bæði til Hannesar læknis Guðmundssonar, og reyndust bæði hafa fengið lekanda.

Jón hefir skýrt svo frá, að þegar hann hóf samfarir að nýju við konu sína eftir heimkomu hennar, hafi hann ekkert verið farinn að finna til sjúkleika, og hafi hann smitað hana, hafi það því verið sér alveg óafvitandi. Hinsvegar viðurkenndi hann að hafa í fjarveru hennar, eitthvað viku áður en hún kom heim, haft samfarir við 46 ára gamla konu, og taldi hann sig hafa hlotið að smitast af henni, en sjúkdómurinn ekki verið kominn fram, þegar hann hóf samfarir við konu sína. En rétt á eftir fór hann

að finna til hans og sagði þá konu sinni strax frá því, og leituðu þau upp úr því til læknisins.

Kona sú, er Jón hafði samfarir við í fjarvisti konu sinnar, hefir verið leidd fyrir rétt og viðurkennt þar samfarirnar. Hinsvegar neitaði hún eindregið að hafa haft lekanda sér vitanlega. Hún kvaðst síðast hafa haft samræði við karlmann fyrir ca. 4 árum, og var hann nú nýdáinn. Nokkru eftir að hún hætti að vera með honum segist hún hafa fengið útferð úr móðurlífinu og því leitað til Ólafs heitins Jónssonar læknis, sem sagði henni, að aðeins væri um hvít klæðaföll að ræða. Lét hann hana hafa skolvatn við því, sem henni batnaði af.

Að tilhlutun lögreglunnar var kona þessi skoðuð af M. Júl. Magnús lækni hinn 11. júlí, og taldi hann hana ekki hafa lekanda eftir að hafa rannsakað hana tvisvar. Hinn 7. sept. var hún aftur rannsökuð af Hannesi Guðmundssyni lækni, sem þá fann lekandasýkla í henni, en taldi ekki verða ráðið af rannsókninni, hvort hún hafi verið smitandi í maímánuði. Hún hefir neitað að hafa haft afskipti af nokkrum karlmanni eftir samfarirnar við Jón.

Ásthildur hefir eindreigið neitað að hafa haft samfarir við aðra karlmenn en bónda sinn.

Eins og þetta atriði málsins nú hefir verið rakið, verður ekki talið sannað, að Jón hafi valdið smitun konu sinnar, svo að varði við lög nr. 6 1924 sbr. 16. kap. hegningarlaganna, og verður því að sýkna hann af þeim hluta ákærunnar.

16.

Refsingar hinna ákærðu ákvarðast þannig:

Jón Erlendsson sæti með hliðsjón af 48. gr. og 63. gr. hegningarlaganna betrunarhúsvinnu í 8 hánuði, og er þá tekið tillit til hins langa varðhaldstíma hans. Hann greiði og 800 króna sekt til menningarsjóðs, en afpláni sektina, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, með einföldu fangelsi í 40 daga. Hann skal og sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá uppsögn dóms þessa að telja.

Ásthildur Halla Guðmundsdóttir sæti með hliðsjón af 48. gr. og 63. gr. hegningarlaganna betrunarhúsvinnu í 8 mánuði, sömuleiðis með tilliti til varðhaldstíma hennar.

Erlendur Jónsson Erlendsson sæti með hliðsjón af 63.

gr. hegningarlaganna fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Kostnað sakarinnar greiði hin ákærðu þannig:

Þau Jón og Ásthildur greiði hvort um sig varðhaldskostnað sinn.

Þau greiði og in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., sem ákveðast 200 krónur.

Erlendur Jónsson Erlendsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar hrm., sem ákveðast 125 krónur.

Af öðrum kostnaði sakarinnar greiði ákærð Jón og Ásthildur ⅘ hluta in solidum, en ákærðu öll ⅕ hluta kostnaðarins in solidum.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Jón Erlendsson sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði.

Hann greiði og 800 króna sekt til menningarsjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afpláni hana ella með einföldu fangelsi í 40 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Ákærð Ásthildur Halla Guðmundsdóttir sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði.

Ákærður Erlendur Jónsson Erlendsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Af kostnaði sakarinnar greiði ákærð Jón og Ásthildur varðhaldskostnað sinn hvort um sig.

Þau greiði og in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., kr. 200.00.

Ákærður Erlendur greiði málsvarnarlaun til talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar, kr. 125.00.

Annan kostnað sakarinnar greiði ákærð Jón og Ásthildur in solidum að ⅘ hluta, en ákærð öll in solidum greiði ⅕ hluta.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1938.

Nr. 34/1938. **Þorsteinn Þorsteinsson**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Birni Arnórsyni (Garðar Þorsteinsson)
og Björn Arnórsson
gegn
Þorsteini Þorsteinssyni og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f vegna vátryggingarfélagsins Danske Lloyd.

Skaðabætur vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. marz þ. á., krefst þess, að honum verði einungis gert að greiða gagnáfrýjanda, Birni Arnórssyni, kr. 5361.40 með 5% ársvöxtum frá 9. marz 1937 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti og að málskostnaður í héraði verði látinn niður falla. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefir málinu með stefnu 24. marz þ. á., krefst þar á móti staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti í aðalsök og gagnsök eftir mati dómsins.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefir verið stefnt hér fyrir dóm vegna vátryggingarfélagsins Danske Lloyd, en án þess að nokkrar kröfur hafi verið gerðar á hendur því.

Með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 16. marz þ. á., var bílstjórinn Andrés Óskar Ingimundarson sýknaður af kröfum og kærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar um refsingu á hendur honum vegna bílslyss þess, sem krafizt er skaðabóta fyrir í máli

því, er hér liggur fyrir. Þegar ráða skyldi til lykta refsimálinu, varð að byggja á skýrslu ákærða sjálfs um aðdragandann að slysinu, með því að engar aðrar upplýsingar voru fyrir hendi í því efni, og leiddi þetta til sýknu ákærða. En á hinn bóginn er heldur ekki fram komin nein sönnun fyrir því, að gagnáfrýjandi hafi orðið valdur að slysinu sakir óvarkárni, né að slysið hefði hlotið að vilja til, þótt einskis hefði verið á vant um aðgæzlu og varúð af hálfu bílstjórans. Af þessum ástæðum kemst áfrýjandi ekki hjá því að greiða bætur samkvæmt 2. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga nr. 70 frá 1931, um notkun bifreiða.

Um orkumissi gagnáfrýjanda er ágreiningur í málinu, en ekkert hefir fram komið, sem hnekki gildi læknisvottorða þeirra, sem rakin eru í héraðsdóminum. Einkum þykir bera að leggja til grundvallar álitsgerð Sigurðar yfirlæknis Sigurðssonar og Jens læknis Jóhannessonar, sem gefin er 14. desember f. á., eftir að þeir höfðu rannsakað gagnáfrýjanda rækilega að beiðni beggja aðilja málsins. Jafnframt er þess að geta, að héraðslæknirinn í Svarfdælahéraði, sem haft hefir gagnáfrýjanda undir læknishendi að undanförnu, hefir lýst yfir því, að samkvæmt rannsókn sinni 3. f. m. séu sjúkdómseinkenni þau, sem greinir í vottorði Sigurðar Sigurðssonar, enn fyrir hendi.

Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu og aflað hefir verið að nokkru með vitnaskýrslum eftir uppkvaðningu héraðsdómsins, hefir gagnáfrýjandi verið nokkuð óreglusamur í lifnaðarháttum sínum eftir að hann komst á fætur eftir bílslysið. Má ætla, að hann hafi á þenna hátt dregið úr bata sínum, og verður að hafa hliðsjón af því við ákvörðun bótanna.

Með skírskotun til framanskráðra atriða svo og þess, sem segir í hinum áfrýjaða dómi um starfshæfi og tekjur gagnáfrýjanda fyrir slysið, þykja bætur þær, sem hann á heimtingu á fyrir heilsuspjöll og þjáningu, hæfilega metnar í heild á 13000 krónur, og er í þeirri fjárhæð meðtalin kostnaður við læknishjálp og sjúkrahúsvist. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda nefnda fjárhæð með 5% ársvöxtum frá 9. marz 1937 til greiðsludags.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Birni Arnórssyni, kr. 13000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 9. marz 1937 til greiðsludags og samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. jan. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 1. apríl 1937 af Birni Arnórssyni, verkamanni á Siglufirði, gegn Þorsteini Þorsteinssyni bifreiðaeigenda, Njálsgötu 15 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 24.682.00 með 5% ársvöxtum frá 9. marz 1937 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst þess að verða aðeins dæmdur til að greiða kr. 5353.90, en í munnlega málflutningnum samþykkti umboðsmaður hans, að við þá upphæð mættu bætast kr. 7.50, og verður því endanleg krafa stefnds sú, að

hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 5361.40, og að sér verði tildæmdur málskostnaður, en að því er málskostnaðinn snertir, krefst hann þess þó til vara, að hann verði látinn falla niður.

Í máli þessu hefir Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt vegna vátryggingarfélagslagsins Danske Lloyd til þess að gæta réttar þess í málinu.

Málsatvik eru þau, að þann 22. nóvember 1936 kl. um 4.20 f. h. var hringt á Litlubílastöðina hér í bænum frá Leifsgötu 14 og beðið um að senda bifreið á Sjafnargötu 9 til að taka þar slökkviliðsmann og síðan annan á Leifsgötu 14. Til farar þessarar var send bifreiðin R.E. 880, sem er 5 manna leigubifreið, eign stefnds og vátryggð hjá vátryggingarfélaginu Danske Lloyd, en bifreiðarstjóri á bifreiðinni var í þetta skipti Andrés Óskar Ingimundarson. Ók hann fyrst á báða áðurgreinda staði og tók slökkviliðsmennina. Síðan ók hann með þá inn Laugarnesveg, en þar var talið, að væri að brenna. Þegar komið var nokkuð inn á Laugarnesveg, niður fyrir brekkuna, sem er á veginum fyrst, er hann liggur af Suðurlandsbrautinni, ók bifreiðin á stefnanda í máli þessu, og hlaut hann af því mikil meiðsl, sem síðar verður lýst.

Sökin. Stefnandi telur, að bifreiðarstjórinn á R.E. 880 eigi einn alla sök á umræddu slysi, en stefndur telur, að stefnandi eigi sjálfur svo mikinn þátt í því, að rétt sé að skipta sökinni á slysinu til helminga á milli aðila.

Bifreiðarstjórinn skýrir svo frá atvikum slyssins, að hann hafi ekið niður Laugarnesveginn á ca. 40 km. hraða, miðað við klukkustund, enda kveður hann, að bæði hafi slökkviliðsmennirnir sagt sér, að þeir þyrftu að flýta sér, og hann sjálfur talið skyldu sína að aka hratt með þá. Um leið og komið var niður fyrir áðurnefnda brekku kveðst hann hafa séð mann á undan bifreiðinni, er hélt inn veginn á vinstri vegbrún ca. 1—2 fet frá sjálfum vegkantinum, og hafi hann ætlað að aka fram hjá honum í ca. meters fjarlægð. Þegar bifreiðin hafi átt eftir ca. 5 m. að manninum, kveðst bifreiðarstjórinn hafa gefið hljóðmerki og dregið úr hraðanum samtímis, en alveg samstundis hafi maðurinn, sem reyndist vera stefnandi máls þessa, vikið inn á veginn ca. ½ m., og áður en varði verið beint framundan bifreiðinni. Kveðst bifreiðarstjór-

inn þá þegar hafa snarbeygt til hægri og hemlað bifreiðina, en um leið hafi stefnandi rekizt á mitt vinstra frambrettið, fallið um leið aftur fyrir sig, lent með hnakkann á hlífinni, sem gengur fram af þakinu yfir framrúðunni og rekið hægri olnbogann í framrúðuna, svo að hún hafi brotnað. Við höggið hafi stefnandi kastazt frá bifreiðinni, sem bifreiðarstjórinn kveðst hafa rétt aftur á veginum. Bifreiðin hafi numið staðar ca. 7 m. frá þeim stað, sem stefnandi lá á, en hann hafi legið á bakinu nærri þvert á götunni og snúið fótum að vinstri vegbrún, og hafi fæturnir verið ca. ½ m. frá brúninni. Bifreiðarstjórinn tók síðan stefnda upp í bifreiðina með aðstoð slökkviliðsmannanna og flutti hann á landsspítalann.

Slökkviliðsmennirnir hafa báðir neitað því í lögregluréttarprófunum, að þeir hafi á nokkurn hátt hvatt bifreiðarstjórann til að aka hratt. Þeir sátu báðir í aftursæti bifreiðarinnar og fylgdust því ekki nákvæmlega með slysinu. Segir annar þeirra, að hraðinn muni ekki hafa verið yfir 45 km. á klst., en hinn, að hraðinn hafi verið „skikkanlegur". Hvorugur þeirra man aftir, að gefið hafi verið hljóðmerki áður en slysið varð. Báðir staðhæfa þeir, að bifreiðinni hafi verið snúið snöggt til hægri, en geta ekki með vissu sagt um, hvenær það var, miðað við árekstur inn.

Stefnandi veit lítið um slysið sjálfur. Hann var á leið heim til sín að Laugamýrarbletti 27 úr kvöldboði í bænum. Var hann einn síns liðs og gekk hægt inn veginn allt af á vinstri brún.

Þar sem slysið varð, mun vegurinn vera um 6 m. á breidd. Umferð var töluverð um hann í þetta skipti, nokkur vindur og rigning. Þurkarinn á framrúðunni, framljósin og hemlar bifreiðarinnar voru í góðu lagi. Bifreiðarstjórinn var á allan hátt vel fyrir kallaður, og ekki er annað upplýst, en að stefnandi hafi verið það líka.

Stefndur viðurkennir, að ósannað sé, að bifreiðarstjórinn hafi gefið hljóðmerki áður en slysið varð, og telur þess vegna, að hann verði að bera nokkurn hluta tjónsins, eins og áður er sagt, en telur bifreiðarstjóranum ekki verða gefna sök á slysinu að öðru leyti. Hraðinn hafi, eins og á stóð, ekki verið of mikill, og bifreiðastjórinn hafi gert allt, sem í hans valdi stóð, til að afstýra

slysinu, sem stefndur telur eingöngu hafa orðið vegna þess, að stefnandi hafi vikið inn á veginn, eins og bifreiðarstjórinn hafi skýrt frá.

Af hálfu stefnanda er því neitað, að nokkurt hljóðmerki hafi verið gefið, og ennfremur því, að stefnandi hafi vikið inn á veginn fyrir bifreiðina. Er því haldið fram, að bifreiðinni hafi verið ekið mjög hratt, að stefnandi hafi gengið á vinstri vegbrún og á allan hátt hegðað sér eins og honum bar.

Í framburði bifreiðarstjórans fyrir lögregluréttinum gætir nokkurar ónákvæmni, þar sem hann heldur því fram, að hann hafi ætlað að aka framhjá stefnanda í ca. eins meters fjarlægð, og hafi stefnandi gengið ca. 1—2 fet frá vinstri vegbrún, þegar bifreiðin hafi gefið hljóðmerkið, en vikið þá ca. ½ m. inn á veginn, en þá um leið hafi árekstrinn orðið. Eftir þessu hefði stefnandi verið tæpan meter frá vegbrún, þegar slysið varð, og hefði bifreiðinni verið ekið í meters fjarlægð frá brúninni, hefði slysið ekki orðið. Þykir þetta sýna, að skýrsla bifreiðarstjórans um slysið sé ekki að öllu leyti ábyggileg.

Eins og áður segir, mun stefnandi hafa legið ca. 7 m. fyrir aftan bifreiðina, þegar hún nam staðar, og þar sem telja má víst, að stefnandi hafi borizt eitthvað með bifreiðinni áður en hann datt á veginn, þar sem hún renndi aftan á hann á áðurgreindan hátt, þykir verða að ætla, að bifreiðin hafi runnið a. m. k. 7—9 m. frá árekstrinum, unz hún stöðvaðist. Og þar sem ætla verður, að bifreiðarstjórinn hafi hemlað bifreiðina a. m. k. ekki síðar en árekstrinn varð, þykir þetta sýna, að bifreiðinni hafi verið ekið á talsvert meiri hraða en bifreiðarstjórinn telur, og allt of miklum, þegar tekið er tillit til þess, að umferð var nokkur um veginn, náttmyrkur og regn. En jafnvel þótt hraðinn hefði ekki verið meiri en bifreiðarstjórinn telur, eða ca. 40 km. á klst., þá hefir hann verið ólöglegur, þar eð bifreiðalögin ákveða, að í myrkri megi hraðinn aldrei vera meiri en 30 km. á klst., og ekki lágu neinar ástæður fyrir, er heimiluðu bifreiðarstjóranum að aka hraðar en löglegt er, enda var honum kunnugt um, að ástæðulaust var að flýta sér með slökkviliðsmennina, þar eð slökkvivagnarnir voru snúnir aftur frá brunastaðnum. Eins og áður var getið, telur bifreiðarstjórinn, að stefn-

andi hafi vikið inn á veginn og þannig valdið slysinu. Í málinu liggur ekkert annað fyrir, sem bendi til þessa, en framburður bifreiðarstjórans. Og þegar þess er gætt, að þetta er fremur ósennilegt og bifreiðarstjórinn er þarna að gefa skýrslu um slys, sem a. m. k. siðferðilega skiptir máli fyrir hann, hvernig hefir atvikazt, þá þykir ekki gegn eindregnum mótmælum af hálfu stefnanda unnt að telja upplýst, að hann hafi vikið í veg fyrir bifreiðina og þannig átt sinn þátt í, að slysið varð.

Að því athuguðu, sem nú hefir verið sagt um atvik slyssins og afstöðu bifreiðarstjórans og stefnanda til þess, þykir verða að líta svo á, að ósannað sé, að stefnandi eigi nokkra sök á því, og verður því að telja, að það hafi hlotizt af ógætilegum akstri bifreiðarstjórans, og að sökin á því hvíli öll á honum. Ber stefndum því að bæta stefnanda allt tjón hans vegna slyssins.

Upphæðin. Stefnandi hefir í sáttakæru sundurliðað tjón sitt vegna slyssins þannig:

1. dvalarkostnaður á landsspítalanum	kr.	282.00
2. áætluð læknishjálp (kæran er dags. 9. marz 1937)	—	400.00
3. atvinnutjón orðið og óorðið, skaðabætur fyrir þjáningar, missi líkamskrafta og andlegrar heilbrigði	—	24000.00
Samtals	kr.	24682.00

Í rekstri málsins hefir stefnandi, án þess að því væri mótmælt, haldið fram, að öll læknishjálp (liðirnir 1 og 2) hafi numið kr. 722.80, en heildarkrafa hans er óbreytt þrátt fyrir það, og verður því að líta svo á, þar sem krafizt er dóms fyrir öllum sjúkrakostnaðinum, að upphæð þriðja kröfuliðs breytist í samræmi við þessa breytingu.

Stefndur fær hinsvegar upphæð þá, er hann tjáir sig fúsan til að greiða, þannig út, að hann telur bæturnar undir 3. lið hæfilega metnar kr. 10000.00 og viðurkennir sjúkrakostnaðinn, kr. 722.80, en telur hinsvegar, að sér beri aðeins að greiða helming þessara upphæða, eða kr. 5361.40, þar eð stefnandi hafi átt svo mikla sök á slysinu sjálfur, eins og stefndur telur og áður hefir verið rætt um.

1. og 2. liður. Með því að sjúkrakostnaðurinn er viður-

kenndur kr. 722.80 og skv. því, er áður segir um sökina, verður stefnanda tildæmd þessi upphæð að fullu.

3. liður. Í vottorði læknis þess, sem tók á móti stefnanda á landsspítalanum, dags. 13. jan. 1937, segir, að hann hafi haft einkenni upp á heilahristing, skrámur hér og þar, 7—8 cm. langan skurð vinstra megin á hnakka, vinstra viðbein hafi verið brotið, vinstri brjósthelmingur verið mjög aumur viðkomu, vinstra herðablað sprungið og fjögur rifbein verið brotin vinstra megin.

Í vottorði prófessors Guðmundar Thoroddsen, dags. 20. jan. 1937 segir m. a., að stefnandi hafi legið á landsspítalanum frá 22. nóv. 1936 til 7. jan. 1937, að brotin séu nú (þ. 2/1 1937) gróin, viðbeinsbrotið þó með nokkuð áberandi „dislocation". Enn séu nokkrir verkir í brotunum. Sjúklingurinn hafi lengi verið með mikinn svima og höfuðþyngsli eftir heilahristinginn, og þetta sé honum enn þá til baga, og hætt sé við, að það verði það lengi, þótt ómögulegt sé að segja, hve lengi það verði.

Þann 28. jan. 1937 gaf dr. med. Helgi Tómasson út vottorð um heilsufar og horfur stefnanda og kemst í því að þeirri niðurstöðu, að hann sé þá 100% öryrki, en telur ekki unnt að svo stöddu að ákveða, hver örorkan verði endanlega, og ráðleggur, að sjúklingurinn verði undir læknishendi í bænum a. m. k. 5—6 mánuði.

Stefnandi var síðan undir hendi Valtýs Albertssonar frá því í febrúar byrjun 1937 þangað til í apríl s. á., að hann virðist hafa farið til Siglufjarðar. Þann 6. þessa mánaðar gaf Valtýr vottorð, þar sem segir, að höfuðverkur og svimi hafi talsvert skánað, sviminn sé þó enn mjög bagalegur, miklir verkir og eymsl séu í brotstað vinstra viðbeins, hreyfingar í vinstra axlarlið séu mjög hindraðar, eins og áður, og nú sé vinstri armur og hönd orðin mun aflminni. Eins og standi, sé hann þó enn þá, þrátt fyrir batann, algerlega óvinnufær, en vænta megi nokkurs bata næstu mánuði.

Þann 7. september 1937 gaf Steingrímur Einarsson, læknir á Siglufirði, út vottorð, þar sem hann segist hafa athugað stefnanda og kynnt sér vottorð dr. Helga Tómassonar, er áður gat, og kveðst ekki geta fundið breytingu á ástandi stefnanda frá því, sem þar sé lýst.

Þann 20. október 1937 gaf Halldór Kristinsson, hér-

aðslæknir á Siglufirði, út vottorð um ástand stefnanda. Kemst hann eftir nákvæma athugun að þeirri niðurstöðu, að örorkan sé hæfilega metin 90% og að litlar líkur séu til þess, að orkan vaxi, er frá líði. Við þetta vottorð hefir dr. Helgi Tómasson gert nokkrar athugasemdir, dags. 22. nóv. 1937.

Loks hefir Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir gefið vottorð um ástand stefnanda, dags. 14. des. 1937.

Telur hann lítinn vafa á því, að stefnandi hafi fengið heilamar, og kemst hann eftir nákvæma skoðun að rökstuddri niðurstöðu um, að orkutap stefnanda beri að meta þannig: fyrsta árið eftir slysið 100%, annað og þriðja árið 90% og síðan (endanleg örorka) 80%.

Af áðurnefndu vottorði Steingríms Einarssonar, bornu saman við vottorð Valtýs Albertssonar, virðist mega ráða, að stefnanda hafi farið aftur frá því að hann fór frá Valtý og þangað til Steingrímur skoðaði hann, og telur stefndur, að það stafi af því, að stefnandi hafi verið óreglusamur, neytt áfengis og yfirleitt ekki hegðað sér eins og honum hafi borið að gera sem sjúklingi.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um það, að stefnandi hafi t. d. eitt sinn í júnímánuði 1937 undir áhrifum áfengis ekið bifreið, misst stjórn á henni, þannig að hún lenti með hraða á húsi hér í bænum og skemmdist allmikið.

Virðist þetta geta hafa haft einhver áhrif á heilsufar hans til ills og tafið fyrir bata, jafnvel þótt ekki sé innt að því í neinu framangreindra læknisvottorða.

Í málinu má telja upplýst, að venjulegar árstekjur stefnanda, sem var einhleypur, ófaglærður verkamaður, 21 árs að aldri, fæddur 1% 1915, og var vel hraustur fyrir slysið, hafi ekki numið lægri upphæð en 2000—2500 kr.

Að öllu því athuguðu, sem nú hefir verið rakið, lítur rétturinn svo á, að hæfilegar bætur til handa stefnanda undir 3. lið séu hæfilega ákveðnar kr. 17.000.00.

Verða málalok því þau, að stefnanda verða tildæmdar kr. 17722.80 með vöxtum, eins og krafizt hefir verið, og málskostnaður, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði stefnandanum, Birni Arnórssyni, kr. 17722.80 með 5% árs-

vöxtum frá 9. marz 1937 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1938.

Nr. 137/1937. **Sigurður Þ. Skjaldberg**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Pétri Magnússyni f. h. eigenda e/s „Nurgis“ (Pétur Magnússon).

Ágreiningur um greiðslu farmgjalds.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóv. f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 3. nóv. s. á., krefst þess, *aðallega* að hann verði algerlega sýknaður, *til vara* að hann verði einungis dæmdur til að greiða £ 17—10—0 og *til þrautavara* að hann verði einungis dæmdur til að greiða £ 33—5—0. Ennfremur krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hver krafa hans sem til greina yrði tekin. Stefndi krefst þess þar á móti, *aðallega* að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en *til vara* að honum verði dæmd £ 52—8—5. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir bera að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Sigurður Þ. Skjaldberg, greiði stefnda, Pétri Magnússyni f. h. eigenda e/s „Nurgis", kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. júlí 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 11. marz s. l. af hrm. Pétri Magnússyni hér í bæ f. h. eigenda e/s „Nurgis" frá Haugasundi, gegn Sigurði Þ. Skjaldberg kaupmanni, hér í bænum, til greiðslu eftirstöðva af farmgjaldi, að upphæð £ 70, ásamt 5% ársvöxtum frá 2. apríl 1936 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Við flutning málsins hefir stefnandi síðan gert þá varakröfu, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér £ 52—8—5 með vöxtum og málskostnaði, eins og áður segir.

Stefndur krefst algerðrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu eftir mati réttarins.

Við málflutninginn var gerð sú varakrafa af hálfu stefnds, að farmgjaldið yrði fært niður hlutfallslega að því magni, sem vantaði upp á 800 tonn, og málskostnaður yrði þá látinn falla niður.

Málavexti kveður stefnandi þá, að með farmsamningi, dags. 6. marz 1936, hafi stefndur samið um flutning á einum skipsfarmi með e/s „Nurgis", og hafi það samkv. samningnum átt að fara til London og Danzig og taka þar hveiti, sykur, stykkjavörur, kol og benzín og flytja til Reykjavíkur. Umsamið farmgjald kveður hann hafa verið £ 670 (lumpsum). Um stærð skipsins og burðarmagn kveður hann eigi hafa annað verið sagt í samningnum, en að það væri 296 netto tonn og burðarmagn þess nálægt 800 tonn. Stefnandi kveður skipið hafa farið

fyrst til London og tekið þar samtals sem næst 169000 kg. af ýmiskonar stykkjavöru fyrir utan umbúðir um vöruna. Þaðan hafi svo skipið farið til Danzig og tekið þar 600284 kg. af ýmiskonar vörum og benzín í járnfötum. Heildarfarmur skipsins hafi þannig verið sem næst 769 tonn, auk umbúða, sem lágt reiknað muni mega telja 10 tonn, eða samtals sem svarar 779 tonna þunga. Stefnandi kveður það hafa verið tilskilið, að benzinið væri einvörðungu flutt á þilfari, þar sem eigi hafi mátt láta það með matvörunum, sem í lestunum voru, en þetta hleðslufyrirkomulag hafi leitt til þess, að yfirvigt hafi orðið svo mikil á skipinu, að skipstjórinn hafi talið sig neyddan til að taka nokkurra „vatnsballest" vegna öryggis skipsins. Hafi hann því tekið 41.5 smál. af vatni í botngeymana, en að þá hafi skipið verið komið á hleðslumerki, enda heildarþunginn kominn yfir 820 tonn, en þetta hafi leitt til þess, að eftir hafi orðið að skilja nokkuð af benzíni, sem farmsendari (stefndur) ætlaðist til, að skipið flytti. Af þessum ástæðum hafi hann svo haldið eftir £ 70 af farmgjaldinu og hafi hann talið þá fjárhæð svara til þess, er hann yrði að greiða í flutningsgjald fyrir benzínið, sem eftir var skilið. Hinsvegar telja skipseigendur, að þeir hafi gefið rétt upp burðarmagn skipsins, enda hafi þeir sannanir fyrir því, að skipið hafi flutt nokkuð yfir 800 tonna þunga hingað til lands, en þeir geti enga ábyrgð á því borið, þó að farminum væri þannig fyrir komið í skipinu, að vegna öryggis þess yrði að taka vatn í botngeymana, Telja þeir sig því eiga tvímælalausan rétt til að fá farmgjaldið greitt án nokkurs frádráttar, eins og þeir gera að aðalkröfu sinni í máli þessu.

Aðalkröfu sína um sýknu byggir stefndur á því, að e/s „Nurgis" hafi ekki komið með eins mikinn varning og hann hafi átt kröfu til skv. farmsamningnum. Í greinargerð sinni segir stefndur, að upphæð sú, £ 70, sem hann hafi neitað að reiða, nemi tjóni því, er hann hafi haft af því, að ekki hafi verið staðið við samninga af hálfu skipsins. Við flutning málsins hér fyrir réttinum hefir hann gert þá nánari grein fyrir þessari sýknukröfu sinni, að þar sem hann telur, að skipið hafi aðeins komið með um 770 tonn af varningi, í stað 800, eins og tilskilið hafi verið, þá beri stefnanda að bæta sér það tjón, sem

leitt hafi af því, að 30 tonn af bezini hafi ekki komizt með skipinu, og þar sem umsamið flutningsgjald fyrir það hafi verið 35 sh. fyrir hvert tonn, nemi tjón þetta, að því er honum reiknast til, £ 55 (sic), og bauð umboðsmaður stefnds jafnframt í réttinum greiðslu á mismuninum á £ 70 og þessari upphæð, eða £ 15, gegn fullri sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaði eins og áður segir.

Því er ekki mótmælt, að e/s „Nurgis" hafi komið með 769 tonn af vörum í ferð þeirri, sem hér um ræðir, en hinsvegar hefir umboðsmaður stefnds mótmælt því í hinum munnlega málflutningi sínum hér fyrir réttinum, að umbúðir hafi verið 10 tonn þar fyrir utan, eins og stefnandi heldur fram. Þessi mótmæli hafa ekki komið fram fyrr af hálfu stefnds, og var honum þó fyrir löngu kunnugt um það, sem stefnandi hélt fram um þetta efni, þar sem frá þessu er skýrt í sjálfri stefnunni, og var því fullt tilefni til að setja þessi mótmæli fram fyrr. Strax er umboðsmaður stefnds bar fram þessi mótmæli, sýndi stefnandi í réttinum afrit af nokkrum hluta farmskrár e/s „Nurgis" í þessari ferð, og sést af því, að talsvert af þunga varanna reiknast „netto", þ. e. án umbúða.

Að öllu þessu athuguðu lítur rétturinn svo á, að leggja verði til grundvallar þann vöruþunga, sem stefnandi heldur fram, að skipið hafi komið með í umræddri ferð, enda verður umbúðaþungi sá, er stefnandi áætlar, að teljast sennilegur, eftir því sem fyrir liggur.

Eins og áður er tekið fram, segir svo í fyrrnefndum farmsamningi milli aðilja þessa máls, að e/s „Nurgis" sé að stærð 296 tonn, og er það í samræmi við það, sem gefið er upp í „Veritas" skipaskrá, sem sýnd var í réttinum.

Þá er og sagt í farmsamningnum, að skipið beri um (about) 800 tonn „of deadweight cargo". Samkv. framansögðu verður að telja það upplýst, að skipið hafi í ferð þessari flutt 779 tonn af vörum, og vantar því 21 tonn upp á, að skipið hafi flutt nákvæmlega 800 tonn.

Stefndur heldur því fram, að þar sem stefnanda hafi verið kunnugt um það af farmsamningnum, hvaða vörur áttu að fara með skipinu, hafi hann hlotið að vita, hversu mikið af þeim kæmist fyrir, og sé hann því á-

byrgur fyrir því tjóni, sem hafi leitt af rangri uppgjöf hans um burðarmagn skipsins.

Í oftnefndum farmsamningi segir, að e/s „Nurgis" skuli fara til London og Danzig „and there load a cargo — — of flour in bags, sugar in bags &/or boxes, general cargo, coals in bulk and benzine in drams as deckcargo."

Það verður því að fallast á það með stefndum, að stefnandi hafi vitað, hvaða vörur áttu að fara með skipinu, og að benzinið átti að vera á þilfari. Hinsvegar er ekkert um það sagt í farmsamningnum, hversu mikið skyldi flytja af hinum einstöku vörum („flour, sugar, general cargo, coals,"), sem áttu að vera í lestum skipsins, en vörur þessar eru mismunandi að þyngd og rúmmáli. Stefnandi gat því ekkert um það vitað, hve mikið af hverri hinna mismunandi þungu og rúmfreku vörutegunda yrði sett í lestirnar, en eftir því fór það, hversu mikið af benzíni mætti hafa á þilfari, því lögum samkvæmt átti skipstjóri auðvitað að gæta þess, að skipið væri svo hlaðið, að öllu væri vel borgið, enda hefir það á engan hátt verið gert sennilegt í máli þessu, að farminum hafi verið illa fyrir komið í skipinu, og verður því að telja, að orsök þess, að 800 tonn af vörum komust ekki með skipinu, hafi verið sú, að þungi og rúmmál varanna í lestinni hafi leitt til þess, að vegna öryggis skipsins, sem skipstjóra bar fyrst og fremst að gæta, var ekki unnt að taka meira af benzíni en raun varð á, þar sem það var beint tilskilið í farmsamningnum, að benzínið væri flutt á þilfari.

Verður rétturinn því að líta svo á, að stefndur eigi ekki neinn rétt til, að stefnandi bæti honum það tjón, er hann telur sig hafa orðið fyrir af þessum sökum. Og þar sem það er upplýst, að e/s „Nurgis" hefir í annari ferð flutt 823—825 tonn af kolum hingað til lands, verður ekki talið, að stefnandi hafi gefið rangt upp burðarmagn skipsins, þó að það í ferð þeirri, sem hér er um að ræða, hafi ekki flutt nema 779 tonn af vörum, af þeim ástæðum, sem að framan greinir. Auk þess vantar ekki nema 2.625% upp á, að skipið hafi tekið þann vöruþunga, sem í farmsamningnum segir, að það taki „hér um bil" (about).

Verður því að telja, að stefnanda beri það farmgjald, sem ákveðið var í farmsamningnum án nokkurs frádrátt-

ar, og verður því aðalkrafa stefnanda í máli þessu tekin til greina, þannig að stefndur verður dæmdur til að greiða honum £ 70, með vöxtum eins og krafist hefir verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 120.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigurður Þ. Skjaldberg, greiði stefnandanum, Pétri Magnússyni hrm. f. h. eigenda e/s „Nurgis", £ 70 með 5% ársvöxtum frá 2. apríl 1936 til greiðsludags og kr. 120.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikurdaginn 22. júní 1938.

Nr. 22/1938. **Steingrímur Stefánsson** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Viggó Baldvinssyni og Páli Halldórssyni (Enginn).

Fógetamál um töku veðskuldabréfs úr vörzlum handhafa þess.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febr. þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu, sem hefir verið löglega stefnt, hafa ekki mætt fyrir hæstarétti, og hefir mál þetta því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölul. 38. gr. hæstarétt-

arlaganna og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum.

Samkvæmt samningi 20. ágúst 1936 skyldi áfrýjandi byggja hús á lóð stefndu við Leifsgötu 10 hér í bæ og fá fyrir það 75000 kr., enda skyldi verkinu vera að fullu lokið ekki síðar en 14. maí 1937. Skyldu stefndu greiða 8000 kr. við undirskrift samningsins, helming í peningum og helming með veðskuldabréfi í tiltekinni húseign hér í bæ. Þá skyldu stefndu og gefa út skuldabréf þegar er verkið væri hafið, eitt eða tvö, samtals að upphæð 30000 kr., með 1. veðrétti í Leifsgötu 10 og með gjalddaga 3—8 mánuðum eftir útgáfudag, enda virðist hugmynd aðilja hafa verið að fá veðdeildarlán að verkinu loknu til greiðslu þessara skulda. Þetta eða þessi skuldabréf voru aldrei gefin út. Þar á móti fengu tvö firmu, er seldu efni til byggingarinnar, 1. veðrétt í eigninni til tryggingar 20000 kr. Svo var og lífeyrissjóði barnakennara tryggður veðréttur fyrir 5000 kr. næst á eftir þessum 20000 kr. Geymir 6000 kr. veðskuldabréf það, sem mál þetta er af risið, skýrslu um þessar tvær síðastnefndar veðskuldir, en veðbókarvottorð hefir ekki verið lagt fram í málinu. Samkvæmt samningnum 20. ágúst 1936 skyldu stefndu ennfremur greiða samtals 12000 kr. á ýmsum gjalddögum, meðan verkið yrði unnið. Og loks skyldu þeir greiða 25000 kr. samtals með 2 skuldabréfum (17000 og 8000 kr.) með 2. veðrétti í eigninni.

Þann 23. des. 1936 gáfu stefndu út tvö veðskuldabréf með samhliða 2. veðrétti í Leifsgötu 10, annað 8500 kr. og hitt það 6000 kr. veðskuldabréf, sem mál þetta er af risið. Stefndu halda því fram, að bréf þessi hafi verið í því skyni einu gefin út, að áfrýjandi notaði þau til fjáröflunar og tryggingar efnis-

kaupa í þarfir húsgerðarinnar, og verður að leggja þá skýrslu þeirra til grundvallar, með því að áfrýjandi hefir ekki bent á neitt, er sýni, að önnur hafi verið tilætlunin. 8500 kr. bréfið virðist hafa verið notað samkvæmt þessu, en 6000 króna bréfið var aldrei stimplað né þinglesið, og virðist því ekki hafa verið notað með þeim hætti, sem til var ætlazt, enda var það óselt og óheft í vörzlum áfrýjanda, er mál þetta hófst, og er nú í vörzlum fógeta og verður þar, unz máli þessu lýkur.

Auk veðskuldabréfa þeirra, er áður getur, gáfu stefndu enn út 3500 kr. veðskuldabréf, er verða skyldi hið 4. í röðinni á eftir 5000 kr. til lífeyrissjóðs barnakennara, 20000 kr. til framangreindra firmna, að því er ætla má, og 8500 kr. veðbréfinu, sem fyrr getur. Var bréf þetta gefið út áfrýjanda til ráðstöfunar, og seldi hann það síðan. Með þessari ráðstöfun var 6000 kr. bréfinu rýmt úr því sæti í veðröðinni, sem því var upphaflega ætlað, án þess að áfrýjandi hefði nokkuð við það að athuga. Þar sem bréf þetta hafði ekki verið þinglesið né stimplað á réttum tíma, þá bendir það einnig eindregið til þess, að áfrýjandi hafi ekki ætlað að nota það. Af framanskráðu skýrast og þau ummæli áfrýjanda, sem tvö vitni hermdu upp á hann fyrir fógtarétti, að bréf þetta væri nú ónýtt og einskisvirði, og að sjálfsagt væri að ónýta það. Þykir af öllu þessu mega ráða, að aðiljar hafi alls ekki ætlazt framar til þess, að bréf þetta yrði notað, og stefndu áttu því heimtingu á því, að það yrði eyðilagt eða þeim skilað því, með því að ekki var að lögum fyrir það girt, að áfrýjandi kynni sakir handhafnar sinnar að setja það í umferð. Skilyrðislaust loforð áfrýjanda um afhendingu bréfsins, það er í hinum áfrýjaða úr-

skurði segir, staðfestir og það, að áfrýjandi hafi talið sér skylt að skila stefndum bréfinu.

Áfrýjandi hefir að vísu innt að því fyrir fógetarétti, að hann ætti kröfu á hendur stefndu vegna húsbyggingarinnar. Hinsvegar hafa stefndu ómótmælt haldið því fram, að áfrýjandi hafi ekki enn 5. nóv. 1937 lokið húsgerðinni, að þeir hafi tilkynnt honum riftun samningsins og að þeir telji sig leysta undan skyldum sínum samkvæmt honum. Áfrýjandi gefur stefndu að vísu sök á vanefndum sínum á samningnum, en hefir þó ekki bent á nokkurt atriði til styrktar þeirri staðhæfingu sinni. En hvernig sem þessu kann að vera varið, þá getur áfrýjandi ekki með algerlega órökstuddri staðhæfingu sinni um vanefndir stefndu á samningnum firrt stefndu rétti þeirra til þess að fá umrætt 6000 kr. veðskuldabréf í vörzlur sínar.

Samkvæmt framanskráðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Með því að stefndu hafa ekki mætt í málinu, fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 3. des. 1937.

Í fógetaréttarmáli þessu hafa gerðarbeiðendur, Viggó Baldvinsson og Páll Halldórsson, farið þess á leit, að þeir verði með beinni fógetagerð settir inn í umráð 6000 króna veðskuldabréfs, sem er í vörzlum Steingríms Stefánssonar, Bergstaðastræti 66 hér í bænum, en bréf þetta er tryggt með veði í húseign gerðarbeiðanda, Leifsgötu 10 hér í bænum.

Gerðarþoli hefir mótmælt því, að hin umbeðna gerð fari fram, og lögðu aðiljar þá atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Þá hafa aðiljar hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðendur byggja kröfu sína á því, að gerðarþoli hafi engan rétt til að halda veðskuldabréfi þessu, hann hafi upphaflega fengið veðskuldabréf þetta afhent til þess að selja það og útvega þar með fé til byggingarinnar, en þar sem það hafi ekki tekizt, þá sé réttur þeirra tvímælalaus til að fá vörzlu bréfsins, enda hafi gerðarþoli lýst því yfir í votta viðurvist, að veðbréf þetta væri ónýtt og einskisvirði, og jafnframt lofað að skila því.

Gerðarþoli heldur því nú hinsvegar ákveðið fram, að hann hafi fengið þetta veðskuldabréf til fullrar eignar sem greiðslu upp í verksamning, sem þeir hefðu gert með sér, gerðarbeiðendur og hann. Hefir hann neitað því, að hann hafi lofað að afhenda bréf þetta gerðarbeiðendum, og sé bréfið skilyrðislaust eign sín.

Með verksamningi, dags. 20. ágúst 1936, tekur gerðarþoli að sér að byggja fyrir gerðarbeiðendur hús á lóðinni nr. 10 við Leifsgötu. Fyrir verk þetta á gerðarþoli að fá, samkv. 3. gr. samningsins, greiddar kr. 75000.00, sumpart í peningum og sumpart á annan hátt, þar á meðal veðskuldabréfum, sbr. 3. gr. b.-lið og h-lið.

Það er upplýst, að umrætt veðskuldabréf er útgefið 23. desember f. á., eða rúmum 4 mánuðum eftir að verksamningurinn á réttarskj. nr. 5 er gerður, og er því ekki fjarri að ætla, að það hafi verið gefið út upphaflega og afhent gerðarþola samkvæmt loforði gerðarbeiðenda honum til handa í réttarskj. nr. 5 4. gr. og átt þar af leiðandi að notast til efnistryggingar eða fjáröflunar til efniskaupa, eins og segir í 4. gr. verksamningsins. Það er nú upplýst í máli þessu, að veðskuldabréf þetta var ekki notað til þess, og að eigendur húseignarinnar hafa gert í samráði við gerðarþola, sem stöðugt er vörzluhafi bréfsins og telur sig enn eiganda þess, ýmsar ráðstafanir viðvíkjandi eigninni, sem ekki gátu samrímzt efni þess, auk þess upplýst með vitnaframburði, að gerðarþoli hafi álitið veðskuldabréf þetta einskis virði og lofað að afhenda það, og verður að líta svo á, að gerðarþoli hafi aldrei öðlazt eignarrétt að bréfinu, heldur séu gerðarbeiðendur

eigendur þess, og verður því samkv. því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðenda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðenda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 22. júní 1938.

Nr. 156/1937. **Sveinn Pálsson**

gegn

Gunnlaugi Stefánssyni

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sveinn Pálsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 22. júní 1938.

Nr. 46/1938. **Stefán Jóhannsson**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Jakobi Jóhannessyni (Enginn).

Skipstjóri sýknaður af kröfu um greiðslu fyrir viðgerð á skipi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið til hæstaréttar dómi gestaréttar Siglufjarðar 31. okt. 1936 og fjárnáms-

gerð 13. des. 1937 með stefnu 5. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 26. marz s. á., bæði um áfrýjunarfrest og áfrýjunarfjárhæð. Svo hefir hann og fengið gjafsókn 25. marz þ. á. og sér skipaðan talsmann fyrir hæstarétti.

Áfrýjandi krefst þess, *að* hann verði sýknaður af kröfum stefnda, *að* fjárnámsgerðin verði felld úr gildi og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi, sem hefir verið löglega stefnt, hefir ekki mætt fyrir hæstarétti, og hefir mál þetta því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum.

Sumarið 1936 var áfrýjandi skipstjóri á vélbátnum „Heimir" frá Akranesi á síldveiðum, sem Halldór Jónsson, útgerðarmaður á Akranesi, gerði út. Virðist stefndi þá hafa innt af hendi viðgerð á raflögn í bátnum fyrir kr. 29.20 og taldi stefndi áðurnefndum vélbát fjárhæð þessa til skuldar. Þegar þessa er gætt, svo og hins, að ekki er upplýst gegn mótmælum áfrýjanda, að hann hafi tekið á sig persónulega ábyrgð skuldarinnar, ber að sýkna hann af kröfum stefnda í máli þessu, og verður samkvæmt því að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða kr. 10.00 í málskostnað fyrir fógetarétti og kr. 109.20 í málskostnað fyrir hæstarétti, þar af kr. 70.00 til skipaðs talsmanns áfrýjanda.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Stefán Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jakobs Jóhannessonar, í máli þessu. Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 10.00 í málskostnað fyrir fógetarétti og kr. 109.20 í málskostnað fyrir hæstarétti, þar af krónur 70 til talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, og kr. 39.20 til ríkissjóðs.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur gestaréttar Siglufjarðar 31. okt. 1936.

Með stefnu dags. 31. okt. (sic) s. l. krefst stefnandinn, Jakob Jóhannesson, rafvirki Siglufirði, að stefndur, Stefán Jóhannsson, Sólvallagötu 7 A Reykjavík, verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 29.20 fyrir ýmsa rafvirkjavinnu, er stefnandi hafi unnið hjá stefndum, með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi 8. þ. m., auk málskostnaðar að skaðlausu, sem í málflutningnum er krafizt með kr. 69.00, samkv. sundurliðuðum reikningi.

Stefndur hefir eigi mætt né látið mæta þrátt fyrir að honum hefir verið löglega stefnt.

Verður þá samkvæmt N. L. 1—4—30 og tilsk. 3. júní 1796, 3. gr. sbr. tilsk. 15. ágúst. 1832, að dæma málið eftir framlögðum og (sic) skilríkjum, en samkv. þeim ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu, líka að því er málskostnað snertir.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Stefán Jóhannsson, Sólvallagötu 7 Reykjavík, greiði Jakob Jóhannessyni, rafvirkja Siglufirði,

kr. 29.20 með 5% vöxtum frá 8. þ. m. og kr. 69.00 í málskostnað.

Hið ídæmda að greiða innan 3ja daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júlí 1938.

Nr. 10/1938. **Réttvísin og valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson) gegn **Hans A. Svane, Gunnari Juul, Otto Gregers Nors Grundtvig, Johan Gerhardt Ole Ellerup, Oddi C. Thorarensen, Ole Bang, Aage Riddermann Schiöth, Sören Ringsted Kampmann, Jóhannesi Sigfússyni, Þorsteini Scheving Thorsteinsson, Peter L. Mogensen, Jónasi Hildimundarsyni, Helga Þorvarðarsyni, Eyþóri A. Thorarensen, Sigurði V. Flóventssyni, Einari Kristjánssyni og Svend A. Johansen** (Lárus Jóhannesson) **og Jóhönnu Dagmar Magnúsdóttur og Stefáni Thorarensen** (Lárus Fjeldsted).

Dómur í refsimáli ómerktur vegna dómgengisskorts, ólöglegrar málasamsteypu o. fl.

Varadómarar dr. jur. Björn Þórðarson lögmaður og prófessorarnir Bjarni Benediktsson og Ísleifur Árnason, með því að allir hinir reglulegu dómarar viku sæti í málinu.

Dómur hæstaréttar.

Samkomulag hefir orðið um það milli skipaðs sækjanda og skipaðra verjenda fyrir hæstarétti og

réttarins að taka formhlið máls þessa til málflutnings og dómsálagningar út af fyrir sig, enda hafa verjendur gert þá kröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, og er henni mótmælt af sækjanda. Málið hefir að þessu leyti verið flutt skriflega fyrir hæstarétti.

Héraðsdómaranum í máli þessu, Ingólfi Jónssyni lögfræðingi, er fengið dómsvald með tveimur konunglegum umboðsskrám dags. 31. okt. og 19. nóv. 1935. Dómsvald hans er þannig veitt sem undanþága frá lögum, og hinir ákærðu þar með sviptir réttaröryggi því, sem felst í, að hinir reglulegu héraðsdómarar fari með mál þeirra. Af þessu leiðir, að vald héraðsdómarans getur ekki náð lengra en umboðsskrárnar alveg ótvírætt segja til um. Í umboðsskránni frá 31. okt. 1935 segir, að nauðsyn beri til að skipaður verði sérstakur dómari „til að halda rannsókn út af ætluðum brotum forstöðumanna lyfjabúða landsins á áfengislögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og reglugerðum, sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum.“ Ingólfi Jónssyni lögfræðingi er síðan falið „að hefja rannsókn um þetta og síðar, ef atferli nokkurra manna, er réttarrannsókn nær til, þykir varða við lög, að fara með og dæma mál gegn þeim, er sekir kynnu að reynast.“ Umboðsskráin frá 19. nóv. 1935 er gefin, að því er í henni segir, vegna þess, að komið hafi í ljós við réttarrannsókn þá, sem boðin var í fyrri skránni, að nauðsyn beri til að halda réttarrannsókn „út af ætluðum brotum forstöðumanna lyfjabúðanna“ á tollllögum landsins og öðrum brotum, er standa kynnu í sambandi við framangreind brot. og er lagt fyrir Ingólf Jónsson „að hefja rannsókn um þetta og síðar, ef atferli nokkurra manna, er

réttarrannsókn nær til, þykir varða við lög, að fara með og dæma mál gegn þeim, er sekir kynnu að reynast.“ Báðar hinar konunglegu umboðsskrár takmarka þannig vald héraðsdómarans til málsmeðferðar og dómsálagningar við þá, „er réttarrannsókn nær til“, en réttarrannsókn er héraðsdómaranum, eins og fyrr segir, einungis heimiluð „út af ætluðum brotum forstöðumanna lyfjabúða landsins“. Verður því ekki, a. m. k. ekki með nægilegu öryggi, talið, að héraðsdómarinn hafi haft heimild til málsmeðferðar og dómsálagningar út af brotum annarra en forstöðumanna lyfjabúða landsins, enda þótt dómarinn teldi brot annarra koma í ljós við rannsóknina út af ætluðum brotum téðra forstöðumanna. Þar sem héraðsdómarann þess vegna skorti vald til að fara með og dæma mál út af ætluðum brotum lyfjasveinanna: Jónasar Hildimundarsonar, Helga Þorvarðssonar, Eyþórs A. Thorarensens, Sigurðar V. Flóventssonar og Einars Kristjánssonar og heildsalans Svend A. Johansens, verður þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því komizt að ómerkja meðferð málsins fyrir aukaréttinum og hinn áfrýjaða dóm, að því er til þessara manna tekur.

Að því er hina ákærðu lyfsala áhrærir, verður hinsvegar að taka til athugunar ástæður þær, sem af hálfu hinna skipuðu verjenda hafa verið fram bornar til stuðnings kröfum þeirra um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og málsmeðferðarinnar.

Hér fyrir réttinum hefir þannig komið fram krafa um það, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur vegna þess að héraðsdómarinn „hafi ekki verið óvilhallur dómari, er hann kvað dóminn upp“. Þessu til styrktar hefir verið bent á ummæli um mál þetta, sem birtist í tveimur dagblöðum

bæjarins 30. des. 1936, þ. e. rétt á eftir, að málshöfðunin átti sér stað. Því er haldið fram, að ummæli þessi byggist á viðtali við héraðsdómarann og sýni, að hann hafi þá þegar, löngu áður en varnir voru uppi hafðar, verið staðráðinn í að sakfella hina ákærðu í málinu. Á þetta verður ekki fallizt, þegar af þeirri ástæðu, að hér um rædd ummæli koma alls ekki fram sem ummæli héraðsdómarans, heldur eru þau frásögn blaða þessara af málavöxtum, og verður héraðsdómarinn ekki talinn bera neina ábyrgð á henni. Þá hefir því verið haldið fram, að af hinum áfrýjaða dómi sjálfum mætti sjá, að dómarinn hafi ekki verið óvilhallur. En ekki verður talið, að þar sé að finna neitt tilefni til slíkrar ályktunar, né heldur í rannsókn málsins eða meðferð þess yfirleitt, og verður þessi ómerkingarástæða því ekki tekin til greina.

Ennfremur hefir þess verið krafizt, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt vegna ólöglegrar málasamsteypu.

Í máli þessu eru sóttir til sakar samtals 19 menn. Að því er til 6 þeirra tekur, þá hafði héraðsdómarinn samkvæmt framansögðu hvorki vald til málsmeðferðar né dómsálagningar út af ætluðum brotum þeirra, og eru þeir því allsendis ólöglega dregnir inn í mál þetta. Um hina ákærðu lyfsala, 13 að tölu, verður ekki talið, að brot þau, er þeim voru gefin að sök, hafi verið samtengd með nokkrum þeim hætti, að ástæða hafi verið til að sækja þá alla í sama málinu. Því hefir að vísu verið haldið fram, að þar sem lyfsalarnir hafi haft við ákærða Svend A. Johansen þau viðskipti, sem eru eitt helzta ákæruefnið í máli þessu, þá hafi verið bæði nauðsynlegt og haganlegt að sækja þá alla í sama máli og hann. En hvorttveggja er, að sannað er, að einn hinna ákærðu lyf-

sala, Stefán Thorarensen, átti engin viðskipti við nefndan Johansen, og ósannað virðist, að allir hinir hafi haft viðskipti við hann, sem og hitt, að héraðsdómarann skorti vald til að fara með og dæma mál gegn téðum Johansen og því til að stefna honum til sakar í sama máli og hinum ákærðu lyfsölum. Getur því þegar af þessum ástæðum ekki komið til mála, að viðskipti þau, er sumir hinna ákærðu lyfsala áttu við mann þenna hver í sínu lagi og án nokkurs sambands síns á milli, réttlæti, að málum þeirra var öllum steypt saman í eitt.

Ætla verður, að þessi ástæðulausa málasamsteypa hafi aftur á móti haft það í för með sér, þó að slíkt þyrfti engan veginn af henni að leiða, að héraðsdómarinn stefndi öllum þeim, er hann dró inn í málið, ósundurgreint og sameiginlega fyrir eftirtalin lagabrot: „á lögum nr. 69 7. maí 1928, l. nr. 64 19. maí 1930, l. nr. 33 9. jan. 1935, sbr. reglugerðir 30. des. 1930 um sölu áfengis til lækninga, lækna, tannlækna og dýralækna og til lyfjabúða og um skammt áfengis handa þeim, og 31. des. 1930 um sölu áfengis til lækninga og 16. apríl 1935 um sölu áfengis til lækninga, tilsk. 4. des. 1672 um lækna og lyfsala, l. nr. 63 10. des. 1934, augl. landlæknis til lækna og lyfsala 21. ágúst 1934 um reglur varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, l. nr. 54 11. júní 1911, l. nr. 43 2. nóv. 1914, l. nr. 71 29. des. 1934, l. nr. 82 26. apríl 1935, l. um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 11 9. jan. 1935 sbr. reglugerð nr. 7 11/1 1935, 13. og 14. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.“ Verður stefnan ekki skilin á annan veg en þann, að öllum þeim, sem fyrir sökum eru hafðir í máli þessu, sé gefið að sök, að þeir hafi framið öll þessi lagabrot. Þetta virðist þó ekki hafa vakað fyrir héraðs-

dómaranum, því að í bréfi, sem hann skrifaði skipuðum talsmanni í héraði fyrir alla hina ákærðu nema Jóhönnu Dagmar Magnúsdóttur og Stefán Thorarensen, og dagsett er 15. febr. 1937 og lagt fram í rétti 22. marz s. á., segist dómarinn samkvæmt samtali við hinn skipaða talsmann og til að létta fyrir honum starf hans við samningu varnar í málinu skulu „taka fram til frekari skýringar stefnunni í málinu" það, sem þar segir. Kemur þar m. a. fram, að þá 6 menn, er héraðsdómarinn dró inn í málið, án þess að hafa dómsvald yfir þeim, sakar hann ekki um að hafa brotið nema fá ein af framantöldum lagaboðum, en það skiptir ekki máli í þessu sambandi, þar sem þeir menn eru þegar úr málinu. Þá kemur þar og fram, að hver einstakur þeirra 11 lyfsala, sem í bréfinu er vikið að, er ekki af dómaranum sakaður fyrir brot nema á sumum þeirra lagaboða, sem í stefnunni eru talin, og ekki allir fyrir brot á þeim sömu. En enginn þessara 11 lyfsala er þar sakaður um brot á lögunum eða reglugerðinni um gjaldeyrisverzlun. Í bréfi þessu er þannig mjög dregið úr þeim viðtæku ákærum, sem í stefnunni fólust. Þetta var þó ekki gert með réttum hætti og ekki um nema suma af hinum ákærðu, því að um ákærð Jóhönnu Dagmar Magnúsdóttur og Stefán Thorarensen sést ekki, að nein slík „skýring" hafi verið gefin. Héraðsdómarinn sjálfur virðist heldur ekki hafa talið, að í bréfi þessu fælist nein breyting á stefnunni, því að í upphafi hins áfrýjaða dóms telur hann alla hina ákærðu vera sakaða um öll hin sömu lagabrot og með sama hætti og í stefnunni segir. Eftir það er þó í hinum áfrýjaða dómi um hvern einstakan hinna ákærðu alls ekki vikið að öllum þeim brotum, er honum hefir verið stefnt

fyrir, heldur einungis sakfellt fyrir eða sýknað af þeim brotum, sem eftir rannsókninni hefir þótt áhorfsmál að saka hvern einstakan þeirra um, en gengið þegjandi fram hjá hinum. Þessi málsmeðferð héraðsdómarans hefir m. a. leitt til þess, að enda þótt ekki komi neitt fram í rannsókn málsins, sem gefur til kynna, að neinn hinna ákærðu lyfsala hafi á nokkurn hátt brotið gegn þá gildandi fyrirmælum um gjaldeyrisverzlun, þá var þeim öllum stefnt fyrir slík brot, vegna þess að dómarinn taldi, að einn þeirra manna, sem hann dró inn í mál þetta, en hann ekki hafði dómsvald yfir, kynni að hafa gert sig sekan um þau. Í upphafi hins áfrýjaða dóms segir dómarinn síðan frá því, að allir hinir ákærðu séu sakaðir um þvílík afbrot, en að öðru leyti minnist hann ekki á þau nema um þennan eina mann. Var hér þó ekki um neitt óverulegt atriði að ræða, því að brot gegn lögum nr. 11 frá 9. jan. 1935 um gjaldeyrisverzlun o. fl. gátu samkvæmt 6. gr. þeirra varðað allt að 50000 króna sekt. Verður að telja, að mjög hafi verið gengið á rétt hinna ákærðu lyfsala með því að höfða þannig fyrst mál á hendur þeim fyrir mjög alvarleg afbrot. sem talið var líklegt, að allt annar þriðji maður hefði framið, en þeir sjálfir alls ekki grunaðir um, og taka síðan ekki þetta kæruatriði á hendur þeim berum orðum til úrlausnar í hinum áfrýjaða dómi. Með svipuðum hætti hefir einnig verið farið með sum önnur ákæruatriði, sem uppi voru höfð gegn lyfsölunum í stefnunni, en þar sem þau skipta minna máli og geta þó átt við suma þeirra, þykir ekki ástæða til að rekja þau nánar.

Þá er það einnig ljóst, að hin ástæðulausa málasamsteypa hefir mjög haft áhrif á gang og hraða rannsóknar málsins og meðferðar þess yfirleitt. Mál

þetta sýnist fyrst hafa komið til kasta dómstólanna 7. ágúst 1935, en þá hóf hinn reglulegi héraðsdómari í Skagafj.sýslu lögregluréttarrannsókn út af kæru á lyfsalann á Sauðárkróki, ákærða Ole Bang, fyrir ólöglegan innflutning áfengis. Hinn 9. okt. 1935 óskaði héraðsdómari þessi síðan eftir því, að setudómari yrði skipaður til að fara með málið. Nokkurnveginn jafnhliða þessari rannsókn í Skagafjarðarsýslu, eða frá 23. ágúst til 23. sept. 1935, fór fram í Reykjavík lögregluréttarrannsókn, framkvæmd af fulltrúa lögreglustjórans þar, og beindist hún í fyrstu gegn ákærða Þorsteini Scheving Thorsteinsson, en síðar gegn fleiri mönnum, og voru ákærð Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir og Peter L. Mogensen þá m. a. kvödd fyrir rétt. Skömmu síðar, þ. e. 15. okt. 1935, hóf hinn reglulegi héraðsdómari í Snæfellsnes- og Hnappadalss. lögregluréttarransókn út af kæru yfir áfengissölu lyfjabúðarinnar í Stykkishólmi. Hinn 31. okt. 1935 var svo héraðsdómarinn í máli þessu skipaður með hinni konunglegu umboðsskrá, er áður getur, og tók hann allar þessar rannsóknir í sínar hendur. Hann hagaði störfum sínum þannig, að frá 6. til 27. nóv. 1935 vann hann að rannsókn út af ætluðum brotum lyfsalans í Stykkishólmi, ákærða Hans A. Svane. Hinn 28. s. m. hóf hann réttarrannsókn út af ætluðum brotum lyfsalans á Ísafirði, ákærða Gunnars Juul, og stóð hún til 9. des. s. á. Síðan liggja réttarrannsóknir dómarans niðri þar til 10. febr. 1936, þá tekur hann í einu réttarhaldi fyrir rannsókn út af ætluðum brotum lyfsalans í Sauðárkróki, ákærða Ole Bang. Því næst hefur hann 15. s. m. réttarrannsókn út af ætluðum brotum lyfsalans í Neskaupstað, ákærða Otto Gregers Nors Grundtvigs, og stóð hún til 19. s. m. Þann 22. s. m. hefur

dómarinn réttarrannsókn út af ætluðum brotum lyfsalans á Seyðisfirði, ákærða Johan Gerhardt Ole Ellerups, og hætti hann henni 2. marz s. á. Síðan er ekki þingað í málum þessum fyrr en 27. maí 1936, þá hefur hann rannsókn út af ætluðum brotum lyfsalans á Akureyri, ákærða Odds C. Thorarensens, og stóð hún þar til 24. júní s. á. Þann 27. s. m. tekur dómarinn, enn í einungis einu réttarhaldi, upp rannsókn út af ætluðum brotum ákærða Ole Bangs. Því næst hefur dómarinn 29. s. m. réttarrannsókn út af ætluðum brotum lyfsalans á Siglufirði, ákærða Aage Riddermann Schiöths og hélt hann henni áfram til 4. júli s. á. Frá 17. til 28. s. m. hélt dómarinn síðan réttarrannsókn út af ætluðum brotum lyfsalans í Hafnarfirði, ákærða Sören Ringsted Kampmanns. Að svo búnu verður enn hlé á réttarhöldum í málum þessum þar til 27. ág. s. á., en þá var hafin réttarrannsókn út af ætluðum brotum lyfsalans í Vestm.eyjum, ákærða Jóhannesar Sigfússonar, og stóð hún til 5. sept. s. á. Hinn 18. sept. s. á., eða nærri því ári eftir að fyrri rannsókninni í Reykjavík lauk, tók dómarinn síðan upp að nýju rannsókn út af ætluðum brotum lyfsalanna í Reykjavík. Er þeirri rannsókn þannig hagað, að í réttarhaldinu 18. sept. fara fram yfirheyrslur varðandi ákærða Þorstein Scheving Thorsteinsson, í réttarhaldi 19. s. m. varðandi ákærða Peter L. Mogensen, í réttarhaldi 25. s. m. varðandi ákærðu Jóhönnu Dagmar Magnúsdóttur, en í réttarhaldi 30. sept. er í fyrsta skipti í máli þessu hafin réttarrannsókn gegn ákærða Stefáni Thorarensen.

Að þessum fjórum réttarhöldum loknum liggur réttarrannsókn niðri þar til 20. nóv. s. á. Í réttarhaldi þann dag koma fram nokkur gögn, sem einungis varða lyfsalana í Reykjavík, að öðru leyti en því, að

Svend A. Johansen er lítið eitt yfirheyrður um atriði, sem einnig gátu varðað lyfsalana utan Reykjavíkur, en ekkert sýnist koma fram í þessu réttarhaldi, sem ekki hefði alveg eins mátt fá full skil um fyrr, ef dómarinn hefði talið ástæðu til. Alveg sama máli sýnist gegna um gögn þau, sem fram komu í réttarhöldum frá 21. til 28. des. 1936, en í sumum þeirra réttarhalda var fjallað um málið í heild, en í öðrum eingöngu um lyfsalana í Reykjavík.

Hinn 28. des. gefur dómarinn síðan út stefnu í málinu, og 31. s. m. skipar hann hinum ákærðu talsmenn. Þann 8. febr. 1937 setur dómarinn aukarétt og leggur þá fram hegningar- og fæðingarvottorð hinna ákærðu, vottorð frá Efnarannsóknarstofu ríkisins, dags. 23. og 27. des. 1935, varðandi mál hinna ákærðu lyfsala í Stykkishólmi og á Ísafirði, bréf sitt dags. 11. jan. 1937 til landlæknis, þar sem dómarinn biður landlækni um álit hans á ýmsum atriðum í rannsókninni á víð og dreif, og svarbréf landlæknis dags. 23. s. m. ásamt ýmsum fylgiskjölum. Svo virðist sem auðvelt hefði verið að afla allra þessara gagna fyrr, eftir því sem rannsókninni miðaði áfram, ef dómarinn hefði álitið það nauðsynlegt. Þann 22. marz 1937 er enn þingað í málinu, og eru þá lagðar fram varnir fyrir hina ákærðu og málið síðan tekið til dóms. Hinn 29. maí er málið þó tekið upp til framhaldsrannsóknar og lagðar fram skýrslur um áfengislyfjakaup nokkurra hinna ákærðu lyfsala, en þar sem engin þeirra kaupa sýnast hafa farið fram eftir 6. júlí 1935, virðist sem hæglega hefði mátt afla þeirra upplýsinga fyrr. Loks er dómur kveðinn upp 23. júní 1937. Hinn 9. ágúst sama ár er hæstaréttarstefna í málinu gefin út. Hún er birt fyrir þeim hinna ákærðu, sem búsettir voru í

Reykjavík, 11. s. m. Síðan var hún eftir því sem tími vannzt til birt fyrir öðrum hinna ákærðu, en ekki var birtingunni lokið fyrr en 18. jan. 1938, en þá var stefnan birt fyrir þeim hinna ákærðu, sem búsettir voru í Stykkishólmi. Birtingin ein tók þannig rúma 5 mánuði.

Yfirlit þetta sýnir, að á rannsókn og allri meðferð málsins hefir orðið óhæfilegur dráttur. Málið gegn hverjum einstökum hinna ákærðu lyfsala mátti ljúka á skömmum tíma eftir að rannsókn gegn honum var hafin. Með því að steypa öllum þessum óskyldu málum í eitt, og draga auk þess inn í málið menn, sem dómarinn hafði ekki dómsvald yfir, seinkaði ekki einungis stórlega málum þeirra, sem fyrst var hafin rannsókn gegn, heldur einnig málum hinna, því að vegna umfangs síns varð málið mjög seinmeðfarið. Verður því að telja, að með þessari málsmeðferð hafi mjög verið brotið gegn þeim rétti hinna ákærðu, að veita þeim greiða úrlausn mála þeirra.

Hinir ákærðu hafa þannig á fleiri en einn veg orðið fyrir réttarspjöllum vegna rangrar málshöfðunar og málsmeðferðar, og þykir því af framangreindum ástæðum ekki verða hjá því komizt að ómerkja meðferð málsins fyrir aukaréttinum og hinn áfrýjaða dóm einnig að því, er varðar hina ákærðu lyfsala: Hans A. Svane, Gunnar Juul, Otto Gregers Nors Grundtvig, Johan Gerhardt Ole Ellerup, Odd C. Thorarensen, Ole Bang, Aage Riddermann Schiöth, Sören Ringsted Kampmann, Jóhannes Sigfússon, Þorstein Scheving Thorsteinsson, Jóhönnu Dagmar Magnúsdóttur, Peter L. Mogensen og Stefán Thorarensen.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í

héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Gunnars Þorsteinssonar, er ákveðast 300 krónur, skipaðs verjanda hinna ákærðu, Jóhönnu Dagmar Magnúsdóttur og Stefáns Thorarensens, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, er ákveðast 100 kr., og skipaðs verjanda annara hinna ákærðu, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, er ákveðast 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir aukaréttinum á að vera ómerk.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og skipaðra verjenda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar, Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsted, 300 krónur til hvors hinna fyrrnefndu og 100 krónur til hins síðastnefnda.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. júní 1937.

Með stefnu útgefinni 28. desember 1936 og birtri næsta dag er mál þetta höfðað af hálfu valdstjórnarinnar og réttvísinnar gegn þeim Hans A. Svane lyfsala og Jónasi Hildimundarsyni aðstoðarmanni í Stykkish., Gunnari Juul lyfsala og Helga Þorvarðarsyni aðstoðarm. á Ísafirði, Otto Gregers Nors Grundtvig lyfsala, Neskaupst., Johan Gerhardt Ole Ellerup lyfsala, Seyðisf., Oddi Carl Thorarensen lyfsala og Eyþóri Aðalsteini Thorarensen lyfjasveini og Sigurði Valdimar Flóventssyni lyfjasveini á Akureyri, Ole Bang lyfsala Sauðárkróki, Aage Riddermann Schiöth lyfsala og Einari Kristjánssyni aðstoðarmanni, Siglufirði, Sören

Ringsted Kampmann lyfsala í Hafnarfirði, Jóhannesi Sigfússyni lyfsala, Vestmannaeyjum, Þorsteini Scheving Thorsteinsson lyfsala, Peter L. Mogensen lyfsala, Jóhönnu Dagmar Magnúsdóttur lyfsala og Stefáni Thorarensen lyfsala í Reykjavík, og Svend Aage Johansen heildsala. Freyjugötu 42, Reykjavík, fyrir brot á lögum um einkasölu á áfengi nr. 69 7. maí 1928, áfengislögunum nr. 64 19. maí 1930, áfengislögunum nr. 33 9. jan. 1935, sbr. reglugerð nr. 95 30. des. 1930 um sölu áfengis til lækna, tannlækna og dýralækna og til lyfjabúða og um skammt áfengis handa þeim, og reglugerð nr. 65 31. des. 1930 um sölu áfengis til lækninga og reglugerð nr. 38 16. apríl 1935 um sölu áfengis til lækninga, tilskipun 4. des. 1672 um lækna og lyfsala, lögum nr. 63 10. des. 1934 um breytingu á lögum nr. 69 7. maí 1928 um einkasölu á áfengi, augl. landlæknis til lækna og lyfsala 21. ágúst 1934 um reglur varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, tolllögum fyrir Ísland nr. 54 11. júlí 1911, l. nr. 43 2. nóv. 1914 um breytingu á tolllögunum, l. nr. 71, 29. des. 1934 um gengisviðauka, lög nr. 82 26. apríl 1935, lög um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 11 9. jan. 1935, sbr. reglugerð nr. 7 11. s. m. 1935, 13. og 14. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Hinir ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna og er aldur þeirra eins og hér segir:

Hans A. Svane er fæddur 3. marz 1896.
Jónas Hildimundarson er fæddur 3. jan. 1909.
Gunnar Juul er fæddur 16. marz 1894.
Helgi Þorvarðarson er fæddur 22. apríl 1906.
Otto Gregers Nors Grundtvig er fæddur 7. júní 1896.
Johan Gerhardt Ole Ellerup er fæddur 8. jan. 1904.
Oddur Carl Thorarensen er fæddur 24. nóv. 1894.
Eyþór Aðalsteinn Thorarensen er fæddur 9. apríl 1902.
Sigurður Valdemar Flóventsson er fæddur 2. nóv. 1889.
Ole Bang er fæddur 23. marz 1905.
Aage Riddermann Schiöth er fæddur 27. júní 1902.
Einar Kristjánsson er fæddur 21. júlí 1898.
Sören Ringsted Kampmann er fæddur 13. des. 1884.
Jóhannes Sigfússon er fæddur 10. apríl 1902.
Þorsteinn Scheving Thorsteinsson er fæddur 11. febrúar 1890.

Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir er fædd 22. júní 1896.
Peter L. Mogensen er fæddur 4. ágúst 1872.
Stefán Thorarensen er fæddur 31. júlí 1891.
Svend Aage Johansen er fæddur 18. maí 1895.

Þeir Hans A. Svane, Jónas Hildimundarson, Helgi Þorvarðarson, Otto G. N. Grundtvig, Oddur C. Thorarensen, Eyþór A. Thorarensen, Sigurður V. Flóventsson og Einar Kristjánsson hafa ekki sætt refsingu eða ákæru fyrr.

En eftirtöldum ákærðum hefir verið refsað þannig:

Gunnar Juul:

1924 1⅔ Gert að greiða 500 króna sekt fyrir brot á lögum nr. 91 1917.

1925 ¾ Dæmdur í 700 króna sekt fyrir brot á reglugerð nr. 67 1922, en sýknaður í hæstarétti 28. sept. 1925.

1927 1½ Sýknaður með dómi í lögreglurétti af ákæru fyrir brot á lögum nr. 15 1925 og reglugerð nr. 59 1925, en dæmdur af hæstarétti í 200 króna sekt 28. sept. 1927.

Johan Ole Gerhardt Ellerup:

1929 ⁹/₁₀ Réttarsætt í lögreglurétti Reykjavíkur, 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.

Ole Bang:

1932 ⁵/₁₁ Réttarsætt í lögreglurétti Skagafjarðarsýslu, 600 krónur fyrir brot gegn 2. málsgr. 21. greinar sbr. 2. málsgr. 38. greinar áfengislaga nr. 64 frá 1930.

Aage R. Schiöth:

Sætt 20 króna sekt á Siglufirði fyrir helgidagabrot.

1936 2¾ Dæmdur í lögreglurétti Siglufjarðar í 500 króna sekt fyrir brot á reglugerð um áfengissölu til lækninga og á áfengislögunum og þágildandi lyfjagjaldskrá, en

1937 ⅓ sýknaður algerlega af hæstarétti.

Sören R. Kampmann:

1927 2⅞ 100 króna sekt með lögregluréttarsætt í Reykjavík fyrir ólöglegan innflutning á hálmi.

Þorsteinn Sch. Thorsteinsson:
Í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur:

1927 $^{1}/_{5}$ Áminning fyrir innflutning á hálmi.
1929 $^{13}/_{9}$ Sætti 30 króna sekt fyrir flækingshest.
1930 $^{8}/_{7}$ Sætti 30 króna sekt fyrir brot gegn bifreiðal.
1931 $^{2}/_{3}$ Áminning fyrir brot gegn samþ. um bifreiðastæði.
1932 $^{2}/_{6}$ Áminning fyrir brot gegn umferðareglum.
1932 $^{3}/_{8}$ Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Málið rannsakað, en opinbert mál ekki höfðað.
1934 $^{2}/_{11}$ Samþykkti 1000 króna sekt fyrir brot gegn reglugerð nr. 95 1931, 8. gr., sbr. 32. gr. áfengislaganna, og greiði $^{1}/_{3}$ kostnaðar við rannsókn málsins.
1936 $^{1}/_{8}$ Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Málið rannsakað, en ekki talin ástæða til málssóknar.

Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir:

1934 $^{2}/_{11}$ Samþykkti að greiða 600 króna sekt í lögreglurétti Reykjavíkur fyrir brot á 8. gr. reglugerðar nr. 95 1932 sbr. 32. gr. áfengislaganna og greiða $^{1}/_{3}$ kostnaðar við rannsókn málsins.

Peter L. Mogensen:

1934 $^{2}/_{11}$ Samþykkti í lögreglurétti Reykjavíkur að greiða 600 króna sekt fyrir brot á 8. grein reglugerðar nr. 95 1931 sbr. 32. gr. áfengislaganna og greiða $^{1}/_{3}$ kostnaðar við rannsókn málsins.

Stefán Thorarensen:

1928 $^{2}/_{6}$ Sektaður á Akureyri um 5 krónur fyrir brot á lögreglusamþykkt bæjarins.
Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur:
1923 $^{1}/_{1}$ Dómur hæstaréttar. 150 kr. sekt. fyrir brot gegn 219. grein hinna almennu hegningarlaga $^{25}/_{6}$ 1869.
1923 $^{24}/_{1}$ Dómur hæstaréttar, 100 króna sekt og krónur 442.65 í skaðabætur fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 88 1917.
1930 $^{7}/_{6}$ Sætti 5 króna sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.

1930 17/11 Áminning fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði.

1930 5/12 Aðvörun fyrir afturljósleysi á bifreið.

1934 17/5 Dómur lögregluréttar, 100 króna sekt fyrir brot gegn 17. grein laga nr. 47 1932 og 12. gr. laga nr. 84 1933. Sýknaður í hæstarétti 14/6 1935.

1935 8/7 Kærður fyrir ökuslys. Danske Lloyd greiddi skaðabætur.

1935 14/10 Sýknaður í lögreglurétti fyrir brot á lögum nr. 47 1932 vegna fyrningar.

1936 31/8 Aukaréttardómur. Þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 200. gr. og 292. gr., 1. mgr., hinna almennu hegningarlaga frá 25/6 1869.

Svend Aage Johansen.

1935 15/7 Sætti áminningu í lögreglurétti fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði, og

22/8 áminningu fyrir brot gegn umferðareglum.

II.

Með bréfi 21. ágúst 1935 sendir tollstjórinn í Reykjavík lögreglustjóranum þar til frekari rannsóknar bréf landlæknis, dags. 29. júlí s. á., og ýms gögn vegna innflutnings frá firmanu Nordisk Droge og Kemikalieforretning A/S Kaupmannahöfn (verður hér eftir í dómi þessum skammstafað N. D. K.) til Þorsteins Scheving Thorsteinsson, lyfsala í Reykjavík, á spiritusvökva, sem nefndur er á innkaupareikningi: tinctura aurantii, er reyndist samkvæmt rannsókn Efnarannsóknarstofu ríkisins að hafa eðlisþyngd 0.8139 eða sömu eðlisþyngd og 95.6% alkohol, og 0.10% þurefnisinnihald. Spiritus dilutus er 60.4—62.6% alkohol, spiritus concentratus 85.8—87.0% og spiritus alcoholisatus 92.6—94.0% alkohol. Tinctura aurantii er opinbert lyfjaheiti, og er samkvæmt Pharmacopoea Danica 1933 (skammstafað hér eftir í þessum dómi Ph. D.) sem er löggilt lyfjaskrá, samsett þannig:

Pericarpium aurantii .. 200 gr.
Spiritus dilutus ..... 1000 —

Telur tollstjóri blöndu þessa tæpast geta talizt til lyfja, og landlæknir tekur það fram í bréfi sínu, sem fyrr getur,

að sér virðist það ekki vafamál eftir fyrirliggjandi gögnum, að hér sé um innflutning á nær hreinum spiritus að ræða. Undir rannsókn málsins er lagt fram bréf N. D. K., þar sem það segist hafa tekið það upp hjá sjálfu sér að senda téðum lyfsala þessa spiritusblöndu, og verður nánar á þetta minnzt síðar hér í dómnum í sambandi við Þorstein Sch. Thorsteinsson. En á framlögðum lista yfir 24 áfengisblöndur frá N. D. K., sem allar eru meira og minna ófullgerðar, og svo lítið mengaðar spíritus, að til álita kemur, hvort talinn verður annað en dulinn spíritusinnflutningur m. a. vegna þess, að flestir hinna ákærðu lyfsala hafa með játningu sinni upplýst, að fluttur hafi verið inn spiritus concentratus eða spiritus alcoholisatus, þó vera eigi þynnri spiritus í blöndun, er talið undir tölulið:
16. e. tinctura aurantii, og
f. corpus pro fergani,
báðar samsettar:

Pericarpium aurantii	100 gr.
Spiritus	50 kg.

Fullblönduð ætti að vera 10 kg. pericarpium aurantii á móti spiritus dilutus, en fullum þriðjungi meira gegn spiritus alcoholisatus, eins og spiritusinn reyndist að vera samkvæmt rannsókn Efnarannsóknarstofu ríkisins, sem fyr getur. En það má telja líklegast, að umrædd „tinctura aurantii" hafi verið þessi blanda, 16. e., þar sem tinctura þarf að hrærast upp, pressast, þegar í henni eru fyrirskipaðar jurtir, og síast til þess að hafa dregið í sig tilætlað magn þess, sem í spiritusinn var látið, og má hella ofan af henni því nær alveg hreinum spiritusnum, þegar hann er jafnlítið mengaður og blöndurnar á lyfjalista N. D. K. eru, sbr. t. d. framburð ákærða Peter L. Mogensen, lyfsala, og getur þar af stafað, að ekki er fyllilega í samræmi við listann niðurstaða efnarannsóknarstofunnar um þurefnismagn fyrrnefndrar tinktúru, en Svend A. Johansen umboðsmaður N. D. K. fullyrðir, að firmað hafi ætíð afgreitt blöndur þessar samkvæmt umræddum lista, þegar ekki var um annað beðið. Kemur það og heim við verð téðs firma á blöndunum, ef bornar eru saman innkaupsreikningar ákærðra lyfsala, við framlagðan verðlista frá N. D. K. og framburð Svend A. Johansen í málinu um verðið.

Við rannsókn málsins 6. september 1935 er lagt fram bréf landlæknis, dags. 23. ágúst s. á. ásamt með bréfi lyfsölustjóra, 22. s. m., bréfi tollvarðarins á Akureyri, dags. 2. s. m., faktúra frá 22. maí s. á. frá N. D. K. yfir m. a. ýmiskonar áfengisblöndur, þ. á. meðal 2 brúsa 50.250 kg. hvor með „corpus pro tinct. thebaica benzoic", og skýrsla Efnarannsóknarstofu ríkisins um rannsókn á innihaldi annars þessa brúsa, sem téður tollvörður tók í e. s. Goðafossi 12. júlí á Sauðárkróki og sendi Áfengisverzlun ríkisins með ósk um að rannsakað væri innihaldið. En vara þessi var til ákærðs Ole Bang, lyfsala á Sauðárkróki. Hinn brúsinn brotnaði í uppskipun og fór innihaldið allt niður. Skýrsla efnarannsóknarstofunnar er á þá leið, að innihald brúsans hafi reynzt „mestmegnis alkohol að styrkleika 87.3% eftir rúmmáli. Af öðrum efnum fannst ekki annað en lítið eitt af benzoesýru." Sé nafn og nafn þessarar blöndu á innkaupareikn. borið saman við nr. 22. j. eða k. á lista N. D. K., sem fyrr getur, ætti blandan í brúsanum að hafa verið í samræmi við þann lista, eða 250 gr. acid. benzoic og 50 kg. spiritus concentratus í hvorum þeirra. Enda nafnið á framlögðum pöntunarseðli nr. 3374, 9. maí 1935, í samræmi við listann og magnið talið á innkaupsreikningi 50.25 kg. hvor brúsi.

Fullgerð er tinktúra þessi þannig blönduð samkv. hinni löggiltu lyfjaskrá Ph. D.:

Aeteroleum anici	2 gr.
Champhora	3 —
Acidum bencoeicum	5 —
Tinctura thebaica	50 —
Spiritus dilutus	940 —
	1000 gr.

en það þýðir, að spíritusinn í fyrrnefndum brúsa er því nær þriðjungi sterkari en hann á að vera, og öll efni vantar, sem verkandi eru, nema acidum benzoicum, sem þó er ekki nema 250 gr. í 50 kg. spiritus í stað ca. 2500 gr., ef réttur spíritusstyrkleiki væri í blöndunni. Enda niðurstaða efnarannsóknarstofunnar sú, að spíritusinn geti vart talizt annað en hreinn spíritus, og verður rétturinn að ganga út frá því, að sú niðurstaða sé rétt, og nafnið því í hæsta máta villandi.

Rannsókn Efnarannsóknarstofu ríkisins á tinct. benzoic (benzoes) og tinctúru rathaniae, sem flutt er inn af ákærðum lyfsala Hans Svane í Stykkishólmi, sýnir, að í „tinct. benzoic" er spiritus concentratus með aðeins 0.2% af benzoesýru og „tinctura rathaniae" mestmegnis spiritus concentratus með aðeins ca. 0.03% þurefni, en samkvæmt hinni löggiltu lyfjaskrá Ph. D. er tinctura benzoes blönduð þannig:

Resina benzoe crasse contusa .... 200 gr.
Spiritus concentratus ..... 1000 —

eða 20% benzoesýra, og tinctura rathaniae Ph. D. er blönduð þannig:

Radix rathaniae minutum concica 200 gr.
Spiritus dilutus ..... 1000 —

eða 20% rathaniae rót í spir. dilutus, en ætti að vera ca. 30% í spiritus concentratus. Er þetta pantað á framlögðum pöntunarseðli nr. 3377 11. 5. 1935 og það tekið fram á seðlinum, að landlækni skuli ekki sendur sá innkaupsreikningur. Enda hefir hann ekki komið til landlæknisskrifstofunnar sbr. skýrslu lyfsölustjóra.

Á pöntunarseðli ákærðs Ole Bang nr. 3328 16. 1. 1935 eru pöntuð 10—50 kg. eftir ýmsum númerum og stendur flest heima við lyfjalista N. D. K., og umboðsmaður firmans, ákærður Svend A. Johansen, segir að hér hljóti að vera um misritanir að ræða, þar sem ekki sé um annan lyfjalista að ræða en þann, sem hann afhenti réttinum. En téður umboðsmaður heldur því fram, að þennan lyfjalista hafi hann sýnt og sent meðákærðum lyfsölum og pantað eftir honum fyrir þá, þótt þeir hafi oft sjálfir pantað beint frá firmanu. Flestir ákærðra lyfsala, að Stefáni Thorarensen undanskildum, hafa líka viðurkennt að hafa pantað samkvæmt honum, eða þá svipaðar áfengisblöndur, meira og minna mengaðar, og ætíð ófullgerðar þegar um mikið var að ræða. Enda bera framlagðir innkaupsreikningar þeirra greinilega vott um þetta sem og framlagðir pöntunarseðlar. Það er líka viðurkennt, að þeir vissu um þennan innflutning hver annars og í sumum föllum verður ekki betur séð, og verður að teljast sannað, en þeir hafi tekið hann upp hver eftir öðrum. Enda ekkert líklegra, þar sem þeir telja lyfjatakstann samdan með

tilliti til þessa innflutnings, og þeir hafa með sér félag, sem auðvitað ræðir hagsmunamál þeirra.

Innflutningur þessi hefir líklega átt sér stað nokkuð lengur en rannsókn þessi nær til, sem sést m. a. af því, að landlæknir finnur að þessu í bréfi dags. 12. apríl 1932 og tekur það beinlínis fram, að hann álíti innflutninginn tvímælalaust bannaðan með lögum. Enda eru ekki til hjá lyfsölustjóra innkaupsreikningar nema frá ársbyrjun 1933, og þó ekki allir, og framlagðar skýrslur lyfsölustjóra ná aðeins yfir árin 1933—1935. Það er því upplýst, að þrátt fyrir bréf landlæknis heldur innflutningur þessi áfram jafnvel fram yfir mitt sumar 1935, löngu eftir að áfengislögin nr. 33 frá 9. jan. þ. á. eru gengin í gildi. Þó eru innkaupsreikningar ákærðra lyfsala sendir skrifstofu landlæknis, sem framsendir þá lyfjadeild Áfengisverzl. ríkisins, en á þessu er þó mjög verulegur misbrestur. Það eina ár, 1935, sem samanburður er mögulegur og í einstöku föllum er það beinlínis skrifað á pöntunarseðla, að senda ekki innkaupsreikninga yfir áfengislyf til landlæknis og leyna hann þannig áfengisinnflutningi. En lyfsölunum hlýtur, bæði af áfengislögunum 1935 og reglugerðinni frá 16. apríl s. á., sem félag þeirra fékk til umsagnar 16. marz 1935, að hafa verið kunnugt um, að þeir máttu ekki flytja inn slíkar áfengisblöndur. Er það m. a. eftirtektarvert, að landlæknisskrifstofunni hafa yfirleitt ekki borizt innkaupsreikningar yfir áfengislyfjapantanir þær, sem framlagðir pöntunarseðlar, teknir hjá ákærðum Svend A. Johansen, sýna,

Til 1. febrúar 1935, að áfengislögin frá 9. janúar 1935 nr. 33 öðlast gildi, fer innflutningur áfengis, hverju nafni sem nefnist, eftir áfengislögunum nr. 64 19. maí 1930 sbr. l. nr. 3 4. apríl 1923, og lögum um einkasölu á áfengi nr. 69 7. maí 1928.

Samkvæmt áfengislögunum 1930, 2. gr., skal ríkisstjórninni einni heimilt að annast innflutning og sölu áfengis, sem nauðsynlegt er: „... c. handa lyfsölum, eins og lyfjaskrá heimilar." Skal stjórnarráðið löggilda nýja lyfjaskrá jafnskjótt og lögin öðlast gildi. Og samkvæmt 1. gr. er áfengur drykkur ... hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼ % af vínanda að rúmmáli.

Áfengiseinkasölulögin nr. 69 1928, 1. gr., segir: „ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en 2¼ % af vínanda að rúmmáli“ og í 2. gr. sömu laga segir: „áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr. og 2. gr. áfengislaganna ... selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er rétt hafa til lyfjasölu.“

Það orkar ekki tvímælis, að allur innflutningur ákærðra lyfsala á áfengisvökvum með meiru en 2¼ % af vínanda að rúmmáli í, er óheimill samkv. þessum ákvæðum, en til álita getur komið, hvort brotið heyrir undir bæði áfengislögin og einkasölulögin, eða aðeins undir hin síðarnefndu, og þá hvort áfengisverzlunin, eða forstjórn hennar, með því að líða innflutninginn, sem hún sannanlega veit um, hefir samþykkt hann og hann þar með megi teljast löglegur sem hennar eigin innflutningur, enda þótt hinsvegar megi telja upplýst, að hún hafi ekki vitað um, hversu lítið voru mengaðar áfengisblöndurnar samkvæmt sérlista N. D. K. sbr. hér að framan.

Spiritusblöndurnar, sem ákærðir lyfsalar hafa flutt inn til 1. febrúar 1935, er óleyfilegur áfengisinnflutningur samanborið við lögin nr. 3 4. apríl 1923, og kemur þá aðeins til álita, hvort hin löggilta lyfjaskrá heimilar hann. Ekki verður með vísu séð, hvað átt er við með „eins og lyfjaskrá heimilar“ í áfengislögunum frá 1930, en vafalaust hefir ætlun löggjafans verið sú, sbr. ákvæðið um að stjórnarráðið skuli, jafnskjótt og lögin öðlast gildi, löggilda nýja lyfjaskrá, verið sú, (sic) að tiltaka í slíkri skrá, hvers konar áfengi og áfengisvökva væri heimilt að flytja inn til lyfjanotkunar. Enda stendur beinlínis í greinargerð um áfengislögin 1928, sem hér nefnd ákvæði eru tekin upp úr í lögin 1930.

Um 2. grein 1. málsgrein: „Gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi fullkominn einkarétt til innflutnings á öllu því áfengi, sem heimilað er til notkunar í landinu,“ og 3. málsgrein: „Endurskoðuð lyfjaskrá skeri úr um það, hver áfeng lyf séu nauðsynleg til lækninga og hverjar tegundir áfengis.“

Þann 6. júlí 1934 er Pharmacopoea Danica, útgáfa 1933, löggilt sem lyfjaskrá hér á landi með konunglegri auglýsingu, en til þess tíma gilti útgáfa sömu bókar 1907. Ástæð-

an til þess, að ekki er staðfest ný lyfjaskrá strax, eins og áfengislögin gera ráð fyrir, mun vera sú, að beðið var eftir endurskoðaðri útgáfu Ph. D., sem ekki kom út fyr en 1933. Nú er ekkert af áfengisblöndunum, sem ákærðir lyfsalar hafa flutt inn samkvæmt framlögðum lyfjalista N. D. K. og ýmsar fleiri innfluttar blöndur, í samræmi við hinar löggiltu lyfjaskrár, og mætti því álykta, að innflutningur þeirra færi í bága við c.-lið 2. greinar áfengislaganna frá 1930 sbr. 2. grein reglugerðar um sölu áfengis til lækninga 31. des. 1930, einkum og sér í lagi vegna þess, að áfengislögin innihalda einmitt ákvæðið um lyfjaskrána til þess að misbeitt verði ekki innflutningsákvæðinu í ofangreindum c. lið 2. greinar. En með tilliti til þess, að flytja má inn alveg ómengaðan spiritus samkvæmt löggiltum lyfjaskrám, ályktar rétturinn, að hér sé um brot á einkasölulögunum nr. 69 7. maí 1928 að ræða.

Áfengislögin nr. 33 9. jan. 1935 gengu í gildi 1. febr. 1935, önnur grein laganna bannar öllum nema ríkisstjórninni innflutning áfengra drykkja eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. En áfengi er samkvæmt 1. grein hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Hér er ekki að fara í grafgötur um það, að allur áfengisinnflutningur, annara en ríkistjórnarinnar eða Áfengisverzlunar ríkisins í umboði hennar, er brot á þessari grein. Og verður ekki hjá því komizt að telja innflutning ákærðra lyfsala eftir 1. febr. 1935 á áfengisvökvum, sem meira innihalda en 2¼% vínanda að rúmmáli, brot á annari grein téðra áfengislaga. Það má að vísu segja, að ákærðir lyfsalar hafi ekki gert annað en haldið áfram uppteknum hætti og Áfengisverzlunin hefir látið þennan innflutning viðgangast, enda þótt hún hlyti að vita um hann að nokkru leyti og í einstöku falli, Ellerup á Seyðisfirði, hefir ríkisstjórnin gefið í símskeyti leyfi til innflutnings áfengisvökva. En Áfengisverzlunin bendir loks hinum ákærðu á, að þeim er ekki heimill innflutningurinn, enda þótt telja verði það í verkahring löggæzlunnar að hefta hann, eins og líka upphaf rannsóknar máls þessa er hennar verk. Rétturinn lítur svo á, að þar sem engin heimild er til í lögum, er leyfi ríkisstjórninni, eða umbjóðanda hennar, Áfengisverzluninni, að framselja innflutningsréttinn í hendur

annara, heldur þvert á móti eru hin ströngustu ákvæði um, að ríkisstjórninni einni er heimill innflutningurinn og þungar sektir lagðar við, ef brotið er, þá réttlæti það ekki brot hinna ákærðu lyfsala, þó það hinsvegar megi teljast þeim til linkindar við mælingu refsingarinnar. Það gæti leitt til hins mesta glundroða og ómögulegt að sjá fyrir endann á því, ef farið væri, án heimildar í lögum, að gefa undanþágur frá skýlausum lagabókstaf og anda laga, og getur rétturinn ekki fallizt á réttmæti slíks.

Ákærður Svend A. Johansen er umboðsmaður firmans Nordisk Droge & Kemikalieforretning A/S, Kbh., hér á landi, og fær umboðslaun af öllum viðskiptum þess hér. Hann hefir viðurkennt, að hann ýmist taki við pöntunum lyfsalanna, eða þeir sendi þær sjálfir. Enda bera innkaupsreikningar þeirra stundum með sér, að hann hefir gert pöntunina, og í einstaka sönnuðum föllum hefir hann aðstoðað ákærða lyfsala beinlínis í því að leyna landlækni innflutningi áfengisblandna með áritun sinni á pöntunarseðla, og játar hann, að hann hafi stundum framsent samkvæmt ósk þeirra beiðni um að landlækni væri ekki sendur innkaupsreikningurinn, en það hafi verið sjaldan. Ekki kemur til mála, að honum hafi verið vegna sérþekkingarskorts ókunnugt um hvers konar innflutningur áfengisblöndurnar voru. Hann talar um það m. a. í bréfi til firma síns dags. 8. ágúst 1935, að S. Kampmann megi ekki flytja „Blandingerne", eins og hann nefnir áfengisblöndurnar, inn framar. Og í bréfi dags. 23. marz 1935 til firmans tekur hann fram, að byrjað sé að taka prufur af öllu „Ballongods og Tincturer ..." svo það liði víst því miður ekki á löngu, að verzlun þeirra með tincturur í stórum stíl hætti. Ekki reyndist unnt að fá staðfestingu á því, hve mikil brögð hafa verið að fyrrnefndum uppáskriftum, þar sem téður umboðsmaður kveðst eyðileggja pöntunarbækur sínar jafnóðum. Ákærður Svend A. Johansen tekur það fram, að þegar hann panti vörur, sem eru samnefndar Ph. D. og sérstöku lyfjaskránni frá N. D. K., þá gangi hann út frá, að þær séu afgreiddar í samræmi við sérstöku lyfjaskrána, það er, framlagðan lyfjalista N. D. K., enda kemur þetta heim við innkaupsreikningana og verð áfengisblandnanna við uppgefið verð á þeim. Eftir

að áfengislögin nr. 33 1935 og reglugerðin nr. 38 16/4 s. á. höfðu tekið gildi, ferðaðist ákærður Svend A. Johansen milli lyfsalanna og safnaði hjá þeim m. a. pöntunum á áfengisblöndum, sem er gersamlega bannað að flytja inn af öðrum en ríkisstjórninni, og á tvo pöntunarseðla hefir hann í þetta sinn, að ósk lyfsalanna, að því er hann segir, ritað beiðni, sem miðar að því að leyna áfengisinnflutningi, og svo einkennilega bregður við, að ekki kemur afrit til landlæknis nema af örfáum innkaupareikningum samkvæmt pöntunarseðlum í þessari ferð. Rétturinn lítur því svo á, að ákærður Svend A. Johansen sé brotlegur um hlutdeild í óleyfilegum innflutningi áfengis.

III.

Það er upplýst í málinu, að ákærðir lyfsalar, að Stefáni Thorarensen undanskildum, hafa flutt inn spíritusblöndur samkvæmt framlögðum lyfjalista N. D. K. eða mjög svipaðar blöndur. Sumar blöndurnar bera löghelguð lyfjanöfn, enda þótt í þær vanti meginþorra þeirra verkandi efna, sem löggilt lyfjaskrá tiltekur; en upplausnarefnið, spiritus, er þar ætið og er spíritus concentratus eða sterkari, vegna þess að ekki er ástæða til að flytja inn vatnið, segja hinir ákærðu lyfsalar. En einmitt það gerir spíritusinn, sem áður er lítt mengaður, ennþá minna mengaðan. Enda játað af einum þeirra beinlínis, að léttara sé að selja hann þannig tilhafðan. Sumar þessar áfengisblöndur, bæði á lista N. D. K. og aðrar, eru nefndar corpus pro þetta eða hitt löggilt eða ólöggilt lyfjanafn, og er sterkur spíritus ætið meginefnið, en dregið að meira eða minna leyti úr verkandi efnum blöndunnar. Hafa lyfsalarnir fullyrt, að þetta væri gert m. a. af því, að hreinn spíritus frá Áfengisverzluninni væri of dýr til tincturugerðar og áfengislyfjagerðar samanborið við lyfjaverðskrá, enda gætu þeir gert miklu fleiri lyf úr þessum blöndum, en ef þær væru innfluttar fullmengaðar. Blöndurnar hafa verið nefndar „ansatte", en það er algert rangnefni á þeim, því með „ansatte" er átt við, að í upplausnarefnið, hér spíritus, sé búið að láta öll efni, þar á meðal vatn, en eftir sé að pressa það, hrista og sía, svo upplausnarefnið sé fullmengað og lyfið fullgert. Það er einnig upplýst, enda vitanlegt, að upplausnarefninu, hér spíritus, má hella ofan af

hinum ísettu þurefnum því nær alveg ómenguðu, ekki hvað sízt þegar svo lítið er af þeim, eins og hér er um að ræða. Ef innkaupareikningarnir eru athugaðir, sést, að ýmsar lyfjablöndurnar eru uppfærðar að þunga með ákveðinni kílóatölu og broti úr kílói, og borið saman við lista N. D. K. er kílóatalan spíritus en brotið þurrefni. Nú er það upplýst í málinu, að til þess að kaupandinn njóti ákveðins lægsta verðs á spíritusblöndunum verður hann að kaupa minnst 60 lítra 100% spíritus í einu, og er því þurrefnið aukaatriði hér, hvað magnið snertir. Í mörgum föllum bera því innkaupareikningarnir með sér, ef þetta er athugað, hversu lítt spíritusinn er blandaður og í einstaka föllum vekur það jafnvel grun um, að alls ómengaður spíritus hafði verið fluttur inn. Rannsóknir Efnarannsóknarstofu ríkisins hafa loks beinlínis sannað, að þær áfengisblöndur, samnefndar sérlista N. D. K., sem náðst hefir til að rannsaka, eru mest megnis tómur spíritus; enda staðfestir sú játning ákærðra lyfsala, að nota megi blöndurnar í margskonar lyf umfram venju — sumar eru fullmengaðar aðeins nothæfar í eitt lyf og allar í örfá lyf — að hér er um að ræða dulinn spíritusinniflutning, ekki hvað sízt þar sem ranglega eru notuð lögfest nöfn, eða alveg óvenjuleg. Og einmitt þessi innflutningur hefir sannanlega gefið sumum hinna ákærðu lyfsala tækifæri til þess að selja hreinan spíritus óleyfilega til drykkjar, enda þótt ekki sé fullsannað, að bein sala hafi farið fram á blöndunum.

Það verður því að telja hinar innfluttu, lítt menguðu áfengisblöndur tollskyldar eins og hreinan spíritus samkvæmt gildandi lagafyrirmælum. En með tilliti til þess, að ekki eru nú gefin tollvottorð, sem lögð eru við æru eða drengskap, verður að sýkna hina ákærðu af broti á 14. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

IV.

Þar sem lyfsalar landsins gegna mjög mikilsvarðandi störfum sem trúnaðarmenn þjóðarinnar um mikilsvarðandi heilbrigðis- og heilsumál hennar, verður ekki hjá því komizt að athuga afstöðu þeirra til 13. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Fyrsta lyfjabúðin er sett á stofn um leið og landlæknis-

embættið með konungsúrskurði 18. marz 1760 og hafði landlæknir lyfjabúðina, en aðallagaboðið um lyfsala, tilskipun frá 4. des. 1672, var birt hér á alþingi 1673.

Árið 1772 er lyfjabúðin skilin frá landlæknisembættinu og leyfisbréf útgefið þá. Fyrsti lyfsali landsins er þannig embættismaður, en hann er það frekar sem landlæknir en sem lyfsali. Þegar fyrsti sjálfstæði lyfsalinn tekur við starfi sínu 1772, réttum hundrað árum eftir að fyrrnefnt aðallagaboð um lyfsala er gefið út, hafði hann frá ríkissjóði frí áhöld o. fl., og hélzt það um nokkurt skeið, en að öðru leyti kostaði hann sjálfur rekstrinn og bar ábyrgð á honum. Þegar hin almennu hegninglög taka hér gildi, eru þrjár lyfjabúðir starfandi í landinu, þar af eru tvær bundnar við nafn lyfsalans, en ein ekki, og hefir það haldizt síðan, að nýtt leyfi er ætíð bundið nafni leyfishafa.

Ýmsar skyldur eru lagðar lyfsölum á herðar, sem eru samkynja skyldum hátt settra embættismanna ríkisins. Þeir verða að hafa notið sérmenntunar og staðizt próf í lyfjafræðum, þeir verða samkv. 11. grein tilsk. frá 4. des. 1762 að vinna konungi eið, og þeir hafa allir unnið konungi og stjórnarskránni, sem og lögum þeim, er snerta starf þeirra, eið; þeir verða að halda þær bækur, m. a. áfengisbækur, og gefa þær skýrslur, sem af þeim er krafizt samkvæmt lögum og sérstökum reglugerðum eða fyrirmælum landlæknis; þeir eru bundnir opinberu eftirliti; þeir eru bundnir þagnarskyldu, þeir fá veitingar- og leyfisbréf konungs fyrir starfa sínum, sbr. orðalag leyfisbréfs þeirra: „... allra mildilegast höfum veitt svo og hér með veitum og leyfum að lyfjafræðingur ... megi reka lyfjabúð.“ Leyfið gildir aðeins fyrir leyfishafa sjálfan, að leyfi Reykjavíkurapóteks undanskyldu, sem telja má hlutbundið; vilji leyfishafi hætta, skýrir hann þegar ráðuneytinu frá því, þ. e. sækir um lausn, og mun þá ráðuneytið auglýsa starfið laust til umsóknar; leyfishafi er skyldur til að hafa ætíð birgðir af öllum vörum, sem tilfærðar eru í hinni löggiltu lyfjaskrá; þeim bera að kaupa lyfjabirgðir og áhöld þar sem til er tekið í leyfisbréfinu og fer um kaupin eftir reglum, sem ráðuneytið setur; loks ber leyfishafa að fara eftir þeim ákvæðum, er sett hafa verið eða sett verða um lyfsala á Íslandi, svo og eftir

gildandi lyfjaskrám og eiði þeim, er honum ber að vinna, og hann verður að hlíta úrskurði ráðuneytisins í öllum greinum, ef ágreiningur rís um skilning á leyfisbréfinu. Lyfsalarnir verða að hlíta lyfjaverðskrá, sem hið opinbera setur þeim, þ. e. hið opinbera ákveður tekjur þeirra að því leyti; þeir hafa á leyfissvæðinu einkasölu á lyfjum, sjá t. d. Kansillie bréf 16/9 1797, þar sem strangt bann er lagt við, að aðrir selji lyf en þeir, m. a. svo ágóði þeirra rýrni ekki, og með leyfisbréfinu er þeim veittur réttur til þess, ef þeir hætta, að óska þess, að ráðuneytið skyldi eftirmann þeirra til að kaupa lyfjabirgðir þeirra og áhöld fyrir það verð, sem ráðuneytið ákveður.

Skiptalögin kveða svo á, að kröfur lyfsala fyrir útilátin lyf njóti forgangsréttar í gjaldþrotabúi skuldunauts.

Að sumu leyti eru lyfsölum sett takmörk umfram það, sem venja er til um embættismenn, þeir mega t. d. ekki nota þekkingu sína við praxis medica, né láta sveina sína gera það, með öðrum orðum, þeim er bannað að gefa fólki læknisráðleggingar eða ráðleggja því að nota lyf, 12. grein tilsk. 4/12 1672; lyfsali er skyldur til að hafa duglega og reynda sveina með sérþekkingu í þjónustu sinni eftir þörfum, 14. grein sömu tilsk.

Starf lyfsalanna er því gerólíkt venjulegri kaupmennsku og réttur þeirra og skyldur miklu meiri. Má til viðbótar framanskráðu taka fram, að þeir eru m. a. skyldir til að hafa lyfjabúðir sínar opnar á nóttum og helgum dögum og lyf verða þeir að afgreiða, þótt ekkert gjald fylgi lyfseðli, 19. grein tilsk. 4/12 1672.

Í 13. kapítula hinna almennu hegningarlaga er engin algild skilgreining á því, hvað lögin eiga við með embættis- og sýslunarmönnum, en það mun vera venja og helgast m. a. af ýmsum hæstaréttardómum, að undir kaflann heyra fyrst og fremst allir embættismenn ríkisins og þeir settir og ráðnir starfsmenn þess, sem starfa við stofnanir opinbers eðlis, ennfremur starfsmenn sveita- og bæjarfélaga.

18. grein áfengislaganna frá 1930 og 20. gr. áfengislaganna nr. 33 1935 setja lyfsala og starfsmenn þeirra á bekk með embættismönnum og starfsmönnum ríkisins, en sömu lög ná einnig til embættislausra lækna og ýmissa starfsmanna, sem ekki snerta ríkið eða opinberar stofn-

anir, svo af því verður ekki ráðið, hvort 13. kapítuli hegningarlaganna tekur til þeirra.

Í áliti, sem lyfsalafélagið sendi Alþingi um frumvarp til laga um einkasölu ríkisins á lyfjum árið 1921, lita sjálfir lyfsalarnir á sig sem opinbera sýslunarmenn, en það sannar ekkert í málinu.

Dómar, sem fallið hafa um brot lyfsala í starfi þeirra, hafa ekki tekið til meðferðar afstöðu þeirra til hérnefnds hegningarlagakapítula, nema undirréttardómur í áfengismáli gegn ákærðum Aage Schiöth, og sýknaði undirréttur hann, en hæstiréttur ræddi spursmálið um afstöðu hans til hegningarlagakaflans ekki, þar sem hann sýknaði hann af áfengislagabrotinu. Í 228. grein hinna almennu hegningarlaga er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að málaflutningsmenn séu beinlínis embættismenn, og má ætla, að draga mætti af því hliðstæðu um lyfsalana, sem svo mjög líkjast embættismönnum eða sýslunarmönnum. En ef athugað er, hversu ströng eru ákvæði hegningarlaganna, að ekki verður annað séð af greinargerð dönsku laganna, 136. grein, sem samsvarar 140. (sic) grein vorra hegningarlaga, en að lyfsalar séu ekki samkvæmt meiningu 13. kapítula embættis- eða sýslunarmenn, og lögin taka þá hvergi fram beint eða óbeint sem slíka, og síðari lagasetning heimfærir þá hvergi undir hin almennu hegningarlög, verður að telja þá sýkna af broti á 13. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

V.

Tilskipun 4. desember 1672 um lækna og lyfsala, sem er aðal lagaboðið um lyfsala, tekur fram í 25. grein: „En ef nokkur lyfjabúð ... verður bersýnilega ábótavant fyrir vanhirðu og fyrirhyggjuskort, þá skal lyfsali hafa fyrirgert leyfi sínu og lyfjabúð hans lögð niður. ...“

Nú er það upplýst, að hinir ákærðu lyfsalar hafa gert sig seka um alvarleg brot á þeim lögum og reglugerðum, sem varða starf þeirra, og þar með m. a. brotið erindisbréf sín og eiðstaf, og lítur rétturinn svo á, að ekki sé heimilt að ganga fram hjá því, að þeir hafa jafnframt brotið hér greint ákvæði algerlega á hliðstæðan hátt og hérgreint tilskipunarákvæði ræðir um. Með tilvísun til þess, sem hér að framan er sagt og þess, sem sagt

verður um brot hvers ákærðs lyfsala fyrir sig, telur réttur-inn því að heimfæra beri brot þeirra m. a. undir hér-greint ákæði 25. greinar tilskipunar frá 4. des. 1672 um lækna og lyfsala.

VI.

1. Ísafjörður.

Ákærður Gunnar Juul lyfsali játar, að hann hafi flutt inn áfengisblöndur síðan árið 1935 samkvæmt sérlista N. D. K. með sterkari spíritus en venjulegt er í tincturum eða spíritus concentratus. Telur hann tinctururnar mjög lítið mengaðar og hafi vantandi efni ekki fylgt þeim. Samkvæmt framlagðri skýrslu lyfsölustjóra yfir áfengis-innflutning ákærðs árin 1933—1935 hefir hann flutt inn árin:

	1933	1934	1935
Tinct. aurantii	50.1 kg.		
Corpus pro fergan	100.2 —	100.2 kg.	
Sol. acid. boric.spir	151.1 —		
Tinct. theb. benz. sine opio corp. pro.	100.2 —		
Corpus pro tinct. theb. benz.	50.25—	150.6 —	50.2 kg.
— — ferrodak	50 —		
Acid hydroclor, spirit.	50 —		
Spir. amm. an. corpus pro ..		49.9 —	48.9 —
	551.85 kg.	299.7 kg.	99.1 kg.

eða samtals 950.65 kg., eða 1093 lítra áfengisblöndur, sem samkvæmt framansögðu eru svo lítt mengaðar, að telja verður þær tollskyldar sem hreinan spíritus samkvæmt gildandi tolllögum.

Samkvæmt pöntunarseðli, sem tekinn var hjá Svend A. Johansen, nr. 3362, dags. 5. maí 1935, pantar ákærður G. Juul 1 ballon corpus pro spiritus amm. anisatus, sam-kvæmt pöntunarseðli nr. 3373, dags. 9. maí 1935, 1 kg. spir. camphoratus, 1 kg. tinct. tolutanum og 1 kg. solut. cod. spir. Samkvæmt pöntunarseðli 3384, dags. 25. maí 1935: 10 kg. spir. sapon camphorat. og 1 ballon corpus pro tinctura theb., og loks samkvæmt pöntunarseðli nr. 3392 og 3394, dags. 24. júní 1935, m. a. 2 kg. tinctura aurantii, 3 kg. tinctura thebaica og 500 gr. tinct. thebaica crocata, eða samtals 118 kg. eða 135 lítrar.

Vörur þessar flytur ákærður allar inn samkvæmt framlögðum innkaupsreikningum, og þær eru allar áfengisblöndur og áfengislyf, sem er óheimilt að flytja inn af öðrum en ríkisstjórninni eða umboðsmanni hennar, Áfengisverzlun ríkisins, og vísast til þess, sem hér að framan er sagt um innflutning þennan og annars almennt.

Ákærður færir ekki áfengisbækur samkvæmt reglugerð nr. 38, 16. apríl 1935, 15. grein.

Ákærður Helgi Þorvarðarson, aðstoðarmaður lyfsalans, G. Juul, segir, að áleitni manna í ólöglegt áfengi sé svo mikil, að hann hafi svo að segja ekki við að neita, en hann þverneitar því að hafa selt nokkrum manni áfengi ólöglega.

Vitnið Gunnlaugur Halldórsson ber það, og staðfestir framburðinn með eiði, að hann hafi á sumrinu 1935 keypt spírituspela á kr. 5.50 af Gunnari Juul lyfsala, ennfremur segist hann hafa keypt spíritus síðastliðinn vetur (1934—1935) og næsta ár á undan, alloft. Stöku sinnum hafi hann keypt ½ flösku af spíritus á 8 krónur. Ennfremur ber vitni það, við samprófun á framburði Ingvars Jónssonar, að hann muni eftir því, að hann hafi keypt samskonar blöndu og Ingvar ber um, og verður ekki annað séð, en vitnin beri hér um sama tilvikið.

Vitnið Ingvar Jónsson ber það og staðfestir með eiði, að hann hafi alloft síðan á árinu 1933, og síðast á fyrri hluta þessa sumars (1935) líklega í júnímánuði, keypt spíritus af G. Juul, ætíð fyrir kr. 5.50 pelann, og hafi kúmen eða bitterbragð verið af spíritusnum og í eitt skipti, að hann minnir 29. nóv. 1933, hafi hann og vitnið Gunnlaugur fengið þar keyptan gulleitan vínanda, sem þeir vildu fá skipti á vegna seltubragðs, sem þeim fannst að honum, en fengu ekki, og minnist Gunnlaugur þessa eins og fyrr segir.

Vitnið Ólafur Ólafsson ber það og staðfestir með eiði, að það hafi á s. l. sumri (1935) keypt í þrjú skipti spíritus af G. Juul lyfsala, einn pela einhvern tíma fyrir sundprófið í Reykjanesi, tvo pela laugardaginn fyrir sundprófið, og einn pela um mánaðamótin september—október. Álítur vitnið, að um hreinan spíritus hafi verið að ræða, og blandaði hann vatni til drykkjar. Í tvö fyrri skiptin afgreiddi Helgi Þorvarðarson aðstoðarmaður vitn-

ið, og var einn í lyfjabúðinni og í þriðja skiptið var G. Juul viðstaddur og leyfði afgreiðsluna.

Vitnið Páll Jónsson ber það, og staðfestir með eiði, að hann hafi einstöku sinnum fengið keyptan spíritus í lyfjabúðinni án lyfseðils og iðnaðarbókar, 125—250 gr. í einu, ofurlítið gulleitan, en man ekki eftir neinu aukabragði þegar hann drakk hann. Síðast segist hann hafa fengið keyptan spíritus fyrri partinn í sumar (1935) og þá líklega 250 gr. Stundum fékk hann þetta hjá lyfsalanum og stundum hjá aðstoðarmanninum, sem vera mun Helgi Þorvarðarson, þar sem annar aðstoðarmaður er ekki í lyfjabúðinni.

Vitnið Erling Aspelund ber það og staðfestir með eiði, að það hafi fengið keyptan spíritus, stundum consentratus og stundum pommerance, þ. e. tinctura aurantii skv. lista N. D. K., frá því á árinu 1933 til ársloka 1934 nokkrum sinnum; hafi lyfsalinn G. Juul ætíð selt sér þetta, en Helgi Þorvarðarson stundum afhent það með leyfi eða að fyrirlagi lyfsalans.

Tvö vitni bera það, að þau hafi heyrt orðróm um að ákærður lyfsali G. Juul seldi áfengi, þótt þau geti ekkert um það sagt og eitt vitni, Guðmundur Karlsson, þrjózkaðist við að staðfesta þann framburð sinn með eiði, að hann minnist þess ekki að hafa keypt áfengi af téðum lyfsala.

Það liggur í hlutarins eðli, að þegar rætt er um áfengissölu ákærðs G. Juul og Helga Þorvarðarsonar, er átt við óleyfilega sölu áfengis, enda kemur það beinlínis fram t. d. á réttarskjali 2, bls. 75, 91, 92 og víðar.

Með framanskráðum vitnisburðum má telja það sannað, að báðir ákærðir Gunnar Juul og Helgi Þorvarðarson, hafa gerzt sekir um óleyfilega áfengissölu, en þar sem telja má líkur til þess, að Helgi hafi hér farið eftir skipun húsbónda síns, þykir mega taka tillit til þess við ákvörðun refsingarinnar.

2. Stykkishólmur.

Með tilvísun til þess, sem að framan segir almennt, skal tekið fram: Ákærður Hans A. Svane heldur því fram, að 96% spíritus sé í tincturunum, sem hann hefir eins og aðrir lyfsalar pantað frá N. D. K., en um mengunina segist hann ekki vita, hún sé framkvæmd undir eftirliti danskra

tollyfirvalda, og blöndur þessar fái lyfsalarnir því aðeins, að minnst 50 kg. af spíritus sé tekið í einu. Um innflutning hans á „tincturu rathaniae“ og á „tincturu benzoica“ vísast til þess, sem sagt er um hann hér að framan, en blöndur þessar eru pantaðar á pöntunarseðli Svend A. Johansen nr. 3377, 11/5 1935 og jafnframt er pantað 2 × 22 kg. Solutio acid. borici spíritus samkvæmt reglunni 1% acid borici, en samkvæmt Dispensatorium Danica er það lyf blandað:

Acid boricum	30 gr.
Spíritus dilutus	970 —

og heitir spiritus acid borici.

Á pöntunarseðli S. A. Johansen nr. 3340, dags. 26. febr. 1935, pantar ákærður 1 dunk Sol. jodi spíritus 1‰, 1 dúnk tinct. chinae, samsett: 50 gr. cort. chinae og 25 kg. spíritus, 1 dúnk tinct. arnicae, samsett: 50 gr. flos arnicae með sama spíritusmagni, og er þetta innflutt samkvæmt innkaupareikningi 13. marz 1935. Tinct. chinae composita Ph. D. er samsett:

Cortex chinae minutim contosus	120 gr.
Radex genitanse minutim concisa	40 —
Pericarpium aurantii minutim concisum ..	40 —
Spir. dilutus	1000 —

Tinct. chinae er ekki til í löggildri lyfjaskrá.

Tinct. arnicae Ph. D. er samsett:

Flos arnicae minutim concious	100 gr.
Spir. dilutus	1000 —

Solut. jodi spiritus Ph. D. er samsett:

Jodum	50 gr.
Kalii jodium	20 —
Spiritus concentratus	930 —

Sama dag pantar ákærður Svane á pöntunarseðli nr. 3342:

2 dúnka Sol. acid. boric. spir.,
Samsett: 25 gr. acid borici og
25 kg. spiritus concentratus.
2 dúnka tinctura rathaniae:
25 gr. Radix rathaniae og
25 kg. spir. concentratus.
2 dúnka tinctura benzoica:
50 gr. acidi benzoica
50 kg. spiritus concentratus.

Er það tekið fram á fæti þessa pöntunarseðils, að ekki skuli senda landlækni innkaupsreikninginn yfir blöndurnar á seðli nr. 3342. Kannast ákærður Svane að vísu ekki við, að hafa beðið um að þetta væri gert, en umboðsmaðurinn, ákærður Svend A. Johansen, heldur því gagnstæða fram og er framburður hans trúlegri. Innkaupsreikninginn fékk landlæknir ekki, en hann er lagður fram í Stykkishólmi og er dags. 13. marz 1935.

Með pöntunarseðli nr. 3354, dags. 3. apríl 1935, pantar ákærður m. a. 25 kg. spir. conc. með 10 gr. opium crasse pulver, og er þetta flutt inn skv. innkaupareikningi 16. apríl 1935 undir nafninu: Tinct. thebaica mitis. Ph. D. samsetning er ekki til, en í tinct. thebaica eru:

100 gr. opium cr. pulv. og
1000 gr. spir. dilut.

Allt er þetta svo lítið mengaður spiritus, að ekki verður hjá því komizt að telja hann tollskyldan eins og hreinan spiritus samkvæmt gildandi lögum. Á árinu 1935 hefir ákærður samkvæmt framlögðum innkaupareikningi flutt inn af þessum spiritus 502.4 kg., þar af eru aðeins 169 kg., sem ætla má að pöntuð hafi verið fyrir 1. febr. 1935, svo óleyfilega er flutt inn 333.4 kg. eða 380 lítrar spiritus eftir þann tíma. Fleiri innkaupareikninga var ekki hægt að fá hjá ákærðum, þar sem hann segizt brenna þeim þegar að afloknu ársuppgjöri. Við samanburð á skýrslu lyfsölustjóra um innflutning þessa lyfsala árið 1935, sést, að meira en lítil vanskil eru á innkaupareikningum hans til landlæknis, því samkvæmt skýrslunni hefir ákærður aðeins flutt inn 94 kg. af téðum áfengisblöndum á árinu, þann tíma, sem skýrslan og innkaupsreikningarnir ná yfir. Árið 1934 hefir hann flutt inn af samskonar áfengi 287.76 kg. samkvæmt skýrslu lyfsölustjóra og árið 1934 435.59 kg. eða samtals tollskyldan spiritus 1227.75 kg. eða 1411 lítra.

Ákærður Hans Svane hefir viðurkennt, að hann neyti sjálfur og gefi gestum sínum áfengisblöndu, er hann nefnir spiritus vini gallici, og sé áfengisverzlunarspiritus með 45% blöndu kognaksessensum. Þetta kveðst hann einnig nota í lyf, en þó sé það ekki blandað samkvæmt lyfjaskrá, heldur afgreiði hann ekta franskt kognak eftir kognakslyfseðli. Þetta sé kallað franskt brennivín. Ber

ákærðum lyfsala ekki saman við aðstoðarmann sinn, ákærðan Jónas Hildimundarson, um blöndur þessar, sem Jónas segist gera á handahófi, enda sé blandan ekki notuð í lyf, heldur til heimilisnotkunar. Efnagreining á 13 sýnishornum leiddi í ljós, að áfengisblanda eða blöndur þessar, innihélt 36.8% alkóhol eftir rúmmáli að meðaltali; „Cognac" 35.9%, ósigtað „cognac" 37.5% og „aqva vitae" 37.9%, og engin önnur efni voru í blöndunum.

Þar sem lyfsölum er eingöngu selt áfengi og áfengislyf til lyfja, og áfengi eins og það, sem hér greinir, má ekki einu sinni láta úti samkvæmt lyfseðli, er lyfsalanum algerlega óheimilt að nota spiritus eins og hann viðurkennir að hafa gert handa sjálfum sér og gestum sínum, og það því fremur sem lyfsölum er bannaður praxis medica í 12. grein tilskipunar um lækna og lyfsala 4. des. 1672.

Loks leiðir rannsókn á öli, er ákærður kveðst þó nota eingöngu til heimilisins og handa gestum sínum, í ljós, að ölið er óleyfilegt áfengi með 4.88% alkóhól að rúmmáli. Að vísu heldur ákærður því fram, að þetta geti ekki verið rétt, en gegn rannsókn Efnarannsóknarstofu ríkisins verða mótmæli hans ekki tekin til greina. En taka má tillit til þess við mælingu refsingar hans, að telja má líklegt, að ölið sé ekki bruggað til sölu.

Ákærður játar það, að hann hafi vitað um, að ákærður Jónas Hildimundarson aðstoðarmaður hans, seldi áfengi ólöglega, og Jónas fullyrðir, að honum hafi verið kunnugt um það í 2—3 ár; hinsvegar verður ekki talið sannað, að hann hafi selt ólöglegt áfengi, þótt viðurkennt sé, að ágóðinn af sölunni hafi runnið til hans, en hann hefir engu að síður látið úti áfengi ólöglega.

Ákærður Jónas Hildimundarson játar það, eftir að 9 vitni hafa borið, að þau hafi keypt af honum ólöglegt áfengi, að hann hafi selt þeim það, þó hann muni ekki hve mikið það var, og ennfremur játar hann að hafa selt áfengi ólöglega úr lyfjabúðinni um 5 ára skeið og kannske lengur, hann muni það ekki ákveðið, eða hverjum hann hafi selt eða hvað mikið. Hafi hann blandað áfengið úr spiritus concentratus og öðrum lítt menguðum spíritus úr Áfengisverzluninni og spir. dilutus. Segist hann hafa blandað áfengið um leið og hann seldi það og selt það lyfjabúðinni í hag; hafi hann ekki gert þetta eftir skipun

húsbónda síns, en honum hafi verið kunnugt um, að hann blandaði áfengið og seldi það. Sé framburður Jónasar, sem er nokkuð á reiki, borinn saman við framburð leiddra vitna, má telja það sannað, að áfengi það, sem nefnt er kognak eða spiritus vini gallici og það, sem nefnt er brennivín, og við rannsóknina reyndist innihalda 36.8—37.9% alkóhól að rúmmáli, hefir verið tilbúið í því augnamiði að selja það ólöglega, auk þess að lyfsalinn hefir játað, að hann notaði það til að veita gestum, eins og fyrr segir, og að samskonar eða svipað brennivín hefir verið selt um margra ára skeið ólöglega. Ákærður Jónas viðurkennir, að rangt sé að blanda af handahófi áfengi, sem nota á til lyfja, enda getur slíkt valdið hirðuleysi á öðrsviðum.

3. Neskaupstaður.

Með tilvísun til þess, sem almennt er sagt hér að framan, skal tekið fram: Ákærður Ole Gregers Nors Grundtvig, lyfsali í Neskaupstað, hefir játað, að hann hafi flutt inn lítt mengaðar tinktúrur samkv. hinni sérstöku lyfjaskrá N. D. K. síðari hluta ársins 1934 og fyrri hluta ársins 1935. Kveðst hann hafa lagt fyrir viðskiptafirmu sín að senda landlækni afrit af innkaupareikningum, en eins og skýrsla lyfsölustjóra ber með sér, hefir það verið gert af skornum skammti. Segir ákærður, að spir. concentratus hafi verið í áfengisblöndum þessum, sem eru samkvæmt játningu hans og framlögðum innkaupareikningum samtals 223.7 kg. eða 258 lítrar tollskyldur spíritus. Þar af óleyfilega flutt inn samkvæmt innkaupareikningum 10. og 11. apríl 1935 163.7 kg. eða 185 lítrar. Ákærður telur, að hann hafi ekki vitað annað en tinktúrurnar væru fullmengaðar, fyrr en hann fékk fyrstu sendinguna, en þá hafi hann spurt kollega sína, hvort leyfilegt væri að panta þetta og sögðust þeir gera það. Nú játar mættur að hafa pantað þetta eftir lista N. D. K. og sýnir það, hve algengt hefir verið að senda blöndurnar samkvæmt listanum og kemur heim við það, sem umboðsmaður firmans hefir sagt. Ekki er það sannað, að áfengisblöndur þessar séu innfluttar beinlínis til að selja þær óleyfilega.

Þá játar ákærður að hafa selt mönnum áfengi óleyfilega án lyfseðils, stundum spíritus, en oftast brennivín, spíritus fyrir 2 krónur 100 gr. og brennivín fyrir kr. 3.50

hálfflöskuna. Ekki man hann, hvað oft þetta hefir komið fyrir, eða hvað mikið hann hefir selt, en síðast segist hann hafa selt fyrir jólin nú, 1935. Neitar hann því að hafa notað annað en hreinan spíritus til sölu. Þessi játning ákærða er staðfest með framburði nokkurra vitna, sem leidd voru í málinu af handahófi og virðist hafa verið undir atvikum komið, hvað líðlegur ákærður var til að selja áfengi.

4. Seyðisfjörður.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er almennt sagt um málið, skal til viðbótar tekið fram:

Ákærður Johan G. O. Ellerup hefir flutt inn áfengi, sem er meira en 2¼ % alkohol að rúmmáli bæði fyrir og eftir 1. febr. 1935. Hann játar, að hann hafi flutt inn áfengisblöndur með sterkari spíritus en tilskilið er, þar sem hann vilji ekki flytja inn vatnið. Hann kveðst sjálfur hafa gert pantanir sínar, nema pöntunina á réttarskjali 15, innkaupsreikning ³⁄₇ 1935 frá N. D. K., er hann kveðst hafa gert hjá Svend A. Johansen, er hann var staddur í Reykjavík 5. maí það ár, en segist ekki kannast við sérlista N. D. K. Engu að síður er það upplýst í málinu, að þann 10. maí 1935 hefir ákærður ennfremur pantað hjá Johansen:

1 Ballon spirit. jodi 1‰, og er þess óskað, að á farmskránni standi 1 Ballon Jodoplösning. Á sama pöntunarseðli er tekið fram: „Endvidere forhöjes de iordreværende 4 × 25 kg. Blandingen til det dobbelte men alt i Dunke." Borið saman við innkaupareikninginn á rskj. 15, sem fyrr getur, getur þetta ekki staðið heima og hlýtur hér að vera um aðra pöntun að ræða, en innkaupareikningur yfir hana hefir ekki borizt landlækni og eigi heldur kemur hann fram í innkaupareikningum, sem dómarinn tók í vörzlur sínar. Enga sennilega ástæðu hefir ákærður fært fyrir því, að láta kalla spiritus jodi joðupplausn, og verður ekki annað séð, en það sé gert til að villa um innihald ílátsins. Ákærður nefnir aðeins corpus pro fergan og corpus pro tinctura aurantii, sem hann segir, að ekki hafi verið með öllum efnum, sem í eiga að vera, en framlagðir innkaupareikningar sýna greinilega, að um venjulegar áfengisblöndur frá N. D. K. er að ræða, bæði nöfn og í sumum föllum númer standa heima við sérlistann og verðið er venjulegt áfengisblönduverð, sbr. framburð Johan-

sens; má því telja sannað, að um venjulegan spíritusinnflutning sé að ræða.

Það skiptir litlu máli, leyfið eða undanþágan, sem dómsmálaráðuneytið gefur ákærðum með skeyti 3. júlí 1935, þar sem hann áður hefir brotið áfengislögin, auk þess sem telja verður, að slík heimild eigi sér ekki stoð í lögum.

Ákærður hefir flutt inn árin:

	1933	1934	1935
Tinct. aurantii corpus pro .	100 kg.		22 kg.
Corpus pro fergan	220.2 —	181 kg.	65 —
— pro feralbin	50.1 —		23.1 —
Tinct. chinae comp. corp. pro	96.2 —	20.5 —	
— theb. benz. sine opio ..	60.2 —	20.5 —	
— — —	50.2 —	210.0 —	85.2 —
— eccoproticae	20.1 —	43.1 —	
Sol. acid. borici spiritus ..	20.1 —	80.8 —	67.4 —
Spir. amm. an. corpus pro ..		20.3 —	23.0 —
Sol. acid. salicyl spiritus ..		41.2 —	31.0 —
— brom. natrii spiritus ..		20.4 —	
Jodi spiritus			23.3 —
Tinct. cuspar amar.		20.0 —	45.4 —
— ferri comp. corpus pro			22.0 —
Samtals	617.1 kg.	657.8 kg.	407.4 kg.

eða samtals 1682.3 kg. eða 1933 lítra tollskyldan spíritus. Árið 1935 hefir ákærður flutt inn samkvæmt reikningum 16.4. og 3.7. 253.8 kg. eða 292 lítra óleyfilegt áfengi.

Ákærður segist ekki hafa lagt fyrir viðskiptafirmu sín erlendis að senda landlækni afrit af innkaupareikningum sínum, enda hefir sýnilega verið skortur á því, þar sem skýrsla lyfsölustjóra fyrir árið 1935 sýnir t. d. aðeins 177.2 kg. spíritusinnflutning, en framlagðir reikningar ákærða fyrir árið sýna 376.2 kg. innfl., og eru þó eflaust ekki allir reikningar hans lagðir fram, eins og sjá má m. a. á því, að á skýrslu lyfsölustjóra eru áfengislyfjablöndur, sem ekki finnast í reikningum ákærðs, og eins og fyrr segir, vantar innkaupareikning fyrir pöntunina, sem getið er um á pöntunarseðlinum 10. maí. Ákærður færir ekki áfengisbækur í samræmi við fyrirmælin í reglugerð nr. 38 frá 16. apríl 1935, 15. grein, og auðvitað getur hann þess ekki,

að hann hafi látið úti spíritus til drykkjar án lyfseðils. En ákærður játar, að hann hafi selt spíritus og brennivín á árunum 1933—1935 nokkrum sinnum og stundum látið meira út á áfengislyfseðil en seðill hljóðaði um, og stundum borgað mönnum smávik með spíritus concentratus.

Vitnið Niels H. Jensen ber það, að hafa nokkrum sinnum keypt spíritus concentratus eða brennivín af ákærða og síðast í janúar 1936, og segir ákærður, að þetta muni vera rétt, fyrst vitnið segi það. Og vitnið Einar Sigvaldi Sigurjónsson, segist nokkrum sinnum hafa fengið keypt áfengi hjá ákærðum og síðast í október eða nóvember 1935. Segir mættur, að hann muni þetta ekki, en það hljóti að vera rétt, fyrst vitnið segi það.

5. Sauðárkrókur.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er almennt sagt um málið, skal til viðbótar tekið fram:

Ákærður Ole Bang, lyfsali á Sauðárkróki, hefir flutt inn áfengi, sem er meira en 2¼% alkohol að rúmmáli, bæði fyrir og eftir 1. febrúar 1935. Hann hefir flutt inn lítt mengaðar tinktúrur, sem vantað hefir í ýmis efni að meiru eða minna leyti og með sterkari spíritus en þær eiga að vera, og við efnarannsókn hefir það sannazt, í gefnu falli, að innflutt spíritusblanda, var mestmegnis alkohol, að styrkleika 87.3% að rúmmáli. Bæði af pöntunarseðli nr. 3328 dags. 16. janúar 1935, þar sem notuð eru númer sérlista N. D. K. og af fyrrgreindri efnarannsókn og af játningu ákærða má telja sannað, að hann hefir flutt inn samkvæmt listanum nær ómengaðan spíritus, og eins og starfsbræður hans notað fölsk nöfn og villandi í sumum föllum. Skortur mun á því, að landlækni hafi borizt allir innkaupareikningar ákærða, en upplýst er, að hann hefir flutt inn árin:

	1933	1934	1935
Tinct. chinae modificate ..	51.0 kg.	51.0 kg.	51.0 kg.
Spir. amm. an. corpus pro	48.9 —		
Fergan corpus pro	23.0 —		10.0 —
Tinct. aurantii		23.0 —	10.0 —
— ferri comp corpus pro		23.1 —	10.0 —
— theb. benz. sine opio		50.35 —	
Sol. acid. boric. spir.		23.2 —	

	1933	1934	1935
Spir resorcini		22.8 —	20.0 —
Tinct. theb. benz. corpus pro			100.5 —
Samtals	122.9 kg.	193.45 kg.	201.5 kg.

eða samtals tollskyldan spiritus 517.85 kg. eða 595 lítra.

Ákærður hefir játað, að ástæðan til þess að hann hafi pantað þessar lítt menguðu tinctúrur hafi m. a. verið sú, að „þær séu líka nothæfari til drykkjar á þennan hátt". Jafnframt játar hann, að hann hafi síðan hann kom að lyfjabúðinni, einkum framan af selt mönnum spíritus lyfseðilslaust, oftast ómengaðan, en veit ekki eða man ekki hverjum hann hefir selt eða hvað mikið. Hann segist engum hafa selt á þessu ári, 1936, og mjög lítið síðan nýja áfengisreglugerðin gekk í gildi, en hún er birt 2. maí 1935. Telur rétturinn líklegt að ganga megi út frá óleyfilegri sölu samkvæmt þessu allt til ársloka 1935, en ákærður hefir áður sætt 600 króna sekt 5/11 1932 í lögreglurétti í Skagafjarðarsýslu fyrir brot á 2. mgr. 21. gr. sbr. 38. grein áfengislaganna nr. 64 1930. Á árinu 1935 hefir ákærður flutt inn 95.75 kg. eða 110 lítra óleyfilegt áfengi samkv. innkaupareikn. 22/5.

6. Hafnarfjörður.

Með skírskotun til þess, sem hér að framan er almennt sagt um málið, skal til viðbótar tekið fram:

Ákærður Sören R. Kampmann viðurkennir að hafa fengið sérlista N. D. K., og man eftir því, að hafa pantað eftir honum: Tinct. aurantii, glycerinspiritus, corpus pro fergan, tinct. thebaica benz. sine opio, tinct. thebaica benzoica, tinct. alois comp., tinct. ferri comp. corpus pro, en heldur því fram, að hann hafi fengið spíritusinn í tinctúrunum með þeim styrkleika, sem þær eiga fullmengaðar að innihalda, og að hann hafi ekki bætt öðrum efnum í tinctúrurnar en þeim, sem fyrir voru. Ákærður Svend A. Johansen kvartar um það í bréfi sínu til N. D. K. 8. ágúst 1935, að mjög hafi minnkað viðskipti firmans við Kampmann og segir: „Betyder det jo meget, at han ikke maa indföre „Blandinger" mere ..." og með „Blandinger" segist Johansen eiga við „ansatte Tinkturer", en svo hafa áfengisblöndur samkvæmt sérlista N. D. K. verið nefndar eins og áður segir. Útdrættir úr innkaupareikningum, sem

sýndir eru af dómaranum í lögreglurétti við framhaldsrannsókn málsins 27. maí 1937, sanna það beinlínis, að ákærður hefir flutt inn öldungis sömu blöndurnar og starfsbræður hans, enda nægja ummæli Johansens umboðsmanns um „Blandingerne" til þess að sanna þetta. M. a. hefir ákærður flutt inn á árunum 1933 og 1934 samkvæmt fyrrgreindum innkaupareikningum 800 kg. af tinctúrum aurantii og corpus pro fergan No 16 f., sem er sama blandan, og vísast til efnagreiningar á henni til þess, sem hér að framan er sagt. Og með pöntunarseðli nr. 3356, dags. 4. apríl 1935, pantar ákærður 2 ballona tinct. aurantii, samkvæmt sérlista N. D. K., og kom sú sending með „Gullfossi" 25. apríl 1935, og er innflutt samkvæmt framlögðum innkaupareikningi, dags. 16. apríl 1935, og aðeins greiddur vörutollur. Afrit hefir landlæknir ekki fengið af þessum reikningi, enda fann dómarinn það í skjölum ákærða, sem ekki hefir getað gefið neina frambærilega skýringu á hvernig á þessu stendur. Ennfremur hefir ákærður fengið með „Gullfossi" 25/5 1935 áfengislyf samkv. innkaupareikningi dags. 16/5 1935 frá Alfred Benzon, sem öll eru yfir 2¼% alkohol að rúmmáli og honum því óheimilt að flytja inn. Er það því fyllilega sannað, að hann hefir bæði fyrir og eftir 1. febrúar 1935 flutt inn áfengi óleyfilega. Og af tollskyldum spíritus hefir hann flutt inn árin:

	1933	1934	1935
Tinct. aurantii	200.4 kg.	250.3 kg.	100.2 kg.
— — corpus pro .		100.2 —	
Corpus pro fergan	100.2 —	150.3 —	
Tinct. theb. benz. sine opio	50.0 —		
— zedoariaecomp.	51.0 —		
— arnicae		23.0 —	
Aether spiritus		50.0 —	
Samtals	401.6 kg.	573.8 kg.	100.2 kg.

eða samtals 1075.6 kg. eða 1237 lítra spíritus. Samkv. reikn. 16/4 og 16/5 1935 hefir ákærður flutt inn 207.2 kg. eða 238 lítra óleyfilegt áfengi.

Ákærður játar, að sér hafi verið kunnugt um, að menn hafi keypt til drykkjar glycerinspíritus, meðan hann var samsettur úr spir. conc. og glycerini, sömuleiðis brjóst-

dropa úr tincturu thebaica benzoica sine opio, sem voru drukknir til þess tíma, er sterku drykkirnir fóru að flytjast til Áfengisverzlunar ríkisins; Segir ákærður, að svo mikið hafi þetta verið notað til drykkjar, að hann hafi takmarkað söluna og jafnvel hætt henni við sum tækifæri. Þá kveðst ákærður hafa notað tinct. aurantii aðallega í einskonar magaveikislyf, er hann nefnir kínabalsam, og hafi hann framleitt af þessu lyfi ca. 300 kg. árið 1933, ca. 200 kg. árið 1934 og ca. 100 kg. 1935. Segir hann að neyzla þess hafi minnkað mikið eftir að sterku drykkirnir fóru að seljast í Áfengisverzlun ríkisins, því menn muni hafa notað þetta sem bitter saman við öl og jafnvel með léttum vínum til að „regulera" magann. — Þó vera megi, að ákærður hafi leyfi til þess að selja ofanskráð áfengislyf í handkaupum til lækninga, er honum auðvitað alveg óheimilt að selja þau til neyzlu sem áfengi, enda þótt ráða megi af framburði hans, að hann áliti, að sér sé það heimilt.

Ákærður segir að mikil ásókn hafi verið eftir að fá keyptan spíritus, áður en sterku drykkirnir fóru að seljast í Áfengisverzlun ríkisins, og játar, að það hafi komið fyrir einstöku sinnum, að hann hafi selt mönnum, sem hann þekkti, 100—250 grömm af spiritus gegn því, að þeir afhentu sér lyfseðil, en það hafi stundum brugðizt. Þetta hafi sjaldan skeð, og aldrei síðan sterku drykkirnir fóru að seljast, og þar með upplýst, að hann hefir selt mönnum áfengi óleyfilega allt til 1. febrúar 1935. Þá er það einnig upplýst í málinu, að ákærður færir ekki áfengisbækur samkvæmt 15. grein reglugerðar nr. 38 frá 16. apríl 1935.

7. Vestmannaeyjar.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er almennt sagt um málið, skal til viðbótar tekið fram:

Ákærður Jóhannes Sigfússon, lyfsali í Vestmannaeyjum, hefir flutt inn ófullgerðar áfengisblöndur með meiru en 2¼% alkohol að rúmmáli fyrir og eftir 1. febrúar 1935. Hann heldur því að vísu fram, að hann hafi ekki pantað eftir lista N. D. K. og eigi fengið áfengisblöndur í samræmi við þann lista, hinsvegar viðurkennir hann, að hann hafi fengið tincturu aurantii með ½ af pericarpium aurantii ísett, og corpus pro fergan og tinctura ferri composita eftir eigin formúlu og hafi vantað í efni, sem hann hafi bætt

í sjálfur. Skýrsla lyfsölustjóra ber það hinsvegar með sér, að frá N. D. K. hefir ákærður fengið árin:

	1933	1934
Tinct. thebaica sine opio et camph.	123.0 kg.	50.0 kg.
— aurantii	100.2 —	50.1 —
— ferri comp. corpus pro	23.05 —	100.2 —
Sol. jodi spir. 1%	25.0 —	
Corpus pro fergan	50.1 —	200.3 —
Solut. acid borici spir. 1%	23.2 —	66.6 —
Tinct. ferri comp.		23.1 —
Corpus pro ferrodak		50.25 —
	Samtals 344.55 kg.	540.55 kg.

eða samtals 885.1 kg. eða 1172 lítra spíritus. Samkv. innkaupareikningi 27/4 1935 hefir ákærður flutt inn það ár 53.6 kg. eða 62 lítra óleyfilegt áfengi.

Tinctura aurantii og corpus pro fergan eru augljóslega sama blandan og 16. e. f. á sérlista N. D. K.: 50 kg. spíritus og 100 grömm þurrefni; corpus pro ferrodak er sama blandan og nr. 1 á sama lista: 50 kg. spíritus og 250 gr. þurrefni; solut. jodi spiritus og solut. acid borici spiritus sama og nr. 2 og 8; tinctura ferri comp. corpus pro sama og nr. 21: 50 kg. spirit með 99 gr. af þurrefnum og tinctura ferri composita 23 kg. spiritus með 99 gr. þurrefnum. Ákærður segist panta eftir löggiltum lyfjaskrám, að svo miklu leyti sem hann sleppir ekki úr þeim efnum, sem hann segist eiga fyrir og vill notfæra sér, en í fyrsta lagi væru lyfjanöfnin í samræmi við hina löggiltu lyfjaskrá, væru þau eftir henni pöntuð, og í öðru lagi kom það fram við rannsókn á bókhaldi hins ákærða, að hann hefir yfirleitt engin afrit af bréfaskriftum og pöntunum sínum og enga innkaupsreikninga; meðal annars vantaði alveg innkaupareikninga yfir vörur þær, sem ákærður fékk með Íslandi 5. febrúar og Gullfossi 25. apríl 1935 og getið er á vottorði bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, þar sem ákærður hefir t. d. fengið 160 kg. Flydende Apotekervarer og 170 kg. Droger, og landlæknir hefir heldur ekki fengið afrit af þessum reikningum, sem eflaust eru að meiru og minna leyti áfengi.

Allt þetta veikir svo mjög staðhæfingu ákærða, að telja verður sannað, að innflutningur hans á þessum spíritus-

blöndum sé samskonar og starfbræðra hans og því ofantalin 885.1 kg. spíritus tollskyldur sem spíritus lögum samkvæmt.

Áfengisbækur ákærða eru ekki færðar samkvæmt 15. grein reglugerðar nr. 38, frá 16. apríl 1935, og bera auðvitað ekki með sér, að ákærður hafi látið úti spíritus til drykkjar, en í réttarhaldi 5. sept. 1936 er það sannað með framburði tveggja vitna og játningu ákærða sjálfs, að hann hefir selt áfengi ólöglega allt til þess tíma, er sterku drykkirnir fóru að seljast í Áfengisverzlun ríkisins. Bera vitnin, að þau hafi fengið ólöglegt áfengi hjá ákærðum á árinu 1935.

8. Akureyri.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er almennt sagt um málið, skal hér til viðbótar tekið fram:

Það er upplýst í málinu, að ákærður Oddur Carl Thorarensen, lyfsali á Akureyri, hefir flutt inn áfengisblöndur sem innihalda meira en 2¼% alkohol að rúmmáli, bæði fyrir og eftir 1. febr. 1935.

7. maí 1935 pantar ákærður O. C. Thorarensen m. a. hjá Svend A. Johansen á pöntunarseðlum nr. 3364, 3365, 3366, 3367 og 3368 ýmsar áfengisblöndur. Á 4 síðast nefndum seðlum eru skráð löggilt lyfjaheiti, sem ekki bera það með sér, að lyfið innihaldi spíritus og eru nöfnin undirstrikuð og þess beiðst á seðli nr. 3366, að færa aðeins undirstrikaða nafnið á innkaupsreikninginn, en ekki samsetning blöndunnar. Ákærður hefir ekki getað gert grein fyrir þessari uppáskrift, og verður ekki annað séð, en að það sé gert til þess að dylja spíritusinnihaldið. Það er upplýst, að ákærður O. C. Thorarensen hefir flutt ýmsar áfengisblöndur inn með sterkari spíritus en löggilt lyfjaskrá ákveður og „Corpus pro" blöndur hefir hann einnig flutt inn frá N. D. K. samnefnt sérlista þess og með sama verði á árunum:

	1933	1934
Tinct. aromatica composita	15.1 kg.	
— — comp. corp. pro ..	23.1 —	
— aurantii corp. pro	23.0 —	
— theb. benz. sinc opio		20.0 kg.
— tonicae		10.0 —
Spir. amm. an. corpus pro	97.9 —	

	1933	1934
Spir. bardanae	10.1 kg.	
Sol. acid. borici spir.	37.3 —	
Spir. cum mentholo	20.2 —	
Sol. jodi spir.	50.5 —	50.5 kg.
Ferrodak corpus pro	23.0 —	
Corpus pro fergan		50.0 —
Samtals	300.2 kg.	130.5 kg.

eða samtals 430.7 kg. eða 496 lítra, sem telja verður tollskylt sem spíritus lögum samkvæmt.

Ákærður O. C. Thorarensen færir ekki áfengisbók samkvæmt 15. grein reglugerðar nr. 38, 16. apríl 1935, og er það sannað og játað, að það geti komið fyrir, að miðar séu ekki settir á seld glös með drekkandi spíritusblöndum í. Eitt vitni hefir staðfest með eiði, að það hafi síðast í nóvember 1934 keypt spíritus og aðrar áfengisblöndur án lyfseðils af ákærðum O. C. Thorarensen, en gegn neitun ákærða og vegna þess að telja má fyrningu koma hér til greina, verður framburður vitnisins ekki talinn nægja til að byggja á sektardóm um áfengissölu ákærða.

Vitnið Þorkell Ottesen, prentari, ber það og staðfestir með eiði, að það hafi síðan árið 1923 fengið keypt áfengi í lyfjabúð Akureyrar, og síðast veturinn 1934—1935, allt til þess tíma, að sterku drykkirnir fóru að seljast í Áfengisverzlun ríkisins, eða í febrúar 1935. Var áfengið framan af nefnt „brjótsaft" og síðar ýmsum nöfnum, og síðast „glycerinspíritus" og fullyrðir vitnið, að það hafi verið brennivínsblanda, annaðhvort glycerinlaus eða með svo litlu glycerini, að ekki fannst hið minnsta bragð að því. Áfengið fékk hann 250 grömm í einu, en svo oft sem hann bað um það og seldu báðir ákærðir lyfjasveinar honum það, Eyþór og Sigurður. Segir vitnið, að áfengisblandan hafi bæði verið tær og gulleit með bitter eða anisbragði.

Vitnið Einar Sveinsson ber það og staðfestir með eiði, að það hafi keypt af ákærðum lyfjasveinum Sigurði V. Flóventssyni og Eyþór Thorarensen áfengi, og síðast í nóvember eða desember 1935; hafi þetta verið glær vökvi, „sæmilega gott brennivín" er hann fann á sér af að drekka. Keypti hann þetta lyfseðilslaust allt að 300 gr. í einu á 2 aura grammið. Vitnið segir, að yfirleitt hafi engir miðar

eða forskriftir um notkun innihaldsins verið á glösunum, hafi aldrei verið glycerinbragð að þessu. Vitnið segist hafa beðið um „á glas“ eða „hund“ en aldrei um lyf.

Vitnið Jón Kristjánsson verkamaður ber það og staðfestir með eiði, að það hafi keypt í Akureyrarapóteki ýmist af ákærðum Sigurði V. Flóventssyni eða Eyþór A. Thorarensen alloft, og síðast allt til þess að sterku drykkirnir fóru að seljast í febrúar 1935 í Áfengisverzlun ríkisins, áfengisblöndu, sem ýmist var tær eða gulleit og stundum með kúmenbragði, en aldrei með glycerinbragði. Segir vitnið, að glösin hafi yfirleitt verið miðalaus og engin forskrift um notkun blöndunnar, enda hafi hún aðeins verið keypt til drykkjar og hann hafi beðið um „á glas“.

Vitnið Pétur Þorvaldsson ber það, að hafi það keypt áfengi í Akureyrarapóteki, hafi það gert það drukkið og muni það ekki, en Eyþór Thorarensen hafi stundum gefið sér lítilsháttar af einhverju slíku á glas og síðast 50 gr. af kínadropum, líklega í desember 1935.

Vitnið Jón Árnason ber það og staðfestir með eiði, að það hafi oft keypt áfengi án lyfseðils í Akureyrarapóteki, og síðast í nóvember 1934, bæði hjá lyfjasveinunum Sigurði og Eyþór og lyfsalanum sjálfum. Fékk vitnið áfengið hvenær sólarhringsins sem var og tiltekur verð og magn og gæði og um stað áfengisins í lyfjabúðinni. Segir vitnið, að engir miðar hafi verið á glösunum, og hann hafi orðið var við samskonar glös á síðastliðnum vetri, 1936, í samkomuhúsinu í bænum með áfengisþef úr. Áfengið segir vitnið verið hafa glært eða gulbrúnt og aldrei með glycerinbragði.

Vitnið Agnar Stefánsson ber það, að það hafi keypt áfengi bæði af Sigurði Flóventssyni og Eyþór Thorarensen, 250 gr. í einu á 5 krónur með bitter eða kúmenbragði og var spíritusblanda og látin úti lyfseðilslaust; heldur vitnið að þetta hafi skeð síðast á árinu 1934, og mun sökin fyrnd.

Vitnið Jóhann Jónsson, bílstjóri, ber það og vinnur eið að framburðinum, að það hafi síðast snemma á árinu 1935 keypt áfengisvökva gulleitan að lit í Akureyrarapóteki án lyfseðils, en man ekki, hvor lyfjasveinninn afgreiddi hann. Telur hann það álit sitt, að þetta hafi verið áfengi, því hann bað um einhverja hressingu.

Vitnið Ingólfur Hinriksson, vélstjóri, ber það og staðfestir með eiði, að það hafi nokkrum sinnum keypt áfengi í Akureyrarapóteki, og líklega síðast haustið 1934, en ekki man vitnið, hvorn lyfjasveininn hann verzlaði við. Væri hér um sök að ræða, mun hún fyrnd.

Með tilliti til framantaldra vitnisburða og þeirrar játningar ákærða Eyþórs Aðalsteins Thorarensen, að hann hafi selt drukknum mönnum brennsluspíritus, að hann hafi selt, án lyfseðils, áfengisblöndur blandaðar vatni á handahófi, og stundum með efnum, sem beinlínis miða að því að gera blönduna bragðbetri til drykkjar, að hann hafi haft grun um, að þetta væri drukkið, og loks það, að sum leiddra vitna eru þekktir drykkjumenn, verður að telja sannað, að ákærður sé brotlegur um óleyfilega meðferð og sölu áfengis.

Með tilvísun til framanskráðra vitnisburða og játningar Sigurðar V. Flóventsonar verður sömuleiðis að telja sannað, að hann hafi gerzt brotlegur um óleyfilega meðferð áfengis og sölu þess.

Það er upplýst. að ákærður Oddur Carl Thorarensen hefir flutt inn ólöglega áfengisvökva, eftir að áfengislögin nr. 33 1935 tóku gildi, samtals 203.3 kg. eða 233 lítra áfengisblöndur yfir 2¼%.

9. Siglufjörður.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er almennt sagt um málið, skal hér til viðbótar tekið fram:

Ákærður Aage Riddermann Schiöth, lyfsali á Siglufirði, hefur flutt inn áfengisblöndu, sem í er meira en 2¼% alkohol að rúmmáli, bæði fyrir og eftir 1. febr. 1935. Hann viðurkennir að hafa pantað tilteknar blöndur á sérlista N. D. K., en heldur því hinsvegar fram, að hann hafi ekki pantað þær nema „ansatte“ með öllum efnum samkvæmt gildandi lyfjaskrá. Nú eru engin fullblönduð lyf til í löggiltri lyfjaskrá, sem nefnd eru corpus pro þetta eða hitt, en bæði samkvæmt framlögðum innkaupsreikningum og skýrslu lyfsölustjóra um áfengislyfja innflutning ákærða, hefur hann flutt inn „corpus pro“, þ. e. efni í ýmsar lyfjablöndur, sem allt eru sterk spírituslyf, og aðstoðarmaður hans hefur borið, að svo sterkur spíritus hafi einu sinni, svo hann muni, verið í tinctura thebaica

benzoica, að þurft hafi að þynna hann með vatni; auk þess er augljóst, að væru blöndur þessar pantaðar samkvæmt löggiltri lyfjaskrá, bæru þær líka nöfn samkvæmt henni, en ekki samkvæmt sérlistanum, nema því aðeins, að ætlunin væri að dylja með því eðlilega samsetningu blöndunnar.

Samkvæmt skýrslu lyfsölustjóra og framlögðum innkaupsreikningum hefir ákærður flutt inn frá N. D. K. ófullgerðar áfengisblöndur, sem ekki verða taldar í samræmi við hina löggiltu lyfjaskrá, árin:

	1933	1934	1935
Tinct. theb. benz. sine opio	220.3 kg.		
Tinct. theb. benz. sine opio et camph.	221.3 —		
Tinct. theb. benz.	150.45 —		
— — — corp. pro	200.5 —	1⅔	50.25 kg.
Spir. amm. an. corpus pro	108.0 —	2⅙	19.5 —
Tinct. cuspariae amar	30.2 —		
— tonicae	70.0 —		
Solut. jodi spirit.	30.0 —	10.0 kg.	
Corpus pro ferrodak	30.0 —		20.0 —
Solut. acid. salycyl. spir. 1‰	50.0 —		
Sol. resorsine spirit.		70.0 —	
Spiritus anici		50.2 —	
Spiritus acid. boris. conc.		2⅙	49.0 —
Aqva cinnam. spir.		10.0 —	
Spiritus saponis camph.		10.0 —	
— amm. an.		10.0 —	
Spir. soluti 1.5%		10.0 —	
— resorcini			10.0 —
— camph.			10.0 —
Corpus pro liquor pectoralis		1⅘	48.9 —
Solut jodi spiritus		—	50.0 —
Corpus pro liniment. sulfuris		2⅘	22.0 —

	1933	134	1935
Clycerinspiritus D. D.			⅞ 50.0 kg.
Tinctura aurantii dulis			— 1.0 —
Balsam de Riga K. A.			— 10.0 —
Samtals	1110.75 kg.	170.2 kg.	340.65 kg.

Þar sem telja verður sannað að hér sé að mestu leyti um samskonar innflutning að ræða og hjá starfsbræðrum ákærða, m. a. þar sem notuð eru sömu nöfn, sama verð er á blöndunum og sama samsetning, ef litið er á þunga þeirra, lítur rétturinn svo á, að ákærðum beri að greiða toll af 1540.60 kg. spíritus samkvæmt gildandi tollögum, eða af 1770 lítrum. Eftir að áfengislögin frá 1935 nr. 33. gengu í gildi, hefir ákærður flutt inn áfengisblöndur óleyfilega 331.75 kg. eða 381 lítra.

Ákærður Einar Kristjánsson viðurkennir, að til þess er reglugerðin frá 16. apríl 1935 gekk í gildi, hafi án lyfseðils verið seld í lyfjabúðinni anisbrjóstsaft úr tinctura thebaica benzoica sine opio, með glycerini til helminga að þyngd, tincturan með spíritus dilutus og sterk lakkrísbrjóstsaft, það er sama blanda með lakkrís og chlor. ammon, telur hann, að vel megi vera, að menn noti anisbrjóstsaftina til neyzlu, þó hann telji hana lítt drekkandi, og tekur það fram, að takmörkuð hafi verið sala á þessu, eftir að réttarrannsókn hófst á árinu 1933 út af sölu á áfengisblöndum þessum, en henni hafi þó ekki verið hætt fyr en eftir að téð reglugerð um áfengissölu kom út.

Vitnið Jón Fr. Jóhannesson ber það, að hann hafi keypt brjóstsaft án lyfseðils, aldrei yfir 250 gr. í einu, á 2 aura grammið og heldur að það hafi ekki skeð eftir að sterku drykkirnir fóru að seljast í Áfengisverzlun ríkisins.

Vitnið Sveinn Ásmundsson ber það og staðfestir með eiði, að það hafi tvisvar eða þrisvar sinnum keypt án lyfseðils „anisbrjóstsaft með glycerini", 125 gr. og 250 gr. á vetrinum 1936. Var þetta glær vökvi með anisbragði.

Loks viðurkennir ákærði Aage Schiöth, að verið geti, að aðstoðarmaður sinn hafi haldið sölu lyfja þessara áfram, þótt hann hafi ætlazt til þess, að því væri hætt, og hann viðurkennir einnig, að fram til þess tíma, að reglugerðin um sölu áfengislyfja frá 1931 nr. 95 gekk í gildi, hafi sala á glycerinspíritus og eftir það sala á anisbrjóstsaft gefið

sér góðar tekjur, en hann segir, var hún „keypt og vafalaust drukkin mikið".

Það má því telja sannað, að ákærðir hafa selt brjóstsaft og kaneldropa eins og að framan segir, og að minsta kosti ákærður Aage R. Schiöth viðurkennir, að hann hafi vitað um, að anisbrjóstsaftin var drukkin mikið, og verður því að áliti réttarins að telja það vítavert og varða við áfengislögin hvað hann snertir. Hinsvegar þykir ekki nægilega sannað, að ákærða Einari Kristjánssyni hafi verið beinlínis kunnugt um að menn drykkju hana.

Ákærður Aage R. Schiöth færir ekki áfengisbækur samkvæmt 15. grein reglugerðar nr. 38 frá 16. apríl 1935, og hann játar, að hann noti ekki sexstrend glös utan um eiturlyf, og loks játar hann, að hann framleiði „Sana" rakspritt, en samkvæmt lögum nr. 63 10. des. 1934 1. grein, 2. mgr., verður að telja slíka framleiðslu óheimila.

Það skal fram tekið, að á árinu 1935 hefir landlækni aðeins borizt innkaupsreikningur fyrir 108.05 kg. spírituslyfja, en afrit af m. a. reikningum 13/3, 10/5, 24/5, og 7/6 hefir honum ekki borizt, og getur það varla verið í öðrum tilgangi en þeim, að dylja hann áfengisinnflutningi.

10. Reykjavík.

A.

Það er upplýst, að ákærður Þorsteinn Scheving Thorsteinsson, lyfsali í Reykjavík, hefir flutt inn áfengislyfjablöndur, sem innihalda meira en 2¼% alkóhól að rúmmáli, bæði fyrir og eftir 1. febr. 1935 og allt fam í júnílok það ár.

Með tilvísun til þess, sem almennt er um málið sagt hér að framan, skal tekið fram til viðbótar:

Ákærður hefir játað, og það er upplýst með framlögðum gögnum, að hann hafi flutt inn ýmsar af áfengisblöndunum frá N. D. K. samkvæmt sérlista firmans, og nefnir ákærður það hálfblöndur. Tollgæzlan í Reykjavík tók í vörslur sínar áfengisblöndur, sem samkvæmt innkaupareikningi frá N. D. K. til ákærðs dags. 13. júní 1935 eru nefndar: 40½ kg. Tinctura arnicae Ph. D. og 31.5 kg. Tinctura aurantii. Reyndist hin síðarnefnda því nær hreinn spíritus, eins og fyr er getið, og tinctura arnicae Ph. Dan. mjög lítið mengaður spíritus og langt frá því í samræmi

við tilvitnaða löggilta lyfjaskrá Ph. D., enda þótt innkaupareikningurinn segi hana vera blandaða samkvæmt henni. Samkvæmt upplýsingum N. D. K. hefir ákærður ekki pantað þessa tincturu aurantii, sem reyndar er samskonar blanda og algengt er að flytja inn, og eftir framlögðu bréfi firmans hefir ákærður heldur ekki beðið um tincturu arnicae í því ástandi. sem hún kemur í. Svo einkennilega vill til, að ekki finnst pöntunarseðill fyrir þessari tincturu, enda þótt ákærður kannist við hana, því pöntunarbók hans hefir glatazt. Í þessu ákveðna falli verður því ekki talið sannað, að ákærður eigi sök á innflutningi þessum, en blöndur þessar eru óleyfilegur innflutningur engu að síður og ber að gera þær upptækar.

Ákærður Þorsteinn Scheving Thorsteinsson hefir samkvæmt skýrslu lyfsölustjóra og framl. innkaupareikningum flutt inn áfengisblöndur frá N. D. K. samnefndar lista firmans og að því er ályktа verður í samræmi við hann, árin:

	1933	1934
Tinct. eccoproticae corp. pro	100.4 kg.	
— tonicae	100.5 —	
— aurantii	150.3 —	50.1 kg.
— ferri comp. corpus pro	100.2 —	50.1 —
Spiritus resorcini	200.25 —	
Sol. acidi. boric. spirit. 1%	323.5 —	151.5 —
Corpus pro ferrodak	150.4 —	
Spiritus anici	101.0 —	
— zedoariae comp.	50.9 —	
Sol. jodi spiritus 1%	50.5 —	50.0 —
Tinct. theb. benz. corpus pro		100.4 —
— cusparia amar.		50.6 —
Spirit. mentholo 1%		50.0 —
Fergan corpus pro		50.1 —
Spirit. camphoratus 1%		52.5 —
Sol. jodi spirit. 1‰	50.0 —	
— mentholo spirit. 1‰		50.0 —
	Samtals 1377.95 kg.	655.3 kg.

eða samtals 2033.25 kg. 2337 lítra tollskyldan spíritus lögum samkvæmt.

Á árinu 1935 flytur ákærður inn, eftir gildistöku lag-

anna nr. 33 1935, áfengislyfjablöndur, sem innihalda meira en 2¼ % alkóhól að styrkleika:

Samkvæmt	innkaupareikningi	dags.	2¾	100 kg.
——	——	—	⅜	95 —
——	——	—	1⅛	36 —
——	——	—	1⅛	15 —
				246 kg.

eða 280 lítra samtals.

Ákærður heldur ekki áfengisbækur samkvæmt reglugerð nr. 38 16. apríl 1935. 15. grein.

B.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er almennt sagt um málið, skal til viðbótar tekið fram:

Ákærður Peter L. Mogensen,lyfsali í Reykjavík, hefir flutt inn áfengi, sem er að rúmmáli meira en 2¼ %, bæði fyrir og eftir 1. febrúar 1935, og allt fram í maílok það ár.

Það er játað og upplýst, að hann hefir pantað nokkrar af spíritusblöndum N. D. K. samkvæmt sérlista firmans með sterkara spíritusinnihaldi en löggilt lyfjaskrá mælir fyrir.

Samkvæmt skýrslu lyfjasölustjóra og bréfi ákærða, dags. 10. september 1935, til fulltr. Ragnars Jónssonar, hefir ákærður flutt inn lítt mengaðar áfengisblöndur, sem telja verður tollskyldar sem spíritus lögum samkvæmt, árin:

	1933	1934	1935
Tinct. chinae composita ..	48.0 kg.		
— aurantii	50.1 —		
Fergan corpus pro	150.3 —		100.2 kg.
Tinct. theb. benz. sine opio		50.35 kg.	50.25 —
Spirit. amm. an. corp. pro	98.9 —	97.8 —	48.9 —
Solut acid. borici spirit. .	151.5 —	101.0 —	101.0 —
Spiritus mentholo 1%	10.1 —		
Corpus pro ferrodak	50.1 —	50.25 —	
Spir. alcohol cum aetherol. cinnam. ceyl. 1‰	10.0 —		
Aether spiritus		88.0 —	48.0 —
Solut jodi spiritus		50.5 —	
Liquor ferri sacchar. corp. pro.		50.1 —	

	1933	1934	1935
Spiritus camphoratus 1%		50.5 kg.	
— acid, salicyl. 1%		10.0 —	
Tinct. ferri. comp. corp. pro		50.1 —	
Spiritus alcoholisatus cum. jodi 1%			50.1 kg.
	Samtals 569 kg.	598.6 kg.	398.35 kg.

eða samtals 1565.95 kg. eða 1800 lítra spiritus concentratus.

Á árinu 1935, eftir að áfengislögin nr. 33 það ár taka gildi, hefir ákærður flutt inn óleyfilega:

Spirituslyf	samkv.	innkaupar.	10. maí	5.5 kg. og
——	—	——	11. —	50.0 —
			Samtals	55.5 kg.

eða 63 lítra spir. concentratus.

Ákærður heldur ekki áfengisbækur samkvæmt 15. grein reglugerðar nr. 38 frá 16. apríl 1935.

C.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er almennt sagt um málið, skal til viðbótar tekið fram:

Það er upplýst og játað af ákærðu Jóhönnu Dagmar Magnúsdóttur, lyfsala í Reykjavík, að hún hefir flutt inn spíritusblöndur með meira en 2¼% alkóhól að rúmmáli, bæði fyrir og eftir 1. febr. 1935 og allt fram í júlíbyrjun það ár. — Það er upplýst og játað af ákærðu, að hún hefir flutt inn spíritusblöndur samkvæmt sérlista N. D. K., og allar þær tincturur, sem standa í lyfjaskrám, og hún getur látið fullgera sjálf, hafi hún fengið með spíritus concentratus og blandað vatni í þær, sem áttu að þynnast.

Samkvæmt skýrslu lyfsölustjóra hefir ákærða fengið innfluttar áfengisblöndur samkvæmt sérlista N. D. K. og sem telja verður tollskyldar eins og spíritus, lögum samkvæmt, árin:

	1933	1934	1935
Tinct. ferri comp. corp. pro	50.1 kg.		
— theb. benz. sine opio	50.35 —	47.5 kg.	
Spiritus amm. an.	49.9 —		50.0 kg.

	1933	1934	1935
Corpus pro ferrodak	50.1 kg.	50.0 kg.	
Solut acidi borici sprit.	100.5 —	101.0 —	
Spiritus amm. an. corp. pro	48.9 —		
— camphoratus			50.0 kg.
Solut jodi spir. conc. 1% ..			50.0 —
	Samtals	349.85 kg.	198.5 kg. 150.0 kg.

eða samtals 698.35 kg. eða 802 lítra spíritus concentrat.

Eftir að áfengislögin nr. 33 frá 1935 tóku gildi, hefir ákærða flutt inn áfengislyf ólöglega:

Samkv.	innkaupareikningi	dags.	2⅘	35	25 kg.
—	——	—	1⅜	—	51 —
—	——	—	2⅞	—	40 —
			Samtals		116 kg.

eða 133 lítra spíritus concentratus.

Ákærða færir ekki áfengisbækur í samræmi við 15. grein reglugerðar nr. 38 frá 16. apríl 1935.

D.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er almennt sagt um málið, skal til viðbótar tekið fram:

Það er upplýst og játað í málinu, að ákærður Stefán Thorarensen, lyfsali í Reykjavík, hefir flutt inn spíritusblöndur, sem innihalda meira en 2¼ % alkóhól að rúmmáli, bæði fyrir og eftir 1. febrúar 1935. Hinsvegar hefir hann ekki flutt inn blöndur samkvæmt sérlista N. D. K. og ekki frá því firma og þykir ekki nægilega sannað, að hann hafi flutt inn svo lítið mengaðan spíritus, að telja megi innflutning hans á áfengislyfjum tollskyldan.

Eftir að áfengislögin nr. 33 frá 1935 gengu í gildi, hefir ákærður flutt óleyfilega inn áfengislyf:

Samkvæmt	innkaupareikningi	dags.	2⅞	1935	55.0 kg.
——	——	—	1⅘	—	200.0 —
——	——	—	1⅕	—	110.6 —
——	——	—	3⅕	—	162.3 —
			Samtals		527.9 kg.

eða 607 lítra spíritus concentratus.

Ákærður færir ekki áfengisbækur samkvæmt reglugerð nr. 38 16. apríl. 1935.

11. Svend A. Johansen, Reykjavik.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er sagt um málið, varðandi ákærðan Svend A. Johansen, heildsala og umboðsmann N. D. K., skal til viðbótar tekið fram:

Það er sannað í málinu með framlögðum gögnum og játningu ákærða Svend A. Johansen, að hann hefir, eftir að áfengislögin nr. 33 frá 9. janúar 1935 tóku gildi og eftir að reglugerð nr. 38 frá 16. apríl 1935 er birt í Lögbirtingablaðinu 2. maí 1935, ferðast um meðal hinna ákærðu lyfsala og tekið við og framsent til umboðsfirma síns N. D. K. pantanir þeirra á spíritusblöndum yfir 2¼ % að rúmmáli að styrkleika, eða hann hefir tekið við slíkum pöntunum og framsent þær. Ekki verður unnt að taka til greina, sem nægja ástæðu til sýknunar ákærða, að hann telur sig ekki hafa þekkingu á lyfjasviði, því það er nægilega upplýst í málinu, að honum er fyllilega kunnugt um spíritusblöndur þær, sem um er að ræða í máli þessu, og hann hefir aðstoðað lyfsalana við að flytja inn óleyfilega áfengi.

Það er upplýst og játað af ákærðum, að hann hefir ráðstafað þeim gjaldeyri, er honum hefir áskotnast erlendis í umboðslaun, án samþykkis bankanna eða gjaldeyrisnefndar. 1. grein laga nr. 11, 1935 sbr. 1. grein reglugerðar nr. 7 11. jan. sama ár, gefur bönkunum einkarétt til að verzla með gjaldeyri, og 2. grein téðra laga heimilar ríkisstjórninni að ákveða, að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi, nema með leyfi gjaldeyrisnefndar, og verður ekki séð, að gildandi lagafyrirmæli gefi undanþágur eða veiti nokkrum heimild til að gefa þær frá ótvíræðum ákvæðum gjaldeyrislaganna og reglugerðarinnar.

1. grein téðrar reglugerðar segir, að allir, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, hvort heldur er hér á landi eða erlendis séu skyldir að láta hann af hendi við bankana fyrir skráð kaupgengi. Þetta ákvæði borið saman við 1. grein gjaldeyrislaganna verður ekki skilið á annan veg en þann, að maður, sem erlendan gjaldeyri á eða eignast, er skyldur til þess að selja hann bönkunum, og má ekki ráðstafa honum, sbr. 2. grein 1. málsgr. reglugerðarinnar, nema með leyfi gjaldeyrisnefndar, að þeim tilvikum undanskyldum, sem 2. og 3. mgr. sömu greinar taka til. Það er því augljóst brot á þessum ákvæðum, að ákærður hefir

ráðstafað umboðslaunum sínum, sem hann hefir fengið í erlendri mynt, án slíks leyfis, og án þess að gefa bönkunum færi á að kaupa gjaldeyrinn.

Brot ákærða heimfærist undir 40. grein áfengislaganna nr. 33 frá 9. janúar 1935, og lög um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 11. 9. janúar 1935, 1. og 2., sbr. 6. grein, sbr. reglugerð nr. 7 11. jan. 1935 1. og 2. grein 1. málsgrein, sbr. 9. grein.

Þykir refsing hans hæfilega metin 2500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 65 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði ákærður 5% af öllum kostnaði sakarinnar og 100 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar. Að öðru leyti sé ákærður sýkn af kröfum og kærum valdstjórnarinnar og réttvísinnar.

VII.

Samkvæmt framanröktu verður að áliti réttarins að telja ákærða lyfsala, þá: Gunnar Juul, Hans A. Svane, Otto G. N. Grundtvig, Johan O. G. Ellerup, Ole Bang, Sören R. Kampmann, Jóhannes Sigfússon, Odd C. Thorarensen, Aage R. Schiöth, Þorstein Scheving Thorsteinsson, Peter L. Mogensen, Jóhönnu D. Magnúsdóttur og Stefán Thorarensen, hafa gert sig seka um brot á lögum nr. 69 7/5 1928 sbr. 12. grein, sbr. lög nr. 63 10. des. 1934, 1. grein, 1. málsgrein, sbr. lög nr. 64 19. maí 1930, 2. grein c-lið, sbr. reglugerð nr. 95 30. des. 1930, 5., 6. og 7. grein, ennfremur um brot á lögum nr. 33 9. jan. 1935, 2. sbr. 1. grein, sbr. 27. grein, 2. tölulið, sbr. reglugerð nr. 38 16. apríl 1935, 2. grein, 1. málsgrein, og 15. sbr. 16. grein, sbr. reglugerð 5. okt. 1932 um skýrslugerð lækna; svo hafa þeir brotið erindisbréf sín og eiðstaf og gerzt brotlegir við 25. grein tilskipunar um lækna og lyfsala frá 4. desember 1672.

Ennfremur hafa hinir sömu, að Stefáni Thorarensen undanskildum, gerzt brotlegir við tolllögin nr. 54 11. júlí 1911, 1. grein, sjá 1. grein, 3. tölulið, laga nr. 48 27. júní 1925, lög nr. 43 2. nóv. 1914, 1. grein, 1. og 3. málsgrein, sbr. 8. grein laga 54/1911, lög nr. 71 29. des. 1934 1. grein.

Ennfremur: Gunnar Juul, Helgi Þorvarðarson, Hans

A. Svane, Jónas Hildimundarson, Otto G. N. Grundtvig, Johan O. G. Ellerup, Ole Bang, Sören R. Kampmann, Jóhannes Sigfússon, Eyþór A. Thorarensen, Sigurður V. Flóventsson og Aage R. Schiöth gerzt brotlegir við lög 64 19. maí 1930, 21. grein, 2. sbr. 1. málsgrein, sbr. 11. grein, sbr. 38. grein 2. málsgrein, sbr. lög nr. 33 9. jan. 1935, 31. grein, 2. sbr. 1. málsgrein, sbr. reglugerð nr. 38 16. apríl 1935, 6. grein, 1. og 2. málsgrein.

Ennfremur Hans A. Svane gerzt brotlegur við lög nr. 33 9. jan. 1935, 6. sbr. 30. grein, og lög nr. 64 19. maí 1930, 12. sbr. 33. grein, sbr. lög nr. 33 9. jan. 1935, 16. sbr. 36. grein, og tilskipun um lækna og lyfsala 4. des. 1672, 12. grein.

Ennfremur Aage R. Schiöth gerzt brotlegur við lög nr. 63 10. des. 1934, 1. grein 2. málsgrein, og auglýsingu landlæknis til lækna og lyfsala, 21. ágúst 1934, um reglur varðandi gerð og afgreiðslu lyfja, 24. grein.

Ennfremur Oddur C. Thorarensen gerzt brotlegur, ásamt með Eyþór A. Thorarensen og Sigurði V. Flóventssyni, við sömu auglýsingu landlæknis 6. grein og reglugerð nr. 65, 31. des. 1930, 4. grein, 2. málsgrein, sbr. reglugerð nr. 38, 16. apríl 1935.

Þykir refsing ákærða Gunnars Juul, lyfsala á Ísafirði, hæfilega metin 10000 króna sekt í menningarsjóð og komi 5 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll af 1093 lítrum spíritus kr. 20493.75, hann sé sviptur leyfi til að reka lyfjabúð. Refsing ákærða Helga Þorvarðarsonar þykir hæfilega metin 500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Loks greiði þeir Gunnar Juul og Helgi Þorvarðarson in solidum 8% af kostnaði sakarinnar, og 250 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Refsing ákærða Hans A. Svane, lyfsala í Stykkishólmi, þykir hæfilega metin 20000 króna sekt í menningarsjóð, og komi í stað sektarinnar 8 mánaða einf. fangelsi, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll af 1411

lítrum spíritus, kr. 26456.25; svo sé hann sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð. — Refsing ákærða Jónasar Hildimundarsonar, aðstoðarmanns í Stykkishólmi, þykir hæfilega metin 1500 króna sekt í menningarsjóð og komi 65 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði þeir Svane og Jónas in solidum 12% af kostnaði allrar sakarinnar og 250 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar, hæstaréttarmálaflutningsmanns. Hið kyrrsetta áfengi á að vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Refsing ákærða Otto Gregers Nors Grundtvig, lyfsala í Neskaupstað, þykir hæfilega metin 10000 króna sekt til menningarsjóðs og komi 5 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll af innfluttum 258 lítrum spíritus, kr. 10320.00, svo sé hann sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð, og loks greiði hann 6% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Refsing ákærða Johan O. G. Ellerup þykir hæfilega metin 15000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, hann greiði ennfremur þrefaldan toll af innfluttum spíritus, 1933 lítrum, kr. 36243.75, svo sé hann sviptur leyfi til að reka lyfjabúð; loks greiði hann 8% af kostnaði sakarinnar og 200 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarmálaflutningsmanns.

Refsing ákærða Ole Bang, lyfsala á Sauðárkróki, þykir hæfilega metin 9500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 5 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann í ríkissjóð þrefaldan toll, kr. 11156.25, af innfluttum spíritus, svo sé hann sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð, og loks greiði hann 8% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutnings-

manns Lárusar Jóhannessonar. Hið kyrrsetta áfengi á að vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Refsing ákærða Sören R. Kampmann, lyfsala í Hafnarfirði, þykir hæfilega metin 12500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll, kr. 22193.75, af innfluttum spíritus, svo sé hann sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð; loks greiði hann 6% af öllum kostnaði sakarinnar og 200 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Refsing ákærða Jóhannesar Sigfússonar, lyfsala í Vestmannaeyjum, þykir hæfilega metin 5500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 4 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll, kr. 21977.00, af innfluttum spíritus, svo sé hann sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð, og loks greiði hann 7% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Refsing ákærða Odds C. Thorarensen, lyfsala á Akureyri, þykir hæfilega metin 11500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði ákærður þrefaldan toll í ríkissjóð af innfluttum spíritus, kr. 9300.00, svo sé hann sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð.

Refsing ákærðs Eyþórs Aðalsteins Thorarensen, lyfjasveins í Akureyrarapóteki, þykir hæfilega metin 600 króna sekt í menningarsjóð, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa.

Refsing ákærðs Sigurðar Valdemars Flóventssonar, lyfjasveins í Akureyrarapóteki, þykir hæfilega metin 500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa.

Loks greiði þeir Oddur C. Thorarensen, Eyþór Thor-

arensen og Sigurður V. Flóventsson in solidum 11% af kostnaði allrar sakarinnar, og 300 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Refsing ákærða Aage R. Schiöth, lyfsala á Siglufirði, þykir hæfilega metin 18500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll af innfluttum spíritus, kr. 33187.50, svo sé hann sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð, og loks greiði hann 6% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Ákærður Einar Kristjánsson, aðstoðarmaður hjá Aage R. Schiöth, verði sýkn af öllum kröfum og kærum valdstjórnarinnar og réttvísinnar, og greiði ríkissjóður 3% af kostnaði allrar sakarinnar og 50 krónur til skipaðs talsmanns ákærða, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Refsing ákærða Þorsteins Scheving Thorsteinsson, þykir hæfilega metin 15000 króna sekt í menningarsjóð, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll af innfluttum spíritus, kr. 43818.75; loks greiði hann 6% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar. — „Tinct. aurantii“ og „Tinct. arnicae“ sem tollgæzlan tók í vörzlu sína, samkvæmt innkaupareikningi frá N. D. K. dags. 13. maí 1935, á að vera upptæk og eign ríkissjóðs.

Refsing ákærða Peter L. Mogensen, lyfsala í Reykjavík, þykir hæfilega metin 4500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 3 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, auk þess greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll af innfluttum spíritus, kr. 33750.00; loks greiði hann 5% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Refsing ákærðu Jóhönnu Dagmar Magnúsdóttur, lyfsala í Reykjavík, þykir hæfilega metin 7500 króna sekt í menningarsjóð og komi 5 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hún ríkissjóði þrefaldan toll af innfluttum spíritus, kr. 15037.50, loks greiði hún 5% af kostnaði allrar sakarinnar og 75 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Fjeldsted.

Refsing ákærða Stefáns Thorarensen, lyfsala í Reykjavík, þykir hæfilega metin 24500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 9 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, svo greiði hann 4% af kostnaði allrar sakarinnar og 75 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Fjeldsted.

Að öðru leyti séu hinir ákærðu sýknir að kærum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar.

Enginn óeðlilegur dráttur hefir orðið á meðferð málsins og rekstur þess vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Gunnar Juul greiði 10000 króna sekt í menningarsjóð, og komi 5 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll af innfluttum spíritus, kr. 20493.75; hann skal einnig sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð. Ákærður Helgi Þorvarðarson greiði 500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Svo greiði þeir Gunnar Juul og Helgi Þorvarðarson in solidum 8% af kostnaði allrar sakarinnar og 250 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannesonar.

Ákærður Hans A. Svane greiði 20000 króna sekt í menningarsjóð, og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði

hann ríkissjóði þrefaldan toll af innfluttum spíritus, krónur 26456.15, svo skal hann sviptur leyfi til að reka lyfjabúð. Ákærður Jónas Hildimundarson greiði 1500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 65 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ennfremur greiði þeir Hans A. Svane og Jónas Hildimundarson in solidum 12% af kostnaði allrar sakarinnar og 250 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Ákærður Otto Gregers Nors Grundtvig greiði 10000 króna sekt í menningarsjóð, og komi 5 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll af innfluttum spíritus, krónur 10320.00, og skal sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð; loks greiði hann 6% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Ákærður Ole Bang greiði 9500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 5 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll, kr. 11156.25, af innfluttum spíritus, og skal sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð, loks greiði hann 8% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Ákærður Johan O. G. Ellerup greiði 15000 króna sekt í menningarsjóð, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, hann greiði ennfremur þrefaldan toll, kr. 36243.75, af innfluttum spíritus og skal sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð, loks greiði hann 8% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Ákærður Sören R. Kampmann greiði 12500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll, kr. 22193.75, af innfluttum spíritus, og skal sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð; loks greiði hann 6% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Ákærður Jóhannes Sigfússon greiði 5500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 4 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll, krónur 21977.00, af innfluttum spíritus, og skal sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð, loks greiði hann 7% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Ákærður Oddur Carl Thorarensen greiði 11500 kr. sekt í menningarsjóð, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll, krónur 9300.00, af innfluttum spíritus, og skal sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð. Ákærður Eyþór Aðalsteinn Thorarensen greiði 600 króna sekt í menningarsjóð, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og ákærður Sigurður Valdemar Flóventsson greiði 500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og loks greiði ákærðir Oddur Carl Thorarensen, Eyþór A. Thorarensen og Sigurður V. Flóventsson in solidum 11% af kostnaði allrar sakarinnar og 300 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Ákærður Aage R. Schiöth greiði 18500 króna sekt í

menningarsjóð, og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann þrefaldan toll, kr. 33187.50, af innfluttum spíritus, og skal sviptur leyfi til þess að reka lyfjabúð, loks greiði hann 6% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Ákærður Þorsteinn Scheving Thorsteinsson greiði 15000 króna sekt í menningarsjóð, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann ríkissjóði þrefaldan toll, krónur 43818.75, af innfluttum spíritus, loks greiði hann 6% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Ákærður Peter L. Mogensen greiði 4500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 3 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hann í ríkissjóð þrefaldan toll, krónur 33750.00, af innfluttum spíritus, loks greiði hann 5% af kostnaði allrar sakarinnar og 200 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Ákærða Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir greiði 7500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 5 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, ennfremur greiði hún ríkissjóði þrefaldan toll, kr. 15037.50, og loks greiði hún 5% af kostnaði allrar sakarinnar og 75 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Fjeldsted.

Ákærður Stefán Thorarensen greiði 24500 króna sekt í menningarsjóð og komi 9 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, svo greiði hann 4% af kostnaði allrar sakarinnar og 75 króna

málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Fjeldsted.

Allt hið kyrrsetta áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Ákærður Einar Kristjánsson skal sýkn af öllum kröfum og kærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar, og skal af almannafé greiða 3% kostnaðar allrar sakarinnar og 50 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærða, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannesonar.

Ákærður Svend A. Johansen greiði 2500 króna sekt í menningarsjóð, og komi 65 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, svo greiði hann 5% af kostnaði allrar sakarinnar og 100 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar.

Að öðru leyti skulu allir hinir ákærðu vera sýknir af kröfum og kærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 30. september 1938.

Nr. 64/1938. **Aðalsteinn Ingimundarson**
gegn
Guðrúnu Sumarliðadóttur

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Aðalsteinn Ingimundarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 5. október 1938.

Nr. 19/1938. **Réttvísin** (Theodór B. Lindal)
gegn
Skúla Pálssyni (Pétur Magnússon).

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 26. kap. hinna alm. hegningarlaga og lögum um gjaldþrotaskipti nr. 25 frá 1929.

Varadómendur prófessor Bjarni Benediktsson og prófessor Ísleifur Árnason í fjarveru hæstaréttardómaranna Einars Arnórssonar og Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Péturs Magnússonar, kr. 100.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. des. 1937.

1.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Skúla Guðmundi Rosenkrans Pálssyni, útgerðarmanni, til heimilis á Grettisgötu 64, hér í bæ, fyrir brot gegn 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 25 1929 um gjaldþrotaskipti.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Kirkjubóli í Holtsprestakalli í Önundarfirði hinn 8. janúar 1907. Hann hefir ekki sætt fyrr kærum eða refsingum.

2.

Með kaupsamningi, dags. 25. jan. 1936, keypti ákærði togarann Kóp af samnefndu sameignarfélagi, en fyrir milligöngu Útvegsbanka Íslands h/f, sem var aðalskuldheimtumaður félagsins.

Með þessum kaupum hóf ákærði útgerðarstarfsemi, en tókst aðeins að halda henni áfram til haustsins.

Að kröfu Útvegsbankans var ákærði úrskurðaður gjaldþrota í skiptarétti Reykjavíkur hinn 9. nóvember 1936. Jafnframt sendi bankinn kæru á hendur ákærða út af sviksamlegu athæfi til lögreglustjórans í Reykjavík, og verða þau atriði rakin nánar í 3. og 4. kafla dómsins.

Rannsókn út af þessari kæru bankans var felld saman við hina lögboðnu gjaldþrotarannsókn.

Sem endurskoðandi réttarins var ráðinn Halldór Sigfússon skattstjóri. Gerði hann upp bækur fyrirtækisins og taldist svo til, að tap á útgerðinni þennan tíma hefði numið kr. 39074.87 samkvæmt rekstrarreikningi. Þar við taldi hann nauðsynlegt að bæta oftöldum útistandandi skuldum o. fl., þannig að raunverulegt tap mundi nema kr. 44635.67.

Um bókhald útgerðarinnar vottar endurskoðandinn, að bækurnar hafi verið vel og greinilega færðar að undanteknu því, að færslur virðast iðulega vera gerðar allmjög eftir á og við lokin var óbókfært allmikið af viðskiptum, sem reikninga vantaði fyrir. Ákærði hefir skýrt þetta með því, að bókhald útgerðarinnar hafi um tíma verið vestur á Önundarfirði, meðan togarinn gekk þaðan

á karfaveiðar, en margar greiðslur hafi jafnhliða farið fram í Reykjavík, og hafi það óhjákvæmilega valdið nokkrum drætti. Við samanburð bóka og fylgiskjala fann endurskoðandinn engin atriði, er hann taldi rannsóknar þörf á.

3.

Ekki lagði ákærði eigið fé í útgerðina. Að vísu kvaðst hann hafa átt eitthvað á annað þúsund krónur, þegar hann hóf útgerðina, og eytt því fé í ýmiskonar kostnað í kringum hana. Kaupverð skipsins var kr. 142000.00, og fékk hann það að láni hjá Útvegsbankanum. En það var gert að skilyrði frá bankans hálfu, að ákærði gæti lagt fram sjálfur til útgerðarinnar kr. 24000.00.

Ákærði gerði það og greiddi bankanum þessa upphæð, sumpart upp í kaupverðið, en sumpart til greiðslu forvaxta af lánum bankans og kostnaðar við kaupin.

Ákærði samdi við Helga Guðmundsson, bankastjóra Útvegsbankans, um kaupin, og heldur bankinn því fram, að það hafi verið forsenda fyrir sölunni, að þessi greiðsla ákærða væri lögð fram sem varanlegur höfuðstóll fyrirtækisins, sem þannig væri réttlægri láni bankans. Bankastjórinn hefir mætt sem vitni í málinu og skýrt frá því, að hann hafi spurt ákærða að því, hvort hann legði fé þetta fram frá sjálfum sér. Ákærði færðist undan að svara því. Kvaðst þá bankastjórinn hafa sagt, að sér riði á að vita, ef þetta væri lánsfé, hvort það yrði fast í útgerðinni, og jafnframt hafa tjáð ákærða, að ef það ætti að endurgreiðast örar en hagnaður skipsins leyfði, þá myndi hann ekki fá skipið keypt. Ákærði svaraði bankastjóranum því, að hann gæti verið rólegur fyrir því að féð yrði tekið út úr rekstrinum á þann hátt, að bankanum yrði að baga, og tók það sérstaklega fram, að bankinn þyrfti ekki að óttast sjóveð á skipinu. Í trausti til þessarar fullyrðingar ákærðs kveðst bankastjórinn hafa látið ákærða hafa skipið, án þess að nánar væri út í það farið, hver væri eigandi fjárins eða með hvaða nánari kjörum það væri lagt fram.

Ákærði hefir lýst þessu samtali á svipaðan hátt. Hann kveðst hafa færzt undan að skýra frá því, hvaðan hann hafi það fé, er hann bauðst til að leggja fram, en kvaðst aftur á móti hafa fullvissað bankastjórann um það, að

það mundi ekki hafa áhrif á hag útgerðarinnar, hvernig þetta fé væri fengið í hana, ef bankinn legði útgerðinni til rekstrarfé.

Fé það, er ákærði lagði fram, var fengið að láni hjá þeim Magnúsi Andréssyni, stórkaupmanni, að upphæð kr. 14000.00, og Baldvin Sigmundssyni, skipstjóra, að upphæð kr. 10000.00.

Voru gerðir um það skriflegir samningar. Samningurinn við Magnús er dagsettur 10. marz 1936. Samkvæmt honum skyldi lánið endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 4 mánuðum og vera að fullu greitt 1. ágúst 1936. Var gert ráð fyrir því, að ákærði afhenti Magnúsi vörur upp í afborganirnar, aðallega ufsaflök. Ákærði gaf út skuldabréf til Baldvins, dags. 28. jan. 1936. Samkvæmt því skyldi ákærði endurgreiða lánið með tveimur jöfnum afborgunum, hinn 15. júní og 15. júlí 1936. Jafnframt var um það samið, að ákærði réði Baldvin sem skipstjóra á togarann.

Af lánunum hefir ákærði greitt Magnúsi Andréssyni kr. 12650.70 á tímabilinu 6. júní til 10. september og Baldvin kr. 4000.00 hinn 31. júlí og kr. 500.00 hinn 30. september.

4.

Ákærði hélt togaranum út til karfaveiða um sumarið. Í lok septembermánaðar, að afloknum veiðunum, snéri ákærði sér til Útvegsbankans með beiðni um rekstrarlán, aðallega til að greiða skipshöfn. Átti hann um það viðræður við lögfræðing bankans, Guðm. Ólafs, fulltrúa, og Helga Guðmundsson, bankastjóra.

Ákærða var strax tjáð það, að ekki þýddi að fara fram á lán í þessu skyni, nema bankinn fengi skýrslu um rekstur skipsins. Afhenti þá ákærði skýrslu um karfaveiðar, sem sýndi, að á þeim hafði orðið halli að upphæð kr. 14743.00.

Jafnframt skýrði ákærði Guðmundi Ólafs frá því, að ógreitt kaup til skipshafnar næmi ca. kr. 12000.00, að því er Guðmundur hefir borið. Bankanum var kunnugt um, að skýrsla þess var ekki nákvæm, og við athugun þóttu strax nokkrir liðir í henni rangir. Afhenti ákærði þá bankanum í framhaldi af þeim tvær skýrslur, aðra yfir kolaeyðslu skipsins, sem gerð var með fyrirvara, en hin hafði

að fyrirsögn „Yfirlit yfir ógreitt kaup til skipshafnar“, og var upphæð þessi kr. 14918.00.

Skýrslur þær, er ákærði lagi fyrir bankann, var bankanum kunnugt um, að ekki voru samdar eftir bókum útgerðarinnar og þess vegna áætlaðar, enda koma þær ekki heim við raunverulegan hag hennar. Eftir atvikum þykir þó ekki ástæða til að finna að því eða rekja skýrslurnar nánar, að undanteknu „yfirliti yfir ógreitt kaup til skipshafnar“.

Eins og áður er getið, kveðst Guðmundur Ólafs strax hafa spurt ákærða að því, hvað hann skuldaði skipshöfn sinni mikið og sagði ákærði það þá vera ca. kr. 12000.00. Samkvæmt hinu framlagða yfirliti er það kr. 14918.00. Við uppgjör fyrirtækisins nam það raunverulega kr. 36857.13.

Ákærði hefir haldið því ákveðið og eindregið fram, að skýrsla þessi til bankans um ógreitt kaup til skipshafnar hafi ekki átt að skiljast sem heildarupphæð kaupkrafna skipshafnar, heldur aðeins upphæð sú, er hann taldi sér nauðsynlegt að greiða skipverjum til þess að þeir skelltu ekki sjóveði á skipið.

Hefir hann haldið því fram, að Guðmundur hafi í fyrstu spurt sig um þetta, og hann svarað í samræmi við það. Hann hefir og haldið því fram, að þrátt fyrir fyrirsögn skýrslunnar hafi hann munnlega tjáð bæði Guðmundi Ólafs og Helga Guðmundssyni, að hún næði aðeins yfir það kaup, sem nauðsynlegt væri að greiða strax, en ekki heildarupphæðina. En þeir báðir, Guðmundur Ólafs og Helgi Guðmundsson, hafa eindregið neitað því, að ákærði hafi gert nokkurn fyrirvara um þessa skýrslu sína. Þeir kveðast báðir hafa krafizt vitneskju um það, hvað raunverulegar kaupkröfur námu miklu, og tekið við skýrslunni sem svari við því.

Um það leyti, sem ákærði átti í þessari lánbeiðni við bankann, átti hann viðtöl við skipshöfn sína um að líða sig um nokkuð af inneign skipverja. Hefir skipstjóri borið, að það sé rétt, og skipverjar yfirleitt muni hafa fallizt á að líða útgerðina um greiðslu á meira eða minna af inneign sinni, ef takast mætti að halda skipinu úti með því móti. Samkvæmt þessum viðtölum kveðst ákærði hafa samið skýrslu sína og ætlaði hverjum skipverja þá upphæð, sem hann gæti sætt sig við.

Bókari útgerðarinnar, Óskar Aðalsteinn Gíslason, hefir borið, að hann hafi tekið saman lista yfir raunverulegar skuldir útgerðarinnar til skipshafnar, og hafi hann legið fyrir ákærða, þegar hann samdi lista sinn.

Þar sem bankanum þóttu þessar skýrslur ákærða ekki fullnægjandi krafðist hann þess, að ákærði léti trúnaðarmann bankans gera upp hag útgerðarinnar eftir bókum hennar, ef hann vildi fá áfram lán til hennar.

Var ákærði fús til þess og lét Jón Björnsson, bókhaldara, í samráði við bankann semja reikninga fyrirtækisins.

Þegar bankanum barst skýrsla hans, synjaði hann ákærða um lánið og krafðist gjaldþrotaskipta á búinu, eins og áður er sagt.

5.

Af því, sem komið hefir fram í rannsókn málsins, þykir ekki ástæða til að athuga með tilliti til refsilaga þeirra, er í stefnunni greinir, annað en atriði þau, sem rakin eru í 3. og 4. kafla hér að framan.

Eins og atvikum að skipskaupunum var lýst, verður ekki talið, að ákærði hafi framið refsiverðan verknað með því að skýra bankanum ekki nákvæmar frá því, með hvaða kjörum framlag það, er hann hafði yfir að ráða, var lagt í útgerðina.

Heldur ekki verður talið, að hann hafi bakað sér refsiábyrgð með greiðslum sínum til þeirra Magnúsar Andréssonar og Baldvins Sigmundssonar. Þær fara fram samkvæmt fyrirfram gerðum samningum og þó raunar síðar. Útgerðin hafði þá ekki staðið árið, hagur hennar aldrei verið gerður upp, og er nú ekki hægt að sjá hag hennar á þeim tíma, sem þær greiðslur fóru fram, að því er endurskoðandi réttarins telur. Og þótt ákærði á þeim tíma hafi að sjálfsögðu verið farinn að finna til greiðsluörðugleika, verður ekki talið, að hann hafi hlotið að sjá gjaldþrot sitt fyrir, enda verður þess ekki krafizt af útgerðarmönnum almennt, að þeir á miðri vertíð geti séð fyrir hag sinn í vertíðarlok.

Hvað snertir tilraun ákærða til að fá lán hjá Útvegsbankanum og skýrslur þær, er hann þá lagði fram, þá þykir hann heldur ekki eftir atvikum verða sakfelldur. Að vísu verður „yfirlitið yfir ógreitt kaup til skipshafnar“ að teljast stórum villandi, ef það er tekið eins og fyrir-

sögn þess segir til, og eins og þeir Helgi Guðmundsson og Guðmundur Ólafs telja sig hafa skilið það. En ákærði hefir eindregið og ákveðið haldið því fram, að það bæri að skilja sem yfirlit yfir það af skuldum útgerðarinnar, sem skipshöfnin krafðist greiðslu á strax, og að hann hafi gert ráðamönnum bankans það skiljanlegt. Hann hefir talið, að fyrirsögn skýrslunnar hafi orðið svona hjá sér fyrir kjánaskap og óvarkárni, en alls ekki verið sett á skýrsluna í blekkingarskyni. Eins og áður er getið, er það upplýst, að um þetta leyti átti ákærði í samningum við skipshöfn sína um að gera ekki kröfur um greiðslu alls kaupsins strax, og styður það þennan framburð ákærðs. Skýrslan kom einnig þannig fyrir að öðru leyti, að hún leit ekki út fyrir að vera heildaryfirlit.

Þannig stóðu allar upphæðir á heilum krónum og flestar á tug. Skipstjóri og stýrimaður voru ekki heldur taldir á henni og veitti bankinn þessu strax athygli. Ákærði var líka strax fús á að láta trúnaðarmann bankans rannsaka bækur sínar, er farið var fram á það, og reyndi ekki að beita hann neinum blekkingum, en við þá rannsókn kom strax í ljós, að skýrslan náði ekki yfir allar skuldir útgerðarinnar.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið rakið, ber að sýkna ákærða af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Með tilliti til þeirra úrslita ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða, Péturs Magnússonar hrm., sem ákveðast kr. 100.00.

Á málinu hefir orðið nokkur dráttur, sem sumpart er skýrður í prófum málsins, en sumpart stafar af önnum við embættið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Skúli Pálsson, skal sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærðs, Péturs Magnússonar hrm., kr. 100.00.

Föstudaginn 7. október 1938.

Nr. 54/1938. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Frederick Rippin (Theodór B. Lindal).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjóuppdrátt, sem lagður hefir verið fram í hæstarétti, staðarákvörðun þá, sem skipstjóri varðskipsins „Ægir" ásamt 1. og 2. stýrimanni gerði kl. 10.53 og staðarákvörðun sömu yfirmanna varðskipsins kl. 11.32 við dufl það, sem sett hafði verið út frá varðskipinu kl. 10.44. Samkvæmt niðurstöðu skólastjórans hefir togari kærða verið 0.83 sjómílur innan landhelgi kl. 10.53 og staður duflsins verið 0.77 sjómílur innan landhelgi. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að sektin verði með tilliti til gullgengis íslenzkrar krónu, sem nú er 47.74, kr. 21000.00, og afpláni kærður sektina með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birting dóms þessa. Svo greiði kærður og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 150.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo, að sekt kærða ákveðst 21000 krónur, sem afplánist með einföldu fangelsi í 7 mánuði, ef hún

greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Frederick Rippin, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Theodórs B. Líndal, kr. 150.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. apríl 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Frederick Rippin, skipstjóra á togaranum Seddon G. Y. 991, fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5 1920 sbr. lög nr. 4 1924.

Kærður kveðst vera 30 ára að aldri. Hann hefir ekki, svo kunnugt sé, gerzt áður sekur við íslenzka fiskveiðalöggjöf.

Í gærmorgun kl. 9.20 var varðskipið Ægir statt út af Garðskaga og hélt suður með landhelgilínunni. Klukkan 10.40 hélt varðskipið að togara kærðs, Seddon G. Y. 991, sem virtist vera innan landhelgilínunnar. Gaf varðskipið því næst stöðvunarmerki og skaut síðar, þegar togarinn ekki stoppaði, púðurskoti.

Kl. 10.50 stöðvaði togarinn og byrjaði að draga inn stjórnborðsvörpu, sem var úti.

Kl. 10.53 gerði skipherra varðskipsins eftirfarandi staðarákvörðun rétt hjá togaranum, meðan varpan var höluð upp:

Stafnesviti
> 46° 21'
Kirkjuvogskirkja
> 55° 23'
Sýrfell

Gefur það stað togarans 0.9 sjómílur innan landhelgilínunnar.

Kl. 10.44 setti varðskipið út bauju rétt utan við togarann. Staðarákvörðun baujunnar er þessi:

Stafnesviti
> 45° 55′
Kirkjuvogskirkja
> 54° 25′
Sýrfell

eða 0.8 sjómílur innan landhelgilínunnar.

Skipherra varðskipsins bauð kærðum að athuga mælingarnar, en hann afþakkaði það. Hann framkvæmdi aftur á móti sjálfur kompásmiðanir og hefir vefengt staðarákvarðanir skipherra, með tilvísun til árangurs þeirra.

Um borð í varðskipinu tók kærður þessar miðanir: (réttvísandi)

Stafnesviti 41°
Reykjanesviti 154°

Að tilhlutun réttarins setti skipherra þessa miðun út í sjókort, og gaf það staðinn 0.9 sjóm. innan landhelgilínu.

Samkvæmt eigin ósk fékk kærður síðan leyfi til að fara um borð í togarann og framkvæmdi staðarákvarðanir þar. Þar kveðst hann hafa miðað stað baujunnar á þessa leið:

Stafnes A t N
Reykjanes S ½ A
Eldey SV ½ S.

Einnig þessa miðun setti skipherra út í sjókort réttarins. Komu þá fram 4 mismunandi staðir 0.4—0.8 sjóm. utan landhelgilínunnar.

Að áliti réttarins verður að leggja mælingar varðskipherrans til grundvallar dómi í málinu, enda geta þær á engan hátt orðið vefengdar með hinum ónákvæmu miðunum kærðs, sem þar að auki eru ekki staðfestar af öðrum.

Samkvæmt þessu verður að telja, að kærður hafi gerzt sekur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Refsing hans þykir, með tilliti til gullgildis íslenzkrar krónu í dag, hæfilega ákveðin 20200.00 króna sekt.

Sektin renni til landhelgisjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa,

afplánist hún í einföldu fangelsi í 7 mánuði. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Seddon G. Y. 991, skal upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað málsins.

Málið hefir verið rekið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Frederick Rippin, greiði 20200.00 krónur í sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella í einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Seddon G. Y. 991, skal upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. október 1938.

Nr. 53/1938. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Sigurjóni Jóhannessyni
(Einar B. Guðmundsson)
og
Magnúsi Norðdal
(Garðar Þorsteinsson).

Tveir bifreiðarstjórar sektaðir og sviptir ökuleyfi vegna ölvunar við akstur.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn hinum kærðu, sem báðir eru bifreiðarstjórar, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða nr. 70/1931 og áfengislögum nr. 33/1935.

Að því er varðar sök kærða Sigurjóns er eftirfarandi upplýst með eigin játningu hans og framburðum vitna. Sunnudaginn 27. júní 1937 kl. um 1.30 e. h. byrjaði hann að aka fólksflutningsbifreið um Siglufjörð. Nokkru síðar tók hann að neyta áfengis. Fyrst kveðst hann hafa farið heim með manni nokkrum og drukkið hjá honum tvö staup af brennivíni. Síðan hafi hann fengið hálfflösku af brennivíni hjá manni þessum og haft hana með sér, er hann ók þaðan aftur. Hafi hann síðan drukkið úr hálfflösku þessari, annaðhvort í bílnum eða heima hjá sér. Um kl. 5 hitti hann meðkærðan Magnús, tók hann í bifreiðina og ók með hann eitthvað um bæinn. Síðan ók hann með Magnús heim til manns þess, er hann hafði fengið brennivínið hjá fyrr um daginn, og fékk hann nú hjá honum rúman pela af brennivíni. Kveðst hann hafa haft þetta áfengi með sér út í bifreiðina, en ekki muna, hvað af því hafi orðið, eða hvort þeir Magnús hafi drukkið það. Eftir þetta hafi þeir ekið eitthvað um bæinn, en síðan heim til meðkærðs Magnúsar. Átti Magnús þar flösku með brennivíni, og neyttu þeir af því þar heima, en er þeir fóru þaðan aftur, tók Magnús með sér brennivín á hálfflösku. Óku þeir síðan enn um bæinn, og var kærði Sigurjón jafnan við stýrið. Kl. á 10. tímanum um kvöldið ók hann bifreiðinni út af veginum, og varð að fá aðstoð til þess að koma henni upp á veginn aftur. Virðist akstri Sigurjóns þá hafa verið lokið þann dag. Hann hefir játað, að hann hafi verið með áhrifum áfengis við aksturinn, og mörg vitni hafa borið, að þau hafi séð á honum áhrif áfengis í þetta skipti. Eitt vitni kveður hann hafa verið ölvaðan, og annað vitni kemst svo að orði, að hann hafi verið það fullur, að hann hafi „slangslað til". Virðist fram-

burður vitna þessara vera í samræmi við það, sem upplýst er um áfengisneyzlu kærða Sigurjóns.

Um kærða Magnús er þess getið hér að framan, að hann kom í bifreiðina til kærða Sigurjóns kl. um 5 e. h. nefndan dag, og var hann síðan með honum, unz bifreiðinni var ekið út af veginum. Fór hann þá og náði í vörubifreið, er hann átti, og ætlaði að aka henni á stað þann, þar sem hin bifreiðin fór út af veginum, en áður en hann komst þangað, sá hann, að önnur bifreið var komin til aðstoðar, og sneri hann þá heim aftur. Ók hann ekki bifreið í þetta skipti annað en það, sem hér var sagt. Hann hefir neitað því, að hann hafi fundið á sér áfengisáhrif í þetta skipti, því að áður en hann ók bifreiðinni, hafi hann aðeins neytt eins staups af brennivíni heima hjá sér. Þetta er þó ekki unnt að taka trúanlegt, því að fjöldi vitna hefir borið og staðfest með eiði, að þau hafi séð kærða Magnús á tímanum frá kl. um 7 og til kl. að ganga 10 umræddan dag, og hafi hann þá verið áberandi ölvaður. Hafi hann haft drykkjumannalátæði og yfirbragð og reikað í gangi.

Brot hinna kærðu, sem lýst er hér að framan, varða við 4. mgr. 5. gr. laga nr. 70/1931 og 1. mgr. 21. gr. laga nr. 33/1935, og, að því er kærða Magnús varðar, einnig við 3. mgr. nefndrar 21. gr. Þykir refsing kærða Sigurjóns samkvæmt 14. gr. laga nr. 70/1931 og 39. gr. laga nr. 33/1935 hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 14 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber og, með því að hér er um ítrekað brot að ræða á ákvæðum 4. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 70/1931, að dæma kærðan Sigurjón til að missa ökuleyfi sitt æfilangt.

Refsing kærða Magnúsar þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi samkvæmt þar nefndum lagagreinum 100 króna sekt til ríkissjóðs og svipting ökuleyfis í 6 mánuði. Komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Í þinghaldi 28. júní 1937 getur dómarinn þess, að hann svipti kærðan Magnús ökuleyfi fyrst um sinn, en ekki er þess getið síðar í prófunum né í hinum áfrýjaða dómi, hvort eða hvenær honum hafi verið afhent ökuskírteinið aftur, og hafa ekki komið fram upplýsingar um það hér fyrir rétti. Þykir því verða að ákveða, að kærður Magnús skuli sviptur ökuleyfi sínu um 6 mánaða tíma frá lögbirtingu dóms þessa, en þó svo, að frá sé dreginn sá tími, er hann nú þegar hefir verið sviptur leyfinu vegna umræddS brots.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma kærða Magnús til þess að greiða málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, kr. 20.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 75.00, og kærðan Sigurjón til að greiða málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns síns fyrir hæstarétti, kr. 75.00. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 90.00, ber hinum kærðu að greiða in solidum.

Við rannsókn og meðferð máls þessa er það að athuga, að ýms vitni, sem borið hafa á annan veg en þann, er hinir kærðu hafa viljað viðurkenna að rétt væri, hafa verið eiðfest án samprófunar við hina kærðu, og að þeir eru ekki kvaddir til að hlýða á eiðvinningu vitnanna, heldur er þeim skipaður talsmaður. Verður þó ekki annað séð af prófum málsins en að auðvelt hefði verið að ná í hina kærðu,

samprófa þá við vitnin og láta þá síðan sjálfa hlýða á eiðvinningu þeirra. Þá er ekki tilgreint í forsendum né niðurstöðu dómsins, frá hvaða tíma kærði Magnús skuli sviptur ökuleyfi sínu. Loks skortir að mestu leyti lýsingu á málavöxtum í hinn áfrýjaða dóm, og dómurinn ber það með sér að öðru leyti, að ekki hefir verið gætt nauðsynlegrar vandvirkni við samningu hans.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Sigurjón Jóhannesson greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 14 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal hann og sviptur æfilangt rétti til að aka bifreið.

Kærði Magnús Norðdal greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal hann og sviptur rétti til að aka bifreið í 6 mánuði frá lögbirtingu dómsins, þó þannig, að frá skal dreginn sá tími, sem hann kann nú þegar að hafa verið sviptur ökuleyfi vegna brots þessa.

Kærði Magnús greiði talsmanni sínum í héraði, Jóni Sigurðssyni lögfræðingi, 20 krónur í málsvarnarlaun, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 75.00. Kærði Sigurjón greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Einars

B. Guðmundssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 75.00. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns kr. 90.00, greiði hinir kærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðarkaupstaðar 13. sept. 1937.

Það er sannað í málinu bæði með vitnaframburði og játningu kærðs, að kærður Sigurjón Jóhannesson hafi verið ölvaður við bifreiðaakstur á götum bæjarins 27. júní s. l. Hinsvegar hefir meðkærður Magnús Norðdal með öllu neitað slíku, en með vitnisburði nokkurra vitna er sannað, að Magnús Norðdal hafi líka verið ölvaður við bifreiðaakstur á götum Siglufjarðar téðan dag.

Verður því að telja, að báðir hinna kærðu (sic) hafi gerzt brotlegur við 5. og 14. gr. bifreiðalaganna 70/1931 og 21. gr. áfengislaganna 33/1935 samber 39. gr. þeirra laga.

Kærður Magnús Norðdal hefir eigi áður sætt refsingu af hálfu þess opinbera, en meðkærður Sigurjón Jóhannesson, sem hefir ekki mætt við rekstur málsins, hefir nokkrum sinnum verið sektaður fyrir ölvun á almannafæri og tvisvar verið sektaður fyrir brot á bifreiðalögunum og með hæstaréttardómi 14/12 1928 sektaður fyrir ölvun við bifreiðaakstur og til sviptingar bifreiðarökuleyfis í eitt ár.

Álízt refsingin fyrir kærðan Magnús Norðdal hæfileg 100.00 kr. sekt í ríkissjóð, sem afplánist með 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dómsins, en auk þess greiði kærður skipuðum talsmanni sínum, Jóni Sigurðssyni lögfræðing, 20.00 kr. í málskostnaðarlaun og að auki allan kostnað sakarinnar að öðru leyti in solidum við kærðan Sigurjón Jóhannesson, refsing hins síðarnefnda álízt hæfileg 150.00 kr. sekt í

ríkissjóð, er afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dómsins. Svo greiði kærður ásamt in solidum meðkærðum allan kostnað sakarinnar, nema málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns Magnúsar Norðdals.

Fyrir því dæmist kærður til sviptingar bifreiðarskírteinis, Magnús Norðdal í 6 mánuði, en Sigurjón Jóhannesson í 18 mánuði.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Sigurjón Jóhannesson bifreiðarstjóri í Reykjavík sæti 150.00 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, og hafi fyrirgert rétti sínum til bifreiðaaksturs um 18 mánaða skeið frá 17. (sic) júní s. l. að telja.

Magnús Norðdal sæti 100.00 kr. sekt í ríkissjóð, sem afplánist með 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, og hafi fyrirgert rétti sínum til bifreiðaaksturs um 6 mánaða skeið.

Auk þess greiði báðir hinna kærðu (sic) allan kostnað sakarinnar, nema 20.00 kr. málsvarnarlaun til Jóns Sigurðssonar, sem Magnús Norðdal greiðir einn.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. október 1938.

Nr. 7/1937. **Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu**
(Eggert Claessen)
gegn
Sjúkrahúsinu „I. Gudmanns Minde“
(Pétur Magnússon).

Sýslunefnd sýknuð af kröfu um greiðslu fjárframlags til sjúkrahúss, er sýslufundur hafði samþykkt.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 19. jan. 1937 hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. s. m., hefir krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í máli þessu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Í máli þessu hafa verið lögð fram mjög mörg ný skjöl fyrir hæstarétti, enda virðist það hafa verið allslælega upplýst í héraði, eins og að er vikið í héraðsdóminum.

Með bréfi 11. nóv. 1873 gaf F. Gudmann „Akureyri Köbstad og Omegn“ hús með lóð á Akureyri, og lét gefandinn búa húsið út sem sjúkrahús. Samkvæmt gjafabréfinu kaus bæjarstjórn Akureyrar í upphafi nefnd manna til að stjórna spítalanum, og virðist Eyjafjarðarsýsla eigi hafa haft afskipti af stjórn hans fyrr en 1899. Með reglugerð 13. júní s. á. var svo mælt, að sýslunefnd skyldi kjósa annan endurskoðanda spítalans, og ef breyta skyldi reglugerð hans, þá skyldu það gera 2 menn kosnir úr

bæjarstjórn Akureyrar, 2 menn kosnir úr sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, spítalalæknirinn og oddviti sýslunefndar og bæjarstjórnar. Árið 1909 var sýslunefnd því næst, samkvæmt tilmælum sínum, heimilað að kjósa einn mann í stjórnarnefnd spítalans. Árið 1916 var reglugerð spítalans loks breytt svo, að bæjarstjórn Akureyrar og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu skyldu hafa á hendi yfirstjórn spítalans, en stjórnarnefnd hans var framvegis skipuð 3 mönnum, spítalalækni, einum manni kosnum af bæjarstjórn og öðrum kosnum af sýslunefnd. Ákvæði reglugerðar 13. júní 1899 um breytingar á reglugerð spítalans héldust óbreytt.

Árið 1920 var spítalinn stækkaður og endurbættur, og tóku bæði bæjarstjórn og sýslunefnd að sér sjálfskuldarábyrgð á skuldum vegna þessara breytinga. Bæði bæjarstjórn og sýslunefnd veittu árlega styrk til spítalans eftir 1920, og var framlag hvors um sig með vissu jafnt öll árin 1924—1929. Síðastnefnt ár gerði bæjarstjórnin ráðstafanir til endurskoðunar á reglugerð spítalans, og komst fullur rekspölur á það mál fyrra hluta ársins 1930. Þann 1. apríl s. á. samþykkti bæjarstjórnin frumvarp að nýrri reglugerð. Samkvæmt því frumvarpi skyldi spítalinn rekinn „á ábyrgð bæjar og sýslu", enda skyldi bæjarstjórn og sýslunefnd hafa yfirstjórn hans á hendi „svo lengi sem sýslan styrkir hann með fjárframlögum til jafns við bæinn", en bæjarstjórn skyldi geta tekið stjórn spítalans að fullu í sínar hendur, þegar er sýslan legði ekki jafnt af mörkum og bærinn til spítalahaldsins.

Frumvarp þetta sendi bæjarstjórn sýslunefnd, og var það rætt á fundi hennar 4.—9. apríl 1930. Jafnframt barst sýslunefnd erindi frá stjórnar-

nefnd spítalans um 2000 kr. fjárframlag til hans árið 1930. Var fjárveiting þessi samþykkt á sýslufundinum, tekin á fjárhagsáætlun sýslunnar fyrir 1930 og birt í prentuðum fundargerðum sýslunefndar. Jafnframt tók sýslufundur reglugerðarfrumvarp bæjarstjórnar til meðferðar, en gat ekki fallizt á ákvæði þess öll, og bar því fram og samþykkti andstæð fyrirmæli um nokkur þýðingarmikil atriði. Dagana 10. og 11. apríl 1930 tóku bæjarstjórn og sýslunefnd frumvarpið hvor í sínu lagi til meðferðar, og gekk ekki saman, enda lét sýslunefnd svo um mælt í lok fundar síns 11. apríl, að fulltrúi hennar, er hún hafði kosið í stjórnarnefnd spítalans, skyldi ekki taka þar sæti, ef ekki yrði samkomulag um reglugerðarbreytinguna. Þann 27. maí 1930 tekur bæjarstjórn loks af skarið um ágreininginn og kveðst mundu taka ein stjórn spítalans að öllu leyti „samkvæmt gjafabréfinu", ef sýslunefnd vildi ekki samþykkja reglugerðina eins og bæjarstjórn vildi hafa hana, og kjósa þá ein stjórnarnefnd spítalans, ef sá maður, er sýslunefnd hafði kosið, vildi ekki taka sæti í nefndinni. Þessar ályktanir tilkynnir bæjarstjórn sýslunefnd þann 16. júní 1930, og 18. s. m. tilkynnir hún sýslunefnd, að hún hafi kosið 2 menn, með spítalalækni, í stjórnarnefnd spítalans. Þann 22. okt. 1930 lýsti svo fulltrúi sýslunnar í spítalanefndinni yfir því, að hann gæti ekki að svo stöddu tekið þar sæti, þar sem ekki hefði náðst samkomulag um reglugerðarbreytingarnar.

Eftir flutningi málsins fyrir hæstarétti verður að byggja á því, að bæjarstjórn Akureyrar hafi að öllu tekið stjórn spítalans frá 16. júní 1930, og að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hafi látið það með öllu

óátalið, og hafi þar með afsalað sér hlutdeild í stjórn spítalans.

Sem fyr segir, samþykkti sýslunefndin á fundi sínum 4.—9. apríl 1930 fjárframlag til spítalans fyrir árið 1930. Þá var enn óséð, hvort samkomulag um reglugerðarbreytingarnar næðist. Svo sem ráða má af framanskráðri greinargerð um stjórn spítalans, höfðu bæjarstjórn og sýslunefnd allmörg ár rekið hann, og styrkt hann og stjórnað honum sem jafnréttháir aðiljar, og höfðu skyldur hvor gagnvart öðrum í þessu efni með sama hætti. Gagnvart bæjarstjórn Akureyrar, sem nú er fyrirsvarsmaður spítalans að öllu leyti, var sýslunefndin því, eins og málum enn var háttað, meðan sýslufundurinn 4.—9. apríl 1930 stóð yfir, skyld að samþykkja fjárframlag til spítalans, jafnhátt og bæjarstjórnin hafði undanfarið veitt af hendi bæjarins, svo sem verið hafði allmörg undanfarin ár. Í máli þessu virðist samkomulag um það, að eigi sé krafið um hærri fjárhæð en bæjarstjórn hafi veitt til spítalans árið 1930, og verður sú varnarástæða áfrýjanda, að hann hafi aldrei að lögum með samþykkt sinni um fjárveitinguna og birtingu samþykktarinnar í hinum prentuðu fundargerðum bakað sér skyldu til greiðslu hinnar samþykktu fjárhæðar, því ekki tekin til greina.

Þó að sýslunefndin væri samkvæmt framansögðu bundin við fjárveitingu sína til spítalans á sýslufundinum, eins og þá stóð á, þá verður samt að líta svo á, að sýslunefndin hafi samþykkt fjárveitinguna með það fyrir augum og á þeim grundvelli, að hún hefði framvegis hlutdeild í stjórn spítalans, svo sem verið hefði. Og verður að telja þetta svo verulega forsendu, að áfrýjandi hafi losnað við skuldbind-

ingu sína um greiðslu framlagsins til spítalans, þegar bæjarstjórnin firrti hann hlutdeild í stjórn hans. Og skiptir það hér ekki máli, þótt bæjarstjórn Akureyrar léti sjúklinga úr Eyjafjarðarsýslu halda út árið 1930 sömu kjörum á spítalanum sem Akureyringa sjálfa, án nokkurra afskipta frá sýslunefndinni til eða frá.

Verður því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, á að vera sýkn af kröfum stefnda, sjúkrahússins „I. Gudmanns Minde". Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 22. jan. 1936.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað með stefnu dags. 19. okt. 1935 af Jóni Sveinssyni lögfræðing fyrir hönd sjúkrahússins „Gudmanns Minde", Akureyri, gegn sýslumanni Sigurði Eggerz f. h. sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu. Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi f. h. sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu verði dæmdur til að greiða sér f. h. áðurgreinds sjúkrahúss kr. 1000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1931 til greiðsludags og málskostnað samkv. framlögðum reikningi að upphæð kr. 188.50.

Tildrög málsins tjáir stefnandi þau, að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hafi á fundi sínum 1930 lofað að minnsta kosti 1000 kr. styrk til sjúkrahússins „Gudmanns Minde" á því ári, en síðar neitað að greiða styrk þann að ástæðulausu, að því er stefnandi telur, og gerir hann því kröfu til þess, að stefndi f. h. sjúkrahússins verði dæmdur til greiðslu

styrks þessa með vöxtum og málskostnaði, eins og áður segir. Umboðsmaður stefnda hinsvegar krefst algerðrar sýknunar af dómkröfum stefnandans, en krefst aftur á móti málskostnaðar sér til handa að upphæð kr. 170.00 eða eftir mati réttarins. Byggir hann sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að aldrei hafi legið fyrir neitt gilt loforð af sýslunefndarinnar hálfu um styrk þann, sem málið snýst um, með því að ályktun sýslunefndarfundarins um styrkveitinguna hafi aldrei verið tilkynnt stjórn sjúkrahússins „Gudmanns Minde", en þá fyrst, ef slík tilkynning hefði átt sér stað, hefði getað stofnazt kröfuréttarsamband, byggt á loforði um styrkinn. Í annan stað heldur umboðsmaður stefnda því fram, að þótt hér hefði verið um bindandi loforð að ræða í fyrstu, þá hafi síðar orðið þær breytingar á stjórn og rekstri sjúkrahússins, sem ekki hafi verið gert ráð fyrir, þegar sýslunefnd gerði ályktun um styrkinn, og hafi því hér verið um brostnar forsendur að ræða, sem heimili sýslunefndinni að breyta ákvörðun sinni um styrkveitinguna.

Eftir því sem séð verður á skjölum málsins, virðist sjúkrahúsið „Gudmanns Minde" hafa verið um mörg ár eða áratugi rekið sem sjálfstæð stofnun, þótt stjórn þess hafi verið skipuð að nokkru leyti af bæjarstjórn Akureyrar og að nokkru af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. En upphaflega var sjúkrahúsið stofnað af gjafafé frá útlendum manni, og virðist það vera eða hafa verið nokkuð á reiki, hvort stofnunin hafi raunverulega verið alger sjálfseignarstofnun eða verið eign Akureyrarbæjar eða bæjar og sýslu eða jafnvel nærliggjandi héraða. Virðist Akureyrarbær og Eyjarfjarðarsýslu hafa um langt árabil lagt stofnuninni til árlegan rekstursstyrk að jöfnu, enda virðist ályktun sýslunefndarinnar um styrk til sjúkrahússins 1930 hafa verið í samræmi við eða í áframhaldi af svipuðum styrkveitingum á undanförnum árum. Þó er engin nánari grein gerð fyrir þessu undir rekstri málsins, og heldur ekki nein skýring á því, að umrædd ályktun sýslunefndar 1930 ræðir um „2000 kr. styrk úr sýslusjóði gegn jafnmiklum styrk frá Akureyri", en í máli þessu er þó aðeins stefnt um 1000 kr. Eigi er heldur nein grein gerð fyrir þeim breytingum, er virðist hafa orðið á stjórn og rekstri sjúkrahússins um eða eftir 1930, eða hvenær þær breyt-

ingar komu til framkvæmda, umfram það, að fulltrúi sýslunefndar virðist hafa átt sæti í stjórnarnefnd sjúkrahússins allt árið 1930, en eftir það virðist hafa orðið breyting á þessu fyrirkomulagi um stjórnina. Þá er og engin grein gerð fyrir því, hvort það hefir verið venjan á undanförnum árum, að sýslunefnd tilkynnti sjúkrahússstjórninni sérstaklega ályktanir sínar um styrkveitingar, er greiddar höfðu verið árlega, eða hvort ályktunin ein og birting hennar í prentuðum sýslufundargerðum hefir verið látin nægja.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, verður rétturinn að líta svo á, að sjúkrahúsið, þar sem það var rekið sem sjálfstæð stofnun, hafi getað öðlazt kröfurétt á hendur sýslunefnd samkvæmt ályktun hennar um styrkveitingu, enda var ályktunin gerð í sambandi við skriflegt erindi þess efnis frá sjúkrahússtjórninni. Og þar sem hér var um ályktun að ræða, er gerð var á opinberum fundi og væntanlega hefir verið tekin upp í prentaðri fundargerð, verður að telja sýslunefndina jafnbundna við þessa ályktun, eins og um tilkynnt loforð hefði verið að ræða, einkum þar sem styrkveiting þessi virðist hafa verið áframhald af samskonar styrkveitingum á undanförnum árum og gaf ekki, út af fyrir sig, tilefni til neinna sérstakra samninga við sjúkrahússstjórnina, það verður því að álíta sýslunefndina bundna við styrkloforð sitt, nema því aðeins að einhverjar þær breytingar hafi verið gerðar á stjórn og starfsreglum sjúkrahússins þegar á árinu 1930, sem heimiluðu sýslunefnd að ganga frá loforðinu.

En að slíkar breytingar hafi gerzt eða komið til framkvæmdar á árinu 1930, er ekki upplýst í málinu. Samkvæmt þessu verður að dæma stefnda til greiðslu hins umstefnda styrks, kr. 1000.00. Þar sem vaxtakröfu stefnandans hefir ekki verið mótmælt sérstaklega verður að taka hana til greina og dæma stefnda til að greiða 6% ársvexti af dómsupphæðinni frá 1. jan. 1931 til greiðsludags. En með tilliti til þess, hve málið er illa upplýst frá beggja hálfu — og ekki síst sækjandans — og því óvissara um rétta undirstöðu þess en þurft hefði að vera, þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Eggerz sýslumaður fyrir hönd sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, greiði stefnandanum, Jóni Sveinssyni lögfræðing á Akureyri fyrir hönd sjúkrahússins „Gudmanns Minde" á Akureyri, kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1931 að telja til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 14. október 1938.

Nr. 70/1938. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Halldóri Loftssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Ölvun á almannafæri.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 50.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Kærði, Halldór Loftsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 50.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 24. maí 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Halldóri Loftssyni verkamanni, til heimilis á Njálsgötu 49 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. janúar 1894, og hefir svo kunnugt sé í 80 skipti sætt sektum fyrir ölvun á almannafæri, þar af í 78 skipti frá árinu 1930 að því meðtöldu, en að öðru leyti hefir hann ekki sætt refsingum. Að kvöldi þess 18. þ. m. kl. um 8.25 var lögregluþjónn nr. 26 á gangi við gatnamót Austurstrætis og Pósthússtrætis og sá þá þar á ferð kærðan, er var mjög áberandi ölvaður. Gekk kærður austur yfir gatnamótin og slagaði eftir götunni, baðaði út höndunum og viðhafði söngl og hávaða.

Tók lögregluþjóninn kærðan með sér á lögreglu-varðstofuna, og var hann síðan færður í varðhald. Taldi lögregluþjónninn ástand kærðs þannig, að algerlega væri óforsvaranlegt að láta hann vera á almannafæri.

Framanritað er tekið eftir skýrslu lögregluþjónsins, er kærður hefir játað rétta vera. Kærður hefir kannazt við að hafa drukkið brennivín og brennsluspíritus nefndan dag frá hádegi og hafa verið orðinn blindfullur um kvöldið.

Framanritaðan verknað kærðs ber að heimfæra undir 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. gr., 2. mgr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930, og þykir refsing hans með tilliti til hinna tíðu ölvunarbrota kærðs fyrirfarandi hæfilega ákveðin 500 kr. sekt til menningarsjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 50 daga.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Halldór Loftsson, greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms

þessa, ella komi í hennar stað einfalt fangelsi í 50 daga.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. október 1938.

Nr. 40/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
John Gibb Souter (Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem að er vikið í héraðsdóminum fól undirdómarinn, meðan á rannsókn málsins stóð, þáverandi forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykjavík að marka á sjóuppdrátt staði varðskipsins „Ægir" kl. 09.00, 09.10 og 09.21, miðunarlínur frá stöðum þessum til togara kærða og stað þann, þar sem togarinn var stöðvaður kl. 09.40, allt samkvæmt mælingum yfirmanna varðskipsins. Samkvæmt afmörkunum skjólastjórans liggja ofannefndar miðunarlínur innan landhelginnar á alllöngu svæði og staður togarans á miðunarlínunni kl. 09.21 er innan landhelgi, sé talið víst, að hann, þ. e. togarinn, hafi siglt í V.S.V. til tökustaðarins, eins og kærði staðhæfir, eða í S.V. eins og skipherra varðskipsins hermir eftir kærða, en í þessu sambandi er þess að geta, að skipherrann kveður því hafa verið veitt allgreinilega eftirtekt frá varðskipinu, þegar það nálgaðist togarann, að hann

sigldi í vestur eða nálægt því. Fjarlægðin frá þeim stað, þar sem miðunarlínan kl. 09.21 sker landhelgilínuna og að tökustaðnum er, eftir staðsetningu skólastjórans, 1.7 sjómílur. Ef telja ætti, að togari kærða hefði ekki inn í landhelgina komið, þá yrði að gera ráð fyrir, að hann á þeim 19 mínútum, sem liðu frá því að hann var á miðunarlínunni kl. 09.21 og þangað til hann var stöðvaður, hefði siglt a. m. k. nefndar 1.7 sjómílur, en það svarar til 5.37 sjómílna siglingarhraða á klukkustund. En að togari kærða hafi siglt greinda leið á 19 mínútum með vörpuna í eftirdragi, verður ekki samrýmt þeirri skýrslu kærða, að hann sigli 2¾—3 sjómílur miðað við klukkustund með vörpuna í eftirdragi og að hann hafi togað í V.S.V. til tökustaðarins. Með tilvísun til framanskráðra atriða og ennfremur þess, að staðarákvarðanir togarans samkvæmt miðunum kærða sjálfs, þeim er í héraðsdóminum getur, koma alls ekki heim við skýrslu kærða um siglingarstefnu togarans né tökustaðinn, þá verður að telja sannað, að kærði hafi verið að veiðum í landhelgi. Ber þess vegna með þessum athugasemdum að staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að fjárhæð sektarinnar ákveðst 21100 krónur með tilliti til gullgengis íslenzkrar krónu, sem nú er 47.52, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 200.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, John Gibb Souter, greiði kr. 21100.00 sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, kr. 200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. marz 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn John Gibb Souter, skipstjóra á togaranum „Gunner" G. Y. 434, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924.

Hinn 6. þ. m. kl. 9.40 árdegis tók varðskipið Ægir togarann fastan vestur af Öndverðarnesi og var hann þá með vörpu í togi. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun, er gefur stað togarans um 0.75 mílu utan landhelgilínu.

Öndverðarnestáin
$> 19° 25'$

Svörtuloftaviti
$> 36° 30'$

Hólahólar

Varðskipið, sem var á leið vestur með Snæfellsnesi, varð vart við togarann laust fyrir kl. 9. Kl. 9 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Svörtuloftaviti

> 50° 50′

Hólahólar

> 47° 30′

Malarrifsviti

Samtímis miðaðist togarinn í r/v 339 og fellur miðunarlínan innan landhelgilínunnar á um 8.6 mílna svæði frá varðskipinu að telja, samkvæmt athugun varðskipherrans.

Kl. 9.10 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun varðskipsins:

Svörtuloftaviti

> 67° 53′

Hólahólar

> 30° 00′

Malarrifsviti

Miðunarlínan til togarans fellur innan landhelgilínu á um 7.4 mílna svæði.

Kl. 9.21 er staður varðskipsins ennþá ákvarðaður:

Svörtuloftaviti

> 76° 00′

Hólahólar

> 19° 00′

Dritvíkurtangi

Þá mældist hornið milli togarans og Svörtuloftavita 42° 54′, og fellur miðunarlínan innan landhelgi á um 5.5 mílna svæði.

Í skýrslu sinni hefir skipherrann haldið því fram, að kærður hafi í viðtali talið sig hafa siglt stefnurnar NA, meðan hann hélt upp að landinu, en síðan snúið skipinu til bakborða og stýrt eftir það í SV. Fyrir réttinum hefir kærður haldið því fram, að hann hafi stýrt stefnuna ANA, en síðan snúið í VSV, og sé skýrsla skipherra um þetta samtal sitt byggð á misskilningi. Sjálfur kveður skipherra sig hafa veitt því eftirtekt, að togarinn sigldi í vestlæga stefnu.

Nú hefir kærður jafnframt borið, að skip sitt fari með 2½—3 mílna hraða með vörpu í eftirdragi, og taldi skipherrann því, að togarinn hefði hlotið að vera innan landhelgilínunnar á tímabili því, er varðskipið veitti honum eftirtekt kl. 9—9.21 og nokkuð lengur, og það allt

að hálfri sjómílu, en til þess að togarinn hefði ekki komið í landhelgi á þeim tíma, sem mælingarnar voru gerðar á, hefði hann orðið að ganga með 7 mílna hraða til þess að komast á stað þann, er hann var tekinn á.

Að tilhlutun málafærslumanns útgerðarinnar fól rétturinn Páli Halldórssyni, skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík, að setja mælingar skipherrans út á sjókort að nýju. Hefir skólastjórinn athugað stöðu togarans kl. 9.21 samkvæmt mælingum varðskipsins, miðað við það, að hann hafi siglt til staðar þess, er hann var tekinn á, í misvísandi V. annarsvegar og misvísandi VSV hinsvegar, og eru báðir staðirnar innan landhelgilínu.

Kærður hefir eindregið neitað því að hafa farið inn fyrir landhelgilínu á umræddu tímabili, og hefir stutt það með miðunum í landmörk, sem hann kveðst hafa gert ásamt Páli Bjarna Sigfússyni, fiskileiðtoga togarans, sem hefir staðfest þá sögn kærðs um þetta og unnið eið að framburði sínum. Kveðst kærður hafa togað í stefnuna ANA, en snúið síðan í stefnuna VSV og verið þá í miðinu Hólahólar-Purkhóll, Svörtuloft um Hreggnasa, og gefi það stað togarans utan landhelgilínu. Um það bil, að varðskipið kom að togaranum, var hann í miðinu Purkhóll í snertingu við rætur Hólahóla að utan og Svörtulofta í Bárðarkistu. Báðar þessar miðanir hefir kærður sett út í sjókort og lagt fram í réttinum.

Þessi síðari miðun kærðs er samkvæmt framburði hans gerð á sama stað og samtímis staðarákvörðun varðskipsins kl. 9.40, sem fyrst er greind hér að framan. Skipherrann var þess vegna fenginn til að athuga muninn á staðarákvörðun varðskipsins og miðun kærðs, eins og hún er sett út á sjókort hans. Kom þá fram, að hinn afmarkaði staður kærðs er 302° r/v frá staðarákvörðun varðskipsins og fjarlægðin milli þeirra sem næst 2.8 mílur. Staður kærðs er 3.1 míla utan landhelgilínu.

Að áliti réttarins verður að ganga út frá því, að mælingar varðskipsins, sem gerðar eru af skipherra ásamt 1. og 2. stýrimanni varðskipsins, er báðir hafa staðfest þær með eiðfestum framburði sínum, séu réttar, enda hafa þær ekki verið véfengdar með rökum. Og með tilliti til framburðar kærðs sjálfs um siglingastefnu togarans og hraða hans með vörpu í togi verður að telja sannað, að

hann hafi verið innan landhelginnar á áðurumgetnu tímabili.

Samkvæmt þessu verður að telja kærðan hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924. Þykir refsing hans, sem ekki hefir svo kunnugt sé áður gerzt sekur við landhelgilöggjöfina, hæfilega ákveðin 20600 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og er þá tekið tillit til núverandi gullverðs íslenzkrar krónu. Verði sektin ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærður afplána hana með 8 mánaða einföldu fangelsi. Þá skulu og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Gunner G. Y. 434 upptækt gert og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, John Gibb Souter, greiði 20600 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 8 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Gunner G. Y. 434 sé upptækt gert og renni andvirðið í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. október 1938.

Nr. 57/1938. **Réttvísin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Gústaf A. Sveinssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn ákvæðum 136. og 142. sbr. 145. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Á skiptafundi í dánarbúi Páls Bjarnasonar, er haldinn var 23. marz 1931, lýsti skiptaráðandi yfir því, að tilefni fundarboðunarinnar væri, að valinn yrði sérstakur fjárvörzlu- og innheimtumaður fyrir búið. Lýsti skiptafundurinn sig samþykkan þessu, og var ákærði valinn til starfans með öllum greiddum atkvæðum mættra skuldheimtumanna búsins. Tilkynnti skiptaráðandi honum kjör þetta með bréfi dags. 24. s. m. og skýrði honum jafnframt frá, í hverju starf hans væri aðallega fólgið. Á skiptafundi í þrotabúi h/f Ármann þann 15. janúar 1932 var ákærði ásamt tveimur öðrum mönnum kjörinn með atkvæðum mættra skuldheimtumanna til þess „að hafa á hendi vegna búsins og í samráði við skiptaráðanda að koma eignum búsins í peninga". Ákærði hefir þannig verið valinn samkvæmt fyrirmælum 30. gr. skiptalaga nr. 3/1878 til að aðstoða skiptaráðanda við framkvæmd opinberra skipta á nefndum búum, og eins og því starfi er háttað, verður það að teljast opinbert trúnaðarstarf, sem hafi í för með sér réttindi og skyldur samkvæmt því sem fyrir er mælt um opinbera sýslunarmenn, sbr. og 2. mgr. 101. gr. og 2 mgr. 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869. Með því að eyða heim-

ildarlaust í eigin þarfir fé, sem var eign nefndra búa, samtals kr. 6197.55, hefir ákærði gerzt sekur um brot á ákvæðum 1. mgr. 136. gr. hegningarlaganna sbr. 145. gr. þeirra.

Að öðru leyti eru brot ákærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, réttilega heimfærð af héraðsdómaranum undir 142. sbr. 145. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin svipting leyfis til málflutningsstarfa við hæstarétt og að auki fangelsisrefsing eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, sem að því leyti ber að staðfesta. Þá ber og að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Dráttur sá, sem orðið hefir á rannsókn máls þessa í héraði, hefir ekki verið réttlættur, og verður að átelja hann.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gústaf Adolf Sveinsson, skal sviptur leyfi til málflutningsstarfa við hæstarétt. Að öðru leyti skal hinn áfrýjaði dómur vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. maí 1938.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Gústaf Adolf Sveinssyni, lögfræðingi, Ásvallagötu 13 hér í bæ, fyrir brot á 13. og 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum um gjaldþrotaskipti nr. 25 frá 14. júní 1929.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. janúar 1898. Hann hefir ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og upplýstir eru með eigin játningu ákærðs og öðru því, sem fram hefir komið í málinu.

Haustið 1928 stofnaði ákærði ásamt Ólafi Þorgrímssyni lögfræðingi málflutningsskrifstofu hér í bænum. Ráku þeir hana síðan í félagi þar til í ágústbyrjun 1932, en þá skildu þeir, og stofnaði þá ákærði eigin málflutningsskrifstofu. Er þeir Ólafur skildu, var hagur fyrirtækis þeirra svo slæmur, að ákærði varð við skilnaðinn að taka á sig um 2500—3000 króna skuld, og auk þess skorti hann algerlega stofnfé til hins nýja fyrirtækis síns.

Varð ákærði af þessum ástæðum að taka lán til þess að koma skrifstofu sinni á fót og til reksturs hennar. Kveðst hann þegar á fyrsta ári hafa orðið að kaupa húsgögn til skrifstofunnar fyrir kr. 5000.00, er hann hafi greitt það ár. Ákærða gekk erfiðlega að fá lán eins og hann þurfti, og kveðst hann því hafa neyðzt til þess að taka mjög dýr lán hjá prívatmönnum, og nefnir sem dæmi, að þegar á árinu 1932 hafi hann tekið 5 eða 6000 króna lán með 900 króna afföllum, og hafi lánið átt að greiðast á tveim árum. Ákærði hafði allmikið að gera sem málflutningsmaður, og var honum með bréfi dóms- og kirkjumálaráðherrans dags. 20. maí 1933 veitt leyfi til málflutningsstarfa við hæstarétt.

Fram til áramótanna 1933—34 kveðst ákærði hafa álitið, að eignir hans og skuldir stæðust nokkurnveginn á, enda hafi hann ekki til þess tíma lent í neinum verulegum erfiðleikum með að standa í skilum við skuldheimtumenn

sína, að einum undanteknum, Sparisjóði Bolungavíkur, er síðar verður á minnzt.

Ákærði hafði sama sjóð fyrir viðskiptamenn sína og sig persónulega, og telur hann, að það hafi meðal annars valdið því, að fjárhagsafkoma sín hafi ekki legið eins hreint fyrir og ella hefði verið. Þá hafi hann ekki, vegna anna við málflutningsstörf, haft tækifæri til að færa bækur sínar sjálfur, né heldur hafi hann gáð þess, að fylgjast vel með niðurstöðum þeirra.

Í marzmánuði 1934 gerði ákærði nákvæmlega upp hag sinn miðað við 31. desember 1933. Við uppgjör þetta kom í ljós, að verulega skorti á, að ákærði ætti fyrir skuldum. Kveðst ákærði þá hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá lán til að tryggja innstæðueigendur sína, en þær hafi allar mistekizt. Upp frá þessu kveðst ákærði hafa fylgzt vel með hag sínum, hann hafi dregið úr einkaeyðslu sinni eftir föngum, forðast að stofna til nýrra skulda og gætt þess, að einstakir kröfuhafar fengju ekki greiðslu frekar en aðrir, og við rannsóknina hefir ekkert komið fram, er hnekki þessum staðhæfingum hans.

Er vonlaust var orðið að takast mundi að bjarga hag ákærða, lagði hann inn til skiptaréttar Reykjavíkur beiðni um gjaldþrotaskipti á búi sínu dags. 13. sept. 1934, og samdægurs kvað skiptarétturinn upp úrskurð þess efnis, að bú ákærða skyldi tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

Við eftirfarandi lögregluréttarrannsókn út af gjaldþrotinu er það upplýst og viðurkennt af ákærða, að hann hafi eytt allmiklu af annarra fé í eigin þarfir án heimildar hlutaðeigenda. Nema upphæðir þær, sem ákærði hafði eytt með þessum hætti, er hann var úrskurðaður gjaldþrota, samkvæmt skýrslu löggilts endurskoðanda dags. 17. des. 1937, saminni eftir viðskiptamannabók ákærða, kr. 27560.91. Er þetta aðallega fé, sem ákærði hefir innheimt fyrir skjólstæðinga sína og síðan eytt til eigin þarfa án samþykkis þeirra.

En þó er nokkuð af upphæðinni svo til komið, að ákærða hefir verið fengið fé í hendur til ráðstöfunar á nánar tiltekinn hátt, en hann ráðstafaði síðan ekki eins og honum bar, heldur tók það til eigin nota.

Aðeins tveir af viðskiptamönnum ákærða, Sparisjóður Bolungavíkur og málflutningsfirmað Oppenheim og

Prangen í Kaupmannahöfn, hafa kært yfir hinni ólögmætu meðferð ákærða á fé þeirra og krafizt opinberrar málshöfðunar á hendur honum.

Viðskipti ákærða og Sparisjóðs Bolungavíkur voru þau, að í aprílmánuði 1932 símsendi sparisjóðurinn ákærða kr. 11539.59 í peningum, og átti ákærði samkvæmt áður gerðu samkomulagi að kaupa veðdeildarbréf að nafnverði kr. 15000.00 fyrir þessa upphæð til handa sparisjóðnum. En ákærði keypti aðeins og sendi sparisjóðnum veðdeildarbréf að nafnverði kr. 10000.00, en kr. 3890.56 runnu inn til hans, og er hann gat ekki staðið skil á þeirri upphæð, kom fram kæra á hendur honum frá sparisjóðnum.

Viðskipti ákærða og málflutningsfirmans Oppenheim og Prangen voru hinsvegar í því fólgin, að firma þetta fól ákærða innheimtu hér á nokkrum útlendum kröfum. Nokkrar af kröfum þessum tókst ákærða að innheimta að einhverju eða öllu leyti, en er ekki fengust skil á því, er honum hafði tekizt að ná inn, kærði firmað fyrir milligöngu danska sendiráðsins hér yfir atferli ákærða.

Báðir kærendurnir, Sparisjóður Bolungavíkur og firmað Oppenheim og Prangen, hafa tekið aftur kærur sínar og fallið frá kröfum sínum um opinbera málshöfðun á hendur ákærða, áður en mál þetta var höfðað. Hefir Sparisjóður Bolungavíkur fengið kröfu sína á hendur ákærða goldna að fullu, og málflutningsfirmað Oppenheim og Prangen að nokkru.

Ákærði hefir ekki komizt yfir neitt af því annarra fé, sem hann heimildarlaust hefir notað í sjálfs síns þarfir, með því að brjóta upp innsigli eða lás, og hann hefir ekki heldur borið á móti því, að hafa veitt fé þessu móttöku (sbr. 256. gr. hegningarlaganna). Þá hafa endurskoðendur þeir, sem falið var að rannsaka bókhald ákærða í sambandi við gjaldþrot hans, tekið það fram í skýrslu sinni, að bækur ákærða, sem þeir telja skipulega færðar, og fylgiskjöl hans, beri það ekki með sér, að hann hafi ívilnað sumum lánardrottnum sínum hinum til tjóns. Og ekki verður séð, að ákærði hafi aflað sér lánsfjár, sem hann ekki hefir ætlað sér að borga. Af þessum ástæðum, og þar sem þeir tveir viðskiptamenn ákærða, sem kært hafa yfir meðferð hans á fé þeirra, hafa, eins og áður greinir,

afturkallað kærur sínar, ber að sýkna ákærða af ákærunni fyrir brot gegn 26. kapítula hegningarlaganna.

Að því er snertir ákæruna um brot gegn gjaldþrotaskiptalögunum nr. 25 frá 1929, verður ekki talið, að ákærði falli undir þá atvinnurekendur, sem samkvæmt 5. málsgrein 1. greinar nefndra laga eru skyldir til þess að gefa bú sín upp til gjaldþrotaskipta, sé skilyrði greinarinnar fyrir hendi, og verður því ekki um refsingu á hendur ákærða að ræða eftir þeim lögum.

Er þá eftir að athuga, hvort ákærði sem opinber sýslunarmaður hefir gerzt brotlegur við 13. kapítula hegningarlaganna.

Um afstöðu málflutningsmanna almennt til ríkisvaldsins á því tímabili, sem atferli ákærða átti sér stað, er aðeins ákvæði í 228. gr. hegningarlaganna, en í þeirri grein eru þeir taldir til embættismanna, sem nánar verður að skilja svo, að þeir séu taldir vera opinberir sýslunarmenn. Ákvæði þetta gat þó ekki tekið til annarra málflutningsmanna en þeirra, sem fluttu mál samkvæmt sérstakri opinberri skipun eða ráku málflutning samkvæmt opinberu leyfi. Allan þann tíma, sem ákærði stundaði málflutningsstörf, var málflutningur við undirréttina heimill hverjum sem var, og eins og áður er sagt, fékk ákærði fyrst leyfi til málflutningsstarfa við hæstarétt 20. maí 1933. Til þess tíma getur ákærði ekki sem málflutningsmaður talizt opinber sýslunarmaður, nema þá að því leyti, sem hann kann að hafa flutt mál samkvæmt opinberri skipun. Nú er ekkert upplýst um það, að ákærði hafi brotið af sér í nokkru við flutning mála fyrir undirrétti, sem skipaður málflutningsmaður af því opinbera. Misfellur ákærða eru, eins og áður er drepið á, í því fólgnar aðallega, að hann eyddi til eigin þarfa fé, sem hann innheimtir fyrir einstaklinga eða veitti viðtöku hjá einstaklingum til ráðstöfunar á tiltekinn hátt, og ekki verður talið, að neitt af því fé, er ákærði eyddi þannig, meðan hann enn ekki var orðinn hæstaréttarmálflutningsmaður, hafi verið opinbert fé, sem hann hafi haft undir höndum sem fulltrúi þess opinbera. Að vísu virðist ákærði hafa eytt fyrir 20. maí 1933 nokkru fé, sem hann hafði undir höndum og var eign tveggja búa, sem voru undir opinberum skiptum. Fé þetta var í einkaeign, og eftir því, sem fyrir liggur í málinu,

eigi á ábyrgð ríkissjóðs, og verður því eigi talið til opinbers fjár. Ákærði var valinn fjárvörzlu- og innheimtumaður þessara búa á skiptafundum af skuldheimtumönnum búanna og án íhlutunar skiptaráðandans í búunum, og ekki var um að ræða neina löggildingu eða aðra staðfestingu á þessu starfi ákærða af hálfu skiptaráðanda eða hins opinbera, þannig að þetta starf hans verður út af fyrir sig ekki talið til sýslunar.

Verður því ekki talið, að ákærða verði gefið að sök sem sýslunarmanni þær misfellur um meðferð á annara fé, sem átt höfðu sér stað hjá honum, áður en hann varð hæstaréttarmálflutningsmaður.

Eftir að ákærði var hinn 20. maí 1933 búinn að fá leyfi dóms- og kirkjumálaráðherrans til málflutningsstarfa við hæstarétt, verður ákærði ótvírætt að teljast til sýslunarmanna.

Kemur þá til athugunar, hvaða störf hæstaréttarmálflutningsmanna eigi að teljast til sýslunarstarfa þeirra. Er litið er til ákvæðisins í 228. gr. hegningarlaganna, virðist ekki heimild til þess að skýra það þröngt að þessu leyti.

Verður því að telja, að samkvæmt hlutarins eðli falli ekki aðeins málflutningur fyrir hæstarétti undir sýslunarstörf hæstaréttarmálflutningsmanna, heldur og hver þau störf, sem venjulegt er að fela þeim sem slíkum, svo sem skuldheimta, kaup og sala verðbréfa, fjárvarðveizla, ráðstöfun fjár annarra o. s. frv., og verða þá misfellur í þessum störfum brot í sýslan.

Í áðurgreindri skýrslu hins löggilta endurskoðanda frá 17. desember 1937 kemur það fram, að ákærði hefir, eftir að hann varð hæstaréttarmálflutningsmaður, tekið á móti af annarra fé kr. 13546.79, og eytt þeirri upphæð í eigin þarfir í stað þess að koma fénu til réttra hlutaðeigenda. Hefir ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur við 142. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing sú, sem ákærði hefir unnið til, eftir málavöxtum hæfilega ákveðin samkvæmt nýnefndum hegningarlagagreinum þriggja mánaða einfalt fangelsi.

Eftir þessum úrslitum ber og að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50.00, til skipaðs verjanda síns, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarmálflutningsmanns.

Á rannsókn máls þessa hefir orðið allverulegur dráttur, sem ekki verður fyllilega réttlættur, en dráttur sá, sem orðið hefir á dómsuppsögn í málinu, stafar af embættisönnum dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gústaf Adolf Sveinsson, sæti einföldu fangelsi í 3 mánuði og greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50.00, til skipaðs verjanda síns, Jóns Ásbjörnssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1938.

Nr. 87/1938. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Halldóri Þórarinssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Kaupmanni dæmt óheimilt að hafa ættarnafn annars manns í heiti verzlunar sinnar.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó með þeirri viðbót, að frestur handa kærða til þess að láta afmá hið óleyfilega nafn „Þór" í verzlunarheiti sínu úr firmaskrá Reykjavíkur ákveðst 7 dagar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakar þessarar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að kærði láti afmá nafnið „Þór“ í verzlunarheiti sínu úr firmaskrá Reykjavíkur innan 7 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Garðars Þorsteinssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 31. jan. 1938.

Hinn 4. júní 1934 tilkynnti kærður, Halldór Þórarinsson kaupmaður, Vesturgötu 17 hér í bæ, til firmaskrárinnar hér, að hann ræki smásöluverzlun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: „Verzlunin Halli Þór“, og fékk nafnið skrásett. Með bréfi dags. 5. október f. á. var af hálfu Vilhjálms Þór kaupfélagsstjóra á Akureyri kært yfir því, að firmanafn þetta væri ólöglegt skv. 10. gr. firmalaganna nr. 42 frá 1903 þar sem í því væri heimildarlaust ættarnafnið „Þór“, sem hann og systkini hans hafi árið 1917 fengið löggilt sér til handa af dómsmálaráðuneytinu. Var þess krafizt af kæranda að kærður yrði dæmdur til þess að leggja firmanafnið „Verzlunin Halli Þór“ niður, svo og að hann yrði dæmdur í hina þyngstu refsingu, samkvæmt 23. gr. firmalaganna.

Út af kæru þessari hefir lögregluréttarrannsókn farið fram og síðan hefir mál þetta verið höfðað á hendur kærðum fyrir meint brot á firmalögunum.

Kærður hefir viðurkennt það, að hann hafi síðan á árinu 1934 rekið hér í Reykjavík, matvöru- og smásölu-

verzlun undir nafninu „Verzlunin Halli Þór", og án þess að hann hafi haft leyfi nokkurs manns af Þórsfjölskyldunni til þess að hafa nafnið „Þór" í heitinu. Ennfremur kveður kærður, að auglýsingar verzlunarinnar hafi hljóðað á nafnið „Verzlunin Halli Þór", svo og reikningar hennar. Kærður hefir borið það fyrir sig, að það hafi verið tilætlun sín, að kalla aðeins verzlun sína „Verzlunin Halli Þór", en firma sitt Halldór Þórarinsson. En firmatilkynning kærðs, sem er undirrituð af honum sjálfum, ber þetta ekki með sér. Í henni er skýrt tekið fram, að heitið „Verzlunin Halli Þór", sé firmanafn.

Ástæðan til þess, að kærður hafi tekið upp framangreint nafn kveður hann þá, að hann hafi frá því hann var barn verið af kunningjum sínum kallaður styttingarnafninu Halli Þór.

Í málinu er það upplýst, að árið 1917 var gefið út leyfisbréf handa börnum Þórarins Jónassonar á Akureyri, þeim: Jóni málara, Jónasi verksmiðjustjóra, Margrétu og Vilhjálmi verzlunarmanni, til að bera ættarnafnið „Þór" og var þetta auglýst í B-deild stjórnartíðindanna 1917. Kærður hefir því með því að hafa leyfislaust nafnið „Þór", sem er löggilt ættarnafn, í firmanafni sínu, brotið gegn ákvæðum 1. liðs 10. gr. firmalaganna.

Í upphafi 9. gr. firmalaganna segir svo: Firma einstaks manns skal vera fullt nafn hans, þó má skammstafa skírnarnafnið. Fullt nafn kærðs er Halldór Þórarinsson. Brýtur því firmanafn kærðs einnig í bága við þessa grein firmalaganna.

Þar sem firmanafnið „Verzlunin Halli Þór" er þannig ólöglegt er honum óheimilt að nota það og ber honum að afmá það úr firmaskrá Reykjavíkur. Þá þykir ekki verða hjá því komizt, meðal annars með tilliti til þess, að kærður auglýsti undir firmanafninu eftir að réttarrannsókn hófst í máli þessu, að refsa kærðum eftir 23. gr. firmalaganna fyrir framangreind brot á þeim. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir áður aðeins sætt 5 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð um skoðun bifreiða. Þykir refsing hans, með tilliti til þess, að umrætt firmanafn var skrásett að því er séð verður athugasemdalaust af skrásetningaryfirvöldunum, hæfilega ákveðin 30 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún

verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa tveggja daga einfalt fangelsi.

Eftir þessum úrslitum ber kærðum að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50.00, til skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteinssonar, hrm.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærðum, Halldóri Þórarinssyni, skal vera óheimilt að nota firmanafnið „Verzlunin Halli Þór", og ber honum að afmá það úr firmaskrá Reykjavíkur.

Ennfremur greiði kærður 30 króna sekt til ríkissjóðs og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, tveggja daga einfalt fangelsi. Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50.00, til skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteinssonar, hrm.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1938.

Nr. 71/1938. **Eigendur og vátryggjendur e/s Freden**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Eigendum og vátryggjendum e/s Eddu og gagnsök
(Theodór B. Líndal).

Dæmt um ábyrgð skipa á árekstri.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. júní þ. á., hafa krafizt þess *aðallega*, að ákveðið verði með dómi hæstaréttar, að gagnáfrýjendur einir skuli bera allt það tjón, sem varð af árekstri skipanna e/s Freden og e/s

Eddu þann 3. marz þ. á., en *til vara,* að hvor aðili beri það tjón, er hann varð fyrir, og til þrautavara, að skaðanum verði skipt milli aðilja í ákveðnum hlutföllum eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur, sem skotið hafa málinu til hæstaréttar með stefnu 29. júní þ. á., hafa hinsvegar krafizt þess *aðallega,* að ákveðið verði með dómi hæstaréttar, að aðaláfrýjendur einir skuli bera allt tjónið af framangreindum árekstri, en *til vara,* að því verði skipt í ákveðnum hlutföllum milli téðra aðilja eftir mati dómsins.

Báðir hafa aðiljar krafizt sér til handa málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Samkvæmt skýrslu hafnsögumanns þess, er lagði e/s Freden hér á skipalægi utan hafnargarða þann 2. marz þ. á., var skipinu lagt í hvíta ljósi vatnsgeymisvitans heldur vestanvert við miðju þess, að því er hann telur, og í línu frá hvíta vitanum á Faxagarði milli innsiglingarvita hafnarinnar, en að eins nær vitanum eystra megin. Á þessum stað lá e/s Freden kyrr þar til daginn eftir, er áreksturinn varð. Hafnsögumaður sá, er lagði e/s Eddu á téð skipalægi morguninn eftir, kveðst hafa lagt því í línu frá hvíta ljósi Faxagarðsvitans mitt á milli lituðu innsiglingarvita hafnarinnar og aðeins inn í hvíta ljós Vatnsgeymisvitans austanmegin „mjög nálægt takmörkum þess og rauða ljóssins". Og hafa legustaðir skipanna verið markaðir eftir þessum miðunum á hafnarkortið svo nákvæmt sem unnt er talið vera. Breidd geira hvíta ljóss Vatnsgeymisvitans miðað við legustað e/s Eddu er mæld 180 metrar, en fjarlægð e/s Freden frá þeim stað virðist nema nokkuð yfir helming breiddar geirans. Vitni þau, er leidd hafa verið af hendi gagnáfrýj-

anda áætla fjarlægðina milli skipanna, er e/s Eddu var lagt á skipalægið þann 3. marz þ. á., um 100—150 faðma, eða frá 188—282 metra. Er lægri áætlunin nokkuð yfir metratölu geirans alls hvíta ljóssins frá Vatnsgeymisvitanum. Fær slík áætlun ekki staðizt, með því að geirabreiddin er alls hér um bil 95 faðmar, og legustaðir beggja skipanna lenda mjög nærri línu frá Faxagarðsvita mitt á milli innsiglingarvita hafnarinnar samkvæmt því, er áður segir. Ágizkun skipstjóra e/s Freden, sem áætlar bilið milli skipanna 40—45 faðma, og stýrimanns, sem áætlar það 50—60 faðma, virðist því vera miklu nær sanni en ágizkanir vitna gagnáfrýjanda. Nú telur hafnsögumaður hæfilega fjarlægð milli skipa, sem lagt er á þessum stað, 150—200 faðma, og virðist af framanskráðu ljóst, að e/s Eddu hafi verið lagt of nærri e/s Freden þann 3. marz þ. á. Skipstjórnarmönnum e/s Eddu átti að vera ljós hætta af þessu, og einkum er veður jókst og vindur gekk til vesturs um kl. 15, eins og skýrslur beggja virðast hníga að. Auk þess virðast skipstjórnarmenn á e/s Eddu hafa of seint lengt akkerisfestar, og loks mátti þeim vera ljóst, að varlegra væri að hafa vél skipsins tiltækilega fyrirvaralaust, svo að færa mætti skipið til að forða árekstri. Samkvæmt framangreindu verður að telja nokkra sök hafa verið hjá þeim, er að skipstjórn e/s Eddu stóðu.

Stýrimanni á e/s Freden virðist hafa verið það ljóst, að of stutt bil hafi verið milli skipanna, er e/s Eddu var lagt á skipalægið morguninn 3. marz þ. á. Hann lætur að vísu varpa akkeri bakborðs kl. 14 skipinu til tryggingar, en sú athöfn verður ekki með nauðsynlegri gætni, svo sem segir í héraðsdóminum. Og þótt honum sé ljóst, að hann getur ekki

látið nægilega langar akkerisfestar í sjó vegna nálægðar skipanna, þá gefur hann e/s Eddu engin merki þar um eða viðvörun. Og þótt vél skipsins væri heit, eins og skipsmenn á e/s Freden segja, að verið hafi, var vélarinnar ekki neytt fyrr en um seinan. Skipstjórinn, sem kveðst hafa komið úr landi út í skip sitt kl. 13.15 eða 13.20, en að sögn stýrimanns kl. 14.30, legst til svefns og sefur til kl. 17.15, þótt þá væri kominn suðvestlægur harður stormur og þótt honum hljóti að hafa verið ljós hætta á árekstri skipanna sökum nálægðar þeirra, hvað lítið sem út af bæri. Og eftir að hann er vaknaður, verður ekki séð, að hann skeyti um skipið fyrr en stýrimaður leitar á fund hans, en þá eru afskipti hans um seinan. Virðist því ljóst, að skipstjórnarmenn á e/s Freden hafi ekki gert það, er þurfti og átti að vera gert af þeirra hálfu til að varna við árekstri skipanna, og að þeir beri sök á honum, og það nokkru meiri en þeir á e/s Eddu.

Með hliðsjón af framangreindu þykir rétt að skipta því tjóni og þeim kostnaði, er árekstur oftnefndra skipa olli, og þykir rétt, að aðaláfrýjendur beri $^3/_5$ og gagnáfrýjendur $^2/_5$ hluta þar af.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum samtals 300 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Af tjóni og kostnaði sakir árekstrar skipanna e/s Freden og e/s Eddu þann 3. marz 1938 beri aðaláfrýjendur, eigendur og vátryggjendur e/s Freden $^3/_5$ og gagnáfrýjendur, eigendur og vátryggjendur e/s Eddu $^2/_5$ hluta.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum samtals 300 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. júní 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 31. marz s. l. af hrm. Theodór B. Líndal f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Edda, hér í bæ, gegn hrm. Einari B. Guðmundssyni, hér í bænum, f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Freden, Stockholm, til greiðslu skaðabóta út af árekstri milli e/s Freden og e/s Edda hinn 3. marz s. l.

Eftir ósk aðilja hefir dómarinn með skírskotun til 71. gr. laga nr. 85 1936 samþykkt, að flutningi málsins verði tvískipt, þannig að með dómi í þessum hluta málsins verði kveðið á um skaðabótaskylduna, en upphæð bótanna verði síðar tekin til athugunar.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur *aðallega*, að því verði slegið föstu með dómi réttarins, að sökin á umræddum árekstri sé öll hjá stjórnendum e/s Freden og að bótaábyrgðin á tjóni því, er af hlauzt, hvíli á eigendum skipsins, stefndum í máli þessu. *Til vara* krefst stefnandi þess, að sökinni verði skipt eftir þeim hlutföllum, er rétturinn telji við eiga. Ennfremur krefst hann þess, að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefndur krefst þess hinsvegar, að viðurkennt verði með dóminum, að sökin á árekstrinum hvíli óskipt á e/s Eddu, svo og að stefnendurnir verði dæmdir til að greiða sér hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að kl. 5.55 e. h. hinn 2. marz s. l. kom e/s Freden hingað frá Akranesi og lagðist á ytri höfnina með aðstoð hafnsögumannsins á Akranesi, Magnúsar Guðmundssonar. Var lagzt í námunda við e/s Eddu, er lá einnig þar á höfninni, „aðeins austar og aftur af Freden", að því er áðurnefndur hafnsögumaður hefir skýrt frá. Hann segist og hafa lagt skipinu (miðað við stjórnpall) eftir þessum miðunum: Hvíti vitinn á Faxagarði hafi verið milli innsiglingarvitanna á höfninni,

aðeins nær rauða (eystri) og í hvíta ljósi Vatnsgeymisvitans, heldur vestar en í miðju, án þess þó að geta gefið upp staðinn nákvæmlega. Mið þetta kveðst hafnsögumaðurinn hafa tekið, þegar búið hafi verið að gefa út keðjuna, en hann gizkar á, að út hafi verið settir ca. 60 faðmar, og er það í samræmi við það, sem segir í dagbók e/s Freden („stbs. ankre 60 fmr. kätting"). Um fjarlægðina milli e/s Freden og e/s Eddu segir hafnsögumaðurinn það eitt, að hann hafi talið hana nægilega, en það telur hann 150—200 m. fjarlægð vera, eins og á hafi staðið.

Kl. 7.15 f. h. næsta dag, 3. marz, létti e/s Edda akkerum og sigldi undir leiðsögu Andrésar Sveinbjörnssonar hafnsögumanns áleiðis til Skerjafjarðar, en þar átti að leggja skipinu um óákveðinn tíma, meðan beðið væri eftir verkefni. Er komið var að mynni fjarðarins, var komið suðaustan stórviðri, og var því snúið við til Reykjavíkur og komið hingað kl. 10.30 f. h. sama dag. Segja skipverjar á e/s Edda, að þá hafi verið lagzt aust-suð-austur af e/s Freden í sunnanstormi. Hafi verið lagzt fyrir báðum akkerum með 70 faðma keðju á stjórnborða og 50 faðma á bakborða. Í dagbók e/s Eddu segir, að skipinu hafi verið lagt á sama stað og það hafi verið á fyrr um morguninn, og hið sama staðhæfir hafnsögumaðurinn Andrés Sveinbjörnsson, er lagði skipinu. 2. stýrimaður skipsins kveður þó ekki fastar að orði við sjóferðapróf út af árekstrinum en að skipið hafi lagzt „á svipaðan stað", og einn háseti skipsins telur „sennilegt", að skipið hafi lagzt á sama stað. Andrés Sveinbjörnsson segir, að miðanirnar, þegar e/s Edda hafi látið akkeri falla, hafi verið þessar (miðað við stjórnpall): „Faxagarðsviti mitt á milli lituðu ljósanna á hafnarhausunum og austarlega í hvíta vinklinum á Vatnsgeymisvitanum". Um fjarlægðina milli skipanna eftir að Edda hafði lagzt aftur um morguninn 3. marz ber aðiljum ekki saman. Skipstjóri og stýrimaður á e/s Edda telja, að fjarlægðin hafi verið um 100 faðmar, og hafnsögumaðurinn Andrés Sveinbjarnarson telur hana hafa verið um 150 faðma. Yfirhafnsögumaðurinn í Reykjavík, Þorvarður Björnsson, sem kveðst hafa fylgzt með stöðu skipanna um daginn úr glugga varðstofu hafnsögumanns, segist ekki hafa getað séð annað en að

skipin „lægju alltaf vel klár hvort af öðru“. Hafnsögumaðurinn frá Akranesi, Magnús Guðmundsson, hefir og borið það, að þegar hann hafi farið til Akraness kl. 3 um daginn, hafi hann tekið sérstaklega eftir skipunum og séð, „að þau voru vel klár hvort af öðru“. Skipverjar á e/s Freden telja hinsvegar, að fjarlægðin milli skipanna hafi verið miklu minni, eða frá 40 til 60 faðmar, enda hafi e/s Edda legið nær en áður en skipið fór til Skerjafjarðar.

Samkvæmt vottorði veðurstofunnar var vindur orðinn SSV 8 kl. 12 á hádegi þennan dag. Kl. 2 e. h., segir 2 stýrimaður á e/s Freden, er var á verði, að vindur hafi enn aukizt, og skv. dagbók skipsins var þá „hyvat in en del på stb.ankaret, låtit gå bbs. ankare och stukkit kätting till 30 fmn. på bb. ankare och 60 fmn. på stbs. ankare“. — Skv. áðurnefndu vottorði Veðurstofunnar var vindur S 8 kl. 5 e. h. um daginn, en skipverjar á e/s Edda og e/s Freden telja, að vindur hafi orðið vestlægur síðari hluta dagsins. Kl. 5.10 e. h. mun hafa farið að hvessa enn meir, og náði vindurinn hámarki kl. 6.10—6.25 e. h., og var veðurhæð þá 11 vindstig. Um sex-leytið segjast skipverjar á e/s Edda hafa slakað út báðum keðjum, 105 föðmum á stjórnborða og 90 föðmum á bakborða. Kl. 6.15 hafi þeir séð, að e/s Freden tók að reka, og gáfu þeir þá aðvörunarmerki með eimpípunni. Þegar e/s Freden hafi svo sveigt, hafi það með naumindum sloppið fram hjá með því að öllum keðjum á e/s Eddu hafi verið slakað eins og hægt var, en kl. 6.25 e. h. hafi e/s Freden skollið á stefni e/s Eddu með bakborðssíðu að aftan og dregið fyrir stefnið til bakborða. Síðar rakst e/s Freden aftur á e/s Eddu, og e/s Freden, „keyrði“ þá fram á, en hafði dregið akkerin í keðjur e/s Eddu, og varð það ekki losað fyrr en um kl. 9 e. h. Bæði skipin skemmdust við árekstur þennan, og hefir stefnandi höfðað mál þetta gegn stefndum til greiðslu bóta fyrir skemmdir á e/s Edda vegna árekstursins, en stefndur hefir lýst því yfir, að hann muni síðar gagnstefna til greiðslu á þeirri skaðabótakröfu, er hann telur sig eiga á hendur eigendum e/s Eddu vegna árekstursins.

Réttarkröfur sínar byggir stefnandi á því, að e/s Freden hafi dregið legufæri sín og rekið á e/s Eddu án

þess að þeim atvikum sé til að dreifa, er undanþyggi eigendur e/s Freden ábyrgð. Stjórn á e/s Freden hafi við umrætt tækifæri verið á ýmsan hátt ábótavant, og skirskotar hann í því sambandi til sjóferðaprófsins, en hinsvegar hafi skipverjar á e/s Eddu hagað sér á allan hátt forsvaranlega.

Stefndur byggir réttarkröfur sínar á því, að e/s Edda hafi lagzt síðar en e/s Freden, og þess vegna hafi sú skylda hvílt á stjórnendum skipsins að leggjast ekki svo nærri e/s Freden, sem gert hafi verið, til þess að öruggt væri, að skipin gætu ekki rekizt á, þótt eitthvað bæri út af. Telur stefndur, að fyllstu varkárni hafi verið gætt af hálfu skipshafnar á e/s Freden, en skipið hafi ekki getað athafnað sig frekar en það gerði, vegna þess hve e/s Edda hafi legið nærri. Telur stefndur það sannað með framburði hafnsögumannanna Magnúsar Guðmundssonar og Andrésar Sveinbjörnssonar, á hvaða stað hvoru skipi hafi verið lagt, og samkvæmt útsetningu þeirra á sjókort (rskj. nr. 15 og 16) muni fjarlægðin milli skipanna hafa verið ca. 50—60 faðmar.

Að áliti réttarins geta þessar staðsetningar hafnsögumannanna þó ekki talizt svo ábyggilegar, að á þessu sé fullkomlega hægt að byggja í þessu efni, þar sem það er upplýst, að miðun þeirra í aðra áttina (til Vatnsgeymisvitans) er svo ónákvæm, að það getur skeikað tugum faðma. Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, eftir því sem upplýst má teljast um stöðu e/s Eddu, eftir að skipið kom frá Skerjafirði 3. marz, að það hafi þá lagzt nær e/s Freden en heppilegt var, bæði þegar tekið er tillit til þess, hvernig veðri var háttað, svo og þess, að bæði skipin voru tóm. Verður því að telja, að stjórnendur e/s Edda hafi ekki sýnt hina ýtrustu varkárni í þessu efni og að þeir eigi því að þessu leyti nokkra sök á árekstrinum, en að öðru leyti þykja þeir hafa hagað sér forsvaranlega.

Um e/s Freden hinsvegar athugast:

Þótt ósamræmi sé milli framburða skipstjóra og 1. stýrimanns á e/s Freden um nokkur atriði, þá verður að taka skýrslu leiðarbókar e/s Freden gilda um það, að skipið hafi aðeins legið fyrir stórnborðsakkeri með 60 faðma keðju til kl. 2 e. h. þann 3. marz, en þá hafði vindátt breytzt fyrir all-löngu sem og vindstyrkur, sem var orð-

inn 8 stig kl. 12 á hádegi. Þegar loks bakborðsakkeri er látið falla, þá er viðhöfð sú gáleysislega aðferð í því veðri, sem orðið var, að létt er það miklu af þeirri einu keðju, sem úti var, að 45 faðma lásinn er kominn inn á spil, og það án þess að vél skipsins, sem þó var heit, væri jafnframt notuð. Er ekki ólíklegt, að þessi aðferð hafi orðið til þess að losa um akkerið í hinum ekki örugga haldbotni. Síðan var varpað bakborðsakkeri og gefnir út aðeins 30 faðmar af bakborðskeðju og álíka mikið af stjórnborðskeðju og hift hafði verið inn áður en bakborðsakkeri var látið falla, þannig, að skipið lá fyrir 30 faðma keðju á bakborða og 60 faðma keðju á stjórnborða. Fékk skipið þannig bæði annan legustað og breytta afstöðu gagnvart e/s Edda frá því, sem áður var.

Þá er það ennfremur upplýst, að þegar varðmenn á e/s Freden urðu þess um síðir varir, að skipið var tekið að reka, þá var þó engin skipun gefin um það þegar í stað að taka áfram með vél skipsins, þótt hún væri tilbúin til gangs með 2—5 mínútna fyrirvara, þrátt fyrir það, að 1. stýrimaður væri á verði og skipstjóri vakandi undir þiljum, en hann segist hafa vaknað um kl. 5.15 e. h. Þetta aðgerðarleysi verður að teljast ekki forsvaranlegt, og verður e/s Freden, að öllu framangreindu athuguðu, að teljast eiga meginsök á því, að umræddur árekstur varð. Þar sem e/s Edda, eins og áður er sagt, er talin að hafa ekki ekki gætt fullrar varúðar, þá ber aðiljum skv. 2. mgr. 225. gr. siglingalaganna að bæta tjón það, er af árekstrinum hlauzt, að réttri tiltölu við sök hvors um sig. Eins og atvikum að árekstrinum skv. framansögðu er háttað, þykir rétt, að stefndir eigendur e/s Freden beri bótaábyrgð á ⅘ hlutum tjónsins, en eigendur e/s Eddu ⅕ hluta þess.

Eftir þessum málalokum verður stefndum gert að greiða stefnanda kr. 250.00 í málskostnað fyrir þennan hluta málsins.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, hrm. Einar B. Guðmundsson f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Freden, á að bera bótaábyrgð á ⅘ hlutum af því tjóni, er leiddi af framangreindum árekstri, en stefnandinn, hrm. Theodór B. Lindal f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Edda, ⅕ hluta þess.

Stefndur greiði stefnandanum kr. 250.00 í málskostnað fyrir þennan hluta málsins innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1938.

Nr. 109/1937. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Ólafi Kalstað Þorvarðssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Refsað fyrir brot gegn ákvæðum 2. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Síðan mál þetta var dæmt í héraði, hefir skýrslu verið leitað um þau atriði, sem í úrskurði hæstaréttar 8. apríl þ. á. getur.

Við rannsókn máls þessa hefir ekkert það komið í ljós, er bendi til þess, að ákærði hafi gerzt valdur að misferli, er varða eigi við 262. og 263. gr. hinna almennu hegningarlaga. Þess er einnig getanda, að verjandi ákærða hefir fært fram líkur fyrir því, að brúttó hagnaður af verzlun ákærða, einkum af kjötverzluninni, hafi ekki raunverulega orðið eins mikill og talið er af endurskoðanda þeim, sem yfirfór reikninga ákærða fyrir héraðsdómarann, áður dómur gengi í málinu í héraði. Með þessum athugasemdum þykir mega fallast á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, og ber því að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakar-

innar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 120.00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómarinn lét undanfallast að velja löggiltan endurskoðanda til að rannsaka reikninga ákærða, sbr. 5. gr. laga nr. 9 frá 1926.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Ákærði, Ólafur Kalstað Þorvarðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 120.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. marz 1937.

1.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kalstað Þorvarðssyni verzlunarmanni, til heimilis á Brávallagötu 26, hér í bæ, fyrir brot gegn 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga, lögum nr. 53 1911 um verzlunarbækur og lögum nr. 25 1929 um gjaldþrotaskipti.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. janúar 1911 hér í bænum. Hann hefir hinn 5. okt. 1929 verið sektaður um kr. 10.00 fyrir ljósleysi á reiðhjóli, en ekki verið refsað að öðru leyti.

2.

Hinn 1. ágúst 1932 stofnaði ákærði ásamt með föður sínum, Þorvarði Þorvarðssyni, prentsmiðjustjóra, og Ólafi Halldórssyni, verzlunarmanni, nýlenduvöruverzlun undir nafninu O. Halldórsson & Kalstað. Voru þeir allir

fullábyrgir félagar að jöfnum hluta. Stofnfé verzlunarinnar var 1500 kr. lán, sem þeir tóku, en ekkert fé lögðu þeir fram frá sjálfum sér. Þorvarður var með í fyrirtækinu mest formsins vegna með því að hann hafði verzlunarleyfi. Ólafur Halldórsson gekk úr félagsskapnum í marz 1933 og afhenti ákærða sinn hlut í verzluninni. Ákærði hafði sjálfur alla stjórn verzlunarinnar allt frá upphafi og annaðist bókhald hennar, en naut þó aðstoðar annarra við það.

Uppgjör verzlunarinnar 1. janúar 1935 sýndi, að orðið hafði tap á rekstrinum árið 1934 að upphæð kr. 1591.82, og skuldir umfram eignir voru þá taldar kr. 1870.34, eftir að kr. 1500.00 höfðu verið afskrifaðar fyrir tapi á útistandandi skuldum.

Fyrir tapi því, er orðið var á verzluninni, gerði ákærði sér þá grein, að það stafaði af kjötdeild, er hann rak í sambandi við verzlunina og gengið hafði illa. Hann kveðst þá hafa haft fasta trú á því, að verzlunin mundi ná sér upp aftur og hélt henni því áfram. Svo varð þó ekki, og eftir að reikningar verzlunarinnar voru gerðir upp eftir áramótin 1935—36, reyndist hagur verzlunarinnar svo slæmur, að ákærði sneri sér til skuldheimtumanna sinna og lét að þeirra tilhlutun Björn E. Árnason, löggiltan endurskoðanda, gera upp hag hennar. Að fenginni skýrslu endurskoðandans baðst hann gjaldþrotaskipta á búi sínu, og var úrskurðaður gjaldþrota hinn 2. marz 1936.

Samkvæmt uppgjöri endurskoðanda réttarins, Helga Sívertsen, var þá orðið tap á verzluninni samtals að upphæð kr. 14799.73. Þar við er þess að gæta, að endurskoðandinn telur útistandandi skuldir á nafnverði að upphæð kr. 10849.13, og vörubirgðir eru reiknaðar á kr. 3804.56, en voru seldar fyrir aðeins kr. 2600.00. Hefir því raunverulegt tap skuldheimtumanna numið nokkru meira.

Sala verzlunarinnar á þessu tímabili verður þó að teljast góð. Árið 1934 er samkvæmt rekstrarreikningi ákærða sjálfs innkomið fyrir seldar vörur kr. 92485.02. Frá 1. jan. 1935 til 29. febrúar 1936 nemur salan samkvæmt uppgjöri endurskoðanda réttarins kr. 109532.85, og hefir þannig verið hlutfallslega svipuð bæði árin.

3.

Til þess að fá samanburð um rekstur verzlunarinnar við aðrar verzlanir, hefir endurskoðandi réttarins reiknað út brúttóhagnað verzlunarinnar, og hefir álagningin samkvæmt því reynzt að nema 6.65% á tímabilinu 1. jan. 1935—29. febr. 1936. Árið 1934 svarar brúttóhagnaður verzlunarinnar aftur á móti til 15.94% álagningar. Samkvæmt upplýsingum Verzlunarráðs Íslands hefir álagning matvöruverzlana hér í bænum að meðaltali verið 18% árið 1934, en 16% árið 1935. Álagning kjötverzlana nam c. 13% að meðaltali bæði árin. Að áliti Skattstofunnar í Reykjavík, sem einnig hefir verið leitað, er álagningin nokkru hærri.

Þá hefir endurskoðandinn reiknað út, hver brúttóhagnaður verzlunarinnar hefði átt að verða frá 1. janúar 1935 til 29. febrúar 1936, samkvæmt meðaltali Verzlunarráðsins og með þeirri skiptingu sölunnar á nýlenduvörudeild og kjötdeild, sem ákærði hefir sjálfur gefið upp sem nær sönnu. Hefir endurskoðandanum reiknazt svo til, að brúttóhagnaður verzlunarinnar sé samkvæmt þessu vantalinn um kr. 8161.68.

4.

Skýringar þær, er ákærði hefir gefið á hinum hrakandi hag verzlunarinnar síðasta árið, sem hún starfaði, og því, að henni vegnaði verr en öðrum hliðstæðum verzlunum, eru aðallega þessar:

I. Hann kveðst vegna samkeppni hafa neyðzt til að auka afslátt til viðskiptamanna sinna verulega. Árið 1934 kveðst hann hafa veitt föstum viðskiptamönnum 5—6% afslátt, en síðara árið komst hann upp í 6—8% og jafnvel 10%. Auk þess urðu fleiri afsláttarins aðnjótandi.

Starfsmenn verzlunarinnar hafa verið leiddir sem vitni um þetta atriði. Jón Magnússon telur álagninguna hafa verið með svipuðum hætti hjá ákærða sem í öðrum hliðstæðum verzlunum, vörur hafi aldrei verið seldar með innkaupsverði, og afsláttur eins og gengur og gerist í svipuðum verzlunum og ekki víðtækari, hafi numið 5—6%, nema síðasta árið, þá komst hann stundum upp í 8%. Þorgeir Arnórsson, sem starfaði við verzlunina þar til í ágúst 1935, telur, að afsláttur, 5%, hafi verið veittur föst-

um viðskiptamönnum, en segist aldrei hafa orðið var við, að hann væri hærri.

Þessi ástæða verður ekki talin fullnægjandi skýring á hinni löku útkomu verzlunarinnar. Ákærði hefir sjálfur haldið því fram, að álagning hjá sér hafi verið svipuð og almennt tíðkaðist í matvöruverzlunum, og svipuð bæði árin 1934 og 1935, þótt síðara árið hafi sig að vísu skort nokkuð álagningarháar vörutegundir, eins og aðrar yngri matvöruverzlanir. Og í meðaltalstölu Verzlunarráðsins er einmitt tekið tillit til afsláttar, svo álagningarprósenta ákærða er sambærileg við þær, eins og hún liggur fyrir.

II. Þá hefir ákærði haldið því fram, að kjötdeild, er hann rak í sambandi við verzlun sína, hafi orðið orsök mikils taps. Hann kveðst í byrjun engin kjötvinnslutæki eða kæliáhöld hafa haft, og því hafi orðið tilfinnanleg rýrnun á kjötinu sakir skemmda. Er þetta staðfest af vitnisburðum starfsmanna hans. Þetta getur þó ekki skýrt það, að hag verzlunarinnar fór hrakandi síðasta árið. Þess skal og getið, að haustið 1934 fékk ákærði einmitt kæliskáp í verzlunina, sem að vísu er talinn lítill, en þó hefði mátt ætla, að hefði frekar dregið úr vöruskemmdum.

III. Þá hefir ákærði haldið því fram, að hann hefði „ákveðinn grun um", að óeðlileg vörurýrnun hafi átt sér stað í verzluninni. Þegar hann var að fást við áramótauppgjör sitt og varð þess var, að orðinn var stórfelldur halli á verzluninni, kveður hann, að sér hafi dottið í hug, að vörur hafi verið teknar úr vörugeymslu verzlunarinnar, og við athugun á dyraumbúnaði kom í ljós, að bæði dyr þær, er liggja í vörugeymsluna, sem var í kjallara hússins, og eins bakdyr búðarinnar var auðvelt að opna með því að smeygja verkfæri inn með lista, sem negldur var á dyrakarminn, og ýta smekklás opnum. Telur ákærði sig við athugun hafa komizt að raun um, að smekklásinn á hurðinni inn í geymsluna hafi borið það með sér, að hurðin hafi verið stungin upp með þessum hætti. Það skal tekið fram, að báðar þessar dyr liggja úr innanhússgangi þannig, að um hvorugar verður farið af utanaðkomandi, nema fara fyrst um útidyr hússins, sem jafnan voru lokaðar um nætur, að því er ákærði vissi bezt.

Þegar ákærði tók eftir þessu, sneri hann sér til Erlings

yfirlögregluþjóns Pálssonar og fékk hann til að líta á umbúnað geymsludyranna. Hefir yfirlögregluþjónninn verið leiddur sem vitni í málinu, og borið það, að hægt hafi verið, að sínu áliti, að opna dyrnar með þeim hætti, sem áður er lýst. Hinsvegar kveðst hann engin merki þess hafa séð á smekklásnum, að hann hefði verið spenntur upp.

Ákærði hefir borið það í réttinum, að hann hafi hvorki fyrr né síðar orðið þess var, að vörur hyrfu úr verzluninni eða geymslunni, og eins og áður er sagt, fór hann fyrst að athuga þetta, þegar hann sá hina slæmu útkomu rekstrarins. Hið sama hafa og starfsmenn hans borið. Með tilliti til þess og vitnisburðar yfirlögregluþjónsins verða ekki taldar líkur til að hinn hrakandi hagur verzlunarinnar eigi rót sína að rekja til óeðlilegrar vörurýrnunar vegna þjófnaðar úr verzluninni eða vörugeymslu hennar.

Hvorki þessar skýringar ákærða né önnur smærri atriði, er hann hefir bent á, og ekki þykir nauðsyn á að rekja nánar, verða taldar nægjanleg greinargerð til að skýra hinn hrakandi hag verzlunarinnar reikningstímabilið 1. janúar 1935 til 29. febrúar 1936, miðað við fyrra ár, eða hinn stóra mun, sem verður á útkomu verzlunarinnar og afkomu hliðstæðra meðalverzlana, eins og fyrr var greint frá. Hefir rannsókninni ekki tekizt að komast fyrir orsakir þessa.

5.

Ákærði hafði sjálfur með höndum bókhald verzlunarinnar og naut þó til þess aðstoðar ýmissa manna. Bækur þær, er haldnar voru og afhentar endurskoðanda réttarins, voru þessar: Dagbók, sjóðbók yfir lítinn hluta af tímabilinu, viðskiptamannabók, sem hætt var að færa 1. júlí 1934, birgðabækur, nótubækur og 2 efnahagsskýrslur. Dagbókin hefir ekki verið lögð saman sum árin og höfuðbók (aðalbók) ekki haldin. Hefir ákærði skýrt svo frá, að hann hafi talið dagbókina saman á vél og notað samlagningarlistana í stað færslu aðalbókar sem undirstöðu ársreikningsgerðar. Eftir að hann hætti færslu viðskiptamannabókar lét hann reikningsyfirlit kreditora nægja um þau viðskipti. Löggilt efnahagsbók var ekki haldin.

Endurskoðandi réttarins hefir við endurskoðunina gert fjölda leiðréttinga vegna villna í bókhaldi verzlunarinnar.

Við þær leiðréttingar hafa kröfuhafar hækkað um kr. 1092.60, ótilfærð vöruúttekt eiganda reyndist að vera kr. 548.97 (var leiðrétt fyrst af Birni E. Árnasyni), og ennfremur reyndust útborganir úr sjóði umfram innborganir að vera kr. 980.02, og hækkaði endurskoðandi sölureikning um þá upphæð.

Þegar ákærði átti að gera grein fyrir því, hvernig á því stæði, að samkvæmt bókhaldi hans reyndist meira borgað úr sjóði en í honum átti að vera, skýrði hann svo frá, að hann hefði á stundum fengið skyndilán hjá kunningjum sínum, án þess að bókfæra þau, og þá ekki heldur endurgreiðslu þeirra. Upphæðirnar voru þó ávallt lágar, 150—200 krónur. Er þessi frásögn ákærða staðfest af vitnisburðum þeirra manna, sem hann skýrði frá, að lánað hefðu sér fé. Ákærði hefir talið, að vera mætti, að einhver ruglingur hefði komizt á sjóðsreikninginn við þessi lán, og gæti þetta af því stafað.

Hinsvegar hefir ákærði neitað að hafa sér vitanlega látið fyrirfarast að bókfæra innkomna peninga fyrir seldar vörur. Hann hefir þó sjálfur í reikningi þeim, er hann lagði fyrir skiptarétt, og Björn E. Árnason samdi, reiknað kr. 315.15 af áðurgreindri upphæð (kr. 980.02) sem vanfærða sölu. Þetta hefir hann ítrekað í skýrslu um bókhald sitt, sem hann lagði fyrir lögregluréttinn. Verður því að ganga út frá, að farizt hafi fyrir að bókfæra innkomna peninga fyrir seldar vörur, sem þeirri upphæð nemur að minnsta kosti.

6.

Eins og fram kemur af því, sem nú hefir verið rakið, verður ekki talið, að upplýst hafi um orsök hinnar slæmu útkomu rekstrarins síðasta árið. Bresta sannanir fyrir því, að ákærði hafi með sviksamlegum hætti dregið fé úr verzluninni eða skotið því undan gjaldþrotaskiptunum.

Hinsvegar verður að telja, að rannsókn málsins hafi leitt í ljós verulega ágalla á bókhaldi ákærða, þar sem það er viðurkennt af honum, að hann hafi látið fyrirfarast að bókfæra lántökur til rekstrarins og endurgreiðslu lána, auk þess sem telja verður samkvæmt framangreindu, að innkomnir peningar fyrir seldar vörur hafi heldur ekki verið bókfærðir allir. Jafnframt verður og að benda á áðurgreindar leiðréttingar endurskoðandans við bækurnar

og frásögn hans um færslu þeirra. Þá hefir ákærði og viðurkennt það, „að sér hafi á engan hátt verið ljós raunverulegur hagur verzlunarinnar eða hnignun sú, sem á henni var, fyrr en við áramótauppgjörið (1935—1936), enda varð slíkt ekki séð af bókhaldi hennar, þar sem það var ekki lagt saman eða gert upp mánaðarlega."

Með þessu þykir ákærði hafa gerzt sekur við 264. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga frá 1869, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í 20 daga. Með tilliti til ungs aldurs og undanfarandi hegðunar ákærða, þykir mega ákveða, að refsingin sé skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum laga nr. 39 1907.

Þá ber og að dæma ákærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hrm., er þykja hæfilega ákveðin kr. 150.00.

Á málinu hefir orðið nokkur dráttur, sem stafar sumpart af því, að ákærði fékk í byrjun rannsóknarinnar leyfi til utanfarar í erindum bæjarstjórnar Reykjavíkur, en sumpart af annríki dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ólafur Kalstað Þorvarðsson, sæti einföldu fangelsi í 20 daga.

Refsingunni skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa að telja, ef skilorð laga nr. 39/1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Einars Baldvins Guðmundssonar hrm., kr. 150.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. október 1938.

Nr. 29/1938. **A. Obenhaupt** (Eggert Claessen)
gegn
bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Dæmt um útsvarsskyldu manns, er heimilisfastur var erlendis.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. febrúar þ. á., hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði lögtaksgerðarinnar og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Stefndi telur áfrýjanda, sem er heimilisfastur erlendis, lögskyldan til greiðslu útsvars til bæjarsjóðs Reykjavíkur árin 1936 og 1937 samkvæmt 6. gr. B 2 sbr. 7. gr. laga nr. 46 frá 1926, að því er varðar útsvar það, sem á hann var lagt 1936, og samkvæmt 6. gr. B 2 sbr. 7. gr. laga nr. 106 frá 1936, að því er tekur til útsvarsins 1937, þar sem hann, þ. e. áfrýjandi, eigi húseignina nr. 3 við Suðurgötu hér í bæ, sem gefi honum arð. Áfrýjandi mælir á móti útsvarsskyldunni og styður mótmæli sín með því, að leggja fram reikninga um tekjur og gjöld, sem hann hefir haft vegna téðrar húseignar árin 1935, 1936 og 1937, en samkvæmt reikningum þessum hafa tekjur af húseigninni ekki hrokkið til greiðslu kostnaðar við

hana. Gegn þessari framtölu áfrýjanda hefir stefndi ekki leitt haldgóð rök að því, að áfrýjandi hafi á téðum árum haft hreinan arð af húseigninni, og brestur þegar af þeirri ástæðu lagaheimild til að taka kröfur stefnda í málinu til greina. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksgerðarinnar.

Eftir þessum málslyktum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og verður hin umbeðna lögtaksgerð ekki framkvæmd.

Stefndi, bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, A. Obenhaupt, kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. jan. 1938.

Gjörðarþola, A. Obenhaupt stórkaupmanni, nú búsettum í Kaupmannahöfn, var gert að greiða útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1936 kr. 275.00 og 1937 kr. 1000.00. Þar sem umboðsmaður gerðarþola hér, endurskoðunarskrifstofa N. Mancher & Co., hefir reynzt ófáanlegur til að greiða útsvör þessi, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak yrði gert í eignum gerðarþola til tryggingar ofangreindum útsvarsskuldum svo og dráttarvöxtum og kostnaði.

Hafa aðiljar lagt málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Umboðsmaður gerðarþola hefir mótmælt því, að gerðin nái fram að ganga, þar sem hann telur gerðarþola eigi hafa verið útsvarsskyldan í Reykjavík umrætt tímabil. Það er að vísu upplýst í réttinum, að gerðarþoli, sem er

útlendingur, búsettur erlendis, og hefir verið búsettur þar þann tíma, sem hér er um að ræða, eigi hér fasteign, en umboðsmaður gerðarþola kveður hann engar tekjur hafa haft af eigninni umrætt tímabil. Hefir hann lagt fram í réttinum vottorð skattstjóra, dags. 30. júní 1937, rskj. nr. 4, um, að tekjuskattur hafi eigi verið lagður á gerðarþola fyrir árin 1935 og 1936. Með skírskotun til þessa, svo og með tilvísun til 6. gr. B 2 útsvarslaganna, hefir hann mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefir hinsvegar haldið því fram að fasteign gerðarþola, sem hér er um að ræða, nr. 3 við Suðurgötu, sem metin er að fasteignamati kr. 33700.00 með þinglýstum veðskuldum að svipaðri upphæð, sé nú leigð út fyrir kr. 325.00 á mánuði, enda hafi hún verið leigð út að staðaldri bæði árin 1935 og 1936, sem einkum komi hér til greina. Hafi eignin því gefið arð, svo sem tilskilið sé í 6. gr. B 2. útsvarslaganna, enda sé það nóg til þess, að útlendingur verði útsvarsskyldur samkvæmt þessari lagagrein, að fasteignin sé arðbær. Hefir hann með skírskotun til þessa haldið fast við kröfu sína um framgang gerðarinnar.

Umboðsmaður gerðarþola hefir með bókun sinni í réttinum viðurkennt, að umrædd húseign hafi að vísu verið leigð út umrætt tímabil, en haldið því hinsvegar fram, að rekstrartap hafi orðið á eigninni bæði árin 1935 og 1936, meðal annars vegna vanhalda á húsaleigunni.

Það er upplýst í máli þessu, að gerðarþoli eigi hér fasteign, sem hann umrætt tímabil hafi leigt út fyrir ákveðna upphæð mánaðarlega, nú síðast kr. 325.00 á mánuði. Hinsvegar hefir umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að rekstrartap hafi orðið á eigninni þetta tímabil, meðal annars vegna vanhalda á húsaleigunni. 6. gr. B 2 útsvarslaganna kveður skýlaust á um það, að útlendingur sé útsvarsskyldur hér, ef hann eigi hér arðberandi eign. — Rétturinn lítur svo á, að það skipti ekki máli, hvort eignin gefi raunverulegan arð, ef hún í eðli sínu er arðbær. En auk þess er það upplýst í því tilfelli, er hér um ræðir, að eignin hefir verið leigð út á tímabilinu. Og það, að eigi hefir verið lagður tekjuskattur á gerðarþola vegna rekstrartaps hans á eigninni umrætt tímabil, getur á engan hátt haft áhrif á útsvarsskyldu hans samkvæmt áður-

nefndri grein útsvarslaganna. Það verður því að líta svo á, að gerðarþoli hafi verið útsvarsskyldur í Reykjavík umrætt tímabil og að útsvar hafi því réttilega verið lagt á hann hér. Samkvæmt þessu ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Sökum anna fógetans vegna lögtaksfjölda hér í bænum hefir eigi verið hægt að taka lögtaksbeiðni þessa fyrir fyrr en nú.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Mánudaginn 24. október 1938.

Nr. 23/1938. **Haraldur Elíasson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Lofti Jónssyni og Gunnlaugi Stefánssyni (Stefán Jóh. Stefánsson).

Kaupkrafa háseta talin tryggð með sjóveðrétti.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess hér fyrir dómi, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en þó með þeirri breytingu, að viðurkenndur verði sjóveðréttur fyrir dæmdum fjárhæðum í vélbátnum Bjarna riddara G. K. 9. Svo krefst hann þess og, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum in solidum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins, og verði sú upphæð einnig tryggð með sjóveðrétti í nefndum bát.

Af hálfu hinna stefndu hefir staðfesting héraðsdómsins verið samþykkt, en því mótmælt, að sjóveðréttur verði viðurkenndur. Krefjast þeir þess, að

áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim hæfilegan málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Aðiljar eru sammála um það hér fyrir rétti, að áfrýjandi hafi verið ráðinn háseti á vélbátinn Bjarna riddara á vetrarvertíð 1936 og eigi ógreiddar kaupeftirstöðvar frá vertíðinni, sem nemi fjárhæð þeirri, er honum var dæmd í héraði.

Vélbáturinn Bjarni riddari er talinn 6.4 smálestir að stærð, og er hann skrásettur á fiskiskipaskrá. Þykir mega ráða af ákvæðum 11. kap. sbr. 1. og 2. kap. siglingalaga nr. 56/1914, að sjóveðréttur geti stofnazt í slíkum bát. Kemur þá til athugunar sú staðhæfing hinna stefndu, að lögskráning á skip, stærra en 12 smálestir, sé skilyrði fyrir því, að kaupkröfu skipverja fylgi sjóveðréttur samkvæmt 2. tölulið 236. gr. nefndra siglingalaga. Í 5. kap. siglingalaganna voru aðalákvæði þeirra um skipshöfn, sbr. nú sjómannalög nr. 41/1930. Þótt sá kapituli hafi inni að halda ákvæði um lögskráningu á stærri skip en 12 smálestir, verður ekki af honum ráðið, að fyrirmæli hans hafi eingöngu átt að ná til skipverja á slíkum skipum, enda benda sum ákvæði kapítulans til hins gagnstæða, sbr. 80. gr. e contrario og 3. mgr. 94. gr. sbr. 40. gr. Verður þá ekki heldur talið, að orðið skipshöfn í 2. tölulið 236. gr. laganna beri að skýra þannig, að þar sé ekki átt við aðra skipverja en lögskráða, enda er þar engin takmörkun gerð í þá átt. Og þessari skýringu á ákvæðum nefndrar 236. gr. haggar það ekki, þótt ákvæði 5. kap. laganna séu nú ekki lengur í gildi.

Samkvæmt framansögðu verður að telja áfrýjanda eiga rétt til þess, að krafa hans um viðurkenningu sjóveðréttar verði tekin til greina jafnframt því sem greiðsluákvæði hins áfrýjaða dóms verða staðfest.

Eftir þessum úrslitum ber hinum stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti in solidum, og ákveðst hann 400 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur Loftur Jónsson greiði áfrýjanda, Haraldi Elíassyni, kr. 234.65 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1936 til greiðsludags og kr. 85.00 í málskostnað í héraði. Svo greiði hinir stefndu, Loftur Jónsson og Gunnlaugur Stefánsson, áfrýjanda in solidum 400 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti. Áfrýjandi skal hafa sjóveðrétt í v/b Bjarna riddara G. K. 9 til tryggingar framangreindum kröfum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. febr. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 3. maí 1937 af Haraldi Elíassyni sjómanni, hér í bæ, gegn Lofti Jónssyni, Lindargötu 10 A, hér í bænum, til greiðslu á vangoldnu kaupi að eftirstöðvum kr. 274.65 ásamt 6% ársvöxtum frá 11. maí 1936 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu, svo og gegn Gunnlaugi Stefánssyni kaupmanni í Hafnarfirði, til viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b „Bjarni riddari" G. K. 9 til tryggingar nefndum kröfum. Í rekstri málsins hefir stefnandi síðan lækkað kaupkröfu sína í kr. 234.65.

Stefndur Loftur Jónsson hefir mætt sjálfur í málinu, en ekki haft uppi neinar varnir eða gert nokkrar kröfur í því.

Hinsvegar hefir verið mætt af hálfu stefnds Gunnlaugs Stefánssonar og þess krafizt *aðallega*, að sýknað verði af sjóveðréttarkröfunni og honum tildæmdur málskostnaður

að skaðlausu eftir mati réttarins, en *til vara*, að upphæðin verði færð niður í kr. 134.65 og honum tildæmdur málskostnaður.

Réttarkröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefndur Loftur hafi ráðið hann til sjóróðra á v/b „Bjarni riddari" á vetrarvertíð 1936, og síðan hafi hann róið á bátnum nefndan tíma. Hinsvegar hafi Loftur ekki fengizt til að greiða sér umsamið kaup, sem hafi verið kr. 350.00 að frádreginni vöruúttekt, að upphæð kr. 75.35, hjá meðstefndum Gunnlaugi Stefánssyni, eiganda bátsins, svo og áðurnefndum kr. 40.00.

Aðalkröfu sína um sýknu byggir stefndur Gunnlaugur á þrennu:

1. *að* stefnandi hafi ekki verið skipverji á v/b „Bjarni riddari", heldur landmaður.
2. *að* sjóveðréttur geti ekki stofnazt í þeim bát,
3. *að* sjóveðrétturinn sé fyrndur, þótt talið yrði, að hann hefði stofnazt í vélbátnum.

Um 1. Með aðiljaskýrslu stefnds Lofts og öðrum gögnum verður það að teljast sannað, að stefnandi hafi verið sjómaður á v/b „Bjarni riddari" umrædda vertíð, og verður krafa stefnds Gunnlaugs um sýknu af sjóveðréttarkröfunni, byggð á þessari ástæðu, ekki tekin til greina.

Um 2. Það er upplýst í málinu, að v/b „Bjarni riddari" er 6.4 smál. að stærð, og heldur stefndur Gunnlaugur því fram, að sjóveðréttur til tryggingar kaupkröfum skipverja geti ekki stofnazt í svo litlum bát. Telur hann, að þar sem skráningarskylda skipverja sé bundin við 12 smál. stærð á bátum, og skráningarskyldan sé meðal annars sett til að vernda sjóveðrétt skipverjanna, þá verði að líta svo á, að löggjafinn hafi talið ástæðulaust að vernda sjóveðrétt á minni skipum, þar eð ekki geti verið um stofnun sjóveðréttar að ræða, þegar komið væri niður fyrir þá stærð.

Stefnandi byggir kröfu sína um sjóveðrétt á því, að um stofnun og vernd eignarhafta í bátum, 5 smál. og stærri, fari eftir reglunum um fasteignir, og sé því ekkert því til fyrirstöðu, að sjóveðréttur fyrir kaupi geti stofnazt í nefndum bát.

Það verður nú ekki fallizt á það, að þessi röksemd stefnanda, sem getið var, skeri úr um það, hvort kaupkröfu skipverja fylgi sjóveðréttur. Því að ákvæði 5. gr.

siglingalaganna lýtur að reglum um samninga varðandi skip, en sjóveð stofnast eftir beinum fyrirmælum laga án veðsamnings. Hinsvegar verður heldur ekki fallizt á þá skoðun stefnds, að af nefndum ákvæðum laga um lögskráningarskyldu verði tvímælalaust dregin sú ályktun, að kaupkröfum skipshafnar á smærri skipum en 12 smálestir geti ekki fylgt sjóveðréttur skv. 2. tölulið 236. gr. siglingalaganna, enda kemur sá tilgangur ekki fram í lagaákvæðum um lögskráningu, að nefnd stærðartakmörkun viðvíkjandi skráningarskyldunni skuli og setja takmörk fyrir því, í hvaða skipum sjóveðréttur geti fylgt kaupkröfum skipshafnar.

Ákvæði um sjóveðrétt var fyrst leitt í lög hér á landi með siglingalögunum frá 1913 og ákvæðið í 236. gr. 2. lið í gildandi siglingalögum er orðrétt tekið úr hinum fyrri lögum, og lýtur vitanlega að tryggingu kaups þeirra manna, sem ráðnir eru á skip eftir fyrirmælum þeirra laga sjálfra, þ. e. þeirra skipverja, sem lögskráðir eru, en lögskráning er nú bundin við skip, sem eru 12 smál. eða stærri.

Þótt skip undir þessari stærð séu óefað sjóveðhæf í sumar áttir, svo sem út af árekstri eða björgun, leiðir ekki þar af, að kaupkröfur skipshafnar á skipum af þessari stærð fylgi sjóveð, enda torvelt að draga nokkursstaðar markalínu eftir stærð, ef hún er ekki miðuð við 12 smál. Þó mætti hugsa sér að miða lágmarksstærð skips, veðhæfs fyrir hér um ræddri tegund sjóveðréttar, við 6 smál., eins og gert er í lögum nr. 104/1936 um atvinnu við siglingar, en þau lög lúta þó aðeins að kunnáttu og starfshæfni yfirmanna, en snerta ekkert það málefni, sem hér er til úrlausnar.

Eins og áður er sagt, er lögskráningarskylda bundin við skip 12 smál. og stærri, og hingað til hefir það ekki verið tíðkað, að lögskrá á minni skip, heldur hefir ráðning á þessi skip verið almennur vinnusamningur, munnlegur eða skriflegur eftir því sem verkast vill og aðiljum hefir þótt nægilega tryggilegt. Löggjafinn hefir leitt hjá sér að skipa fyrir um sérstakar reglur fyrir þessa samninga. Kaupkröfum sjómanna á slíkum skipum, sem ráðnir hafa verið upp á fast kaup, hafa því fylgt sömu réttindi og öðru verkkaupi um forgang fyrir öðrum kröfum í bú

skuldara, en ekki frekara. Fyrsta skilyrði fyrir því, að sjóveðréttur fylgi kaupi skipverja, er það, að skipverjinn sé lögskráður, það er, ráðinn á ákveðið skip með samningi, sem að formi og efni er gerður samkv. gildandi lögum um lögskráningu sjómanna. Nú hefir slíkt ekki átt sér stað um ráðningu stefnanda og er það út af fyrir sig næg ástæða til þess að krafa hans um sjóveðrétt fyrir kaupi sínu getur ekki orðið tekin til greina.

Samkv. því, sem nú var sagt, þarf ekki að athuga nánar þriðju sýknuástæðu stefnds Gunnlaugs eða varakröfur hans, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður, að því er hann snertir, falli niður.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndur Loftur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 234.65 með vöxtum eins og krafizt hefir verið, þar sem engum andmælum hefir verið hreyft gegn hæð þeirra. Svo greiði sami stefndur stefnandanum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 85.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur Loftur Jónsson greiði stefnandanum, Haraldi Elíassyni, kr. 234.65 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1936 til greiðsludags og kr. 85.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. október 1938.

Nr. 60/1938. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Halldóri Sveinssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Dómur og málsmeðferð ómerkt vegna ófullnægjandi rannsóknar.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði hefir gizkað á, að hann hafi ekið bifreiðinni R 358 á 15—18 kílómetra hraða miðað við klukkustund fram hjá bifreiðinni R 507, er slys það varð, er í máli þessu greinir, og kveðst hann hafa ekið í 4. gíri. Það virðist geta miklu máli skipt, á hvaða hraða bifreið ákærða var. Í sambandi við þetta þarf að fá umsögn kunnáttumanna um það, hvort bifreið ákærða hefði getað greitt hinum látna manni, sem hún rakst á, svo mikið högg sem raun gaf vitni, ef hún hefði verið á áðurnefndum hraða.

Svo virðist sem bifreiðarnar hafi mætzt í brekkunni á Laugarnessveginum skammt frá mótum hans og Suðurlandsvegar, og hefir því bifreið ákærða verið á leið upp brekkuna til vegamótanna. Virðist nauðsynlegt, að fengið sé álit kunnáttumanna um það, hvort mögulegt eða líklegt sé, að bifreið ákærða hafi getað dregið upp brekkuna á 15—18 kílometra hraða á klukkustund með fullfermi af sandi og í 4. gíri.

Af sjónarvottum, sem virðast hafa verið 10 alls, þótt bifreiðarstjórinn á R 507 sé ekki talinn með, hafa aðeins 3 verið látnir gefa skýrslu í málinu. Virðist auðsætt, að leita hefði átt skýrslu þeirra allra,

sem til náðist, og einnig bifreiðarstjórans á R 507, sem bæði var líklegur til að hafa veitt því eftirtekt, hvort ákærði gaf hljóðmerki áður eða um leið og hann fór fram hjá R 507, og einnig var líklegur til þess að hafa gert sér grein fyrir bilinu á milli bifreiðanna, er R 358 ók fram hjá. Þótt langur tími sé liðinn síðan slysið varð, virðist ekki vera alveg fyrir það girt, að nánari upplýsingar kunni enn að fást um þau atriði, sem áðurnefndir menn ættu að hafa getað skýrt í öndverðu.

Þar sem málið virðist hafa verið svo ófullnægjandi prófað um atriði. sem kunna að geta varðað sekt eða sýknu ákærða, þykir rétt að ómerkja málsmeðferðina í héraði og hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til rækilegri rannsóknar og nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum málalokum verður að dæma greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Málsmeðferð og dómur í héraði skulu vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til rækilegri rannsóknar og meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Ríkissjóður greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Garðars Þorsteinssonar, 80 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 21. jan. 1938.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Halldóri Sveinssyni bifreiðarstjóra, til heimilis Bergstaðastræti 10 hér í bæ, fyrir brot gegn 17. kap. almennra hegningarlaga og lögum nr. 70 1931 um notkun bifreiða.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. febrúar 1892 á Rauðahóli, Stokkseyrarhreppi. Hegningarvottorð hans er svolátandi:

1929 $^{3}/_{5}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
1929 $^{12}/_{10}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
1931 $^{2}/_{8}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1932 $^{2}/_{3}$ Kærður fyrir að aka yfir reiðhjól og brjóta það. Málið rannsakað og lokið án málssóknar.
1934 $^{17}/_{1}$ Undirgekkst að sjá um skaðabótagreiðslu fyrir reiðhjól, er hann skemmdi með bifreið sinni.
1934 $^{1}/_{6}$ Aðvörun fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.

Þriðjudaginn 7. sept. s. l. kl. um 11 f. h. var bifreiðinni R. 507 ekið áleiðis inn á Kirkjusand, og dró hún trillu á eftir sér, sem á var lagður nótabátur. Báturinn lá á hægri hlið, og vissi framendinn að bílnum, en kjölurinn sneri að vinstri vegarkanti. Á Laugarnesveginum var bifreiðin stöðvuð, til þess að gæta að því, hvernig báturinn færi á trillunni. Til þess varð einn af verkamönnum þeim, er í bátnum voru, Sigmundur Sigurðsson að nafni. Steig hann út úr bátnum inn á götuna, fór aftur fyrir hann og aðgætti vinstra megin, sneri síðan við og gekk inn á veginn. Í þeim svifum ekur ákærður bifreiðinni R. 358, sem er vörubifreið, aftur með bátnum, og varð það til þess, að Sigmundur rakst á hornið á vörupalli bifreiðarinnar, að því er virðist, kastaðist aftur fyrir sig og lá á bakið þvers yfir veginn, þegar hann var tekinn upp. Var hann þegar fluttur á Landsspítalann, þar sem hann andaðist kl. 3.30 um daginn.

Að tilhlutun lögreglunnar framkvæmdi prófessor Niels Dungal líkskoðun, og er ályktun hans þessi:

„Hinn látni hefir orðið fyrir geysimiklum áverka, þannig, að hann hefir fengið mjög kraftmikið högg beint framan í mitt andlitið, svo að allur efri kjálkinn og nefið hefir malazt og tennur brotnað í neðri góm. Efri góm-

urinn og kokslímhúðin hefir margrifnað, og hefir blætt mikið og blóðið runnið bæði ofan í lungu og maga. Vegna kjálkabrotsins hefir kokið að miklu leyti lokazt, og er sennilegt, að maðurinn hafi af þeim orsökum kafnað skyndilega."

Þegar lögreglan kom á vettvang, sáust ekki verksummerki slyssins vegna umferðar, er verið hafði á veginum síðar. Við mælingu reyndist vegurinn vera á þessum stað 6.40 metrar á breidd, miðað við yztu hjólför beggja megin. Nótabáturinn, þar sem hann er breiðastur, reyndist vera 2.60 metrar, en þar sem hann lá á hliðinni, hefir raunveruleg breidd hans á veginum ekki verið svo mikil.

Ákærður hefir skýrt svo frá, að hann hafi tekið eftir Sigmundi heitnum, þar sem hann var vinstra megin við bátinn, og var það áður en bifreiðarnar fórust hjá. Hann kveðst hafa ekið hiklaust áfram, en þó dregið úr hraðanum, og gizkar á, að hraðinn hafi verið 15—18 km. um það bil er hann ók aftur með bátnum. Gangvél bifreiðarinnar var í 4. gír. Hann kveðst ekki geta um það sagt, hvort hann gaf hljóðmerki. Bifreiðinni kveðst hann hafa haldið eins utarlega á vinstri vegarbrún og hann sá sér fært og telur, að vel hafi verið manngengt milli bílsins og bátsins, þegar hann fór fram hjá. Eftir að hann var kominn fram hjá bátnum, kveðst hann hafa vikið bifreiðinni inn á veginn. Þegar hann var kominn fram hjá bátnum miðjum, kveðst hann hafa litið aftur með síðunni og undir skutinn og ekki séð þar neina hreyfingu. En þegar hann er sloppinn með hálfa bifreiðina fram hjá bátnum, kveðst hann hafa orðið var við högg á bílinn, en ekki áttað sig á, hvað um var að vera, og þess vegna stoppað bifreiðina.

Vitnið Guðbergur Ingvar Guðmundsson, sem sat á vörupalli bifreiðar þeirrar, er dró bátinn, og sá yfir slysið þaðan, lýsir því svo, að Sigmundur heitinn hafi lokið við að líta eftir bátnum vinstra megin og því farið aftur fyrir hann og út á veginn, skotizt með hraða og sýnilega horft undir bátinn og ekkert tekið eftir bifreið ákærðs. Kveður vitnið Sigmund heitinn hafa lent við þetta fyrst á bifreiðarhúsinu og síðan á horni vörupallsins. Vitnið kveður ákærðan hafa ekið skikkanlega, en treystir sér ekki til að ákveða hraðann. Það kveðst ekki hafa heyrt hljóð-

merki. Það kveðst ekki hafa tekið eftir, hversu utarlega ákærður ók bifreið sinni, en segir, að báturinn hafi verið alveg út á vegarkanti. Vitnið telur þó, að ákærður hafi ekið frekar nærri bátnum, og að ekki muni hafa verið pláss fyrir mann milli bátsins og bifreiðarinnar, er henni var ekið aftur með.

Vitnið Sigmundur Eyvindsson sat í bátnum, þegar slysið vildi til. Það kveður, að sér hafi virzt Sigmundur heitinn ganga ákveðið og óhikað í veg fyrir bifreiðina án þess að veita henni eftirtekt og lent á horninu á vörupallinum. Gekk Sigmundur heitinn hálfboginn fyrir stefni bátsins. Um bilið milli bátsins og bifreiðarinnar segir vitnið það, að maður mundi hafa getað staðið á milli strax fyrir aftan bungu bátsins. Telur það ákærðan hafa sjálfan ekið utarlega, og það óþarflega utarlega. Um hraða bifreiðarinnar kveðst vitnið álíta, að hann hafi verið eðlilegur miðað við aðstæður og eftir því, sem bifreiðar aki hér í bæ. Hljóðmerki kveðst vitnið ekki hafa heyrt.

Þá hefir verið leiddur sem vitni í málinu Guðmundur Steindórsson. Vitnið sat í bifreiðinni R. 358 við hlið ákærðs. Það segist ekki hafa séð Sigmund heitinn fyrr en hann kom fyrir bátsstefnið á nokkrum hraða og lenti þegar á vörupallshorninu. Það telur, að manngengt hafi verið milli bátsins og bifreiðarinnar. Það gizkar á, að bifreiðinni hafi verið ekið á 16—18 km. hraða, og kveðst hafa heyrt ákærðan gefa hljóðmerki, áður en hann fór framhjá bifreiðinni, sem dró bátinn.

Samkvæmt málavöxtum þeim, er nú hafa verið raktir, verður rétturinn að telja Sigmund heitinn sjálfan orsök slyssins. Ákærður ekur fram hjá bátnum á litlum hraða að dómi allra vitnanna. Hann gefur hljóðmerki að vitni þess mannsins, er bezta aðstöðu hafði til að taka eftir því. Hann telur sig hafa ekið eins utarlega og sér hafi verið fært, og styður vitnisburður Sigmundar Eyvindssonar þar. Vagninn, er báturinn var lagður á, staðnæmdist einnig yzt á vegarbrún, að því er telja verður samkvæmt frásögn vitnanna. Og það verður ekki séð, að bifreiðin hafi farið það nálægt bátnum, að slysið hefði þess vegna þurft að verða. Samkvæmt mælingum lögreglunnar er nægilegt pláss á veginum til þess, að bifreiðin gæti hindrunar- og hættulaust farið fram hjá bátnum, þar sem hann

er breiðastur, en nú mjókkar hann aftur, og Sigmundur heitinn kom aftur undan honum. Rétturinn telur því að sýkna beri ákærðan af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í málinu.

Samkvæmt þeim úrslitum ber að greiða allan kostnað málsins af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærðs, Garðars Þorsteinssonar hrm., er ákveðast kr. 60.00.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Halldór Sveinsson, skal sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Garðars Þorsteinssonar hrm., kr. 60.00.

Miðvikudaginn 26. október 1938.

Nr. 27/1938. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Kjartani Ólafssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Maður sektaður og sviptur ökuleyfi vegna ölvunar við akstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Kjartan Ólafsson, greiði allan áfrýjun-

arkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. janúar 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Kjartani Ólafssyni augnlækni, til heimilis Lækjargötu 6 B hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða nr. 70 1931, áfengislögum nr. 33 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, talinn fæddur 12. júní 1895 að Völlum í Svarfaðardal. Hann hefir hér í lögsagnarumdæminu sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1930 $^{2}/_{9}$ Áminning fyrir lögreglubrot í sambandi við bifreið R. 293.

1933 $^{1}/_{7}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 100 króna sekt og sviptur ökuskírteini bifreiðarstjóra í 3 mánuði fyrir brot á bifreiðalögunum og áfengislögunum.

1934 $^{3}/_{10}$ Áminning fyrir brot á áfengislöggjöfinni.

1935 $^{2}/_{12}$ Kærður af Hannesi Erlendssyni fyrir ökustys. Látið falla niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 15. apríl 1936.

Sunnudaginn 21. nóv. s. l. um kl. 2.30 ók kærður bifreiðinni R. 11 frá Rannsóknarstofu Háskólans og áleiðis heim til sín. Hann ók niður Skothúsveg og beygði síðan norður Fríkirkjuveginn. Á móts við Kvennaskólann rakst hann á bifreiðina R 861, sem þá ók suður Fríkirkjuveginn.

Bifreiðarstjórinn á R. 861, Halldór Ólafsson, hefir skýrt svo frá, að hann hafi ekið suður götuna, eins hægt og honum var auðið á 3. gír, eða á að gizka á 10—15 km. hraða. Hann kveðst hafa ekið á vinstra vegarkanti og haft uppi skýr parkljós. Hann kveður kærðan hafa ekið

frekar hart og alveg á hægra kanti, eða á að gizka 1—2 fet frá gangstétt.

Kærður hefir skýrt svo frá, að hann hafi ekki tekið eftir bifreiðinni R. 861, sem kom á móti honum, og því ekið eins og engin önnur bifreið væri á veginum og haldið sig á hægra vegarkanti. Sem ástæðu fyrir því, að hann ekki tók eftir bifreiðinni, hefir hann nefnt það, að hún hafi einungis haft uppi lítil ljós, og eins kveðst hann hafa verið í viðræðum við sessunaut sinn í bifreiðinni. Hann kveðst viðurkenna það, að árekstur inn sé einungis sér að kenna.

Báðar bifreiðarnar skemmdust mikið við árekstur inn. Nemur viðgerðarkostnaður R. 861 samkvæmt lauslegri áætlun vátryggingarfélags um kr. 640.00.

Lögreglan kom á vettvang strax og árekstur inn var orðinn, og með því að svo leit út fyrir, að kærður væri undir áhrifum áfengis, var hann þegar færður á lögreglustöðina og þaðan á Landsspítalann og honum tekið þar blóð. Við blóðrannsóknina reyndist áfengismagnið 1.5‰.

Kærður viðurkenndi þegar að hafa neytt áfengis um kvöldið. Hann skýrði svo frá, að hann hefði setið samsæti, er prófessor Guðm. Hannessyni var haldið í Rannsóknarstofu Háskólans þá um kvöldið, hafa neytt þar rauðvíns með mat, og drukkið síðan 2—3 whiskysjússa. Hann viðurkenndi að hafa fundið á sér áhrif áfengis, en neitaði því að hafa fundið til ölvunaráhrifa, og kvaðst telja sig hafa verið jafnfæran til allra starfa eftir sem áður.

Í tilefni af blóðrannsókninni skýrði kærður frá því, að fyrir um 2 árum síðan hefði hann þjáðst af hættulegri lifrarbólgu, og taldi hann það hafa getað haft áhrif á árangur hennar. Rétturinn bar þetta þegar undir sérfræðing þann, er lögreglan í Reykjavík hefir í þessum efnum, Jóhann lækni Sæmundsson. Telur læknirinn í álitsskjali sínu „að möguleiki sé á því, að truflun á starfsemi lifrarinnar, sem afleiðing af alvarlegum lifrarsjúkdómi, geti valdið því, að ýms reikul (flygtig) reducerandi efni geti borizt út í blóðið, efni, sem annars ekki finnast þar normalt í svo miklu magni, að áhrif geti haft á áðurnefnda blóðrannsókn". Lækninum var því falið að framkvæma blóðrannsókn á kærðum á ný, og var við þá rannsókn gætt venjulegra varúðarráðstafana. Árangurinn varð sá, að blóðið sýndi nú jafnsterka reduction eins og blóð, sem inniheldur 0.65‰ —

0.70‰ alkohol. Ber því að draga þá tölu frá reduction þeirri, er fram kom við fyrri blóðrannsóknina, til þess að fá út áfengismagnið. Hefir áfengismagnið í blóði kærðs samkvæmt því verið 0.80‰—0.85‰ þegar áreksturinn varð.

Samkvæmt skýrslum, sem rétturinn hefir við að styðjast um þýðingu áfengismagns í blóði fyrir ölvun, og eru eftir V. Eskelund, Retsmedicinsk Institut, Kaupmannahöfn, teljast 15% þeirra manna, er hafa í blóði sínu 0.61‰—0.80‰ áfengismagn, ölvaðir, og 29% þeirra, er hafa 0.81‰—1‰ áfengismagn í blóði sínu. Blóðrannsóknin út af fyrir sig sker því ekki úr um það, hvort kærður hafi verið undir áhrifum áfengis þegar áreksturinn varð.

Nokkrir lögregluþjónar, er höfðu tækifæri til að athuga kærðan, þegar hann var tekinn, hafa verið leiddir sem vitni í málinu. Hafa þeir allir borið það, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis eða ölvaður, eftir því, sem þeir gátu bezt merkt á honum. Telja þeir látbragð hans yfirleitt og útlit hafa borið þess vott, af honum hafi verið vínþefur, og málfæri hans ekki eðlilegt. Einn lögregluþjónninn tók eftir því, að hann reikaði í spori, annar hefir borið það, að hann hafi dottið niður á milli sætanna, þegar hann steig upp í bifreið lögreglunnar, og átt erfitt með að reisa sig upp aftur. Þá er vitnisburður um það, að honum hafi orðið mikið vafstur úr því að finna svisslykil bifreiðar sinnar, sem þó var í vasa hans. Loks bar það til, þegar farið var með kærðan á Landsspítalann, að hann vildi taka upp númer lögregluþjóna þeirra, er fluttu hann þangað, og skrifa hjá sér, en sneri þeim þá við, þannig að hann taldi þá lögregluþjónana, sem voru nr. 39 og 56, vera nr. 59 og 36.

Hinsvegar hefir læknir sá, er tók kærðum blóð á Landspítalanum, Pétur Magnússon, ekkert talið sig geta um það borið, hvort kærður hafi verið undir áhrifum áfengis eða ekki, enda hafi hann enga athugun um það gert. Hann kveðst ekki hafa fundið af honum vínþef, enda ekki lyktað framan úr honum. Hann kveðst hafa veitt því eftirtekt, að kærður lét í ljósi gremju yfir því að vera tekinn, en kveðst ekki geta borið um það, hvort það hafi stafað af áhrifum áfengis eða geðshræringu.

Í tilefni af vitnisburði lögregluþjónanna, og eftir að árangur síðari blóðrannsóknarinnar var kunnur orðinn, skýrði kærður frá því, að hann teldi sig hafa orðið fyrir

atropineitrun, en einkenni hennar líkist ölvun. Hann kveðst í 3 daga fyrir áreksturinn hafa notað Bella donna stikkpillur við gylliniæð. Kveðst hann hafa notað 4—5 á dag, og innihaldi hver pilla 3 centigröm Extr. Belladonnae. Réttarinn leitaði um þetta atriði álits Jóhanns Sæmundssonar læknis. Læknirinn hefir í álitsgjörð sinni haldið því fram, að ýms einkenni virkilegrar atropineitrunar líkist mjög ölvun, geti þannig virkileg atropin-eitrun gert menn alóhæfa til að stjórna bifreið, en allt sé þó undir því komið, á hve háu stigi eitrunin sé. Einnig kveður læknirinn, að þessi eitrunareinkenni geti komið fram af tiltölulega litlum skömmtum, að andlitið verði rautt, augun glansandi og málfærið óeðlilegt (þvöglulegt og hæsi) sökum þurrks í munni og í raddböndum.

Telur hann, að þessi einkenni geti komið fram af svo litlum skammti sem 1 milligrammi 3—4 sinnum á dag.

Hann upplýsir og, að 1 milligram af atropin-sulfati svari til 5 sentigramma af Extr. Belladonnae.

Læknirinn kveðst ekki geta dæmt um það, hvort atropineitrun hafi hlotizt af þeirri notkun, sem kærður telur sig hafa viðhaft, þar sem menn þoli lyfið nokkuð misjafnlega. En hann telur sennilegt, að kærður hafi getað verið rauður í andliti og haft þurrk í munni af þeirri notkun.

Eins og málavextir hafa nú verið raktir, kemur það fram, að kærður hefir viðurkennt að hafa fundið til áhrifa áfengis undir akstri bifreiðarinnar, enda þótt hann synji þess, að hafa fundið til ölvunaráhrifa. Frásögn kærðs um atropineitrun, sem kemur fram síðar í rannsókn málsins, verður ekki talin hnekkja þessari viðurkenningu hans, enda þótt um eitrun hafi verið að ræða, sem þó ekki verður talið sannað, með því að notkun kærðs á Belladonna pillunum er ekki það mikil, að eitrun hafi verið óhjákvæmileg, og sízt, að hún hafi verið veruleg.

Vitnisburður lögregluþjónanna, er athuguðu kærðan, er eindreginn í þá átt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis eða ölvaður. Vitnið Pétur Magnússon læknir verður ekki talinn hnekkja vitnisburði þeirra með því að hann tekur það skýrt fram, að hann hafi enga athugun gert um það efni. Loks þykir áreksturinn sjálfur með atvikum þeim, er að honum hafa verið rakin, bera þess ljósastan vottinn,

að kærður hafi ekki verið að öllu með sjálfum sér, þegar hann vildi til.

Það þykir því verða að telja kærðan hafa brotið gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og 5. gr., 3. mgr., sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða. Sömuleiðis hefir kærður, með því að halda sig á hægri vegarkanti, brotið gegn 7. gr., 1. mgr., sbr. 14. gr. sömu laga og 32. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber og með tilliti til þess, að um ítrekun er að ræða, að dæma kærðan frá réttindum til að stýra bifreið æfilangt. Þá ber og að dæma kærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., er ákveðast kr. 60.00.

Málið hefir verið rekið vítalaust, og er gerð grein fyrir dræmi þeim, sem á því er orðinn, í prófum þess.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Kjartan Ólafsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs,

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 12 daga.

Kærður skal sviptur leyfi til að stýra bifreið æfilangt.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., kr. 60.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. október 1938.

Nr. 41/1938. **Réttvísin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Gísla Finnssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir vátryggingarsvik.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að refsing ákærða ákveðst 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo, að refsingin ákveðst 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði, Gísli Finnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. des. 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Gísla Finnssyni bifreiðarstjóra, Grettisgötu 82 hér í bæ, fyrir

brot gegn 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og öðru því, sem fram hefir komið í málinu, eru málavextir þeir, sem nú skal greina.

Hinn 30. maí 1936 undirritaði ákærði fyrir hönd dóttur sinnar ófjárráðrar, Erlu, kaupsamning um tvær gamlar 7 manna Studebakerbifreiðar. Var kaupverðið ákveðið kr. 2000.00 og skyldi ⅓ hluti þess greiðast við undirskrift samningsins, en eftirstöðvarnar með 12 jöfnum mánaðarlegum afborgunum, hverri að upphæð kr. 111.11, og færi fyrsta afborgun fram 30. júní 1936, en sú síðasta 30. maí 1937. Samþykkti ákærði 12 víxla, svarandi til afborgananna, og fékk seljanda þá í hendur. Er til kom, gat ákærði eigi af eigin ramleik greitt ⅓ kaupverðsins, eins og tilskilið var, og leitaði því til Óskars nokkur Þorsteinssonar í Vestmannaeyjum um lán.

Lagði Óskar þessi fram 6—700 krónur til bifreiðakaupanna, og telur ákærði, að þá hafi verið tilætlunin, að þeir Óskar yrðu í félagi um kaupin. Bifreiðunum var síðan komið á bifreiðaverkstæði hér í bænum, og þar gerð úr þeim ein bifreið. Nam viðgerðarkostnaðurinn, að því er helzt verður séð, kr. 2400.00, og greiddi Óskar hann og fékk bifreiðina afhenta.

Lét hann síðan skrásetja bifreiðina hér á sitt nafn, og fékk hún númerið RE 577. Jafnframt keypti hann lögboðna vátryggingu fyrir bifreiðina hjá Baltica h/f. Stundaði hann síðan akstur hér í bænum þar til í októbermánuði 1936, að hann lagði bifreiðina hér inn til geymslu yfir veturinn, en fór sjálfur til Vestmannaeyja. Hafði hann um sumarið auk fjárhæða þeirra, er áður er getið, greitt 4 af víxlum þeim, er ákærði hafði samþykkt fyrir eftirstöðvum kaupverðs bifreiðanna. Er Óskar kom til Vestmannaeyja, var ákærði þar fyrir, en hann gat ekkert borgað að svo komnu af fé því, er Óskar hafði lagt fram. Í júnímánuði 1937 varð að samkomulagi milli ákærða og Óskars, að ákærði skyldi aka bifreiðinni þetta sumar. Greiddi ákærði honum þá 200 krónur og lofaði jafnframt að greiða eftirstöðvar upphaflega kaupverðsins, sem námu kr. 888.88, en bifreiðin skyldi áfram vera á nafni Óskars og teljast hans eign.

Kom ákærði litlu síðar hingað til bæjarins og stundaði akstur með bifreiðinni frá bifreiðastöðinni „Geysi".

Hinn 26. júlí s. l. keypti ákærði vátryggingu á bifreiðinni fyrir tjóni o. fl. að upphæð allt að kr. 5000.00 hjá Trolle & Rothe h/f f. h. Baltica, og er vátryggingarskírteinið gefið út á nafn Óskars. Miðvikudaginn 29. september s. l. ók ákærði bifreiðinni til Akraness. Var dóttir hans með honum í bifreiðinni, en auk þess hafði hann nokkurn flutning. Aðfaranótt fimmtudagins gisti hann á Akranesi, en nokkru eftir hádegi á fimmtudaginn lagði hann á stað til Reykjavíkur og var þá einn í bifreiðinni. Ók hann sem leið liggur fyrir Hvalfjörð, en í brekku skammt frá Hvítanesi ók hann bifreiðinni út af veginum og niður í halla, sem veit til sjávar. Er í hallann kom, hellti ákærði nokkru af benzíni, sem hann hafði með sér á 5 lítra smurningsolíubrúsa, á gólfið í framrúmi bifreiðarinnar og kveikti síðan í því með eldspýtu. Um leið og eldurinn greip um sig hljóp ákærði út úr bifreiðinni, en hann hafði þá losað hana úr gír, og rann hún brennandi niður hallann til sjávar, og brann þar úr henni mest af því, sem brunnið gat.

Ákærði lagðist hinsvegar niður neðan til við veginn og lá þar þangað til gangandi vegfaranda, er hann hafði ekið fram hjá rétt áður, bar að, og gerði ákærði sér þá upp meðvitundarleysi og magnleysi. Ætlaðist ákærði til, að svo liti út sem hann hefði fallið þarna og meiðzt við að kasta sér út úr bifreiðinni, er hún fór út af veginum. Nokkru síðar bar þarna að tvær vörubifreiðar, hlaðnar sláturfjárafurðum, og flutti önnur þeirra ákærða, sem virtist lasburða, til Reykjavíkur um kvöldið.

Daginn eftir tilkynnti ákærði vátryggingarfélaginu bruna bifreiðarinnar og gaf þá og lögreglunni skýrslu um slysið á þá leið, að ákærða varð ekki gefið það að sök, en síðar hefir ákærði, strax og grunur kom upp um það, að ekki væri allt með felldu um slysið, komið fram með hið sanna í málinu samkvæmt framanrituðu.

Ákærði hefir játað, að hann hafi kveikt í bifreiðinni af ásettu ráði. Myndaðist sá asetningur hjá honum smátt og smátt að fyrirfara bifreiðinni og var orðinn ákveðinn eftir að hann lagði af stað frá Akranesi í umrætt skipti. Taldi ákærði, að það, að koma bifreiðinni fyrir kattarnef, mundi

leiða til þess, að vátryggingarfjárhæðin fengist öll greidd, og henni yrði síðan fyrst og fremst varið til þess að greiða allar kröfur, sem bifreiðinni kæmu við eða á henni hvíldu, meðal annars eftirstöðvar upphaflega kaupverðsins, sem ákærði taldi sig ábyrgan fyrir.

Með framangreindum verknaði hefir ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, gerzt brotlegur við 261. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Þykir refsing ákærða, en honum hefir ekki, svo kunnugt sé, verið refsað áður, hæfilega ákveðin 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Þá greiði ákærði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 40.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrm.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Finnsson, sæti 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði hann allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 40.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. október 1938.

Nr. 49/1938. **Réttvísin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Carl Friðrik Jensen
(Pétur Magnússon).

Maður dæmdur til refsingar fyrir brot gegn ákvæðum 259. gr. og 2. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga og sviptur atvinnuréttindum samkv. 8. gr. l. nr. 25/1929.

Dómur hæstaréttar.

Félagið Kolbeinn ungi, sem ákærði veitti forstöðu, var stofnað samkvæmt lögum nr. 36/1921 um sam-

vinnufélög í þeim tilgangi að reka útgerðarstarfsemi. Þegar af þeirri ástæðu, að félaginu var skylt að hafa bókhald samkvæmt nefndum lögum um samvinnufélög, varðar bókhaldsóreiða ákærða, sem telja verður stórfellda, við 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði hefir látið af hendi tékka og aðrar ávísanir, svo sem nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi, án þess að innistæða væri fyrir hendi til greiðslu þeirra. Af prófum málsins verður ekki séð, að ákærði hafi með afhendingu ávísana þessara aflað sér eða öðrum fjárverðmæta, heldur virðast þær afhentar til greiðslu eldri skulda. Þessi verknaður ákærða þykir eiga að varða hann refsingu samkvæmt 259. gr. almennra hegningarlaga.

Þá hefir ákærði verið sakaður um óheimila ráðstöfun á andvirði fisks, sem veðsettur hafi verið útibúi Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði. Samkvæmt prófum málsins hefir andvirði fisks þess, er félagið Kolbeinn ungi seldi öðrum en Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda árin 1935 og 1936, runnið til nefnds bankaútibús að öllu leyti, en af andvirði fisks, sem nefndu sölusambandi var seldur þessi ár, samtals kr. 35189.12, hefir útibúið fengið kr. 22022.04. Nú er það upplýst, að í nefndri sölufjárhæð, kr. 35189.12, er innifalið andvirði aflahlutar sjómanna og verkamanna félagsins, samtals kr. 15357.54, og hefir útibúið því fengið meira en nemur andvirði fisks þess, sem kom í hlut félagsins sjálfs. Bankaútibúið hefir haldið því fram, að það hafi einnig haft veð í aflahlutum sjómanna og verkamanna félagsins, en ekki þykir verða ráðið með vissu af gögnum þeim, sem fyrir liggja, að svo hafi verið, og verður þá ekki heldur talið sannað, að ákærði

hafi gerzt sekur um óheimila ráðstöfun á andvirði veðsetts fisks. Og með því að ekkert liggur fyrir um það, að ráðstafanir ákærða á fiskandvirðinu hafi verið refsiverðar af öðrum ástæðum, þá ber að sýkna hann af þessum lið ákærunnar.

Af ástæðum þeim, sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, verður ekki talið, að ákærði hafi unnið sér til refsingar með því að framselja ekki bú félagsins Kolbeins unga til gjaldþrotaskipta áður en hann lét af stjórn þess, né heldur með stjórn sinni á Fisksölusamlagi Vopnfirðinga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 63. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum, ef fullnægt verður skilyrðum laga nr. 39 frá 1907.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu atvinnuréttinda samkvæmt 8. gr. laga nr. 25/1929 og um greiðslu málskostnaðar í héraði, þar á meðal um greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða í héraði, sem í forsendum dómsins eru ákveðin 50 krónur, en láðst hefir að geta í atriðisorðum hans.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Carl Friðrik Jensen, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu

dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 1907 verða haldin.

Ákærði skal sviptur rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki í 5 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í héraði, Jóns Þórs Sigtryggssonar lögfræðings, kr. 50.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Péturs Magnússonar, kr. 120.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Norður-Múlasýslu 10. jan. 1938.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Carl Friðrik Jensen forstjóra frá Vopnafirði, nú til heimilis Hafnarstræti 15 Reykjavík, fyrir brot gegn 26. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum nr. 25 frá 1929 um gjaldþrotaskipti og lögum nr. 36 frá 1921 um samvinnufélög, sbr. lög nr. 46 frá 1937.

Málavextir eru, sem hér greinir:

Sökunautur, Carl Friðrik Jensen, veitti útgerðarsamvinnufélaginu „Kolbeinn ungi" frá Vopnafirði forstöðu frá stofnun félagsins 6. október 1934, fyrst sem stjórnarformaður eða til 26. febrúar 1935, en þá var hann ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins og gegndi því starfi til 24. marz 1937, en sagði þá af sér starfinu. Félag þetta hóf útgerðarstarfsemi sína snemma á árinu 1935 og rak útgerð með vélbáta á árunum 1935 og 1936. En í ársbyrjun 1937 stöðvaðist útgerðarrekstur félagsins vegna fjárhagsörðugleika, og var bú þess samkvæmt beiðni félagsstjórnar tekið til meðferðar sem gjaldþrota með úrskurði skiptaréttar Norð-

ur-Múlasýslu 12. ágúst 1937. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 25 frá 1929 voru því næst haldin réttarpróf út af gjaldþrotinu. Á grundvelli þessarar rannsóknar og rannsóknar, sem einnig hafði farið fram út af kærum fyrir útgáfu ávísana, sem ekki höfðu fengizt greiddar, fyrirskipaði því næst dóms- og kirkjumálaráðuneytið með bréfi dags. 13. október 1937 framhaldsrannsókn og málshöfðun gegn ákærða fyrir brot á fyrrnefndum lagafyrirmælum. Því næst var mál þetta að lokinni framhaldsrannsókn þingfest í aukarétti Norður-Múlasýslu 6. nóvember 1937.

Verður nú lýst þeim athöfnum eða athafnaleysi sökunauts, sem refsivert kann að álítast.

1. Bókhaldið. Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 8. apríl 1937 framkvæmdi herra Páll Magnússon lögfræðingur í Reykjavík endurskoðun á reikningum þeim og bókum, sem kærður hafði fært sem forstjóri s/f Kolbeinn ungi, og sömuleiðis á bókhaldi því, sem hann hafði haft fyrir Fisksölusamlag Vopnfirðinga, en þessu félagi veitti hann einnig forstöðu frá því árið 1932. Afrit af endurskoðunarskýrslu Páls Magnússonar, sbr. prófgerðir málsins rskj. nr. 3, bls. 10—15, hefir verið lagt til grundvallar í máli þessu að því er bókhaldið snertir. Samkvæmt þessari endurskoðunarskýrslu hefir bókhaldið verið mjög ófullkomið. Engin sjóðbók hafði verið haldin, og yfirleitt enginn reikningur færður yfir dagleg útgjöld og tekjur félagsins. Viðskiptamannabók hafði verið færð, og í hana reikningar viðskiptamanna, og segir í endurskoðunarskýrslunni um þetta, að reikningar verkafólks og sjómanna á Vopnafirði hafi eigi verið fjarri lagi, en þó hafi þurft að leiðrétta marga þessara reikninga. Í þessa bók voru einnig færðir reikningar yfir ýmsa helztu útgjaldaliði og tekjuliði rekstursins svo og rekstursreikningur fyrir bátana, þar sem færðar eru samandregnar upphæðir hinna ýmsu útgjalda og tekna, en um alla þessa reikninga segir í skýrslunni, að þeir séu meira eða minna óábyggilegir. Samkvæmt efnahagsreikningi s/f Kolbeinn ungi, sem ákærði undirritar 23. febr. 1937, eru skuldir taldar vera kr. 77071.49, en samkvæmt endurskoðun Páls Magnússonar reynast skuldirnar vera kr. 103836.04. Álit endurskoðandans er það, að hinn slæmi fjárhagur félagsins muni stafa af tapi á rekstrinum fremur

en fjárdrætti kærða. Upplýsingar þær, sem liggja fyrir um aflabrögð báta þeirra, sem félagið rak, benda einnig til þess, að tap hafi verið á útgerð félagsins svo tugum þúsunda skipti. Og í málinu liggur ekkert fyrir, er sanni, að um fjárdrátt hafi verið að ræða af hálfu kærða. Hann hefir játað, að bókhald félagsins, sem hann einn hafi fært aðstoðarlaust, hafi verið í óreiðu, og að efnahagsreikningur félagsins hafi verið rangur í verulegum atriðum. Í þessu sambandi skiptir það máli, hvort s/f Kolbeinn ungi var bókhaldsskylt fyrirtæki samkvæmt lögum nr. 53, 11. júlí 1911, eða ekki. Talsmaður sökunauts kemst að þeirri niðurstöðu, að fyrirtæki þetta hafi verið bókhaldsskylt. En á það verður ekki fallizt. Samkvæmt 1. gr. verzlunarbókalaganna gilda þau lög ekki um þá menn, er stunda landbúnað eða sjávarútveg til framleiðsluatvinnu. Tilgangur þessa fyrirtækis var að reka útgerð til fiskveiða, sbr. 2. gr. félagssamþykktanna. Eins og fyrr segir, var starfsemi félagsins útgerðarrekstur með vélbáta. Að vísu hafði félagið keypt eitthvað af vörum fyrir viðskiptamenn sína, en á það virðist bera að líta sem alveg óverulegan lið í starfsemi félagsins, og virðist það út af fyrir sig eigi geta orkað því, að fyrirtækið álitist bókhaldsskylt. En útgerðarstarfsemi hefir ekki verið talin bókhaldsskyld af dómstólum landsins, sbr. Hrd. 1936 bls. 420, Hrd. 1935, bls. 562 og bls. 575. Bókhaldsóreiðan og rangur efnahagsreikningur, sem að framan er lýst, heyrir því að áliti dómarans ekki undir 264. gr. alm. hegningarlaga, en hinsvegar á ákærði að sæta refsingu fyrir þetta samkvæmt lögum nr. 36 frá 1921, 39. gr., sbr. lög nr. 46 frá 1937, 42. gr.

2. *1. gr. laga nr. 25 frá 1929.* Samkvæmt þessari grein er sú skylda lögð á atvinnurekendur, þar á meðal útgerðarmenn, að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta, ef um er að ræða stöðvun á greiðslum skulda, enda sé ekki fyrirsjáanlegt, að unnt sé að greiða skuldirnar að fullu, og fjárhagurinn hefir versnað síðasta reikningsár. Er nú athugandi, hvort ákærði hefir gerzt brotlegur að þessu leyti. Gjaldþrot s/f Kolbeins unga mun tæpast verða talið fyrirsjáanlegt sem óhjákvæmilegt fyrr en að lokinni endurskoðun Páls Magnússonar, sem ekki fór fram fyrr en um það bil mánuði eftir að ákærði sagði af sér forstjórastarfi félagsins. Virðist því þegar af þeirri ástæðu vera útilokað,

að hér sé að ræða um brot af hans hálfu, enda var félag þetta gefið upp til gjaldþrotaskipta af stjórn félagsins nokkru eftir að endurskoðun Páls Magnússonar fór fram og úrskurðað gjaldþrota, að fenginni endurskoðunarskýrslunni, 12. ágúst s. l., eins og fyrr greinir.

3. *Útgáfa ávísana.* Eins og prófgerðir máls þessa, rskj. nr. 3, bls. 2—8, bera með sér, hefir sökunautur verið kærður fyrir útgáfu falskra ávísana. Með játningu hans og öðrum gögnum er sannað, að hann hefir gefið út eftirtaldar ávísanir á Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda í Reykjavík, sem ekki hafa fengizt greiddar vegna þess að innstæðu vantaði:

1.	Ávísun útg. 31. des. 1936 til póstafgreiðslu Vopnafjarðar	kr.	1491.92
2.	Ávísun útg. 31. des. 1936 til póstafgreiðslu Vopnafjarðar	—	213.85
3.	Ávísun útg. 23. jan. 1937 til hr. Sigurðar Einarssonar	—	150.00
4.	Ávísun útg. 21. jan. 1937 til hr. Péturs Nikulássonar	—	150.00
5.	Ávísun útg. 21. jan. 1937 til hr. Gunnlaugs Helgasonar	—	150.00
6.	Ávísun útg. 6. nóv. 1936 til hr. Tómasar Björnssonar	—	982.25
7.	Ávísun útgefna til Ferdinands Albertssonar	—	350.00
		Samtals kr.	3488.02

Ávísun sbr. 2. tl. er gefin út fyrir hönd Fisksölusamlags Vopnfirðinga, en hinar allar fyrir hönd s/f Kolbeins unga, eða vegna þess félags, samtals kr. 3274.17.

Þá er ennfremur upplýst og játað af ákærða, að hann hefir gefið út eftirtaldar tékkávísanir á Útvegsbanka Íslands h/f, útibúið á Seyðisfirði, sem ekki hafa fengizt greiddar vegna vantandi innstæðu:

1.	Til Bjarkar, nr. 7437	kr.	100.00
2.	— C. Jensen v/ J. P. Jensen, nr. 7436	—	272.00
3.	— B. Kristjánssonar, nr. 7435	—	100.00
4.	— C. Jónassonar, nr. 7434	—	106.00
5.	— Sv. Jónassonar, nr. 7432	—	204.00

6. Til Valdimars Vilhjálmssonar, nr. 7412 .. kr. 100.00
7. — Har. Johansen, nr. 7424, útg. 9. okt. 1936 — 300.00

Samtals kr. 1182.00

Þess má geta, að upplýst er að því er snertir ávísun nr. 7412, að sami maður fékk sama dag aðra ávísun hjá kærðum, og fékkst hún greidd við framvísun hjá bankanum.

Um allar framangreindar ávísanir gildir það, að ákærði kveðst hafa gefið þær út til greiðslu réttmætum kröfum á s/f Kolbein unga, nema eina ávísun, er hann gaf út 31. des. 1937 til póstafgreiðslunnar á Vopnafirði fyrir hönd Fisksölusamlags Vopnfirðinga, upphæð kr. 213.85, og sú ávísun hafi verið gefin út vegna ýmissa viðskiptamanna samlagsins, sbr. framanritað. Það er játað af sökunaut, að hann hafi afhent viðtakendum ávísanir þessar til greiðslu á kröfum þeirra og án þess að láta nokkurs um það getið við þá, að innstæða væri eigi fyrir hendi hjá þeim, sem vísað var á. Það er ennfremur viðurkennt af kærða, að hann sjálfur hafi vitað, að innstæður væru eigi fyrir hendi, þegar ávísanirnar voru gefnar út. En hann hefir haldið því fram, að svo hafi oft verið áður, að hann hafi gefið ávísanir á fyrrnefnda aðilja, án þess að innstæður hafi verið fyrir hendi, og hafi þær verið innleystar. Þessi framburður kemur líka heim við alkunna viðskiptatízku Útvegsbanka Íslands h/f útibúsins á Seyðisfirði, að útibúið hagar lánveitingum iðulega til útgerðarmanna á þann hátt, að innleysa tékkávísanir þeirra, þó innstæður vanti. Framlagður reikningur frá Síf til s/f Kolbeins unga, prófgerðir, rskj. nr. 3, bls. 30—32, sýnir líka, að þar hafa verið greiddar ávísanir frá Kolbeini, þó innstæða hafi þá ekki verið fyrir hendi samkvæmt reikningnum. Þetta þykir þó að áliti dómarans á engan hátt réttlæta útgáfu framangreindra ávísana með þeim hætti, sem áður er lýst. Eins og fjárhag s/f Kolbeins unga var farið, hlaut sökunaut að vera það ljóst, að nokkur vafi yrði á greiðslu ávísananna við framvísun. Honum bar því að fá samþykki þeirra, sem hann vísaði á, áður en hann afhenti umræddar ávísanir, fyrir því, að þær yrðu greiddar, eða láta þess getið við viðtakendur, er hann afhenti þeim ávísanirnar, að innstæðu vantaði. En það er af ákærða játað

og viðurkennt, að hann hafi hvorki haft samþykki eða loforð Sölusambandsins eða Útvegsbankaútibúsins um það, að ávísanirnar yrðu greiddar við framvísun, né heldur hafi hann gert viðtakendum ávísananna aðvart um það, að innstæða væri engin fyrir þeim. Athæfi það, sem nú hefir verið lýst, heyrir að áliti dómarans undir 253. gr. alm. hegningarlaga.

4. *Ráðstöfun á andvirði veðsetts fisks.* Það er upplýst í málinu, að stjórn s/f Kolbeins unga, sem undirritaði veðskuldabréf með sjálfsvörzluveði í fiski fyrir hönd félagsins, hafði samkvæmt 10. gr. félagslaganna fullt umboð til að veðsetja allar afurðir félagsins og þeirra félagsmanna, sem áttu hlut í þeim, fyrir reksturslánum handa félaginu. Samkvæmt þessari heimild var allur fiskur félagsins með vitund kærða veðsettur Útvegsbanka Íslands h/f útibúinu á Seyðisfirði. Ákærði hefir slegið því fram, að aflahlutir sjómanna hafi ekki verið veðsettir ásamt afla félagsins. En þegar leysa á úr þessu, verður að gera mun á því, hvort aflahluturinn tilheyrir félagsmönnum eða utanfélagsmönnum. Eins og fyr greinir, hafði stjórn félagsins samkvæmt 10. gr. samþykktanna heimild til að veðsetja aflahlut félagsmanna, og í veðbréfum Útvegsbankans er þess eins getið, að veðrétturinn taki til fyrsta væntanlegs afla vélbátanna án nokkurrar aðgreiningar eða takmarkana á því, hvort fiskurinn tilheyri félaginu sjálfu eða aflahlut félagsmanna. Með hliðsjón af þessu, og hinsvegar framburði Útvegsbankans um þetta atriði, virðist bera að líta svo á, að aflahlutur félagsmanna sé veðsettur bankanum ásamt fiski félagsins. Hinsvegar hefir aflahlutur utanfélagsmanna, að því er virðist, ekki verið veðbundinn.

Allur þorri af saltfiski félagsins 1935—1936 var seldur Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, nokkuð var selt Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, en andvirði þess fiskjar var greitt til Útvegsbankaútibúsins, og kemur það því ekki frekar til álita. Samtals var Sölusambandinu selt samkvæmt reikningi þess, rskj. nr. 3, bls. 30—32, saltfiskur 1935—1936 fyrir kr. 35189.12, en af þessu er greitt til Útvegsbankans á Seyðisfirði alls kr. 22022.04. Aflahlutir utanfélagsmanna virðast samkvæmt skýrslu um aflahlut sjómanna, rskj. nr. 3, bls. 35—36, með hliðsjón af framlagðri skrá yfir félagsmenn, í allra mesta lagi geta verið kr.

6525.83. Er þá óskilað til Útvegsbankans af andvirði hins veðsetta fiskjar kr. 6641.25, en frá þessu má draga samkvæmt framburði útibússtjórans greiðslur fyrir fiskumbúðir, og á reikningi Síf eru tvær greiðslur, sem ætla má að hafi gengið til þessa, greiðslurnar til L. Andersen, samtals kr. 1055.75. Þá ætti að vera óskilað af andvirði hins veðsetta fiskjar kr. 5585.50. Því af andvirði hins veðsetta fiskjar, sem eigi var afhent veðhafa, hefir sökunautur játað að hafa ráðstafað með ávísun á Síf, eins og oftnefndur reikningur Síf sýnir, án þess að hafa átt um það nokkurt samtal við veðhafann eða á nokkurn hátt fengið til þess samþykki hans. Í réttarhaldi hjá lögreglustjóra Reykjavíkur 3. des. 1937 heldur hann því að vísu fram, að þegar s/f Kolbeinn ungi hóf starfsemi sína, hafi hann í eitt skipti fyrir öll fengið leyfi til að ráðstafa andvirði veðsetts fiskjar fyrir olíu án samþykkis veðhafa í hvert skipti. En þetta kemur í bág við fyrri framburð hans, sjá rskj. nr. 3, bls. 34, og einnig í bág við framburð útibússtjórans, sem mætir í réttarhaldi 15. des. s. l., þar sem hann kannast ekki við, að þessi framburður ákærða sé réttur, og getur þetta því ekki orðið tekið til greina. Með ráðstöfunum þeim, sem hér hefir verið lýst, hefir ákærði að áliti dómarans gerzt brotlegur við 255. gr. alm. hegningarlaga. Með útgáfu ávísana þeirra f. h. s/f Kolbeinn ungi á Síf, sbr. 3 hér að framan, alls kr. 3274.17, þykir og ljóst, að ákærði hafi gerzt sekur um tilraun til refsiverðrar ráðstöfunar á andvirði veðsetts fiskjar, og virðist bera að heimfæra þetta brot undir 255. gr. sbr. 47. gr. alm. hegningarlaga.

5. *Fisksölusamlag Vopnfirðinga.* Samkvæmt reikningum ákærða fyrir þetta félag eru skuldir þess taldar vera kr. 7609.72, en samkvæmt reikningi Páls Magnússonar endurskoðanda eru skuldir taldar kr. 12198.07. Fyrir þessum mismun gerir ákærði þá grein, að hann hafi samkvæmt símskeyti Fisksölunefndar til Útvegsbankans Seyðisfirði, sjá rskj. nr. 3, bls. 37, gert ráð fyrir ca. kr. 4700.00 greiðslu til bankans vegna samlagsins. Samkvæmt framburði útibússtjórans er greiðsla þessi nú innt af hendi af Sölusambandinu og komin Fisksölusamlagi Vopnfirðinga til tekna. Verður ekki séð, að ákærði hafi með reikningsfærslu þessari eða öðrum ráðstöfunum vegna þessa félags gerzt brotlegur við nein refsiákvæði. Greiðsla sú, kr. 4500.00, sem

Sölusambandið greiddi til Shell og færði þessu félagi til skuldar, hefir ákærði haldið fram, að hefði átt að færast til skuldar hjá s/f Kolbeini unga. Framburður skrifstofustjóra Sölusambandsins í lögreglurétti Reykjavíkur 3. des. s. l. hnekkir að áliti dómarans ekki framburði ákærða um þessa greiðslu.

Þegar refsing sökunauts er ákveðin, verður að hafa hliðsjón af eftirgreindum atriðum:

1. Um útgáfu ávísananna má telja upplýst, að venja hefir verið, að bæði Síf og Útvegsbankinn hafa greitt ávísanir frá sökunaut áður, þó innstæða væri eigi fyrir hendi.

2. Kærur hafa eigi borizt á kærðan fyrir útgáfu allra þeirra ávísana, sem upplýst er, að ekki hafa fengizt greiddar, frá þeim, sem fengu þær í hendur, sbr. prófgerðir rskj. nr. 3.

3. Framburður ákærða við rannsókn málsins hefir yfirleitt reynzt réttur og komið heim við önnur gögn.

Sökunautur er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt afbrot. Samkvæmt framanrituðu þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. alm. hegningarlaga 4 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Einnig verður hann að greiða allan kostnað af málinu, sem orðinn er og verður, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Þórs Sigtryggssonar lögfræðings, Seyðisfirði, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.00.

Eftir þessum úrslitum virðist bera að dæma ákærða samkvæmt 8. gr. laga nr. 25 frá 1929 til þess að hafa fyrirgert rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki í næstu 5 ár frá birtingu dóms þessa.

Meðferð málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Carl Friðrik Jensen, sæti 4 sinnum 5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan kostnað af málinu. Svo skal hann og sviptur rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki í 5 ár frá birtingu dóms þessa.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. október 1938.

Nr. 55/1938. **Helga Jónsdóttir**
gegn
Guðsteini Þorbjarnarsyni

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helga Jónsdóttir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 31. október 1938.

Nr. 63/1938. **Níels Guðnason**
gegn
Guðbrandi Sigurðssyni

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Níels Guðnason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 4. nóvember 1938.

Nr. 132/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Albert Ernest Hall
(Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins í máli þessu hefir forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, sem sett var út frá varðskipinu í kjölfar togara kærða kl. 7.10 þann 30. júlí f. á., eftir hornmælingum þeim, sem skipstjórnarmenn á varðskipinu gerðu kl. 18.30 s. d., og reyndist staður duflsins samkvæmt því vera 0.9 sjómílur innan landhelgilínunnar.

Svo sem drepið er á í héraðsdóminum, sigldi kærði á togara sínum frá duflinu áleiðis til lands með vegmæli sinn í gangi og kveðst hann hafa lesið á vegmælinn, þegar togarinn var í ca. 0.5 sjómílu fjarlægð frá ströndinni, og hafi vegmælirinn þá sýnt 2.5 sjómílu siglingu. Sé miðað við þessa frásögn kærða, ætti staður duflsins að hafa verið á eða við landhelgilínuna, en í þessu sambandi er þess að geta, að skipstjórnarmenn á varðskipinu hafa fyrir dómi eindregið kveðið það upp, að kærði hafi verið búinn að sigla frá landi í 13 mínútur með vörpuna í eftirdragi, áður hann væri stöðvaður. Má þannig jafnvel af samanburði á þessum skýrslum kærða og þeirra á varðskipinu ályktа, að kærði hafi verið að veiðum í landhelgi.

Með framangreindum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða

dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sekt kærða ákveðst með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem nú er 47.56, 21100 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málslyktum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Albert Ernest Hall, greiði 21100 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 31. júlí 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Albert Ernest Hall, skipstjóra á botnvörpungnum „Bever-

lac“ H. 72 frá Hull, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920.

Málavextir eru þeir, sem hér segir:

Þann 30. júlí s. l. var varðbáturinn „Gautur“ ca. 1½ sjómílu suður af Norðfjarðarhorni og lét reka þar mjög nærri landi. Þoka og rigning var, en kl. 6.50 rofaði til, og sást þá togari úti, sem virtist kominn grunsamlega nálægt landi. Varðbáturinn hélt af fullri ferð í áttina til togarans. Kl. 6.55 beygir togarinn út frá landi, og kl. 7.06 er skotið lausu skoti og síðan tveim öðrum, og nam þá togarinn staðar. Kl. 7.10 kom varðbáturinn að togaranum og setti þar út bauju í kjölfar togarans ca. 100 metr. frá honum, eftir því sem yfirmenn varðbátsins skýra frá. Togarinn var þá með stjórnborðsvörpu í sjó og byrjaði að draga hana inn, er komið var að honum. Þar sem þokan var svo dimm, að eigi var hægt að taka hornmælingar, setti varðbáturinn út vegmæli hjá baujunni og hélt upp að landi, svo ca. 300 metrar voru í land, og sýndi vegmælir þá 1.8. Var þá haldið út að baujunni aftur, og sýndi vegmælir 1.7 eða heldur minna, vegna straums, að því sem skipherra varðbátsins telur. Fór varðbáturinn þessa vegalengd tvisvar sinnum aftur og fram með alveg sömu niðurstöðu á vegmælinum. Dýpi við baujuna mældist 54 metrar.

Þegar varðbáturinn fór frá baujunni til lands hið síðara skiptið, kom togarinn með honum upp að landinu, ca. ½ mílu frá, og heldur skipstjóri togarans því fram, að loggið hans hafi sýnt 2.5 sjómílur, en stýrimaður varðbátsins, sem var með togaranum, telur, að loggið hafi sýnt 3.5 sjóm., þegar togarinn var kominn aftur út að baujunni.

Að þessu loknu var beðið við baujuna til kl. 11.25, en þar sem ekki birti upp, var haldið með togarann til Norðfjarðar og kemur hann þangað kl. 13.

Þegar birti upp, seinna sama dag, fór varðbáturinn aftur út að baujunni, sem lá enn á sama stað, og kl. 18.30 var gerð þar eftirfarandi staðarákvörðun.

Gerpistá
> 102°

Horn ath. punktur
> 20° 32′

Dalfjall

og gefur það stað baujunnar 1 sjómílu innan landhelgilínu.

Við baujuna var ca. 120 faðma langur vir, og breyttist því staður baujunnar svolítið, eftir því sem straumurinn lá. Með tilliti til þess má segja, að þessi mæling komi alveg heim við þær athuganir, er varðbáturinn var áður búinn að gera með vegmælinum. Kærður skipstjóri hefir hinsvegar neitað því, að mælingar varðskipsins gætu verið réttar, og telur, að hann hafi verið 3.6 sjómílur frá landi, þegar varðbáturinn tók hann. Byggir kærður það á áttavitamiðunum og dýptarmælingu, er hann hafi gert. Umræddar miðanir kveðst kærður hafa skrifað niður á blað, en gat ekki sýnt það í réttinum, því hann hafi fleygt því.

Rétturinn verður að líta svo á, að mótmæli kærða séu eigi svo á rökum byggð, að þau fái hnekkt nákvæmum hornmælingum varðbátsins og öðrum athugunum, og því verði að telja sannað, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum innan landhelgi, er varðbáturinn tók hann, og hefir því gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920.

Kærður hefir ekki áður sætt refsingu fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni, og þykir hegning sú, er hann hefir nú til unnið fyrir þetta brot sitt samkv. 3. gr. áðurnefndra laga, sbr. 1. gr. laga nr. 4/1924, hæfilega ákveðin 20300 króna sekt í landhelgisjóð Íslands, með tilliti til gengis íslenzkrar krónu, sem er í dag jafngild 49.67 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 8 mánaða einfalt fangelsi, ef hún ekki verður greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum „Beverlac" H. 72 frá Hull séu upptæk, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað málsins, er orðinn er og verður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Albert Ernest Hall, greiði 20300 króna sekt í landhelgisjóð Íslands, og komi átta mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir drag-

strengir, í togaranum „Beverlac“ H. 72 séu upptæk, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. nóvember 1938.

Nr. 112/1937. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
James Mann
(Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, sem forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík hefir markað á staði varðskipsins „Ægir“ kl. 14.01 og 14.10 þann 31. júlí 1937, samkvæmt hornmælingum, gerðum þá á varðskipinu, og miðunarlínur þaðan til togarans L.O. 162 Northern Sky, og ennfremur tökustað togarans kl. 14.26 og staði varðskipsins kl. 14.58 og 15.59 nefndan dag. Eru niðurstöður forstöðumannsins í samræmi við niðurstöðu varðskipsforingjans um staði skipsins á þessum tímum. Með þeirri athugasemd, að kærði hefir kannazt við að hafa fjarlægzt land um ¼ til ½ sjómílu á þeim 15 mínútum, sem hann var að kasta vörpu og toga, áður en varðskipið kom að togaranum, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að sektin ákveðst með hliðsjón af því, að núverandi gull-

gildi íslenzkrar krónu er 47.56, kr. 21100.00, og að greiðslufrestur hennar ákveðst 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að sektin ákveðst 21100 krónur og greiðslufrestur hennar 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, James Mann, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðarkaupstaðar 2. ágúst 1937.

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað fyrir lögreglurétti Ísafjarðar gegn skipstjóranum á botnvörpungnum Northern Sky L.O. 162 frá London, James Mann, til heimilis í Allenbyroad 696 í Hull, fyrir brot gegn lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardaginn 31. júlí s. l. var varðskipið Ægir á leið frá Kögri að Horni. Kl. 13.58 sást af varðskipinu togari framundan, er skipverjar töldu, eftir fjarlægðinni að dæma, vera

inni á landhelgisvæðinu, og hélt varðskipið þá með fullri ferð í áttina til togarans.

Kl. 14.01 var á varðskipinu gerð þessi staðarákvörðun:

Togarinn
> 22° 28′
Norðurkantur Horns
> 47° 03′
Vesturkantur Hælavíkurbjargs
> 87° 03′
Vesturkantur Kögurs

Telur skipstjóri varðskipsins, að ef gert sé ráð fyrir, að togarinn hafi þá verið beint inn af stað þeim, er hann síðar var stöðvaður á, hafi hann við staðarákvörðun þessa átt að vera um 0.8 sjómílur innan landhelgilínunnar.

Kl. 14.09 var af varðskipinu gefið stöðvunarmerki með flöggum.

Kl. 14.10 var á varðskipinu gerð þessi staðarákvörðun:

Togarinn
> 33° 02′
Norðurkantur Horns
> 70° 28′
Vesturkantur Hælavíkurbjargs
> 57° 40′
Vesturkantur Kögurs

Telur skipstjóri varðskipsins, að með sömu forsendu og að framan greinir, hafi togarinn átt að vera um hálfa sjómílu innan landhelgilínunnar, er þessi staðarákvörðun var gerð.

Kl. 14.11 var af varðskipinu gefið stöðvunarmerki með flautu, og kl. 14.12 og 14.13 skotið lausum skotum. Kl. 14.14 til 14.18 var af varðskipinu skotið fimm sinnum með kúlu framan við togarann. Frá því til togarans sást af varðskipinu þar til kl. 14.20 kveður skipstjóri varðskipsins togarann hafa haft stefnu og ferð út frá landi. En kl. 14.20 sneri togarinn til stjórnborða án þess að gefa merki um að hafa numið staðar, og sáust þá frá varðskipinu vörpuvírar togarans út frá stjórnborðshlið hans.

Kl. 14.26 kom varðskipið að togaranum, og var um leið á varðskipinu gerð þessi staðarákvörðun utan til við togarann:

Mið-athugaði punkturinn á Geirólfsgnúp

> 32° 08′

Kálfatindur

> 61° 00′

Vesturkantur Hælavíkurbjargs

Dýpi mælt 66 metrar.

Skv. útsetningu skipstjóra og stýrimanns varðskipsins á sjókort verður staður togarans, er mæling þessi var gerð, 0.2 sjómílur innan landhelgilínunnar. Bæði þessi staðarákvörðun og aðrar framangreindar staðarákvarðanir hafa skipstjóri og fyrsti stýrimaður varðskipsins staðfest sem vitni.

Er varðskipið hafði staðnæmzt hjá togaranum, sem reyndist vera Northern Sky L.O. 162, var bátur sendur frá varðskipinu eftir skipstjóra togarans, og kom hann yfir í varðskipið. Neitaði hann, er honum voru sýndar staðarákvarðanir varðskipsins, að þær gætu verið réttar, kveðst hafa kastað vörpu c. 15 mínútum áður en varðskipið kom að togaranum, og hafi togarinn þá verið þrjár og hálfa mílu frá landi. Fékk skipstjórinn síðan leyfi varðskipsins til að sigla upp undir land með vegmæli úti, og sigldi togarinn upp undir Horn vestan við rifið vestur af Horni. Kveðst hann, er hann kom aftur um borð í varðskipið, ekki telja vegmælinn áreiðanlegan, en haldi leiðina, er hann sigldi til lands, vera 3.6 sjómílur eftir snúningshraða vélarinnar að dæma, án þess að tillit sé tekið til straums. Var síðan farið með togarann til Ísafjarðar og komið þangað milli kl. 20 og 21 sama dag.

Kærður, James Mann, hefir skýrt svo frá, að hann hafi kl. 2 árdegis 31. júlí s. l. byrjað að fiska út frá dufli, er annar togari hafi sett niður, og verið hafi 4 sjómílur undan Horni, en dufl þetta hafi verið tekið upp um kl. 11 sama dag. Hann kveðst ekki hafa orðið var annarra stöðvunarmerkja frá varðskipinu en tveggja skota, og kveðst þá strax hafa byrjað að draga inn vörpu togarans, og hafi það verið ca. 5—10 mínútum áður en varðskipið kom að togaranum. C. 15 mínútum áður en hann byrjaði að draga inn vörpuna, kveðst hann hafa sett hana út síðast. Hafi skipið þá haft stefnu í V. t. N., en snúizt hægt til stjórnborða, meðan vírarnir voru gefnir út, unz hann hafi snúið því til bakborða

til að fá vírana í blokkina, sem gert hafi verið c. 5 mínútum eftir að kastað var. Eftir það kveðst hann hafa siglt skipinu í N ½ A þar til það var stöðvað.

Af fyrrnefndum ca. 15 mínútum segir kærður, að c. 8—10 m. hafi farið í að gefa út vörpuna, unz hún náði botni, og hafi skipið á meðan siglt með c. 4½ sjómílna hraða á klukkustund. Hinn hluta nefnds tíma, eða 5—7 mínútur, hafi skipið dregið vörpuna með botni, og þá siglt með c. 2½ sjómílna hraða á klukkustund.

Kærður hélt því fram í fyrstu við rannsókn málsins, að togarinn hafi verið utan landhelgi bæði er vörpunni var síðast kastað og er varðskipið stöðvaði togarann, og að hann hefði því ekki fiskað innan landhelgi. Við nánari athugun viðurkenndi kærður, að varðskipið hefði stöðvað togarann um það bil við landhelgilínuna, og að hann hafi því verið lítið eitt innan við landhelgilínuna, er vörpunni var síðast kastað.

Einnig hefir kærður viðurkennt, að framangreindar mælingar og staðarákvarðanir varðskipsins muni vera um það bil réttar.

Skv. framanskráðu hefir kærður gerzt brotlegur gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 1920, og þykir refsing hans, sem eigi hefir áður gerzt sekur um brot gegn íslenzku fiskiveiðalöggjöfinni, hæfilega ákveðin kr. 20500.00 skv. 3. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 4 frá 1924, með tilliti til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 49.67. Sektin renni í landhelgisjóð Íslands og afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum Northern Sky L.O. 162 skulu upptæk og andvirði þeirra renna í landhelgisjóð Íslands.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, James Mann, sæti 20500.00 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og öll veiðarfæri, sem eru í togaranum Northern

Sky L.O. 162, þar með taldir dragstrengir, skulu upptæk og andvirði þeirra renna í landhelgisjóð Íslands.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. nóvember 1938.

Nr. 5/1938. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Dæmt um skyldu dvalarsveitar giftrar konu til að greiða meðlag með óskilgetnu barni hennar.

Dómur hæstaréttar.

Lyktir máls þessa varða bæjarsjóð Reykjavíkur lagalega, með því að barnsfaðir sá, Erlendur Erlendsson, er í málinu getur, á þar framfærslusveit, sbr. 58. gr. framfærslulaga nr. 135 frá 1935. Hefir borgarstjórinn í Reykjavík þess vegna skotið málinu hingað til dómsins með stefnu 10. janúar þ. á. og krafizt þess, *að* stefndur í héraði, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, verði í málinu algerlega sýknaður af kröfum stefndu og *að* hún verði dæmd til að greiða áfrýjanda málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefnda hefir hinsvegar krafizt þess, *að* hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er tekur til greiðslu fúlgu úr bæjarsjóði Vestmannaeyja með barninu Hjörleifi Má Erlendssyni um tímabilið frá 13. apríl 1937 til 13. október s. á., *að* málskostnaðarákvæði héraðsdómsins verði staðfest og *að* áfrýjandi verði dæmdur til

að greiða henni málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir stefnt bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs hingað fyrir dóm til þess að gæta réttar síns, en án þess að gera nokkrar sérstakar kröfur á hendur honum. Af hendi nefnds bæjarstjóra hafa engar kröfur verið gerðar hér fyrir dómi.

Það er ágreiningslaust í máli þessu, að eiginmaður stefndu, stjúpfaðir barnsins Hjörleifs Más, er þess ekki megnugur að framfæra barn þetta, og ber þess vegna samkvæmt lögum nr. 39/1935, 1. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 46 frá 1921, að taka kröfur stefndu í máli þessu til greina.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdómsins og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi í héraði, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, greiði stefndu hér fyrir dómi, Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur, meðlag með barni hennar, Hjörleifi Má Erlendssyni, um tímabilið frá 13. apríl 1937 til 13. október s. á. samkvæmt meðlagsúrskurðum, útgefnum af lögreglustjóranum í Reykjavík 8. júní 1929 og 28. janúar 1935.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins á að vera óraskað.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h.

bæjarsjóðs, greiði stefndu, Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur, kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 11. okt. 1937.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja með stefnu dags. 12. maí 1937 af Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur, Skólaveg 34 hér í bæ, gegn Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarstjóra f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja til greiðslu á meðlögum með óskilgetnu barni stefnanda, Hjörleifi Má Erlendssyni, samkvæmt meðlagsúrskurði lögreglustjórans í Reykjavík dags. 8. júní 1929 með viðbótarúrskurði 28. janúar 1935. Þá hefir stefnandi og krafizt kr. 20.00 í málskostnað og 6% af síðustu meðlagsgreiðslu, kr. 200.00, frá 1¾ s. l. til greiðsludags.

Eru málavextir þeir, sem hér greinir:

Þann 13. október 1927 ól stefnandinn, Guðbjörg Oktavía Sigurðardóttir, óskilgetið barn, sem hlaut nafnið Hjörleifur Már. Með dómi lögregluréttar Reykjavíkur 9. marz 1928 var Erlendur Erlendsson, þá til heimilis Tjarnargötu 10 í Reykjavík, dæmdur faðir að barni þessu, og með úrskurði sama yfirvalds 8. júní 1929 var Erlendur Erlendsson skyldaður til að greiða meðlög með barninu, eins og hér segir:

Kr. 270.00 á ári frá fæðingu þess til fullnaðs 4 ára aldurs, kr. 215.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 9 ára aldurs barnsins og kr. 250.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 14 ára aldurs og kr. 60.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 16 ára aldurs barnsins, — og með viðbótarúrskurði dags. 28. janúar 1935 var hinum fyrra úrskurði breytt þannig, að fyrra tímabilið frá 1⅓ 1934 til 1⅗ sama ár var barnsfaðirinn skyldaður til að greiða með barninu hlutfallslega af kr. 320.00 á ári og kr. 320.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 9 ára aldurs og kr. 400.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 14 ára aldurs og kr. 200.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 16 ára aldurs, — en meðlögin skyldi greiða hálfsárslega fyrirfram, þann 13. apríl og 13. október ár hvert.

Nú greiddi barnsfaðirinn eigi meðlög þessi, og krafði

þá barnsmóðirin dvalarsveit sína, Vestmannaeyjakaupstað, um meðlögin, og fékk hún þau greidd úr bæjarsjóði hér allt til þess, að hún krafði um meðlög fyrir tímabilið 13. apríl til 13. október þ. á. En þá neitaði stefndur að greiða meðlagið samkvæmt fyrrnefndum úrskurði og færði fram þau rök fyrir neitun sinni, að dvalarsveit barnsmóðurinnar væri eigi skyld til að greiða meðlögin, með því að hún sé nú gift manni hér, og vitnar hann í því sambandi í hæstaréttardóm frá ½ 1937 og analogiu 62. gr. framfærslulaganna 135/1935.

Það hefir verið árangurslaust leitað sátta í málinu.

Hæstaréttardómur sá, er stefndur vísar til, byggir á því, að stjúpfaðir óskilgetins barns konu sinnar sé skyldur til að ala önn fyrir því, ef hann er þess megnugur, og geti konan í því tilfelli eigi krafið dvalarsveit sína um úrskurðuð meðlög. En í þessu máli er það upplýst og viðurkennt af stefndu, að stjúpfaðirinn sé alls ekki fær um að sjá fyrir barninu án hjálpar, og er því í tilvitnuðum hæstaréttardómi ekkert komið inn á það atriði, sem deilt er um í þessu máli. Um analogiu frá 62. gr. framfærslulaganna er heldur ekki að ræða, þar sem svo ólíkt stendur á, að í þessu máli er deilt um rétt barnsmóður til að krefja dvalarsveit að barnsföðurnum lifandi, en greinin kveður á um rétt hennar að barnsföður látnum.

Samkvæmt framansögðu verður því rétturinn að fallast á, að mótbárur stefnds gegn greiðslu meðlaganna séu ekki á rökum byggðar, og stefnandi eigi samkv. 1. gr. laga 39/1935 að ganga að dvalarsveit sinni, Vestmannaeyjabæ, fyrir greiðslu á meðlögum samkvæmt meðlagsúrskurði lögreglustjórans í Reykjavík frá ⅝ 1929 með breytingu 2⅘ 1935 með barninu Hjörleifi Má Erlendssyni.

Stefnandi hefir krafizt ársvaxta af kr. 200.00 frá 1¾ s. l. til greiðsludags, og þykir verða að taka þá kröfu til greina, enda engum andmælum hreyft gegn henni af hálfu stefnds. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnandans um 20 króna greiðslu í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jóhann G. Ólafsson f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja, greiði stefnandanum, Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur, meðlög með barni hennar Hjörleifi Má

Erlendssyni samkvæmt meðlagsúrskurði lögreglustjórans í Reykjavík dagsett 8. júní 1929 með viðbótarúrskurði dagsett 28/1 1935 og 6% af kr. 200.00 frá 1¾ 1937 til greiðsludags og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. nóvember 1938.

Nr. 15/1938. **Réttvísin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Sigurjóni Kr. Jóhannessyni
(Eggert Claessen).

Dómur í sakamáli og málsmeðferð ómerkt vegna ófullkomins málatilbúnaðar.

Dómur hæstaréttar.

Vegna kæru Ástráðs Guðmundssonar bifreiðarstjóra frá 8. febr. 1937 um óheimila sölu á sameignarbifreið þeirra ákærða R. 692 var hafin rannsókn fyrir lögreglurétti Reykjavíkur þann 16. apríl s. á. Í lok þessarar rannsóknar sama dag var ákærða tilkynnt, að mál yrði höfðað gegn honum af hendi réttvísinnar „fyrir brot gegn 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 sbr. lög nr. 51/1928". En þar á eftir varð samkomulag milli Ástráðs og ákærða um það, að ákærði skyldi greiða honum tiltekna upphæð fyrir hluta hans í bifreiðinni, og þann 26. apríl s. á. lýsti umboðsmaður Ástráðs yfir því, að hann félli frá öllum kröfum og kærum á hendur ákærða og óskaði þess, að málssóknin yrði látin falla niður.

En þegar ávísun sú á hendur Oddsteini Gíslasyni,

sem í héraðsdóminum getur og út var gefin þann 26. apríl og samþykkt af Oddsteini, greiddist ekki, kærði fyrrnefndur Ástráður ákærða aftur þann 22. okt. 1937 bæði fyrir áðurnefnda ráðstöfun hans á bifreiðinni R. 692 og vegna nefndrar ávísunar. Í lögregluréttti Reykjavíkur er svo síðari kæran tekin til rannsóknar þann 27. s. m., og segir þá í bókum réttarins, að mál það, er höfðað hafi verið á hendur ákærða þann 16. apríl 1937, „hafi eftir atvikum verið látið falla niður".

Mál það, er hér liggur fyrir, er höfðað með stefnu 14. des. 1937 til refsingar „fyrir brot gegn 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869", og er ekki skilgreint, á hvaða brotum í þeim kapítula ákærða sé sök gefin. Þar sem ákærða hafði verið tilkynnt, að ekki yrði úr málshöfðun vegna ráðstöfunar hans á bifreiðinni R. 692, þá mátti hann nú vel, með því að brot hans voru ósundurgreind í stefnu þessa máls, vera í óvissu um það, hvort þetta mál tæki til þeirrar ráðstöfunar eða ætti aðeins við sök hans vegna útgáfu ávísunarinnar. Verjandi ákærða í héraði sýnist hafa skilið þetta svo, að ákærða bæri nú einungis að svara til sakar um ávísunina og gengur því að kalla alveg fram hjá hinu atriðinu í vörn sinni. Vegna ónákvæmni í stefnu málsins virðist því ekki hafa komið fram vörn um bifreiðarsöluatriðið. Héraðsdómarinn virðist þó dæma ákærða fyrir það, með því að hann heimfærir brot hans meðal annars undir 255. gr. almennra hegningarlaga.

Þessi galli á málatilbúnaði í héraði þykir verða að orka ómerkingu málsmeðferðar og dóms þar. Og verður þá að vísa málinu heim í hérað til meðferðar af nýju og dómsálagningar. En áður en málsmeðferð hefst aftur, þykir ástæða til að benda á ýms at-

riði, er rækilegrar rannsóknar þurfa. Ef gefa skal ákærða sök á bifreiðarsölunni, þá þarf að rannsaka, hvort bifreiðin R. 692 var seld á nafn þeirra beggja, Ástráðs og ákærða, og ef svo var, hvernig það hafi þá mátt verða, að hún var skráð á nafn ákærða eins. Og í sambandi við bæði söluna og ávísunarútgáfuna þarf að rannsaka nánar skipti Ástráðs og ákærða um viðgerð á margnefndri bifreið, með því að verjandi ákærða fyrir hæstarétti hefir skýrt eftir frásögn ákærða verulega öðruvísi frá framlögum ákærða til viðgerðarinnar en fram kemur í prófum málsins og dómi. Svo þarf og að rannsaka rækilegar skipti þeirra ákærða og Magnúsar þess Vigfússonar, sem allmikið er við mál þetta riðinn, og einkum það, hverju máli veðskuldabréf það, er ákærði gaf út þann 26. febr. 1937 til handa Magnúsi og komið hefir fram sem nýtt skjal í hæstarétti, kunni að skipta um heimild ákærða til útgáfu ávísunarinnar á Oddstein Gíslason. Þá verða skipti Oddsteins og ákærða og Magnúsar síðar út af ávísuninni og skuldabréfi Oddsteins til Magnúsar, sem Magnús framseldi ákærða þann 5. apríl þ. á., einnig rannsóknarefni. Ber að prófa og samprófa alla þessa menn eftir þörfum um framangreind efni og þau önnur atriði, er framhaldsrannsókn kann að veita efni til, og láta viðkomendur staðfesta skýrslur sínar fyrir dómi, að því leyti sem þær kunna að verða ósamkvæmar skýrslum ákærða um veruleg atriði, eins og lög standa til.

Samkvæmt þessum sakarlokum verður að dæma greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Málsmeðferð og dómur í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til framhaldsrannsóknar og málsmeðferðar og dómsálagningar af nýju.

Áfrýjunarkostnað sakarinnar greiðir ríkissjóður, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Eggerts Claessen, 70 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 31. des. 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Sigurjóni Kristni Jóhannessyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Laugaveg 68 hér í bæ, fyrir brot gegn 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. júlí 1908, og hefir þann 30. marz 1935 sætt 30 króna sekt fyrir að hafa tvo farþega í framsæti bifreiðar, en ekki að öðru leyti, svo kunnugt sé, sætt refsingu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Í júlímánuði 1936 keyptu þeir ákærður og Ástráður Guðmundsson bifreiðarstjóri, Bergþórugötu 20 hér í bænum, bifreiðina R 692 af Bjarna Bjarnasyni, Skólavörðustíg 21, fyrir kr. 500.00, og var það fyrirfram ákveðið, að þeir skyldu eiga bifreiðina í helmingafélagi. Greiddi Ástráður þegar við móttöku kr. 110.00 upp í kaupverðið, og síðar kr. 20.00, en ákærði greiddi ekkert við móttöku, en síðar kr. 85.00, en kr. 10.00 voru seljandanum greiddar með akstri. Meira var seljandanum ekki greitt, og fékk hann skuldabréf fyrir hinum ógreidda hluta kaupverðsins. Bifreið þessa áttu þeir fram í nóvembermánuð 1936, og var kostað upp á hana nokkurri viðgerð á þeim tíma, en ekki er fyllilega ljóst, hvernig eigendurnir hafa ætlað að skipta þeim kostnaði. Var bifreiðin einungis skráð á nafn ákærðs. Í nóvember 1936 seldi svo ákærði bifreiðina Guðmundi

Guðjónssyni í Tryggvaskála fyrir kr. 1500.00, sem Guðmundur greiddi þegar með vöruflutningabifreið, sem ákærður aftur seldi Oddsteini Gíslasyni, Laufásveg 18 hér í bænum.

Hefir ákærði kannazt við að hafa selt bifreiðina R 692 án samþykkis meðeiganda síns, Ástráðs Guðmundssonar, og ekki látið hann fá neitt af andvirði hennar, sem hann fékk þó þegar sjálfur, en þeir hafa báðir komizt að þeirri niðurstöðu, að Ástráður hafi átt kr. 500.00 hjá ákærðum út af viðskiptum þessum.

Með bréfi dagsettu 1. febr. s. l. kærði Ástráður ákærðan fyrir þessi viðskipti, en með bréfi 28. apríl s. l. beiðist hann þess, að allur málarekstur gegn ákærðum út af viðskiptum þessum verði látinn niður falla, og var það eftir atvikum tekið til greina.

Ástæðan til þess, að Ástráður féll frá refsikröfunni á hendur ákærðum, var sú, að ákærður gaf honum út þann 26. apríl s. l. ávísun á hendur fyrrnefndum Oddsteini Gíslasyni fyrir skuldinni, kr. 500.00, og átti upphæðin að greiðast af andvirði bifreiðar þeirrar, er ákærður seldi Oddsteini haustið 1936 með 50 króna afborgun á mánuði hverjum, og var þess getið í sjálfri ávísuninni, að Reykjavíkurbær væri í ábyrgð fyrir skilvísri og skaðlausri greiðslu upphæðarinnar. Á ávísunina hefir Oddsteinn ritað samþykki sitt.

Út á ávísun þessa fékk Ástráður ekkert greitt, og með bréfi dags. 22. okt. s. l. kærir hann mál þetta og krefst rannsóknar. Við þá rannsókn hefir komið í ljós, að fyrripart s. l. vetrar seldi Magnús Vigfússon trésmiður, Grettisgötu 68 hér í bæ, fyrir hönd ákærðs áðurnefndum Oddsteini Gíslasyni bifreið þá, er ákærði fékk frá Guðmundi Guðjónssyni í Tryggvaskála, fyrir kr. 1500.00.

Var svo umsamið milli Magnúsar og ákærðs, að sá síðarnefndi fengi kr. 500.00 af andvirði bifreiðarinnar, en sá fyrrnefndi kr. 1000.00, er gengi til greiðslu eldri skulda ákærðs við hann.

Við móttöku bifreiðarinnar greiddi Oddsteinn kr. 650.00, og fékk ákærður kr. 500.00 af því, en Magnús kr. 150.00. Fyrir því, sem þá var ógreitt af andvirðinu, gaf Oddsteinn Magnúsi skuldabréf, og er þess þar hvergi getið, að ákærður eigi neinn rétt til skuldarinnar, enda er það atriði játað

af ákærðum. Ávísun þá, er að framan er nefnd, gaf svo ákærður út á þessa skuld án þess að fá leyfi skuldareigandans, Magnúsar Vigfússonar, til þess.

Var því ávísunin frá upphafi ónýt, þar sem ávísandinn hafði engan rétt yfir hinni ávísuðu innstæðu.

Hefir því ákærður gerzt brotlegur gegn 255. gr., 258. gr., sbr. 63. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing hans eftir atvikum málsins hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga. Umboðsmaður margnefnds Ástráðs Guðmundssonar, Bogi Brynjólfsson fyrrverandi sýslumaður, Ránargötu 1 hér í bæ, hefir gert þá kröfu á hendur ákærðum, að hann verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér fyrir hönd Ástráðs ávísunarupphæðina, kr. 500.00, ásamt kr. 50.00 í þóknun til sín fyrir fyrirhöfn þá, er hann hefir haft í sambandi við mál þetta. Þessa kröfu hefir ákærður samþykkt sem réttmæta, og verður hún því tekin til greina að öllu leyti.

Þá ber að dæma ákærðan til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 65.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Sigurjón Kristinn Jóhannesson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga. Hann greiði fyrrverandi sýslumanni Boga Brynjólfssyni f. h. Ástráðs Guðmundssonar kr. 500.00 og auk kr. 50.00 í þóknun innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 65.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. nóvember 1938.

Nr. 100/1937. **Útibú Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu f. h. sýslusjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Ábyrgð á greiðslu skuldar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 1. sept. 1937, krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða honum kr. 1908.15 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 3108.15 frá 22. marz 1934 til 28. febr. 1936 og af kr. 1908.15 frá síðastnefndum degi til greiðsludags og ennfremur kostnað við afsagnargerð, kr. 8.50. Svo krefst hann þess og, að stefnda verði dæmd til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefnda hefir hinsvegar krafizt *aðallega*, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, *til vara*, að hún verði aðeins dæmd til að greiða áfrýjanda kr. 1000.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, og verði þá málskostnaður látinn niður falla fyrir báðum réttum, og *til þrautavara*, að hún verði ekki dæmd til að greiða hærri upphæð en kr. 1800.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi.

Ábyrgðaryfirlýsing stefndu frá 24. marz 1933, sem skráð er orðrétt í héraðsdóminum, var tilkynnt áfrýjanda í bréfi oddvita sýslunefndarinnar 25. s. m. Jafnframt var áfrýjanda afhentur tryggingarvíxill

sá, er um ræðir í málinu, að upphæð kr. 5000.00, samþykktur af h/f „Djúpbáturinn", en útgefinn af oddvita sýslunefndarinnar fyrir hennar hönd. Þótt fyrrnefnd ábyrgðaryfirlýsing sé ógreinilega orðuð, verður hún ekki skilin né skýrð öðruvísi en svo, að stefnda hafi tekizt á hendur ábyrgð á því, að væntanlegur ríkissjóðsstyrkur til h/f „Djúpbáturinn" yrði greiddur áfrýjanda, enda er það óumdeilt. að ábyrgðin hafi verið gefin í því skyni, að áfrýjandi keypti af félaginu ávísanir á ríkissjóðsstyrk þann, sem það átti í vændum.

Nú er það upplýst, að sökum þess að ríkissjóðsstyrkurinn til félagsins árið 1933 rann að nokkru leyti til annarra en áfrýjanda, fengust ekki greiddar þær 2 ávísanir, samtals að upphæð kr. 3000.00, sem greiðast áttu 1. okt. og 1. nóv. 1933. Og verður þá samkvæmt því, er áður segir, að telja stefndu hafa borið ábyrgð á greiðslu þeirra. Breytir það engu um ábyrgðina, þótt áfrýjandi tæki við 2 nýjum ávísunum af h/f „Djúpbáturinn", eins og nánar er greint í héraðsdóminum, þar eð þær ávísanir fengust heldur ekki greiddar. Og ekki er unnt að fallast á þá skoðun stefndu, að áfrýjandi hafi firrt sig rétti til að krefja hana um greiðslu með því að tilkynna ekki greiðanda ávísananna þegar í stað, að hann hefði fengið þær í hendur.

Í héraði var í upphafi stefnt til greiðslu á fyrrnefndri ávísanaupphæð, kr. 3000.00, að viðbættum vöxtum til 22. marz 1934, kr. 101.15, og ómaksbótum og stimpilgjaldi, kr. 7.00, eða samtals kr. 3108.15. Af hálfu stefndu hefir því verið haldið fram, að framangreind vaxtaupphæð sé ofreiknuð um kr. 37.50, og er því ekki nægilega mótmælt af áfrýjanda. Hefði krafa áfrýjanda því átt að nema upphaflega kr.

3070.65. Þann 28. febr. 1936 fékk áfrýjandi greiddar kr. 1200.00 úr búi h/f „Djúpbáturinn", og lækkaði hann þá kröfu sína niður í kr. 1908.15, en samkvæmt framansögðu hefði hún átt að lækka niður í kr. 1870.65. Með þessari breytingu ber að taka kröfur áfrýjanda til greina.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu f. h. sýslusjóðs, greiði áfrýjanda, útibúi Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði, kr. 1870.65 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 3070.65 frá 22. marz 1934 til 28. febrúar 1936 og af kr. 1870.65 frá síðarnefndum degi til greiðsludags, kr. 8.50 í afsagnarkostnað og kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarsýslu 7. júlí 1937.

Með stefnu útgefinni 15. september 1934 hefir stefnandinn, Óskar Borg f. h. útibús Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði, höfðað mál þetta gegn stefndu, sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu, til greiðslu á víxli, útgefnum 25. marz 1933 af Torfa Hjartarsyni f. h. sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu með heimild í ályktun sýslunefndarinnar frá 24. marz 1933 — og ábökuðum á sama hátt — á hendur h/f Djúpbáturinn og samþykktum af framkvæmdarstjóra þess, Ólafi Pálssyni, f. h. félagsins, með gjalddaga 22. marz 1934, með nafnverði kr. 5000.00, sem niður er fært með kr. 1891.85 í kr. 3108.15, ásamt vöxtum 6% árlega frá falldegi víxilsins,

22. marz 1934, til greiðsludags, ½% þóknun, kostnaði við afsagnargerð kr. 8.50 og málskostnað að skaðlausu.

Við þingfestingu málsins hinn 12. október 1934 urðu aðiljar á það sáttir, að málið, sem stefnt hafði verið til gestaréttar Ísafjarðar, skyldi fyrir tekið og rekið í gestarétti Norður-Ísafjarðarsýslu án frekara fyrirkalls og skyldi rekið og dæmt sem almennt gestaréttarmál, en eigi eftir víxilmálareglum þannig, að úr yrði skorið um eiginlega réttarstöðu aðilja hvors gagnvart öðrum eins og raunveruleg málefni stæðu til, óháð hinum þrönga ramma, sem skorinn er um víxla.

Er þingað var í málinu öðru sinni hinn 9. nóvember 1934, bar stefnandi fram kröfu um, að settur dómari viki sæti í málinu. En með úrskurði uppkveðnum 10. s. m. úrskurðaði dómarinn, að honum bæri eigi að víkja sæti í málinu.

Er málið hafði verið rekið um hríð fyrir gestaréttinum, óskuðu aðiljar að láta rekstur þess hvíla um sinn, á meðan útkljáð væri deila um handveðrétt sóknaraðilja í þrotabúi h/f Djúpbáturinn, og með því að úrslit þeirrar deilu gátu verkað á úrslit þessa máls, — jafnvel orsakað niðurfall sakar — samþykkti dómarinn þetta.

Í lok aprílmánaðar síðasta óskuðu aðiljar að rekstri málsins væri fram haldið og dómur látinn ganga um efni þess, sem óbreytt var að öðru en því, að sóknaraðili hinn 28. febrúar 1936 hafði fengið greitt upp í kröfu sína úr þrotabúi h/f Djúpbáturinn — handveðsandvirði — kr. 1200.00, og færði því niður réttarkröfur sínar í samræmi við það þannig, að höfuðstóll dómkröfu hans nú nemur kr. 1908.15. En með því að gestaréttarmeðferð mála var niður fallin með l. nr. 85 1936, var málið þá með samkomulagi milli aðilja og dómarans tekið fyrir og síðan rekið í aukarétti Ísafjarðarsýslu.

Málefni eru þessi:

Hinn 23. marz 1933 beiddist h/f Djúpbáturinn ábyrgðar sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu á víxli, allt að kr. 5000.00, til að tryggja greiðslu á ávísunum, er félagið seldi útibúi Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði á ríkissjóð, út á styrk, sem félaginu hafði verið heitið samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1933 til bátaferða um Ísafjarðardjúp og Vestfirði á því ári. Þann 24. s. m. ályktaði sýslunefndin að „heimila oddvita sínum fyrir hönd sýslunefndar að skrifa

sem ábyrgðarmaður upp á allt að 5000 kr. víxil fyrir H/f Djúpbáturinn, enda sé víxilábyrgðin aðeins til tryggingar því, að styrkur sá, sem ríkissjóður endanlega veitir H/f Djúpbáturinn, verði greiddur. Ábyrgðin gildir ekki nema til eins árs."

Eftir beiðni h/f Djúpbáturinn afhenti svo oddviti sýslunefndarinnar sóknaraðilja afrit af greindri ályktun sýslunefndarinnar og jafnframt víxilinn, sem að framan er lýst.

Síðan sést aðiljum ekkert að hafa farið á milli um mál þetta þangað til 22. marz 1934. En þá ritar sóknaraðili stefndu, að með því að eigi hafi verið greiddar tvær ávísanir, er hann hafi keypt af h/f Djúpbáturinn á þann styrk, sem ríkissjóður veitti félaginu á síðastliðnu ári, að upphæð kr. 1500.00 hvor, hafi hann neyðzt til að grípa til ábyrgðarinnar, sem stefnda hafi gengið undir með samþykkt sinni 24. marz 1933, og nemi ábyrgð sú kr. 3108.15, en það er fjárhæð sú, er í stefnunni greinir.

Þessari ákvörðun sóknaraðilja mótmælti þáverandi oddviti stefndu þegar hinn 31. s. m., og fóru þar á eftir nokkur bréf millum aðilja, unz mál þetta var höfðað með stefnunni frá 15. september, eins og áður greinir.

Hin stefnda sýslunefnd hefir krafizt algerrar sýknu í málinu og sér dæmdan ríflegan málskostnað eftir mati réttarins.

Til sýknu sér tilgreinir stefnda þetta:

Að hún aðeins hafi ábyrgzt „að styrkur sá, sem ríkissjóður endanlega veitir h/f Djúpbáturinn, verði greiddur", en alls eigi, að hann verði greiddur neinum ákveðnum manni, félagi eða stofnun. Nú hafi allur sá styrkur, sem endanlega var veittur h/f Djúpbáturinn, verið greiddur, og komi því eigi til, að nein ábyrgð geti fallið á stefndu.

Að sóknaraðili hafi fengið greiddan allan þann styrk, sem ríkið veitti h/f Djúpbáturinn, eftir að ávísanir þær voru keyptar, sem ábyrgðar er krafizt fyrir. Geti sóknaraðili einnig fyrir þá sök enga ábyrgðarkröfu átt á stefndu samkvæmt ályktun hennar.

Að ávísanir þær, sem út af er stefnt, hafi verið greiddar sóknaraðilja með tveimur öðrum ávísunum á ríkissjóð, annarri kr. 1000.00 með gjalddaga 26. des. 1933, hinni kr. 2000.00 með gjalddaga 7. janúar 1934, og sé enn fyrir þá sök útilokuð ábyrgð á hendur stefndu.

Að „ábyrgðin gildir ekki nema til eins árs“, og hefði sóknaraðili því, ef hún hefði átt að halda gildi, orðið að ganga eftir henni innan þess tíma, eða strax að honum runnum að minnsta kosti. Þetta hafi eigi orðið, og sé fyrir þá sök ábyrgð niður fallin, þó einhvern tíma hefði gild verið.

Að sóknaraðila hafi verið skylt — og honum innan handar — að kynna sér, áður en hann keypti ávísanirnar á ríkissjóðinn, hvernig á hverjum tíma hagaði um greiðslur styrksins, sem heitið hafði verið, og tryggja sér, að greiðslunum yrði ráðstafað til hans. Þetta hafi sóknaraðili vanrækt og með þeirri vanrækslu bakað sér missi bakábyrgðar stefndu.

Öllum þessum sýknuástæðum stefndu hefir sóknaraðili mótmælt.

Kveður hann eigi um að villast, að umrædd ábyrgð sé honum gefin, eins og berlega sýni sig í ábyrgðarbeiðni h/f Djúpbáturinn, og þó einkum í því, að honum var tilkynnt ályktun stefndu frá 24. marz og jafnframt afhentur þar í greindur tryggingarvíxill. En ábyrgðaryfirlýsinguna kveður hann óskiljanlega eins og hún er formuð, og verði því að skýra hana í sambandi við þær aðstæður og atburði, sem gerðust fyrir og eftir að hún var gefin. En sé á það litið, hljóti niðurstaðan að verða sú, að takmarka beri umsögn ábyrgðaryfirlýsingarinnar við heimildina til oddvita sýslunefndarinnar til fyrir hennar hönd að skrifa sem ábyrgðarmaður upp á allt að 5000 króna víxil fyrir h/f Djúpbáturinn. Það, sem þar á eftir komi í yfirlýsingunni, sé markleysa.

Þá segir hann rangt, að sóknaraðili hafi fengið greiddan allan þann styrk, sem h/f Djúpbáturinn var veittur umrætt ár, og út var greiddur eftir að hann hafði keypt ávísanir þær, sem eru rætur málsins. Tilgreinir hann í því efni, að þann 13. september hafi h/f Djúpbáturinn selt öðrum en sóknaraðila 2000 króna ávísun á þennan sama styrk, og hafi sú ávísun verið innleyst 19. s. mán.

Því neitar hann, að ávísanir þær, sem ábyrgðar er krafizt fyrir, hafi verið greiddar með öðrum ávísunum á ríkissjóðsstyrk. Ávísanir þær, sem til þessa sé dreift, hafi komið í vörzlu sóknaraðila til innheimtu, en eigi sem gjaldmiðill, og sé ljós sönnun þess, að allar þessar ávísanir hafi verið í vörzlu sóknaraðila.

Það telur hann fjarstæðu, og óframkvæmanlegt, að sóknaraðilja hafi borið skylda til og hann getað fylgzt með í því, hvernig háttað væri á hverjum tíma greiðslum á styrk þeim, er h/f Djúpbáturinn var heitið úr ríkissjóði. Upplýsingar um það, sem í málinu greinir, hafi eigi verið fáanlegar fyrr en eftir á.

Loks kveður hann sóknaraðilja nægilega hafa gætt kröfuréttar síns með því að setja gjalddaga víxilsins, sem afhentur hafi verið með óútfylltu falldagsákvæði, innan þess frests, sem ábyrgðaryfirlýsing stefndu til tók, því að form tryggingarinnar, víxilformið, helgi það, að eftir henni sé gengið samkvæmt þar um gildandi reglum.

Stefnda hefir vefengt greindar rökfærslur stefnanda. Ábyrgðaryfirlýsinguna kveður hún að beri og verði að skilja eins og hún liggur fyrir, enda hafi sóknaraðili tekið hana gilda svo. Ennfremur kveður hún, að þótt ávísunin frá 13. september eigi hafi verið stíluð á sóknaraðila, hafi hún runnið til Útvegsbanka Íslands h/f, enda ríkissjóðsávísun sú, sem fól í sér þá greiðslu, verið ein og hin sama, sem geymi 1500 króna greiðslu til sóknaraðila, en að vísu komi í sama stað niður, hvort greiðsla renni til aðaldeildar eða undirdeildar sömu stofnunar.

Þá kveður stefnda og sannað, að 2000 krónur af upphæð þeirra ávísana, sem ábyrgðar er krafizt fyrir, hafi verið greiddar með ávísuninni pr. 7. jan. 1934, með því að vissa sé um, að þá ávísun hafi sóknaraðili keypt, þar eð hann tók af henni forvexti. Og þar sem andvirði hennar eigi var greitt út í peningum, geti það eigi hafa runnið til annars en greiðslu þessa hluta eldri ávísananna, sem mál þetta er reist um. Og þegar þannig sé, verði einnig að ganga að sem vísu, að ávísunin pr. 26. des. 1933 sé greiðsla þess hluta ábyrgðarkröfunnar, er þá á vantaði. Að eldri ávísanirnar eigi voru kvittaðar og afhentar við móttöku nýju ávísananna, kveður hún eðlilega afleiðingu þess, að þær þá voru til innheimtu í Reykjavík og eigi í vörzlu sóknaraðila.

Undir rekstri málsins fyrir gestaréttinum var leitað sátta, en árangurslaust.

Eins og mál þetta liggur fyrir réttinum, eftir að brott eru numdar víxilmálareglurnar, verður að telja, að aðalgrundvöllur þess sé ábyrgðaryfirlýsing sú, sem felst í

álýktun stefndu frá 24. marz 1933, og þykir því bera að taka hana til athugunar.

Þótt nú fyrirvari sá eða skilorð, sem felst í síðari hluta álýktunarinnar, væri á þeim tíma, er hún var gerð, að því leyti gagnslaust, að það gat eigi hindrað þann, sem samkvæmt heimildinni í fyrri hluta álýktunarinnar var orðinn eigandi víxilsins, sem þar greinir, í því að knýja fram greiðslu hans, verður eigi fallizt á, að skilyrðið sé markleysa og þýðingarlaust. Það verður að fallast á, eins og stefnandi tekur fram, að álýktunina beri að skýra og skilja í sambandi við þær aðstæður og atburði, sem voru að gerast um þær mundir, sem álýktunin var gerð, en eftir upplýsingum málsins virðast aðstæður hafa verið á þessa leið:

Stefnandi hafði um hríð veitt h/f Djúpbáturinn rekstursfé á þann hátt að kaupa af félaginu ávísanir á styrk, sem félaginu var veittur úr ríkissjóði til bátaferða um Ísafjarðardjúp og Vestfirði. Í síðari hluta marz 1933 neitaði stefnandi að halda áfram viðskiptum þessum — óvíst af hvaða ástæðum — nema baktrygging kæmi til. Var þá sýnt, að h/f Djúpbáturinn yrði að stöðva rekstur sinn, nema sýslunefndin hlypi undir bagga. Allt þetta mun sýslunefndinni hafa verið kunnugt, er hún fékk til meðferðar hjálparbeiðni h/f Djúpbáturinn frá 23. marz, sem og, að skjótra úrræða þurfti, svo héraðsbrestur eigi yrði við stöðvun samgangna. Stefnda mun hafa talið sér skylt að forða héraðinu frá þeim óþægindum og tjóni, sem hlutu að stafa af samgönguteppu, og þess vegna og að verða við hjálparbeiðni h/f Djúpbáturinn, en jafnframt gæta ýtrustu varúðar og takmarka ábyrgðarhættuna sem framast var unnt. Og með því að beiðni h/f Djúpbáturinn var um aðstoð í víxilformi, mun stefnda hafa talið þá hjálp eina örugga til svo skjótrar úrlausnar sem þurfti, en jafnframt sett skilorðið í álýktunina til þess að halda opinni leið til uppreisnar með endurheimtumálssókn, ef víxileigandinn kynni að neyta víxilréttarins of hastarlega.

Samkvæmt nú sögðu þykir eigi verða hjá því komizt að meta álýktunina frá 24. marz 1933, eins og hún liggur fyrir, í sambandi við önnur atriði málsins.

Í málinu er það upplýst, að sóknaraðili hafi keypt ávísanir þær, sem ábyrgðar er krafizt fyrir, aðra hinn 19. júní og hina 24. júlí 1933. Ennfremur hefir sóknaraðili

upplýst, að h/f Djúpbáturinn hafi þann 13. september s. á. selt öðrum en honum 2000.00 króna ávísun á þann sama styrk, sem þær tvær nefndu ávísanir voru gefnar út á, og hafi sú ávísun verið greidd 19. s. mán.

Að svo vöxnu máli lítur rétturinn svo á, að ef sóknaraðili hefði tilkynnt greiðanda styrksins, ríkissjóði, jafnskjótt og hann var orðinn eigandi greindra ávísana, að greiðsla styrksins skyldi renna til hans að því leyti, en í málinu er ekkert upplýst, er bendi til að slík tilkynning hafi átt sér stað, þá hefði greiðandinn látið greiðsluna renna til hans, sóknaraðilja, samkvæmt reglunni prior tempore, potior jure, og synjað eiganda ávísunarinnar frá 13. september um greiðslu. Að athuguðu máli þykir réttinum því nægilega sterk rök liggja að því, að sóknaraðilja í þessu efni hafi orðið á svo megn vangeymsla hagsmuna sinna, að eigi sé rétt að gera öðrum að bæta honum það tjón, sem af henni kann að hafa orðið. Og með því að upphæð sú, er greind vangeymsla tók til, var hærri en lokadómkrafa stefnanda, þykir þegar fyrir þessa sök verða að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnandans í máli þessu.

Kemur þá eigi til að meta aðrar málsástæður.

Eftir þessum úrslitum þykir eigi verða hjá því komizt að dæma stefnandann til að greiða stefndu málskostnað, og þykir hann hæfilega metinn kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Óskars Borg fyrir hönd Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu 150 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1938.

Nr. 85/1938. **Réttvísin** (Eggert Claessen)
gegn
Magnúsi Benjamínssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Ákærði, Magnús Benjamínsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1. júní 1938.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Magnúsi Benjamínssyni sjómanni, til heimilis Baugsveg 5 hér í bæ, fyrir brot gegn 23. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 51 1928.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 31. marz 1918. Hann hefir sætt eftirtöldum kærum og refsingum, öllum hér í Reykjavík:

1931 ¾ Kærður fyrir þjófnað. Látinn sæta áminningu.
1932 2½ Kærður fyrir rúðubrot. Alvarlega áminntur og gert að greiða skaðabætur.
1933 2¼ Kærður fyrir þjófnað. Málið sent dómsmálaráðuneytinu.
1933 ⅔ Kærður fyrir þjófnað. Málið sent barnaverndarnefnd.
1936 ¼ Sætt 50 króna sekt fyrir brot gegn 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 40 króna skaðabætur í sama máli.
1936 1⅔ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir innbrotsþjófnað.
1937 ⅔ Dómur sama réttar, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. sbr. 8. gr. laga nr. 51 1928.

Hinn 26. apríl s. l. kærði Gunnar Jóhannsson, háseti á flutningaskipinu Hekla, yfir því, að þá um nóttina hefði verið stolið úr fötum sínum 54 krónum í peningum, meðan hann svaf í hásetaklefa skipsins.

Ákærður hefir viðurkennt að hafa framið þennan þjófnað. Hann kveðst um nóttina hafa setið að drykkju um borð í skipinu með einum skipsmanna. Fór hann þá aftur í hásetaklefa í þeim tilgangi að sníkja tóbak af einum háseta nna, sem hann þekkti. Í klefanum var þá aðeins einn sofandi maður, og segir ákærður, að sér hafi þá dottið í hug að leita í fötum eftir peningum. Fann hann þá í fatnaði, sem hékk þar í ólæstum skáp, ofangreinda peninga, tók þá og sló eign sinni á.

Ákærður hefir endurgreitt 50 krónur af peningunum, og hefir skaðabótakrafa ekki komið fram í málinu.

Með framangreindu þjófnaðarafbroti hefir ákærður gerzt sekur við 8. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 51 1928. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hann greiði allan kostnað málsins.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Magnús Benjamínsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1938.

Nr. 147/1937. **Réttvísin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Pétri Ingimundarsyni
(Garðar Þorsteinsson).

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn ákvæðum 102. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Með játningu ákærða er það sannað, að hann hefir við húsbrunann á Sundlaugaveg þann 29. júlí f. á. illyrt lögreglumanninn Bjarna Eggertsson vegna afskipta lögreglunnar af slökkviliðsbifreið, sem þar var, og að ákærði hefir í því sambandi viðhaft stóryrði um lögregluna, þó þannig, að hann kveðst einungis hafa átt við lögreglumenn þá, sem við húsbrunann voru staddir. Hver orð ákærði lét sér um munn fara er þó ekki fullljóst, með því að hann hefir ekki gengizt við neinum ákveðnum illyrðum, enda þótt hann telji Bjarna hafa ummælin rétt eftir sér að efni til, og tveir lögreglumenn, sem hlýddu á orðahendingar þeirra ákærða og Bjarna, hafa ekki gerzt vitnismenn ummælanna „bullur" og „helvítis dónar", sem Bjarni hermir eftir ákærða. Svigurmæli ákærða til lögreglumannanna voru að vísu óheimil og ótilhlýðileg, en þegar litið er til þess, að lögreglumennirnir höfðu unnið til aðfinninga af hálfu ákærða með því að aka úr stað slökkviliðsbifreiðinni að honum fornspurðum og fara þannig inn á

verksvið hans, sbr. 23. gr. laga nr. 85 frá 1907, og þegar þess er ennfremur gætt, að ákærði hafði þarna fullt fang að fást við slökkvitilraunirnar, sem hann kveðst hafa orðið að framkvæma með handslökkvitækjum, vegna þess að bið varð á, að til vatns næðist, og ákærði var þess vegna í æstu skapi, þá þykir ekki bera að gera honum refsingu fyrir greinda framkomu sína í máli þessu.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða þar, 65 krónur, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors, úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Pétur Ingimundarson, á að vera sýkn af kærum og kröfum réttvísinnar í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða í héraði, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns 65 krónur og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Garðars Þorsteinssonar, kr. 70.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. nóv. 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Pétri Ingimundarsyni slökkviliðsstjóra, til heimilis á Freyjugötu 3 hér í bæ, fyrir brot gegn 12. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, hann er fæddur 1878. Hann hefir ekki áður svo kunnugt sé sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

Þriðjudaginn 29. júlí 1937 kom upp eldur í svonefndu Fuglahúsi við Sundlaugaveg í Reykjavík. Sex lögregluþjónar fóru á brunastaðinn til að halda þar uppi reglu. Er á brunastaðinn kom, fól lögregluvaktstjórinn Magnús Eggertsson þeim Bjarna Eggertssyni lögregluþjóni og Jóhanni Ólafssyni lögregluþjóni að sjá um að umferð tepptist ekki á Sundlaugaveginum. Stóðu þá tvær slökkviliðsbifreiðar hlið við hlið á veginum og lokuðu algerlega umferðinni. Bað Bjarni þá Jóhann að aka annari bifreiðinni fram fyrir hina. Er Jóhann var að byrja að aka bifreiðinni af stað, kallaði Kjartan Pétursson slökkviliðsmaður til hans og bannaði honum að flytja bifreiðina, og stöðvaði þá Jóhann bifreiðina þegar í stað. Fór þá Kjartan til ákærða í máli þessu, Péturs Ingimundarsonar slökkviliðsstjóra, er var staddur við hið logandi hús, og skýrði honum frá þessu. Ákærði sveif þá þegar á Bjarna Eggertsson lögregluþjón með hörkuskömmum, og kveður Bjarni hann hafa sagt meðal annars, að lögregluþjónarnir væru „bullur" og „helvítis dónar" og að það væri hart að þurfa að segja það, að lögregluþjónarnir væru einu mennirnir, sem flæktust fyrir, er slökkviliðið væri að verki.

Ákærði hefir fyrir réttinum viðurkennt að hafa svifið á lögregluþjóninn með hörkuskömmum, en kveðst ekki muna, hvort hann hafi kallað lögregluþjónana „bullur" og „helvítis dóna", en það geti vel verið, og hefir hann viðurkennt, að ummælin væru rétt eftir sér höfð að efni til, en með þeim hafi hann einungis átt við lögregluþjóna þá, sem þarna voru, en ekki lögregluþjóna bæjarins yfirleitt. Þó neitar ákærði að hafa sagt, að lögregluþjónarnir væru einu mennirnir, sem flæktust fyrir slökkviliðinu, er það væri að verki, en kveðst hafa sagt, að lögregluþjónarnir gerðu slökkviliðinu oft óleik, meðal annars með því, að troðast inn í logandi hús meðan á slökkvistarfinu stæði, og hefir ákærði haldið því fram fyrir réttinum, að lögregla bæjarins hafi, einkum nú upp á síðkastið, bæði flækzt fyrir slökkviliðinu og vanrækt mjög skyldu sína til að halda uppi reglu við eldsvoða og bægja óviðkomandi fólki frá

brennandi húsum, og hefir ákærði lagt fram fjölda vottorða frá slökkviliðsmönnum bæjarins þessu til staðfestingar.

Það var að vísu ekki rétt af lögregluþjónunum að byrja að færa slökkviliðsbifreiðina án samþykkis slökkviliðsstjóra, sem þeir hefðu þó getað náð til, ef þeir hefðu reynt það, en hvorki þetta né hin framlögðu vottorð um vanrækslu lögreglunnar við eldsvoða gat þó á nokkurn hátt að áliti réttarins réttlætt framkomu ákærðs og þau ósæmilegu orð, sem telja verður sannað, að ákærði hafi haft við lögregluþjónana, sem þarna voru að gegna sinni sýslan.

Ákærði hefir því að áliti réttarins með þessu framferði, sem að framan er lýst, gerzt sekur við 102. grein hinna almennu hegningarlaga, en með tilliti til þess, að lögregluþjónarnir höfðu með atferli sínu gefið nokkuð tilefni til þessarar framkomu ákærða, þykir rétt að ákveða refsinguna með hliðsjón af 103. grein hegningarlaganna, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 daga einföldu fangelsi. Svo greiði ákærður allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hæstaréttarmálflutningsmanns Garðars Þorsteinssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 65.00.

Á máli þessu hefir ekki orðið neinn óþarfur dráttur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Pétur Ingimundarson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga. Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteinssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 65.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. nóvember 1938.

Nr. 66/1937. **Steinn Leósson**
(Stefán Jóhann Stefánsson)
gegn
Karli Bjarnasyni
(Jón Ásbjörnsson).

Bifreiðareigandi dæmdur til greiðslu bóta vegna ökuslyss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. júní 1937, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 14591.00 með 5% ársvöxtum frá 11. jan. 1937 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Jafnframt hefir áfrýjandi geymt sér rétt til að krefjast frekari skaðabóta, ef því yrði að skipta. Stefndi, sem ekki hefir áfrýjað málinu, hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ökumaður bifreiðarinnar Ís. 3, sem stefndi er eigandi að, gaf eigi hljóðmerki, að því er telja verður, áður en bifreiðin kom að mótum Túngötu og Hafnarstrætis. Hann virðist hafa ekið of hart inn á gatnamótin. sem talin eru sérstaklega hættuleg, og er hann tók beygjuna á þeim frá Túngötu inn á Hafnarstræti. Og loks virðist sannað, að hann hafi tekið beygju þessa nær hægri brún götunnar en vinstri. Hann virðist því hafa, eins og á stóð, á þrennan hátt brotið stórvægilega umferðarreglur. Fer fjarri því, að sannað sé, að slys það, er í máli þessu getur, hefði hlotið að vilja til, þótt ökumaðurinn hefði gætt fullkom-

innar varúðar, og verður að telja hann aðallega valdan að slysinu. Hinsvegar þykir svo sem áfrýjandi hafi ekið fullhratt á hjóli sínu niður Hafnargötu, sem er allbrött, og eigi haft þær gætur á bifreiðinni Ís. 3, sem hann virðist eftir afstöðunni hafa getað haft. Fyrir því þykir hann og hafa átt nokkra sök á slysinu. En þar sem sök ökumannsins þykir vera miklu meiri, þá virðist rétt að skipta tjóni af slysinu þannig. að stefndi beri ⅘ og áfrýjandi ⅕ hluta þess.

Um einstaka liði dómkröfunnar, sem teknir eru í þeirri röð, sem í héraðsdóminum segir, athugast:

Um 1. Það þykir mega fallast á ummæli héraðsdómarans um þenna kröfulið og ákvörðun hans á honum, kr. 6800.00.

Um 2. Samkvæmt upplýsingum frá sjúkrahúsi Ísafjarðar, framkomnum eftir uppsögu héraðsdómsins, virðist mega ætla, að þessi kröfuliður kr. 129.00, sé ekki falinn í 3. kröfulið, og þykir því verða að taka hann til greina.

Um 3. Þessi kröfuliður, kr. 662.00, er óvefengdur.

Um 4. Eftir því sem slysi því, er í máli þessu getur, var háttað, þykir ekki hafa getað hjá því farið, að föt áfrýjanda hafi spillzt verulega bæði af blóði og vegna byltu hans á götuna. Upphæðinni, kr. 200.00, virðist svo í hóf stillt, að kröfuliðinn ber að taka til greina.

Um 5. Þessi kröfuliður verður að standa óhaggaður þegar af því, að stefndi hefir ekki áfrýjað málinu.

Um 6. Vegna hinna miklu meiðsla, sem áfrýjandi varð fyrir, og þjáninga þeirra, sem hann leið, þykir bera að taka þenna kröfulið, kr. 2500.00, til greina að fullu.

Um 7. Ákvörðun héraðsdómarans um þenna

kröfulið, sem ákveðinn er í héraðsdóminum kr. 500.00, verður að standa óhögguð þegar af þeirri ástæðu, að stefndi hefir ekki áfrýjað málinu, enda hefir áfrýjandi ekki fært nægileg rök fyrir kröfu sinni um breytingu héraðsdómsins til hækkunar honum.

Samkvæmt framansögðu verður tjón af slysi því, er í málinu greinir, og til greina kemur, kr. 6800.00 + kr. 129.00 + kr. 662.00 + kr. 200.00 + kr. 100.00 + kr. 2500.00 + kr. 500.00 samtals kr. 10891.00, og ber stefndi þar af $^4/_5$ hluta, eða kr. 8712.80, er hann greiði áfrýjanda með 5% ársvöxtum frá 11. jan. 1937 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda samtals kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Karl Bjarnason, greiði áfrýjanda, Steini Leóssyni, kr. 8712.80 með 5% ársvöxtum frá 11. jan. 1937 til greiðsludags og kr. 800.00 samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. apríl 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m. og samkvæmt samkomulagi aðilja er rekið hér, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 11. janúar 1937 af Steini Leóssyni á Ísafirði gegn Karli Bjarnasyni, Brunngötu 20 s. st., til greiðslu skaðabóta samtals að upphæð kr. 14591.00 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Ennfremur hefir Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt vegna vátryggingarfélagsins Danske Lloyd til þess að gæta réttar þess í málinu.

Stefndur krefst aðallega sýknu, en til vara, að áætlun stefnanda um tjónið verði lækkuð til muna og sér aðeins gert að greiða lítinn hluta þeirrar upphæðar (tjóninu skipt). Málskostnaðar krefst stefndur, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þeir, að 27. júlí 1935 kl. um 5 síðdegis kom stefnandi á reiðhjóli innan Seljalandsveg á Ísafirði. Þegar hann kom á gatnamót Seljalandsvegar og Hafnarstrætis, beygði hann niður í Hafnarstræti og ætlaði niður í bæ. En er hann kom niður að gatnamótum Hafnarstrætis og Túngötu, kom vöruflutningabifreiðin Í.S. nr. 3, sem var eign stefnds, en vátryggð hjá vátryggingarfélaginu Danske Lloyd, út úr Túngötunni, og rakst stefnandi á hana og hlaut mikil meiðsl. Er meiðslunum þannig lýst í vottorði héraðslæknisins á Ísafirði dags. 3. jan. 1936: „.... brot á 6. og 7. brjóstlið .... Ennfremur fékk hann fleiri áverka, skurð á enni og vinstri vanga, nefbrot og tannbrot." Afleiðingar slyssins urðu hinar alvarlegustu fyrir stefnanda, sbr. síðar, og með því að hann taldi stefndan bera ábyrgð á því, höfðaði hann mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að bifreiðarstjóranum á Í.S. 3, sem í þetta skipti var Þórir Bjarnason, Brunngötu 20 Ísafirði, verði ekki gefin sök á slysinu, heldur hafi stefnandi sjálfur átt sök á því, og eigi hann því ekki neina bótakröfu á hendur sér út af slysinu.

Staðhættir á slysstaðnum eru þannig, að Seljalandsvegur liggur eftir brekkubrún í norðausturátt. Frá norðurenda hans liggur Hafnarstræti niður í brekkuna í suðurátt. Ca. 50 m. frá gatnamótum Seljalandsvegar og Hafnarstrætis liggur Túngata þvert á Hafnarstræti að norðan. Efsti hluti Hafnarstrætis, eða spölurinn milli Seljalandsvegar og Túngötu, er mjög brött brekka (1:8—1:8½). Breidd þessa hluta Hafnarstrætis er ca. 5 m., en breidd Túngötu ca. 6—7 m. Túngatan mun vera hallalítil eða hallalaus á þessum slóðum. Meðfram henni vestanverðri liggur gangstígur ca. 2 m. breiður. Meðfram Hafnarstræti að norðan niður að Túngötu liggur hinsvegar skurður, nokkuð breiður, sem þó er samanfallinn og fær reiðhjólum. Í horninu vestan Tún-

götu og norðan Hafnarstrætis stendur íbúðarhús Bárðar Tómassonar, og er rimlagirðing utan um það ca. 1 m. á hæð með 10 cm. á milli rimla. Vegamót Túngötu og Hafnarstrætis eru svo kröpp, að erfitt er að taka stóra beygju í bifreið úr Túngötu og upp (vestur) Hafnarstræti, nema að stöðva bifreiðina næstum alveg.

Stefnandi og umboðsmaður hans hafa lýst slysinu og aðdraganda þess á þá leið, að þegar stefnandi hafi hjólað niður brekkuna, hafi hann séð bifreiðina Í.S. 23 koma á móti sér upp Hafnarstræti. Hafi hann hjólað alveg á vinstri brún Hafnarstrætis og farið hægt, enda hafi hann bremsað við brekkubrúnina og allt þangað til hann rakst á Í.S. 3. Hljóðmerki kveðst stefnandi þó ekki munu hafa gefið. — Stefnandi telur sig því enga sök eiga á slysinu, heldur sé þar bifreiðarstjóranum á Í.S. 3 einum um að kenna. Telur hann, að alveg sé upplýst, að slysið hefði ekki orðið, ef bifreiðarstjórinn á Í.S. 3 hefði hegðað sér eins og honum bar. En í stað þess hafi hann brotið umferðarreglurnar að minnsta kosti á fernan hátt, og beri eiganda Í. S. 3 því að bæta sér allt það tjón, er af slysinu hlauzt. Brot bifreiðarstjórans á Í.S. 3 á umferðarreglunum sé í fyrsta lagi fólgið í því, að hann hafi ekið út í Hafnarstræti án þess að eiga umferðarréttinn, þar sem bifreiðin Í.S. 23 hafi eins og áður segir verið að koma upp (vestur) Hafnarstræti og verið svo nálægt vegamótum þess og Túngötu, að Í.S. 3 hafi verið óheimilt að aka út í Hafnarstræti fyr en Í.S. 23 hafi verið kominn fram hjá, en þetta hafi Í.S. 3 þó gert. Í öðru lagi sé brotið fólgið í því að aka á hægri brún Túngötu og taka beygjuna upp Hafnarstræti krappa í stað þess að aka á vinstri brún Túngötu og taka stóran sveig upp í Hafnarstræti. Í þriðja lagi hafi Í.S. 3 ekkert hljóðmerki gefið, eins og átt hefði að gera, þegar svona stóð á, og loks hafi bifreiðarstjórinn á Í.S. 3 í fjórða lagi brotið umferðareglurnar með því að koma skyndilega og óvænt út úr Túngötunni, svo og með allt of hröðum akstri, en hraða Í.S. 3 út í Hafnarstræti telur stefnandi munu hafa verið um 20 km. á klst.

Eins og áður segir, telur stefndur stefnanda einan valdan að slysinu. Hann staðhæfir, að Í.S. 3 hafi átt umferðarréttinn út í Hafnarstræti gagnvart stefnanda og einnig gagnvart Í.S. 23, sökum þess hve langt sú bifreið var frá gatna-

mótum Túngötu og Hafnarstrætis, þegar Í.S. 3 hafi ekið út í Hafnarstræti. Er hann hafi beygt út í Hafnarstræti, hafi hann ekið nálægt miðri Túngötu, en þó heldur vinstra megin á henni, og tekið beygjuna upp Hafnarstræti rétt. Hljóðmerki kveður stefndur bifreiðarstjórann á Í.S. 3 hafa gefið rétt áður en hann ók út í Hafnarstræti. Þá kveður stefndur loks, að Í.S. 3 hafi ekið mjög hægt út í Hafnarstræti. Hinsvegar telur stefndur, að stefnandi hafi ekið mjög hratt niður Hafnarstræti og að hann hafi sýnt skort á eftirtekt með því að taka ekki eftir Í.S. 3. Þá hafi hann heldur ekki gefið hljóðmerki, og loks hafi farartæki, sem hafi verið að koma út úr Túngötu, átt umferðarrréttinn gagnvart stefnanda, og hafi honum því borið að fara sérstaklega varlega, enda hafi hann mátt búast við bíl út úr Túngötu þar eð bifreiðaumferð um hana muni vera nokkuð tíð.

Verður nú athugað, hverja sök hvor aðilja kann að eiga á slysinu eftir því sem fyrir liggur í lögregluréttarrannsókn þeirri, er fram fór út af því, og á annan hátt, og hvort, og þá að hve miklu leyti, stefnandi og bílstjórinn á Í.S. 3 hafa brotið umferðarreglur eða sýnt af sér óvarkárni í umrætt skipti.

Þegar slysið skeði, var bifreiðin Í.S. 23 að koma upp Hafnarstræti á móti stefnanda. Voru í henni tveir menn, bifreiðarstjórinn Helgi Hannesson og Oddur Oddsson. Þessir menn sáu til ferða stefnanda og Í.S. 3 skömmu áður en slysið varð. Munu þeir hafa verið í rúmlega 100 m. fjarlægð frá gatnamótum Túngötu og Hafnarstrætis, er þeir sáu fyrst til stefnanda og Í.S. 3, en ca. 50 m., þegar slysið varð. Í.S. 23 var því svo langt frá gatnamótunum, þegar Í.S. 3 ók út í Hafnarstræti, að ekki er unnt að telja, að bifreiðarstjórinn á henni hafi brotið umferðareglur með því að aka út í Hafnarstræti eins og á stóð, og ekki var stefnanda heimilt að treysta því, að bifreið kæmi ekki út úr Túngötu vegna afstöðu Í.S. 23, eins og umboðsmaður hans hefir talið.

Í fyrsta réttarhaldi út af slysinu kveðst bifreiðarstjórinn á Í.S. 3 hafa ekið nær því eftir miðri Túngötunni, er hann hafi byrjað að beygja inn í Hafnarstræti. Síðar hefir hann þó haldið því fram, að áður en hann hafi ekið út í Hafnarstræti, hafi hann tekið sveig alveg niður á vinstra kant Túngötu. Vitnin Helgi Hannesson og Oddur Oddsson

sáu Í. S. 3 ekki taka þenna sveig, og virtist þeim bifreiðin fara frekar nær hægra kanti Túngötu, en þó telja þau, að verið geti, að hún hafi farið eftir henni miðri, en þeim sýnzt hitt vegna þess að gatan er kúpt. Þegar Í.S. 3 var stöðvuð eftir áreksturinn, virðist hægra afturhjól hennar hafa verið um eitt fet fyrir neðan (austan) niðurfall, sem, að því er bezt verður séð af þeim ófullkomnu upplýsingum, sem fyrir liggja um það, er ca. 1 m. úti í Hafnarstræti í beinni framhaldslínu af gangstígsbrún við Túngötu. Af öllu þessu þykir mega ráða, að Í.S. 3 hafi ekki ekið eins nærri vinstri vegarbrún, þegar hún ók út úr Túngötu, og ekki tekið eins stóran sveig út á vinstri (syðri) brún Hafnarstrætis eins og unnt var og henni bar. Þess ber þó að gæta, að af framburði vitnisins Helga Hannessonar má ráða, að mjög erfitt sé að taka beygju þessa alveg í samræmi við umferðarreglur, og vitnið Harald Aspelund, bifreiðaeftirlitsmaður á Ísafirði, hefir borið, að bæði vegna brekkunnar og afstöðu gatnanna sé erfitt að halda alveg vinstra kanti vegarins, er beygt sé út úr Túngötu upp í brekkuna. Þá þykir það og upplýst í málinu, að algengast sé, að beygjan sé tekin á svipaðan hátt og Í.S. 3 gerði, sbr. síðasta framburð vitnisins Helga Hannessonar.

Bifreiðarstjórinn á Í.S. 3 fullyrðir, að hann hafi gefið hljóðmerki, er hann var 3—4 m. inni í Túngötu. Vitnin Helgi Hannesson og Oddur Oddsson heyrðu það þó ekki, en hinsvegar hefir vitnið Sigríður Jónsdóttir, sem statt var á gatnamótum Hafnarstrætis og Seljalandsvegar um þetta leyti, borið, að það hafi heyrt „arg, líkt og í tveimur bílhornum". En þegar þess er gætt, að Helgi Hannesson kveðst hafa gefið hljóðmerki á Í.S. 23 um þetta leyti, og að framburður vitnisins er mjög óljós um, hverskonar hljóð það hafi heyrt, þá þykir ekki sannað, að Í.S. 3 hafi gefið hljóðmerki, áður en hún ók út í Hafnarstræti. Bifreiðarstjórinn á Í.S. 3 kveðst hafa ekið á 15—20 km. hraða á klst. inni í Túngötunni. Áður en hann hafi ekið út í Hafnarstræti, hafi hann þó verið búinn að draga mjög úr hraðanum sökum þess að hann hafi séð mann með hesta nálægt vesturenda Hafnarstrætis og búizt við, að hann kæmi niður brekkuna. Örstuttu eftir að hann hafi séð manninn með hestana, hafi hann séð stefnanda koma á hjóli niður brekkuna, og hafi hann þá aðeins verið 3—4 m. frá Í.S. 3, þá kveðst bifreiðar-

stjórinn strax hafa stöðvað Í.S. 3, og hafi hún verið alveg stöðvuð, er stefndandi renndi á hana. Bifreiðarstjórinn kveðst hafa séð stefnanda svona seint vegna þess að girðingin um hús Bárðar Tómassonar hafi skyggt á hann.

Um hraða Í.S. 3 og slysið sjálft getur stefnandi ekkert sagt, enda virðist hann hafa misst minnið um atburði frá því skömmu fyrir slysið og þangað til hann var kominn á sjúkrahúsið. Vitnin Helgi Hannesson og Oddur Oddsson telja, að Í.S. 3 hafi verið „á nokkurri ferð", er hjólið rakst á hana. Helgi segir, að hún hafi þó verið búin að hægja ferðina, en Oddur telur, að það muni ekki hafa verið. Þá telja þessi vitni, að Í.S. 3 hafi hreyfzt eitthvað „örlítið áfram" eftir árekstur inn. Loks hefir vitnið Helgi Hannesson í síðara réttarhaldi í málinu sagt, að sér hafi þótt hraði Í.S. 3 fullmikill með tilliti til þess, að hornið sé sérstaklega hættulegt.

Af því að mjög margt bendir til þess, að stefnandi hafi rekizt á hægra afturhjól Í.S. 3, og hann lá rétt við það eftir slysið, og vitnin telja, að bifreiðin hafi aðeins hreyfzt örlítið eftir árekstur inn, þykir mega ráða, að hún hafi stöðvazt svo að segja um leið og árekstur inn varð, en það þykir aftur sýna, að Í.S. 3 hafi ekið á hægum hraða út í Hafnarstræti, enda virðist ekkert benda til þess, að hraði Í.S. 3 hafi verið óhæfilega mikill.

Eins og áður segir heldur stefnandi því fram, að hann hafi hjólað hægt niður brekkuna og bremsað strax í brekkubrúninni og alveg þangað til hann rakst á bifreiðina. Um hraðann á stefnanda segir vitnið Helgi Hannesson, að hann hafi verið „á þó nokkurri ferð". Telur hann stefnanda hafa haft vald á hjólinu, og hafi hann byrjað að bremsa ofan við efra hornið á húsi Bárðar Tómassonar. Vitnir Oddur Oddsson telur stefnanda hafa bremsað ofan til við hús Bárðar Tómassonar, hafi hann farið á „fremur hægri ferð eftir það". Þess ber að gæta, að vitni þessi virðast ekki hafa haft góða aðstöðu til að dæma um hraðann á stefnanda þar sem þau voru í nokkurri fjarlægð og komu auk þess á nokkrum hraða á móti honum í bifreiðinni Í.S. 23. Reiðhjól stefnanda var þannig útleikið eftir árekstur inn, að framhjólið hafði lagzt saman og gaffall þess bognað afturábak. Og með því að upplýst má telja, að Í.S. 3 hafi ekki ekið yfir hjólið, þá þykir af þessum miklu skemmdum á

því, svo og hinum miklu meiðslum, sem stefnandi hlaut, verða að draga þá ályktun, að hann hafi ekið niður brekkuna með miklum hraða, a. m. k. þegar þess er gætt, að hann átti ekki umferðarréttinn fyrir Túngötu og mátti búast við bifreiðum út úr henni, enda hafði stefnandi stundum áður orðið að hjóla út af veginum og eftir skurðinum, sem áður getur, er hann var á þessari leið, til þess að forðast bifreiðar. Enda þótt ekki sé upplýst, að hve miklu leyti girðingin um hús Bárðar Tómassonar hefir varnað því, að bifreiðarstjórinn á Í.S. 3 og stefnandi sæu hvor til annars, þá þykir mega ráða það af korti, sem fram hefir verið lagt af slysstaðnum, að stefnandi hljóti að hafa séð Í.S. 3, er hann átti nokkra metra, a. m. k. 4—5, ófarna að henni. En það, að stefnandi hvorki stöðvaði hjólið, sem var með góðum bremsum, né hjólaði út af veginum í skurðinn, eins og vel var hægt að gera undir venjulegum kringumstæðum, þykir út af fyrir sig og með tilliti til þess, er áður segir, sýna, að hraðinn á hjólinu hafi verið óhæfilega mikill.

Að þessu athuguðu verður rétturinn að telja, að bæði bifreiðarstjórinn á Í.S. 3 og stefnandi eigi nokkra sök á slysinu. Bifreiðarstjórinn með því að taka ekki beygjuna alveg af vinstri brún Túngötu og yfir á vinstri brún Hafnarstrætis, því að með því hefði orðið lengra að bifreiðinni fyrir stefnanda og honum því gefizt lítið eitt lengra svigrúm til að afstýra slysinu. Þá verður og að telja, að bifreiðarstjórinn hafi ekki gefið hljóðmerki, þar eð það er ekki sannað gegn neitun stefnanda, og verður það eins og á stóð að teljast honum til sakar. Sök stefnanda sjálfs telur rétturinn liggja í því, að hann gaf ekki hljóðmerki, að hann hafi hjólað of hratt, að hann átti ekki umferðarréttinn fyrir Túngötu og gat búizt við bifreiðum út úr henni, en hjólaði þó, að því er virðist, varúðarlaust niður brekkuna. Rétturinn telur samkvæmt því, sem nú hefir verið sagt, að sök stefnanda og bifreiðarstjórans á slysinu sé svo svipuð, að skipta beri tjóni því, sem telja verður stefnanda hafa fært næg rök fyrir, að hann hafi beðið, til helminga á milli málsaðilja, og dæma því stefndan til að greiða honum helming þess.

Stefnuupphæðina sundurliðar stefnandi þannig:

1. Atvinnutjón í 2 ár, kr. 5000.00 á ári, ... kr. 10000.00
2. Sjúkrakostnaður ..... — 129.00

3.	Læknishjálp	kr.	662.00
4.	Skemmdir á fötum	—	200.00
5.	Reiðhjól	—	100.00
6.	Bætur fyrir þjáningar o. þl.	—	2500.00
7.	Kostnaður við legu heima	—	1000.00
		Samtals kr.	14591.00

1. Samkvæmt vottorðum frá héraðslækninum á Ísafirði verður að telja nægilega upplýst, að stefnandi verði óvinnufær af völdum slyssins í 2 ár, eða til a. m. k. 27. júlí 1937.

   Um tekjur stefnanda fyrir slysið liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar en þær, að á skattskýrslu fyrir árið 1932 taldi hann sig þá hafa haft kr. 2672.43 í nettótekjur, en skattanefnd áætlaði þó nettótekjur hans töluvert hærri, eða kr. 7500.00. Tekjur sínar hafði stefnandi af verzlunarrekstri, enda stundaði hann verzlun allt þangað til slysið varð, en þá lagðist verzlun hans niður. Fyrir árin 1933, 1934 og 1935 hefir stefnandi ekki talið fram til skatts, og engar upplýsingar liggja fyrir um tekjur hans þau ár. Stefnandi byrjaði verzlun sína 1931, en til þess tíma stundaði hann skrifstofustörf á Ísafirði og hafði þá 300.00 kr. mánaðarkaup, enda var hann talinn vel hæfur skrifstofumaður. Samkvæmt þessum upplýsingum telur rétturinn tekjur stefnanda hæfilega áætlaðar kr. 3600.00 um árið, og nemur því samanlagt atvinnutap hans kr. 7200.00 minus kr. 400.00, sem stefnandi hefir fengið fyrir vinnu á skrifstofum Ísafjarðarbæjar, er hann var látinn vinna í gustuka- og tilraunaskyni, til að forða honum frá að þiggja beinlínis af bænum, eftir því sem fram er haldið í málinu, eða kr. 6800.00. Helming þessarar upphæðar, eða kr. 3400.00, ber stefndum að greiða stefnanda vegna atvinnutaps.
2. Stefndur telur, að þessi upphæð sé innifalin í 3. lið, og mótmælir henni af þeim sökum.

   Reikningur sá, sem lagður er fram fyrir þessari upphæð, ber með sér, að þetta er greiðsla til sjúkrahússins á Ísafirði fyrir legu stefnanda þar, en þangað var hann fluttur af slysstaðnum. Einn liður þessa reiknings er læknishjálp. Sem fylgiskjal með 3. lið er lagt fram símskeyti frá héraðslækninum á Ísafirði, og segir þar:

„Læknishjálp etc. .... er samtals kr. 662.00". Þykir þetta, með sérstöku tilliti til þess, að einn liður sjúkrahússreikningsins er læknishjálp, og þess, að héraðslæknirinn er einnig sjúkrahúsiæknir, fremur benda í þá átt, að liður þessi sé innifalinn í 3. lið, og þar eð stefnandi hefir ekki sannað hið gagnstæða, þykir þess vegna ekki unnt að taka þessa upphæð til greina.

3. Þessum lið er ekki sérstaklega mótmælt, og ber stefndum því að greiða stefnanda helming hans, eða kr. 331.00.
4. Engar sannanir liggja fyrir um, að föt stefnanda hafi skemmst, og verður þessi liður því ekki tekinn til greina gegn andmælum stefnds.
5. Upplýst má telja, að reiðhjól stefnanda hafi eyðilagzt, og með því að þessum lið virðist vera í hóf stillt, ber að taka hann til greina að fullu, og á því stefndur að greiða stefnanda kr. 50.00 upp í reiðhjólið.
6. Á þessum lið hefir stefndur krafizt verulegrar lækkunar. En þegar athugað er, hve meiðslin voru mikil, og hve lengi stefnandi á í þeim, þykir ekki unnt að dæma honum minni bætur undir þessum lið en kr. 2000.00, og ber stefndum að greiða honum helming þeirrar upphæðar, eða kr. 1000.00.
7. Þessum lið hefir stefndur mótmælt sem alltof háum og ósönnuðum. Stefnandi hefir engin gögn lagt fram fyrir upphæð þessari, en með því að upplýst má telja, að lega hans heima hafi valdið mjög miklum óþægindum og aukaerfiði á heimilinu, enda þótt engin aðstoð hafi verið tekin vegna legunnar, þá þykir verða að taka bótakröfu stefnanda undir þessum lið til greina, en upphæð hennar þykir hæfilega ákveðin kr. 500.00, og ber stefndum að greiða stefnanda helming hennar, eða kr. 250.00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 5031.00 með vöxtum eins og krafizt hefir verið og málskostnað, er með tilliti til málavaxta þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Karl Bjarnason, greiði stefnandanum, Steini Leóssyni, kr. 5031.00 með 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1937 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostn-

að innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1938.

Nr. 116/1936. **Ísleifur Jónsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Guðmundi Vigfússyni og Kjartani Ólafssyni (Stefán Jóh. Stefánsson).

Verktaka dæmdar greiðslur fyrir aukaframlög.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1936, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum in solidum kr. 562.95 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1934 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en *til vara* kr. 425.30 með vöxtum og málskostnaði eins og fyrr segir.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Árið 1929 tókust stefndu á hendur að reisa barnaskólahús á Brúarlandi í Mosfellssveit samkvæmt útboðslýsingu dagsettri 26. febrúar það ár. Í útboðslýsingunni er meðal annars tekið fram, að stefndu beri að leggja til miðstöðvarhitunartæki í húsið, þar á meðal 200 lítra hitavatnsgeymi, og hreinlætistæki, meðal annars baðker, 2 þvottaskálar og vatnssalerni. Þá bar þeim einnig að leggja til vatns- og skolpleiðslupípur í húsið.

Áfrýjandi tók síðan að sér með tilboði til stefndra

19. ágúst 1929, er þeir samþykktu, að leggja miðstöðvarlögnina í skólann samkvæmt teikningu og vinnulýsingu dags. 13. s. m. Er þess hvorki getið í vinnulýsingu þessari né í uppdrætti né heldur í tilboðinu, að áfrýjanda beri að leggja til hitavatnsgeymi. Ennfremur tók áfrýjandi að sér að leggja til og setja niður ofangreind hreinlætistæki, að vatnssalerninu undanskildu, sem ekki er minnzt á í tilboði hans. Vatnslása og vatnspípur skyldi áfrýjandi leggja til, en ráð er gert fyrir því í tilboðinu, að skolpleiðslur verði að mestu komnar. Stefndu skyldu annast á sinn kostnað flutning á mönnum áfrýjanda og efni frá Reykjavík og upp að Brúarlandi og þaðan aftur til Reykjavíkur. Fyrir verk sitt og framlagt efni samkvæmt tilboðinu skyldi áfrýjandi fá kr. 4575.00.

Nú er það upplýst í málinu, að áfrýjandi lagði til og setti í húsið vatnssalerni og hitavatnsgeymi, auk þess, að verk hans og efnisframlög, að því er skolpleiðslurnar snertir, virðast hafa orðið meiri en ráð er fyrir gert í tilboði hans. Nema aukareikningar áfrýjanda vegna þessara aukaframlaga, svo og vegna kostnaðar hans við flutning á mönnum og efni til Brúarlands og þaðan til Reykjavíkur, samtals kr. 487.95. Að viðbættri umsaminni verkkaupsfjárhæð, kr. 4575.00, verður heildarupphæð sú, er áfrýjandi reiknar sér fyrir vinnu og efni, kr. 5062.95. Kveður hann stefndu hafa greitt sér kr. 4500.00, og séu þá eftir ógreiddar kr. 562.95, en aðalkrafa hans er, að honum verði dæmd sú fjárhæð.

Eins og að framan greinir, er það víst, að stefndu hefir borið samkvæmt útboðslýsingunni frá 26. febrúar 1929 að leggja til vatnssalernið, hitavatnsgeyminn og önnur þau aukaframlög og aukaverk,

er áfrýjandi innti af hendi og krefst nú að fá greidd. Og ekki er af hálfu stefndu beinlínis mótmælt og því síður hnekkt þeirri staðhæfingu áfrýjanda hér fyrir rétti, að þeir hafi fengið að fullu greitt það, sem þeim bar samkvæmt verksamningi sínum við eiganda skólahússins, þar á meðal fyrir framlög þau og verk, sem áfrýjandi innti af höndum aukalega. Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir eitt vitni borið það, að stefndur Guðmundur Vigfússon hafi beðið áfrýjanda um oftnefnd aukaframlög og aukaverk, og samþykkt þau jafnóðum. Með tilliti til þess, að það var skylda hinna stefndu að leggja til vinnu þá og efni, sem hér um ræðir, þá þykir framburður vitnis þessa næg sönnun þess, að áfrýjandi hafi tekizt á hendur eftir tilmælum hinna stefndu að vinna aukavinnu þessa og leggja til efnið. Ber hinum stefndu því þegar af þeirri ástæðu að greiða aukaframlög og aukaverk þessi samkvæmt framlögðum reikningum áfrýjanda, enda hafa stefndu ekki mótmælt því, að upphæð þeirra væri rétt.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, var stefndu heimilt að draga frá verkkaupi áfrýjanda kr. 137.65. Ber að draga þá upphæð frá framangreindri kröfu, kr. 562.95, og verða þá eftir ógreiddar kr. 425.30, og er varakrafa áfrýjanda, að honum verði dæmd sú fjárhæð. Ber samkvæmt framansögðu að taka varakröfu þessa til greina með vöxtum eins og krafizt er. Svo ber og stefndu eftir þessari niðurstöðu að greiða áfrýjanda in solidum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 400.00.

Dráttur á máli þessu hér fyrir dómi stafar af sáttaumleitunum, er aðiljar hafa reynt sín á milli eftir útgáfu hæstaréttarstefnunnar.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Guðmundur Vigfússon og Kjartan Ólafsson, greiði in solidum áfrýjanda, Ísleifi Jónssyni, kr. 425.30 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1934 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. ágúst 1935.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 7. júní f. á. af Ísleifi Jónssyni kaupmanni, hér í bæ, gegn Guðmundi Vigfússyni trésmið, Njálsgötu 51 B, og Kjartani Ólafssyni múrara, Njarðargötu 47, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum að upphæð kr. 562.95 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 11. maí f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi þannig til komna, að hann hafi sumarið 1929 tekið að sér í ákvæðisvinnu að leggja miðstöð og hreinlætistæki í skólahúsið á Brúarlandi í Mosfellssveit, er stefndir hafi þá haft í smíðum. Hafi verk þetta verið unnið eftir útboðslýsingu og vinnuteikningu Benedikts Gröndals verkfræðings og samkvæmt tilboði sínu dags. 19. ág. 1929. Verkkaupið hafi verið ákveðið kr. 4575.00, en auk þess, sem fallið hafi undir verksamninginn, kveðst stefnandi hafa látið stefndum í té efni og vinnu fyrir kr. 487.95. Stefndir hafi aðeins greitt kr. 4500.00, og þar sem þeir hafi verið ófáanlegir til þess að greiða meira, sé mál þetta höfðað til greiðslu eftirstöðvanna.

Stefndir hafa mótmælt eindregið framangreindum kröfum stefnanda og krafizt algerðrar sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum.

Í málinu er það upplýst, að stefnandi lagði ekki til eldhúsofn, sem innifalinn var í útboðinu, og lét í té ódýrari vask en þar var áskilinn. Nam andvirði ofnsins og verðismunurinn á hinum áskilda og uppsetta vask kr. 137.65.

Stefnandi hefir eigi að síður reiknað stefndum verkið með fullu ákvæðisverði, en það verður að fallast á það hjá þeim, að þeir eigi heimtingu á, að upphæðin komi til frádráttar á verkkaupinu, og lækkar það þá niður í kr. 4437.65. Hinsvegar hafa stefndir viðurkennt, að stefnandi hafi greitt rúmar 60 krónur fyrir flutning á mönnum og efni til skólans, en þá flutninga áttu þeir að annast. Frekar en tvær framangreindar upphæðir telja stefndir sér ekki hafa verið skylt að greiða stefnanda, og séu því algerlega skuldlausir við hann.

Stefnandi hefir sundurliðað nákvæmlega undir rekstri málsins allt það (efni og vinnu), sem hann telur sig hafa látið stefndum í té fram yfir það, sem þeir samkvæmt framansögðu hafa talið sér skylt að greiða, en stefndir hafa mótmælt sérstaklega hverjum einstökum lið sem sér óviðkomandi. Byggja stefndir mótmælin á því meðal annars, *að* þeim hafi ekki borið að vinna verk þau og leggja til það efni, sem ágreiningurinn í máli þessu snýst um, *að* þeir hafi ekki beðið stefnanda að vinna verk þessi og *að* hann í raun og veru hafi alls ekki unnið þau. Gegn þessum eindregnu mótmælum stefndra hefir stefnandi ekki fært sönnur á neitt framangreindra atriða, og ber því að taka sýknukröfu stefndra til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í málinu falli niður.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Guðmundur Vigfússon og Kjartan Ólafsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Ísleifs Jónssonar, í máli þessu, og falli málskostnaður í því niður.

Föstudaginn 18. nóvember 1938.

Nr. 107/1937. **Glæsibæjarhreppur**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
bæjarsjóði Akureyrar
(Jón Ásbjörnsson).

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. sept. 1937, og að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m., hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að fógeti verði skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Rafmagnsstöð sú, er í máli þessu greinir, var reist og er rekin til þess að fullnægja almenningsþörf á rafmagni, en ekki í atvinnuskyni, og var því óheimilt að leggja á stefnda útsvar það, er í máli þessu getur, sbr. lög nr. 46/1926 6. gr. A. III. b og c, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Glæsibæjarhreppur, greiði stefnda, bæjarsjóði Akureyrar, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 12. jan. 1937.

Með bréfi dags. 1. ágúst 1936 biður oddviti Glæsibæjarhrepps sýslumann Eyjafjarðarsýslu að innheimta helming af útsvari krónum 1250.00, eða kr. 625.00, sem hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps lagði á Rafveitu Akureyrar, með lögtaki og á kostnað gjaldanda. Bæjarstjórn Akureyrar neitar að greiða útsvarið. Samkomulag var um, að gerðin skyldi byrja hér á skrifstofunni, og féll lögtaksþoli áður frá úrskurði og birtingu hans.

Gerðarbeiðandi heldur því fram til stuðnings lögtaksbeiðni sinni, að Akureyrarbær hafi, síðan rafmagnsstöðin kom í starfrækslu, borgað útsvar í Glæsibæjarhreppi og eitt árið, 1924, er Akureyrarbær neitaði greiðslunni, hafi fallið sýslumanns úrskurður um, að Akureyrarbær skyldi greiða útsvarið. Ekkert sést, hverskonar úrskurður þetta hafi verið, enda ekki lagt fram eftirrit af honum. Gerðarþoli segir aftur, að rafveitan sé opinbert fyrirtæki, rekið í þeim tilgangi að afla bæjarbúum á Akureyri raforku með framleiðsluverði, en hér sé ekki um atvinnurekstur að ræða.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að rafveitan standi í landi Glæsibæjarhrepps og að hún selji raforku þar í hreppi. Gerðarþoli segir aftur, að það sé mjög vafasamt, að Akureyrarbær græði á raforkusölunni í Glæsibæjarhreppi, þar sem hann vegna hennar hafi orðið að leggja í svo mikinn kostnað, enda sú ráðstöfun gerð fyrir þrábeiðni þeirra, sem njóti góðs af því að fá raforkuna. Þá hefir hann og haldið því fram, að þó að raforkustöðin standi í Glæsibæjarhreppi, þá sé hún aðallega rekin á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar stofnaði rafveituna. Ríkissjóður veitti 1000000.00 kr. ríkissjóðsábyrgð fyrir láni rafveitunnar. Tilgangurinn með rafveitunni er samkvæmt reglugerð staðfestri af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 4. jan. 1923 að veita raforku í bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Það verður ekki talið, að stjórn rafveitunnar raunverulega hafi farið út fyrir þetta mark, þó hún hafi hjálpað viðliggjandi þorpi, nokkrum húsum, um rafmagn.

Í flutningi málsins í réttinum er því haldið fram, að því er virðist ómótmælt, að tekjuafgangi þeim, sem orðið hefir

af rekstri rafveitunnar, hafi verið varið til reksturs rafveitunnar sjálfrar og eflingar henni, og þetta gildir þá um árið 1935, sem ekki er undantekið, en það er útsvarsárið, sem hér ræðir um.

Með hliðsjón af þessu, og með tilliti til tilgangs fyrirtækisins, sem rekið er af bæjarsjóði, verður starfsemi þess eigi talin atvinnurekstur, og er því samkvæmt 6. gr. A. III. b laga nr. 46 frá 15. júní 1936 óheimilt að leggja útsvar á rafveituna, og verður því krafa gerðarbeiðanda um, að lögtakið megi ná fram að ganga, eigi tekin til greina.

Að því er málskostnaðarkröfuna snertir, getur hún eigi orðið tekin til greina fyrir fógetaréttinum.

Því úrskurðast:

Lögtakið á ekki að fara fram.

Mánudaginn 21. nóvember 1938.

Nr. 142/1937. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)

gegn

Lofti Bjarnasyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Togaranjósnir.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma greiðslu á áfrýjunarkostnaði sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skip-

aðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 100 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. maí 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Lofti Bjarnasyni framkvæmdarstjóra, til heimilis í Strandgötu 12 í Hafnarfirði, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 30. apríl 1898. Hann hefir ekki áður svo kunnugt sé sætt ákæru eða refsingu. Kærði hefir um nokkurra ára skeið verið útgerðarmaður togaranna Júpiter og Venus, sem gerðir hafa verið út frá Hafnarfirði. Frá því kærði tók við útgerðarstjórn b/v Venus og þangað til rannsókn þessa máls hófst í ársbyrjun árið 1936, var loftskeytamaður á þessu skipi Daníel Kristján Oddsson. Hefir loftskeytamaðurinn undir rannsókninni borið, að kærði hafi að staðaldri sent skipinu upplýsingar um varðskipin í loftskeytum á dulmáli, enda hafi skipstjórinn látið sig senda fyrirspurnir um varðskipin til kærða.

Er loftskeytamaðurinn var yfirheyrður, kvað hann skipið undanfarið hafa haft 7 mismunandi dulmálslykla, fyrir skeytaviðskipti við kærða, þannig að sérstakur dulmálslykill var fyrir hvern dag vikunnar.

Við rannsókn, sem gerð var í skjalasafni Landsímans, kom í ljós, að kærði hafði sent skipum sínum mikinn fjölda dulmálsskeyta, en engin þessara skeyta hefir tekizt að leysa, með því að viðeigandi dulmálslyklar hafa ekki verið fyrir hendi.

Er kærði kom fyrst fyrir rétt í máli þessu, hinn 6. marz 1936, skýrði hann svo frá, að hann hefði þá um síðastliðið nýjár eyðilagt dulmálslykla þá, er hann á því tímabili hafði í notkun, enda kvað hann það reglu að skipta um áramót um dulmálslykla. Loftskeytamaður Venusar skýrði hinsvegar svo frá afdrifum dulmálslykla þeirra, er í notkun voru í skipinu, er rannsókn á dulmálsskeytum veiðiskipa hófst, að hann hefði samkvæmt fyrirskipun skipstjórans brennt þá alla ásamt tilheyrandi skjölum.

Skeyti þau, sem fyrirliggjandi voru í skjalasafni Landsímans og farið höfðu í milli kærða og nefndra togara frá því í ársbyrjun 1933 og þangað til rannsókn hófst, hafa verið lögð fram í málinu. Hafa skeyti þessi verið borin saman við ferðaskýrslur varðskipanna í því skyni að ganga úr skugga um, ef unnt væri, hvort nokkurt samband væri sýnilegt milli skeytasendinganna og hreyfinga varðskipanna. Hafa skýrslur verið gerðar um þennan samanburð og þær lagðar fram í málinu. Af þessum samanburði má sjá, að oft er skammt milli hreyfinga varðskipanna og skeyta frá kærða til skipa hans, en af hálfu kærða er því haldið fram, að því ráði tilviljun ein.

Við leit, sem lögreglan í Grímsby framkvæmdi samkvæmt beiðni dómarans og að gengnum úrskurði í togaranum Venus, er hann var staddur í Grímsby, fannst í vörzlu loftskeytamannsins skrifað blað, svohljóðandi: „Skipstjórinn Venus Vifill Þór liggja í Reykjavík Ægir fór frá Akureyri kl. 2 í gær eg síma þér nánar Gleðileg jól kveðja Loftur".

Þetta skjal kvað loftskeytamaðurinn vera þýðingu af skeyti, sem kærði hefði sent þá um s. l. jól. Í skjalasafni Landsímans fannst skeyti dags. 25. des. 1935, svohljóðandi: „Skipstjórinn Venus Rizro Wjöps elevat dymbu ngybj idhex döbxa Gleðileg jól Loftur kveðja," og taldi loftskeytamaðurinn, að fyrrgreind þýðing væri af þessu skeyti.

Erlendur Sigurðsson, sem var skipstjóri á b/v Venus, er rannsókn þessa máls hófst, og hafði þá gegnt því starfi undanfarin 3 ár, hefir neitað því með öllu, að kærði hafi sent honum upplýsingar um varðskipin, og eigi kannaðist hann við að hafa fengið skeyti frá kærða með sama innihaldi og skjal það, sem lögreglan í Grímsby fann hjá loftskeytamanninum, og áður er lýst. En eigi náðist skipstjóri sá, er áður hafði verið með skipið í forstjóratíð kærða, til yfirheyrslu undir rannsókn málsins, með því að hann hefir síðan rannsóknin hófst dvalizt erlendis.

Skipstjóri sá, sem verið hefir á togaranum Jupiter síðan árið 1930, hefir neitað því mjög eindregið, að hann hafi með dulmálsskeytum eða á annan hátt fengið upplýsingar um varðskipin. Eigi hefir verið unnt að leysa nein af dulmálsskeytum kærða við þetta skip, enda kveður skipstjórinn hafa verið skipt um dulmálslykla um áramótin 1935

og 1936 eða um það bil, er rannsókn þessa máls hófst, og allir eldri dulmálslyklar þá eyðilagðir. Loftskeytamaðurinn á þessu skipi neitar því, að honum sé það kunnugt, að skipinu hafi borizt upplýsingar um varðskipin með loftskeytum úr landi eða á annan hátt, en kveðst þó eigi geta um það borið, nema að svo kunni að hafa verið, með því að skipstjórinn hafi sjálfur haft dulmálslyklana undir höndum og samið dulmálsskeyti þau, er send voru, og leyst skeyti þau, sem honum bárust á dulmáli.

Kærði hefir staðfastlega undir rannsókn málsins neitað því, að hann hafi nokkru sinni sent skipum sínum upplýsingar um varðskipin með dulmálsskeytum eða á annan hátt, og hann hefir sérstaklega þrætt fyrir það, að hafa sent skipstjóranum á Venus skeyti með sama innihaldi og skjal það, sem fannst hjá loftskeytamanninum við leitina í Grimsby.

Hann kveður skeyti þau, sem farið hafa milli hans og skipanna, fjalla um ýms útgerðarmál, aflafréttir og því líkt, en eigi fela í sér upplýsingar um varðskipin.

Þar sem kærði þannig eindregið þrætir fyrir athæfi það, sem hann er sakaður um, og fullt ósamræmi er milli framburða skipstjóra og loftskeytamanns á b/v Venus um það, hvort kærði hafi sent því skipi upplýsingar um varðskipin, og því er neitað af hálfu skipstjóra á b/v Júpiter, að því er það skip snertir, og loftskeytamaðurinn á því skipi staðhæfir, að sér sé ókunnugt um slíka upplýsingastarfsemi af hálfu kærða, þá þykir, þrátt fyrir þau gögn önnur, sem að framan er getið, varhugavert að telja lögfulla sönnun fram koma fyrir því, að kærði hafi með því að gefa nefndum togurum upplýsingar um varðskipin orðið sekur við lög. Ber því að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða hér fyrir réttinum, cand. jur. Guðmundar Guðmundssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Loftur Bjarnason, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða, cand. jur. Guðmundar Guðmundssonar, kr. 300.00.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1938.

Nr. 21/1937. **Jón Kjartansson, Valtýr Stefánsson, Páll Steingrímsson, Guðrún Jónasson, Guðrún Lárusdóttir og Ragnhildur Pétursdóttir**

gegn

Sveinbirni Högnasyni f. h. mjólkursölunefndar og gagnsök

Úrskurður um heimild til að sækja áfrýjendur til ábyrgðar í sama máli.

Úrskurður hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hefir því verið hreyft, að ómerkja beri héraðsdóminn ex officio og vísa málinu með öllu frá héraðsdómi, með því að heimildarlaust hafi verið að höfða mál þetta gegn aðaláfrýjendum öllum saman, eða að minnsta kosti að því leyti sem til ritstjóranna Jóns Kjartanssonar Valtýs Stefánssonar og Páls Steingrímssonar tekur. Þetta atriði hefir verið tekið sérstaklega undir dóm eða úrskurð áður en málið væri flutt að efni til.

Á fundi Húsmæðrafélags Reykjavíkur, þar sem hinar gagnstefndu frúr skipuðu þá stjórn, var þann 13. febr. 1935 samþykkt ályktun, þar sem meðal annars var skorað á stjórn mjólkursamsölunnar að

forðast „að selja gamla og hálfskemmda mjólk eða mjólkurvörur“. Og þann 23. s. m. samþykktu félagskonur í sama félagi yfirlýsingu um að takmarka mjólkurneyzlu á heimilum sínum og að þær mundu stuðla að því, að aðrar konur gerðu það líka, unz umráðamenn mjólkursamsölunnar færu að sinna kröfum þeirra í fullri alvöru. Hinir gagnstefndu ritstjórar birtu ályktanir þessar í blöðum sínum ókeypis. Jafnframt hvöttu þeir almenning til þess að hegða sér samkvæmt ályktuninni um takmörkun mjólkurneyzlunnar og birtu í blöðum sínum ýmsar ádeilur á umráðamenn mjólkursamsölunnar um vörugæði o. fl. Virðast allir aðaláfrýjendur með þessum hætti hafa haft svo náin og samgróin afskipti af nefndum málefnum, er gagnáfrýjandi telur eiga að baka þeim ábyrgð, að honum hafi verið heimilt að sækja þá alla saman í einu lagi til þeirrar ábyrgðar.

Það þykir því ekki eiga að ómerkja héraðsdóminn að neinu leyti af framangreindum ástæðum.

Því úrskurðast:

Málið eins og það liggur fyrir má flytja að efni til fyrir hæstarétti.

Föstudaginn 25. nóvember 1938.

Nr. 139/1936. **Jóhann Árnason**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Eggert Claessen (Sjálfur).

Bótakrafa á hendur fyrrverandi bankastjóra vegna láns á hlut, er bankinn átti.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. sept. 1936, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 600.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1929 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það verður að telja, að bankastjórar Útvegsbanka Íslands h/f hafi haft heimild til að framselja áfrýjanda eignarrétt að peningaskáp, sem þá, eins og áfrýjanda var kunnugt, var í láni, en ekki bótakröfu byggða á því, að stefndi hefði brotið í starfi sínu sem bankastjóri með því að lána skápinn. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, sem stefndi hefir ekki áfrýjað frá sinni hendi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jóhann Árnason, greiði stefnda,

Eggert Claessen, 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. apríl 1936.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 24. apríl 1934 af Jóhanni Árnasyni bankaritara, hér í bæ, gegn Eggert Claessen hrm., hér í bænum, til greiðslu á kr. 600.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1929 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur krefst *aðallega* frávísunar, en *til vara* sýknu, og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að árið 1929 lánaði stefndur, sem þá var einn af þremur bankastjórum Íslandsbanka, félagi nokkru hér í bænum peningaskáp, er bankinn átti. Í apríl 1930 lét stefndur af stjórn bankans, enda hætti bankinn þá störfum, en Útvegsbanki Íslands h/f tók við öllum skuldum hans og eignum, þar á meðal ofangreindum peningaskáp. Skápurinn var þó í láni ennþá, og var honum ekki skilað til Útvegsbankans, þegar hann yfirtók eignir og skuldir Íslandsbanka. 3. febrúar 1934 framselja svo tveir bankastjórar Útvegsbankans stefnanda skápinn „til fullrar eignar".

Stefnandi taldi sig þó ekki geta haft skápsins full not þar eð hann taldi hann hafa gengið manna á milli og að til myndu vera að honum margir lyklar, er gerðu hann óhæfa verðmætageymslu. Auk þess telur stefnandi, að allar líkur séu fyrir því, að skápurinn sé nú orðinn svo skemmdur og slitinn eftir 5 ára notkun, að stefnandi geti ekki leyst sig undan skyldu sinni gagnvart sér sem eiganda skápsins með því að skila honum, en það hefir stefndur boðið.

Stefnandi telur því, að eins og nú sé komið, þá beri sér ekki skylda að taka við skápnum, heldur geti hann krafizt andvirðis hans af stefndum, sem einn beri ábyrgð á, hvernig nú sé komið um þetta verðmæti. En þar eð stefndur neitaði að greiða andvirði skápsins, höfðaði stefnandi mál þetta og gerði í því áðurgreindar kröfur.

Frávísunarkröfu stefnds var hrundið með dómi hæstaréttar uppkveðnum 5. marz 1936, og er því ekki ástæða til að athuga hana hér.

Sýknukröfuna byggir stefndur á því, að hvorki bankinn né stefnandi eigi kröfu til annars en að fá skápinn úr láninu og bætur, ef um skemmdir væri að ræða, og þar eð bæði stefndur sjálfur og félagið, sem hann lánaði skápinn, sé reiðubúið til að skila honum þegar í stað og hafi nú þegar boðið hann árangurslaust fram, þá bæri að sýkna sig af kröfum stefnanda í máli þessu.

Það verður að telja, að stefndur hafi sem bankastjóri haft heimild til að lána skápinn um stundarsakir þar eð bankinn hafði hans ekki þörf, en hinsvegar telur rétturinn, að eftir atvikum bæri stefndur persónulega ábyrgð á því, að lántaki standi við allar skyldur sínar út af láninu gagnvart bankanum, eða nú gagnvart stefnanda.

Það verður því að teljast skylda stefnds að sjá um, að skápnum sé skilað óskemmdum til stefnanda, en ef hann gæti ekki fullnægt þeirri skyldu, þá kæmi skyldan til greiðslu andvirðis skápsins fyrst til greina. Það, sem þá liggur fyrir til úrlausnar í máli þessu, er það, hvort skápnum sé nú svo ábótavant, að stefndur geti ekki fullnægt skyldu sinni gagnvart stefnanda með því að sjá um, að skápnum sé skilað. Það verður að telja upplýst í málinu, að skápurinn stendur stefnanda til boða, hvenær sem er, og verða ágizkanir stefnanda um það, að stefndur bjóði fram annan skáp en þann, sem hann lánaði, ekki taldar hafa við rök að styðjast. Stefndur hefir játað, að smiðaðir hafi verið að skápnum og skúffum í honum nokkrir aukalyklar, en jafnframt staðhæfir hann, að þeir fylgi allir skápnum, og hefir stefnandi ekki sannað eða líklegt gert, að fleiri lyklar séu nú til að skápnum en stefndur býður fram með honum.

Þá telur stefnandi og, að skápurinn muni nú vera orðinn skemmdur af notkun í þau 5 ár, sem hann hafi verið í láni, en gegn andmælum stefnds verður það heldur ekki talið sannað. Síðan skápurinn var lánaður, hefir hann ætíð verið í vörzlum sama félagsins, Oddfellowastúku hér í bænum, fyrst í Ingólfshvoli og síðar í geymslu, er Oddfellowar fengu í húsi ölgerðarinnar „Þór", og virðast geymslur þessar hafa verið hinar öruggustu fyrir skápinn.

Samkvæmt framansögðu telur rétturinn ekkert það hafa komið fram í málinu, er bendi til þess, að stefndu geti ekki leyst sig undan skyldu sinni gagnvart stefnanda með

því að skila skápnum. Það verður því að telja, að stefnanda hafi ekki tekizt að sanna það í máli þessu, að hann ætti tilkall til ofangreindrar fjárhæðar frá stefndum, en með tilliti til þess, hversu lengi skápurinn hefir verið í láni, og þess, að þrátt fyrir framansagt þykir ekki útilokað, að fleiri lyklar hafi verði smíðaðir að skápnum en boðnir eru fram með honum, og stefnanda kann síðar að takast að sanna, að svo hafi verið, þykja úrslit málsins með tilliti til málavaxta eiga að verða þau, að stefndur verði sýknaður að svo stöddu af kröfum stefndanda.

Eftir málavöxtum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Í einu varnarskjali sínu viðhefur stefndur eftirfarandi ummæli: „en þetta er alltsaman tilhæfulaus uppspuni hjá stefnanda, sem er aðeins gott sýnishorn af því, hvílíkur maður stefnandi er“ — — — „ og til þess að hnekkja rógi stefnanda og“ — — — „til þess að svivirðingum stefnanda um Snorra væri ekki óhnekkt í málinu“. Stefnandi hefir krafizt ómerkingar og refsingar til handa stefndum fyrir ummælin. Ómerkingarkröfuna ber að taka til greina, en ekki þykir ástæða til að beita refsingu.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind meiðandi og móðgandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndur, Eggert Claessen, á að vera sýkn að svo stöddu af kröfum stefnanda, Jóhanns Árnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 28. nóvember 1938.

Nr. 45/1937. **Pálmi Jósefsson**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Krafa um þóknun fyrir yfirkennarastörf við barnaskóla.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem að fengnu gjafsóknarleyfi 27. apríl f. á. hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. maí s. á., hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 175.00 með 5% ársvöxtum frá 24. nóv. 1936 til greiðsludags og að honum verði dæmdur réttur til sömu upphæðar mánaðarlega frá og með októbermánuði 1936 skólaár hvert, þ. e. frá 1. sept.—1. júlí, meðan hann gegni yfirkennarastöðu við barnaskóla Reykjavíkur. Svo krefst hann og málskostnaðar eftir mati dómsins fyrir báðum réttum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að skólanefnd brast lagaheimild til að ráða mann til starfa þess, er í máli þessu greinir, og binda þar með öðrum greiðsluskyldu á hendur, þá verða kröfur áfrýjanda þegar af þeirri ástæðu ekki teknar til greina, og má því staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefánssonar, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 31. marz 1937.

Mál þetta er með samkomulagi málsaðilja og að fengnu gjafsóknarleyfi höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 24. nóv. s. l. af Pálma Jósefssyni kennara, hér í bæ, gegn borgarstjóranum í Reykjavík, Pétri Halldórssyni, f. h. bæjarsjóðs „til greiðslu á vangreiddum yfirkennaralaunum við miðbæjarbarnaskólann hér í bænum fyrir september s. l., að upphæð kr. 175.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst stefnandi þess og, að honum verði með dómi réttarins tildæmdur réttur til þess að fá greitt mánaðarlega úr bæjarsjóði, frá og með októbermánuði s. l., á meðan að hann gegnir yfirkennarastöðu, laun sem yfirkennari við fyrrgreindan barnaskóla, kr. 175.00 á mánuði hverjum. Loks krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í máli þessu að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál."

Síðar í rekstri málsins hefir stefnandi gert þá varakröfu, að honum verði tildæmdur réttur til yfirkennaralauna yfir skólatímabilið frá 1. sept. til 1. júlí ár hvert.

Stefndur krefst *aðallega* algerðrar sýknu af kröfum stefnanda, en *til vara,* að stefnandi fái þóknun fyrir tímabilið 1. sept. til 1. júlí ár hvert, gegn því að sinna störfum svonefnds yfirkennara, enda sé hann réttilega til þeirra ráðinn að dómi réttarins. Málskostnaðar krefst stefndur, hvernig sem málið fer.

Tildrög málsins eru þessi:

Hinn 27. sept. 1930 sendir Hallgrímur Jónsson, þá kennari við Miðbæjarbarnaskólann hér í bænum, skólanefndinni svo hljóðandi bréf:

„Í samráði við Sigurð Jónsson skólastjóra óska ég að vera yfirkennari við barnaskóla Reykjavíkur. Hefi ég í hyggju að reyna að samræma móðurmálskennslu í skólanum, auka stundvísi og leitast við að bæta úr siðfágunarskorti skólanema. Yrði horfið að þessu, myndi ég ekki geta gegnt meira en 2 til þrem kennslustundum á dag.“

Sama dag gerði skólanefndin eftirfarandi tillögu, sem var samþykkt í bæjarstjórn 2. okt. s. á.

„Samkv. beiðni Hallgr. Jónssonar kennara leggur skólanefndin til, að hann kenni framvegis aðeins 3 stundir á dag, þar til öðru vísi verður ákveðið, en líti eftir stundvísi í skólanum og vinni einnig að því að samræma íslenzkukennslu í skólanum í samráði við skólastjóra.“

Með samþykkt bæjarstjórnar 15. okt. 1931 var skólastjóra Austurbæjarbarnaskólans, í samræmi við tillögu skólanefndar 6. s. m., heimilað að fela nafngreindum kennara þess skóla samskonar eftirlitsstarf þar og með sömu kjörum, þ. e. létti í kennsluskyldu.

Með samþykki bæjarstjórnar 21. desbr. 1933 var loks ákveðið að greiða hvorum yfirkennara aukalaun úr bæjarsjóði, 175 kr. á mánuði, frá 20. sept. til 20. maí skólaár hvert.

Eftir lát Sigurðar Jónssonar skólastjóra síðastliðið sumar, var Hallgrímur Jónsson skipaður skólastjóri Miðbæjarbarnaskólans frá 1. sept. f. á. að telja. Skólanefnd samþykkti þá á fundi sínum 19. ágúst f. á. að auglýsa þessa svonefndu yfirkennarastöðu lausa til umsóknar, og var umsóknarfrestur ákveðinn til 25. s. m. Bárust nefndinni 10 umsóknir. Á fundi nefndarinnar 27. ágúst valdi hún einn þeirra, stefnanda, til starfsins. Ákvörðun nefndarinnar er bókuð þannig:

„Skólanefnd samþykkti með atkvæðum þeirra Ingimars Jónssonar og Steingríms Guðmundssonar að ráða Pálma Jósefsson sem yfirkennara við Miðbæjarbarnaskólann frá 1. sept. þ. á. að telja með sömu launakjörum og yfirkennari hefir haft og með sama starfssviði, sem ákveðið hefir verið í erindisbréfi núverandi yfirkennara. Guðrún Pétursdóttir vildi ráða Elías Bjarnason.“

Skólinn byrjaði að starfa 1. sept., og tók þá stefnandi við störfum sem yfirkennari. Hinn 3. sept. samþykkti bæjstjórn svo eftirfarandi ályktun:

„Út af ákvörðun skólanefndar Miðbæjarskólans á fundi 19. ágúst s. l. um að auglýsa til umsóknar yfirkennarastöðu við skólann og ákvörðun meiri hluta nefndarinnar á fundi 27. sama mánaðar að ráða Pálma Jósefsson sem yfirkennara við skólann ákveður bæjarstjórn, að hér eftir skuli ekkert fast yfirkennaraembætti vera við skólann, auk þess sem hún vill taka það fram, að hún lítur þannig á, að til þessa hafi engin slík föst staða verið við skólann. Þar sem staða sú, er meiri hluti skólanefndar segist hafa ráðið Pálma Jósefsson í, er þannig ekki til, lýsir bæjarstjórn yfir því, að hún telur ekki unnt að greiða honum úr bæjarsjóði neina þóknun fyrir þau störf, sem hann kann að inna af hendi samkvæmt þessari ályktun meiri hluta skólanefndar. Jafnframt heimilar bæjarstjórn skólastjóra Miðbæjarskólans í samráði við borgarstjóra að ráða Elías Bjarnason til aðstoðar við skólastjórnina á sama hátt og Hallgrímur Jónsson hefir áður aðstoðað skólastjóra, og skal honum greidd þóknun fyrir starfið úr bæjarsjóði."

Út af þessari ályktun bæjarstjórnar gerði meiri hluti skólanefndar á fundi sínum 5. sept. samþykkt í þá átt, að skólanefndin liti svo á, að hún ætti að ráða vali starfsmanna við skólann, og telji því ályktun bæjarstjórnar frá 3. sept. brjóta rétt sinn og skyldur, og ákvað nefndin að fá úrskurð fræðslumálastjórnarinnar um takmörkin milli valdsviðs skólanefndar og bæjarstjórnar í þessu efni. Jafnframt lagði nefndin fyrir skólastjóra að skipa stefnanda til starfs sér til aðstoðar, unz úrskurður væri fallinn.

Sendi meiri hluti skólanefndar síðan kennslumálaráðherra erindi um málið, dags. 17. sept., og krafðist þess, að fræðslusmálastjórnin úrskurðaði, að skólanefnd skuli hafa vald til þess að ráða mann til að gegna yfirkennarastöðu við Miðbæjarskólann. Auk þess var krafizt úrskurðar um nokkur önnur atriði, sem hér er óþarft að greina.

Hinn 5. okt. féll úrskurður ráðherra á þá leið, að skólanefnd bæri að ráða mann í yfirkennarastarfið, og að Pálmi Jósefsson væri því rétt ráðinn yfirkennari við skólann.

Stefnandi segist hafa tekið til starfa sem yfirkennari hinn 1. sept. s. l., og hafa gegnt því starfi síðan. En þegar hann hafi framvísað til bæjarsjóðs reikningi fyrir yfirkennaralaun sín fyrir sept., að upphæð kr. 175.00, hafi borgarstjóri

neitað að greiða hann, og hafi hann því neyðzt til að höfða mál þetta.

Réttarkröfur sínar byggir stefnandi á því, að hann hafi samkvæmt framansögðu verið rétt ráðinn af skólanefnd sem yfirkennari Miðbæjarbarnaskólans frá 1. sept. s. l. og unnið það starf síðan. Fyrir þetta starf hafi bæjarstjórn ákveðið þessa greiðslu, kr. 175.00 á mánuði, og þá þóknun eigi hann að sjálfsögðu rétt til að fá greidda.

Aðalkröfu sína um sýknu reisir stefndur á þessum rökum:

Hann segir í fyrsta lagi, að hvergi í löggjöfinni sé gert ráð fyrir yfirkennarastarfi við barnaskóla landsins, og hvergi ætlað fyrir greiðslu fyrir slík störf. Þau störf, sem bæjarstjórn á sínum tíma hafi falið Hallgrími Jónssyni, eins og áður er lýst, svo og tveimur kennurum við Austurbæjarbarnaskólann, fyrst Jóni Sigurðssyni og síðar Gísla Jónassyni, hafi verið bundin við nöfn þessara manna, en ekki ætlazt til, að með samþykktunum væri stofnað til nýrra embætta, frekar en bæjarstjórnin vildi vera láta, enda aukaþóknun fyrir störfin eingöngu greidd úr bæjarsjóði. Á sama hátt hafi svo bæjarstjórnin með samþykktinni frá 3. sept. s. l. veitt skólastjóra Miðbæjarbarnaskólans heimild til að hafa aðstoð við skólastjórnina, og hafi hún ráðið vali mannsins þá, eins og áður, enda hafi skólanefnd enga lagaheimild til slíks, eins og eðlilegt sé, þar sem bæjarsjóður beri allan kostnað af þessu. *Í öðru lagi* byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að þótt svo verði talið, að stefnandi sé rétt ráðinn yfirkennari, þá sé ekki þar með sagt, að bæjarstjórninni beri skylda til að greiða honum neina auknaþóknun fyrir starfið, þar sem bæjarstjórnin ein hafi óskorað vald til þess að kveða á um greiðslur úr bæjarsjóði fyrir slíka aðstoð, sem hér um ræðir.

Þótt hér liggi í rauninni það eitt fyrir til úrlausnar, hvort skólanefndin var bær um að skuldbinda bæjarsjóð til að greiða stefnanda þau laun, er hún tiltók í ályktun sinni 27. ágúst, þá gefur öll meðferð málsins og málflutningurinn hér fyrir réttinum tilefni til að athuga fyrst og fremst, hvort skólanefnd hefir að lögum vald til að skipa mann í þann starfa, er hún fjallaði um á fundum sínum 19. og 27. ágúst, svo sem fyrr er getið.

Í málinu er ágreiningur um það, hvort verið hafi til

föst yfirkennarastaða við skólann. Um leið og það skal tekið fram, að það virðist óþarft hér að taka afstöðu til þess ágreinings, skal þess getið til viðbótar því, sem áður segir, að þegar fyrir 20 árum hafði sá kennari, sem næstur gekk skólastjóra um ráð og framkvæmdir í skólastjórninni, hlotið nafnið yfirkennari, án þess að vitað sé, að nokkurt fyrirmæli opinbers eðlis komi til. Yfirkennaranafnið virðist eftir skólastjóraskiptin 1923 hafa fallið niður, þar til það var vakið upp aftur með þeim hætti, er áður segir.

Þá segir í ályktun bæjarstjórnarinnar 3. sept. s. l., að þar eftir verði ekkert fast yfirkennaraembætti við skólann. Í sömu ályktun heimilaði þó bæjarstjórnin skólastjóra að ráða nafngreindan fastakennara við skólann sér til aðstoðar gegn þóknun úr bæjarsjóði. Með þessu hefir bæjarstjórnin skilmerkilega játað stöðuga þörf og nauðsyn á sérstökum manni úr kennaraliði skólans til þess starfs, sem skólanefndin átti við og réði stefnanda til á fundi sínum 27. ágúst, enda þótt nefndin teldi sig vera að veita yfirkennarastöðu. Það eftirlitskennarastarf, yfirkennarastarf, sem Hallgrímur Jónsson tókst á hendur 1930 og rækti þar til að hann varð skólastjóri, er því við lýði enn á sama hátt og undanfarið, enda er það tekið fram berum orðum í ályktun bæjarstjórnarinnar. Sú varnarástæða stefnds, að staðan sé ekki framar til, þykir því ekki hafa við rök að styðjast. Starfið er ekki lögfest og stöðunafnið, yfirkennari, ekki heldur, en hefir orðið til á þann hátt, að einn fastakennari við stóru barnaskólana hér í bænum, áður skipaður og launaður samkvæmt landslögum, hefir verið ráðinn til aðstoðar skólastjóra til sérstakra starfa, fyrst mót létti í kennsluskyldu að eins, en hin síðari ár veitt aukalaun fyrir starfið, greidd úr bæjarsjóði einum.

Eftir veitingu skólastjóraembættisins í fyrra, telur skólanefndin það í sínum verkahring, líklega samkvæmt 14. gr. fræðslulaganna, að auglýsa fyrrnefnt starf til umsóknar, og veitir það síðan 27. ágúst s. l. með tilteknu starfssviði og launum upp á sitt eindæmi, og að því er virðist án þess að skólastjóri væri boðaður á fund nefndarinnar til umræðu, enda er því ómótmælt haldið fram í málinu hér fyrir réttinum, að stefnandi sé ekki ráðinn að vilja skólastjóra.

Lög um fræðslu barna nr. 94 frá 1936 voru gengin í gildi fyrir rúmum tveimur mánuðum, er skólanefndin

veitti stöðuna. Meiri hluti nefndarinnar lætur í fyrrnefndu bréfi sínu til ráðherra þá skoðun uppi, að regla laganna virðist vera sú, að skólanefnd ráði alla menn til þeirra starfa, sem bæjarsjóður greiðir að öllu leyti laun fyrir, og segir í bréfinu, að þetta virðist skynsamlegt, þar sem meiri hluti nefndarinnar, hinir bæjarstjórnarvöldu menn, séu fyrst og fremst umboðsmenn borgaranna. Að vísu styður þessi rökfærsla ekki rétt skólanefndar til að draga veitingarvald úr höndum bæjarstjórnarinnar sjálfrar, en nefndin styður rétt sinn til veitingarvaldsins sérstaklega við 5. gr. rgj. fyrir barnaskóla Reykjavíkur frá 12. febr. 1934. Þar sem úrskurður ráðherra er einnig byggður á ákvæðum þessarar greinar og þeirri staðhæfingu í bréfinu, að skólanefndin hafi áður ráðið menn í yfirkennarastöðurnar, þá byggir stefnandi og málssókn sína aðallega á þessum sömu rökum.

Eftir því sem upplýst er í þessu máli, er það ekki rétt, að skólanefndin hafi áður skipað aðstoðarmenn skólastjóranna, yfirkennarana, og því síður skipað fyrir um greiðslur til þeirra úr bæjarsjóði. Réttur skólanefndarinnar til slíks valds nú getur því ekki byggzt á fordæmi.

Reglugerðin fyrir barnaskóla Reykjavíkur frá 1934 féll að vísu úr gildi með fræðslulögunum frá 1936, en önnur hefir ekki verið sett í staðinn, svo að vera kynni, að í tilvitnaðri 5. gr. rgj. sé að finna haldgóða meginreglu um veitingarvald skólanefndarinnar. Það ákvæði greinarinnar, sem þessi meginregla ætti að felast í, er það, að dyraverði og annað starfsfólk ræður skólanefnd að fengnum tillögum skólastjóra, en þetta fólk nýtur launa úr bæjarsjóði eingöngu.

Hér til er því að svara, að ákvæði þetta, sem virðist ekki hafa aðra stoð í lögum en þá, að skólanefndin hefir umsjón með skólahúsum, getur enganveginn fengið nefndinni vald til að skipa á sitt eindæmi og án þess að leita tillagna skólastjóra svo mikilvægan og honum náinn samverkamann eins og hans eigin aðstoðarmaður, yfirkennarinn, er. Jafnframt skal á það bent, að árið 1934 var yfirkennaraskipulagið komið í fastar skorður við stóru skólana, og því rík ástæða til í reglugerð þessari að minnast á skipun í þessar aðstoðarsýslanir, ef það hefði verið talið falla undir ráðuneytið að gefa fyrirmæli um þetta.

Hin nýju fræðslulög, sem umrætt veitingarvald nefndarinnar ætti að byggjast á, hafa fremur rýrt en styrkt áhrif hennar um veitingu stöðu og starfa við skólana, nema um skipun prófdómara, sem hún hefir á hendi eins og áður. Nefndinni er nú skylt, þegar fjöldi umsókna leyfir, að mæla með eigi færri en þremur umsækjanda um hverja kennarastöðu, en áður að eins með einum, og nú er henni skylt að leita álits skólastjóra um umsækjendur, en var sjálfráð um það áður. Ef velja skal skólastjóra, er nefndinni skylt að leita álits námsstjóra. Þá ræður skólastjóri nú stundakennara og forfallakennara í samráði við skólanefnd, en áður réði nefndin þessa kennara að fengnum tillögum skólastjóra. Úrslitavaldið flutt frá nefndinni til skólastjóra. Starf nefndarinnar er umsjónar- og eftirlitsskylda og tillöguréttur, en stöðuveitingar hefir hún engar með höndum samkvæmt fyrirmælum laga. Krafa stefnanda hefir þess vegna ekki stoð í hinni orðuðu gildandi löggjöf.

En loks er spurningin, hefir ekki skólanefndin rétt til að ráða mann í hið umrædda starf samkvæmt anda löggjafarinnar og hlutarins eðli. Þessu mundi þykja auðsvarað, ef þóknunin fyrir starfið væri greidd úr ríkissjóði. Skipunarvald skólanefndar mundi þá ekki koma til mála. Veitingarvaldið væri þá í höndum fræðslumálastjórnar og framkvæmt að líkindum að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Hinsvegar skal það ekki fullyrt, að það sé í anda fræðslulaganna, að bæjarstjórnin ein ráði vali mannsins af því að hún kostar starfið. Á hinn bóginn verður það ekki staðhæft, að bæjarstjórn sé óheimilt val mannsins af því að fræðslulögin heimili henni engan beinan íhlutunarrétt um barnafræðsluna. Hér er að ræða um eftirlit með skólahaldinu, og það banna lög ekki bæjarstjórn að hafa og kosta úr bæjarsjóði umfram það, sem lög heimta, ef þörf krefur. Eftirlitið á skólanefndin að hafa með aðstoð skólastjóra. Nú annar skólastjóri einn ekki því starfi, sem á honum hvílir að lögum. Hann hefir því fengið aðstoðarmann, einn fastakennara skólans, sem hefir á hendi daglega umsjón fyrir hans hönd, og, að því er ætla má, ábyrgur gagnvart skólastjóra um rækslu starfsins, þar sem það er hluti af venjulegu og lögmæltu starfi skólastjóra sjálfs.

Að þessu athuguðu verður ekki betur séð en að það sé samkvæmast eðli málsins, að skólastjóri sjálfur velji þenna aðstoðarmann sinn, og val þetta fari fram með hliðsjón af 4. mgr. 14. gr. fræðslulaganna. Er þetta einnig í fullu samræmi við það, hvernig stofnað var til starfsins árið 1930. Greiðsla fyrir starfið hlýtur hinsvegar ávallt að vera háð samþykki bæjarstjórnar.

Samkvæmt framansögðu verður ráðning stefnanda til umræddS starfs ekki talin hafa farið fram með þeim hætti, að kröfur hans í þessu máli, gegn mótmælum stefnds, geti orðið teknar til greina. Það ber því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjóri f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Pálma Jósefssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1938.

Nr. 76/1938. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
gegn
Jóni Bjarnasyni.

Úrskurðað, að aðiljaskýrslna skuli aflað.

Úrskurður hæstaréttar.

Af hálfu stefnda var því ákveðið mótmælt fyrir héraðsdómi, að hann hefði fengið vörur þær, er áfrýjandi telur honum til skuldar. Kveðst hann engin viðskipti hafa átt við Áburðarsölu ríkisins árið 1934, en hinsvegar hafi hann keypt af henni áburð árið 1933 og greitt andvirði hans við afhendingu.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins ritaði héraðsdómsmálflutningsmaður Egill Sigurgeirsson, er af

hálfu áfrýjanda flutti málið í héraði, lögreglustjóranum á Akranesi bréf, dags. 26. febr. þ. á. Skýrir hann þar frá tildrögum máls þessa og dómi undirréttarins í því. Kveður hann hafa komið fram í málinu „yfirgnæfandi líkur“ fyrir því, að stefndi hafi, þrátt fyrir neitun sína, „móttekið og hagnýtt sér þessa áburðarsendingu“. Mælist hann til þess, að stefndi „verði kallaður fyrir lögreglurétt og tekin af honum skýrsla í þessu máli, og þá líka af þeim öðrum, sem sú rannsókn benti til, að gætu gefið upplýsingar í máli þessu.“ Þessi krafa málflutningsmannsins byggist væntanlega á því, að hann telji stefnda hafa með framangreindum mótmælum gert sig sekan um sviksamlegt atferli. Þann 4. marz þ. á. kvaddi lögreglustjórinn stefnda fyrir lögreglurétt og krefur hann þar frásagnar *sem vitni* um afstöðu hans til þeirra atvika, sem einkamál þetta er af risið, enda þótt stefndi væri annar aðili einkamálsins og tilefni lögregluransóknarinnar væri kæra á hendur honum fyrir refsivert atferli í sambandi við það. Virðist mega ráða af spurningum þeim, sem í réttarhaldi þessu eru lagðar fyrir stefnda, að dómarinn hafi ekki gert sér nægilega grein fyrir, að hér var um að ræða upphaf sakamálsrannsóknar, en ekki skýrslutöku í sambandi við rekstur einkamáls. Til þess bendir það einnig, að kærandinn, fyrrnefndur málflutningsmaður, er viðstaddur réttarhald þetta, og fær hann að því loknu afrit af því, sem til bókar var fært, en frekari próf virðast ekki hafa verið haldin.

Ráða má af svörum þeim, sem stefndi gaf fyrir lögregluréttinum, að nauðsyn beri til, að af honum sé tekin lögmæt aðiljaskýrsla í máli þessu. Þá eru og upplýsingar þær, sem fyrir liggja frá áfrýjanda

um viðskipti stefnda við Áburðarsölu ríkisins, ekki nægilega fullkomnar í sumum greinum. Þykir því verða að ákveða samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85/1936, að aðiljar máls þessa, þ. e. stefndi og forstjóri Áburðarsölu ríkisins, sem er yfirmaður þeirrar greinar í starfsemi áfrýjanda, er hér skiptir máli, verði, áður en dómur gengur í máli þessu hér fyrir rétti, kvaddir fyrir héraðsdóm og þar beint til þeirra spurningum um þau atriði, er hér verða talin.

Spyrja skal áfrýjanda um það, hversu oft og hvaða ár stefndi hafi keypt vörur af Áburðarsölu ríkisins, eftir því sem séð verði af bókum hennar, hvernig stefndi hafi pantað vörurnar og hvort greiðsla hafi farið fram í Reykjavík, um leið og varan var pöntuð, eða gegn eftirkröfu. Ennfremur, hvernig á þeim misgáningi muni standa, sem áfrýjandi telur hafa orðið, að fylgibréfið til stefnda var sent án eftirkröfu árið 1934, og hvernig utanáskrift bréfs þess muni hafa verið hagað, sem fylgibréfið var sent í. Þá skal hann og spurður um það, hvort það hafi tíðkazt, að kaupendur greiddu vörur við pöntun, er síðar væru sendar þeim án eftirkröfu.

Stefndur skal um það spurður, hversu oft og hvenær hann hafi fengið vörur frá Áburðarsölu ríkisins, og sérstaklega, hvort hann hafi fengið vörur þær, sem um ræðir í þessu máli. Hvernig hann hafi pantað vörurnar og, ef hann telur sig hafa greitt þær, hvar og hvenær sú greiðsla hafi átt sér stað og hver hafi við henni tekið. Ber einnig að spyrja hann um, hvernig greiðsla hafi farið fram fyrir vörur þær, er hann keypti af Áburðarsölunni árið 1933.

Svo ber og að spyrja báða aðilja þeirra frekari spurninga, sem svör þeirra kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að kveðja aðilja máls þessa fyrir dóm og beina til þeirra framangreindum spurningum svo og öðrum þeim spurningum, sem svör þeirra kunna að gefa tilefni til.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1938.

Nr. 166/1936. **Skólanefnd héraðsskólans á Laugum.**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri
(Jón Ásbjörnsson).

Mál til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. október 1936 og gert þessar dómkröfur: *Aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda í málinu, *til vara*, að hann verði einungis dæmdur til þess að greiða stefnda kr. 15427.31 með 6½% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags gegn afhendingu skuldabréfs þess, er í málinu getur, og til þrautavara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá 1. nóvember 1938 til greiðsludags gegn afhendingu skuldabréfsins. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, hver krafa hans sem til greina yrði tekin. Stefndi krefst þess hinsvegar, *aðallega*, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að

áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en *til vara*, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 15707.31 með 6½% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags, *að* ákvæði héraðsdómsins um veðrétt í rafstöð héraðsskólans á Laugum verði staðfest að því er tekur til þessarar fjárhæðar og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í bréfi, er skólanefndarmenn héraðsskólans á Laugum rituðu forstjóra útibús Landsbanka Íslands á Akureyri þann 13. október 1933, kveðast þeir hafa „áformað að leysa út skuldabréf sitt, sem gefið var út 3. jan. síðastl. til handa Stefáni og sem hann hefir sett að handveði fyrir skuld sinni við bankann, og taka að sér skuldina til greiðslu". Ennfremur segjast þeir hafa í hyggju að greiða nokkurn hluta skuldarinnar svo fljótt sem þeir geti aflað láns til þess, en mælast jafnframt til góðra skilmála um greiðslu eftirstöðvanna. Sá einn skilningur verður lagður í þessar yfirlýsingar skólanefndarmanna, að þeir af hendi skólans játist undir álögur skuldabréfsins og telji sig bundna við það, að ákvæði bréfsins um gjalddaga verði þegar 1. nóvember 1933 beitt gagnvart skólanum. Skiptir þess vegna hér engu máli rannsókn þess atriðis, hvort stefnda hefir skapazt réttur á hendur áfrýjanda fyrir viðtöku bréfsins úr hendi Stefáns Runólfssonar. Með því að áfrýjandi þannig hefir gerzt ábyrgur um greiðslu skuldabréfsins og skuldin öll er í gjalddaga fallin, þá verður að dæma hann til að greiða stefnda hana með vöxtum, svo sem krafizt er, og málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn í héraði og fyrir hæstarétti samtals kr. 600.00. Fyrir þessum fjárhæðum ber að viðurkenna

1. veðrétt stefnda til handa í rafstöð héraðsskólans á Laugum með öllum leiðslum og lóðarréttindum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, skólanefnd héraðsskólans á Laugum, greiði f. h. skólans stefnda, útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri, kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá 1. nóvember 1934 til greiðsludags og samtals kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, og hefir stefndi 1. veðrétt fyrir hinum dæmdu fjárhæðum í rafstöð héraðsskólans á Laugum með öllum leiðslum og lóðarréttindum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 27. júní 1936.

Mál þetta er samkvæmt heimild í veðskuldabréfi höfðað gyrir gestaréttinum með stefnu útg. 23. júlí 1935 af útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri gegn Jóni Sigurðssyni, Yztafelli, Þórólfi Sigurðssyni, Baldursheimi, Kristjáni Sigurðssyni, Halldórsstöðum, Þorgeiri Jakobssyni, Brúum, og Jónasi Jónssyni, Brekknakoti, til greiðslu skuldar in solidum að upp kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá 1. nóv. 1934 til greiðsludags, samkvæmt veðskuldabréfi, útg. til handa Stefáni Runólfssyni 3. og 5. janúar 1933. Til vara krefst stefnandi þess, að sömu menn að viðbættum Katli Indriðasyni Ytrafjalli, verði f. h. Alþýðuskólans á Laugum dæmdir til að greiða sér ofangreinda skuld ásamt umkröfðum vöxtum.

Ennfremur krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði með dóminum veðréttur hans samkvæmt ofangreindu veðskuldabréfi í rafstöð Alþýðuskólans á Laugum með öllum leiðslum og lóðarréttindum til tryggingar ofangreindri skuld með vöxtum og kostnaði.

Í rekstri málsins hefir stefnandi fallið frá aðalkröfu sinni um að stefndir verði dæmdir til að greiða skuldina persónulega, og verður aðalkrafa hans því sú, að þeir ásamt Katli Indriðasyni verði dæmdir til að greiða hana f. h. Alþýðuskólans á Laugum. Jafnframt hefir stefnandi krafizt þess *til vara*, að stefndir verði f. h. Alþýðuskólans á Laugum dæmdir til að greiða sér kr. 15707.31 með 6½% ársvöxtum frá 1. jan. 1935 til greiðsludags gegn afhendingu ofangreinds veðskuldabréfs, og að veðréttur sinn í rafstöð Alþýðuskólans á Laugum verði viðurkenndur með dómi þessum fyrir þeirri upphæð.

Stefnandi gerir ráð fyrir því, að til greina geti komið, að svo verði litið á, að draga beri andvirði síðargreinds skuldabréfs Aðalbjarnar Sigfússonar frá varakröfunni, ef hún yrði tekin til greina, og gerir hann því þá *þrautavarakröfu*, að ekki verði dregið meira en uppboðsandvirði þess skuldabréfs frá varakröfunni þess vegna, eða kr. 280.00.

Málskostnaðar krefst stefnandi, hvernig sem málið fer.

Stefndir krefjast sýknu af aðalkröfu stefnanda og frávísunar á varakröfum hans, en til vara einnig sýknu af þeim. Málskostnaðar krefjast þeir, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þeir, að með verksamningi dagsettum 21. október 1932 tók Stefán nokkur Runólfsson að sér að byggja rafstöð fyrir Alþýðuskólann á Laugum í Þingeyjarsýslu, og var í verksamningnum tekið fram, hvernig verkinu skyldi hagað, að því skyldi vera lokið 15. september 1933 og að það skyldi verða tekið út af eftirlitsmanni ríkisins með raforkuvirkjum.

Í annari grein verksamningsins er ákveðið, að Stefán skuli fá 35 þús. kr. fyrir framkvæmd verksins, og áttu þær að greiðast þannig, að 5000 kr. skyldu greiddar fyrirfram, 15000 kr. skyldu greiðast með peningaláni, sem skólinn tæki fyrir milligöngu Stefáns hjá firmanu Havtor Hovden, Örsta í Noregi, og loks skyldu 15000 kr. greiðast eftir samkomulagi hlutaðeigenda síðar. Samdægurs og verksamningurinn var undirritaður gaf skólaráð Laugaskóla út skuldabréf til hins norska firma, þar sem skólaráðið viðurkennir, að skólinn sé orðinn skuldugur firmanu um allt að 18000 kr., og er í bréfinu tekið fram, að það gildi aðeins meðan á framkvæmd verksins standi, en að því loknu verði *„gefið út fullnaðarskuldabréf fyrir láninu"*. — Laust

fyrir áramót 1932 og 3 er skólastjórinn á Laugum, er virðist hafa verið umboðsmaður skólaráðsins, staddur í Reykjavík og virðist Stefán þá hafa tjáð honum, að lánið hjá norska firmanu fengist ekki með öðru móti en því, að skuldabréfið yrði umsamið þannig, að skólaráðið gæfi það út á nafn Stefáns og hann framseldi það síðan firmanu og yrði skoðaður lántakandi gagnvart því. Skuldabréfið var þá umsamið og gefið út af skólaráðinu að nýju 3. og 5. janúar 1933. Var upphæð þess hin sama, 18000 kr., en nú var það gefið út á nafn Stefáns. — Gjalddagaákvæði bréfsins var svo hljóðandi: „Skuld þessa lofum við að greiða þannig, að 1. nóv. eftir að rafstöð skólans hefir verið afhent og samþykkt af eftirlitsmönnum ríkisins greiðum við kr. 1000.00 — eitti þúsund — síðan 1. nóv. ár hvert í næstu 8 ár kr. 1000.00 — eitt þúsund — eftirstöðvar skulu að fullu greiddar innan 10 ára frá því að fyrsta afborgun fellur í gjalddaga."

Til tryggingar greiðslu skuldarinnar, vaxta, innheimtulauna og væntanlegs málskostnaðar, veðsetja útgefendur bréfsins rafstöð skólans ásamt öllum leiðslum og lóðarréttinum með 1. — fyrsta — veðrétti. Loks er ákvæði um það, að lendi skuldari í vanskilum með greiðslu afborgana og vaxta, þá sé öll skuldin fallin í gjalddaga.

Skuldabréf þetta var síðan geymt hjá málflutningsmanni hér í bænum, og hefir hann gefið vottorð um, að Stefán hafi fengið það lánað hjá sér til að sýna það norsku viðskiptafirma sínu til sönnunar því, að hann ætti von á 18000 kr. greiðslu, þegar verkinu væri lokið. Þetta virðist hafa gerzt sumarið 1933, því að skólaráðið fullyrðir ómótmælt, að bréfið hafi verið í vörzlu málflutningsmannsins fram í júní 1933, en 24. ágúst 1933 ráðstafar Stefán því á þann hátt, er nú greinist.

24. ágúst 1933 skrifar Stefán útibúi Landsbankans á Akureyri, stefnanda máls þessa, bréf, þar sem hann viðurkennir, að skuld sín við stefnanda sé 14237.60 og sendir honum jafnframt og handveðsetur honum víxil að upphæð kr. 5000.00, útgefinn af Runólfi Runólfssyni í Reykjavík og samþykktan af sér, skuldabréf útgefið til sín af Aðalbirni Sigfússyni, Hvammi í Langadal, að upphæð kr. 5000.00, og loks skuldabréf skólaráðs Laugaskóla, sem rætt hefir verið um hér að framan, að upphæð kr. 18000.00.

Skuldin við stefnanda hækkaði eftir þetta vegna áfallinna vaxta og vanskila Stefáns, og fyrir árslok 1933 var bú hans tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

27. marz 1934 lét stefnandi selja áðurgreind skuldabréf, er Stefán hafði handveðsett honum, á opinberu uppboði, til fullnægingar skuld hans við stefnanda. Stefnandi varð sjálfur hæstbjóðandi, og keypti hann skuldabréf Aðalbjarnar Sigfússonar fyrir 280 kr. og ofangreint 18000 kr. skuldabréf Laugaskóla fyrir 10000 kr.

Skólaráð lét mæta við uppboðið og lýsa því yfir, að Stefán hafi brostið heimild til að veðsetja bréfið og að á bak við bréfið væri engin skuld til Stefáns, ennfremur, að bréfið væri ekki enn og yrði aldrei gjaldkræft vegna gjalddagaákvæðis þess, þar eð Stefán hefði ekki afhent stöðina og rafmagnseftirlitið ekki samþykkt hana.

Þrátt fyrir endurteknar tilraunir til að fá stefndu til að taka að sér greiðslu á skuld Stefáns við stefnanda, hefir ekki náðst samkomulag um skuldina, og hefir stefnandi því höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Stefndir byggja sýknukröfu sína af aðalkröfu stefnanda í fyrsta lagi á því, að skuldabréf þetta sé ekki raunverulegt, á bak við það standi engin skuld til Stefáns, og hafi stefnanda verið kunnugt um það, þegar hann öðlaðist handveðrétt yfir bréfinu. Því harðneitar stefnandi, og er það ekki sannað gegn neitun hans, enda gaf bréfið sjálft enga bendingu um annað en að hér væri um raunverulega skuld að ræða, og hefir ekkert komið fram, er bendi til annars en að stefnandi hafi verið í góðri trú um heimild Stefáns og gildi bréfsins gagnvart stefndu, þegar handveðsetningin fór fram.

Þá telja stefndir, að gjalddagaákvæði bréfsins, þau er áður greinir, geri það að skilyrtu skuldabréfi og sé skuldin samkvæmt því þess vegna ekki gjaldkræf og verði aldrei, þar eð hvorugt skilyrðið, afhending stöðvarinnar eða samþykki rafmagnseftirlitsins, sé enn fyrir hendi né geti síðar orðið það.

Á þennan skilning stefndu getur rétturinn þó ekki fallizt. Skuldaviðurkenning bréfsins er alveg skýlaus. Í henni lýsa skólaráðsmennirnir því skilyrðislaust yfir, að Laugaskóli sé orðinn Stefáni skuldugur um fjárhæð bréfsins og lofa að greiða hana, þegar vissum skilyrðum verði fullnægt. Hér verður því talið, að um raunverulegt skuldabréf sé að

ræða, sem sé viðurkenning á ákveðinni og þegar stofnaðri skuld, en ekki að skuldin verði því aðeins til samkvæmt bréfinu, að vissum skilyrðum verði fullnægt. Hinsvegar eru gjalddagar skuldarinnar bundnir vissum skilyrðum, eins og áður greinir, og verður hún því ekki talin fallin í gjalddaga, nema þeim sé fullnægt.

Enn halda stefndir því fram, að enda þótt talið yrði, að skuldaviðurkenningin væri skilyrðislaus, þá séu þau ákveðnu skilyrði þess að bréfið verði gjaldkræft ennþá ekki fyrir hendi. Skuldin samkvæmt bréfinu sé því ekki fallin í gjalddaga, og af þeirri ástæðu beri að taka sýknukröfuna til greina.

Skilyrði þess, að skuldin verði gjaldkræf, eru þau samkvæmt ákvæðum bréfsins 1) að stöðin verði afhent og 2) að rafmagnseftirlit ríkisins samþykki hana. Hinn 1. nóv. næstan á eftir að þessum skilyrðum væri fullnægt, átti fyrsta afborgun skuldabréfsins að falla í gjalddaga. Verður nú athugað, hvort — og þá hvenær — þessum skilyrðum hafi verið fullnægt, þannig að skuldin sé nú gjaldkræf, og hvenær hún hafi fallið, ef niðurstaðan yrði sú, að hún væri fallin í gjalddaga.

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins og með hliðsjón af því ákvæði verksamningsins, sem ákvað, að stöðinni skyldi lokið 15. sept. 1933, er ljóst, að upphaflega hefir verið ætlazt til þess, að fyrsta afborgunin félli í gjalddaga 1. nóv. 1933. Þann dag verður þó ekki talið, eftir því, sem fram er komið í málinu, að skilyrðum 1) og 2) hafi verið fullnægt, og telur rétturinn því skuldina ekki hafa verið orðna gjaldkræfa 1. nóv. 1933.

Hinsvegar er upplýst í máli þessu, að stöðin var tekin í notkun í nóvember 1933, og er ekki unnt að telja annað en að afhending í merkingu verksamnings hafi í síðasta lagi farið fram þá, og getur það ekki skipt máli í þessu sambandi, að svo virðist sem Stefán hafi ekki alveg lokið verkinu, heldur hafi skólaráðið orðið að fullgera það sjálft. Hér var að áliti réttarins aðeins um tímamark að ræða, en ekki skilyrði fyrir því, að skuldin samkvæmt skuldabréfinu yrði raunveruleg, og virðist þessi skilningur á orðinu afhent í skuldabréfinu eðlilegastur, enda hefir bæði stefnandi og stefndur hlotið að gera ráð fyrir eftir öllum kringumstæðum, að skuldin yrði gjaldkræf 1. nóv. 1933.

Með hliðsjón af orðalagi skuldabréfsins verður einnig að telja, að til þess að unnt væri að leggja þann skilning í hér umrætt ákvæði bréfsins — sem stefndir halda nú fram, að eigi að felast í því gagnvart stefnanda, sem fengið hefir það í góðri trú — þá hafi orðið að taka það berum orðum fram í bréfinu, að hin viðurkennda skuld yrði aldrei gjaldkræf, ef Stefán lyki ekki verkinu af eigin ramleik eða án hjálpar skólaráðsins. En þar eð það er ekki gert, getur réttur inn ekki fallizt á, að skilningur stefndu á ákvæðinu sé réttur. Einnig verður að telja, að stefndum hefði borið skylda til að skýra stefnanda frá þessum skilningi sínum á ákvæðinu, ef þeir hefðu ætlað að neita að greiða á þessum grundvelli, til þess að stefnanda gæfist kostur á að sjá um lúkningu verksins á þann hátt að gera skuldabréfið sér verðmætt, er Stefán var hlaupinn frá verkinu. Í bréfi dags. 4. okt. 1934 lýsir rafmagnseftirlitið því yfir, að enda þótt enn væri eitthvað athugavert við frágang stöðvarinnar, þá væri hún tekin í notkun og starfrækt með vitund og samþykki rafmagnseftirlits ríkisins.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, verður rétturinn að telja, að fyrsta afborgun samkvæmt skuldabréfinu hafi fallið í gjalddaga 1. nóv. 1934, og með því að veruleg vanskil eru orðin á um greiðslu hennar, telur rétturinn alla skuldina fallna í gjalddaga þann dag samkvæmt þar að lútandi ákvæðum skuldabréfsins.

Eins og áður segir, hefir ekkert komið fram í máli þessu, er bendi til annars en að stefnandi hafi fengið umrætt skuldabréf að handveði í góðri trú. Sömuleiðis verður að telja, að stefndir hafi með bréfi sínu til stefnanda dags. 13. okt. 1933 viðurkennt, að þeim bæri skylda til að innleysa skuldabréfið, enda verður ekki séð, að þeir hafi mótmælt gildi bréfsins eða veðsetningunni til stefndanda, þegar þeir komust að, hvernig Stefán hafði notað bréfið. Enda þótt framangreind mótmæli hafi komið fram gegn gildi skuldabréfsins gagnvart stefndu á uppboðinu 27. marz 1934, verða þau ekki talin hafa áhrif í þá átt að meina stefnanda að innheimta skuldabréfsupphæðina að fullu.

Úrslit máls þessa verða því samkvæmt framansögðu þau, að aðalkrafa stefnanda verður tekin til greina, og verða hinir stefndu skólaráðsmenn f. h. Alþýðuskólans á Laugum dæmdir til að greiða honum skuldabréfsupphæðina með

umkröfðum vöxtum og málskostnaði, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00, og viðurkennist 1. veðréttur stefnanda í Alþýðuskólanum (sic) á Laugum með öllum leiðslum og lóðarréttindum fyrir tildæmdum upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Jón Sigurðsson, Þórólfur Sigurðsson, Kristján Sigurðsson, Þorgeir Jakobsson, Jónas Jónsson og Ketill Indriðason, greiði f. h. Alþýðuskólans á Laugum stefnandanum, útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri, kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá 1. nóv. 1934 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað, og á stefnandi 1. veðrétt í Rafstöð Alþýðuskólans á Laugum í Þingeyjarsýslu með öllum leiðslum og lóðarréttindum til tryggingar hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1938.

Nr. 78/1938. **Jón Gíslason**
gegn
Gústav Ólafssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Gíslason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1938.

Nr. 78/1938. **Jón Gíslason.**
gegn
Gústav Ólafssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Gíslason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1938.

Nr. 97/1938. **Gústav Ólafsson**
gegn
Jóni Gíslasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gústav Ólafsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 5. desember 1938.

Nr. 92/1938. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Einari Pálma Einarssyni
(Lárus Fjeldsted).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Einar Pálmi Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Lárusar Fjeldsted, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. ágúst 1938.

Ár 1938, miðvikudaginn 10. ágúst, var í lögregluétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af Valdi-

mar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1526 1938: Valdstjórnin gegn Einari Pálma Einarssyni, er tekið var til dóms hinn 9. s. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Einari Pálma Einarssyni, atvinnulausum, Grjótagötu 7 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1929 $^{15}/_{9}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 $^{3}/_{3}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1930 $^{14}/_{7}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1930 $^{15}/_{8}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1931 $^{14}/_{5}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1931 $^{3}/_{8}$ Sætt 10 króna sekt fyrir áflog á almannafæri.
1932 $^{21}/_{3}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{14}/_{6}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1934 $^{19}/_{2}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1934 $^{9}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
1934 $^{19}/_{6}$ Sætt 500 króna sekt fyrir áfengissölu.
1934 $^{21}/_{6}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{20}/_{8}$ Sætt 200 króna sekt fyrir áfengislagabrot.
1934 $^{28}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
1934 $^{30}/_{12}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{1}/_{4}$ Dómur hæstaréttar, 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 1928.
1935 $^{3}/_{9}$ Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{28}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. Staðfest í hæstarétti $^{2}/_{12}$.
1935 $^{18}/_{11}$ Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{20}/_{1}$ Dómur hæstaréttar, 300 króna sekt fyrir brot gegn 18. sbr. 38. gr. laga nr. 33 1935 og 7. og 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1936 $^{22}/_{5}$ Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{30}/_{8}$ Sætt 25 króna sekt fyrir samskonar brot.
1937 $^{1}/_{4}$ Sætt 25 króna sekt fyrir samskonar brot.
1937 $^{21}/_{4}$ Sætt 25 króna sekt fyrir samskonar brot.

1937 $^{2}/_{8}$ Sætt 25 króna sekt fyrir samskonar brot.

1937 $^{3}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 300 króna sekt fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 1928 og 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna. Staðfest í hæstarétti $^{8}/_{12}$ 1937.

Með eigin játningu kærðs eru eftirtaldir málavextir sannaðir.

Frá byrjun síðastliðins maímánaðar til þessa tíma hefir kærður stundað áfengissölu hér í bænum, þó að undanskildum samtals eins mánaðar tíma, sem hann hefir legið veikur. Var sala þessi stunduð í atvinnuskyni, og nægðu tekjur kærðs af henni honum til uppihalds, enda hafði hann á tímabilinu ekki annað starf. Seldi hann einungis brennivín, ýmist á heil- eða hálfflöskum, hinum og öðrum, aðallega við höfnina, og var álagningin kr. 2.00—2.50 miðað við heilflösku. Telur hann söluna hafa verið sem næst 5--6 flöskur um helgar, en 1—2 flöskur um rúmhelga daga.

Með áfengissölu þessari hefir kærður gerzt brotlegur gegn 15. gr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 33. gr., 1. og 2. mgr., sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til menningarsjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 55 daga.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Einar Pálmi Einarsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. desember 1938.

Nr. 97/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Fred Dale (Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að sektin ákveðst með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem í dag er 46.59, 21500 krónur, og að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektin ákveðst 21500 krónur og greiðslufrestur hennar 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Fred Dale, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. júlí 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Fred Dale, skipstjóra á botnvörpungnum Cape Duner H. 174, fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5 1920, sbr. lög nr. 4 1924.

Málsatvik eru þessi: Í gærkveldi kl. um 11 var varðskipið Ægir á leiðinni frá Reykjavík til Garðskaga og kom að nokkrum togurum við botnvörpuveiðar. Einn af þeim var Cape Duner, og reyndist hann samkvæmt mælingum varðskipherrans að hafa verið 0.5 sjómílur innan landhelgilínu.

Kærður hefir viðurkennt þessa mælingu varðskipherrans rétta og játað að hafa verið að veiðum innan landhelgilínunnar.

En hann hefir haldið því fram, að það hafi verið óviljandi vegna dimmviðris. Með þessu hefir kærður, sem ekki hefir svo kunnugt sé fyrr gerzt sekur við íslenzka fiskveiðalöggjöf, brotið gegn 1. gr. laga nr. 5 1920 um bann við botnvörpuveiðum. Ber að ákveða refsingu hans samkvæmt 3. gr. þeirra laga, sbr. lög nr. 4 1924. Þykir hún hæfilega ákveðin með tilliti til þess, að gjaldgildi íslenzkrar krónu er í dag 49.67, kr. 20200.00 sekt til landhelgisjóðs Íslands. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 mánuði, þá skal og afli togarans Cape Duner H. 174, upptækur ger, þar með taldir dragstrengir, og renni andvirðið til sama sjóðs. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Fred Dale, greiði í sekt til landhelgisjóðs Íslands kr. 20200.00.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Cape Duner, H. 174, skal upptækt gert, og andvirðið renna til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. desember 1938.

Nr. 90/1938. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Jóni Júlíusi Jónssyni
(Theodór B. Líndal).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Jón Júlíus Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Theódórs B. Líndal, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 26. júlí 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Júlíusi Jónssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Framnesveg 52 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar

1935 og lögum nr. 70 8. sept. 1931 um notkun bifreiða.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum.

1932 31/8 undirgekkst að greiða skaðabætur fyrir reiðhjól, sem hann ók yfir.

1932 5/12 dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 50 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1934 24/1 sætt 10 króna sekt fyrir of hraðan akstur.

1934 17/4 sætt 30 króna sekt fyrir að kenna akstur á ólöglegri bifreið.

1935 29/3 dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 150 króna sekt og sviptur leyfi til að stýra bifreið í 6 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1936 20/8 undir rannsókn út af umferðaslysi. Ekki talin ástæða til málssóknar.

1937 5/2 áminning og 10 króna skaðabætur fyrir lögreglubrot.

1938 7/5 sætt 50 króna sekt fyrir ölvun og óspektir.

Aðfaranótt föstudagsins 8. þ. m., kl. 4.20, var tilkynnt á lögreglustöðina hér, að fólksflutningabifreiðin R. 904, sem er eign Litlu-bílastöðvarinnar hér í bæ, hefði verið ekið út af þjóðveginum í nánd við Árbæ.

Fór lögreglan þegar á vettvang, og lá þá bifreiðin, mikið skemmd, á hægri hliðinni sunnan megin við veginn og sneri framenda skáhalt inn að veginum. Hafði bifreiðin augsýnilega verið á leið til Reykjavíkur. Vegurinn er þarna 6.70 metrar á breidd. Frá því vinstra framhjólið hefir farið út af veginum og þar til bifreiðin hefir numið staðar voru 13.60 metrar, miðað við afturenda bifreiðarinnar. Hæð vegarins, þar sem framhjól bifreiðarinnar fór út af, er 65 cm., en hæð hans móts við þar sem bifreiðin lá er 1.20 m. Bifreiðin virðist hafa steypzt kollhnís og síðan farið veltu. Hafði hún í veltunni steytt á stórgrýti og dregið með sér stóra steina. Á staðnum varð ekki séð, að neinn hafi verið, er lögreglan kom þangað, en maður sá, er tilkynnti slysið á lögreglustöðina, sagði, að þeir, sem meiðzt hefðu, hefðu verið fluttir á Landsspítalann. Lögreglan athugaði nú þetta nánar, og þar sem henni virtist vafi á, hver þeirra þriggja manna, er á Landsspítalanum voru, þeirra kærða, Inga

Haralds Þorvaldssonar Kröyer og Jóns Ingvars Helgasonar, allra bifreiðarstjóra, hefði ekið bifreiðinni út af veginum, var tekið blóðsýnishorn úr þeim öllum. Þeir kærði og Kröyer voru mikið ölvaðir, en Jón Ingvar, að sögn lögreglunnar, lítið sem ekkert ölvaður, og af rannsókninni má telja víst, að hann hafi verið með öllu ódrukkinn.

Við rannsókn málsins hefir komið í ljós, að kærði er sá, sem venjulega hefir ekið bifreiðinni R. 904. Klukkan um 1 nefnda nótt kom hann að máli við Jón Ingvar Helgason, bifreiðarstjóra, sem þá var staddur á Litlu-bílastöðinni, og bað hann að aka bifreið fyrir sig upp að Baldurshaga. Lofaði Jón Ingvar því. Lögðu þeir síðan af stað þangað í bifreiðinni R. 904. Var Jón Ingvar við stýrið, en farþegar kærði, Kröyer, Guðjón Einarsson afgreiðslumaður og Guðmann Hákon Jóhannsson bílstjóri. Höfðu kærði og félagar hans komið sér saman um að fara ferð þessa og fá sér í staupinu, og því fengið Jón Ingvar sérstaklega til þess að aka, og hefir ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess, að hann hafi neytt áfengis um nóttina, og er hann það vitni í málinu, sem langmest er leggjandi upp úr. Segir hann, að farþegarnir hafi allir verið ódrukknir, þegar lagt var af stað, en hafi drukkið upp úr tveimur brennivínsflöskum á leiðinni, en kærði kveðst sjálfur hafa verið drukkinn þegar lagt var af stað, en hvernig sem því hefir verið varið, sem ekki skiptir máli, er það víst, að meðan dvalið var í Baldurshaga voru farþegarnir allir mjög ölvaðir og það svo, að þeir muna ekkert hvað gerðist eða þá mjög lítið. Kærði man ekkert hvað gerðist frá því lagt var af stað úr Reykjavík þar til stungið var í hann sprautu á Landsspítalanum. Vitnið Jón Ingvar er því að mestu leyti einn frásagnar um, hvað gerðist þar, og er framburður hans um það óvéfengdur af kærða.

Strax og komið var að Baldurshaga, kveðst vitnið hafa tekið svonefndan autolætishamar úr bílvélinni, til þess að ekki væri hægt að koma henni í gang. Kveðst það hafa gert þetta af ótta við, að kærði myndi í ölæðinu reyna að aka bifreiðinni, en áður hafði vitnið orðið þess vart, að kærði sækti á að aka bifreið drukkinn. Dvöldu þeir nú um hríð í Baldurshaga, ýmist úti eða inni. Varð vitnið Jón Ingvar þess vart, meðan dvalið var þar, að kærði var búinn að

setja annan hamar, sem hann hafði haft á sér, í bílvélina. Tók vitnið þá þann hamar úr vélinni, en því reiddist kærði og tók þá svonefnt autolætislok úr vélinni og fleygði að vitninu. Er þessi frásögn vitnisins studd af framburði bifreiðarstjóra, er þarna var og staddur, og hefir borið, að kærði hafi sótt á að aka R. 904 burtu, en verið hindraður í því af félögum sínum. Um nóttina, þegar aðrir gestir, er þarna höfðu verið, voru farnir, bað húsmóðirin þá félaga að fara. Fóru þeir þá allir út. Tók Jón Ingvar þá að setja hamarinn og lokið í vélina og setti hann lokið þannig í samband, að ómögulegt var að aka bifreiðinni hratt. Meðan vitnið var að þessu, sátu þeir í aftursæti bifreiðarinnar kærði, Kröyer og Guðjón, allir mjög drukknir, en Hákon stóð þar hjá, einnig mjög drukkinn. Urðu þá slagsmál milli kærða og Kröyers og varð það úr, að þeir báðir og Guðjón fóru út úr bifreiðinni. Í þessu barði Kröyer báðum höndum í afturrúðu bifreiðarinnar og braut hana og skarst við það á úlnlið, svo að blæddi töluvert úr. Fór vitnið þá með hann í skúr eða pakkhús að húsabaki og batt hálsbindi sínu um skurðinn, og fór þangað einnig með þeim Guðjón Einarsson, og voru þeir þar allir skamma stund. Hvar Hákon Guðmann var, meðan þessu fór fram, veit vitnið ekki, en kærði varð eftir hjá bifreiðinni, sem þá var orðin ökufær, þegar þeir hinir fóru að húsabaki, og var engin manneskja önnur en þeir félagar sjáanleg þarna nálægt. Þegar vitnið kom aftur fyrir húshornið frá því að binda um sár Kröyers, voru bifreiðin og kærði horfin af hlaðinu, en til bifreiðarinnar sást, þar sem henni var ekið í áttina til Reykjavíkur eftir veginum við Rauðavatn.

Telur vitnið, að enginn vafi sé á því, að kærði hafi ekið bifreiðinni burtu, enda hafi þar engum öðrum verið til að dreifa. Hafi hann og mjög sótzt eftir því um nóttina í ölæðinu að aka bifreiðinni. Hinir félagarnir, sem eftir voru, kveðast muna, að bifreiðin og kærði hafi allt í einu horfið, en hvernig það bar að höndum, vita þeir ekki.

Var nú hringt eftir bifreið til Reykjavíkur til að sækja þá, sem eftir voru í Baldurshaga, og ók Þorleifur Gíslason, bifreiðarstjóri, þangað. Á leiðinni varð hann ekki kærða eða R. 904 var. Flutti hann nú þá félaga frá Baldurshaga áleiðis til Reykjavíkur, en þegar þeir komu á móts við

Árbæ, sáu þeir R. 904 liggja þar hjá veginum, og var kærði þar skammt frá með mann frá Árbæ með sér.

Hafði kærði þá fyrir nokkurri stundu komið heim að Árbæ einsamall og hitt þar húsfreyjuna að máli og beðið hana um menn. Var að hennar sögu enginn sjáanlegur með kærða eða þar í nánd. Varð það úr, að kaupamaður á bænum fór með kærða upp að bílnum, þar sem hann lá við veginn. Sagði kærði kaupamanninum, að bílstjórinn væri farinn „niður í bæ" og að illt væri í efni. Spurði þá kaupamaður kærða, hvers vegna hann væri að skipta sér af þessu, ef hann hefði ekki keyrt bifreiðina, og því bílstjórinn sjálfur skeytti þessu ekki, en út á það gaf kærði ekkert. Um leið og þeir komu að bifreiðinni, bar áðurnefnda bifreið að, er sótti þá félaga til Baldurshaga. Sagði þá einhver þeirra við kærða sem svo: „þarna sérðu, hvernig fór, Júlli minn". Anzaði kærður þá engu.

Reyndu þeir nú allir að reisa bifreiðina, en það reyndist árangurslaust. Tóku þeir félagar þá númerspjöldin af bifreiðinni og stöðvarmerkið. Héldu þeir síðan með kærða á Landsspítalann. Vitnið Jón Ingvar kveðst hafa spurt kærða, sem var bæði meiddur og mjög drukkinn, að því hjá Árbæ, hver hefði ekið bifreiðinni út af, en hann kvaðst ekki vita það.

Kærði kveðst, eins og áður segir, ekkert muna eftir sér frá því lagt var af stað í ferðalagið úr Reykjavík og þar til stungið var í hann sprautu á Landsspítalanum.

Hinsvegar hefir hann talið, eftir að honum voru gerð málsatvik kunn, að allt bendi til þess, að hann hefði sjálfur ekið bifreiðinni út af veginum. Áhorfendur eru að vísu engir að því, að kærður æki bifreiðinni burtu frá Baldurshaga, en eins og atvikum er lýst hér að framan, þykir þó vera nægilega sannað, að kærði hafi ekið bifreiðinni burtu þaðan og þar til hún fór út af veginum.

Hefir kærði þannig að áliti réttarins gerzt brotlegur gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, 21. gr. sbr. 39. gr., og lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða, 5. gr., 3. mgr., og 15. gr. sbr. 14. gr., og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann ber að svipta ævilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Júlíus Jónsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. desember 1938.

Nr. 43/1938. **Jens Bjarnason** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Mjólkurfélagi Reykjavíkur og Sturlu Jónssyni (Theodór B. Lindal).

Viðurkenning veðrétta í fasteign.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. marz þ. á., krefst sýknu af kröfum hinna stefndu í máli þessu og að þeir verði dæmdir in solidum til þess að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndu krefjast staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að það þykir mega fallast á forsendur hins áfrýjaða dóms, eins og málið liggur fyrir, þá ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða hinum stefndu 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jens Bjarnason, greiði hinum stefndu, Mjólkurfélagi Reykjavíkur og Sturlu Jónssyni, 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. des. 1937.

Mál þetta, sem er bæjarþingsmálið nr. 323/1937 og var tekið til dóms 18. des. 1937, var höfðað með stefnu, útgefinni 16. september 1937, af Eyjólfi Jóhannssyni framkvæmdarstjóra f. h. Mjólkurfélags Reykjavíkur og Sturlu Jónssyni kaupmanni, báðum til heimilis hér í bænum, gegn Jens Bjarnasyni bókara, til heimilis á „Hólum" við Kleppsveg hér í bænum, til að fá viðurkennt með dómi, að eign stefnda samkvæmt veðmálabókum Reykjavíkur, Sogamýrarblettur V — nefnt Fagridalur — stæði að veði með 3., 4. og 5. veðrétti til tryggingar 4 veðskuldabréfum, að upphæð samtals kr. 9750.00, er afmáð voru úr veðmálabókum, er uppboðsafsal var gefið út fyrir eigninni 5. nóvember 1935, og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Tildrög málsins eru þau, að þann 24. október 1935 var haldið nauðungaruppboð á eigninni Sogamýrarblettur V — nefnt Fagridalur — með þeim úrslitum, að hæstbjóðandi varð Þórður Jónsson úrsmiður hér í bænum, er bauð kr. 9000.00 í eignina, og með því að hann hafði fullnægt söluskilmálunum fékk hann uppboðsafsal fyrir eigninni 5. nóvember sama ár. Þegar þetta uppboð fór fram, hvíldu á hinni seldu eign þessar veðskuldir:

Með 1. veðrétti veðdeildarlán samkvæmt veðskuldabréfi dags. 23. des. 1927, upphaflega að upphæð kr. 6300.00.

Með 2. veðrétti kr. 2400.00 til Ræktunarsjóðs Íslands samkvæmt veðskuldabréfi 23. des. 1927, þá að eftirstöðvum kr. 2270.44.

Með 3. veðrétti kr. 5000.00 til handhafa samkvæmt veðskuldabréfi dags. 22. sept. 1927. En handhafi og eigandi skuldabréfs þessa er meðstefnandi Sturla Jónsson, kaupmaður í Reykjavík.

Með 4. veðrétti kr. 3050.00 samkvæmt 2 veðskuldabréfum dags. 20. ágúst 1934 til Sveinbjarnar Oddssonar prentara og Helga Jónssonar, Krabbagötu 1 á Akureyri. En eigandi þessara veðbréfa er meðstefnandi Mjólkurfélag Reykjavíkur.

Með 5. veðrétti kr. 1700.00 samkvæmt veðskuldabréfi dags. 20. ágúst 1934 til handhafa. En eigandi og handhafi þessa bréfs er einnig meðstefnandi Mjólkurfélag Reykjavíkur.

Með því að hæsta boð í eignina nam rétt rúmlega veðskuldum þeim, sem tryggðar voru með 1. og 2. veðrétti, kom aðeins kr. 24.88 til greiðslu upp í 3. veðrétt, og 4. og 5. veðréttur voru alveg afmáðir úr veðmálabókunum án þess að nokkur greiðsla kæmi upp í þá, þegar uppboðsafsalsgerðin fór fram.

Framangreindri uppboðsgerð frá 24. október 1935 og afsalsútgáfu frá 5. nóvember sama ár skutu svo eigendur 3., 4. og 5. veðréttar til hæstaréttar með stefnu útgefinni 9. nóvember 1935, og með hæstaréttardómi frá 30. marz 1936 var nefnd uppboðsgerð og afsalsútgáfa ómerkt. En samkvæmt afsalsbréfi, útgefnu 14. nóvember 1935, seldi uppboðskaupandinn, Þórður Jónsson, stefnda í máli þessu, Jens Bjarnasyni bókara, eignina fyrir kr. 10000.00. Eftir að umræddur hæstaréttardómur frá 30. marz 1936 var kveðinn upp, vildu eigendur 3., 4. og 5. veðréttar fá viðurkenningu á veðréttum sínum, en hún hefir ekki fengizt, og einnig hefir þeim verið synjað um aðför í eigninni til fullnustu á þessum veðkröfum. Eigendur þessara veðrétta hafa því höfðað mál þetta til að fá viðurkenningu á veðréttum sínum, sem þeir telja hafa mikla fjárhagslega þýðingu fyrir sig með því að eignin sé metin á kr. 22346.00 að saman-

lögðu brunabótamati á húsum og fasteignamati á landi. Telja þeir, að umræddir veðréttir séu enn í gildi þar sem að framangreint uppboðsafsal til Þórðar Jónssonar hafi verið fellt úr gildi, en afnám veðréttanna hafi byggzt á þessu ógilda uppboðsafsali.

Stefndur neitar að viðurkenna veðrétti stefndanda í eigninni sakir þess, að þegar hann keypti eignina af Þórði Jónssyni 14. nóv. 1935, þá hafi Þórður verið eigandi eignarinnar samkvæmt veðmálabókunum, og þá hafi 3., 4. og 5. veðréttur verið afmáður úr veðmálabókunum. Hann kveðst ekkert hafa vitað um það, þegar hann keypti eignina, að búið var að gefa út áfrýjunarstefnu til hæstaréttar til að áfrýja uppboðsgerðinni og afsalsútgáfunni til Þórðar. Stefndi kveðst því hafa keypt eignina algerlega í góðri trú samkvæmt veðmálabókunum og krefst þess að vera algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Stefndi hefir þó viðurkennt fyrir réttinum, að honum hafi verið kunnugt um, að Þórður hafi keypt eignina á uppboði, og þegar afsalið til stefnda var undirritað, kveðst hann hafa vakið máls á því, hvort uppboðsgerðin og afsalsútgáfunni til Þórðar yrði áfrýjað, en Þórður hefði talið útilokað, að uppboðsgerðin yrði felld úr gildi, þó henni yrði áfrýjað.

Með framangreindum hæstaréttardómi frá 30. marz 1936 var eignarheimild hins upphaflega kaupanda, Þórðar Jónssonar, numin úr gildi, en á henni byggist afnám veðréttanna úr veðmálabókunum. Það, sem kemur til álita í þessu máli, er því það, hvort stefndi hafi öðlazt meiri rétt en Þórður, sakir þess að hann hafði verið í fullkomlega góðri trú að því er snertir veðréttina, er hvíldu á eigninni, er hann keypti hana af Þórði.

Það er upplýst í málinu, að stefnda var kunnugt um það, þegar hann keypti umrædda eign, að Þórður Jónsson hafði keypt eignina nokkrum dögum áður á uppboði, og að sú uppboðsgerð ásamt eftirfarandi uppboðsafsalsútgáfu var áfrýjanleg þangað til áfrýjunarfresturinn var liðinn, og einnig hefir stefndi játað fyrir réttinum, að hann hafi gert sérstaka samninga við Þórð um greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti, ef uppboðinu yrði áfrýjað. Stefnda var því fyllilega ljóst, þegar hann keypti eignina, að þeir ágall-

ar voru á eignarheimild Þórðar, að henni var hægt að áfrýja og þá var alltaf hugsanlegt, að hún yrði felld úr gildi í hæstarétti. Það er að vísu ekki upplýst, að stefnda hafi verið kunnugt um, að búið var að taka út áfrýjunarstefnu til að áfrýja uppboðinu og afsalsútgáfunni, áður en hann keypti eignina af Þórði, en hvort að stefndi vissi, að búið var að taka út áfrýjunarstefnuna áður en hann keypti eignina, eða hann vissi, að hægt var að taka út áfrýjunarstefnu t. d. strax daginn eftir að hann keypti eignina, þykir ekki að áliti réttarins hafa verulega þýðingu fyrir úrslit máls þessa.

Rétturinn lítur svo á, að þar sem stefnda var kunnugt um þá ágalla, sem voru á eignarheimild Þórðar á eigninni, að hún var áfrýjanleg, og að tilgreint er í veðmálabókunum, að veðréttir þeir, sem stefnt er út af í máli þessu, hafi verið afmáðir samkvæmt nauðungaruppboðinu 24. okt. 1935, þá geti það ekki valdið niðurfellingu veðréttanna að búið var að afmá þá með skírskotun til uppboðsins, eins og að framan greinir, þegar stefndi keypti eignina. Það þykir því rétt að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á nefndum veðréttum.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnendunum kr. 200.00 í málskostnað, 100 krónur til hvors.

Dómur þessi er uppkveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu í Reykjavík þriðjudaginn 21. desember 1937, af Ragnari Bjarkan, sem skipaður var setudómari í málinu með bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 20. okt. 1937.

Því dæmist rétt vera:

Eignin Sogamýrarblettur V — nefnt Fagridalur — við Reykjavík skal vera að veði til tryggingar framangreindum veðskuldum til stefnenda, Sturlu Jónssonar og Mjólkurfélags Reykjavíkur, með 3., 4. og 5. veðrétti, í sömu röð eins og var fyrir uppboðið á eigninni 24. okt. 1935.

Stefndi, Jens Bjarnason, greiði stefnendunum kr. 200.00 í málskostnað, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. desember 1938.

Nr. 89/1938. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Ólafi Kjartani Ólafssyni
(Eggert Claessen).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Að því leyti sem héraðsdómurinn varðar kærða Ólaf Kjartan Ólafsson ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því leyti sem honum er áfrýjað, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. júlí 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, atvinnulausum, til heimilis á Hótel Heklu, hér í bæ, og Axel Ármanni Þorsteinssyni, refsifanga í Hegningarhúsinu hér, til lögheimilis á Skólavörðustíg 46, hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður, Ólafur Kjartan Ólafsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1927 $^{13}/_{12}$ Kærður fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði. Málið afgreitt til dómara.

1933 $^{18}/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1934 $^{2}/_{2}$ Dómur hæstaréttar: 400 króna sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.

1934 $^{1}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðsbundið, fyrir innbrotsþjófnað og in solidum 150 króna skaðabætur.

1934 $^{2}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 300 króna sekt fyrir brot gegn áfengislögunum og ósvífni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $^{2}/_{2}$ 1935.

1934 $^{22}/_{10}$ Dómur hæstaréttar: Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 800 króna sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 64 1930.

1934 $^{5}/_{12}$ Sætt 100 króna sekt fyrir slagsmál.

1935 $^{1}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.

1935 $^{8}/_{7}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir þjófnað.

1936 $^{6}/_{10}$ Sætt 10 króna sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

1936 $^{30}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 231. gr., 4. mgr., hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr., 1. mgr., áfengislaganna.

1937 $^{1}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 1000 króna sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangavið-

urværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti 19/1 1938.

1937 23/11 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 300 króna sekt og sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir ölvun við bifreiðarakstur. Staðfest í hæstarétti 11/5 1938.

1938 13/1 Sætt 30 króna sekt fyrir brot á 3. gr. reglug. 105/1926 um skotvopn o. fl.

Kærður Axel Ármann Þorsteinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1924 8/12 Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til dómara.

1925 6/2 Sætti 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1930 7/7 Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 28/4 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1935 3/6 Sætt 400 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

1935 10/11 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 króna sekt og 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.

1935 6/12 Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 3/6 Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Ekki talin ástæða til opinberra aðgerða.

1936 12/10 Sætt 40 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

1937 2/5 Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun og ryskingar.

1937 1/9 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti 19/11 1937.

1938 1/2 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2200 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti 27/4 1938.

1938 23/4 Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.

1938 30/4 Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið niður falla.

Með eigin játningu kærðs Ólafs Kjartans er sannað, að hann hefir síðan snemma í fyrra mánuði selt áfengi á Skólavörðustig 46 hér í bæ. Hefir hann nánar skýrt svo frá, að þegar kærður Axel Ármann, sem hafði á leigu íbúð á

Skólavörðustíg 46, fór á vinnuhælið á Litla-Hrauni, snemma í fyrra mánuði, hafi hann beðið sig að búa í íbúðinni og selja þar áfengi, svo fólk yrði ekki orðið afvant staðnum, þegar hann kæmi aftur af vinnuhælinu. Átti Ólafur Kjartan að skila húsnæðinu skuldlausu þegar Axel Ármann kæmi aftur til bæjarins. Axel Ármann fékk Ólafi Kjartani kr. 97.50, þegar hann fór á vinnuhælið, og átti það að ganga upp í húsaleigu, en kærður Ólafur Kjartan notaði það ásamt kr. 60.00 frá sér til rekstrar áfengissölu. Seldi hann nú stöðugt áfengi í íbúðinni, og kveður hann söluna hafa numið 10—15 flöskum hvern virkan dag, en 50—60 flöskum frá laugardagshádegi til mánudagsmorguns, og hafi hann þó oft orðið að neita um sölu sökum þess að sig hafi skort vín. Álagning 3—4 krónur á flösku. Ekki gerir hann sér ljóst, hverju salan hafi numið alls yfir tímabilið, en hagnaðurinn hefir numið því, að hann hefir greitt kr. 450.00 í húsaleigu fyrir Axel Ármann, framlengt einu sinni eða tvisvar 2¾ happdrættismiðum fyrir sama og greitt 5 kr. reikning fyrir sama, auk þess sem hann hefir sjálfur haft nægа peninga til eigin afnota, bæði sér til uppihalds og til eyðslu.

Framanskráð er eftir framburði Ólafs Kjartans, en kærður Axel Ármann hefir borið, að frásögnin, hvað sig snerti, væri að öllu leyti rétt.

Með framanskráðum verknaði hefir kærður Ólafur Kjartan Ólafsson gerzt brotlegur gegn 15. gr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 33. gr., 1. og 2. mgr., sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga og 2000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður Axel Ármann Þorsteinsson hefir að áliti réttarins gerzt brotlegur gegn 16. gr. 1. mgr. áfengislaganna, og þykir refsing hans samkvæmt 36. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður Ólafur Kjartan Ólafsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga og greiði 2000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður Axel Ármann Þorsteinsson greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. desember 1938.

Nr. 20/1938. **Tryggvi Einarsson**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins og gagnsök,
(Theodór B. Lindal)
Lárusi Jóhannessyni f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S, Oslo, og gagnsök og Gunnari Sigurðssyni og gagnsök
(Lárus Jóhannesson).

Synjað um framkvæmd innsetningargerðar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. febrúar þ. á. og krafizt þess, að úrskurður fógetaréttarins verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hina umbeðnu innsetningargerð. Svo krefst hann og, að aðal-

stefndir, Paul Smith f. h. Bergenska gufskipafélagsins, Lárus Jóhannesson f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S og Gunnar Sigurðsson, verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir fógetaréttinum og hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnstefnandi Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins hefir áfrýjað málinu með stefnu 5. marz þ. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir fógetaréttinum að skaðlausu eftir mati hæstaréttar. Ennfremur krefst hann, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara að gagnstefnendurnir Lárus Jóhannesson f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S og Gunnar Sigurðsson verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnstefnendur Lárus Jóhannesson f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S og Gunnar Sigurðsson hafa lagt málið til hæstaréttar með stefnu 22. febrúar þ. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir fógetaréttinum eftir mati hæstaréttar. Þeir krefjast þess einnig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti að skaðlausu eftir mati dómsins.

Með því að aðaláfrýjandi bauð ekki fram í norskum krónum kaupverð refs þess, er frá segir í málinu, eigi síðar en samtímis því að hann krafðist þess, að afgreiðslumenn Bergenska gufuskipafélagsins fengi honum refinn í hendur, þá verður þegar af þeirri ástæðu að staðfesta úrskurðinn að því er

varðar synjun á framkvæmd innsetningargerðarinnar.

Eins og málum er háttað, þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins kr. 100.00 í málskostnað fyrir fógetarétti og hæstarétti og að gagnáfrýjandi Lárus Jóhannesson f h. Oslo Pelsdyropdrett A/S greiði gagnáfrýjanda Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins kr. 100.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, en að öðru leyti falli málskostnaður fyrir fógetaréttinum og fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður að því er varðar synjun á framkvæmd hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Aðaláfrýjandi, Tryggi Einarsson, greiði gagnáfrýjanda Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins kr. 100.00 í málskostnað fyrir fógetarétti og fyrir hæstarétti og gagnáfrýjandi Lárus Jóhannesson f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S, Oslo, greiði gagnáfrýjanda Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins kr. 100.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, en að öðru leyti á málskostnaður fyrir fógetarétti og fyrir hæstarétti að falla niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 10. febr. 1938.

Í máli þessu hefir gerðarbeiðandi farið þess á leit, að hann verði settur inn í umráðarétt yfir silfurref, Oslo 170

K., sem er í vörzlum afgreiðslu Bergenska gufuskipafélagsins hér í bæ, en það hefir neitað að afhenda umræddan silfurref, og jafnframt hafa þeir Gunnar Sigurðsson, Gunnarshólma, og sendandi silfurrefs þessa gengið inn í málið og mótmælt því, að gerð þessi næði fram að ganga, og lögðu aðiljar atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Málavextir samkvæmt hinum framlögðu skjölum virðast vera þeir, að í svarbréfi Oslo Pelsdyropdrett A/S til gerðarbeiðanda, dags. 11. okt. f. á., eru honum boðin kaup á refum, þar á meðal Oslo 170 K. Í bréfi þessu er jafnframt tekið fram, að kaupverðinu skuli deponera í Vestlandsbanken, Bergen, áður en dýrin eru send, og að greiðslan fari fram gegn afhendingu farmskírteinisins. Þann 28. s. m. samþykkir gerðarbeiðandi kaup á Oslo 170 K. í símskeyti til seljanda. Samdægurs sendir seljandi gerðarbeiðanda svarskeyti, þar sem tilkynnt er, að umræddur refur verði sendur 11. nóvember f. á. gegn opnun rembours í síðasta lagi 5. s. m., en á þessu tímabili gekk í gegn útflutningsbann í Noregi á silfurrefum, og var því ekki unnt að flytja út ref þenna á hinum tiltekna tíma, og var heldur ekki opnaður rembours sá, er til var ætlazt.

Í símskeyti landbúnaðarráðuneytisins hér til landbúnaðarráðuneytisins í Noregi, dags. 1. nóv. f. á., eða rétt eftir að útflutningsbannið gekk í gildi, er farið fram á undanþágu til útflutnings þessa silfurrefs, og var því upphaflega synjað, en síðar veitt, og mun útflutningsleyfið hafa verið veitt á nafn gerðarbeiðanda, og mun honum hafa verið kunnugt um þetta í kringum miðjan desember f. á., án þess þó að séð verði, að nokkrar tilkynningar hafi farið fram um þetta milli gerðarbeiðanda og sendanda silfurrefsins. Hinsvegar er upplýst, að þeir hafi talazt við um þetta, gerðarbeiðandi og ráðunautur ríkisstjórnarinnar í loðdýrarækt, án þess þó að upplýst sé, að gerðarbeiðandi hafi þá látið í ljósi nokkra tilhneigingu til þess að fá refinn. Hinsvegar tilkynnir ráðunauturinn O. P. með bréfi dags. 17. desember f. á., að hann hafi fundið kaupanda að umræddum silfurref, en það er meðalgöngumaðurinn Gunnar Sigurðsson, og tilkynnir jafnframt, hvernig greiðslan fari fram, og væntir þess, að hún komi það snemma, að refurinn geti farið með fyrstu ferð Lyru eftir nýjár. Um svipað leyti og þetta bréf var sent sigldi gerðarbeiðandi til útlanda og kemur

til Oslo, að því er ætla verður af því, sem fram kemur í málinu, 27. eða 28. des. f. á., og átti hann þá viðtal við seljanda, án þess þó að bjóða fram greiðslu, en hinsvegar upplýst, að honum var þá kunnugt um, að silfurrefur þessi var greiddur af öðrum manni, en að öðru leyti er ekkert sannað um það, hvað þeim hafi farið í milli. Um sama leyti, eða 27. þ. m., sendir seljandi silfurrefsins símskeyti til ráðunautsins með fyrirspurn um það, hvort ekki megi senda refinn á nafn gerðarbeiðanda, þar sem útflutningsleyfið sé á hans nafn. Svar viðtakanda símskeytis þessa mun hafa verið á þá leið, að bezt væri að senda refinn Loðdýraræktarfélagi Íslands, en annars gerðarbeiðanda. Mun svo refur þessi hafa verið sendur með e/s Lyra í janúarbyrjun þ. á. samkvæmt farmskírteini, útgefnu 6. janúar, á nafn gerðarbeiðanda, og þegar er hingað kom varð ágreiningur um það, hver skyldi fá refinn. Hefir gerðarbeiðandi haldið því fram, að með því að farmskírteinið væri í sínum höndum ætti hann heimtingu á að fá refinn afhentan, en gerðarþoli hefir hinsvegar samkvæmt fyrirskipun sendanda neitað afhendingu hans, og meðalgöngumaðurinn Gunnar Sigurðsson, sem bæði hefir greitt refinn sjálfan og sömuleiðis toll af honum, hefir einnig mótmælt afhendingunni á þeim grundvelli, að hann væri sjálfur eigandi hans.

Yfirleitt er erfitt að gera sér ljósa grein fyrir málavöxtum frá þeim tíma, að útflutningsundanþágan er fengin, og þar til silfurrefur þessi kemur hingað, og viðskipti aðilja á þessu tímabili harla einkennileg, og þykir ekki fært eftir þeim gögnum, er fyrir liggja, að setja gerðarbeiðanda, þótt hann hafi í höndum farmskírteinið yfir umræddan silfurref, með einfaldri innsetningargerð inn í umráðarétt hans gegn eindregnum mótmælum sendanda, þar sem og að upplýst er, að handhafi farmskírteinisins hefir ekki innt kaupverð silfurrefsins af hendi í norskum krónum, eins og telja verður að upphaflega hafi verið ætlazt til, enda getur greiðsluyfirlýsing sú, sem hér hefir komið fram fyrir réttinum, ekki talizt jafngild þessu. Greiðsla meðalgöngumannsins Gunnars Sigurðssonar er að sjálfsögðu innt af hendi á þeim forsendum, að hann verði þar með eigandi silfurrefsins, en ekki aðeins til hagsbóta fyrir gerðarbeiðanda,

enda ekki upplýst, að hann hafi mátt vænta þess, og má því ætla, að sú greiðsla kynni að vera afturkræf.

Samkvæmt þessu verður ekki séð, að unnt sé að leyfa að svo vöxnu máli framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Rétturinn sér ekki ástæðu til þess að sekta aðilja, umboðsmann gerðarbeiðanda og meðalgöngumann, fyrir hin meiðandi ummæli hvors um annan í hinum framlögðu skjölum, þar sem það virðist líkt á komið með þeim, enda í lófa lagið fyrir þá báða að koma fram sektarkröfu í sérstöku máli.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal ekki fara fram. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 14. desember 1938.

Nr. 110/1936. **Útibú Útvegsbanka Íslands h/f á Akureyri.** (Theodór B. Lindal)

gegn

Bjarna Vilmundarsyni og Einari Malmqvist Einarssyni (Stefán Jóh. Stefánsson).

Sjóveð fyrir kaupkröfu. Meðalganga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem ekki var aðili í máli þessu í héraði, hefir sem meðalgöngumaður skotið því til hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1936 og hefir krafizt þess *aðallega, að* hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá sjódómi að því er varðar sjóveðréttarákvæði hans, en *til vara, að* sjóveðréttur verði

aðeins viðurkenndur fyrir kr. 541.13 að frá dregnum kr. 320.00 eða kr. 220.00 eða kr. 200.00 eða kr. 100.00, *að* ákvæði sjódómsins um sjóveðrétt fyrir málskostnaði verði niður fellt og að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir taxta Málflutningsmannafélags Íslands.

Stefndu hafa krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, með þeirri breytingu þó, að sjóveðréttur verði nú ákveðinn í uppboðsandvirði skipsins Stathav S.I. 21, er selt hafi verið á nauðungaruppboði 31. júlí 1936, og hafi uppboðsandvirði verið greitt til uppboðshaldara. Svo krefjast stefndu málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Heimild sína til áfrýjunar máls þessa byggir áfrýjandi á því, að hann hafi átt samningsveð í áðurnefndu skipi, og að eigi hafi fengizt full greiðsla á veðskuldinni af uppboðsandvirði þess vegna sjóveðréttar þess, sem ákveðinn er í hinum áfrýjaða dómi, og kemur umboðsmönnum aðilja saman um þetta atriði.

Með því að enginn ágreiningur er um ákvæði héraðsdómsins um greiðslur Einars M. Einarssonar til Bjarna Vilmundarsonar, þá ber að staðfesta hann að því leyti samkvæmt kröfu beggja hinna stefndu.

Kemur þá til álita varakrafa áfrýjanda um niðurfellingu sjóveðréttar þess að nokkru leyti, sem ákveðinn er til handa meðstefnda Bjarna Vilmundarsyni í héraðsdóminum. Með viðurkenningu sinni á skuldakröfu Bjarna Vilmundarsonar gat Einar M. Einarsson ekki veitt Bjarna sjóveðrétt í ofannefndu skipi, nema krafa Bjarna væri þann veg tryggð að lögum. Það má telja sannað í málinu, að Bjarni hafi verið stýrimaður á skipinu frá 5. júlí 1935 til 3. sept.

s. á., meðan það gekk á síldveiðar. Þenna tíma hefir kaup Bjarna numið kr. 457.58. Þar upp í verður að telja greiddar alls að eins kr. 216.05, með því að kr. 20.40, sem taldar eru greiddar til Bjarna í framlögðum reikningi þeirra, virðast með vissu vera greiddar fyrir 5. júlí 1935, og sýnast því hafa gengið upp í fyrri viðskipti þau, er þeir telja sig hafa átt hvor við annan. Af kaupi Bjarna fyrir tímabilið 5. júlí 1935 til 3. sept. s. á. stóðu því ógreiddar, er mál þetta var höfðað, kr. 241.53, og ber að viðurkenna sjóveðrétt í uppboðsandvirði skipsins Stathav S.I. 21 samkvæmt 239. gr. siglingalaganna til tryggingar þeirri upphæð, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi 14. júlí 1936.

Þá telur Bjarni Vilmundarson sig eiga hjá Einari M. Einarssyni kr. 120.00, er sé kaup hans sem skipstjóra á nefndu skipi árið 1934. Þegar af því, að sjóveðréttur fyrir þeirri kröfu var fyrndur samkvæmt 252. gr. siglingalaganna, er mál þetta var höfðað, verður að fella niður sjóveðréttarákvæði héraðsdómsins að því leyti sem það tekur til þessarar upphæðar.

Ennfremur telur Bjarni sig eiga hjá Einari M. Einarssyni samtals kr. 200.00 fyrir skipstjórn á téðu skipi árið 1935 og fyrir vinnu við útbúning þess til síldveiða sama ár. Stefndu hefir ekki tekizt að gera svo skýra grein fyrir þessum kröfum, að unnt sé að viðurkenna sjóveðrétt í skipinu þeim til tryggingar, og verður því einnig að fella niður ákvæði héraðsdómsins um sjóveðrétt að því er þær varðar.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað og sjóveðrétt til tryggingar honum þykir mega staðfesta. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Áfrýjunarstefnan í máli þessu er út gefin 27. júlí 1936 til þingfestingar í október s. á. Skjöl málsins afgreiddi umboðsmaður áfrýjanda, Theodór hæstaréttarmálflutningsmaður Líndal, umboðsmanni hinna stefndu 7. jan. 1938. Þenna langa drátt á málinu hefir nefndur málflutningsmaður ekki réttlætt nægilega, og verður því að átelja hann fyrir dráttinn.

Því dæmist rétt vera:

Meðstefndi Einar Malmquist Einarsson greiði meðstefnda Bjarna Vilmundarsyni kr. 541.13 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 til greiðsludags og kr. 95.35 í málskostnað í héraði.

Framannefndur Bjarni Vilmundarson hafi sjóveðrétt í uppboðsandvirði skipsins Stathav S.I. 21 til tryggingar kr. 241.53, ásamt 5% ársvöxtum frá 14. júlí 1936 til greiðsludags, og ofannefndum málskostnaði.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjódóms Siglufjarðar 16. júlí 1936.

Með stefnu dags. 14. þ. m. krefst stefnandinn, Erlendur Þorsteinsson skrifstofustjóri, Siglufirði, f. h. Bjarna Vilmundarsonar skipstj., Akureyri, að stefndur útgerðarmaður Einar Malmqvist Einarsson, Siglufirði, verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 541.13, sem eftirstöðvar af skipstjóra- og stýrimannskaupi téðs Bjarna Vilmundarsonar á v/k Stathav S.I. 21 sumarið 1935. Ennfremur krefst stefnandi 5% ársvaxta af umstefndri upphæð frá 1. jan. s. l. og málskostnaðar að skaðlausu, sem í málflutningnum er sundurliðaður með kr. 95.35. Þá krefst og stefnandi sjóveðs í v/k Stathav S.I. 21 fyrir dómkröfum sínum.

Stefndur hefir mætt og viðurkennt allar kröfur stefnanda, sem því ber að taka til greina að öllu.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Einar Malmqvist Einarsson, útgerðarmaður, Siglufirði, greiði stefnandanum, Erlendi Þorsteinssyni skrifstofustjóra, Siglufirði, f. h. Bjarna Vilmundarsonar skipstjóra, Akureyri, kr. 541.13 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 og kr. 95.35 í málskostnað.

Stefnanda tildæmist sjóveð í v/k Stathav S.I. 21 fyrir dómkröfum sínum.

Hið ídæmda að greiða innan 3ja daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. desember 1938.

Nr. 67/1938. **Eggert Claessen f. h. A/S Det Danske Kulkompagni** (Eggert Claessen)
gegn
Gasstöð Reykjavíkur
(Garðar Þorsteinsson).

Skuldamál. Krafa um greiðslu í erlendri mynt.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. júní þ. á., hefir hér fyrir dómi haft uppi sömu aðal- og varakröfu og fyrir héraðsdómi. Ennfremur krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst þess hinsvegar, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Með því að aðiljum máls þessa mátti vera það ljóst við samningsgerðina um kolin, við afhendingu þeirra og við útgáfu víxilsins fyrir kaupverðinu, að greiðslur til annarra landa gátu að lögum einungis farið fram fyrir atbeina Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h/f og að framkvæmd slíkra greiðslna þannig ekki var á valdi stefnda, þá verða hömlur þær, sem orðið hafa á yfirfærslu andvirðis kolanna til útlanda, ekki taldar vera þess eðlis, að stefndi eigi að svara fyrir þær, og verður hann þess vegna einungis dæmdur til að greiða kolin á þann hátt, sem áfrýjandi hefir krafizt til vara. Ber þannig að því leyti að staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins.

Eftir atvikum málsins þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gasstöð Reykjavíkur, greiði áfrýjanda, Eggert Claessen f. h. A/S Det Danske Kulkompagni, £ 3815—15—4 í íslenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi með 6% ársvöxtum frá 8. marz 1938 til greiðsludags, ⅓% af nefndri fjárhæð í þóknun, kr. 32.50 í afsagnarkostnað og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. maí 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 23. apríl s. l. af hrm.

Eggert Claessen, hér í bæ, f. h. A/S Det Danske Kulkompagni í Kaupmannahöfn gegn Gasstöð Reykjavíkur, hér í bænum, og eru dómkröfur stefnanda í því þessar: Aðallega, að stefndur verði, að viðlögðum 500.00 kr. dagsektum, dæmdur til að greiða sér í enskri mynt eða með ávísun í enskri mynt á enskan banka eða á annan hátt með virkri greiðslu í enskri mynt £ 3815—15—4 samkvæmt víxli, útg. af h/f Kol & Salt hér í bæ þann 3. nóv. 1937 og samþykktum af stefndum til greiðslu í Landsbanka Íslands þann 8. marz 1938, en framseldum stefnanda af útgefanda, ásamt 6% ársvöxtum frá 8. marz 1938 til greiðsludags auk ⅓% þóknunar af víxilfjárhæðinni, svo og til greiðslu afsagnarkostnaðar, kr. 32.50, og innheimtulauna samkvæmt lágmarksgjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér víxilupphæðina, £ 3815—15—4, í íslenzkum krónum eftir gengi hér í Reykjavík á greiðsludegi með 6% ársvöxtum frá 8. marz 1938 til greiðsludags, ⅓% af víxilfjárhæðinni sem þóknun, kr. 32.50 sem afsagnarkostnað og innheimtulaun af öllum hinum tildæmdu upphæðum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands.

En hvernig sem málið fer, krefst stefnandi þess, að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndur krefst algerðrar sýknu af aðalkröfu stefnanda, en samþykkir varakröfuna að öðru leyti en því, að hann mótmælir, að sér beri að greiða stefnanda nokkur innheimtulaun eða málskostnað.

Málsatvik eru þau, að í júní 1937 óskaði stefndur eftir tilboði í gaskolafarm með auglýsingu í dagblöðum bæjarins samkvæmt útboðsskilmálum, er fengjust á skrifstofu hans. Firmað Kol & Salt h/f hér í bænum gerði tilboð um að selja stefndum farminn með bréfi dags. 30. júlí 1937, en þann dag áttu tilboðin að opnast samkvæmt útboðsskilmálunum. Tilboðið hljóðaði um sölu á 2000 tonnum gaskola á tilteknu verði, og var jafnframt tekið fram í því, að það væri að öðru leyti í samræmi við útboðsskilmálana. Þetta tilboð var síðan samþykkt af bæjarráði Reykjavíkur vegna stefnds, og leitaði h/f Kol & Salt þá kaupa hjá stefnanda máls þessa á kolunum, er síðan seldi firmanu kolin, eftir

að honum hafði verið skýrt frá útboðsskilmálunum. Kolunum var síðan afskipað hér úr e/s Grana 8. september 1937.

Fjórða grein áðurnefndra útboðsskilmála var svohljóðandi: „Tilboðsverðið, þ. e. andvirði farmsins ásamt flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi, greiðist með 4 mánaða víxli frá afskipunardegi í sterlingspundum á Landsbanka Íslands, Reykjavík." Í samræmi við þetta gaf h/f Kol & Salt út áðurgreindan víxil, en stefndur samþykkti hann. Víxillinn var þó ekki í samræmi við greinina að því leyti, að samkvæmt ákvæði hennar átti gjalddagi að vera 4 mánuðum frá afskipunardegi, en var í víxlinum sjálfum ákveðinn 6 mánuðum eftir afskipunardag, eða þ. 8. marz 1938. Eftir því sem upplýstist í munnlega málflutningnum má telja fullvíst, að þetta misræmi sé að kenna mistökum í skrifstofu h/f Kol & Salt, en sé ekki á neinn hátt tilkomið fyrir atbeina né beiðni stefnds, þótt svo sé sagt í stefnu málsins og einu bréfi h/f Kol & Salt til stefnanda, sem lagt hefir verið fram í afriti. En eftir að víxillinn hafði verið þannig útbúinn, munu þó firmað og stefndur hafa samið svo um, að þetta stæði. Þennan víxil framseldi h/f Kol & Salt síðan stefnanda til greiðslu kolafarmsins ásamt öllum réttindum, sem það hefði öðlazt gagnvart stefndum eftir víxlinum og í samræmi við útboðsskilmálana og venjur, er gilt hefði í viðskiptum þess og stefnds undanfarin ár. Stefnandi sendi síðan Landsbanka Íslands víxilinn til innheimtu, og er hann var ekki greiddur á gjalddaga, lét bankinn afsegja hann sökum greiðslufalls þ. 10. marz 1938 og endursendi stefnanda hann, sem síðan sendi málflutningsmanni sínum hér, hrm. Eggert Claessen, hann til innheimtu.

Aðiljar eru sammála um það, að stefnandi eigi allan þann rétt óskertan á hendur stefndum út af víxlinum, er h/f Kol & Salt hafi átt, hvort sem sá réttur sé eftir víxlinum sjálfum, útboðsskilmálunum, viðskiptavenjum eða öðru, og verða því kröfur stefnanda að athugast á þeim grundvelli.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína í fyrsta lagi á því, að samkvæmt 4. gr. útboðsskilmálanna beri stefndum að greiða andvirði kolanna í enskri mynt, enda verði greinin ekki skilin á annan veg, þá hafi stefndur og sótt um gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir farminn, og megi telja, að í því felist viðurkenning hans um skyldu til að greiða farminn í enskri mynt, enda hafi stefndur ætlað að greiða víxilinn

í sterlingspundum, er hann féll í gjalddaga, en ekki getað aflað þeirra. Þá hafi og framkvæmdarstjóri h/f Kol & Salt borið það sem vitni í málinu, og sá framburður hans verið tekinn jafngildur og staðfestur, að milli sín og gasstöðvarstjórans, er annaðist viðskiptin vegna stefnds, hafi aldrei komið til máls annað en að stefndur væri skyldur til að greiða bæði þennan farm og aðra, er seldir væru samkvæmt 4. gr. útboðsskilmálanna, í enskri mynt.

Stefndur heldur því aftur á móti fram, að í 4. gr. útboðsskilmálanna felist engin skylda fyrir sig til að greiða víxilinn í enskri mynt. Í greininni felist ekki annað en það, að víxillinn skuli greiðast með íslenzkum peningum, svo miklum, að samsvari víxilupphæðinni á gjalddaga, hvernig sem gengi íslenzkrar krónu yrði þá miðað við sterlingspund, eða m. ö. o. að seljanda sé tryggt með greininni, að hann bíði ekki tjón vegna gengislækkunar krónunnar. Rétturinn verður nú að fallast á það með stefndum, að orðalag umræddrar greinar gefi ekki tilefni til að skýra hana viðtækar en stefndur telur að eigi að gera. Og með því að ekki verður séð, að stefndur hafi skuldbundið sig til virkrar greiðslu í enskri mynt, þótt hann sækti um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir farminn, né viðurkennt neina skyldu í þá átt, þótt hann kunni að hafa gert tilraun til að fá enska mynt til greiðslu víxilsins, er hann féll, og með því ennfremur að áðurgreindur framburður framkvæmdarstjóra h/f Kol & Salt sker ekki úr um þetta, m. a. vegna afstöðu framkvæmdarstjórans til málsins, þá þykja hérgreindar ástæður ekki nægar til að telja, að stefndur hafi skuldbundið sig til að greiða umræddan víxil í enskri mynt, enda verður að líta svo á, að á þeim erfiðleikatímum um erlendan gjaldeyri, sem viðskiptin gerðust á, hefði verið fyllsta ástæða til að orða samninginn greinilegar, ef hann hefði átt að fela í sér það, sem stefnandi telur, og þá jafnframt að skrá fyrirvara um virka greiðslu í enskri mynt í víxilinn sbr. ákvæði 41. gr. víxillaganna.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfu sína á því, að enda þótt svo kynni að vera litið á, að stefndur hefði ekki sérstaklega skuldbundið sig til að greiða víxilinn í enskri mynt, þá leiði skylda hans til þess þó af viðskiptavenju, er komin hafi verið á milli stefnds og h/f Kol & Salt

um, að stefndur greiddi alla víxla sína, er svona stóð á um, í erlendri mynt, og bendir hann þessu til stuðnings á áðurgreindan framburð framkvæmdarstjóra h/f Kol & Salt, svo og það, að það sé staðreynd, að stefndur hafi greitt sér alla víxla, er eins hafi staðið á um, í enskri mynt.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um það, að stefndur sótti jafnan um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir kolum sjálfur, en eftir því sem gasstöðvarstjórinn skýrði frá í bæjarþinginu, er hann var kvaddur þangað til að gefa skýrslu um málið, hefir greiðslan jafnan farið þannig fram, þegar sömu ákvæði voru um greiðslu og hér (4. gr. útboðsskilmálanna), að hann hafi greitt þeim banka, sem í það og það skiptið hafði víxlana til innheimtu, andvirði þeirra með ávísun í íslenzkum peningum, oftast nokkru eftir gjalddaga víxlanna, og bankinn síðan séð um yfirfærsluna. Eftir þessum skýrslum gasstöðvarstjórans, sem á engan hátt er hnekkt, verður ekki séð, að nein viðskiptavenja hafi verið mynduð um það milli stefnds og h/f Kol & Salt, að stefndur greiddi slíka víxla og hér um ræðir í erlendri mynt.

Á öðru en því, sem nú hefir verið rætt, byggir stefnandi ekki aðalkröfu sína, enda verður ekki séð, að önnur rök liggi til þess, að á hana verði fallizt, og verður hún því ekki tekin til greina.

Varakrafa stefnanda verður hinsvegar tekin til greina óbreytt þar eð stefndur hefir samþykkt hana að öðru leyti en að því er snertir innheimtulaun og málskostnað. Þar eð krafan var innheimt með málssókn þykir ekki ástæða til að dæma stefnanda sérstök innheimtulaun, en þegar af þeirri ástæðu, að stefndur hefir ekki sannað, að hann hafi boðið greiðslu í íslenzkum peningum fyrr en við þingfestingu málsins, þykir verða að dæma stefnanda málskostnað í máli þessu, og þykir hann eftir öllum atvikum hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Gasstöð Reykjavíkur, greiði stefnandanum, Eggert Claessen f. h. A/S Det Danske Kulkompagni, £ 3815—15—4 í íslenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi með 6% ársvöxtum

frá 8. marz 1938 til greiðsludags, ½% af víxilfjárhæðinni í þóknun, kr. 32.50 í afsagnarkostnað og kr. 500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. desember 1938.

Nr. 13/1938. **Pétur Þ. J. Gunnarsson f. h. h/f Landstjarnan** (Eggert Claessen)
gegn
Árna Pálssyni og gagnsök (Lárus Jóhannesson).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. febrúar þ. á. og krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Gagnáfrýjandi, sem gagnáfrýjað hefir málinu með stefnu 7. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m., hefir krafizt þess *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 845.75 með 5% ársvöxtum frá 22. maí 1937 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að bifreið aðaláfrýjanda hafði orðið fyrir skemmdum þeim, sem um ræðir í málinu, en áður en vátryggingarfélagið Danske Lloyd hafði neitað

skyldu sinni til þess að greiða vátryggingarbætur, komu þeir saman að máli aðaláfrýjandi og umboðsmaður vátryggingarfélagsins til þess að taka ákvörðun um viðgerð á bifreiðinni. Varð það að ráði, að því er virðist samkvæmt tillögu umboðsmanns vátryggingarfélagsins, að gagnáfrýjanda væri falin viðgerðin. Hafði aðaláfrýjandi ekkert við það að athuga, og verður að telja, að hann hafi fyrir sitt leyti lagt samþykki á þá ráðstöfun. Þá er það og upplýst, að sumarið 1936, eftir að nefnt vátryggingarfélag hafði látið í ljós, að því mundi ekki vera skylt að greiða vátryggingarbætur vegna umrædds ökuslyss, mæltist aðaláfrýjandi til þess við gagnáfrýjanda mörgum sinnum, að hann hraðaði viðgerðinni svo sem verða mætti. Heldur gagnáfrýjandi því fram, að aðaláfrýjandi hafi þá jafnframt lýst yfir því, að hann myndi greiða viðgerðarkostnaðinn, ef vátryggingarfélagið greiddi hann ekki. Aðaláfrýjandi hefir hinsvegar mótmælt þessu. Kveðst hann aðeins hafa skýrt gagnáfrýjanda frá því, að hann yrði að snúa sér til vátryggingarfélagsins viðvíkjandi greiðslu viðgerðarkostnaðarins. Ekki er upplýst, hvor aðiljanna hefir réttara fyrir sér að því er þetta atriði varðar, en þótt skýrsla aðaláfrýjanda væri lögð til grundvallar, þá virðist það ekki geta stoðað hann að vísa á vátryggingarfélagið um greiðslu, þar eð það vildi ekki viðurkenna skyldu til að greiða bætur. Verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi með framangreindri framkomu sinni gagnvart gagnáfrýjanda gerzt skyldur til að greiða honum viðgerðarkostnaðinn.

Frá fjárhæð þeirri, er gagnáfrýjandi krefst, ber að draga vexti þá, er hann reiknar sér fyrir stefnu-

dag, kr. 9.07, og lækkar upphæð kröfunnar við það í kr. 836.68, en þá upphæð ber að taka til greina með vöxtum eins og krafizt er frá stefnudegi 22. maí 1937. Svo ber og að dæma aðaláfrýjanda samkvæmt þessum málsúrslitum til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Pétur Þ. J. Gunnarsson f. h. h/f Landstjarnan, greiði gagnáfrýjanda, Árna Pálssyni, kr. 836.68 með 5% ársvöxtum frá 22. maí 1937 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. nóv. 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 22. maí 1937 af Árna Pálssyni bifreiðaviðgerðarmanni, Skólavörðustíg 8 hér í bæ, gegn Pétri Þ. J. Gunnarssyni, framkvæmdarstjóra f. h. h/f Landstjarnan hér í bænum, *aðallega* til greiðslu skuldar að upphæð kr. 870.47 með 5% ársvöxtum frá 22. maí 1937 til greiðsludags, en *til vara* hefir stefnandi krafizt þess, að sér verði heimilað að hefja stefnukröfuna úr sparisjóðsbók, sem stefndur deponeraði hjá málflutningsmanni hans, er síðargreind bifreið var auglýst til sölu við uppboð (sbr. síðar), að svo miklu leyti sem innstæða hrekkur til, ef ekki þætti fært að dæma stefndan til greiðslu skuldarinnar. Málskostnaðar krefst stefndur, hvernig sem málið fer.

Stefndur krefst *aðallega* algerðrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, en *til vara*, að krafan verði lækkuð að miklum mun. Þá krefst stefndur og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt hins 17. júlí 1936 var bifreiðinni R. 752, sem var eign stefnds, en vátryggð hjá vátryggingarfélaginu Danske Lloyd, ekið út af þjóðveginum hjá Rauðavatni, og skemmdist hún nokkuð við það. Bifreiðinni stjórnaði í þetta skipti Teitur nokkur Guðmundsson, og mun hann hafa tekið hana í leyfisleysi til ferðarinnar. Eftir slysið var bifreiðin flutt í portið á bak við lögreglustöðina hér í bænum. Kveðst stefndur, þegar er hann frétti um slysið, hafa sett sig í samband við vátryggingarfélagið, og hafi nafngreindur maður frá því komið að bifreiðinni samtímis sér til að athuga hana. Þegar stefndur kom til að skoða bifreiðina, hafði hann með sér viðgerðarmann frá verkstæði Sveins Egilssonar hér í bænum. Hafði stefndur jafnan skipt við það verkstæði og ætlaði einnig þetta skipti að láta það gera við bifreiðina. Er þeir höfðu athugað bifreiðina, kveður stefndur, að umræddur starfsmaður vátryggingarfélagsins hafi sagt, að það vildi heldur, að stefnandi máls þessa gerði við bifreiðina þar eð það væri vant að nota hann til viðgerða. Kveðst stefndur ekki hafa mótmælt þessu, þar eð hann hafi talið, að tryggingarfélagið yrði að ráða þessu samkvæmt ákvæðum tryggingarskirteinisins. Var síðan farið með bifreiðina til verkstæðis stefnanda. Hófst viðgerð á henni 29. júlí 1936, og var henni lokið 25. september s. á. Bifreiðin var þó ekki tekin né viðgerðarkostnaðurinn greiddur. Virðist bæði stefndur og vátryggingarfélagið hafa neitað stefnanda um borgun fyrir viðgerðina, og eftir nokkrar árangurslausar innheimtutilraunir hjá stefndum lét stefnandi auglýsa bifreiðina til uppboðs fyrir viðgerðarkostnaðinum, og skyldi uppboðið fara fram 30. apríl 1937. Til þess að koma í veg fyrir, að uppboðið yrði haldið, sendi málflutningsmaður stefnds málflutningsmanni stefnanda sparisjóðsbók nr. 21555 í Útvegsbanka Íslands h/f., skráða á handhafa með innstæðu kr. 950.00 sem depositum fyrir viðgerðarkostnaðinum með því skilyrði meðal annars, að stefnandi höfðaði tafarlaust mál gegn stefndum til að fá úr því skorið, hvort stefnandi ætti nokkra kröfu til þess, að stefndur greiddi honum umræddan viðgerðarkostnað. Síðan höfðaði stefnandi mál þetta og gerir í því áðurnefndar kröfur.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því í málflutningn-

um, að stefndum beri að greiða viðgerðarkostnað bifreiðarinnar, nefndur Teitur hafi beðið sig að framkvæma viðgerðina í umboði stefnds, enda hafi stefndur sjálfur meðan á viðgerðinni stóð viðurkennt skyldu sína til greiðslu viðgerðarkostnaðarins.

Í skýrslu dagsettri 3. desember 1936, sem stefnandi hefir sjálfur undirritað og lögð hefir verið fram í máli þessu, segir, að nefndur Teitur hafi skýrt stefnanda frá, að vátryggingarfélagið hefði lagt svo fyrir, að bifreiðin yrði flutt til stefnanda til skoðunar og viðgerðar. Virðist þetta full sönnun þess, að Teitur hafi ekki beðið um viðgerðina í umboði stefnds né fyrir hans reikning, enda með öllu ósannað gegn mótmælum stefnds, að Teitur hafi haft nokkra heimild til þess frá honum. Stefndur hefir eindregið mótmælt því, að hann hafi nokkurn tíma, hvorki meðan á viðgerðinni stóð né öðru sinni, viðurkennt, að sér væri skylt að greiða umræddan viðgerðarkostnað. Stefnandi hefir hinsvegar til stuðnings staðhæfingu sinni um það bent á, að stefndur hefir í bréfi málflutningsmanns síns, sem lagt hefir verið fram, viðurkennt að hafa í viðtali við stefnanda, er þeir ræddu um greiðslu viðgerðarkostnaðarins, sagt, að öllu væri óhætt um hann, þar eð bifreiðin stæði fyrir honum, þó að svo færi, að vátryggingarfélagið yrði sýknað að einhverju eða öllu leyti, og ennfremur, að ef eitthvað af viðgerðarkostnaðinum yrði ekki talið að heyra undir ábyrgð vátryggingarfélagsins, þegar til úrslita kæmi í því efni, að þá yrði hann að sjálfsögðu að greiða það.

Rétturinn getur nú ekki talið, að í þessu hafi falizt neitt loforð frá stefndum um að greiða stefnanda viðgerðarkostnaðinn. Og þar sem slíkt loforð er ekki sannað á annan hátt og með sérstöku tilliti til þess, 1) að upplýst er, að stefndur kom með annan viðgerðarmann til að athuga bifreiðina, eins og áður segir, 2) að stefnandi hefir í nefndri skýrslu sinni sagt, að oftnefndur Teitur hafi skýrt sér frá, að vátryggingarfélagið hefði lagt svo fyrir, að bifreiðin yrði flutt til hans til viðgerðar, 3) að stefnandi gerði áætlun um viðgerðarkostnaðinn á eyðublaði frá vátryggingarfélaginu og sendi því hana, og kveður hann, að félagið hafi enga athugasemd gert út af því, 4) að stefnandi kveður tryggingarfélagið hafa samþykkt að viðgerðin hæfist, og loks 5) að stefnandi kveðst, jafnóðum

og hann varð meiri skemmda var en í skoðunargerðinni var getið, á meðan á viðgerðinni stóð hafa tilkynnt vátryggingarfélaginu það og hafi félagið engan fyrirvara gert í sambandi við það, þá verður rétturinn að telja, að ekki sé unnt, a. m. k. að svo stöddu, að skylda stefndan til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð né neinn hluta hennar.

Með því að stefnandi átti á sínum tíma haldsrétt í bifreiðinni fyrir viðgerðarkostnaðinum, og þar eð telja verður, að umrædd sparisjóðsbók hafi komið í stað bifreiðarinnar að því leyti og að stefnandi eigi því, eins og á stendur, að verða eins settur að svo miklu leyti, sem unnt er, eins og hann hefði bifreiðina enn í vörzlum sínum, þá verður hinsvegar að taka varakröfu hans til greina, og kemur því næst til álita upphæð þeirra kröfu, sem ber að heimila stefnanda að hefja úr nefndri sparisjóðsbók.

Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

1.	Viðgerðarkostnaður	kr.	640.27
2.	Geymslukostnaður frá 25/6 1936 til 30/4 1937	—	179.16
3.	Vextir af viðgerðarkostnaði frá 1/10 1936—30/4 1937	—	33.79
4.	Auglýsinga- og birtingarkostnaður	—	17.25
	Samtals	kr.	870.47

Stefndur hefir mótmælt liðunum 1 og 2 sem of háum og krafizt lækkunar á þeim, en af liðunum 3 og 4 hefir hann krafizt algerðrar sýknu.

Um 1. Stefnandi áætlaði viðgerðarkostnaðinn í upphafi nokkru lægri en hann endanlega reyndist, en þar eð hann hefir lagt fram nákvæman reikning um hann, sem ekki hefir verið véfengdur í einstökum atriðum, og ekki verður annað séð, en að viðgerðin hafi öll verið nauðsynleg og framkvæmd þannig, að bæði stefndur og vátryggingarfélagið gátu fylgzt með henni, þá þykir verða að taka þenna lið til greina óbreyttan.

Um 2. Stefndur byggir mótmæli sín gegn þessum lið á því að bifreiðin hafi verið geymd úti, en enda þótt hún hefði verið geymd inni, þá sé þessi upphæð allt of há. Stefnandi staðhæfir þó, að þann tíma, sem leiga sé reiknuð fyrir, hafi bifreiðin verið geymd inni, og þykir þessari staðhæfingu hans ekki nægilega hnekkt. Fyrir geymsluna

reiknar stefnandi sér kr. 25.00 á mánuði, og með því að það mun ekki vera hærra gjald en almennt er tekið fyrir geymslu bifreiða hér í bænum, þykir verða að taka þenna lið til greina að fullu.

Um 3. Stefnandi reiknar sér í vexti af viðgerðarkostnaðinum 5% p. a. frá næstu mánaðamótum eftir að viðgerðinni var lokið, eða 1. október 1936 og til 30. apríl 1937. Rétturinn verður nú að fallast á, að stefnanda sé heimilt að reikna sér þessa vexti af viðgerðarkostnaðinum, en þó ekki frá fyrri tíma en 18. janúar 1937 þar eð ekki hefir verið sönnuð nein ákveðin kröfugerð af hálfu stefnanda um viðgerðarkostnaðinn fyrr en með bréfi málaflutningsmanns hans dagsettu þann dag. Vextirnir verða því kr. 9.07.

Um 4. Liður þessi er auglýsinga- og birtingarkostnaður í sambandi við uppboð það, er áður segir, að stefnandi hafi ætlað að láta fara fram á bifreiðinni fyrir viðgerðarkostnaðinum, og með því að sú ráðstöfun hans virðist hafa verið nauðsynleg og heimil, eins og á stóð, og þessum lið fylgja nægileg gögn, þá verður að taka hann til greina að fullu.

Málalok verða því þau, að varakrafa stefnanda verður tekin til greina, og er upphæð sú, sem honum heimilast að hefja úr nefndri sparisjóðsbók, kr. 845.75 ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 22. maí 1937 til greiðsludags og málskostnaði í máli þessu, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 130.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnanda, Árna Pálssyni, heimilast að hefja úr sparisjóðsbók nr 21555 við Útvegsbanka Íslands h/f. kr. 845.75 með 5% ársvöxtum frá 22. maí 1937 til greiðsludags svo og málskostnaði í máli þessu, kr. 130.00, að svo miklu leyti sem innstæða bókarinnar hrekkur til.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1938.

Nr. 104/1938. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Ólafi Kjartani Ólafssyni
(Eggert Claessen).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. sept. 1938.

Ár 1938 föstudaginn þann 16. september var í lögregluréttí Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af

Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1667/1938: Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, er var tekið til dóms þann 15. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, atvinnulausum, til heimilis á Skólavörðustíg 46 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærum og refsingum.

1927 $^{13}/_{12}$ Kærður fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði. Málið afgreitt til dómara.

1933 $^{18}/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 kr. sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1934 $^{2}/_{2}$ Dómur hæstaréttar, 400 kr. sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.

1934 $^{14}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði skilorðsbundið fyrir innbrotsþjófnað og in solidum 150 kr. skaðabætur.

1934 $^{24}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 300 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögunum og ósvífni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $^{22}/_{2}$ 1935.

1934 $^{22}/_{10}$ Dómur hæstaréttar, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 800 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. l. nr. 64/1930.

1934 $^{5}/_{12}$ Sætti 100 kr. sekt fyrir slagsmál.

1935 $^{14}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.

1935 $^{8}/_{7}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir þjófnað.

1936 $^{9}/_{10}$ Sætti 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

— $^{30}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. l. nr. 51 1928 sbr. 231. gr. 4. mgr. hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaganna.

1937 $^{14}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 1000 kr. sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.

1937 $^{2}3/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 kr. sekt og sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir ölvun við bifreiðaakstur.

1938 $^{1}3/_{1}$ Sætti 30 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. reglug. 105/1936 um skotvopn o. fl.

1938 $^{3}0/_{7}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. sbr. 33. gr., 1. og 2. mgr., áfengislaga nr. 33/1935.

1938 $^{2}9/_{8}$ Kærður af Maríu Guðmundsdóttur, Hverfisgötu 94, fyrir árás. Sent barnaverndarnefnd.

Með eigin játningu kærðs er sannað, að hann hefir frá byrjun þessa mánaðar selt áfengi á heimili sínu ýmsum mönnum, er þangað komu og föluðu vín. Álagning á hverja áfengisflösku var kr. 2.50—3.75, og var ágóði hans af áfengissölunni einu tekjur hans um tímabilið, og nægðu þær honum til að lifa af. Hve mikil salan var, hefir kærður ekki talið sig geta skýrt frá með neinni vissu, en telur hana ekki hafa verið verulega, en eins og á stendur verður hún þó að teljast hafa verið stunduð í atvinnuskyni.

Hefir kærður þannig brotið 15. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 33. gr., 1. og 2. mgr., sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og 2200 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað hennar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað. Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Ólafur Kjartan Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og greiði 2200 krónur í sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1938.

Nr. 109/1938. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Theodór Kristni Guðmundssyni
(Sveinbjörn Jónsson)

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Það þykir athugavert, að lögreglumennirnir, sem tóku kærða við Ölvesárbrú morguninn 23. september þ. á., gerðu ekki þegar ráðstafanir til þess, að sýnishorn yrði tekið af blóði hans.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Theodór Kristinn Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. sept. 1938.

Ár 1938, föstudaginn þann 30. september, var í lögregluréttí Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1757/1938: Valdstjórnin gegn Theodór Kristni Guðmundssyni, sem tekið var undir dóm þann 28. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Theodór Kristni Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Skólavörðustíg 17 B hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1926 $^{8}/_{9}$ Kærður fyrir að aka á hest í Fossvogi. Málið afgreitt til bæjarfógetans í Hafnarfirði.

1929 $^{6}/_{7}$ Sætt 50 kr. sekt og 55 kr. skaðabætur fyrir ölvun og óspektir.

1930 $^{2}/_{6}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.

1930 $^{1}/_{10}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

1930 $^{6}/_{12}$ Aðvörun fyrir samskonar brot.

1931 $^{2}/_{5}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1931 $^{1}/_{6}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.

1931 $^{1}/_{6}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1932 $^{6}/_{2}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1932 $^{2}/_{6}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1934 $^{8}/_{8}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir of marga farþega í bifreið.

1936 $^{9}/_{1}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: Sýknaður af kæru valdstjórnarinnar fyrir ölvun við bifreiðaakstur.

1936 $^{1}/_{10}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.

1937 $^{3}/_{6}$ Undir lögregluranns6kn út af árekstri bifreiðar á reiðhjól. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til frekari meðferðar.

1937 $^{1}/_{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 100 kr. sekt og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

Að kvöldi þess 22. þ. m. ók kærður fólksflutningsbifreiðinni R. 933 héðan úr bænum og austur að Fljótshlíð-

arréttum með farþega. Um nóttina svaf hann um 5 klukkustundir austurfrá í bifreiðinni, en var vakinn um kl. 6 að morgni þess 23. september. Var kærður þá kaldur og illa fyrirkallaður. Bauð þá einn farþeganna, Árni Strandberg að nafni, kærðum brennivín, rétt áður en lagt var af stað til Reykjavíkur, og þáði hann það, en drakk ekki nema lítið eitt. Ók hann síðan sem leið liggur að Ölvesárbrú með viðkomu við á eina á leiðinni, og drakk hann þá aftur einn sopa af brennivíni, er Árni gaf honum. Kveður kærður áfengi þetta hafa svifið á sig, og hafi hann verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, einkum síðari hluta leiðarinnar. Áhrifin hafi þó verið lítil, og telur hann áfengið hafa svifið örar á sig sökum þess að hann var kaldur og illa fyrir kallaður. Við Ölvesárbrú hitti lögreglan kærðan og fékk annan mann til að aka bifreið kærðs þaðan til Reykjavíkur.

Mál Árna Strandbergs hefir verið afgreitt sérstaklega.

Samkvæmt því, sem að framan er lýst, hefir kærður gerzt brotlegur gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935 og 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. laga nr. 70 8. sept. 1931 um notkun bifreiða, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann ber að svipta æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Theódór Kristinn Guðmundsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1938.

Nr. 107/1938. **Páll Hallbjörns** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Sveinbirni Kristjánssyni (Enginn).

Fógetaréttarathöfnum áfrýjað til staðfestingar.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi hefir ekki mætt við fyrirtöku máls þessa í dag, er það var lagt í dóm, og hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt framlögðum skjölum.

Áfrýjandi, sem skotið hefir hinum áfrýjuðu fógetaréttarathöfnum til hæstaréttar með stefnu 27. okt. þ. á., hefir krafizt staðfestingar á úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 25. s. m. og afsalsgerð sama fógetaréttar sama dag, svo og málskostnaðar af stefnda fyrir hæstarétti.

Með því að engir þeir gallar eru á nefndum fógetaréttarathöfnum, er standi í vegi fyrir kröfum áfrýjanda, verður að taka þær til greina.

Stefndi tók út áfrýjunarstefnu í máli þessu 26. október s. l. til þingfestingar í þessum mánuði, en hefir ekki framfylgt þeirri stefnu. Hefir hann með þessum hætti gefið áfrýjanda ástæðu til málsskots síns, og verður því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 150 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinar áfrýjuðu fógetaréttarathafnir staðfestast.

Stefndi, Sveinbjörn Kristjánsson, greiði áfrýj-

anda, Páli Hallbjörns, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. okt. 1938.

Í máli þessu hefir gerðarbeiðandi, Lárus Jóhannesson hrm., farið þess á leit, að gefið verði út afsal fyrir eigninni Leifsgata 32 hér í bænum, þinglesinn eigandi nú Sveinbjörn Kristjánsson, til handa Páli Hallbjörns kaupmanni, hér í bæ, samkvæmt dómi uppkveðnum í hæstarétti 10. júní þ. á. í málinu nr. 48/1938: Páll Hallbjörns gegn Sveinbirni Kristjánssyni. Þá hefir hann og krafizt málskostnaðar í þessu máli.

Gerðarþoli hefir gert þá kröfu aðallega, að máli þessu verði frestað, en til vara hefir hann mótmælt því, að gerðin næði fram að ganga, og hefir hann einnig krafizt málskostnaðar.

Í áminnstum hæstaréttardómi er lagt fyrir fógetann að gefa út f. h. Sveinbjarnar Kristjánssonar afsal til Páls Hallbjörns að húseigninni Leifsgata 32 í Reykjavík með lóðarréttindum og öllu tilheyrandi gegn yfirlýsingu dómhafa um það, að hann taki að sér greiðslu veðskulda þeirra, er hvíla á 1. og 2. veðrétti, og gefi út skuldabréf, tryggt með 3ja veðrétti í eigninni, að upphæð kr. 8337.70, að frádregnum vissum upphæðum.

Gerðarþoli heldur því fram, að dómur þessi sé byggður á röngum upplýsingum í máli þessu, og telur hann, að rannsókn sú, sem nú er hafin í málinu, muni leiða hið sanna í ljós, og muni hann, að þeirri rannsókn lokinni, óska þess, að mál þetta verði aftur tekið fyrir í hæstarétti, og fullyrðir, að niðurstaðan verði þá önnur. Telur hann því fulla ástæðu til þess, að gerð þessari verði frestað, þar til útséð er um áminnzt atriði.

Þessa kröfu, sem er aðalkrafa gerðarþola, getur rétturinn ekki tekið til greina, þar sem fyrir liggur bein skipun hæstaréttar um það, að þessi gerð verði framkvæmd, enda ekkert fram komið í málinu, er geri það líklegt, að mál þetta verði aftur tekið fyrir í hæstarétti.

Út af varakröfu gerðarþola vill rétturinn taka það fram, að gerðarbeiðandi hefir þegar með bókun í réttarbókina

skuldbundið sig til að taka að sér að greiða skuldir þær, sem hvíla á 1. og 2. veðrétti, og gefa út kvaðalaust skuldabréf það, sem um ræðir í hæstaréttardóminum.

Samkvæmt þessu verður að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar, og ber gerðarþola að greiða gerðarbeiðanda í málskostnað kr. 100.00.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda, og greiði gerðarþoli, Sveinbjörn Kristjánsson, gerðarbeiðanda, Páli Hallbjörns, kr. 100.00 í málskostnað fyrir fógetaréttinum.

Afsalsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 25. október 1938.

Úrskurðurinn var lesinn í réttinum að viðstöddum dómhafa, Páli Hallbjörns, og málfærslumanni hans, Lárusi Jóhannessyni hrm., en gerðarþoli var ekki til staðar í réttinum, þrátt fyrir það, að honum hafði verið tilkynnt, hvenær málið yrði tekið fyrir.

Dómhafi lýsti því þá yfir enn á ný, að hann tæki að sér að greiða veðskuldir þær, er hvíla á 1. og 2. veðrétti í eigninni Leifsgata 32, og afhenti hann jafnframt fógeta umgetið skuldabréf, sem eftir ákvörðun fógeta var að upphæð kr. 1834.93, tryggðu með 3ja veðrétti í nefndri eign, og tók fógeti bréf þetta í sínar vörzlur, þar sem gerðarþoli var ekki mættur til þess að veita því móttöku. Jafnframt þessu krafðist dómhafi þess, að fógeti gæfi sér út umrætt afsal.

Lýsti fógeti því þá yfir, að þar sem gerðarbeiðandi hefði tekið að sér að greiða veðskuldir þær, er hvíla á 1. og 2. veðrétti í húseigninni nr. 32 við Leifsgötu, og afhent réttinum 3. veðskuldabréf (sic) það, er um ræðir í hæstaréttardóminum, þá afsalaði hann f. h. Sveinbjarnar Kristjánssonar með þessari aðfarargerð Páli Hallbjörns, Leifsgötu 32 hér í bænum, húseigninni nr. 32 við Leifsgötu með lóðarréttindum og öllu tilheyrandi með sama rétti og gerðarþoli átti hana, og getur Páll Hallbjörns látið þinglesa útskrift af réttarhaldi þessu sem eignarheimild fyrir eigninni.

Mánudaginn 19. desember 1938.

Nr. 83/1938. **Jón Stefánsson**
gegn
Jóni Sveinssyni f. h. Chr. Olsen.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Stefánsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 19. desember 1938.

Nr. 100/1938. **Valdimar Þorsteinsson**
gegn
Birni Halldórssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Valdimar Þorsteinsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.